Alþingi 1924.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1924, föstudaginn 15. febrúar, var þrítugasta og sjötta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það tuttugasta og sjöunda aðalþing, en fimtugasta og fyrsta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í Alþingishúsinu og gengu þaðan kl. 1 miðdegis til guðsþjónustu í dómkirkjunni. Eggert prófastur Pálsson, 1. þm. Rangæinga, stje í stólinn og lagði út af Efes. 4, 1—3.

Úr kirkjunni gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þingmenn voru allir til þings komnir, en þeir voru þessir:

A.

Landskjörnir þingmenn:

1. Sigurður Eggerz, 1. landsk. þm.
2. Sigurður Jónsson, 2. landsk. þm.
3. Hjörtur Snorrason, 3. landsk. þm.
4. Jón Magnússon, 4. landsk. þm.
5. Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.
6. Ingibjörg H. Bjarnason, 6. landsk. þm.

B.

Kjördæmakosnir þingmenn:

1. Ágúst Flygenring, 1. þm. G.-K.
2. Árni Jónsson, 2. þm. N.-M.
3. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
4. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
5. Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.
6. Bjarni Jónsson, þm. Dala.
7. Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K.
8. Björn Líndal, þm. Ak.
9. Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.
10. Einar Árnason, 1. þm. Eyf.
11. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
12. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
13. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
14. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
15. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
16. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.

17. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
18. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
19. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
20. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
21. Jón Baldvinsson, 2. þm. Reykv.
22. Jón Kjartansson, þm. V.-Sk.
23. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
24. Jón Þorláksson, 1. þm. Reykv.
25. Jörundur Brynjólfsson, 2. þm. Árn.
26. Klemens Jónsson, 2. þm. Rang.
27. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
28. Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.
29. Magnús Torfason, 1. þm. Árn.
30. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
31. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
32. Sigurjón Jónsson, þm. Ísaf.
33. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
34. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
35. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
36. Þórarinn Jónsson, þm. V.-Húnv.

Fjarstaddir þingsetningu voru vegna veikinda:

Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.,
Hákon Kristófersson, þm. Barð., og
Ingibjörg H. Bjarnason, 6. landsk. þm.

Konungsboðskapur.

Þá er þingmenn höfðu skipað sjer til sætis, stóð upp forsætisráðherra, Sigurður Eggerz, og las upp opið brjef, dags. 3. desember 1922, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar föstudaginn 15. febrúar 1924. (Sjá Stjórnartíðindi 1923, A. bls. 231).

Þá las forsætisráðherra upp konungsumboð sjer til handa til þess að setja Alþingi, gefið út 3. desember 1923. (Sjá Stjórnartíðindi 1923, A. bls. 232).

Síðan mælti:

forsætisráðherra (SE): Samkvæmt því valdi, sem mjer er þannig veitt, lýsi jeg því hjer með í nafni hans hátignar konungsins, að Alþingi Íslendinga er sett.

Stóð þá upp **Jóhannes Jóhannesson**, þm. Seyðf., og mælti:

Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!

og tóku þingmenn undir það með níföldu húrrahrópi.

Forsætisráðherra kvaddi elsta þingmanninn, Sigurð Jónsson, 2. landsk. þm., til þess að gegna forsetastörfum þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Aldursforseti (SJ) gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (SJ): Áður en gengið er til þingstarfa, vil jeg leyfa mjer að minnast þriggja manna, er látist hafa síðan síðasta þingi sleit og allir hafa verið alþingismenn.

Fyrstan vil jeg telja *Hermann Jónasson*. Hann var fæddur 22. okt. 1858 á Víðikeri í Bárðardal. Frá búnaðarskólanum á Hólum útskrifaðist hann 1884 og nam síðan búfræði í Danmörku. Hann var skólastjóri alþýðuskólans í Hljeskógum 1887—1888 og búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal 1888—1896. Eftir það bjó hann á Þingeyrum, 1896—1905. Hinn 1. apríl það ár var hann skipaður ráðsmaður holdsveikraspítalans í Laugarnesi og gegndi því starfi til vorsins 1910. 20. apríl 1904 var hann skipaður í milliþinganefnd í búnaðarmálum. Hann var kosinn á þing af Húnvetningum árið 1901 og var 1. þm. þeirra til 1907. Átti hann því sæti á 5 þingum. Hann andaðist hjer í Reykjavík 6. des. 1923.

Annar þessara manna er *Sigurður Jensson*, præp. hon. Hann var fæddur hjer í Reykjavík 15. júní 1853, útskrifaðist úr

latínuskólanum vorið 1873 og af prestaskólanum 1876. Hinn 20. ágúst 1880 var honum veitt Flatey á Breiðafirði, og þjónaði hann því prestakalli til 1922, er hans fjekk lausn frá embætti, eða samfleytt í 42 ár. Prófastur í Barðastrandarsýslu varð hann 1883 og gegndi því starfi til 1902.

Hann var kosinn á þing af Barðstrendingum árið 1886 og var fulltrúi þeirra til 1907; sat því á 14 þingum. Hann andaðist í Reykjavík 5. jan. þ. á.

Loks vil jeg minnast á dr. *Jón Þorkelsson,* yfirþjóðskjalavörð. Hann var fæddur að Ásum í Skaftártungu 16. apríl 1859. Árið 1882 útskrifaðist hann úr latínuskólanum og sigldi samsumars til Kaupmannahafnar. Las hann við háskólann þar norræna málfræði og bókmentasögu og tók meistarapróf í þeim fræðum sumarið 1886, en 2 árum síðar varð hann doktor fyrir ritgerð um íslenskan kveðskap á 15. og 16. öld, er hann varði við háskólann 30. júní 1888. Dvaldi hann svo í Kaupmannahöfn til 1898, eða samfleytt í 16 ár (1882—1898), en flutti þá um sumarið til Reykjavíkur.

Haustið 1899 varð hann skjalavörður við Landsskjalasafnið í Reykjavík, en er fyrirkomulagi safnsins var breytt 1915, var hann skipaður yfirskjalavörður við Þjóðskjalasafn Íslands, og gegndi hann því starfi til dánardags.

Forseti Þjóðvinafjelagsins var hann 1911—1913 og forseti Bókmentafjelagsins var hann kjörinn 1918 og var hann það til dauðadags.

Hann var fyrst kosinn á þing af Snæfellingum árið 1893. 1. þm. Reykv. var hann frá 1909—1911. Hinn 15. júní 1915 var hann kvaddur til þingsetu sem konungkjörinn alþingismaður og sat á þingi það sumar. Átti hann þannig sæti á 4 þingum. Skrifstofustjóri Alþingis var hann á þingunum 1894, 1901, 1902, 1903 og 1905, eða samtals á 5 þingum.

Hann andaðist hjer í Reykjavík 10. þ. m.

Þingheimur vottaði virðing minningu þessara manna með því að standa upp.

Heillaskeyti til Alþingis.

Aldursforseti (SJ): Þinginu hefir borist símskeyti frá fyrverandi sendiherra Dana hjer á landi, herra J. Böggild, er jeg vil leyfa mjer að lesa upp:

„Beder Altinget modtage mine ærbödigste hilsener med oprigtig tak for mange indholdsrige og lærerige timer tilbragt paa Islands Alting.“

Þessu næst kvaddi aldursforseti sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., og Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk.

Rannsókn kjörbrjefa.

Skiftust nú þingmenn í kjörbrjefadeildir, og urðu í

1. deild:
Ásgeir Ásgeirsson,
Bjarni Jónsson,
Einar Árnason,
Halldór Steinsson,
Ingibjörg H. Bjarnason,
Ingólfur Bjarnarson,
Jakob Möller,
Jóhann Jósefsson,
Jón Baldvinsson,
Jón Magnússon,
Jón Þorláksson,
Pjetur Þórðarson,
Tryggvi Þórhallsson,
Þórarinn Jónsson.

2. deild:
Ágúst Flygenring,
Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,
Halldór Stefánsson,
Hjörtur Snorrason,
Ingvar Pálmason,
Jón Sigurðsson,
Jónas Jónsson,
Jörundur Brynjólfsson,
Magnús Guðmundsson,
Magnús Jónsson,
Pjetur Ottesen,
Sigurður Eggerz,
Sigurjón Jónsson.

3. deild:
Árni Jónsson,
Bernharð Stefánsson,
Björn Kristjánsson,
Björn Líndal,
Guðmundur Ólafsson,
Hákon Kristófersson,
Jóhannes Jóhannesson,
Jón Auðunn Jónsson,
Jón Kjartansson,
Klemens Jónsson,
Magnús Torfason,
Sigurður Jónsson,
Sveinn Ólafsson,
Þorleifur Jónsson.

Kjörbrjefadeildir skiftu með sjer kjörbrjefum, svo sem lög mæla fyrir, og var síðan gert fundarhlje til kl. 5 síðdegis.

Kl. 5 síðdegis var fundur hafinn á ný. Þá mælti

aldursforseti (SJ): Fyrsta og þriðja kjörbrjefadeild hafa tjáð mjer, að þær hafi ekki lokið störfum sínum og þurfi lengri tíma til þeirra. Vil jeg því fresta fundinum til kl. 1 miðdegis á morgun.

Laugardaginn 16. febrúar, kl. 1 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Frsm. 1. kjörbrjefadeildar (JÞ): 1. kjörbrjefadeild athugaði kosningu 13 þingmanna úr 3. kjörbrjefadeild, og af þeim höfðu 10 kjörbrjef sín í fullri reglu, svo þar var ekkert við að athuga. Ellefti þingmaðurinn, háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) tjáði oss, að hann hefði gleymt kjörbrjefi sínu heima hjá sjer, en fyrir kjörbrjefadeildinni lá afrit úr gerðabók yfirkjörstjórnarinnar í Suður-Múlasýslu, er sýnir, að yfirkjörstjórnin þar hefir bókað hann rjett kosinn þm. fyrir kjördæmið og hefir gefið út kjörbrjef handa honum. Ennfremur lá fyrir kjörbrjefadeildinni vottorð frá manni úr yfirkjörstjórn Suður-Múlasýslu um sama efni. 1. kjörbrjefadeild er því sammála um að telja kosningu þessa þm. sannaða og fullgilda. Er því eigi meira um þetta atriði að segja.

Þá eru eftir kosningar tveggja þm., þm. Seyðf. og 2. þm. Eyf. Yfir báðum þeim kosningum hefir verið kært. Skal jeg þar fyrst skýra frá málavöxtum. Um kosninguna á Seyðisfirði hefir kjörstjórnin bókað, að þar hafi verið kosinn þm. Jóhannes Jóhannesson með 195 atkv., en hinn frambjóðandinn, Karl Finnbogason, hafi fengið 178 atkv., og gaf því yfirkjörstjórnin þar út kjörbrjef handa Jóhannesi Jóhannessyni. Þessa kosningu hefir hinn frambjóðandinn, K. F., kært og eru helstu atriðin í kæru hans þau 1) að hann mótmælir gildi tveggja heimagreiddra atkvæða Jóh. Jóh., sem kjörstjórnin tók gild, en þar voru stafsetningarvillur í nafni Jóh. Jóh. En það er

þó öldungis augljóst, að kjósandinn hefir ætlað sjer að kjósa Jóh. Jóh., en eigi hinn frambjóðandann, og kjörbrjefadeildin telur úrskurð kjörstjórnarinnar rjettan, að telja þessi atkv. gild. Þá má geta enn eins vafaseðils, sem kjörstjórnin tók gildan og taldi Karli Finnbogasyni, en umboðsmaður Jóhannesar hafði mótmælt gildi þessa seðils. Kjörbrjefadeildin gat ekki betur sjeð en þessi seðill væri auður og hefði því átt að ógildast; en annars hefir þetta atriði engin áhrif á kosninguna. 2) Þá er annað og um leið helsta kæruatriðið, — um heimakosningarnar, að læknisvottorðin hafi verið ófullkomin. Hjeraðslæknir var veikur á kjördegi og gaf m. a. sjálfum sjer vottorð um það og kaus sjálfur heima. Undir vottorð þau, er hjeraðslæknir gaf kjósendum, er þess þurftu með, hafði hann látið vjelrita fyrir sig eyðublöð, með eyðum fyrir nafni kjósandans og sjálfs sín, og ritaði með eigin hendi nafn kjósandans og undirritaði vottorðið einnig með eiginhandarnafni sínu. Vottorðin hljóðuðu á þessa leið:

„Jeg undirritaður votta það, að kjósandinn ..... eigi treystist til þess að fara á kjörstaðinn á morgun vegna lasleika.

Hjeraðslæknirinn á Seyðisfirði.
26. okt. 1923.
K. Kristjánsson.

Krafa kæranda er sú, að öll heimagreidd atkv. verði gerð ógild af þeirri ástæðu, að læknisvottorðin hafi verið ófullnægjandi, og kosning Jóh. Jóh. sje ógild, af því að ef öll heimagreidd atkvæði verða gerð ónýt, hverfur meiri hluti Jóh. Jóh. Kjörbrjefadeildin gat eigi litið þannig á þetta mál, og er hún öll sammála um, að eigi geti komið til mála að ógilda kosningu Jóh. Jóh. fyrir þessar sakir. Það er enginn efi á því, að vottorð læknisins eru aðeins gefin í því skyni að nota þau sem sönnun fyrir forföllum kjósendanna, eins og lögin gera ráð fyrir, og með því að gefa slík læknisvottorð álítur kjörbrjefadeildin, að læknirinn votti, að hann sje samþykkur þessu áliti kjósendanna, — þ. e. að þeir sjeu ekki ferðafærir til kjörstaðar. Með öðrum orðum, kjörbrjefadeildin álítur, að vottorðin sjeu rjett. Að vísu er það vitanlegt, að læknirinn lá rúmfastur og gat eigi vitjað sjúklinganna, en það hlýtur að vera öllum ljóst, að hjeraðslæknir, sem er búinn að vera jafnlengi í eigi stærra hjeraði en hjer er um að ræða, mun vissulega vera svo kunnugur heilsufari hjeraðsbúa, að hann í mjög mörgum tilfellum getur gefið slík vottorð án þess að vitja sjúklingsins. Að því er viðvíkur orðalagi vottorðanna, vill kjörbrjefadeildin líta á það, að í lögunum um heimakosningar er gert ráð fyrir því, að utan kaupstaða geti hreppstjórar gefið slík vottorð. Þar getur eigi verið ætlast til, að hreppstjórar gefi vottorð, sem bygð sjeu á læknisfræðilegri þekkingu; það er vitanlegt, að þeir hafa hana ekki til að bera. Það má því gera ráð fyrir, að hreppstjórarnir fari eftir því, sem sjúklingarnir segja um það, hvort þeir treysti sjer á kjörstað eða ekki, og vottorð þeirra hljóða því ekki um annað, er þeir sjá eigi neitt, sem ósannar þessa skoðun sjúklingsins. Utan kaupstaða er ekki farið fram á annað en það, sem þessi vottorð hljóða um, og hljóta þau því að vera fullnægjandi. En kjörbrjefadeildin treystist eigi til að gera upp á milli kjósenda í kaupstöðum og kjósenda í hreppunum og gera þessi atkv. ógild, vegna þess að orðalag vottorðanna er líkara vottorðum, gefnum í sveitum, en vænta má fyrirfram um orðalag vottorða, útgefinna í kaupstað. Hin kæruat-

riðin eru öll smávægileg. Í einstaka tilfelli hefir kjósandinn sjálfur beðið læknirinn um vottorð, og getur slíkt eigi verið ógildingarástæða fyrir kjörstjórnina, er fær þau gögn í hendur. Kjörbrjefadeildin álítur eigi neitt það upplýst í málinu, sem geti gert þessa kosningu ógilda, og eyði jeg því ekki fleiri orðum um Seyðisfjarðarkosninguna; en kjörbrjefadeildin gerir einróma, eða að minsta kosti án mótatkvæða, tillögu um, að kosning Jóh. Jóh. sje tekin gild.

Þá er eftir Eyjafjarðarkosningin. Þar er tvímenningskjördæmi, sem kunnugt er. Yfirkjörstjórn úrskurðaði kosna frambjóðendurna *Einar Árnason með 1093 atkv.* og *Bernharð Stefánsson með 900 atkv.* Næsta frambjóðanda voru af yfirkjörstjórn talin 895 atkv. Allar kærurnar snerta aðeins kosningu Bernh. St. Fyrsta kæran, frá einum af frambjóðendunum, Stefáni Jóh. Stefánssyni, gerir aðallega að kæruatriði heimakosningarnar á Siglufirði. Efni kærunnar er í stuttu máli það, að meiri brögð hafi verið að heimakosningum en eðlilegt hafi verið og að mönnum hafi verið látin í tje læknisvottorð og þeir kosið heima, án þess að þeir væru þess vanmáttugir að komast á kjörstað; en yfir höfuð er upplýst, að þau atkv., sem þannig eru fram komin, hafa á engan hátt verið öðruvísi útbúin en lögum samkvæmt. Það er fyllilega gefið í skyn í kærunni, að læknirinn á Siglufirði hafi látið í ljósi, að sjer væri ant um að menn neyttu kosningarrjettar síns á þennan hátt, en kjörbrjefadeildin gat eigi fundið neitt það staðfest í kærunni, sem gæti gert rjettmætt að ónýta kosninguna, vegna þessara heimagreiddu atkv. á Siglufirði. Annað mál er það, að kjörbrjefadeildin er sammála um það, að heimildarlögin um heimakosningar geti orkað tvímælis, hvernig þeim skuli beitt, og að þarna hafi þau ef til vill verið teygð lengra en hófi gegndi og álítur það vera yfirvegunaratriði fyrir Alþingi, hvort rjettara sje að nema lögin um heimakosningar úr gildi eða gera ráðstafanir til að þau verði eigi notuð eftirleiðis eins og gert hefir verið; því kunnugt mun vera um, að þeim hafi víðar verið freklega beitt en í Eyjafirði.

Þá eru 3 kærur frá kjósendum yfir þessari kosningu, en að efni til þó eigi nema tvær, og fara báðar í sömu átt, að því leyti, að krafist er að Stefán Stefánsson sje viðurkendur rjettkosinn 2. þm. kjördæmisins; en til vara, að kosning 2. þm. kjördæmisins verði gerð ógild, því sá, sem kjörbrjef hafi fengið, hafi eigi haft meiri hluta atkv., og kosning hans sje því ógild. Samkvæmt kærunni hafa yfirkjörstjórninni verið send 6 heimagreidd atkvæði úr einum hreppi í kjördæminu, er eigi höfðu komist til undirkjörstjórnar í tæka tíð, svo þau komust eigi í atkvæðakassann; en yfirkjörstjórn neitaði að taka þessi atkvæði gild. Kjörbrjefadeildin álítur yfirkjörstjórnina hafa farið rjett að í þessu. Lögin mæla svo fyrir, að undirkjörstjórn taki aðeins á móti atkvæðum, sem koma til hennar áður en kosningarathöfninni er lokið.

Næst er kært yfir því, að ónýttir hafi verið 20 atkvæðaseðlar, þar sem Stefán Stefánsson var aðeins einn kosinn. Hafa þessir seðlar eigi verið sendir hingað, enda hafði ógildingu þeirra eigi verið mótmælt við talninguna af umboðsmanni St. St., en kjósendur, er kæra, vilja láta telja þá gilda. Er og vottorð um það frá yfirkjörstjórn, að seðlar þessir hafi verið 20 að tölu og að þeir hafi allir verið greiddir Stefáni. Frá því er raunar skýrt, og stendur ómótmælt, að af þessum 20

seðlum hafi á 17 þeirra verið stimplað yfir doppuna framan við auða reitinn um leið og stimplað var við nafn Stefáns Stefánssonar. Um þetta eru að vísu skiftar skoðanir, hvort eigi ætti að telja þessi atkv. gild, en hinsvegar veit jeg, að því hefir verið fylgt sem ófrávíkjanlegri reglu, að slíkir seðlar væru ógildir. Ef víkja ætti frá þessari reglu, yrði að kunngera það áður með lagabreytingu eða á einhvern annan hátt, en hitt er ófært, að ógilda þessa kosningu vegna þess að kjörstjórnin hefir fylgt fastri reglu. Næsta kæruatriði er það, að 3 heimagreidd atkv. voru hvorki vottuð af sýslumanni nje hreppstjóra, heldur af umboðsmanni hreppstjóra. Þetta álítur kjörbrjefadeildin að vísu vera óheimilt, en veit þó til, að hefir átt sjer stað víðar en í þessu kjördæmi og eigi verið kært, og eins lítur hún á hitt, að þetta er í fyrsta sinnið, sem heimakosningar eru framkvæmdar, og vill því eigi taka hart á því, þó þeim hafi eigi verið fylgt út í æsar. Hreppstjóranum hefir ef til vill eigi verið ljóst, að lögin leyfa eigi, að hann gefi umboð til þessa, en gert það í þeirri trú, að það væri heimilt; auk þess er ekkert upplýst um, at atkv. hafi farið á annan veg en kjósendurnir óskuðu, en það er grundvallarregla kosningalaganna, að vilji kjósanda fái að njóta sín. Kjörbrjefadeildin álítur því ekki rjett að ónýta kosninguna af þessum ástæðum. Hún álítur, að kosningin hafi farið að vilja kjósenda, og kosningar eiga að vera þannig, að vilji kjósenda komi fram. En ef þetta yrði að venju, að hreppstjórar gæfu öðrum umboð, gæti það leitt til misbeitingar, og er slíkt varhugavert. Vill kjörbrjefadeildin ekki láta samþykt kosningar þessarar skoðast sem fordæmi fyrir því, að þetta yrði leyft eftirleiðis. Þess er getið í gerðabók yfirkjörstjórnar, að í Árskógsstrandarhreppi beri gerðabók kjörstjórnarinnar þar með sjer, að 3 menn kjósa þar, sem ekki stóðu á kjörskrá, en áttu þó þar að vera. Undirkjörstjórnin tók á móti atkvæðum þeirra, og var það rangt. Sömuleiðis hafði komið einn seðill úr Öxnadal, sem undirkjörstjórn tók ekki gildan af þessum ástæðum, en fór óvart í atkvæðakassann hjá yfirkjörstjórninni. Eru því 4 atkv., sem eru ógild, og sjeu þau dregin frá atkvæðatölu Bernh. Stef., verður meiri hluti hans einungis 1 atkvæði. Yfirkjörstjórnin hefir sent hingað 13 seðla, sem ágreiningur reis út af; kjörbrjefadeildin hefir athugað þá alla. Tveir þeirra eru talsvert óhreinir af svertu, en sjest þó greinilega, að kosnir voru á öðrum E. Á. og Bernh. St., og Stefán og Sig. Hlíðar á hinum, og gerði því ekki til um þá, er þeir vega hvor annan upp, en rjettara hefði verið að taka þá gilda. Þar næst voru 2, sem ekki koma til greina; kjörbrjefadeildin álítur þá auða. Næst voru 6 seðlar, þar sem á voru greinilega kosnir tveir frambjóðendur, en auk þess á öllum þeirra stimplað yfir doppuna framan við auða reitinn, og álítur kjörbrjefadeildin rjettan úrskurð yfirkjörstjórnar, að þeir skuli teljast ógildir. Þá er einn seðill, sem greinilega virðist stimplaður yfir doppurnar fyrir framan nöfn þeirra Stefáns Stefánssonar og Sigurðar Hlíðar, en er líka dálítið svertur fyrir framan nöfn þeirra Einars Árnasonar og Bernharðs Stefánssonar. En helst lítur út fyrir, að það sje ekki gert með stimpli, heldur með fingurgómi. Meiri hluti kjörbrjefadeildarinnar vildi þó ekki ógilda úrskurð yfirkjörstjórnarinnar og taka þennan seðil gildan. En einn

kjörbrjefadeildarmanna vildi taka hann gildan til handa þeim Sigurði Hlíðar og Stefáni Stefánssyni. Þó nú svo hefði verið gert, var það ekki sönnun fyrir því, að Bernharð Stefánsson hafi ekki fengið meiri hluta gildra atkvæða. Komst kjörbrjefadeildin því að þeirri niðurstöðu, að einnig bæri að taka gilda kosningu Bernharðs Stefánssonar sem 2. þm. Eyfirðinga.

ATKVGR.

Till. 1. kjörbrjefadeildar um að taka kosninguna á Seyðisfirði gilda samþ. með 30 shlj. atkv.

Till. sömu kjörbrjefadeildar um að taka kosningu 2. þm. Eyf. (BSt) gilda samþ. með 26 shlj. atkv.

Till. sömu kjörbrjefadeildar um, að gildar skyldu teknar allar aðrar kosningar, er deildin hafði til rannsóknar, var samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. 2. kjörbrjefadeildar (MJ): Önnur kjörbrjefadeildin hafði til meðferðar kjörbrjef eftirtaldra þingmanna:
Bjarna Jónssonar, þm. Dala.
Jakobs Möllers, 3. þm. Reykv.
Jóhanns Jósefssonar, þm. Vestm.
Halldórs Steinssonar, þm. Snæf.
Ingólfs Bjarnarsonar, þm. S.-Þ.
Jóns Þorlákssonar, 1. þm. Reykv.
Pjeturs Þórðarsonar, þm. Mýra.
Ásgeirs Ásgeirssonar, þm. V.-Ísf.
Tryggva Þórhallssonar, þm. Str.
Þórarins Jónssonar, þm. V.-Húnv.
Jóns Baldvinssonar, 2. þm. Reykv.
Einars Árnasonar, 1. þm. Eyf.

Þinginu höfðu eigi borist neinar kærur yfir kosningu þessara þingmanna. Þó nú finna megi smá formgalla á kosningunum sumstaðar, eru þeir engan veginn svo stórvægilegir, að þeir hafi á nokkurn hátt getað haft áhrif á úrslit þeirra. Leggur kjörbrjefadeildin því eindregið til, að kosning allra fyrtaldra þingmanna verði tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbrjefadeildarinnar samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. 3. kjörbrjefadeildar (JAJ): Þriðju kjörbrjefadeild bárust eftirtalin kjörbrjef, ásamt útskrift úr viðkomandi kjörbókum yfirkjörstjórna:
Ágústs Flygenrings, 1. þm. G.-K.
Benedikts Sveinssonar, þm. N.-Þ.
Eggerts Pálssonar, 1. þm. Rang.
Halldórs Stefánssonar, 1. þm. N.-M.
Ingvars Pálmasonar, 2. þm. S.-M.
Jóns Sigurðssonar, 2. þm. Skagf.
Jörundar Brynjólfssonar, 2. þm. Árn.
Magnúsar Guðmundssonar, 1. þm. Skagf.
Magnúsar Jónssonar, 4. þm. Reykv.
Pjeturs Ottesens, þm. Borgf.
Sigurjóns Jónssonar, þm. Ísaf.

Við 10 fyrstu kjörbrjefin hefir kjörbrjefadeildin ekkert sjerstakt að athuga, enda engar kærur komið fram viðvíkjandi þeim. En þó vill deildin benda á, að í einum hreppi í Suður-Múlasýslu hefir ritblý verið notað við kosningarathöfnina, í stað stimpils, og fyrir það voru öll atkvæðin úr hreppnum gerð ógild af yfirkjörstjórn. Vill kjörbrjefadeildin því leggja til, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að gefa hlutaðeigandi undirkjörstjórn stranga áminningu um að gæta kosningalaganna betur eftirleiðis.

Um kosninguna í Árnessýslu er það upplýst, að þar hafi hreppstjóri einn falið öðrum manni eða mönnum umboð til að annast heimakosningu. En þar sem þetta hefir komið fyrir í allmörgum kjördæmum landsins, og hinn reglulegi odd-

viti yfirkjörstjórnar hefir jafnframt upplýst, að sjer hafi verið falið af yfirkjörstjórn að víta þetta við hlutaðeigandi hreppstjóra, sem hann þegar hefir gert, sjer kjörbrjefadeildin ekki ástæðu til að minnast þessa atriðis frekar.

Þá er kosningin í Ísafjarðarkaupstað. Yfir henni hefir verið kært. Kæran er bygð á þeim atriðum, sem jeg nú skal greina, og jafnframt skýra frá áliti og tillögum kjörbrjefadeildarinnar við hvern lið um sig.

Er þá fyrst kært yfir því, að Jónína Jónsdóttir og Stefán Hermannsson, er kusu í bæjarfógetaskrifstofunni hjer, hafi eigi skrifað undir fylgibrjefið, en fulltrúi bæjarfógetans vottar, að þau hafi undirskrifað það. En svo er samt ekki. Undirkjörstjórn neitar fyrst með 2:1 atkv. að taka atkvæði þessi gild, en samþykkir síðar, þá er staðfest símskeyti sannar, að þau hafi kosið í bæjarfógetaskrifstofunni hjer í einrúmi og að öllu leyti löglega, að taka umrædd atkv. gild með 2:1 atkv. Kjörbrjefadeildin lítur svo á, að fullsannað sje, að kosning þessi hafi farið fram lögum samkvæmt, og leggur því til, að þessu kæruatriði sje vísað á bug.

Þá er í öðru lagi kært yfir því, að yfirkjörstjórn hafi ekki úrskurðað alla vafaseðla jafnóðum og þeir komu fram við upptalninguna. Kjörbrjefadeildin er þeirrar skoðunar, að rjett sje, að úrskurður sje feldur um vafasama seðla jafnótt og þeir komi fram. Þó að ekki sje með beinum orðum skipað svo fyrir í kosningalögunum, þá virðist kjörbrjefadeildinni samt, að orðalag 48. gr. kosningalaganna bendi í þá átt.

Þar sem nú eigi er upplýst, að frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra hafi hreyft mótmælum gegn þessu við upptalninguna, vísar kjörbrjefadeildin þessu kæruatriði einnig á bug. En meiri hluti hennar vill hinsvegar, að stjórnarráðið brýni fyrir yfirkjörstjórnum eftirleiðis, að rjettast sje að úrskurða kjörseðil jafnskjótt og fram kemur við talningu atkvæða, og vill jafnvel láta víta yfirkjörstjórn Ísafjarðarkaupstaðar fyrir þetta.

Þá er í þriðja lagi kært yfir því, að yfirkjörstjórn hafi sýnt hlutdrægni við úrskurðun vafaseðla.

Kjörbrjefadeildin hefir nú yfirfarið hina gölluðu seðla, sem sendir voru, alls 21. Af þeim eru 15, sem yfirkjörstjórn hefir úrskurðað ógilda án mótmæla. Er á þeim sjáanlegt, að 8 hafa viljað kjósa Sigurjón, en 4 Harald. Á 3 er aftur á móti ekki hægt að sjá vilja kjósendanna. Þó að nú meiri hluti kjörbrjefadeildarinnar telji jafnvel rjettast að taka tvo af þessum seðlum gilda, sem sje þá seðla, sem á stendur: „Sigur Sigurjón Jónsson“ og „Herra Haraldur Guðmundsson“, leggur hún samt til, að við svo búið sje látið standa, því að slíkt breytti ekkert atkvæðahlutfallinu. 13 af seðlum þessum telur kjörbrjefadeildin svo mjög gallaða, að ekki geti komið til mála að taka þá gilda. Eru þá eftir 6 seðlar gallaðir, og ennfremur 1 heimakosningarseðill, sem undirkjörstjórn vildi ekki taka gildan, af því að umboðsmaður hreppstjóra hafði vottað kosninguna. Þennan síðast nefnda seðil ákvað kjörbrjefadeildin að taka gildan, með skírskotun til þess, sem áður er sagt um kosninguna í Árnessýslu og víðar. Var atkvæðaseðill þessi því opnaður og á honum stóð: Sigurjón Jónsson. Bætist því eitt atkvæði við atkvæðatölu hans.

Þá voru nákvæmlega athugaðir hinir 6 gölluðu seðlar, sem jeg gat um áðan. Á tveimur þeirra stóð: Sigurður Jónsson.

Þessir tveir seðlar hafði Sigurjón Jónsson óskað, að yrðu teknir gildir, en yfirkjörstjórn úrskurðaði þá ógilda, og er meiri hluti kjörbrjefadeildarinnar samdóma þeim úrskurði.

Tveir seðlar, sem yfirkjörstjórnin tók gilda, eru þannig, að á öðrum þeirra stendur: Sigurjónsson Jónsson, en á hinum nær svertan ekki yfir *allan* hvíta depilinn. Kjörbrjefadeildin er samdóma yfirkjörstjórn um, að taka beri þessa seðla gilda, og það því fremur, sem yfirkjörstjórn hafði, án mótmæla, tekið aðra gallaða seðla gilda, svo sem er á stóð: Horoldur Guðmusson, Herddur Guðmundson, Horaldur Guðmunson, Haraldur Guðmudson, Haraldur Guðmunsson.

Þá eru enn tveir seðlar, sem tilheyra Haraldi Guðmundssyni. Á öðrum þeirra er kross eða merki á hvíta deplinum fyrir framan nafn hans, og á honum eru engir aðrir gallar. Þennan seðil vill meiri hluti kjörbrjefadeildar telja að taka hefði átt gildan.

Á hinum seðlinum er svertur hluti depilsins fyrir framan nafn Haralds Guðmundssonar, en auk þess er hann merktur eða stimplaður við hvíta depilinn fyrir framan nafn Sigurjóns, blekklessa fyrir aftan nafn hans, sem sýnilega er smitun frá merkinu framan við nafnið. Þennan seðil er kjörbrjefadeildin samdóma yfirkjörstjórn um, að dæma beri ógildan. Það skal svo tekið fram, að einn kjörbrjefadeildarmanna er ósamdóma þessari niðurstöðu deildarinnar. Hann vill dæma alla hina gölluðu seðla ógilda. Hefði þeirri reglu verið fylgt um öll skriflegu atkvæðin, eins þau, sem yfirkjörstjórn tók gild, þá hefði kosning Sigurjóns verið vafalaus.

Þá er í fjórða lagi kært yfir því, að Jóhanna Jónsdóttir og Sigurður Ebenesersson hafi ekki greitt atkvæði lögum samkvæmt. Þetta er sprottið sumpart af ókunnugleik kæranda og líka af misskilningi á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914, og breyting á og viðauka við sömu lög, 1. maí 1923.

Það er rjett, að fulltrúi bæjarfógetans, Kristinn Ólafsson, var ekki viðstaddur þá er nefnd hjón kusu, heldur var það skrifari bæjarfógeta, Páll Jónsson, sem þá fyrir nokkru hafði verið löggiltur til að annast heima- og utankjördæmakosningar í fjarveru bæjarfógetans eða fulltrúans.

Fulltrúinn hafði 11. október farið heim til áðurnefndra kjósenda, eftir ósk þeirra, til þess að þau gætu kosið heima. En þá vildu þau ekki kjósa, af því að sonur þeirra, sem þau óskuðu að aðstoðaði þau, var fjarverandi. Fulltrúinn hafði fylt út eyðublaðið, þó ekkert yrði af kosningunni.

Nokkru síðar kemur sonur hjóna þessara heim, og óska þau þá aftur eftir að fá að kjósa heima. Fór því skrifarinn til þeirra í forföllum fulltrúans og ljet þau kjósa á heimili þeirra, en notaði sömu eyðublöðin og umslögin, sem fulltrúinn hafði ætlað að nota áður.

Þar sem nú kosning þessi hefir farið fram fyllilega lögum samkvæmt og þar sem löggiltur umboðsmaður framkvæmir athöfnina, er kjörbrjefadeildin á einu máli um, að atkvæðin sjeu gild og þetta eigi á engan hátt að hafa áhrif á gildi kosningarinnar.

Það er misskilningur kæranda á nefndum lögum, að læknisvottorð þurfi við heimakosningu, þá er kjósandi kýs *utan kjördæmis*, eins og hitt, að slíkar kosningar megi ekki fara fram fyr en 2 dögum fyrir kjördag. Getur kjörbrjefadeildin því ekki fallist á þessi atriði kærunnar.

Ennfremur er kært yfir því, að 3 kjósendur, sem standa á kjörskrá á Ísafirði og kusu þar, hafi einnig staðið á aukakjör-

skrá í Reykjavík og einnig neytt kosningarrjettar síns hjer í bæ. Að vísu hafa fullar sannanir ekki verið færðar á það, að þessir kjósendur hafi greitt atkvæði í Reykjavík, en hinsvegar mjög sennilegt, að svo hafi verið. Kjörbrjefadeildin er á einu máli um það, að kjörstjórnirnar á Ísafirði hafi orðið að veita móttöku atkvæðum þessara kjósenda, og geti þetta á engan hátt rýrt lögmæti kosningarinnar. Sama máli gegnir um eina stúlku, er stóð á kjörskrá bæði á Ísafirði og í Árneshreppi í Strandasýslu. Hún átti heima á Ísafirði, en kom í Árneshrepp og kaus þar, á kjördaginn, að jeg ætla. Þetta atkvæði getur ekki heldur, að áliti kjörbrjefadeildarinnar, gert kosninguna ógilda.

Þá er kjörbrjefadeildinni kunnugt um, að oddviti yfirkjörstjórnarinnar á Ísafirði neitaði frambjóðandanum Sigurjóni Jónssyni um, að kona nokkur, er tjáðist hafa af vangá ónýtt atkvæðaseðil sinn, fengi að kjósa á ný. Hinsvegar var öðrum kjósanda, sem frambjóðandinn Haraldur Guðmundsson óskaði að fengi að kjósa aftur og bar fram sömu ástæðu, að atkvæði hans hefði ónýst af vangá við atkvæðagreiðslu í Reykjavík, leyft að greiða atkvæði á ný. Kjörbrjefadeildin vill sem slík ekkert úr þessu gera, en jeg sem kunnugur maður á Ísafirði verð að átelja þessa framkomu oddvita, og það því fremur, sem kjörbrjefadeildin hefir fengið fullar sannanir fyrir því, að kjósandinn Jón Magnússon, sem eftir ósk Haralds Guðmundssonar fjekk að kjósa aftur, hefir fært rangar ástæður fyrir þessari kröfu sinni.

Í kærunni eru ekki fleiri bein kæruatriði en þessi, en ýmsu öðru er þar slegið fram, órökstutt með öllu, um fjárboð og fleira, svo sem lesa má í kæruskjalinu. En þar sem einungis er drepið á þetta í lok kærunnar, án þess að færa því nokkurn stað, sjer kjörbrjefadeildin enga ástæðu til þess að taka það til nánari íhugunar.

Jeg skal að lokum taka það fram, að þegar einhverjar misfellur eru á kosningu, er það vitanlega auðveldara fyrir þann, sem ónýta vill kosninguna og hefir hag af því, að svo sje gert, að færa sannanir á sitt mál, heldur en fyrir hinn, sem vill láta kosninguna standa. Því að þótt hann gæti fundið að ýmsu í framkomu andstæðinganna, þá myndi hann skirrast við að bera það fram, ef það gæti haft áhrif á lögmæti kosningarinnar og orðið til þess, að hún yrði dæmd ógild.

Samkvæmt því, sem jeg hefi nú sagt, hefir sú niðurstaða orðið í 3. kjörbrjefadeild, að hún hefir samþykt, með 10 atkv. gegn 2, að leggja til, að kosning þessi skuli tekin gild.

Jón Baldvinsson: Jeg hafði ýmislegt að athuga við ræðu hv. frsm. 1. kjörbrjefadeildar (JÞ), um kosningakærur þær, sem nú hefir verið lagður úrskurður á, og sjerstaklega tel jeg hafa verið mjög mikla galla á Seyðisfjarðarkosningunni. En jeg kvaddi mjer ekki hljóðs þá, til þess að eyða ekki málfrelsi mínu. Jeg bjóst við að hafa þörf fyrir það, þegar að því kæmi að ræða þessa kæru, sem nú liggur fyrir.

Hv. 3. kjörbrjefadeild leggur til með miklum meiri hluta, að kosningin á Ísafirði verði tekin gild; en þó að úrslitin sjeu ef til vill ráðin fyrirfram, get jeg ekki stilt mig um að fara nokkrum orðum um málið.

Það hefir komið fram mjög rökstudd kæra yfir kosningunni á Ísafirði, frá meira en 20 kjósendum. Skal jeg þræða kæruna lið fyrir lið, svipað eins og hv. frsm. 3.

kjörbrjefadeildar (JAJ) gerði, og andæfa jafnóðum því, sem hann sagði um kæruatriðin. En áður en jeg fer lengra, vil jeg leyfa mjer að bera fram fyrirspurn til hv. frsm. (JAJ), sem jeg óska, að hann svari nú þegar, annaðhvort með jái eða neii. Hefir hv. 3. kjörbrjefadeild opnað atkvæðaumslög ákveðinna manna, sem undirkjörstjórn hefir tekið gild? *(Aldursforseti SJ*: Það hefir verið gert). Þar sem hv. frsm. svarar ekki, verð jeg að álíta þögn hans viðurkenningu á því, að hv. kjörbrjefadeild hafi raskað leynd þeirri, sem vera á yfir atkvæðagreiðslu manna og lögin mæla svo ríkt fyrir um. Háttv. sessunautur minn, þm. V.-Sk. (JK), segir nú líka, að atkvæðaumslögin hafi verið opnuð. Það er mjög herfilegt brot á kosningalögunum, sem hv. kjörbrjefadeild hefir gert sig seka í með þessu, því að á þennan hátt má rekja, hvernig ákveðnir menn hafa greitt atkvæði.

Fyrsta atriði kærunnar er um galla á skriflegri atkvæðagreiðslu, er fram fór hjer í Reykjavík, þeirra Stefáns Hermannssonar og Jónínu Jónsdóttur. Þau hafa ekki undirritað fylgibrjefin, en það er tvímælalaust brot á 4. gr. laga nr. 47 frá 30. nóv. 1914, þar sem svo segir: „Hann (þ. e. kjósandinn) útfyllir því næst og *undirskrifar fylgibrjefið*." Úr þessu bætir það ekkert, þó að skrifstofa bæjarfógetans í Reykjavík votti það á kjördegi, að þau hafi kosið, því að það fullnægir ekki ákvæðum laganna að heldur. Jeg tel því rangt af kjörstjórnunum að meta þessi atkvæði gild.

Þessi galli á kosningunni er þó lítill í samanburði við það, að þessir 2 kjósendur og 2 aðrir hafa sannanlega kosið á 2 stöðum. Þetta er afdráttarlaust brot á kosningalögunum, og skil jeg ekki, hvernig háttv. frsm. (JAJ) getur leyft sjer að fullyrða, að þessi 4 atkv. hafi engin áhrif á lögmæti kosningarinnar, þar sem þó á engan hátt er unt, eftir úrskurðun meiri hluta kjörstjórnarinnar á Ísafirði, að teygja meira en eins atkvæðis meiri hluta handa frambjóðandanum Sigurjóni Jónssyni. En þetta er í samræmi við þau önnur rök, sem háttv. frsm. (JAJ) hafði fram að bera fyrir hönd kjörbrjefadeildarinnar. *(JAJ.*: Jeg hygg, að í 3. kjörbrjefadeild sjeu lögfræðingar jafngildir hv. þm.). Jeg þykist jafnsnjall háttv. frsm. (JAJ) í þeim efnum, en hitt get jeg skilið, að hann vilji sveigja lögin á þann hátt, sem betur kemur í svipinn. En jeg tel þó, að lögin hljóti einnig að ná til hans flokks. Og það er greinilegt, hvað lögin segja um þetta efni. Í 5. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, er svo fyrir mælt:

„Sá sem hefir heimilisfang víðar en á einum stað, segir sjálfur til, á hverjum stað hann vill neyta kosningarrjettar síns." Þessir kjósendur, sem hjer ræðir um, vanrækja að gera þetta. Þau eru vitandi vits að greiða atkvæði á tveim stöðum. Því að um sama leyti sem bæjarfógetaskrifstofan hjerna vafalaust sendir yfirforgangshraðskeyti til Ísafjarðar, um að þau hafi greitt hjer atkvæði, eru þau að ganga að kjörborðinu hjer í bæ og kjósa vafalaust lista sama flokks. Þessu til stuðnings er 3. gr. laga nr. 50, 20. júní 1923:

„Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil." Því að megi ekki senda frá sjer nema einn kjörseðil, má auðvitað enginn greiða atkvæði á kjörstað, nema því aðeins að skriflegt atkvæði hans sje áður gert ógilt. Þessu til stuðnings er og 6. gr. sömu laga, 2. málsgr. Þetta eitt ætti að vera nægilegt til þess að ógilda kosninguna. *(MJ*: En 32.

gr. kosningalaganna?). Ef kjörstjórninni hefði verið kunnugt um þetta, hefði hún átt að vísa atkvæðunum frá. En kjörstjórnin gat auðvitað ekkert um þetta vitað, og því áfellist jeg hana ekki fyrir þetta atriði. En nú er hinu háa Alþingi kunnugt, hvernig í þessu liggur, og er það því berlega skylda þess að ónýta þessi 4 atkvæði, en með því verður kosningin á Ísafirði ógild, þar sem einungis veltur á einu atkvæði samkvæmt úrskurði meiri hluta kjörstjórnar.

Háttv. frsm. (JAJ) kvað það ekki sannað, að þeir 3 kjósendur, sem stóðu hjer á kjörskrá og greiddu atkvæði skriflega sem ísfirskir kjósendur, hafi í raun og veru kosið einnig hjer í Reykjavík. En nú vill svo til, að hv. 3. kjörbrjefadeild hafði vottorð frá einum manni úr yfirkjörstjórninni í Reykjavík, er sannar, að þessir kjósendur hafi greitt atkvæði hjer. Háttv. frsm. (JAJ) leiddi þetta hjá sjer, taldi einungis líklegt, að svo hefði verið, en jeg tel það skýlaust sannað. *(JAJ*: Það var ekki um það getið, að vottorðsgefandi væri í yfirkjörstjórn; mjer var ókunnugt um það). Var hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) ekki í 3. kjörbrjefadeild? Jeg skal með leyfi hæstv. forseta (SJ) lesa upp vottorðið, svo að þeir, sem kunnugir eru, geti sjeð, hvort vottorðsgefandinn var ekki í yfirkjörstjórninni:

„Að gefnu tilefni vottast hjer með, að við síðustu alþingiskosningar í Reykjavík neyttu eftirgreindir kjósendur kosningarrjettar:

Nr. 668. Oddur H. G. Gíslason, bókbindari, 66 ára, Grettisg. 54.

Nr. 492. Jónína S. Jónsdóttir, húsfrú, 60 ára, Grettisg. 54.

Nr. 854. Stefán Hermannsson, úrsmiður, 45 ára, Hverfisg. 57.

Allir þessir kjósendur eru á aukakjörskrá.

Virðingarfylst.

Þorvarður Þorvarðsson.“

(JóhJóh: Hvenær er vottorðið dagsett?) 11. þ. m. Það er mjög langt síðan þess var óskað, að vottorðsgefandi útvegaði slíkt vottorð, og mun hann hafa haft aðgang að kjörskránum, sem viðhafðar voru kosninguna. Þetta tel jeg fulla sönnun og efast um, að hv. þm. þori að vefengja, að umræddir kjósendur hafi greitt atkvæði á tveimur stöðum.

Þá kem jeg að kosningarúrslitunum sjálfum og gerðum yfirkjörstjórnar. Það er sannað með útskrift úr gerðabók yfirkjörstjórnarinnar á Ísafirði, að af þeim atkvæðum, sem voru ágreiningslaust tekin gild, átti Haraldur Guðmundsson 439, en Sigurjón Jónsson einungis 438. Þessi atkv., sem ekki hefir orðið ágreiningur um, eru öll ógölluð og eru hin eiginlegu úrslit kosningarinnar. En þegar hjer er komið, grípur kappið í kosningunni meiri hluta yfirkjörstjórnar, og er þá farið á ný að vega og meta hina gölluðu seðla. Jeg er sammála hv. frsm. (JAJ) um það, að rjett sje að úrskurða um gallaða seðla jafnóðum og að þeim kemur. En yfirkjörstjórnin tekur þá á ný til athugunar, svo sem jeg gat um, og úrskurðar á þann veg um þá, að frambjóðandinn Sigurjón Jónsson hafði 1 atkvæði umfram.

Hinir gölluðu seðlar, sem lagðir voru frá við upptalninguna, voru alls 21. Af þeim voru 15 dæmdir ógildir í einu hljóði. Umboðsmaður Haralds Guðmundssonar samþykti þetta af þeirri ástæðu, að hann hugði, að yfirkjörstjórnin ætlaði að þræða bókstaf laganna og ógilda alla þá seðla, sem greinilega væru merktir. Á meðal þessara seðla var ekki ljelegri seðill en:

„Herra Haraldur Guðmundsson, Ísafirði.“ Af öllum þeim vafaseðlum, sem jeg hefi sjeð, þykir mjer sjálfsagðast að taka þennan gildan, þar sem hjer er fullkomin utanáskrift. Hv. frsm. (JAJ) kvað kjörbrjefadeildina og hafa viljað telja þetta gott og gilt atkvæði, en það kom ekki til af góðu, því að þá var dreginn fram annar seðill, til þess að vega salt á móti þessum. Þennan seðil Haralds Guðmundssonar átti, eins og áður er sagt, langhelst að taka gildan af öllum vafaseðlunum, en jeg vil þó halda því fram, að kjörstjórnin hefði tvímælalaust átt að ónýta alla þessa seðla; þá hjelt hún sjer fast við kosningalögin.

Þá eru 2 seðlar, sem á stendur Sigurður Jónsson. Þeir voru auðvitað báðir dæmdir ógildir, enda ekki auðið annað. En svo langt gengur frambjóðandinn Sigurjón Jónsson, að hann mótmælir þessu og eignar sjer báða seðlana. Hvernig í dauðanum hefði mátt telja honum þessi atkvæði? Það eru sjálfsagt margir Sigurðar Jónssynir á Ísafirði; jeg þekki að minsta kosti einn, Sigurð Jónsson kennara, sem á Ísafirði er alkunnur maður, og má vel vera, að þessir tveir kjósendur hafi viljað kjósa hann og ætlað það leyfilegt. Jeg minnist þess, að við þær einu almennu borgarstjórakosningar, sem fram hafa farið hjer í Reykjavík, kom fram seðill með nafni alþekts borgara hjer í bæ, sem var ekki í kjöri, og kom hvorugum frambjóðandanum til hugar að eigna sjer það atkvæði. Jeg verð því að telja það freklega ágengni af hálfu frambjóðandans Sigurjóns Jónssonar að koma til hugar að eigna sjer þessi atkvæði.

Þá eru 2 seðlar, sem yfirkjörstjórn tók gilda. Á öðrum þeirra stendur: Sigurjónsson Jónsson, en á hinum er merki í hringnum framundan nafni Sigurjóns. Þetta leggur yfirkjörstjórn á vogarskálina til þess að fá meiri hluta handa Sigurjóni Jónssyni. Seðillinn með nafninu Sigurjónsson Jónsson er vafalaust ógildur. Enginn maður með því nafni er í kjöri. Ef fylgt er bókstaf laganna og þeim reglum, sem viðhafðar voru um ógildingu áðurnefndra 15 seðla, er þetta augljóst. Hinn seðilinn, með merkinu framundan nafni Sigurjóns, hefi jeg skoðað, og sá jeg, að hann var ekki merktur samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna. Við stimplunina hefir stimpillinn ekki náð yfir allan hvíta reitinn, svo að hvít rönd er eftir. En einmitt á sama hátt hefir verið merktur seðill, sem gerður var ógildur fyrir Haraldi Guðmundssyni.

Loks hefir annar seðill verið ónýttur fyrir Haraldi, af þeirri ástæðu, að blekdropi hefir runnið á hann.

Jeg tel rjett að ógilda alla þessa seðla, en sje farið að meta þá og jafna þeim saman, þá verða ekki þau úrslit með rjettum dómi, að Sigurjón Jónsson hafi 1 atkv. umfram.

Menn geta vel skilið, að kjörstjórn leiðist til þess í kosningahita að ganga feti framar um að taka gild atkvæði en lög standa til. En hitt verður ekki fyrirgefið á neinn hátt, ef Alþingi samþykkir með köldu blóði það, sem hjer hefir verið gert. Jeg get ekki trúað því fyr en jeg tek á, að hið háa Alþingi leyfi sjer að ganga svo langt, að það fallist á gerðir meiri hl. yfirkjörstjórnarinnar á Ísafirði.

Jeg skal leyfa mjer að drepa á, hvernig Alþingi hefir litið á svipaðar kosningar undanfarið. Við kosningarnar 1908 stóð líkt á á Seyðisfirði. Þar var annað þingmannsefnið talið kosið með 1 atkv. mun. Þingið 1909 ónýtti þessa kosningu vegna galla á kjörseðlum, er yfirkjörstjórn hafði úrskurðað gilda. Þó voru þessir seðlar

ekki svipað því eins gallaðir og seðlar þeir frá Ísafjarðarkosningunni, sem jeg hefi nú lýst. Þá var kosið á þann hátt, að blýantskross var gerður, og um einn atkvæðaseðil segir einn háttv. þm. (BJ): „Annað strikið er dregið tvöfalt, sem getur þó ekki stafað af því, að blýanturinn hafi verið tvíyddur. Sá seðill getur því ekki talist gildur.“ Annan seðil vildi sami hv. þm. láta ógilda vegna þess, að aukastrik sást á honum. Farast honum svo orð: „Enda má ekkert vera, er bent geti til, að viljandi hafi verið dregið ólöglega. Annars gætu menn, er þegið hefðu mútur, sýnt, hvern þeir hefðu kosið.“

Er gott að athuga þessi orð í þessu sambandi.

Enn eru nokkur atriði, sem þörf væri að minnast á.

Hjer í Reykjavík hafa t. d. tveir ísfirskir kjósendur verið látnir kjósa heima. Eru skjöl þau, er þá kosningu snerta, í mesta máta athugaverð. Þegar litið er á fylgibrjef atkvæðaseðlanna, verður eigi annað sjeð en þessir kjósendur hafi kosið í skrifstofu bæjarfógeta. En svo kemur vottorð eins skrifara bæjarfógeta, sem segir, að kosningin hafi farið fram á heimili kjósendanna. Þetta sýnist nokkuð leyndardómsfult. Og enda þótt undirkjörstjórn þar vestra sje eigi ljóst, hvernig hjer er í pottinn búið, þá verður hið háa Alþingi, sem veit alla málavöxtu, að taka tillit til slíks, ekki síst þegar um svo lítinn atkvæðamun er að ræða og sýnilegt er, að hart hefir verið fram dregið að fá úrslit þau, sem urðu á þessari kosningu.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að meðferð hv. 3. kjörbrjefadeildar á atkv. þeim, sem henni voru send. Á jeg við heimagreidd atkvæði Jóns Magnússonar og Guðrúnar Halldórsdóttur. Mjer skilst, að hv. kjörbrjefadeild noti einmitt annað þessara atkvæða til þess að fá sömu niðurstöðu og kjörstjórn Ísafjarðar. Þegar það er athugað og svo hitt, að kjósandi er ekki einu sinni skyldur að segja fyrir rjetti, hvern hann hafi kosið, þá kom mjer mjög á óvart, þegar hv. kjörbrjefadeild kemur og lýsir yfir því, að Guðrún Halldórsdóttir hafi kosið frambjóðandann Sigurjón Jónsson. Fæ jeg ekki betur sjeð en að hjer hafi hv. kjörbrjefadeild framið lagabrot, og undrar mig, að lögfræðingar þeir, sem í henni áttu sæti, skyldu láta slíkt viðgangast.

Fer lítil leynd að verða á atkvæðum manna, ef þessi regla verður upp tekin, og ekki þarf að fara í grafgötur með, hver komið hafi Sigurjóni Jónssyni á þing, ef þetta atkvæði verður látið ráða úrslitum.

Jeg fæ ekki betur sjeð en að þessi kosning sje svo ramgölluð, að allir hv. þm. hljóti að greiða atkv. gegn lögmæti hennar, ef þeir fá tíma til að kynna sjer öll gögn til hlítar. Það efast jeg um, að þeir hafi getað enn og vil því gera þá till., að kosningunni verði vísað til væntanlegrar kjörbrjefanefndar. Geri jeg það í þeirri von, að menn sjeu eigi fyrirfram ákveðnir að greiða kosningunni atkv., enda þótt meiri hluti háttv. kjörbrjefadeildar leggi það til.

Jón Kjartansson: Það eru einkum tvö atriði í ræðu hv. 2. þm. Reykv. (JBald), sem jeg vildi leyfa mjer að taka til athugunar. Hann ávítar kjörbrjefadeildina fyrir að hafa opnað atkvæðaumslag Guðrúnar Halldórsdóttur. Atkvæði þetta var ekki tekið gilt af kjörstjórn, vegna þess að rjettur maður, hreppstjóri, hafði ekki vottað um kosninguna. Var kjörstjórnin vit-

anlega í fullum rjetti þar. En nú hafði samskonar kæruatriði frá annari kosningu legið fyrir kjörbrjefadeildinni, og hún orðið ásátt um að láta þennan galla við svo búið standa í þetta skifti, einkum þar sem vitanlegt var, að þetta var mjög víða brotið um alt land. Áleit deildin því rjett, að sömu reglu yrði fylgt með þessa kosningu. Þess vegna taldi deildin rjett, að atkvæði Guðrúnar Halldórsdóttur bæri að taka gilt, og því væri rjett að opna umslagið og sjá hverjum atkvæðið tilheyrði. Jeg kann illa við, að kjörbrjefadeildin sje ávítuð fyrir það, sem hún hefir rjett gert.

Þá er hitt, að 2 eða 3 kjósendur hafi kosið á tveim stöðum. Jeg og allir aðrir hv. þm. í kjörbrjefadeildinni litum svo á, að við þessu gætu kjörstjórnir ekki gert. Samkv. 32. gr. kosningalaganna eru kjörstjórnir skyldar að taka á móti atkvæðum allra þeirra, sem á kjörskrá standa. Ef hjer er um brot að ræða, þá er það af hálfu kjósandans, en ekki kjörstjórnar.

Þá vil jeg fyrir mína hönd og allrar kjörbrjefadeildarinnar mótmæla því, að hún hafi verið hlutdræg í úrskurðum sínum. Hún kom sjer t. d. saman um að taka gild atkv., sem á stóð: „Haraldur Gummuson", „Gumundsson", „Göðmundsson" o. s. frv., sem að dómi hv. 2. þm. Reykv. ættu líklega öll að teljast ógild. Einnig vildi hún taka gild atkv.: „Herra Haraldur Guðmundsson" og „Sigur Sigurjón Jónsson", en í engu myndi það breyta úrslitum.

Hvað sem segja má um það, hvort rjett væri af kjörstjórnum að ógilda öll vafaatkv., þá er hitt víst, að Alþingi hefir undanfarið gengið hina brautina. Hafa úrskurðir þess allir á síðari árum verið bygðir á því, hvort vilji kjósandans kæmi greinilega í ljós eða ekki. Þau atkvæði hafa verið úrskurðuð gild, sem sjá hefir mátt á, hvern kjósa átti, enda virðist það sanngjörn regla.

Þá skal jeg geta þess, að það var einróma álit kjörbrjefadeildarinnar, að hvorki undirkjörstjórnir nje yfirkjörstjórn Ísafjarðar hafi beitt hlutdrægni við umræddar kosningar.

Jón Baldvinsson: Jeg leyfi mjer að mælast til þess við hæstv. forseta (SJ), að hann fresti fundi í nokkrar mínútur, svo að mönnum gefist kostur á að skoða nokkra atkvæðaseðla frá Ísafirði, sem voru í umslagi, er óopnað var í morgun.

(Fundarhlje í 10 mínútur).

Magnús Torfason: Áður en jeg ræði um þessa kosningu, vil jeg geta þess, að jeg greiddi ekki atkv. með því að taka Eyjafjarðarkosninguna gilda. Jeg nenti ekki að rjetta einn hönd upp á móti, enda þóttist geta látið aðstöðu mína koma fram í Alþt.

Þegar búið var að telja upp atkv. á Ísafirði, hefir Haraldur Guðmundsson 439 en Sigurjón Jónsson 438 atkv. Eftir venjulegum reglum átti Haraldur að fá kjörbrjef. Að svo varð ekki, stafar af því, að ákvæðum kosningalaganna hefir ekki verið hlýtt við talninguna. Samkv. 48. gr. 2. mgr. þeirra laga ber að úrskurða um gildi hvers atkv. jafnóðum og það er tekið úr atkvæðakassanum. Þeirri reglu fylgdi jeg þau 17 ár, sem jeg var bæjarfógeti á Ísafirði. En undir eins og jeg var farinn, er hin reglan tekin, sem þó hefir reynst óheppileg, sbr. kosninguna á Seyðisfirði 1908. Jeg vil ekki líta svo á, sem þetta sje gert af ásettu ráði, og það því fremur, sem ekki verður annað sjeð en að báðir frambjóðendur hafi samþykt þessa ráðstöfun. En á því tel jeg lítinn vafa, að

dómurinn hefði sennilega fallið öðruvísi, ef rjett hefði verið að farið. Þegar búið er að lesa upp síðasta seðilinn, eiga engin mið að vera eftir til að vinna úr, eins og hjer var gert.

Að því er snertir umrædd vafaatkv., þá var jeg á þeirri skoðun, að ógilda bæri þau öll. Á tveim seðlum stóð „Sigurður Jónsson", og gátu þau atkv. vitanlega aldrei komið til mála. Á einum seðli stóð „Sigurjónsson Jónsson". Fæ jeg engan veginn sjeð, að nokkuð sje verra að tvítaka „Sigur" en að bæta „sson" við nafn frambjóðandans. Að því er snertir seðilinn, sem á stóð „Herra Haraldur Guðmundsson" þá sýnir hann það eitt, að kjósandinn hefir verið kurteis maður. En gallarnir á hinum vafaseðlunum stafa af flaustri eða gáfnaskorti, og eiga því enn síður rjett á að vera teknir til greina. Fjórði seðillinn, sem Sigurjón Jónsson átti, er þannig, að auði depillinn framan við nafnið er ekki fyltur alveg út. En í 33. gr. kosningalaganna stendur skýrt: „... og stimplar *alveg* yfir reitinn." Þessi seðill átti því vafalaust að dæmast ógildur.

Þá koma tveir seðlar, sem Haraldur Guðmundsson átti. Um annan er hið sama að segja og þann seðil Sigurjóns, sem jeg síðast gat um. Auði depillinn er ekki alhulinn. Á hinum er klessa við nafn Sigurjóns, en rjettilega stimplað framan við nafn Haralds. Jeg lít líka svo á, að þessi klessa hafi átt að valda ógildingu seðilsins.

Niðurstaða mín er með öðrum orðum sú, að kosningin átti að standa óhögguð þegar síðasti seðillinn var upplesinn og Haraldur að fá kjörbrjef.

Samkv. kosningalögunum verður maður að vera mjög strangur. Þar stendur, að nægilegt sje, til þess að seðill verði ógildur, að á honum sjáist rispa eða eitthvað það, sem *geti* gert hann þekkjanlegan. Svo er um alla þessa seðla.

Meiri hluti kjörbrjefadeildar lítur svo á, að taka megi einn vafaseðil gildan til handa Haraldi. Þetta gerir það að verkum, að þeir verða jafnir, frambjóðendurnir, frá sjónarmiði þeirra, sem taka vilja gild einhver vafaatkv.

Þá er látið í veðri vaka, að Haraldi til framdráttar hafi einum manni, er hafði kosið utan kjörstaðar, verið leyft að kjósa upp aftur á Ísafirði.

Þegar svo hefir staðið á, að kjósandi hefir haldið, að hann hafi ónýtt atkvæðaseðilinn, hefi jeg ávalt leyft að kjósa aftur. Þetta sama hefir kjörstjórnin á Ísafirði gert hjer, og verð jeg að líta svo á, að enginn rjettur sje brotinn með því. Er engin ástæða til að ætla, að þeir menn, er sótt hafa kjörstaðinn, greiði ekki atkvæði af fúsum vilja, þar sem ekki er hægt að vita, hvernig atkv. þeirra hefir fallið. Öðru máli er að gegna um þau atkv., sem falla utan kjörstaðar, því með þau verður naumast farið svo leynilega sem æskilegt væri. Hefi jeg til dæmis heyrt af sjónarvotti, að hægt hafi verið að sjá það af þerriblöðum þeim, er notuð voru sumstaðar við kosninguna, hvernig atkv. hefðu fallið. Þess vegna hefi jeg jafnan haft það fyrir reglu að láta nota ritblý. Vil jeg leggja það til, að þetta verði gert að reglu eftirleiðis. Jeg lít því svo á, að þetta uppkosningaratkvæði Jóns Magnússonar geti ekki haft nein áhrif á rjettmæti kosningarinnar.

Þá kemur atkvæði Guðrúnar Halldórsdóttur. Kjörstjórnin ógilti það vegna þess, að það er ekki greitt undir umsjón hreppstjóra. Jeg lít eins á það og hún, að ekki geti komið til mála að taka atkv. gilt,

sem ekkert yfirvaldsvottorð fylgir. Að vísu hefir síðar komið fram vottorð frá viðkomandi hreppstjóra, þess efnis, að hann hafi gefið þessum manni umboð til að annast þetta fyrir sína hönd, en sá ljóður er á, að þetta vottorð er mjög krullað. Er þar til dæmis „gaf“ skrifað ofan á „gef“ og einnig virðist dagsetningu hafa verið breytt, svo að „nóv.“ hafi verið skrifað ofan í „okt.“ Er alvitað, hve dómstólar leggja lítið upp úr slíkum vottorðum; þau falla sínum herra. Fæ jeg því ekki sjeð, að Alþingi geti með nokkru móti samþykt slíkt, og með því ónýtt rjettan úrskurð undirkjörstjórnar. Er vitanlegt, að heimakosningar eru neyðarúrræði, þótt þær fari löglega fram, en alveg óhæfar, ef svo er um hnútana búið sem hjer, að smalar hafi umsjónina á hendi. Yrði sú venja síst til þess að stemma stigu fyrir vanbrúkun kosningarrjettarins, heldur þvert á móti kenna mönnum að syndga upp á náðina.

Jeg hefi jafnan fylgt strangt fram kosningarreglunum, enda sagt, að engin sje miskunn hjá Magnúsi. Þó fór svo einu sinni, að jeg þótti ekki nógu strangur. Það var við alþingiskosningarnar í Vestur-Ísafjarðarsýslu 1911. Þá tók jeg gilda 13 seðla, sem höfðu verið tvíbrotnir, en Alþingi Íslendinga ónýtti þá alla. Gerði jeg það meðal annars af því, að mjer var kunnugt um, að slíkt og annað verra hafði átt sjer stað óátalið hjer í bænum og víðar. Eftir það herti jeg á kröfunum, enda sú regla langheppilegust. Það verður að þræða hjer lagabókstafinn, því annars er óhjákvæmilegt að „vigta“ atkvæðin, og þaðan er aðeins eitt fótmál yfir í hlutdrægnina. Til samanburðar við úrskurð Alþingis á kosningunni í Vestur-Ísafjarðarsýslu 1911 skal bent á, að í kosningalögunum eru engin ákvæði, sem taka það fram, að seðlarnir *megi* ekki vera tvíbrotnir. Þar er aðeins tekið fram, að þá megi ekki einkenna með strikum, blettum eða öðru slíku. Ennfremur er aðeins tekið fram, að yfirkjörstjórn skuli brjóta seðilinn einu sinni, og er það gert í því skyni, að atkvæðið sjáist ekki. Hitt er ekki tekið fram, að kjósandinn megi ekki tvíbrjóta hann. Annars er skakt komist að orði í 33. gr. þessara laga. Þar stendur: „.... brýtur hann (þ. e. kjósandinn) síðan seðilinn saman í sama brot.“ Þetta „brýtur“ er skakt; ætti að vera í þess stað „leggur.“

Í aðra röndina gat jeg vel unað því, að Alþingi 1912 dæmdi svo strangt, meðal annars vegna þess, að þar er um örlítið menningarpróf að ræða. Sú minsta menningarkrafa til þjóðarinnar, sem unt er að gera, er þó sú, að kjósendur geti kosið rjett. Því menningarbót kalla jeg það, þó að vísu þá minstu, sem heimtuð verður, að menn læri að kjósa rjett.

Jeg tók það fram áðan, að skilinn hefði verið eftir moðbingur og svo veitt úr honum að síðustu í hag þeim manni, sem kjörbrjefið hlaut. Jeg vil þó ekki halda því fram, að kjörstjórnin hafi hjer vísvitandi gert rangt. En þeir, sem þekkja kosningarhitann og hörkuna í Ísfirðingum, vita, hve hætt er við, að kjörstjórnin hafi, þótt ekki væri nema óafvitandi, látið hann hafa áhrif á úrskurðinn, og hann því fallið öðruvísi en ella hefði orðið.

Í 6. gr. laga nr. 50 frá 1923 stendur: „Komi það í ljós, að hlutaðeigandi kjósandi standi ekki á kjörskrá eða sje búinn að greiða atkvæði, ... leggur kjörstjórnin umslagið með atkvæðaseðlinum og fylgibrjefið aftur inn í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna.“ Þessi ákvæði hafa nokkra þýð-

ingu að því er snertir þá tvo kjósendur, er kusu bæði hjer og á Ísafirði, og rýra atkvæði þeirra. Ennfremur er það enn óupplýst um þessa kjósendur, hvort þeir áttu kosningarrjett hjer eða þar, og lít jeg svo á, að á meðan svo stendur sje ekki unt að samþykkja kosninguna.

Þá skal jeg enn minnast á eitt atriði, sem fram kom í kærunni, að kjörseðlanna hafi illa verið gætt í bæjarfógetaskrifstofunni. Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji væna bæjarfógetann um neitt annað en að hann hafi ef til vill ekki verið nógu varkár. Um mig var það svo, að mjer fanst jeg aldrei vera nógu varkár í því efni. Þorði jeg að síðustu ekki annað en að hafa kjörseðlana inni í eldföstum skáp á meðan þeir voru í fórum mínum.

Þá stendur enn á kærunni, að fje hafi verið borið í kosninguna, og er þar ekki um minni menn að ræða en hjeraðslækni og póstmeistara, er þessu halda fram. Lít jeg svo á, að ekki sje hægt að ganga þegjandi framhjá jafnþungum átölum.

Að þessu öllu yfirveguðu tel jeg fullkomna ástæðu til að fresta að taka kosninguna gilda og rannsaka betur alla málavexti. Jeg vil að lokum benda á það, að sumar þær kærur, sem fram hafa komið, stafa ekki af því, að kærendur vilji fá hlutaðeigandi mönnum hegnt. Vjer erum ekki svo gerðir Íslendingar. Heldur er hitt markmiðið, að fá breytt árangri kosninganna.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar að sinni, en vil aðeins taka það fram, að aðstaða mín í málinu er samkvæm þeirri reglu, er jeg sem kjörstjóri hefi jafnan fylgt við kosningar.

Jónas Jónsson: Jeg ætla að benda á nokkur almenn atriði viðvíkjandi heimakosningum, að því leyti er þau kynnu að hafa áhrif á eina þeirra, sem kærð hefir verið.

Fyrsti höfuðgallinn á kosningaforminu er, að það lætur atkv. þeirra manna, sem fáfróðastir eru, vera æðsta dómara í kosningunni. Vafaseðlarnir stafa frá mönnum, sem ekki kunna einu sinni að kjósa. En mjer virðist, að sú minsta krafa, sem hægt er að gera til kjósenda, sje, að þeir sjeu færir um að fylla út kjörseðilinn. Og ef einhverjir eru svo lítilsigldir, að þeir geti ekki lært þetta, þá býst jeg við, að dómur þeirra í landsmálum sje ekki heldur þess verður, að hann sje sóttur.

Nú stendur svo á með Ísafjörð, að atkv. virðast jöfn. Eitt atkv. er að vísu fram yfir hjá öðrum, en sá meiri hluti er bygður á vafaseðli, sem er óhæfur eftir gömlu kosningalögunum. Því í gömlu lögunum er það tekið fram, að þeir seðlar skuli ógildir, sem auðkendir sjeu á einhvern hátt. Það, sem hjer er því um að ræða, er þetta: Á Alþingi að taka upp þá venju að byggja kosningaúrslit á ógildum seðlum?

Þar sem ákveðnir flokkar eru, liggur jafnan á takmörkunum milli þeirra einskonar „no man's land,“ land, sem enginn á. Það er hópur hinna skoðanalausu og gersamlega fáfróðu; það er úr hópi slíkra manna, sem vafaseðlar koma. En þessir fáfróðu, skoðanalausu menn eru ekki dómhæfir. Atkvæði þeirra eiga að vera ógild. Kosningin á að vera einskonar gáfnapróf. Þeir, sem ekki geta kosið rjett, eiga skilið að missa kosningarrjettinn.

Frsm. 3. kjörbrjefadeildar (Jón Auðunn Jónsson): Það var út af ræðu háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), að jeg stóð upp. Honum hefir þegar verið svarað að mestu leyti af hv. þm. V.-Sk. (JK), svo að jeg þarf litlu við að bæta. Háttv.

2. þm. Reykv. segir, að þau atkv., sem greidd hafa verið á tveim stöðum, eigi að vera ógild. Nú veit jeg eigi, hvernig á að samræma það við kosningalögin, sem mæla svo um, að ekki megi meina manni, sem er á kjörskrá, að kjósa, nema kjörstjórn sje kunnugt, að hann standi á kjörskrá annarsstaðar og hafi ekki afsalað sjer atkvæðisrjetti þar. Þess vegna eru atkvæði þeirra, sem kjósa utan kjörstaða og kjördæmis, efalaust gild. Bæði háttv. 2. þm. Reykv. og ýmsir aðrir þm., þar á meðal hv. 5. landsk. þm., töluðu svo, sem atkvæðaseðlar Haralds Guðmundssonar, þeir er teknir voru gildir án mótmæla, hafi verið ógallaðir. Þetta er eigi rjett, og því til sönnunar skal jeg leyfa mjer að lesa á nokkra þeirra, þótt jeg hafi á þetta bent áður. Hjer er á einum: Herddur Guðmundson, öðrum: Horoldur Guðmuson, og enn: Haraldur Guðmunson. Auðvitað eru þetta alt stórgölluð atkv., þó að kjörbrjefadeildin álíti, að eigi beri að ónýta þau. Jeg hygg, að þessir seðlar sjeu engu ógallaðri en sá, sem á stendur: „Sigurjónsson Jónsson. Alt annað hjal hv. 2. þm. Reykv. er sprottið af vöntun á vilja til að skilja kosningalögin rjett og auðskildri löngun til að þóknast skoðanabræðrum sínum á Ísafirði.

Það var rjett hjá hv. 1. þm. Árn. (MT), að hann var strangur í kosningunum 1919. Man jeg þá, að 5 seðlar, sem á stóð: Jón Auðunn (vantaði föðurnafnið), voru gerðir ógildir. Ennfremur talaði hv. þm. um heimagreiddu atkv. á Ísafirði og sagði, að Sigurjón hefði þar af um 45 atkv. meiri hluta; ennfremur, að enga miskunn væri að finna hjá Magnúsi. En sami hv. Magnús hefir ekki á móti því, að honum sje sýnd miskunn í Árnessýslu. Þó að þar væri ekki neitt ólöglegt framið, hefi jeg fullar sannanir fyrir því, að þar hafi Magnús hlotið þá miskunn að hreppa 220 af 250 heimagreiddum atkv. Sami háttv. þm. sagði, að kjósandi, sem skrifaði „herra Haraldur Guðmundsson", hefði sýnt tilhlýðilega kurteisi. Var það ekki sama kurteisi, sem einn kjósandi sýndi á Ísafirði 1919, með því að skrifa „bankastjóri Jón Auðunn Jónsson", en þó var sá seðill gerður ónýtur þá, eftir kröfu hv. þm. (MT). Að svo stöddu finn jeg ekki ástæðu til að svara fleiru. Í almennum aths. hv. 1. þm. Árn. um kosningalögin var margt rjettilega athugað, en kemur ekki við því máli, sem hjer liggur fyrir.

Jón Baldvinsson: Jeg ætla að víkja að því, sem hv. frsm. 3. kjörbrjefadeildar sagði í ræðu sinni áðan, að atkv. greidd á tveimur stöðum væru gild, og vitnaði hann í 32. gr. kosningalaganna, sem hann skilur þann veginn, að eigi megi meina manni að kjósa, ef hann er á kjörskrá. Þar er því að svara, að þetta er misskilningur. Þessi ákvæði kosningalaganna eiga við það, sem almennast er, að menn kjósi á kjörstað í *sínu* kjördæmi, en eigi utan þess, og má þá eigi varna mönnum, sem eru á kjörskrá, að greiða atkvæði sitt. Aftur eru sjerstök ákvæði um þá, sem greiða atkvæði utan kjördæmis síns, og ef þeir eru á kjörskrá á tveim stöðum, ákveða þeir sjálfir, hvar þeir greiða atkv., og er þá þessi röksemd hv. frsm. 3. kjörbrjefadeildar að litlu orðin. Tvímælalaust eiga þessi 4 atkv. að vera ógild og valda ógildingu Ísafjarðarkosningarinnar, þar eð þau hafa ráðið úrslitum. Hinsvegar átel jeg ekki kjörstjórnina fyrir að taka þessi atkv. gild, er hún vissi ekki betur. En Alþingi veit nú betur, og það á því að ógilda kosninguna. Jeg vil í þessu sambandi minnast á þrjá kjósendur, sem jeg vissi um og

voru á kjörskrá bæði hjer og á Ísafirði. Biðu þeir þar til seint um kveldið hjer í Reykjavík, þar til þeir vissu, að atkvæði þeirra höfðu verið tekin gild á Ísafirði. Ætluðu þeir ekki að kjósa hjer, nema ef atkv. þeirra vestra væru ógild. Þetta er rjett og gagnstætt því, sem hinir gerðu. Þeir fóru í kringum lögin og brjáluðu kosninguna. Hv. frsm. (JAJ) fór út í upplestur gildra atkvæðaseðla. Jeg fór yfir þá líka, og jeg verð að segja, að jeg sá galla á seðlum, sem Sigurjón var á kosinn, smávegis galla, krot í nafnið, stafsetningarvillur o. fl. Þessir gallar geri jeg ekki ráð fyrir, að mundu hafa verið látnir varða ógildingu. Þá var það víst ekki annað, sem hv. frsm. hafði fram að bera. Atkvæði Guðrúnar Halldórsdóttur er og var í alla staði ólöglegt. Sá, sem vottar skriflega kosningu hennar, hafði eigi löglegt umboð til þess, ekki einu sinni frá hreppstjóra. Vottorð hreppstjóra, sem nú er fram komið, virðist hafa verið pantað eftir á, til þess að gera löglegt það, sem var ólöglegt og er enn ólöglegt og á að ógildast hjer. Jeg skildi þannig vörn hv. þm. V.-Sk. er hann bar blak af kjörbrjefadeildinni, að hún hafi farið allmiklu lengra en lög leyfa og raskað leynd þeirri, sem á að vera samkv. kosningalögum, að því er atkv. þeirra Jóns Magnússonar og Guðrúnar Halldórsdóttur snertir. Hv. þm. V.-Sk. var að afsaka kjörbrjefadeildina fyrir þessi afglöp með því, að ekki hefði verið hægt að rannsaka, hvort atkv. væru gild, nema með því að opna umslögin. En kjörbrjefadeildin átti einmitt að rannsaka skjöl og fylgibrjef þessara atkvæða *(Jóh-Jóh*: Það var og gert.), en hafði alls enga heimild til þess að opna atkvæðaumslögin sjálf.

Þá sagði hv. sessunautur minn, þm. V. Sk. (JK), að venja Alþingis hefði verið sú, að halda eigi fast í formið, heldur eingöngu taka tillit til þess, sem sjá mætti, að verið hefði vilji kjósenda. Þetta er eigi rjett. Þingið hefir einmitt haldið í formið, haldið sjer að bókstaf laganna; nægir þar að benda á meðferð Alþingis á Seyðisfjarðarkosningunni 1909 og á kosningunni í Vestur-Ísafjarðarsýslu 1912, er smávægilegir gallar voru látnir ráða úrslitum, t. d. er seðlar voru brotnir á annan veg en í lögunum stóð. Það er því sýnt og sannað, að þingið heldur sjer fast við formsatriðin, enda mundi alt annars lenda í ógöngum. Kjörstjórn Ísafjarðar lagði út á hættulega braut, er hún fór að taka upp gallaða seðla og löggilda þá.

Þá man jeg eigi, hvort minst hefir verið á það áður, um skriflegt atkvæði Jóns Magnússonar, sem sagðist hafa ónýtt seðil sinn og leyft að kjósa aftur. Háttv. frsm. kjörbrjefadeildar segir þetta sje rangt, seðillinn hafi ekki verið ónýtur. Hvernig getur hann fullyrt þetta? Þó að nafn Sigurjóns stæði á þessum seðli, gat kjósanda snúist hugur, og síðar viljað hafa þar nafn hins frambjóðandans. Svo er og hugsanlegt, að einhver hafi fylgt þessum manni eftir til kosningar og til dæmis hótað honum atvinnumissi, ef hann eigi kysi einhvern ákveðinn. (*JAJ*: Vænir þingmaðurinn skrifstofuna hjer um slíkt?) Það er ekki hægt að kjósa hjer í skrifstofu bæjarfógeta svo ekki sjáist, og allir vita, að hjer hefir ekki verið sú leynd á kosningum sem til er ætlast í lögunum.

Þá hefir verið talað um fjárburð eða með öðrum orðum mútur í kærunni, og er þar ástæða fyrir þingið til að láta fram fara rannsókn á því atriði. Er og sjálfsagt, að þingið taki tillit til þess, og auk þess er ástæða fyrir þingið að taka og tillit til þess, að vestanlands fylgja atvinnuráðendur mjög fram Sigurjóni og

er altalað, að fast hafi þar verið aðgengið að greiða honum fylgið og allfreklega í hótunum haft um atvinnumissi og fleira. (*JAJ*: Þetta stendur ekki í kærunni). Það er satt, en jeg hefi sjeð plögg, vottorð o. fl., en sem menn eigi vilja leggja fram fyr en þingið hefir fyrirskipað rannsókn um mútubrigslin, sem bæði hafa birst í opinberu blaði og vikið er að í kærunni. Í slíku atvinnuleysi, sem nú er, er það ekki gaman fyrir fátæka menn og atvinnuþurfa að láta uppi aðra skoðun en atvinnurekendur vilja vera láta, og væri það rannsóknarefni, hvort ekki hafi í þessari kosningu verið beitt þeim vopnum að hóta mönnum atvinnumissi, ef þeir kysu ekki eins og atvinnurekendur vildu vera láta. Það eru ef til vill eigi svo fáir, sem af pólitiskum ástæðum hafa verið settir á svartann lista hjá atvinnurekendum bæði hjer í Reykjavík og vafalaust eigi síður á Ísafirði. Þekki jeg þess nokkur dæmi.

Þá er enn eitt, sem ekki hefir áður verið minst á, og það er varsla atkvæða hjá bæjarfógeta á Ísafirði, sem er alvarlegt atriði í kærunni, og eigi síst fyrir það, að fulltrúi bæjarfógeta var einn helsti fylgismaður Sigurjóns, og segja kunnugir, að hann hafi verið jöfnum höndum í skrifstofu bæjarfógeta og Sigurjóns. Hann er nú orðinn starfsmaður Íslandsbanka á Ísafirði.

Jeg get því ekki betur sjeð en að það sje að minsta kosti full ástæða fyrir hið háa Alþingi að fresta úrslitum þessa máls, svo hægt verði að taka það til frekari rannsóknar. Svo margt og misjafnt hefir verið rætt um þessa kosningu meðal almennings, að ekki er vítalaust að láta hana ná fram að ganga að órannsökuðu máli. Mjer dettur í þessu sambandi í hug saga, sem sögð er af einum fylgismanni þess flokks, sem Sigurjón Jónsson tilheyrir. Hann var fróður um marga hluti, sem gerðust í skrifstofu bæjarfógetans á Ísafirði, og meðal annars er þetta haft eftir honum: „Já, þrjóturinn hann N. N. er ljóti svikarinn. Þau kusu öll Harald, en það er nú búið að laga.“ Og það eru fleiri sögur á borð við þessa, sem heyrst hafa um þessa kosningu.

En nú víkur því svo undarlega við, að það er eins og háttv. þm. vilji sem allra minst um þetta ræða, en lofa atkv. að skera úr um það sem fyrst. Þeim, sem voru staddir hjer í gærkveldi, mun þó ekki koma þetta á óvart. Það gat varla hjá því farið, að eitthvað væri á seyði. Flokksforingjarnir í kjörbrjefadeildunum voru að hnippa hver í annan og pukra um eitthvað í hornunum. Og það er sagt að hinn svokallaði burgeisaflokkur og Framsókn hafi haft hrossakaup um samþykt kosningarinnar í Eyjafirði og samþykt kosningarinnar á Ísafirði. Jeg segi ekki, að þetta hafi verið svo, en einhvernveginn fanst manni það liggja í loftinu. Jeg vil heldur ekki trúa því, að meiri hluti hins háa Alþingis hallist að því að taka þessa kosningu gilda, þrátt fyrir öll gögn og þvert ofan í allar röksemdir. En fari svo, á móti von minni, þá mætti vel segja um þann meiri hluta eins og sagt var um ólánsmanninn: „ill var þín fyrsta ganga — en þó mun verst hin síðasta.“

Jón Þorláksson: Það hafa orðið langar umræður um Ísafjarðarkosninguna, enda mátti búast við því fyrirfram, að háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), eini þingliðsmaður Haralds Guðmundssonar, hins fallna frambjóðanda á Ísafirði, myndi vilja veita þessum flokksbróður sínum þá litlu huggun að tala máli hans í sem lengstum ræðum, og það var heldur engin

furða, þó fyrirrennari þessa frambjóðanda á Ísafirði, háttv. 1. þm. Árn. (MT) tæki í sama strenginn. En óneitanlega gefur það skakka hugmynd um gildi kosninganna, þessar löngu ræður um Ísafjarðarkosninguna, borið saman við það, að Eyjafjarðarkosningin var samþykt umræðulaust. Það er sem sje í mínum augum enginn efi á því, að Ísafjarðarkosningin hafi verið mun minna gölluð en sú í Eyjafirði. Mun jeg síðar víkja betur að því.

Jeg vil þá fyrst svara í fám orðum nokkrum almennum athugasemdum í ræðu háttv. 1. þm. Árn. (MT). Hann vildi veita l. um kosningar til Alþingis bókstafsþrælkun. Frá sjónarmiði hans sem lögfræðings er auðvitað ekkert við þessu að segja, ef hann væri samkvæmur sjálfum sjer, en þar skjátlast honum. Hann telur, að ef sinni kenningu væri fylgt í skilningi á lögunum, þá hefði Haraldur Guðmundsson einu atkvæði fleira en Sigurjón. Þetta er ekki rjett. Ef lögunum ætti að fylgja út í æsar, þá hefði Sigurjón að minsta kosti 5—6 atkv. fram yfir Harald, því þá myndu falla frá hinum síðarnefnda 6 atkv. af hinum heimagreiddu, sem voru meira eða minna rangrituð. En hjer vil jeg bæta við, að frá mínu sjónarmiði er þessi kenning svo, að hið háa Alþingi geti ekki farið eftir henni. Skoðun Alþingis í þessu efni hefir nefnilega breyst á síðasta áratug. Það var ef til vill einu sinni talsverð tilhneiging hjá því að fara stranglega í þessi efni, svo sem t. d. um Seyðisfjarðarkosninguna 1909, en það hefir síðan sent frá sjer gögn, sem sýna skilning þess á þessu atriði. Á jeg þar við l. um þingmannakosning í Reykjavík, nr. 11, 18. maí 1920. Þar eru tekin upp ákvæði um það, hvenær kjörseðill verði talinn ógildur, og eru það síðustu lagafyrirmæli um þetta efni. Þar segir svo, að seðill verði ógildur, hafi kjósandi „sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má að gert sje til að gera seðilinn þekkjanlegan“ (8. gr.). Eftir þessum ákvæðum hefir verið úrskurðað um kosningar hjer í Reykjavík og Alþingi farið eftir þeim í skýringum sínum á kosningum utan Reykjavíkur, enda verður það að teljast allra hluta rjettast.

Háttv. 5. landsk. þm. (JJ) komst inn á líka braut og háttv. 1. þm. Árn. (MT). Hann vildi telja það rangt, að þeir menn rjeðu úrslitum, sem ekki kynnu að skrifa nöfn frambjóðenda rjett. Jeg verð aftur á móti að álíta það ljelegan mælikvarða á hæfileika manna til að taka þátt í meðferð landsmála, hvort þeir eru leiknir í því að stafa rjett orð eða ekki. Jeg þekki að minsta kosti eina 87 ára gamla konu, sem aldrei hefir með vissu kunnað að stafa löng orð, en sem þó ber vissulega eins mikið skyn á þjóðmálin eins og hver meðalþingmaður. Enda veit jeg það, að Alþingi hefir aldrei ætlast til, að leikni í því að stafa mannanöfn ætti nokkru að ráða um þetta. Háttv. þm. muna líka, að fyrir nokkru var sú breyting tekin upp að nota stimpil við kosningar, til þess að misritun þyrfti ekki að valda ógildingu á seðli. En hjer ber að sama brunni, að ef fylgja skal til enda reglunni um að taka aðeins seðla með gallalausri rjettritun til greina, þá verður ekki síður að ónýta þá seðla, þar sem nafn Haralds Guðmundssonar er freklega rangritað.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) þarf jeg fáu að svara. En þó vil jeg minnast á það, að þar sem kjósendur standa á kjör-

skrá á tveim stöðum, hljóta kjörstjórnir á báðum stöðum að veita atkvæði þeirra móttöku, og er engin ástæða til þess að ógilda kosninguna fyrir það. Hitt er annað mál, hvort eigi megi sækja kjósendur til víta fyrir að misbeita kosningarrjetti sínum á þennan hátt, og fá þá t. d. dæmda í sektir. — Það er mál á milli kjósenda og hins opinbera ákæruvalds. — En ef ógilda á atkvæði slíkra manna á öðrumhvorum staðnum, þá liggur það í augum uppi, að atkvæði þau, er síðar eru greidd, eiga að verða fyrir því, því þá eru þeir búnir að nota sjer kosningarrjett sinn áður á lögmætan hátt. Þau tilfelli, sem upplýst er um í sambandi við Ísafjarðarkosninguna, að þannig hafi að verið farið, ættu því, eftir því sem uppvíst er orðið, aðeins að hafa áhrif á kosninguna í Reykjavík og Strandasýslu.

Jeg skal þessu næst lýsa með fáum orðum hvernig kosningin á Ísafirði kemur mjer fyrir sjónir.

Annmarkarnir við sjálfa atkvæðagreiðsluna virðast hafa verið mjög litlir og ekki sambærilegir við gallana á Eyjafjarðarkosningunni, þar sem heimagreidd atkvæði voru tekin gild eftir vottorði umboðsmanns hreppstjóra. Engin slík atkvæði voru tekin gild á Ísafirði, og yfirleitt virðist kjörstjórnin þar hafa gætt mikillar varkárni. Slíkir ágallar geta því ekki felt kosninguna.

Þá er talning seðlanna. Sje svo, að fylgja beri hinum strangasta skilningi á bókstaf laganna, þá verður árangurinn, að Sigurjón hefir fleiri atkvæði. En sje staðnæmst við úrskurðaða vafaseðla, þá hefir Sigurjón eitt atkvæði yfir. Og sjeu þau atkvæði enn talin með, sem meiri hluti kjörstjórnar samþykti að taka gild, þá lenda tvö atkvæði á hvorn frambjóðendanna og Sigurjón hefir eitt atkvæði framyfir Harald. Þá er að líta á þann seðil, sem næstur stendur til að vera gildur. Úrskurðurinn í Eyjafjarðarsýslu valt á einum seðli. Sá var svo gerður, að greinilega var stimplað við nöfn tveggja frambjóðendanna og svo aftur greinileg klessa við þann þriðja. Hann var úrskurðaður ógildur. Eins stendur á hjer; það er greinilega stimplað við nafn annars frambjóðandans og líka greinileg klessa við nafn hins. Og ef slíkur seðill er ógildur í Eyjafirði, þá hlýtur hann líka að vera það á Ísafirði. En sje svo, þá er málinu lokið og Sigurjón er rjett kosinn með eins atkv. meiri hluta.

Jeg vil enn bæta því við, að vilji menn ganga lengra og taka með alla þá seðla, er sýna vilja kjósendanna, þá verður atkvæðamunurinn ennþá meiri og miklu fleiri atkvæði, sem falla Sigurjóni í vil. Það er því enn meiri ástæða til að taka kosninguna gilda.

Eftir að hafa lýst þessu get jeg að endingu með góðri samvisku vísað frá mjer og öðrum öllum aðdróttunum um hrossakaup í sambandi við þetta mál. Hitt er annað, að kjörbrjefadeildirnar báru sig saman, og var það nauðsynlegt fyrir þær til að fá sameiginlegan grundvöll undir tillögur sínar. Og að úrskurðir bæði fyrstu og þriðju kjörbrjefadeildar voru samræmir, liggur í því, að aðalefnið lá eins fyrir í þeim báðum.

Jeg vil svo að lokum vænta þess, að hið háa Alþingi samþykki kosningu Sigurjóns Jónssonar og sýni með því samræmi í gerðum sínum.

Magnús Torfason: Það hefir fátt verið hrakið af því, sem jeg ljet ummælt í fyrri ræðu minni, enda hefði jeg ekki farið að taka aftur til máls, hefðu ekki persónulegar athugasemdir hrotið í minn

garð. Það var verið að blanda kosningunni í Árnessýslu inn í umræðurnar og því haldið fram, að mjer hefði verið sýnd miskunn í sambandi við hana. En mjer er óhætt að segja, að til þess kom ekki. Því var raunar hreyft af andstæðingi mínum, að heimagefin atkvæði hefðu verið ógild, sökum þess að hreppstjóri hefði ekki vottað þau. Hafði enginn á móti því, en þegar atkvæðamunurinn reyndist vera svo mikill sem hann var, þá baðst sjálfur andstæðingur minn undan því, að þetta væri frekar rannsakað, og fór á burtu. Það er því þýðingarlaust atriði í þessu sambandi. Ekki mun tala heimafenginna atkvæða í mínu kjördæmi heldur hafa verið 250, eins og sagt var. Þau munu víst ekki hafa verið sjerstaklega talin, en voru að líkindum fyrir innan 200. Enn get jeg lýst yfir því, að jeg tók ekki sjálfur á móti neinum atkvæðum; vjek því algerlega af mjer.

Þessu næst skal jeg í stuttu máli víkja að því, sem háttv. 1. þm. Reykv. (JÞ) sagði. Jeg er raunar því óvanur að endurtaka að mun það, sem jeg hefi sagt, enda getur fæstum blandast hugur um það, að jeg var í öllu samkvæmur sjálfum mjer, en það vildi háttv. þm. vefengja. Það var eitt atriði, sem hann studdi það við, nefnilega að jeg vilji ekki ógilda rangritaða seðla á Ísafirði. Sannleikurinn er sá, að jeg vil ekki leggja til, að beinir rjettritunargallar væru teknir til greina, þar sem jeg sá, að með því var þeim órjettur ger, sem ekki hafa átt kost á neinu námi, svo sem er um margt gamalt fólk. Svo langt vildi jeg ekki fara. Jeg hefi sjálfur í vörslu minni langt brjef frá gamalli konu, sem mjer var lítt mögulegt að komast fram úr, fyrri en jeg gaf því gaum, hvernig málfæri hennar væri; hún skrifaði nákvæmlega eins og hún talaði. Alt öðruvísi horfir málið við þegar maður sjer fallega skrift með margvíslegum kórvillum og viðbæti og innskotum í nöfnin.

Það getur farið vel á því, að frambjóðendur og kjörstjórnir komi sjer saman um þær reglur, sem vafaseðlar skuli úrskurðaðir eftir. En komi til þingsins kasta að úrskurða um þá, er það ljóst, að fara verður sem næst lagastafnum. Hvað viðvíkur l. um þingmannakosningu í Reykjavík, nr. 11, 18. maí 1920, þá er það að segja, að þau ná til krossins, en það verður að gera hærri kröfur til að rjett sje stimplað, þar sem það er auðveldara en að setja krossinn, því það getur t. d. verið örðugt fyrir skjálfhent fólk að gera hann vel. Reykjavíkurlögin eru því eigi sambærileg við lögin 1915, en þessi síðarnefndu lög gilda um kosninguna á Ísafirði.

Annað get jeg látið milli hluta. Jeg hefi aðeins viljað lýsa afstöðu minni til kosningarinnar, en álít allar kappræður um það árangurslausar; enda lítið vafamál, hvernig atkv. muni falla.

Magnús Guðmundsson: Jeg skal ekki tefja umræðurnar mikið, en vil þó víkja nokkrum orðum að háttv. 1. þm. Árn. (MT). Hann sagði, að eftir 48. gr. kosningalaganna væri ólöglegt að láta úrskurð vafaseðlanna bíða þangað til síðast. Jeg hefi líka lesið þessa grein kosningalaganna og sje ekki, að þetta sje ólöglegt. Meira að segja var þetta gert við landskjörið í fyrra. (*BK*: Það er altaf gert í Hafnarfirði). Og jeg sjálfur hefi altaf haft þessa reglu og tel hana praktiska. Því að það er sjerstaklega nauðsynlegt fyrir yfirkjörstjórnir að geta borið vafa-

seðlana saman alla í einu. Því að þá er miklu betra að úrskurða þá en hvern út af fyrir sig. Jeg tel því þessa aðferð fyllilega löglega og jafnvel nauðsynlega.

Þá talaði háttv. þm. um 33. gr. kosningalaganna og taldi þar rangt að orði kveðið, er sagt væri, að „brjóta“ ætti seðilinn saman. Það má vel vera, að betra mál sje að segja „leggja“ hann svo saman. En háttv. þm. sleit þetta eiginlega út úr sambandi, því að hefði hann lesið dálítið lengra, gat hann sjeð, að þetta, „að brjóta seðilinn saman“ má vel vera, því að ennfremur stendur: „í sama brot er hann var í, er hann tók við honum.“ En þessa setningu las hann ekki upp, því að þá hefði hann sýnilega slegið vopnið úr höndum sjer.

Um gáfnaprófið, sem háttv. 1. þm. Árn. (MT) var að tala um, get jeg verið samþykkur því, sem háttv. 1. þm. Reykv. (JÞ) sagði, að það væri algerlega út í bláinn og hrein heimska að dæma gáfur manna eftir því, hvort þeir eru vanari að fara með ritblý eða reku og pál, ár og öngul.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) var að tala um, að það væri gefið í skyn í kosningakærunni, að það hefðu verið viðhafðar mútur við þessa kosningu, og slíkt væri alþekt frá síðustu kosningum á Ísafirði. En þar til er því að svara, að þá var lagt fyrir stjórnina að rannsaka það mál. Var þá sendur maður vestur til að rannsaka þetta, en það reyndist alt tilhæfulaust, er um þessar mútur hafði verið sagt. Mjer finst því harla fjarstætt, ef nú ætti að ónýta þessa kosningu sökum sama orðrómsins eða tilgátunnar, sem áður hefir reynst staðlaus. Og víst er um það, að ætti að gera þetta, mætti ónýta kosningu okkar allra með því einu að segja sannanalaust, að mútur hefðu verið viðhafðar.

En þá fyrst kastaði alveg tólfunum, þegar háttv. þingmaður var að tala um, að sagt væri, að bæjarfógetinn á Ísafirði hefði eigi geymt kjörgögnin nógu vel. Og hið sama er að segja um söguna, sem hann var að segja af kosningunni, sem hefði verið lagfærð aftur. Væri æskilegt, að þeir menn, sem leyfa sjer að slá slíku fram, vildu gera svo vel og færa *einhver* rök fyrir því, ella standi þeir ómerkari eftir en áður.

Jón Baldvinsson: Jeg verð að svara hv. 1. þm. Reykv. nokkrum orðum. Hann var að reyna að sanna gildi kosningarinnar á Ísafirði með því að vitna í lög, sem gilda fyrir kosningar í Reykjavík, en ekki á Ísafirði. Og skil jeg ekki í, hvernig jafnskýrum manni hefir getað dottið slík ódæmavitleysa í hug.

Um Eyjafjarðarkosninguna er það að segja, að hún er að öllu leyti ólík kosningunni á Ísafirði, því að yfirkjörstjórnin í Eyjafjarðarsýslu ógilti alla vafaseðla jafnóðum og þeir komu fram við talninguna, og fylgdi þar alveg bókstaf laganna og ljet ekkert hræra í sjer eftir á, eins og meiri hl. kjörstjórnarinnar á Ísafirði ljet gera. Í gerðabók yfirkjörstjórnarinnar á Ísafirði stendur fyrst, að Haraldur Guðmundsson hafi fengið 439 atkv., en Sigurjón Jónsson 438. En svo fer hún að hræra í vafaseðlunum og tínir úr þeim, svo að Sigurjón fái meiri hluta. Slíka vitleysu gerði yfirkjörstjórnin í Eyjafjarðarsýslu ekki, því eins og áður er sagt, hjelt hún sjer við bókstaf laganna.

Þá skal jeg taka það fram, að jeg er ekki að áfella kjörstjórnina fyrir það, þó að hún tæki gild atkvæði þeirra, sem kusu

í tveimur stöðum, því að hún hefir eigi vitað það þá. Þetta hefi jeg tekið greinilega fram áður, og hv. 1. þm. Reykv. og hv. frsm. 3. kjörbrjefadeildar eru því að hrekja ástæður, sem enginn hefir haldið fram. En það, sem jeg vildi leggja aðaláhersluna á, er, að það er óhæfa hjá þinginu, sem veit vel um þetta, ef það ógildir ekki kosninguna fyrir þessa sök. En háttv. þm. taldi, að slíkt gæti ekki komið til greina, en aftur á móti gæti verið rjett að refsa mönnunum, sem gerðu þetta. En ef þingið gerði það, verð jeg að segja, að það tæki aðra stefnu en 1919, þá er það ógilti kosninguna hjer í Reykjavík, af því að þá kusu 14 menn, sem stóðu á aukakjörskrá, en höfðu ekki allir aldur til að kjósa á kjördegi, en þetta var ekki á neinn hátt látið ganga út yfir mennina. Jeg verð nú að líta svo á, að allar röksemdir hv. 1. þm. Reykv. (JÞ), svo sem að vitna í lögin fyrir Reykjavík o. fl., „sjeu vegnar og ljettvægar fundnar". *(Aldursforseti SJ*: Þetta átti aðeins að vera stutt athugasemd, en ekki löng ræða).

Þá sný jeg mjer að hv. 1. þm. Skagf. (MG). Hann var að reyna að verja þetta athæfi yfirkjörstjórnarinnar á Ísafirði, að úrskurða ekki alla vafaseðla jafnóðum og þeir komu fram. Helstu rök hans voru þau, að hægara væri að bera seðlana saman, ef þeir væru teknir frá fyrst og ekki úrskurðaðir fyr en síðast. En þessi ástæða er lítils virði, eins og annað, sem borið hefir verið fram til rjettlætingar Ísafjarðarkosningunni, því að ekkert er hægara en að hafa seðlana fyrir framan sig og bera þá saman jafnóðum og þeir koma fram og úrskurða þá um leið, því að venjulega eru slíkir seðlar fremur fáir. Eru þetta því engin rök, heldur þvert á móti, því að í kosningahitanum, sem víða er mikill, má frekar búast við, að menn kveði upp hlutdrægari dóma eftir á en fyrirfram. Þá mintist sami hv. þm. á, að áður hefðu komið fram kosningakærur frá Ísafirði um mútur o. fl., en ekkert sannast. En slík ummæli kalla jeg furðudjörf, og skal því lesa honum upp kafla úr nál. kjörbrjefanefndar 1921, um kosningakæru frá Ísafirði 1920. Þar segir svo: „.... Hinsvegar er það upplýst við rannsóknina, að Bjarni Bjarnason ökumaður hefir heitið á menn fje til þess að kjósa Jón A. Jónsson og greitt það að einhverju leyti að kosningunni lokinni; ennfremur er það upplýst með eiðsvörnum framburði eins vitnis, að nefndur Bjarni hafi beint boðið fje í sama tilgangi. Nefndin telur, að hjer sje svo nærri höggið 114. gr. hinna almennu hegningarlaga, að ástæða sje til, að þetta sje rannsakað til hlítar."

Jeg veit nú ekki, hvað hv. þm. kallar upplýst, ef þetta er eigi nægilega upplýst, að mútur hafi verið viðhafðar. Og víst er það, að ef nú væri rannsakað til hlítar með kosninguna á Ísafirði, þá myndi eigi minna af slíku koma í ljós en við rannsóknina 1920.

Magnús Guðmundsson: Mjer skildist helst á háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), að hann áliti, að þessar mútusögur hans væru á rökum bygðar. En eins og jeg hefi áður tekið fram, leiddi rannsóknin í ljós, að þær voru tilhæfulausar. Og væri nú farið að rannsaka þetta, myndi hið sama verða uppi á teningnum, að ekkert yrði upplýst. Annars hefi jeg ekkert á móti rannsókn um þessar mútusögur, en aðeins vegna óstaðfestra sagna getur vitaskuld ekki komið til mála að ónýta kosninguna.

Jón Þorláksson: Aðeins stutt athugasemd út af því sambandi, sem hv. 2. þm.

Reykv. (JBald) virðist setja á milli hinna 14 kjósenda, sem kusu í Reykjavík 1919 og kosningin var ógilt fyrir, og kjósenda þessara á Ísafirði, sem líkur eru fyrir, að hafi kosið á tveimur stöðum. Samanburður á þeim nær engri átt, því að hinir 14 kjósendur höfðu verið teknir á aukakjörskrá, en öðluðust ekki kosningarrjett fyr en eftir kjördag, en kjörstjórnin hafði af vangá látið þá kjósa og tekið atkv. þeirra gild. Slíkur samanburður sem þessi hjá hv. þm. nær því engri átt.

ATKVGR.

Till. 3. kjörbrjefadeildar um, að gild skyldu tekin kjörbrjef þau öll, er undir hana höfðu fallið, nema kjörbrjef þm. Ísaf. (SigurjJ), samþykt með 34 shlj. atkv.

Till. 2. þm. Reykv. (JBald) um að vísa kosningakærunni frá Ísafirði til væntanlegrar kjörbrjefanefndar, til frekari rannsóknar, feld með 37:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, MT, BJ.

nei: JAJ, JK, JM, JS, JÞ, JJ, JörB, KlJ, MG, MJ, PO, PÞ, SE, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BK, EP, EÁ, GÓ, HStef, HSteins, HK, HSn, IHB, IngB, IP, JakM, JJós, JóhJóh, SJ.

Tveir þm. (BSv, BL) fjarstaddir.

Till. 3. kjörbrjefadeildar um að taka gilda kosningu þm. Ísaf. (SigurjJ) samþykt með 30:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BSt, BK, EP, EÁ, GÓ, HStef, HSteins, HSn, IHB, IngB, JakM, JJós, JóhJóh, JAJ, JK, JM, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, SJ.

nei: ÁÁ, BJ, IP, JBald, JJ, JörB, MT, SE, SvÓ.

Tveir þm. (BSv, BL) fjarstaddir.

HK greiddi ekki atkv.

Eiðar unnir.

Þá ljet aldursforseti vinna eið að stjórnarskránni þá þingmenn, er eigi höfðu áður á þingi setið, en þeir voru þessir:

Árni Jónsson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Bernharð Stefánsson,
Björn Líndal (undirritaði eiðstaf utan fundar),
Halldór Stefánsson,
Ingvar Pálmason,
Jóhann Jósefsson,
Jón Kjartansson,
Sigurjón Jónsson,
Tryggvi Þórhallsson.

Kosning forseta.

Þessu næst ljet aldursforseti ganga til kosninga á forseta sameinaðs þings.

Kosningu hlaut

Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., með 21. atkv. Einar Árnason, 1. þm. Eyf., hlaut 14 atkv., Bjarni Jónsson, þm. Dala., og Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., 1 atkv. hvor, en 3 seðlar voru auðir.

Hinn nýkjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Var því næst kosinn varaforseti sameinaðs þings.

Kosningu hlaut

Þórarinn Jónsson, þm. V.-Húnv. með 20 atkv. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., hlaut 15 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings. Hlutfallskosning var viðhöfð og bárust forseta 2 listar. Á A-lista

stóð Jón Auðunn Jónsson, en á B-lista stóð Ingólfur Bjarnarson.

Lýsti þá forseti yfir því, að þeir

Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ., og

Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.,

væru rjettkjörnir skrifarar í sameinuðu þingi.

Kjörbrjefanefnd.

Að því loknu ljet forseti kjósa kjörbrjefanefnd. Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust tveir listar. Á A-lista stóðu Jón Magnússon, Magnús Guðmundsson, Björn Líndal, en á B-lista stóðu Sveinn Ólafsson, Einar Árnason. Lýsti forseti yfir því, að þessir fimm þingmenn væru rjettkjörnir í kjörbrjefanefnd:

Jón Magnússon,
Sveinn Ólafsson,
Magnús Guðmundsson,
Einar Árnason,
Björn Líndal.

Kosning til efri deildar.

Loks voru kosnir, að viðhafðri hlutfallskosningu, átta menn kjördæmakosnir til þess að skipa efri deild ásamt landskjörnum þingmönnum.

Forseta barst einn listi, með nöfnum átta manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá rjettkjörna til efri deildar, en þeir voru þessir:

Halldór Steinsson,
Guðmundur Ólafsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Einar Árnason,
Björn Kristjánsson,
Ingvar Pálmason,
Eggert Pálsson,
Jóhann Jósefsson.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi sameinaðs þings var fyrsti fundur efri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi:

A. Landskjörnir:

1. Sigurður Eggerz, 1. landsk. þm.
2. Sigurður Jónsson, 2. landsk. þm.
3. Hjörtur Snorrason, 3. landsk. þm.
4. Jón Magnússon, 4. landsk. þm.
5. Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.
6. Ingibjörg H. Bjarnason, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakjörnir:

1. Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K.
2. Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.
3. Einar Árnason, 1. þm. Eyf.
4. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
5. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
6. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
7. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
8. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.

Elsti þingmaður deildarinnar, Sigurður Jónsson, 2. landsk. þm., tók forsetasæti og kvaddi sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Einar Árnason, 1. þm. Eyf., og Guðmund Ólafsson, þm. A.-Húnv.

Kosning forseta og skrifara.

Ljet aldursforseti því næst ganga til kosninga um forseta deildarinnar og hlaut kosningu:

Halldór Steinsson, þm. Snæf.,
með 9 atkv. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv., hlaut 5 atkv.

Hinn nýkjörni forseti gekk til forsetastóls og mælti:

Jeg leyfi mjer að þakka hv. deildarmönnum þann heiður, sem þeir hafa sýnt mjer með því að endurkjósa mig sem forseta í þessari hv. deild, og vona jeg, að samvinna milli mín og hv. deildarmanna megi verða jafnlipur og ljett nú og hún var á síðasta þingi.

Þá ljet forseti ganga til kosninga um fyrri varaforseta.

Kosningu hlaut:

Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.,
með 8 atkv. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv., hlaut 6 atkv.

Því næst ljet forseti fara fram kosningu annars varaforseta, og hlaut kosningu:

Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K.,
með 7. atkv. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., hlaut 4 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Tveir listar komu fram, með einu nafni á hvorum, eða jafnmörgum og kjósa átti. Lýsti forseti þá því rjettkjörna skrifara deildarinnar, en þeir voru þessir:

Hjörtur Snorrason, 3. landsk. þm., og
Einar Árnason, 1. þm. Eyf.

Sætaskipun.

Forseti gat þess, að hluta skyldi nú samkvæmt þingsköpunum um sæti deildarmanna, annara en forseta, skrifara og ráðherra. Óskir komu fram frá deildarmönnum um, að þeir mættu halda þeim

sætum, er þeir hefðu tekið sjer, þá er þeir komu inn í deildarsalinn.

Til þess að bera þá till. upp, leitaði forseti leyfis til afbrigða frá þingsköpunum og voru þau leyfð og samþ. í e. hlj. og till. um, að sú skyldi vera sætaskipun, er að framan greinir, síðan samþykt í e. hlj. En deildarmenn höfðu tekið sjer sæti sem hjer segir:

4. sæti Ingibjörg H. Bjarnason.
5. — Jón Magnússon.
6. — Jóhannes Jóhannesson.
7. — Eggert Pálsson.
8. — Björn Kristjánsson.
10. — Jóhann Jósefsson.
11. — Ingvar Pálmason.
12. — Sigurður Jónsson.
13. — Jónas Jónsson.
14. — Guðmundur Ólafsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, mánudaginn 18. febr., voru kosnar fastanefndir samkvæmt 16. gr. þingskapanna.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu hverrar nefndar tveir listar, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Kosning í allar nefndir fór því fram án atkvgr.

Kosnir voru í nefndirnar:

1. Fjárhagsnefnd.

Jón Magnússon, Björn Kristjánsson,	Af A-lista.
Ingvar Pálmason.	— B- —

2. Fjárveitinganefnd.

Jóhannes Jóhannesson, Ingibjörg H. Bjarnason, Hjörtur Snorrason,	Af A-lista.
Einar Árnason, Guðmundur Ólafsson.	Af B-lista.

3. Samgöngumálanefnd.

Eggert Pálsson, Jóhann Jósefsson, Hjörtur Snorrason,	Af A-lista.
Einar Árnason, Guðmundur Ólafsson.	— B- —

4. Landbúnaðarnefnd.

Hjörtur Snorrason, Eggert Pálsson,	Af A-lista.
Sigurður Jónsson.	— B- —

5. Sjávarútvegsnefnd.

Björn Kristjánsson, Jóhann Jósefsson,	Af A-lista.
Ingvar Pálmason.	— B- —

6. Mentamálanefnd.

Ingibjörg H. Bjarnason, Jón Magnússon,	Af A-lista.
Jónas Jónsson.	— B- —

7. Allsherjarnefnd.

Jón Magnússon, Eggert Pálsson,	Af A-lista.
Jónas Jónsson.	— B- —

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Á sama fundi mælti

forsætisráðherra (SE): Jeg skal leyfa mjer að leggja fyrir háttv. deild þessi stjórnarfrumvörp:

1. Frv. til laga um breyting á 182. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.
2. — til laga um blöndun ilmvatna o. fl. með kolokvintextrakt.

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Fyrir hönd atvinnumálaráðuneytisins hefi jeg þann heiður að leggja fyrir þessa háttv. deild þessi þrjú stjórnarfrumvörp:

1. Frv. til laga um mælitæki og vogaráhöld.
2. — til vegalaga.
3. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir.

Á 8. fundi deildarinnar, föstudaginn 29. febr., mælti

forsætisráðherra (SE): Jeg skal leyfa mjer að leggja fyrir þessa háttv. deild:

Frv. til laga um nauðasamninga.

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum á 1. fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Ágúst Flygenring, 1. þm. G.-K.
2. Árni Jónsson, 2. þm. N.-M.
3. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
4. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
5. Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.
6. Bjarni Jónsson, þm. Dala.
7. Björn Líndal, þm. Ak.
8. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
9. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
10. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
11. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
12. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
13. Jón Baldvinsson, 2. þm. Reykv.
14. Jón Kjartansson, þm. V.-Sk.
15. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
16. Jón Þorláksson, 1. þm. Reykv.
17. Jörundur Brynjólfsson, 2. þm. Árn.
18. Klemens Jónsson, 2 þm. Rang.
19. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
20. Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.
21. Magnús Torfason, 1. þm. Árn.
22. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
23. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
24. Sigurjón Jónsson, þm. Ísaf.
25. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
26. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
27. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
28. Þórarinn Jónsson, þm. V.-Húnv.

Fjarstaddir voru sökum veikinda Benedikt Sveinsson og Björn Líndal.

Forsætisráðherra kvaddi elsta þingmann deildarinnar, Klemens Jónsson, 2. þm. Rang., til að stýra kosningu forseta deildarinnar. Aldursforseti tók við fundarstjórn og kvaddi sjer til aðstoðar sem skrifara Jón Auðun Jónsson, þm. N.-Ísf., og Ingólf Bjarnarson, þm. S.-Þ.

Kosning forseta og skrifara.

Var þá gengið til forsetakosningar.

Kosningu hlaut

Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.,

með 15 atkv. — Þorleifur Jónsson hlaut 10 atkv.

Þar sem hinn nýkjörni forseti var ekki viðstaddur fundinn, stýrði aldursforseti (KlJ) einnig kosningu fyrri varaforseta.

Kosningu hlaut:

Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.,

með 14 atkv. — Pjetur Þórðarson fjekk 9 atkv., Þorleifur Jónsson 2, en 1 seðill var auður.

Fyrri varaforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Þessu næst fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Pjetur Ottesen, þm. Borgf.,

með 13 atkv. — Jörundur Brynjólfsson fjekk 10 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Þá var gengið til kosninga á skrifurum deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, er forseti merkti A og B. Á A-lista stóð Tryggvi Þórhallsson, en á B-lista Magnús Jónsson.

Kosnir voru því án atkvgr.:
Tryggvi Þórhallsson, þm. Str., og
Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.

Sætaskipun.

Að lokinni kosningu embættismanna hlutuðu deildarmenn um sæti, og fjell hlutur á þann veg, að

5. sæti hlaut Jakob Möller,
6. — — Bernharð Stefánsson,
7. — — Magnús Torfason,
8. — — Jón Kjartansson,
10. — — Ágúst Flygenring,
11. — — Þórarinn Jónsson,
12. — — Jón Baldvinsson,
13. — — Árni Jónsson,
14. — — Þorleifur Jónsson,
15. — — Halldór Stefánsson,
16. — — Bjarni Jónsson,
17. — — Pjetur Ottesen,
18. — — Hákon Kristófersson,
19. — — Jón Sigurðsson,
20. — — Ingólfur Bjarnarson,
21. — — Pjetur Þórðarson,
22. — — Magnús Guðmundsson,
23. — — Jörundur Brynjólfsson,
24. — — Sigurjón Jónsson,
25. — — Jón Þorláksson,
26. — — Ásgeir Ásgeirsson,
27. — — Jón Auðunn Jónsson og
28. — — Sveinn Ólafsson.

9. sæti var dregið fyrir Björn Líndal.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, mánudaginn 18. febr., fór fram kosning fastanefnda samkv. 16. gr. þingskapanna.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu hverrar nefndar tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Kosning í allar nefndir fór því fram án atkvgr.

Kosnir voru í nefndirnar:

1. Fjárhagsnefnd.

Jörundur Brynjólfsson, Halldór Stefánsson,	Af A-lista.
Jón Þorláksson, Jón Auðunn Jónsson, Jakob Möller.	— B- —

2. Fjárveitinganefnd.

Þorleifur Jónsson, Ingólfur Bjarnarson, Tryggvi Þórhallsson,	Af A-lista.
Þórarinn Jónsson, Jón Sigurðsson, Pjetur Ottesen, Magnús Guðmundsson.	— B- —

3. Samgöngumálanefnd.

Till. kom fram um það að kjósa 7 menn í nefndina. Afbrigði um það leyfð af ráðherra, en feld af deildinni með 12 : 7 atkv.

Kosnir voru í nefndina:

Sveinn Ólafsson, Pjetur Þórðarson,	Af A-lista.
Jón Auðunn Jónsson, Hákon Kristófersson, Árni Jónsson.	— B- —

4. Landbúnaðarnefnd.

Hákon Kristófersson, Árni Jónsson, Björn Líndal,	Af A-lista.
Pjetur Þórðarson, Halldór Stefánsson.	— B- —

5. Sjávarútvegsnefnd.

Ásgeir Ásgeirsson, Jón Baldvinsson,	Af A-lista.
Sigurjón Jónsson, Ágúst Flygenring, Björn Líndal.	— B- —

6. Mentamálanefnd.

Magnús Jónsson,
Sigurjón Jónsson,
Jón Kjartansson, } Af A-lista.
Bernharð Stefánsson,
Ásgeir Ásgeirsson. } — B- —

7. Allsherjarnefnd.

Jón Þorláksson,
Jón Kjartansson,
Magnús Jónsson, } Af A-lista.
Jörundur Brynjólfsson,
Jón Baldvinsson. } — B- —

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Á sama fundi mælti

forsætisráðherra (SE): Jeg hefi þann heiður að leggja fyrir háttv. þingdeild þessi frv. f. h. dóms- og kirkjumálaráðuneytisins:

1. Frv. til laga um yfirstjórn og umsjón fræðslumála.
2. — til laga um breytingar á lögum um skipun barnakennara og laun þeirra, frá 28. nóv. 1919, nr. 75.
3. — til laga um breytingar á 3. og 4. gr. í lögum frá 22. nóv. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík.
4. — til laga um fræðslu barna.
5. — til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.
6. — til laga um sameining yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.
7. — til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.
8. — til laga um gjald af hálfu lyfsala vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðunum o. fl.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg hefi þann heiður að leggja fram fyrir háttv. deild, f. h. atvinnu og samgöngumálaráðuneytisins, þessi tvö lagafrumvörp:

1. Frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi.
2. — til hjúalaga.

Enn fremur leyfi jeg mjer að leggja fram f. h. fjármálaráðuneytisins þessi frv.:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1925.
2. — til laga um samþykt á landsreikningnum 1922.
3. — til fjáraukalaga fyrir árið 1922.
4. — til laga um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald.

Á 8. fundi deildarinnar, þriðjudaginn 26. febr., mælti

atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir þessa háttv. deild eftirtalin frumvörp:

A. Af hálfu atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins:

Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita undanþágu frá ákvæðum laga nr. 47, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum um útflutning hrossa, 22. nóv. 1907.

B. Af hálfu fjármálaráðuneytisins:

1. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisauka.
2. — til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Á 21. fundi deildarinnar, miðvikudaginn 12. mars, mælti

atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg nýt þess heiðurs að leggja hjer með fram fyrir þessa háttv. deild af hálfu fjármálaráðuneytisins:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

Lagafrumvörp samþykt.

1. Fjárlög 1925.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1925 (stjfrv., A. 1).

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (KlJ): Um leið og jeg legg þetta frumvarp fyrir hv. deild mun það þykja tilhlýðilegt, að jeg fylgi því úr hlaði með nokkrum orðum.

Fjárlagafrv. fyrir 1925 er aðallega bygt á útkomu ársins 1922, því að það var samið fyrir áramót 1924, og því ómögulegt að nota árið 1923 nema aðeins til hliðsjónar, útkomuna 9 mánuði ársins. Eitthvað lítið mundi tekjuhliðin hafa breyst, ef fullkomin uppgerð fyrir alt árið hefði legið fyrir hendi, er frumvarpið var samið, eins og síðar verður drepið á.

Það er ógerningur að semja fjárlagafrumvarp, sem á nokkru viti sje bygt, án þess að taka tillit til útkomunnar undanfarin ár. Hvað langt eigi að fara aftur í tímann, getur verið álitamál; mjer hefir fundist nægilegt að fara aftur til 1920, og það kemur þá þegar í ljós, að öll árin síðan hefir verið tekjuhalli árlega og hann gífurlegur. Þegar jeg fór, í sambandi við frv., sem verður lagt fyrir þingið innan fárra daga, að athuga þetta mál, taldist mjer svo til, að árið 1920 hefði hann numið 2½ miljón, árið 1921 rúmum 2 miljónum og 1922 tæpum 2 miljónum, eða alls á 3 árum um 6½ miljón. En jeg trúði ekki þessu og fór að rannsaka málið á ný, og fanst þá, að draga mætti frá ýmsar upphæðir, afborgun á lánum einkum, en lengra niður en í undir 4 miljónir komst jeg þó ekki. En nú hefir háttv. 1. þm. Reykv. (JÞ), sem ítarlega hefir rannsakað alt fjárhagsástandið, komist að þeirri niðurstöðu, að tekjuhallinn væri enn meiri en jeg hafði í fyrstu áætlað hann, nefnilega árið 1920 2,2 miljón, 1921 2,6 og 1922 2,6 eða alls 7,4 miljón, tæpri miljón hærra en jeg hafði áætlað, og vil jeg alls ekki vefengja þær tölur, en hvaða tölur, sem teknar eru, þá er þetta gífurlegur tekjuhalli; þar við bætist svo halli á árinu 1923, 1 miljón 381 þús. kr. Hann er það eftir bráðabirgðaskýrslum, og jeg býst ekki við, að hann verði minni. Tekjuhallinn þessi ár er því 5½ miljón til 8½ miljón, eftir því hvaða tölur maður tekur. Það sjá allir, að þetta getur ekki gengið til lengdar; það hlýtur að leiða til gjaldþrots innan skams. Um það geta ekki verið skiftar skoðanir, svo að óþarft virðist að fjölyrða frekar um það.

Þegar jeg tók við fjármálaráðherraembætti seint í apríl í fyrra, var mjer það ljóst, að fjárhagurinn var mjög bágborinn, en að hann væri jafnslæmur og hann var í raun og veru, hafði jeg enga hugmynd um þá; annars hefði jeg vissulega ekki tekið í mál að takast það embætti á hendur. Þegar svo þinginu um sama leyti tókst að fá vilja sínum framgengt um það, að stjórnin legði fyrir frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1923, sem aldrei skyldi verið hafa, lýsti jeg fjárhag landsins nokkuð og taldi það óhugsandi að komast af án þess að taka lán, og það hefir reynst nauðsynlegt til bráðabirgða, því oft hefir verið örðugt að komast yfir mánaðamót, og mun það að vísu hafa komið fyrir áður, en samt hefi jeg oft um mánaðamót hugsað um, hvað Árni gamli landfógeti hefði sagt um það að hafa ef til vill einar 20—30 þúsund kr. í sjóði, þegar fyrstu dagar mánaðarins voru liðnir. Hann, sem ekki var vel rólegur nema hann hefði yfir 100 þús. kr. minst í sjóði, og þó hljóðuðu fjárlögin þá varla upp á meira en á aðra miljón króna árlega.

Aðalhjálpin á þrengslatímunum kom frá Landsverslun, því að hún greiddi 435 þús. kr. meira en áætlað var. Það var skuld, sem ríkissjóður átti og varð að nota sem eyðslueyri, í stað þess að nota það til afborgana á sínum eigin lánum. Þegar mjer var orðið ljóst, eftir miðjan júní, hvernig ástandið var í raun og veru, ákvað jeg að draga úr öllum verklegum framkvæmdum, að svo miklu leyti, sem það var hægt, en það munaði ekki að verulegu ráði, bæði af því, að þá var þegar búið að vinna mikið, sumstaðar nálega alt, sem vinna þurfti, og annarsstaðar var ekki hægt að hætta alt í einu, nema með stórskaða. Þar við bættist svo, að verkamenn höfðu sumstaðar reitt sig á að hafa þessa vinnu alt sumarið og hafnað annari vinnu, t. a. m. kaupavinnu. Lá því ekki annað fyrir en sultur og eymd, ef tekið væri alveg fyrir vinnuna, og því neyddist jeg til að láta vinna meira en jeg hafði til ætlast, einkum við Flóaáveituna. Sparnaðurinn við þessar ráðstafanir varð því 1923 ekki eins mikill og hann hefði getað orðið, ef til þeirra hefði verið gripið fyr. En það tekur altaf nokkurn tíma að setja sig alveg inn í fjárhag landsins, og það jafnvel fyrir mann honum kunnugan, eins og jeg þykist vera.

Aftur á móti gerði jeg í haust ráðstafanir til, að engar símalínur yrðu bygðar á þessu ári samkv. heimild í 13. gr. D. III. núgildandi fjárlaga, og að því er vegagerðir snertir, þá er það samkomulag milli mín og vegamálastjóra, að mjög lítið verði unnið í sumar að framhaldsbyggingu flutningabrauta og þjóðvega, en nauðsynlegt viðhald er óhjákvæmilegt, og það verður framkvæmt. Fyrir þessar ráðstafanir ætti því að sparast talsvert fje á þessu ári og tekjuafgangur að verða á fjárlögunum 1924, ef tekjuáætlunin reynist nokkurn veginn ábyggileg. Auk þess geri jeg auðvitað ráð fyrir, að þau verk, sem heimilt er að vinna samkvæmt sjerstökum lögum, verði ekki framkvæmd í ár. Þau átti að framkvæma fyrir lánsfje, en það fje var þegar fyrir löngu, fyrir tveim árum, uppgengið þegar núverandi stjórn tók við. Á jeg hjer sjerstaklega við Flóaáveituna.

Með þetta ástand fyrir augunum, sem jeg hefi nú lýst, samdi jeg frumvarpið fyrir 1925 með talsverðum tekjuafgangi.

Jeg hefi talið það eina skilyrðið fyrir því, að geta komist á rjettan kjöl aftur, að fjárlögin verði ekki einungis tekjuhallalaus, heldur með talsverðum tekjuafgangi. Þessu verður náð með því tvennu, að tekjuhliðin sje áætluð svo varlega, að full vissa sje fyrir því, að tekjurnar komi inn, og hinu, að dregið sje úr útgjöldunum sem mest má verða. Þegar þess er nú gætt, að tekjurnar eru áætlaðar 7,« milj., að þar frá dragast tæpar 2 miljónir til afborgana og vaxtagreiðslu af lánum ríkisins, að flestar útgjaldagreinar fjárlaganna eru lögboðin gjöld, embættislaun eða útgjöld til stofnana, spítala o. s. frv., þá er auðsætt, að það eitt er hægt að spara, sem ekki er beinlínis fyrirskipað í lögum að greiða, en það verða þá aðallega verklegar framkvæmdir, vegagerðir, símalagningar og þessháttar, enda munar mest um það.

Þótt það hafi verið mjer sárnauðugt að leggja niður allar slíkar framkvæmdir, þá hefi jeg ekki sjeð annars kost, eins og frumvarpið ber með sjer. Jeg hefi slept gersamlega öllum verklegum framkvæmdum árið 1925, en nauðsynlegu viðhaldi hefir ekki þótt hlýða að sleppa. Þær einu verulegu verklegar framkvæmdir, sem eftir frv. geta þá orðið, verða Búnaðarfjelagið og Fiskifjelagið að annast, og er þó klipið af tillagi til þeirra fjelaga.

Jeg skal fúslega játa það, að auðvelt hefði verið að strika alveg út ýmsa bitlinga og styrki í 15. gr., því þar hafa staðið árum saman styrkir, sem vissulega var ekki upphaflega ætlast til, að stæðu til langframa, en það er hvorttveggja, að niðurfelling slíkra bitlinga hefir ekki mikinn sparnað í för með sjer og að erfitt er að vinsa úr, hverjir megi fjúka og hverjir standa. Þess vegna hefi jeg lítið hróflað við þeim, en mun sem þingmaður greiða atkvæði með hverri þeirri breytingartillögu, sem miðar til þess að minka eða fella það, sem jeg kalla bitlinga.

Jeg skal því næst eins og venja er til gefa yfirlit yfir útkomu ársins 1923. Það er auðvitað aðeins bráðabirgðauppgerð, bygð á upplýsingum frá innheimtumönnum ríkissjóðs. Hún getur auðvitað ekki verið alveg nákvæm, en það ætti aldrei að muna miklu:

Tekjur.	Áætlun	Reikningur	
	Kr.	Kr.	Kr.
Fasteignaskattur	210000,00	225051,00	
Tekju- og eignarskattur	900000,00	884967,00	
Aukatekjur	250000,00	296612,00	
Erfðafjárskattur	55000,00	43900,00	
Vitagjald	150000,00	196097,00	
Leyfisbrjefagjöld	10000,00	14282,00	
Útflutningsgjald	600000,00	863448,00	
Flyt	2175000,00	2524357,00	

Tekjur	Áætlun	Reikningur	
	Kr.	Kr.	Kr.
Flutt	2175000,00	2524357,00	
Áfengistollur	250000,00	471905,00	
Tóbakstollur	500000,00	429758,00	
Kaffi- og sykurtollur	800000,00	811372,00	
Vörutollur	1000000,00	1052101,00	
Annað aðflutningsgjald	60000,00	110986,00	
Gjald af konfekt og brjóstsykursgerð ..	20000,00	16000,00	
Stimpilgjald	500000,00	321810,00	
Lestagjald af skipum	40000,00	36600,00	
Pósttekjur	400000,00	386258,00	
Símatekjur	1075000,00	1036000,00	
Tóbakseinkasala	200000,00	200000,00	
Skólagjöld	5000,00	7200,00	7404347,00
Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs	30000,00	ca 45000,00	
Tekjur af kirkjum	50,00	»	
Tekjur af silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli	10000,00	10000,00	
Tekjur af skipum	150000,00	181846,00	236846,00
Tekjur af bönkum	250000,00	52153,00	
Tekjur af Ræktunarsjóði	20000,00	24948,00	
Vextir af bankavaxtabrjefum samkvæmt lögum nr. 14, 1909	40000,00	34204,00	
Væntanlega útdregið af þeim brjefum ..	15000,00	35900,00	
Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands	6000,00	»	
Vextir af innstæðum í bönkum	5000,00	5129,00	
Greiðslur frá Landsversluninni	240000,00	675000,00	827334,00
Óvissar tekjur	20000,00	97951,00	
Endurgreidd skyndilán til embættismanna	400,00	»	
Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur	2000,00	5607,00	103558,00
Tekjur af áfengisversluninni	»	280000,00	
Skiftimynt	»	106200,00	386200,00
Tekjuhalli			1381296,00
Kr.	7813450,00		10339581,00

Gjöld.	Áætlun	Reikningar	
	Kr.	Kr.	Kr.
Greiðslur af lánum ríkissjóðs:			
Vextir	729400,41	1000352,00	
Afborganir	879913,54	948904,00	
Framlag til Landsbankans	100000,00	100000,00	2049256,00
Borðfje konungs	60000,00	»	60000,00
Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga	223000,00	»	246274,00
Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.	182280,00	180699,00	
Hagstofan	47800,00	46300,00	
Sendiherra, utanríkismál og ríkisráðskostnaður	67500,00	75610,00	302609,00
Dómgæsla og lögreglustjórn	439820,00	379804,00	
Ýmisleg gjöld	163600,00	314436,00	694240,00
Læknaskipunin	695556,00	»	644992,00
Póstmál	422900,00	421839,00	
Vegabætur	330940,00	383856,00	
Samgöngur á sjó	300000,00	247900,00	
Hraðskeyta- og talsímasamband	766100,00	1066000,00	
Vitamál	120600,00	159893,00	2279488,00
Andlega stjettin	295308,28	379233,00	
Kenslumál	1009880,00	947014,00	1326247,00
Til vísinda, bókmenta og lista	219150,00	»	206626,00
Til verklegra fyrirtækja	561920,00	»	505977,00
Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	4000,00	»	»
Eftirlaun og styrktarfje	202660,99	»	178008,00
Óviss útgjöld	100000,00	»	128399,00
Fjárgreiðslur samkv. lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum	»	»	1503465,00
Gengismunur á greiðslum erlendis áætlað	»	»	214000,00
Kr.	7922329,22	»	10339581,00

Sje nú þetta yfirlit athugað, þá kemur það í ljós, að þessir tekjuliðir í 2. gr. hafa farið fram úr áætlun: Vitagjald um 46 þús. krónur, útflutningsgjald um 263 þús. krónur, áfengistollur um 222 þúsund kr., vörutollur um 52 þús. kr. og annað aðflutningsgjald um 50 þús. kr.; alls hækkun á þessum liðum 633 þús. kr. Hinsvegar hafa þessir liðir orðið undir áætlun: Tóbakstollur um 70 þús. kr.,

stimpilgjald 179 þús. kr., símatekjur 39 þús. kr.; alls lækkun á þessum liðum 288 þús. kr. Aðrir liðir hafa reynst nokkuð svipaðir áætlun. Allar tekjur eftir 2. gr. fjárlaganna voru áætlaðar 7025 þús. kr., en reyndust eftir þessari bráðabirgðauppgerð 7404 þús. kr., svo að því leytinu er útkoman góð. Tekjur eftir 3. gr. hafa farið lítið eitt fram úr áætlun. Um 4. gr. er það að segja, að þar voru tekjur af bönkum áætlaðar 250 þús. kr., en reyndust aðeins 52 þús. kr. Aftur á móti voru greiðslur af Landsverslun áætlaðar 240 þús. kr., en urðu 675 þús. kr.; þar af má telja um 50 þús. kr. hagnað af steinolíuversluninni. Verður því útkoman eftir þessari grein 827 þús. kr., í stað 576 þús. kr. eftir fjárlögunum. Loks skal jeg geta þess, að tekjur af áfengisverslun hafa orðið 280 þús. kr. og innborgað er í skiftimynt liðugar 106 þús. kr.

Að því er útgjöldin snertir, þá hafa þessir liðir farið fram úr áætlun: Vextir af lánum áætlaðir 729 þús. kr., urðu full miljón. Er það vafalaust gengislækkuninni að kenna, að því er útlend lán snertir. Alþingiskostnaður áætlaður 227 þús. kr., varð 246 þús. Gefur þetta mjer tilefni til þess að beina þeirri ósk til hæstv. forseta að viðhafa alla sparneytni. Væri það gott til eftirdæmis, ef þingið og þingmenn gengju á undan öðrum með allskonar sparnaði, enda er jeg sannfærður um, að það má spara á ýmsum liðum við alþingishaldið. Ýmisleg gjöld 11. gr. B. áætluð 163 þús. kr., en urðu 314 þús. kr., eða nærri tvöfalt hærri en áætlað. Það var vitanlegt, að þessi gjöld mundu reynast alt of lág. Á þessum lið er burðareyrir og embættisskeyti, sem altaf eru of lágt áætluð, og landhelgisgæsla, sem var mjög aukin í fyrra eftir ósk landsbúa. Vegabætur hafa farið liðugar 53 þús. kr. fram úr áætlun og hraðskeyta- og talsímasamband 300 þús. fram úr áætlun. Jeg skal strax skýra frá því, hvernig á því stendur. Árið 1922 var veitt til ákveðinna símalína 167 þús. kr., en á því ári voru keyptir staurar í þær fyrir 40 þús. kr., en afgangurinn, 127 þús. kr., var notaður og borgaður út 1923. Í fjárlögunum 1923 voru veittar til bæjarsímans í Reykjavík 68 þús. kr. til starfrækslunnar, en þar að auki var notað til stækkunar kerfisins hjer, jarðsíma, miðstöðvarborðs og áhalda, um 100 þús. kr.; það sem er umfram, um 70 þús. kr., gekk til flutnings stöðvarinnar á Akureyri (10 þús. kr.) og til viðbóta og viðhalds stöðvanna. Kostnaður við vitamál fór tæpar 40 þús. kr. fram úr áætlun. Gjöld til andlegu stjettarinnar (14. gr. A.) fór 84 þús. kr. fram úr áætlun. Loks urðu greiðslur samkvæmt lögum (Flóaáveitan), fjáraukalögum og þingsályktunum 1½ miljón kr., eða rúmlega tekjuhallinn á árinu.

Það sjest á þessu yfirliti, að árið 1923 hefði borið sig og vel það, ef ekki hefði þurft að greiða af tekjum ársins stórar upphæðir samkvæmt sjerstökum lögum, sem nota átti lán til, og ef fjáraukalögin fyrir 1923 hefðu aldrei komið fram.

Jeg gat þess áðan, að tekjuhliðin í fjárlagafrv. 1925 væri bygð á afkomunni 1922, en eftir að nú er búið að fá yfirlit yfir tekjurnar 1923, vil jeg athuga, hvort tekjuhliðin 1925 muni reynast ábyggileg samkv. útkomunni 1923.

Það sjest fljótlega, að yfirleitt munu tekjurnar vera sæmilega varlega áætlaðar. Þó eru einstakir liðir, sem jeg vafalaust hefði áætlað lægri, t. a. m. reyndust aukatekjur árið 1923 296 þús. kr., en eru hjer áætlaðar 300 þús. kr., og er það fullhátt;

þótt þessi tekjugrein sje reyndar æðióviss og flögrandi, fer mikið eftir árferðinu. Sama má segja um kaffi- og sykurtollinn, að hann er fullhátt settur í samanburði við afkomuna 1923, en einkum á þetta þó við vörutollinn. Hann varð einungis 1 milj. 62 þús. 1923, en er áætlaður nærri 200 þús. kr. hærri í fjárlagafrv. 1925. Jeg skýt því til fjárveitinganefndar að athuga sjerstaklega þennan lið gaumgæfilega. Aftur á móti kynni einhverjum að virðast, sem útflutningsgjaldið sje óþarflega varlega áætlað, þar sem það reyndist 1923 163 þús. kr. hærra en ráðgert er eftir fjárlagafrv. En af öllum tollum er þetta gjald einmitt hið allra óvissasta, svo að jeg álít ógerning að raska við því. Aftur á móti er jeg ekki frá því, að áfengistoll og tóbakstoll mætti hækka eitthvað lítillega, miðað við útkomuna 1923.

Jeg hygg því, að af þessu yfirliti hljóti öllum að vera það ljóst, að hafi ekki fyr verið þörf á að spara, þá sje það þó nauðsynlegt nú, já, alveg lífsskilyrði; en það má þá ekki vera aðeins í orði, heldur líka á borði, og þessi sparnaður ætti einkum að koma fram í fækkun embætta, sem vissulega má víða við koma, ef nokkur alvara lægi bak við alt sparnaðarhjalið.

En hvernig eru þá framtíðarhorfurnar yfirleitt, og sjerstaklega ef nú er gengið alvarlega inn á sparnaðarbrautina? Jeg verð að segja það, að jeg hefi altaf verið fremur bjartsýnn en hið gagnstæða. Árið sem leið var fremur gott bæði til lands og sjávar víðast um landið, og tekjurnar reyndust yfirleitt fyllilega eins og áætlað var. Það voru útgjöldin, sem voru og urðu alt of mikil. Nú er útlitið langt frá slæmt. Veturinn hefir verið mjög góður, að minsta kosti hjer sunnanlands, og útlit með fisksölu ágætt. Það er mikil eftirspurn eftir fiski og er þegar búið að selja mikið af honum fyrirfram fyrir ágætt verð. Hinsvegar hefir ekki enn tekist að fá neina lagfæringu á hinum gífurlega kjöttolli, sem Norðmenn hafa skelt á okkur. Það hefir ekki skort góð orð og fögur loforð af þeirra hálfu, en það hefir enn þá orðið minna úr efndunum. Nú er þó komið svo langt, að frumvarp um einhverja ívilnun verður lagt fyrir Stórþingið nú næstu daga, en hvert innihald þess er, eða hvort það er einhverjum skilyrðum bundið, er með öllu ókunnugt um enn. Verði þetta mál lagfært innan skamms, er þungri byrði ljett af þjóðinni.

Það sem þá amar oss mest nú, er hið sífallandi gildi íslenskrar krónu og hið hraða fall hennar, sem orsakar dýrtíð í landinu á mjög tilfinnanlegan hátt. Útgjöld ríkisins hækka við verðfallið á flestum sviðum, sumpart beinlínis með afborgunum og vaxtagreiðslu á erlendum lánum. Þó vjer borgum miljón af árlega, þá lækkar krónan svo til næstu afborgunar, að skuldin er nálega sama eftir sem áður, og þar sem áður nægði t. a. m. 1000 kr. til vaxtagreiðslu erlendis, þarf nú nálega tvöfalda upphæð. Sumpart kemur þetta óbeinlínis fram við það, að flest innanlandsgjöld hækka vegna hækkandi vöruverðs, sem aftur er bein afleiðing af verðfalli krónunnar, t. a. m. dýrtíðaruppbót á launum embættismanna, starfsmanna og verkamanna, aukinn rekstrarkostnaður opinberra stofnana og fyrirtækja m. m. Margir hafa spurt um, hvernig á þessari miklu gengislækkun standi, og því hefir verið svarað á ýmsa leið.

Jeg skal til upplýsingar um það taka fyrst fram, hvað sambandsþjóð vor, Danir, segja um þetta efni. Þegar danska krónan fór að falla í verði, var fundur haldinn í Kaupmannahöfn á síðastliðnu ári til þess að ræða um verðfall krónunn-

ar. Fundurinn var skipaður fulltrúum fyrir ríkisstjórnina, bankana, atvinnuvegi, þjóðhagsvísindi o. s. frv.; yfir höfuð völdustu mönnum í Danmörku. Fundurinn lauk störfum sínum í byrjun nóvember og kom þá fram með álit sitt og tillögur, sem samþyktar voru í einu hljóði nema af 3 fulltrúum landbúnaðarins og einum ráðherra, sem stöðu sinnar vegna vildi ekki binda sig og stjórnina fyrirfram í málinu.

Fundurinn komst að þeirri niðurstöðu, að ástæðurnar til verðfallsins væru tvær.

1. Svonefnd „Inflation", þ. e. of mikil seðlaútgáfa af peningaseðlum, án þess að vera gulltrygðir eða eftir að þeir hættu að vera það. Slík aukning seðlaumferðarinnar örvar löngun einstaklinganna til að kaupa, og þar með eyðslusemina hjá einstaklingum, sveitarstjórnum og þeim, sem með fjárveitingarvaldið fara.

2. Svokallaður „negativ" verslunarjöfnuður, þ. e. meiri innflutningur erlendra vara en útflutningur innlendra framleiðsluvara.

Þessar ástæður taldi fundurinn aðalástæður, þótt þær kynnu að vera fleiri. Til þess að halda uppi genginu kom fundurinn fram með þá aðaltillögu, að koma upp gengisjöfnunarsjóði að upphæð 5 milj. sterlingspunda. Átti að nota hann til þess með kaupum og sölum á erlendri mynt á hentugum tímum að koma í veg fyrir óeðlilega gengisbreytingu vegna brasks (spekulationar). Þessi tillaga var samþykt og lánið var tekið í Englandi, en um sama leyti og það var tekið var leiðandi grein um þessa lántöku í heimsblaðinu Times, og því spáð þar, að þetta ráð myndi eigi einhlítt, og það hefir líka komið á daginn. Danska krónan hefir hríðfallið síðan, einkum nú síðustu vikurnar, og ⅔ hlutar lánsins eru að sögn nú alveg glataðir, en hvort það sje rjett, þori jeg ekki að fullyrða. Álit og tillögur um málið eru í blaðinu Börsen 2. nóvember f. á.

Mundu nú ekki vera sömu ástæðurnar hjer? Jú, vissulega. Þegar Íslandsbanki var stofnaður, var þjóðbankinn danski beðinn um álit sitt um, hve mikla seðlaupphæð þyrfti hjer í landi. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að 30 kr. á mann yrði að teljast hæfilegt. Á þessu var svo bygt, að bankanum var leyft að gefa út 2½ miljón auk þeirra ½ miljónar, sem Landsbankanum var heimilt að gefa út, það voru liðlega 30 kr. á mann. En hefir þessari eðlilegu seðlaútgáfu verið haldið? Nei, óekki. Eðlilega gat þessi seðlaútgáfa ekki haldist eftir því sem viðskiftin jukust, en seðlafúlgan reyndist lengi nægileg. 1914, tíu árum eftir stofnun bankans, var hún mest 2,2 milj. auk ¾ milj. Landsbankaseðla, altsvo enn normal. 1915 komst hún upp í 3,8 milj., 1916 upp í 5,2 milj. Þá byrjar braskið. Hærra mátti hún tæplega fara. 1917 er hún 5,4 milj., eða svipuð og áður. 1918 er hún 7,2 milj., hæst, en 1919 kastar fyrst tólfunum, þá er hún 11,1 milj., eða um 110 kr. á mann. Þetta er regluleg „Inflation", og það er enginn vafi á, að þarna er aðaluppsprettan að öllu okkar núverandi peningaóláni. Þá var hverjum sem vildi veitt stórlán til allskonar brasks, og þegar seðlahrúgan var þrotin, var óðara bætt við miljón ofan á miljón. Nú er aftur farið að draga inn seðlana, og 1. febr. voru liðugar 5 milj. úti af Íslandsbankaseðlum, auk Landsbanka, og getur það ekki talist óhæfilegt. Við erum í þessu atriði áreiðanlega á góðri leið og komnir langt áleiðis á henni.

Önnur aðalástæðan er líka hjer til, nefnilega sú, að miklu meira hefir verið flutt inn af útlendri vöru en af innlendri út. Væri verslunarjöfnuður eða meira út-

flutt en innflutt, mundi krónan halda sínu gildi og jafnvel stíga. Það er enginn vafi á því, að gengishallinn stafar mikið eða mest af því, að svo fór eftir stríðið, að útfluttar vörur úr landinu nægðu ekki til þess að borga innfluttar vörur (þar á meðal skip) og afborganir og vexti af lánum, sem tekin höfðu verið utanlands. Á árunum 1909—1918 átti Íslandsbanki vaxandi innieign í bönkum erlendis um hver áramót, og í árslok 1918 var innieign bankans erlendis tæpar 6 miljónir, sem var óbreytt 30. júní 1919, en 31. desember 1919 var komið svo, að bankinn skuldaði erlendis tæpar 7 miljónir. Hagurinn gagnvart útlandinu hafði því frá árslokum 1918 til ársloka 1919 versnað um ca. 13 milj. kr. Upp úr því byrjuðu erfiðleikarnir á yfirfærslum árið 1920, og í framhaldi af þessu ástandi byrjaði gengishallinn sumarið 1921, sem stafaði af því, hve skuldirnar við útlönd voru orðnar miklar, en það átti aftur rót sína að rekja til þess, að innflutningurinn hafði numið miklu meira en útflutningurinn. Síðan hefir á hverju ári vantað sjálfsagt yfir 5 milj. til þess að útflutningurinn gæti borgað innfluttar vörur, vexti og afborganir til útlanda, og þetta ástand helst enn. Afleiðingarnar eru vaxandi skuldir utanlands, þar af leiðandi vaxandi vaxta- og afborganagreiðslur til útlanda. Nú virðist útflutningur og innflutningur til landsins vera þannig, að enginn afgangur sje af verði útflutningsvaranna til vaxta- og afborganagreiðslu, en það þýðir, að skuldirnar við útlönd vaxa stöðugt, sjálfsagt um ca. 5 til 10 milj. kr. á ári, og meðan svo gengur, heldur íslenska krónan áfram að falla. Til þess að koma þessu á rjettan kjöl, þyrfti að koma málinu í það horf, að verð innfluttrar vöru yrði 5 til 10 miljónum kr. að minsta kosti fyrir neðan það, sem fæst fyrir útfluttar vörur.

En vjer þurfum raunar ekki að vera að brjóta heilann um hverjar ástæðurnar eru. Það er helbert „factum", að íslenska krónan hríðfellur og það mjög ört á allra síðustu tímum. Hún eltir fall dönsku krónunnar, þótt ekki sje það glögt og skilmerkilegt, að svo þurfi að vera. En hver eru nú ráð til þess að hefta lækkunina? Ekki vantar það, að blöðin hafi ekki flutt margar greinar um það, en ekki hafa þær verið sammála, sem heldur ekki er von, því að meiri fjármálavitringar en vjer erum velflestir eru mjög ósammála um leiðina. Þannig tóku Danir, sem eiga marga ágæta fjármálamenn, stórt lán á síðastliðnu hausti, samkvæmt tillögum þeirrar nefndar, er jeg drap á, til þess að halda uppi gildi dönsku krónunnar, en allir vita, að það hefir gersamlega mishepnast. Mikill hluti lánsfjárins er horfinn og danska krónan hefir hríðfallið síðan. Það eru ýmsir hjer heima, sem hafa haldið sama ráði fram, en það sýnir sig, að það er að minsta kosti ekki einhlítt. Jeg verð að játa það hreinskilnislega, að jeg er ekki gáfaðri en það, að jeg hefi oft ekki skilið hugleiðingar þær, sem hafa birst í blöðunum, og þau ráð, sem þar hafa verið gefin. Því hefir verið haldið fram, að þing og stjórn ættu að byrja á rjetta endanum í þessu máli, og rjetti endinn hefir verið að stöðva lækkunina, en á hvern hátt ætti að byrja og hvaða ráðum ætti að beita, hefir venjulega verið lítið eða jafnvel ekkert minst á.

Jeg býst nú við, að þingið vilji fá að heyra, hvaða ráð stjórnin hafi hugsað sjer til þess eigi aðeins að forðast frekari lækkun, heldur líka til að hækka gengið aftur, og jeg tel þá þessi ráð: 1. Fjár-

lagafrumvarpið fyrir 1925, ef það nær fram að ganga með svipuðum tekjuafgangi og jeg hefi gert ráð fyrir. 2. Þá mun jeg eftir örfáa daga leggja fram frv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka. Frumvarp þetta er tilbúið og prentað. Þessi hækkun er nauðsynleg, því eftir því sem krónan lækkar, minkar verðgildi hennar. Skuldirnar standa í stað eða jafnvel vaxa. 3. Ef það virðist vilji þingsins, með lögum að hindra innflutning á ónauðsynlegri vöru. Jeg hefi sama sem tilbúið lagafrumvarp í þessa átt. Það eru að vísu til lög frá 8. mars 1920, sem heimila ríkisstjórninni að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi. Jeg skal játa það, að það hefði verið unt að banna innflutning í talsvert stærri stíl en gert hefir verið. En hinsvegar er þess að gæta, að meiri hluti Alþingis á undanförnum þingum var eindregið mótfallinn auknum innflutningshöftum, eins og berlegast kom í ljós á þinginu 1922, og jeg áleit það því óhæfu að brjóta gegn yfirlýstum vilja Alþingis. Eigi haftapólitík að hafa nokkurn kraft, verður hún að vera yfirgripsmikil, undanþágulaus og standa lengi, að minsta kosti ein 3 ár. Jeg býst við, að þetta mál komi hjer til umræðu fljótlega í einhverri mynd.

Jeg hefi nú í sem fæstum orðum lýst fjárhagsástandinu, og það er ekki glæsilegt; þvert á móti er það ískyggilegt í mesta máta, og það er alt undir því komið, að stjórn og þing sjeu nú alveg samtaka um að spara alt það, sem hægt er, að forðast öll ónauðsynleg útgjöld og jafnvel öll útgjöld, nema þau, sem eru alveg óhjákvæmileg. Verði þau samtök, þá hefi jeg góða von um, að takast megi að rjetta við fjárhaginn á fáum árum; svo bjartsýnn er jeg. Jeg geri nú ekki ráð fyrir, að þessi stjórn muni sitja lengi við völd úr þessu, en jeg vil samt taka það skýrt fram, að jeg mundi ekki taka í mál að sitja í stjórn áfram, ef fjárlagafrumvarpinu fyrir 1925 verður breytt í neinu verulegu frá því, sem það er lagt fyrir, að því er útkomuna snertir, en hinsvegar er jeg sem þingmaður reiðubúinn til að styðja hverja stjórn, sem kann að verða, í öllu því, er að sparnaði lýtur.

Að endingu skal jeg taka það fram, að fjáraukalagafrumvarpið fyrir 1923 er tilbúið og verður lagt fram næstu daga; þar er ekki um stóra fjárupphæð að ræða, liðugar 46 þús. kr. En fjáraukalögum fyrir yfirstandandi ár má þingið aldrei búast við frá mjer, hvort sem jeg sit skamt eða lengi hjer frá í ráðherrasæti.

Bjarni Jónsson: Jeg gat að vísu ekki gert mjer fyllilega í hugarlund, hvað hæstv. fjármálaráðherra (KlJ) myndi nú segja, en þó hafði jeg hugsað mjer, hver myndi verða aðalþátturinn í máli hans, þá er jeg hafði litið lauslega yfir nokkrar greinar frv. þessa. Jeg veit, að bæði hann og hæstv. samstjórnarmaður hans, og svo einnig aðrir háttv. þm., eru hjer saman komnir í þeim einlæga ásetningi að bjarga þessu landi — með því að bæta hag landssjóðs og væntanlega landsmanna. En þess er hjer að gæta, að hagsmunir ríkissjóðs og hagsmunir þjóðarinnar fara ekki ávalt saman. Skal jeg þar til dæmis taka, að á undanförnum þingum hefir það stundum komið fyrir, að þingið þyrfti að hlaupa undir bagga með nauðstöddum hrepp eða sýslu. Hefir það þótt vænlegra heldur en að bíða með hjálpina þangað til í algert óefni væri komið. Því að, eins og flestir munu játa, reynist það oftast ljettara að verja falli heldur en að reisa á fætur, eftir að fótanna er einu sinni mist. Nú

sje jeg ekki betur, úr því að mönnum virðist útlitið svo skuggalegt, en að það gæti komið fyrir á árinu 1925, að ríkissjóður yrði að hlaupa einhversstaðar undir bagga á svipaðan hátt. Þá eru bjargráð við menn, t. d. dýrtíðarvinna, sem stundum hefir veitt verið og má enn verða, óhjákvæmileg. Og enn hjálp við atvinnuvegi. Það geta t. d. talist alveg nauðsynleg bjargráð við þjóðina, að studd sjeu atvinnufyrirtæki eins og útgerðin, t. d. með ábyrgð, ef ella er örvænt um, að þeim verði haldið áfram. Þá lít jeg einnig svo á, að það geti talist sjálfsagður þjóðarbúhnykkur, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir nýstofnaða innlenda tryggingarsjóði, svo sem lífsábyrgðir, brunabætur og sjóvátryggingar. Getur mitt hreppstjóravit ekki betur sjeð en að óráðlegt sje fyrir jafnskarpskygna fjármálamenn sem vjer erum að láta fje vort streyma þannig að óþörfu út úr landinu, og ekki bætir það gengi krónunnar. Þá er ennfremur að leggja fje í framkvæmdir til atvinnubóta, þegar svo stendur á, að menn lenda í atvinnuþroti, annaðhvort fyrir óhöpp eða af fyrirhyggjuleysi, en seint mun ríkissjóður láta menn deyja drotni sínum úr sulti, án þess að hlaupa undir bagga. Slíkar atvinnubætur yrðu aðallega vegagerðir, sjúkrahússmíð, símalagningar og þess háttar. Auðvitað er þetta neyðarúrræði, en þó myndu menn að jafnaði veita fje til þessa, enda ber að meta framar nauðsyn þjóðarinnar en hag ríkissjóðs. Þá skal jeg nefna liðsinni til samgöngubóta; er jafnan í fjárlögum ætluð álitleg upphæð í þessu skyni og jafnan við aukið, ef þörf þykir á. Fyrir skömmu áttu Íslendingar engin skip, og þótti hlægilegt ef þeir ætluðu að eignast skip, þar sem enginn kynni að sigla. Þó sýndu landsmenn þann dugnað að stofna Eimskipafjelag Íslands með almennum samtökum, svo það má kalla þjóðareign, þó ekki sje það ríkiseign, nema að litlu leyti. Síðustu árin hefir fjelagið siglt í köpp við erlend fjelög, er bjóða niður flutningsgjöldin. Hin erlendu fjelögin standa þar ólíku betur að vígi, þar sem þau geta valið um viðkomustaði, en íslensku skipin verða að þræða inn á hverja vík, til þess að sækja hálfan ullarpoka eða kindarkrof. Þó sýna landsmenn ekki fjelaginu þá ræktarsemi, að þeir láti það sitja fyrir aðalflutningum sínum, heldur skifta jöfnum höndum við erlendu fjelögin, og ef til vill framar. Nú þótt landsmenn kunni ekki skil á sínum eigin hag um nokkurra ára skeið, getur ríkissjóður á engan hátt setið hjá og horft á þann misskilning verða fjelaginu að falli, heldur verður hann að hlaupa undir bagga og hjálpa fjelaginu og bjarga með því miklu meiri hagsmunum þjóðinni til handa heldur en hjálpinni nemur. Jeg nefni þessi dæmi einungis til þess að sýna fram á, að það tvent fer ekki altaf saman, að bjarga hagsmunum þjóðarinnar og láta tekjur og gjöld ríkissjóðs standast á.

Jeg sje það á fjárlagafrv. og ræðu hæstv. fjrh. (KlJ), að megnið af þessari þjóðarhjálp er lagt í sölurnar til þess að forðast halla og fá nokkurn afgang. En það er enginn vandi fyrir stjórn eða þing eða hvern, sem vera skal, að gæta hags ríkissjóðs, ef hann á að vera sem sparisjóðsbók, þar sem standa á heima það, sem inn er lagt, við það, sem út er tekið. Allur vandinn er þá að taka aldrei meira út en inn er látið. Sparisjóðsbókin getur staðið hallalaus, þótt eigandinn drepist úr sulti. Til þess að alt standi heima þarf ekki annað en niðurskurð, og sje um það eitt hugsað, getur þing og þjóð látið skrásetja sig sem Sláturfjelag Suður-

lands nr. 2. Hitt hygg jeg fremur verkefni þings og stjórnar, að sjá svo um hag ríkissjóðs, að hann geti unnið aðalverk sitt, að vera alstaðar og ætíð til taks að styðja og hjálpa, þegar ríður á, þjóðinni til hagsbóta. En það er öllu meiri vandi en hitt.

Þetta er ekki mælt sjerstaklega til hæstv. stjórnar, heldur til allra þeirra manna, sem bjarga vilja þjóðinni með niðurskurði, en það er sú leiðin, sem flestir munu vilja fara til þess að bjarga þjóðinni. En þeim skal jeg benda á, að niðurskurðarleiðin er ekki heldur trygg. Hvernig sem fjárlögin eru úr garði gerð og hve glæsilegar sem tölurnar eru, getur alt farið norður og niður engu að síður. Þó að tekjurnar verði jafnháar áætluninni að krónutali, geta þær orðið verðgildisminni, eins og reynsla síðustu ára hefir sýnt. Jafnframt verður að bæta upp verðfallið, og þegar önnur hliðin fer þannig upp um leið og hin fer niður, skilst mjer, eftir mínu hreppstjóraviti, að alt muni gliðna í sundur.

Það er því ekki einhlítt að skera niður. Það verður því að taka upp aðra aðferð, sem er tryggari, og sú eina, sem komið getur að haldi, er jeg vil kalla að festa tekjurnar. Festa krónuna, eða þá reikna tekjurnar eftir öðru verðmæti. Krónan getur þá dinglað fram og aftur eins og hún vill, þegar þessi fasti verðmælir heldur sjer.

Ráðið til þessa ætti að vera auðfundið. Norðmenn hafa t. d. tekið gullkrónuna og fest tekjurnar á þann hátt. Sama gætum vjer gert. Jeg veit ekki með vissu, hvers virði gullkrónan muni vera nú, en eftir dollaraverðinu fyrir nokkrum dögum ætti hún að standa í hjer um bil kr. 2,20. Ef þær upphæðir, sem nú standa í fjárlögum, yrðu innheimtar í gullkrónum, myndu tekjurnar aukast um meira en helming.

Jeg veit nú ekki nema mönnum kunni að finnast þetta óþarflega mikill tekjuauki og ónauðsynlegt harðræði við landsmenn, enda ætti þessi aðferð að vera óþörf fyrir þjóð, sem hefir vanist á að reikna í landaurum í meira en 1000 ár. Það ætti ekki að koma neinum á óvart, þó að vjer tækjum upp þessa aðferð til þess að reikna með föstu verðgildi, sem vjer kunnum einir af öllum þjóðum.

Til þess að tryggja landssjóð fyrir verðfalli á tekjum hans á þessum fjárl., nægir að reikna núverandi tekjur hans í álnum og margfalda síðan á komandi árum með hlutfallinu milli þeirrar álnar, sem nú gildir, og þeirrar, sem gildir næsta ár á undan því, sem áætlunin er gerð fyrir. Þá verður hlutfallið

$$a_f : a_n$$

þar sem a merkir alin, n líðandi ár, en f ártalið x—1, en x er árið, sem áætlunin er gerð fyrir.

Ef þetta væri ákveðið, mætti stöðva tekjugildið, svo að það verði aldrei minna en nú er til ætlast. Það er nú að vísu svo, að þessi fjárlög eru samin með það fyrir augum, að þau gildi fyrir árið 1925. En ákvæðin, sem tekjurnar eru teknar eftir, stafa frá ýmsum árum. Ættum vjer því að ganga feti framar og festa ekki tekjurnar í samræmi við það, sem nú er áætlað, heldur taka tillit til verðmætis þeirra, þegar hver og einn tekjustofn var ákveðinn. Tekjustofna þá, sem ákveðnir eru með lögum eldri en 1914, mætti margfalda með hlutfallinu milli meðalálnarinnar fyrir síðasliðið ár, sem er 137, og meðaltals meðalálnanna síðustu 20 árin fyrir 1914, en það er 53. Tekjustofna,

sem ákveðnir eru síðan 1914, mætti margfalda með hlutfallinu milli 137 og meðalálnar hvers árs, og koma þá hlutföllin:

fyrir árið	1914	137:	60
— —	1915	137:	61
— —	1916	137:	92
— —	1917	137:	99
— —	1918	137:	115
— —	1919	137:	144
— —	1920	137:	195
— —	1921	137:	189
— —	1922	137:	157

Við þetta mundu sumir tekjustofnarnir hækka, en aðrir, sem samþyktir hafa verið síðastliðin 4 ár, lækka. En þyki mönnum þetta of flókið, mætti reikna allar tekjur framvegis eftir hlutfallinu milli síðasta árs og meðaltals síðastliðinna 30 ára, en það yrði 137:89. Með því að reikna þannig, yrði aðalupphæð teknanna eftir þessu frv. á elleftu miljón kr.

Þetta, sem jeg nú hefi sagt, er bygt á því, að hver og einn tekjustofn á að sjálfsögðu aldrei að verða verðminni heldur en það þing ætlaðist til, er samþykti hann. Með þessu mótinu verða tekjurnar stöðvaðar eða festar, svo að þær ættu að hrökkva fyrir útgjöldunum, án þess að til niðurskurðar þurfi að koma. Og þó greiðir enginn meira en löggjöfin ætlaðist til, þegar lögin voru sett.

Nú er það sýnt, að við þetta myndu útgjöld ríkissjóðs og aukast nokkuð. En eigi þá að bæta hag ríkissjóðs, getur hver og einn sagt sjer sjálfur, að tekjuaukinn verður að koma einhversstaðar að. Verði leitað þeirra bragða, að skera niður, kemur hann líka einhversstaðar að, sem sje frá hinum skornu mönnum.

Jeg skal nú sýna dæmi þess, hversu varhugaverður niðurskurður getur verið og gagnslítill. Heyrt hefi jeg, að sumir menn vilji skera niður heimspekisdeild Háskólans. Þar vinna nú 6 menn, sem hafa um 5000 kr. hver að meðaltali. Samkvæmt gamalli venju þykir ekki sæmandi að kasta embættismönnum fyrirvaralaust út á klakann, og myndu þessir menn því njóta biðlauna fyrstu árin, sem svara myndu ⅔ embættislauna þeirra. Sparnaðurinn yrði því fyrst í stað einar 10000 kr. árlega. Til móts við þessa upphæð kemur nú margt annað. Nú stunda 6 menn nám í þessari deild. Þessir menn yrðu að fara utan til að halda áfram námi sínu. Auðvitað yrðu þeir ekki lægra settir en aðrir íslenskir stúdentar, sem nema erlendis þær greinir, sem ekki er kostur að nema hjer. Þeir fengju því 1200 kr. árlega hver um sig, og það í danskri mynt, og er þá komið hátt upp í þessar 10000 kr. Munurinn er sá, að þetta fje fer út úr landinu, í stað þess að láta kennarana njóta þess. Við þetta bætist, að það fje, sem piltarnir þurfa sjer til lífsuppheldis umfram styrkinn, verður að flytja úr landi í dönskum krónum, og er það síst til þess að bæta gengið. Þá er og rjett að geta þess, að nú gjalda þeir fyrir fæði og húsnæði í Reykjavík, sem einhver kann að hagnast á. Þetta er gott dæmi þess, hve lítill sparnaður er að slíkum niðurskurði. Þó að 10 embættismenn verði settir á sveitina í stað þess að leyfa þeim að þjóna embættum sínum, bætir það í engu hag landssjóðs eða þjóðarinnar. Nema menn legðu þá beinlínis niður við trog og mannaket væri í háu verði erlendis og ótollað.

Eins og jeg hefi tekið fram, yrðu tekjurnar hærri, ef svo væri reiknað, sem jeg hefi nú greint. En álögurnar kæmu þá niður nákvæmlega á þann hátt, sem löggjafinn ætlaðist til í upphafi. Gjaldendur nytu ekki gengisgróðans og ríkissjóður tapaði ekki á honum. Ríkissjóður hefði þá nægi-

legt fje til þess að standa sómasamlega straum af útgjöldum sínum og tilkostnaði, og gæti hlaupið undir bagga með þeim atvinnugreinum, sem þyrftu opinbers styrks í bili.

Þingið á ekki að koma saman eingöngu til þess að bæta hag þjóðarinnar með reikningslegum jöfnuði á fjárlögunum, heldur einnig með viturlegum lögum. Það á þingið að telja höfuðskyldu sína og þykjast eiga erindi til þess á hverju ári, því að enginn er svo vitur, að hann geti spáð í 2 ára eyðu, eins og nú er ástatt. Það á fyrst og fremst að sjá um að skapa ekki drepandi kyrstöðu í landinu, með því að neita um fje til nauðsynlegra athafna, heldur gæta þess, að blóðrás þjóðfjelagsins, framkvæmdirnar, stöðvist ekki, svo að alt, sem til framfara horfir, gangi ekki eins vel, heldur betur en áður.

Hæstv. fjrh. (KlJ) drap á eitt atriði, sem sjálfsagt er, að þingið láti til sín taka, en það er að bæta gengi íslensku krónunnar. Jeg hygg, að menn muni vera á einu máli um það, að lántaka sje ekki einhlít til þess að stöðva fall krónunnar. Fyrir nokkrum árum hefði það ráð verið ærið til þess að koma í veg fyrir gengishrun, áður en það hófst. Árið 1920 skoraði jeg á stjórnina að taka lán, því að þá var einsætt, að fje það, er þeir menn skulduðu bönkunum, sem ekki gátu selt síld sína, hlaut að standa fast um langan aldur, og varð því ekki notað til þess að styðja atvinnuvegina eða greiða erlendar skuldir. Það er þetta tjón, sem menn búa að enn þann dag í dag. Menn mega ekki furða sig á, þó að þjóðarbúskapinn muni um minna en mikinn hluta eins árs framleiðslu, sem brást svo algerlega, að jafnvel varð að greiða stórfje fyrir að kasta afurðunum í sjóinn. Þetta tjón lætur nú til sín finna, og bætur þess verða ekki gripnar upp úr engu. Bankarnir verða fyrst og fremst fyrir þessu tjóni, þeir tapa fje sínu, eða það stendur fast um langan tíma. Úr þessu hefði verið bætt, ef lán hefði verið tekið í tíma, meðan lánstraust landins var gott, í stað þess að bíða þangað til þjóðin var komin í gapastokkinn og lánið fjekst ekki nema með miklum eftirgangsmunum og ókjörum.

Þetta hefir miklu frekar valdið hruni krónunnar en seðlaútgáfan. Þó að það sje að vísu rjett, að of mikil seðlaútgáfa geti verið hættuleg fyrir gengið, get jeg ekki fallist á, að hún hafi nokkurn tíma verið hófi meiri hjer á landi. Seðlaútgáfan hefir komist upp í rúmar 11 milj. króna, en árið 1914 var hún 3¼ milj. kr. Þá var krónan ekki meira en fjórðungs ígildi við það, sem hún var 1914, og ef ferfölduð er seðlaútgáfan þá, koma út tæpar 13 milj. kr., sem er meira en úti var af seðlum, þegar mest var. — Það eru skuldirnar og kröfurnar á menn, sem felt hafa gengið, því að þegar erfitt fór að verða með yfirfærslur, þá tóku menn að selja þær og færa niður verð þeirra. Hitt er aftur á móti mjög vafasamt, hversu auðvelt sje eða með hverju móti hægt sje að rjetta gengið við aftur. Nú hafa ýmsir danskir menn keypt talsvert af íslenskum krónum og keypt fisk fyrir, og taka þá auðvitað allan hagnað í sínar hendur. Má vel vera, að þeir reyni að lækka íslensku krónuna sem mest, þegar gjalddagi kemur, og væri þá mikið í það varið fyrir oss, ef vjer gætum sett krók á móti bragði. Mjer er ekki vel kunnugt um muninn á innfluttum og útfluttum vörum, en tel víst, að hann sje ekki svo mikill, að rjettlætt fái gengis-

lækkunina. Mikið gagn gæti af því flotið, ef hægt væri að fá þjóðina til að spara. En það er ekki löggjafarmál. Alþingi er ekki húsbóndi þjóðarinnar. Það er undir vilja þjóðarinnar sjálfrar komið, hvort hún vill hætta að lifa um efni fram. Lærist henni það ekki og vilji hún ekki spara við sig, getur vel komið til mála, að grípa verði til innflutningshafta, en það er neyðarúrræði. Svo er þá líka á það að líta, hvað það sje, sem banna beri innflutning á. Ekki framleiðir land vort alt, sem þjóðinni er nauðsyn á. Það er því ekki nóg að þingmenn ræði um þetta í hornum og skúmaskotum, heldur þyrfti nefnd að setjast á rökstóla, sem skipuð væri fulltrúum allra atvinnuvega, og auk þess konu og lækni. Vel gæti jeg ímyndað mjer, að svo færi, að sparnaðurinn við þetta reyndist sýnu minni en menn gera sjer í hugarlund. Og meira en lítið hlyti örugt tolleftirlit að kosta oss, svo stórt og vogskorið sem land vort er. Öllu heppilegra myndi það reynast að hækka að mun tollinn á óþarfa varningi og þeim vörutegundum, er menn vildu hefta innflutning á, því að með því væri ríkissjóður betur settur, og þó auðmenn einir hefðu þá efni á að klæðast silki og safala, þá væri það huggun fyrir oss hina, að þeir hefðu þurft að gjalda drjúgan toll í ríkissjóð fyrir það skart. Jeg vil nú ekki bæta mörgum fleiri skraddaraþönkum við þetta, þó enn þá sjeu eftir ýms atriði, sem benda mætti á, svo sem það, að nota betur innlend hráefni og kenna mönnum að búast sem mest að sínu. Myndi það reynast hyggilegt, að komið yrði hjer upp vönduðum sútunarsmiðjum og klæðaverksmiðjum. Vantar talsvert á, að þessar iðngreinar sjeu komnar í rjett horf.

Þetta áttu aðeins að vera almennar athugasemdir viðvíkjandi fjárlögunum, og hefi jeg komið með þær vegna þess, að mjer hefir alloft verið borin á brýn bruðlunarsemi á fje landsins, ekki síst ef vísindi og listir áttu í hlut. Vita það þó allir menn, að slíku verður hjer ekki haldið uppi án stuðnings hins opinbera. Og þó jeg viti, að fjármálamenn þingsins muni koma með margvíslegar tillögur og snjallar, fjárhag landsins til viðreisnar, og jeg efa ekki, að háttv. þm. sjeu hingað komnir með einlægan vilja til þess, þá vildi jeg þó ekki láta undan falla að koma með þessar athugasemdir, sem nokkurskonar veganesti handa háttv. fjárveitinganefnd, þar sem jeg mun ekki að þessu sinni, sem stundum að undanförnu, dvelja dagvistum með þeim, sem nú fjalla um fjárlögin.

Forsætisráðherra (SE): Það er ekki nema von, að menn furði sig á tekjuhalla þeim, sem orðið hefir á þessu ári, og mun svo hjer sem oftar, að eftir á má sjá ýmislegt, sem betur hefði mátt fara og hægt hefði verið að varast. Allir munu t. d. nú ljúka einum munni upp um það, að rjett hefði verið strax á fyrstu stríðsárunum að gera meira til þess að sjá ríkissjóði fyrir fleiri tekjuaukum. Að vísu var þegar á árinu 1915 bætt við einum nýjum tekjuauka, verðhækkunartolli, sem skyldi gilda til jafnlengdar 1917. Þessi tekjuauki nam

árið 1915 kr. 178201.03
— 1916 — 523588.99
— 1917 — 241734.00.

Á mesta gróðaárinu, 1916, var svo aðeins bætt við smávægilegum tekjuauka. Á aukaþinginu 1917 fluttu þm. í þessari háttv. deild tekjuaukafrv. Mjer er þetta sjerstaklega minnisstætt sökum þess, að síðast á því sama þingi tók jeg við fjár-

málastjórninni. Jeg flutti þá ekki nein tekjuaukafrv. hjer; til þess vanst ekki tími. En hinu barðist jeg fast fyrir, að þetta nýja frv. yrði einnig látið ná til ársins 1916, sem var, eins og áður er sagt, eitthvert mesta gróðaárið af öllum stríðsárunum. En til þess að bregða upp mynd af hugum manna þá, skal jeg geta þess, að um þetta nauðsynlega atriði stóð þá hörð rimma. Þessi tekjuskattur gaf þó landinu allmiklar tekjur á stríðsárunum.

Á árinu 1918 flutti stjórnin allmörg tekjuaukafrv., svo sem

1. frv. um stimpilgjald,
2. — um hækkun á vörutolli,
3. — um dýrtíðar- og gróðaskatt.

Hið fyrst nefnda frv. gaf landssjóði þegar á árinu 1918 í tekjur kr. 253231.03 og 1919 kr. 1153176.12, og varð þannig til þess, að niðurstaða ársins 1919 varð óvenjugóð. Þessi sami tekjuauki hefir einnig síðan reynst landssjóði drjúgur. Á árinu 1920 nam hann kr. 1762839,67, en á árinu 1921 kr. 1181990,75, en þá mun einnig hafa verið bætt við stimpilgjaldi af innfluttum vörum, sem á komst á þinginu 1920 og síðar verður vikið að.

Vörutollshækkunin gaf einnig álitlegar tekjur, en hvað miklu gróða- og dýrtíðarskatturinn nam hefi jeg ekki getað sjeð, því hann mun hafa verið talinn undir tekjuskattinum.

Árið 1919 var með bráðabirgðalögum, útgefnum í maí þ. á., lagður tollur á síldartunnur og mun hann hafa gefið af sjer um 1 milj. kr. En erlendar þjóðir undu honum mjög illa.

Á þessu sama ári flutti fjhn. að tilhlutun stjórnarinnar frv. um toll á kolum og salti, til þess að vinna upp halla af verslun með þessar vörutegundir. En skattar þessir voru mjög illa þokkaðir og mættu mjög mikilli mótspyrnu. Sama ár var einnig hækkaður tollur á aðfluttum vörum og útflutningsgjald af síld hækkað, og mætti það sömuleiðis allmikilli mótspyrnu. Nokkur tekjuaukafrv. komu þá einnig frá þm., svo sem vitagjaldshækkun o. fl.

Árið 1920 lagði stjórnin fyrir þingið frv. um viðauka við stimpilgjaldslögin, en á því ári í mars ljet jeg af fjármálastjórninni og núverandi 1. þm. Skagf. (MG) tók við. Þetta frv. var þó samþykt. Á þinginu 1921 voru svo skattalögin endurskoðuð, en eftir niðurstöðu ársins 1923 virðist sem tekjurnar hafi ekki aukist við það.

Jeg hefi nú aðallega dvalið við það tímabil, sem jeg bar ábyrgð á fjármálastjórninni, og mjer virðist, eftir því sem tekið hefir verið fram, að óhætt sje að fullyrða, að stjórnin hafi á því tímabili verið vel vakandi yfir því að afla landssjóði tekna. En víst er um það, að ekki var það vinsælt að berjast fyrir tekjuaukum þau árin, og mörgum þótti þeir vera æðinærgöngulir atvinnuvegunum. Og jeg get ekki í því sambandi stilt mig um það, að vitna í ræðu, sem andstæðingur minn, hinn góðkunni ágætismaður Pjetur Jónsson, fyrv. ráðherra, flutti um leið og jeg skilaði fjármálunum úr mínum höndum. Máske þykir einhverjum óviðkunnanlegt, að jeg skuli vitna í hana, þar sem í henni er hrós um fjármálastjórn mína, en þar sem jeg úr öðrum áttum hefi mátt sæta ýmsum hnútum, sem jeg hefi ekki skeytt að bera af mjer, enda ekki ráðið yfir neinum blaðakosti, þá hika jeg ekki við, með leyfi hæstv. forseta, að lesa smákafla úr henni. Ræðan er í Alþt. 1920, B. bls. 226—227:

„Jeg verð að lýsa ánægju minni yfir því, hve hæstv. fjrh. (SE) hefir gefið glögga og greinilega skýrslu um fjár-

hag landsins. Það er heppileg venja, sem hann hefir tekið upp, að láta þm. í tje á hverju þingi yfirlit yfir tekjur og gjöld síðustu ára, og er síst vanþörf á að geta áttað sig á ástandinu í hvert skifti".

Jeg minnist á þessi orð í ræðunni til þess að sýna, að jeg leitaðist við af öllum mætti að gera mönnum í byrjun hvers þings kunnugt alt fjárhagsástandið, og held jeg að jeg hafi fyrstur tekið þá reglu upp. — Þá talar þingmaðurinn um áhuga minn á að afla landinu tekna og bætir svo við:

„En þó jeg meti mikils þennan áhuga og geti varla áfelst hæstv. fjrh. (SE) fyrir að bera fram þetta frv., þá er mjer næst að halda, að áhuginn fari að verða um of, eða hæstv. fjrh. (SE) hætti við um of að líta á það eitt, að afla tekna; minna á það, með hvaða móti það er gert. Þó útlit sje fyrir einhvern halla á þessu ári, þá held jeg að ekki sje of djarft teflt, þó hann sje látinn eiga sig til næsta þings".

Og enn segir svo í niðurlagi ræðunnar:

„Hæstv. fjrh. (SE) má ekki taka þessa ræðu mína svo, sem jeg væri að andmæla þeirri fjármálastarfsemi hans og viðleitni til að afla landssjóði tekna, svo að hrökkvi fyrir útgjöldum. Jeg met hana mikils, og jeg er honum sammála um það, að aðalreglan eigi að vera sú, að hvert ár beri sig. En hitt tel jeg vafaatriði, hvort samþykkja eigi varhugaverða tolla, til þess að fylgja reglunni út í ystu æsar".

Þessi ummæli háttv. þingmanns, sem var allra manna gætnastur í fjármálum, sýna, hvað örðugt var á þessum tímum að átta sig á hinni miklu tekjuþörf, sem var fyrir höndum, og sýnir, hve þeir voru fáir, sem vissu, hvar vjer stóðum.

En þetta er nú aðeins um aðra hliðina, tekjuhliðina. Hin hliðin, útgjaldahliðin, er öllu alvarlegri. — Á árinu 1918 var allmikill tekjuhalli, eins og jeg hafði bent þinginu á, að mundi verða, enda var tekjuaukafrv. stjórnarinnar þá enn ekki farið að verka. 1919 er aftur á móti tekjuafgangur, svo útkoma tímabilsins 1918—1919 verður í raun og veru ekki eins slæm og við hefði mátt búast, — þó líklega ca. 1 milj. kr. tekjuhalli. En frá mínu sjónarmiði var sú gæfan mest, að á árinu 1919 hafði tekist að stöðva tekjuhallann. Er mjer óhætt að segja, að á þinginu 1919 voru þm. mjög stórhuga. Það var eins og öllum fyndist alt fært og mest væri um vert að framkvæma sem mest. Þá komu lög um brúargerðir og húsagerðir, lög um launahækkun embættismanna, sem raunar voru eðlileg og sjálfsögð, og fleira mætti telja. Jeg varaði þá þingið mjög fastlega við tekjuhallanum á fjárlögunum og þeim ýmsu hliðargötum, sem verið væri að búa til, og benti á, að þær götur gætu reynst landinu helst til dýrar. Sagði jeg þinginu það, að með þessu væri grundvöllurinn lagður að margföldum landssjóðsskuldum. Má lesa þessar aðvaranir alstaðar í Þingtíðindunum.

Í stefnuskrárræðu minni í fjárlögunum fyrir árin 1920 og 1921 vjek jeg að fjórum atriðum, sem fylgja bæri:

1. *að* ná öllu, sem tapast hafði á salt- og kolaverslun, með tollum.

2. *að* selja vörur landsverslunarinnar eins fljótt og hægt væri, án þess að skaða landsverslunina.

3. *að* hraða tekjuaukum stjórnarinnar til þess að vinna upp væntanlegan tekjuhalla á árinu 1919.

4. *að* tryggja, að á móti væntanlegum tekjuhalla árin 1920—1921 komi svo miklar tekjur, að enginn halli verði á þessum árum.

Jeg sagði þá, að ef þetta yrði gert, þá bæri jeg engan kvíðboga fyrir fjárhagnum, en ef þingið ætlaði sjer hinsvegar að greiða tekjuhallann 1920—1921 með lánum, þá færi það gálauslega að ráði sínu og þá færu horfurnar að verða verulega slæmar. (Alþt. 1919, B. bls. 43). Og við 3. umr. fjárlaganna í Nd. sagði jeg meðal annars: „Þetta þing hefir lagt grundvöll til þess, að skuldir landsins, eins og þær voru á undan stríðinu, margfaldast á nokkrum árum.“ (Bls. 319).

Jeg veit, að enginn láir mjer, þó að jeg víki að þessu nú, þar sem mjer á þessu þingi var mjög oft brugðið um afturhaldssemi. En þó að jeg hafi tekið þetta fram, þá ber það þó engan vegin að skilja svo, að jeg með því sje að kasta steini á hið háa Alþingi nje á þá aðra, sem að þessum málum hafa staðið. Aðalorsökin til þess fjárhagshalla, sem vjer með sorg hljótum að horfa á og sem veldur oss mestra áhyggna, er auðvitað hinir óhagstæðu tímar, sem vjer höfum ekki getað varast. Og það eru fleiri þjóðir en vjer, sem hafa sömu reynsluna. Lítum vjer til Evrópu, þá sjáum vjer, að nálega allar þjóðir liggja í fjárhagslegum sárum, og lítum vjer aftur nær, til sjálfra vor, þá sjáum vjer, hversu fjölmargir einstaklingar, hinir gætnustu menn, sem taldir voru hinir bestu fjármálamenn, hafa orðið fyrir hinum ógurlegustu skakkaföllum. Og t. d. Eimskipafjelag Íslands, þetta óskabarn þjóðarinnar, sem átt hefir í stjórn sinni ýmsa þá menn, sem þjóð vor hefir treyst best, það rjeðist í ýmislegt, sem menn nú áfella og ekki skilja, eins og t. d. stórbyggingu, sem því hlýtur að vera ofvaxin. Eitthvað svipað mun vera hægt að segja um bæjarfjelag Reykjavíkur. En einmitt að þetta ástand er ekki aðeins ríkjandi meðal vor, heldur alstaðar í heiminum, sýnir það, hversu erfitt muni vera að finna bjargráðin við hinu fjárhagslega hruni. Viðleitni stjórnarinnar til þess að rjetta við tekjuhallann hjá oss sýnir sig nú í fjárlagafrv. því, sem hún leggur fyrir þingið og hæstv. fjrh. (KlJ) hefir gert grein fyrir með svo miklum skörungsskap. Og þar sem jeg veit, að hjá öllum þorra þm. muni vera einlægur vilji til þess að gera nú eitthvað alvarlegt til þess að rjetta við fjárhaginn, þá vona jeg, að þeir lofi frv. að fara í gegnum þingið með þeim tekjuafgangi, sem á því er. Um breytingar á einstökum liðum þess gerir minna til.

En þetta er ekki nóg; aðrir hlutir eru enn verri viðureignar, nefnilega verðfall íslensku krónunnar. Aðalmeinið er hið lága gengi peninga vorra, og meðan svo er hlýtur fjárhagur lands vors að vera þröngur. Eins og hæstv. fjrh. tók fram, er nú leitað ýmsra ráða erlendis til að lækna gengismeinin, en í raun og veru eru engin önnur ráð til en að gera innflutninginn minni en útflutninginn. Jeg hefi hingað til eigi verið mikill innflutningshaftamaður, en ef engin önnur ráð finnast til þess að rjetta fjárhag vorn, skal jeg nú standa fast með þeim. Vegna þess að bankarnir hafa á ýmsan hátt dregist hjer inn í umræður, skal jeg með ánægju nota tækifærið til þess að láta þess getið, að báðir bankarnir vinna nú saman í mikilli eindrægni og leitast við að aðstoða hvor annan í því að ráða fram úr fjárhagsvandræðunum. Bönkunum hefir verið ámælt fyrir lækkun gengisins. Jeg álít þau ámæli ekki rjettmæt. Það get jeg upplýst, að bankarnir hafa gert mikið til þess að halda genginu uppi og tap þeirra á gjaldeyri síðasta ár mun nema mörgum hundruðum þúsunda. Bankarnir eru á þeirri skoðun, að gera þurfi einhverjar alvarlegar ráðstafanir til þess að stöðva

gengið, og þeir ráða til innflutningshafta í einhverri mynd. Þess má geta, að Landsbankinn hefir nýlega tekið um 200 þús. sterlingspunda lán í London, með ábyrgð ríkisstjórnarinnar, og er það ætlað til styrktar atvinnuvegunum. Vakti það fyrir bankanum að gera nú alvarlegar ráðstafanir til þess, að þetta yrði seinasta lánið, sem hann þyrfti að taka.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 14 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., föstudaginn 21. mars, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 1, n. 171, 163).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg hefi ekki fram að bera fyrir nefndarinnar hönd í þetta sinn annað en ósk um, að frv. fái að ganga greiðlega til 2. umr.

Þessi dagur hefir að venju hjer á þingi verið talinn einskonar hátíðisdagur — eldhúsdagur hefir hann verið nefndur —, en jeg ætla ekki að verða til þess að byrja á eldhúsverkum, hvað sem aðrir háttv. þm. gera. Annars eru ástæður í þetta sinn nokkuð einstæðar, þar sem stjórnarskifti eru að fara fram. Liggur önnur stjórnin á líkbörunum, og er þá auðvitað sorg í hennar húsum, en nýja stjórnin er ennþá í reifum, og eiga þar eflaust margir óuppfyltar vonir, þar sem hún er. Er það því eðlilegt, að út af þessari þingvenju verði brugðið í þetta sinn.

Jón Þorláksson: Jeg hafði ætlað mjer að koma með nokkrar athugasemdir við þessa umræðu við skýrslu hæstv. fjrh. (KlJ) um fjárhag landsins og bæta við þessa skýrslu hans nokkrum frekari upplýsingum, sem jeg hefi haft sjerstaklega ástæðu til þess að afla mjer sem formaður fjhn., en eftir þeim atvikum, sem fyrir liggja, ætla jeg mjer að láta það bíða til 3. umr. þessa máls, og mun jeg þá nota mjer þann rjett, sem þingsköpin heimila til þess að ræða mál alment við þá umr.

ATKVGR.

Frv vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., mánudaginn 24. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 171, 163, 196).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það er eðlilegt, að till. fjvn. veki nú, ekki síður en endranær, meiri athygli utan þings og innan en flestar aðrar till., sem bornar eru fram á þinginu. Hefi jeg líka rekið mig á það nú síðan till. nefndarinnar voru lagðar fyrir hv. deild, að skoðanir manna á starfi nefndarinnar eru mjög mismunandi. Þykir mörgum sem nefndin hafi aldrei fyr verið svo smámunaleg og heimsk, og munu ýmsir liggja henni á hálsi fyrir þetta. — Jeg tel því ekki úr vegi nú að byrja framsögu mína með því að skýra í fám orðum frá ástæðum ríkissjóðsins og möguleikunum til þess að gera fjárlögin bæði rjetta mynd og tekjuhallalaus, svo menn fái sjeð, hvernig nefndin var sett og að hún hlaut að skoða það sem sína fyrstu skyldu að sjá ríkissjóðnum farborða.

Eins og menn vita, þá nam tekjuhallinn fyrir árið 1923 1½ miljón króna. Bar ríkisstjórnin því fram tollhækkunarfrv. í byrjun þingsins í því skyni að jafna tekjuhallann. En fjhn. komst brátt að þeirri niðurstöðu að sú tollhækkun myndi eigi nægja til þessa, og kom hún því fram með annað frv. í þessu skyni, verðtollsfrv. En jeg geri ráð fyrir, að þótt

þeir tollar, sem þessi frv. gera ráð fyrir, standi til ársloka 1925, þá gerum við ekki betur en með þeim að komast yfir árið 1923. Höfum við þá samt sem áður ekkert upp á að hlaupa fyrir þetta yfirstandandi ár. Ef gert er ráð fyrir, að mikið af þessum tollaukum, sem inn kæmu á árinu 1925, gengju til þess að dekka árið 1924, þá er sýnilegt, að lítið má byggja á þeim fyrir árið 1925, sem fjárlagafrv. tekur yfir.

Frá fjárlagafrv. stjórnarinnar var nú svo gengið, að reikningslega var þar um ½ milj. króna tekjuafgangur. Fjvn. skilar því frá sjer með 100 þúsund króna tekjuhalla. Stafar þetta þó ekki af því að nefndin hafi sýnt meiri bruðlunarsemi en stjórnin, því mismunur þessi stafar af gætilegri tekjuáætlun nefndarinnar og reikningslegum hækkunartill. á sumum gjaldaliðunum. Eins og sjest á nefndarálitinu hefir nefndin hækkað þessa lögboðnu gjaldaliði um ..... 310 þús.
Aðra liði og bætt við nýjum .. 170 —
Lækkað tekjuliðina ..... 275 —

Þetta gerir samtals 755 þús.
Upp í þetta hefir nefndin lækkað ýmsa útgjaldaliði um .. 160 —

Er þá mismunurinn 595 þús. sem gerir, að frádregnum tekjuafganginum á frv., tæpra 100 þús. kr. halla. Enn má geta þess, að öll kurl eru þó ekki komin til grafar. Þannig hefir nefndin enn ekki tekið ákvörðun um suma liði frv., er stórkostlega þarf að hækka. Má þar nefna útgjöldin til berklavarna, er stjórnin hefir áætlað 100 þús. kr., en verða áreiðanlega eftir undanfarinni reynslu upp undir 360 þús. kr. Stjórnin hafði haft á orði að leggja frv. fyrir þingið um þetta efni, þar sem lagt yrði til að dreifa þessum kostnaði af ríkissjóði yfir á hjeruð, sveitir og einstaklinga, en þar sem frv. þetta er ekki komið fram, og því litlar líkur fyrir að það gangi í gegn, má búast við 200 þús. kr. hækkun á þessum lið. Þá er víst, að dýrtíðaruppbótin fyrir árið 1925 verður hærri en nú. Hve miklu það munar, er ekki gott að segja. Hækki hún um 10%, nemur það um 150 þúsund krónum, og hækki hún um 20%, þá 300 þúsund. Þá hefir landssímastjóri lagt til, að 100 þús. kr. verði veittar til þess að fullkomna loftskeytastöðina hjer áður en nýir samningar byrja við Stóra norræna á árinu 1926. Telur hann þetta óumflýjanlegt öryggi til þess að ná betri samningum, og hefir stjórnin fallist á, að svo myndi vera.

Þetta verður þá samandregið:
Til berklaveikisvarna, hækkun 200 þús.
Hækkun dýrtíðaruppbótar um 200 —
Til loftskeytastöðvarinnar .... 100 —

eða samtals um 500 þús.

Þetta er þá orðið, með þeim 100 þús. kr. halla á frv. eftir tillögum nefndarinnar, sem jeg áður nefndi, um 600 þús. kr. Og geri maður svo ráð fyrir, að samþyktar yrðu breytingartillögur frá hv. þm., sem fram eru komnar og nema að hækkunum kringum 200 þús. kr., þá er tekjuhallinn orðinn 800 þús. kr.

Nú er spurningin, hvar eigum við að taka fje til að jafna þennan halla. Er það hægt á fjárlagafrv.? Til þess að ganga úr skugga um það, skal jeg nú sýna fram á, að þó við tökum út *hverja einustu* ólögbundna greiðslu, þá fáum við ekki upp í þetta. Og byrja jeg þá á 7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs eru um

2 milj., eða meira en fjórðungur af tekjunum. Allir munu sammála um, að af þessum lið verði ekki tekið. Þá er alþingiskostnaður, konungsfje, til ráðuneytisins, ríkisfjehirðis, hagstofunnar og utanríkismála o. fl., aftur að 11. gr., sem er samtals tæp ½ milj. kr. Úr þessum kostnaði er hvergi hægt að draga nema leggja niður hagstofuna, og vinnast við það 23 þús. kr., sem er ólögbundið, og auk þess nokkuð við niðurlagning sendiherraembættisins, sem þegar er tekið til greina.

Til dómgæslu og lögreglustjórnar í 11. gr. er alt lögbundið, um ½ milj. Heilbrigðismálin í 12. gr., 678 þús. kr., eru líka lögbundin, og erum við þá komnir að 13. gr., samgöngumálunum. Af þessari grein hafa verið skornar niður af stjórninni *allar framkvæmdir*, hversu nauðsynsynlegar sem þær voru, aðeins gert ráð fyrir viðhaldi á því, sem gert hefir verið, og af skornum skamti þó. Má segja, að þegar svona langt er gengið, eigi enginn útgjaldaliður í fjárlögunum rjett á sjer, því að hjer hefir verið skorið á sjálfa lífæðina.

Næst er 14. gr., kirkju- og kenslumál. Hefir nefndin gert þar nokkuð að til lækkunar við skólana, og verður naumast lengra gengið, ef það fyrirkomulag á að halda sjer, sem nú er. En með breytingu á því mætti spara verulega á þessum lið, sem jeg skal koma að síðar. Í 15. gr., listir og vísindi, er ólögbundið um 135 þús. af 211 þús.

Þá er komið að 16. gr., til verklegra framkvæmda; nemur hún 439 þús. kr. Með því að skera þar niður hvern einasta eyri til framkvæmda má fella þar niður um 410 þús. kr., því að annað í þessari grein er lögbundið. Af 18. gr. má taka alt ólögbundið eftirlauna- og styrktarfje, sem með dýrtíðaruppbót nemur um 60 þús. kr.

Þegar jeg nú dreg þetta saman af allri gjaldahliðinni, sem ekki er lögskipað að greiða, þá verður það:

1.	Á Hagstofunni	kr. 23 þús.
2.	– 15. gr., listir og vísindi	— 135 —
3.	– 16. gr., verklegar framkv.	— 410 —
4.	– 18. gr., eftirlaun og styrktarfje	— 60 —
	Samtals	kr. 628 þús.

Þess er nú að gæta, að af þessum kr. 628 þús. hefir nefndin þegar tekið í sínum lækkunum 160 þús. kr. Það eru því ekki eftir nema 468 þús., sem hægt er að lækka um, og vegur það ekki á móti þeim 800 þús. kr. halla, sem jeg áður gat um. Mismuninn, um 330 þús., er hvergi hægt að taka á frv. að óbreyttu því skipulagi, sem nú er á skólum landsins. Og kem jeg þá aftur að 14. gr. Ef ekki á að afgreiða fjárlögin með tekjuhalla eða stórþyngja enn skatta á þjóðinni, sýnist ekki annað ráð fyrir hendi en að fresta öllu skólahaldi í landinu. Með frestun á skólunum ynnust um 580 þús. kr. Í sambandi við þetta er það vel athugandi, sem líka kom til tals í nefndinni, að með því að taka aðeins einn lið í þessum skólamálum, barnafræðsluna, og fresta henni, sparast um 270 þús. kr. Þessi stóra upphæð liggur í því, að svo er ákveðið í lögum um laun barnakennara, að verði önnur skipun gerð á þessum málum, sem geri kennarana óþarfa, falla niður laun þeirra með uppsagnarfresti. Með þessu væri við það hægt að rjetta tekjuhallann, þar sem vænta má, að allar till. hv. þm. til aukinna útgjalda verði *ekki* samþyktar. Verð jeg að líta svo á, að þetta beri vel að athuga, og ekki get jeg talið það beinan þjóðarskaða, þótt þessum málum væri frestað um sinn.

Þegar nefndin hafði athugað þetta, eins

og jeg nú hefi frá skýrt, var henni líkt farið og ferðamanni, sem kemur að stórfljóti, sem er alófært yfirferðar nema á ís, en hefir þá rutt sig til sjávar. Byltingar undanfarinna ára hafa brotið allar brýr af leið okkar og tefja og teppa alt áframhald. En eins og kuldi náttúrunnar brúar torfærurnar með klaka, eins mun *köld* og róleg skynsemi best fleyta okkur yfir þessa farartálma. Og þá mun sparsemi og gætni, þó í *smáu* sje, eiga sinn stóra þátt þar í. Og ef menn ennfremur athuga það, að verði haldið áfram á þeirri braut, sem undanfarið hefir verið farin, að fá árlega miljóna króna tekjuhalla, þá er skamt til stórra tíðinda. Hjer verður því að stöðva, en það er óhugsandi að gera það nema með föstum og ákveðnum tökum, og má þá ekki komast hjá því, að ýmsum líki ver og sjerstaklega þeim, sem hafa haft þann aðaltilgang að komast sem dýpst í landssjóðinn. Að taka ný lán, til þess að rjetta við fjárhag ríkissjóðs, virtist allri nefndinni óforsvaranleg leið og að líkindum ófær.

Jeg hefi viljað sýna hv. þingdm. fram á, hvílíkt alvörumál hjer er um að ræða, áður en til atkvæða kæmi, en auðvitað verður svo hver og einn að gera það upp með sjálfum sjer, til hverra bjargráða eigi að grípa.

Jeg ætla svo ekki að hafa lengri formála eða fara lengra út í það að sýna fram á, hvernig ástandinu er varið, en ekki verður það hrakið, að taka verður til örþrifaráða til þess að komast yfir alla þröskuldana.

Jeg skal svo fara fám orðum um brtt. nefndarinnar. Þær eru margar, og hefir það í sjálfu sjer ekki mikla þýðingu að fara rækilega út í hverja brtt., því margar þeirra eru svo vaxnar, að þær leiða hver af annari.

Í fyrsta lagi er tekjubálkurinn.

Nefndin hefir þar með fyrstu brtt. lagt það til, að aukatekjurnar væru lækkaðar úr 300 þús. kr. niður í 280 þús. kr. Ástæður nefndarinnar fyrir þessari lækkun eru teknar fram í nál. og eru sjerstaklega þessar, að nefndin telur öldungis víst, að viðskiftin muni fara þverrandi og þar af leiðandi muni falla niður ýmsar aukatekjur, sem verða af miklum viðskiftum. Sýnist það algerlega víst, að aukatekjurnar muni ekki geta náð því, sem stjórnin hefir áætlað þær, enda hafa þær 1923 farið niður í 296 þús. kr. Og því hefir þetta verið lækkað, að nefndin hefir skoðað varlega tekjuáætlun fyrsta og síðasta skilyrðið fyrir sæmilegri útkomu fjárlaganna.

Í öðru lagi er sú brtt. nefndarinnar, að hækka áfengistollinn úr 350 þús. kr. upp í 375 þús. kr. Þessi breyting sýnist vera varleg, með tilliti til þess, að 1923 kemst hann upp í 472 þús. kr. Eins og menn muna, kom og fram á síðasta þingi frv. frá fjvn. þess efnis að hækka áfengistollinn, en var tekið aftur í samráði við hæstv. þáv. forsrh. (SE), þar sem hann taldi, að það gæti komið í bág við samninga þá, sem gerðir voru við Spánverja. Í stað þess lofaði stjórnin að hækka verð á vínum þeim, sem seld væru. Það var þó ekki gert, og urðu því tekjurnar af áfengisversluninni minni en búast hefði mátt við, ef svo hefði verið farið að.

Í þriðja lagi hefir nefndin lækkað kaffi- og sykurtollinn um 25 þús. kr. Hefir hann líka farið lækkandi undanfarin ár, t. d. var hann 75 þús. kr. minni 1923 en 1922. Nefndin gerir og ráð fyrir, að ef höftum verður komið á, muni draga úr innflutningi þessara vara sem annara.

Þá er vörutollurinn lækkaður mjög mikið, eða um 250 þús. kr. Nefndin hefir að

sjálfsögðu búist við því, að af því að innflutningshöftum verði á komið leiði, að innflutningurinn verði miklu minni en verið hefir, og hefir þess vegna gert þessa brtt., að henni þykir ekki líklegt, að tollurinn nái hinni áætluðu upphæð. Ef borið er saman hvað tollurinn var 1923, þá sjest, að hann var að vísu rúm 1 milj. kr., eða 52 þús. kr. meira, en þrátt fyrir tollaukann, sem nú bætist við hann, býst nefndin ekki við, að sá tollauki vegi á móti því, sem höftin draga úr, og hefir því ekki sjeð annað ráð en að lækka tollinn.

Næst er það, að nefndin hefir lækkað gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð um 5 þús. kr. Skiftir það litlu máli, en er fært niður af því að 1923 var það aðeins 16 þús. kr.

Nefndin hefir aftur á móti hækkað tekjurnar af víneinkasölunni upp í 300 þús. kr. Telur hún það ekki óvarlegt, vegna þess, að hún býst við, að horfið verði nú að því ráði, sem drepið var á á síðasta þingi, að hækka verð vínsins, sem selt er.

Þá hefir nefndin enn gert þá brtt. við tekjubálkinn, að lækkaðar sjeu tekjur af bönkum úr 100 þús. kr. niður í 50 þús. kr., enda hefir sá liður aðeins orðið 52 þús. kr. 1923.

Þessar brtt. nefndarinnar við tekjuliðina nema því, að lækkun liðanna verður 350 þús. kr., en hækkunin 75 þús. kr., eða að tekjuáætlunin er lækkuð alls um 275 þús. kr. Og jeg vil leggja áherslu á það enn sem fyr, að þetta er mest gert af því, að nefndin telur það mestan styrk fjárlaganna, að tekjurnar sjeu varlega reiknaðar, svo að gjaldaliðirnir verði aldrei spentir meira upp en hófi gegnir. Og væntir nefndin, að hv. þd. standi með sjer að þessu máli.

Þá kemur næst gjaldabálkurinn.

Fyrsta brtt. nefndarinnar við hann er við 7. gr. og fer fram á að hækka vexti af innlendum lánum um 100 þús. kr. Þetta er fram komið af því, að þegar nefndin kynti sjer skuldir ríkissjóðs við Landsbankann, þá komst hún að því, að talsvert af skuldunum er ekki fært á skuldalista stjórnarinnar, eða fullar 2 milj. kr. Ekki er nefndinni kunnugt um hvort fjárhæð þessi er samningsbundin, en telur, að svo sje ekki. Er ekki búist við, að mikið verði greitt af skuldinni, en þó gerir nefndin ráð fyrir, að eitthvað kunni að greiðast, og er því ekki farið fram á meiri hækkun en svarar til 7% af tæplega 1½ milj. kr. En sú hækkun virðist óumflýjanleg.

Þá er næst brtt. við 10. gr., viðvíkjandi sendiherra vorum í Kaupmannahöfn. Eins og kunnugt er, hefir núverandi sendiherra lagt niður embættið og eins er hjer á ferðinni í þinginu frv. um, að ekki sje að sinni skipaður maður í hans stað. Af því að nefndin telur, að greinilegur þingvilji sje með þessu frv., hefir hún gert þessa brtt., að feld sjeu niður laun sendiherra, risnufje og húsaleiga. Aftur leggur hún til, að skrifstofukostnaðurinn sje hækkaður um 3 þús. kr. Jeg skal engan veginn halda því fram, að sú upphæð kunni að vera hæfilega áætluð, því gert er ráð fyrir, að í þeim lið sjeu falin laun þess manns, sem stjórnin kann að fela sendiherrastörfin, þegar henni þykir þörf til þess. Og eftir nánari upplýsingum, sem jeg hefi fengið, þykir mjer vel hugsanlegt, að þessi liður þyki enn helsti lágt reiknaður. Jeg get og getið þess, að samkvæmt landsreikningunum hefir skrifstofukostnaðurinn farið yfir 19 þús. kr., og þó að jeg miði ekki sjerstaklega við það, getur það þó ef til vill gefið til kynna, að nauðsynlegt sje að hækka þetta. Því þó það

yrði að einhverju leyti, spöruðum við mikið í þessu máli frá því sem verið hefir.

Þá eru næst brtt. við 11. gr. Eru þar fyrst brtt. viðvíkjandi hæstarjetti, ýmsum gjöldum bæjarfógetans í Reykjavík og lögreglustjórans, svo og um 1500 kr. lækkun á húsaleigu lögreglustjóra. Breytingin á hinum þremur liðunum er aðeins fólgin í því að setja „alt að" við upphæðirnar, svo að girt sje fyrir, að yfir þær verði farið.

Næsta brtt. nefndarinnar er við sömu grein, sú að hækka brunaábyrgðar- og sótaragjald um 10 þús. kr. Virðist þessi hækkun óhjákvæmileg, þar sem kostnaðurinn hefir farið yfir 22 þús. kr. 1922, og gjöld þessi fara enn hækkandi, og eru sjerstaklega líkur til þess um ábyrgðargjöldin, að svo fari.

Síðasta brtt. nefndarinnar við 11. gr. er um landhelgisgæsluna; hefir upphæðin verið hækkuð um 30 þús. kr. Nefndinni barst erindi frá hv. sjútvn., þar sem farið var fram á að hækka þennan lið upp í 145 þús. kr. Dylst nefndinni ekki, að hjer er um mikilsvert mál að ræða, og telur nauðsynlegt, að lagt sje til þess alt, sem hægt er, en svo hátt vildi nefndin þó ekki fara. Enda virðist hv. sjútvn. hafa verið á svipaðri skoðun, því hún leggur til, að nokkuð af fjenu sje tekið úr landhelgissjóði. Á það gat nefndin ekki fallist að svo stöddu, þar sem landhelgissjóðurinn er bundinn með sjerstökum lögum, og eins hitt, að mikið af honum er runnið í ríkissjóð og orðið að eyðslufje. Virtist nefndinni því, eins og fjárhagnum er komið, ekki gerlegt að hækka lið þennan nema upp í 80 þús. kr.

Þá eru brtt. við 12. gr. Er það fyrst að lækka skrifstofukostnað landlæknis úr 2 þús. kr. niður í 1500 kr. Er það gert í samræmi við þá skoðun, að klípa verði af hverjum útgjöldum, sem hægt er. En síðan nefndin gekk frá þessu, hefi jeg fengið nokkrar upplýsingar í málinu. Jeg skal samt strax geta þess, að jeg hefi ekki haft tækifæri til að skýra nefndinni frá þeim, og hefir hún því, eins og aðrir hv. þdm., óbundnar hendur í því efni, hvort hún vill hverfa frá þessari brtt. vegna þessara upplýsinga.

Mjer hefir verið skýrt svo frá, að landlæknir hafi fastan mann í skrifstofu sinni, sem vinni þar 6 klst. daglega. Hefir maður þessi lægri laun en nokkur annar í samskonar stöðu, eða 1200 kr. Þær 800 kr., sem eftir eru, tekur landlæknir fyrir húsaleigu, ljós og hita, sem hann sjálfur leggur til. Nú hefir landlæknir fengið tilboð í húspláss þetta, um að leigja það fyrir 1500 kr. Hefir hann því tekið það fram, enda liggur það beint við, að verði skrifstofukostnaðurinn lækkaður, muni hann taka þessu tilboði, sem honum er miklu hagfeldara, og heimta sjer útlagt pláss annarsstaðar fyrir skrifstofu. Jeg vil ekkert segja um þetta, annað en frá mínu sjónarmiði yrði þetta landinu dýrara, en annars ráða menn sjálfir atkvæði sínu um þennan lið.

Næst er brtt. um læknisvitjanastyrkinn. Nefndin leggur til, að stjórnin jafni niður styrk þessum eftir svipuðum hlutföllum og verið hefir. Lítur nefndin svo á, að stjórnin standi betur að vígi í því efni en þingið eða fjvn. Getur, eins og oft vill verða í þeim málum, komið fram karp, þegar um líkar ástæður er að ræða. En það vill nefndin taka fram, að hún ætlast til þess, að ekki verði farið fram úr áætlunarupphæðinni. Jeg get í þessu sambandi minst á brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. (H-Stef) og fleirum, um sjerstakan styrk til læknis í Jökuldals-, Hlíðar-, Tungu-, Hjaltastaðar- og Eiðahreppum. Nefndin hefir

ætlast til, að sá styrkur fælist í þessari upphæð, ef læknir fengist þangað, þó vitanlega geti svo farið, að hann verði lægri en áður var ætlað, því hann verður að vera, eins og allir aðrir styrkir, í hlutfalli við aðalupphæðina.

Þá er hjer næst brtt. um niðurfærslu á launum aðstoðarlæknisins á Ísafirði. Eins og tekið er fram í nál., telur nefndin ekki að ríkissjóði beri skylda til að greiða honum meira en 800 kr. með dýrtíðaruppbót. En þar sem laun hans hafa verið hækkuð undanfarið, með tilliti til launabóta annara lækna, virðist nefndinni ekki rjett að lækka við hann meira en um 500 kr. að sinni.

Þóknanir til lækna, sem kenna við háskólann hjer, augnlæknis, tannlæknis og háls- og eyrnalæknis, hefir nefndin fært úr 1200 kr. niður í 1000 kr. Sömuleiðis ferðastyrk augnlæknis um 200 kr. Um bindandi samninga við menn þessa er nefndinni ekki kunnugt, en upphæðir þessar hafa undanfarið verið mjög á reiki, og taldi nefndin því fært að klípa af þeim eins og öðrum.

Þá hefir nefndin næst hækkað starfslaun við spítalann á Kleppi um 2 þús. kr. Að vísu komu fram ýmsar svipaðar kröfur, sem nefndin sá sjer ekki fært að verða við, en samkvæmt upplýsingum og skýrslu geðveikralæknisins taldi hún þessa hækkun óhjákvæmilega.

Þá eru næst tveir nýir liðir, sem nefndin leggur til, um styrk til byggingar sjúkraskýla og læknisbústaða í Grímsneshjeraði og Borgarfjarðarhjeraði. Samskonar erindi bárust frá mörgum öðrum hjeruðum og var úr vöndu að ráða fyrir nefndina, hverju sinna skyldi. Kom það jafnvel til umtals, að neita bæri öllu, eins og fjárhagurinn væri. Virtist það samt varla gerlegt, og varð þá ofan á að leggja þetta til, af þeim ástæðum, að í þessum tveim hjeruðum virtust málin lengst komin og best undirbúin. Þannig er búið að setja á stofn læknisbústað í Grímsneshjeraði. Síðasta þingi barst beiðni um, að sjerstakur styrkur yrði veittur til hans. En þá leit deildin svo á, að hjeraðið hefði komist að svo góðum kaupum á Geysishúsinu, sem það hafði keypt í þessum tilgangi, að eigi væri ástæða til að sinna beiðni þessari, og var því till., sem fór fram á 3 þús. kr. styrk til læknisbústaðarins, feld. Nefndin vill engan dóm leggja á það, hve hagfeld kaup þessi hafi verið. Til þess þarf alveg sjerstaka rannsókn. Eitthvað hefir hún samt viljað gera í málinu, og hefir því komið sjer saman um styrk til þessarar stofnunar, en þó eigi hærri styrk en hv. þm. kjördæmisins fór fram á í fyrra. Þótt þingið þá feldi þessa beiðni, þótti nefndinni sanngjarnt að taka hana til greina á þann hátt, sem hún hefir gert.

Þá vík jeg næst að beiðni, sem komið hefir frá Borgfirðingum um styrk til læknisbústaðar og sjúkraskýlis. Málið er þar í besta lagi á veg komið; jörð hefir verið útveguð til læknisseturs og nægilegt fje er fyrir hendi af hjeraðsins hálfu. Ekkert er til fyrirstöðu, að hafist verði handa þar. Þar stóð líka svo á, að núverandi læknir hafði, er hann tók við hjeraðinu, fengið loforð um sjúkraskýli og læknisbústað. Mundu hjeraðsbúar því hafa mist hann, ef þessu fengist ekki framgengt, og því sameinuðu þeir sig og lögðu fram fje til þessa. Auk þess má geta þess, að þessi styrkur verður ekki útborgaður úr ríkissjóði fyr en 1925, og munu þá hjeraðsbúar búnir að byggja og leggja alt til í bráðina. Nefndin hefir því viljað leggja til, að þessari beiðni yrði sint af framantöldum ástæðum.

Þá kom og beiðni, er gekk í sömu átt, frá Flateyjarhjeraði. Þar stendur svo sjerstaklega á, að þar er læknislaust og ekki líkur til, að læknir fáist þangað, en læknisvitjun út á við hinsvegar svo dýr (um 200 kr.), að efnaminna fólk fær eigi risið undir slíku. Var því margt, sem mælti með þessari styrkbeiðni, en málið var hinsvegar svo lítið undirbúið, að nefndin sá sjer ekki fært að sinna því nú, einkum þar sem ekki varð sjeð, að hjeraðsbúar hefðu fje fyrir hendi til að leggja fram á móti. Gat því alt lent í strandi, þótt veittur hefði verið styrkur úr ríkissjóði. Nefndin telur það líka jafnan fyrsta skilyrðið fyrir slíkum fjárveitingum úr ríkissjóði, að trygging sje fyrir nægu fje af hjeraðanna hálfu. Fleiri slíkar beiðnir bárust, er margt mælti óneitanlega með, en voru of lítt undirbúnar víðast. Eitt af því, sem nefndinni gekk til að taka þær beiðnir til greina, er fyr var getið, var það, að ella hefði getað safnast fyrir of þungur baggi á ríkissjóð síðar meir, er átt hefði að fullnægja öllum þessum beiðnum. Annars verða víst nóg tækifæri að ræða þetta síðar, þótt jeg kunni að hafa einhverju gleymt nú. Jeg vildi aðeins taka fram ástæður nefndarinnar fyrir því, hvers vegna hún tók þessar tvær beiðnir fram yfir hinar.

Næsta brtt. nefndarinnar víkur að sóttvörnum. Vill nefndin þar hækka fjárveitinguna úr 4. þús. kr., sem stjórnin áætlar, upp í 15 þús. kr. Það virðist ekki geta komið til mála, að hægt sje að komast af með svo lítið fje í þessu skyni, sem stjórnin ætlar. Þessi liður komst árið 1920 upp í 55 þús. kr. Þá stóð að vísu nokkuð sjerstaklega á, en árið eftir nam hann þó 19 þús. kr. og árið 1922 17500 kr. Þetta mun því síst of hátt áætlað hjá nefndinni. Sama er að segja um næsta lið, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins, sem nefndin vill hækka úr 1 þús. kr. upp í 4 þús. kr. Þessi liður hefir verið nokkuð mismunandi undanfarin ár, en árin 1918—20 var hann þó til jafnaðar um 20 þús. kr. á ári. Það er því í fylsta máta rjettmætt að hækka hann, en nefndin hefir þó ekki viljað fara lengra. Sama er að segja um gjöld samkvæmt fátækralögum, sem nefndin leggur til að hækka um 10 þús. kr. Þessi liður varð síðasta ár 82000 kr., og má búast við, að hann verði nú hærri. Nefndin hefir yfirleitt ekki viljað, að útgjöldin væru langt fyrir neðan það, sem áætlað er, heldur sem næst veruleikanum.

Þá kem jeg að næstu brtt. við 12. gr., um lækkun á styrk til Líknar. Samkvæmt tilmælum, sem nefndin hefir fengið, vil jeg leyfa mjer að taka hana út til 3. umr.

Næsta brtt. er um að fella niður styrk til yfirsetukvenna. Nefndin var sammála um, að fræðsla í þessu efni væri komin svo langt áleiðis hjerlendis nú orðið, að ekki væri ástæða til að veita styrki þessa, og það því fremur, sem nefndin leggur til að afnema alla utanfararstyrki. Af sömu ástæðum hefir nefndin komið sjer saman um að fella niður utanfararstyrki til hjúkrunarkvenna.

Fyrsta brtt. við 13. gr. er um að hækka fjárveitinguna til póstmálanna um 6 þús. kr. Auðvitað var miklu víðar ágreiningur milli póstmeistara og stjórnarinnar, en um smávægileg atriði, sem nefndin slepti; en framhjá þessum lið gat nefndin ekki gengið. Póstmeistari sýndi fram á nauðsyn þessarar hækkunar með nákvæmlega sundurliðuðum reikningi, og þingið veit, að póstmeistari er ekki heimtufrekari en þörf krefst. Nú stendur líka svo sjerstaklega á, að í ráði er, að haldinn verði alþjóðlegur póstmálafundur á næsta ári. Jafnvel þótt enginn maður verði sendur

hjeðan á þennan fund, hlýtur þó töluverður kostnaður að leiða af honum fyrir ríkið (eyðublöð o. þ. h.). Nefndinni þótti því sjálfsagt að hækka þennan lið, þar sem póstmeistari áleit, að talsvert af þessum kostnaði hlyti að lenda á árinu 1925.

Næsta brtt. fer fram á að lækka um 3 þús. kr. kostnað við aðstoð vegamálastjóra. Nefndin gerði sjer far um við vegamálastjóra að lækka sem mest þennan lið, þar sem um engar framkvæmdir í þessum efnum er að ræða, og vill sömuleiðis lækka skrifstofukostnað vegamálastjóra um 1500 kr. Mönnum þykir kannske einkennilegt, að ekki sje hægt að lækka þennan kostnað meira, er framkvæmdir allar falla niður, en nefndin felst á röksemdir vegamálastjóra fyrir því, að frekari lækkun geti ekki átt sjer stað, því til eftirlits með viðhaldi er óumflýjanlegt að hafa aðstoðarmann. Nefndin hefir fallist á, af sömu ástæðum, að ekki sje varið meira fje til áhaldakaupa en stjórnin leggur til.

Þá vík jeg að styrk þeim, er síðasta þing veitti til að halda uppi bifreiðaferðum austur um sveitir, en feldur var niður af stjórninni. Nú hefir komið fram samskonar beiðni aftur. Nefndin veit, að styrkur þessi hefir allmikla þýðingu fyrir þessi hjeruð, en er þó til mests hagnaðar fyrir þá einstöku menn eða þann mann, er nýtur hans, því aðrir setja auðvitað niður fargjöld þessar leiðir eins og sá, sem samið er við. En auðvitað hefir hann líka þá skyldu að halda uppi reglubundnum ferðum um leið og hann nýtur hlunnindanna. Nefndin hefir því viljað verða við þessu, en með því skilyrði, að styrkurinn sje aðeins bundinn við ferðir haust og vor. Ferðir um sumartímann munu hinsvegar frekar vera til gamans en gagns. (*MJ*: Hvað er styrkurinn hár?). Það er satt, að fallið hefir úr brtt. upphæðin, en hún mun vera 1000 kr.

Þá kemur næst brtt. nefndarinnar um strandferðirnar. Fjvn. hefir ekki fengið álit samgmn. um þau atriði, er undir hana heyra, bátastyrkina, og geri jeg það því ekki að umtalsefni. Við liðinn til strandferða hefir nefndin bætt við „til Esju", af því ekki er um annað skip að ræða. Ennfremur leggur nefndin til að veittar sjeu 45 þús. kr. til Eimskipafjelags Íslands, og er það nýr liður til strandferða. Ástæður fjel. eru teknar fram í nál., sem sje þær, að fjelagið getur ekki kept við þau útlendu skipafjelög, er halda uppi siglingum hjer við land einungis í gróðaskyni, en skeyta ekkert um hinar smærri og afskektari hafnir. Í öðru lagi á það mjög erfitt með afborganir og vexti af hollenska láninu vegna gengismunar. Síðasta greiðsla á því á að fara fram 1927. Fleiri málaleitanir, sem hafa komið fram frá fjelaginu, sýna, að þörf sje á að styrkja það, og nefndinni er það ljóst, að kostnaður fjelagsins við strandferðirnar er mjög mikill, en hinsvegar brýn þörf á að halda þeim uppi, og hefir hún því komið fram með þessa brtt. Jeg skal geta þess, að samgmn. beggja deilda hafa mælt eindregið með þessum styrk, og að því leyti hefir fjvn. fengið vitneskju frá hv. samgmn., en alls ekki um önnur atriði.

Næstu brtt. nefndarinnar eru viðvíkjandi símakerfinu. 1. brtt. er um að hækka fjárveitinguna til viðauka símakerfisins úr 20 þús. kr. upp í 25 þús. kr. Eftir upplýsingum frá landssímastjóra taldi nefndin rjett að mæla með þessari 5 þús. króna hækkun. 2. brtt. er um hækkun á launum símamanna úr 273150 kr. upp í 300 þús. kr. Þar sem hjer er að ræða um launahækkun, og hana allmikla, þykir

mjer hlýða að gera nánari grein fyrir þessari brtt., einkum þar sem þetta hafði verið allmikið ágreiningsatriði milli landssímastjóra og stjórnarinnar.

Frá till. landssímastjóra hafði stjórnin dregið 24600 kr., og þó öllu heldur 31200 kr., er hún taldi ekki nauðsynlegar greiðslur. Frádráttinn á 24600 kr. byggir stjórnin á því, að hún telur upp ýmsa starfsmenn við símann, sem hún telur ónauðsynlega. Nefndin gerði sjer alt far um að kynna sjer þetta, svo að áætlunin gæti orðið sem næst sanni. Fann hún, að í þessum 24600 kr., sem stjórnin hafði dregið frá, voru laun ýmsra starfsmanna, sem annaðhvort voru komnir í stöður eða óhjákvæmilegt var að skipa. Þannig hafði stjórnin ekki tekið með laun símaverkfræðings, 3500 kr., þar sem enginn var þá í þeirri stöðu, en nú hefir verið skipað í hana. Þá voru dregnir undan tveir símritarar á Seyðisfirði, sem nú eru komnir í þær stöður, og loks var slept einum 1. flokks skrifara og einni varatalsímakonu. Laun þessara starfsmanna nema samtals 18 þús. kr., eða að viðbættri dýrtíðaruppbót þeirri upphæð, sem nefndin leggur til, að áætlunin verði hækkuð um. Nefndin hefir annars ekki tekið afstöðu til ýmsra atriða, sem stjórnina deilir á við landssímastjóra, hvort nauðsynleg sjeu eða ekki. Fylgir hún stjórninni í því, að þau muni ekki vera nauðsynleg, en þessa hækkun taldi hún óumflýjanlega, þar sem menn væru í öllum þessum stöðum og ekki yrði hjá því komist að greiða þeim kaup.

Næsta brtt. er um að hækka fjárveitinguna til bæjarsímans í Reykjavík úr 60 þús. kr. upp í 90 þús. kr. Það þykir sjálfsagt í mikið ráðist að hækka þennan lið um 30 þús. kr., eins og fjárhag ríkisins er komið nú. En þetta er eitt af því fáa, sem gefur ótvíræðar tekjur í aðra hönd. Landssímastjóri telur vafalaust, að fyrir hverjar þúsund kr., sem varið er til aukningar bæjarsímans, aukist tekjurnar um 500 kr., og gefi þetta fje þannig 50% vexti á ári. Auðvitað má segja, að ekki beri brýna nauðsyn til að leggja út í þennan kostnað nú, þar sem hagur ríkissjóðs sje svo þröngur, en nefndin leit þó fremur á hitt, hve miklar tekjur eru hjer í aðra hönd, þar sem þessi viðbót verður greidd að fullu á 2 árum.

Þá leggur nefndin til, að hækkuð sje fjárveitingin til Borðeyrarstöðvarinnar um 5000 kr., bæði vegna þess, að nokkur breyting hefir orðið á launum stöðvarstjórans, þar sem nýr maður er kominn í þá stöðu, en hinn, sem áður var, hafði sjerstakan samning, og svo hafði gleymst í frv. að taka með afborgun og vexti af húseign, sem síminn á þar.

Þá er lagt til að hækka liðinn til eftirlitsstöðva og annara talsímastöðva um 15000 kr., upp í 80000 kr., sem að nokkru leyti er samningsbundið, en stafar að nokkru af fyrirhugaðri aukningu bæjarsímans í Reykjavík.

Loks er stórhækkun á viðhaldi símanna, úr 90000 kr. upp í 110000 kr. Nefndin telur óhjákvæmilegt, að viðhaldið sje í sem allra bestu lagi, og þó að ekki verði veittar nema 90000 kr., kveður landssímastjóri ekki viðlit að komast af með það.

Næsta brtt. er nokkuð á annan veg en ýmsar aðrar, þar sem farið er fram á að hækka skrifstofukostnað vitamálastjóra um 500 kr. Hefir hann sýnt nefndinni fram á það með fullum rökum, að þótt ekki verði reistir nýir vitar á næsta ári, sje svo mikið annríki á skrifstofunni, að þar verði ekki fækkað. Síðastliðið ár var skrifstofukostnaðurinn 4500 kr., og þó að

sennilegt sje, að hann fari fram úr 3500 kr. á næsta ári, vildi nefndin samt ekki fara hærra.

Þá leggur nefndin til, að rekstrarfje vitanna verði hækkað um 5000 kr. Átti hún tal við vitamálastjóra, og taldi hann ekki sennilegt, að komist yrði af með minna. Aftur á móti leggur nefndin til, að fjárveiting til sjómerkja verði lækkuð um 3000 kr., og er það gert í samráði við vitamálastjóra.

Jeg hefi nú farið stuttlega yfir brtt. fjvn. aftur fyrir 13. gr. Auk þeirra liggja fyrir allmargar brtt. frá einstökum þm., sem jeg hefi lítið um að segja, fyr en hv. flm. hafa talað fyrir þeim. Þó að venja hafi verið að lýsa afstöðu nefndarinnar til slíkra brtt. strax í framsögu, ætla jeg að geyma það að þessu sinni, þangað til jeg þarf að svara þeim athugasemdum, sem gerðar kunna að verða við tillögur nefndarinnar. Annars hefi jeg ekki meira að segja um þennan kafla af hálfu nefndarinnar. Getur verið, að mjer hafi láðst að taka eitthvað fram, en þess vil jeg þó biðja hv. deild, að hún láti ekki tillögur nefndarinnar gjalda þess, þó að mjer hafi tekist ófimlega framsagan, heldur líti á hitt, að nefndin hefir viljað leggja alla áherslu á að mæla ekki með öðrum hækkunum en þeim, sem hún telur alveg óumflýjanlegar.

Klemens Jónsson: Jeg hafði búist við, að hæstv. stjórn mundi taka næst til máls, en þar sem hún hefir ekki kvatt sjer hljóðs, vænti jeg þess, að hv. deildarmenn fyrirgefi mjer, þó að jeg grípi strax orðið.

Þegar menn eiga tal við erlenda fjármálamenn um hag ríkissjóðs, spyrja þeir fyrst að því, hvort tekjuhalli sje á gildandi fjárlögum eða tekjuafgangur, og sje þeim sagt, að þau sjeu afgreidd með tekjuhalla, gretta þeir sig og segja, að það sje ákaflega óhyggileg pólitík. Jeg hygg, að þeim mundi fara eins, ef þeir sæju fjárlagafrv. fyrir 1925, eins og hv. fjvn. hefir gengið frá því, að þótt ekki sje nema 100000 kr. tekjuhalli á því, muni þeir telja það óhyggilega ráðið. Auðvitað spyrja þeir ekki um það, hvort fjárlögin sjeu í raun og veru gætilega samin, að áætlunin muni standast, heldur gera þeir að sjálfsögðu ráð fyrir, að svo sje.

Nú hefir háttv. fjárveitinganefnd komist að þeirri niðurstöðu, að áætlun stjórnarinnar í fjárlagafrumvarpinu væri ekki nákvæm í ýmsum atriðum, og breytingar nefndarinnar væru frekar reikningslegar en raunverulegar. Jeg býst þó við því, að hv. nefnd muni eiga erfitt með að sannfæra mig um það, að t. d. allar hækkanirnar til símans, sem nefndin leggur til, sjeu eingöngu reikningslegar, en jeg mun víkja nánar að því síðar. Annars er það vitanlegt um tekju- og gjaldaáætlunina, að oft getur verið mikið álitamál, hvort þetta eða hitt sje rjettara. Jeg hygg, að háttv. þm. muni veitast erfitt að gera það upp fyrir sjer, hvort rjettara sje að áætla aukatekjurnar 1925 300000 kr. eða 280000 kr., enda fer það mikið eftir árferði, eins og getið er um í athugasemdum stjórnarinnar við frv. Einnig er ógerningur að gera upp á milli þess, hvort áætla beri kaffi- og sykurtollinn 25000 kr. lægri eða hærri, eða hvort gjald af brjóstsykur- og konfektgerð eða tekjur af vínein kasölu muni verða nokkrum þúsundum lægri eða hærri. Þetta verður jafnan álitamál, og má engan veginn áfellast stjórn eða þing, þó að komist sje að þessari eða hinni niðurstöðunni.

Jeg drap á það í framsöguræðu minni við 1. umr. þessa máls, að jeg teldi vöru-

tollinn áætlaðan of hátt, eftir upplýsingum, sem jeg hafði fengið síðan jeg gekk frá frv. Nefndin hefir tekið þessa bendingu til greina, að nauðsynlegt sje að lækka áætlunina, og nemur sú lækkun svo miklu, að það heggur djúpt skarð í þann tekjuafgang, sem áætlaður er í frv. Eins er um ýmsa útgjaldaliði, að erfitt getur verið að áætla, hvort þeir muni verða þúsundinu hærri eða lægri, en auðvitað er best að fara varlega, áætla tekjurnar sem lægstar, en gjöldin svo hátt, sem þau mundu frekast reynast. Það hefir ekki altaf verið gert, þó að menn hafi viðurkent, að þetta sje rjettast. En þó virðist mjer, sem hv. fjvn. hafi í þetta skifti gengið lengra í varfærninni en venja hefir verið áður.

Jeg skal þá leyfa mjer að víkja fám orðum að einstaka atriðum í þessum kafla. Tel jeg það sjálfsagða reglu, að einstakir þm. hafi ekki orð um fleiri liði en þeim þykir sjerstök ástæða til að tala um, en þræði ekki hvern lið fyrir sig, eins og frsm. verður að gera, og á þetta ekki síst við um fjöldann allan af brtt., sem komnar eru frá einstökum þm.

Fyrsta brtt. fjvn. er að hækka um 100000 kr. þau gjöld, sem um ræðir í 7. gr. 1. lið, en það eru vextir af innlendum lánum. Ástæðan til þessarar hækkunar er sú, að ekki hafi verið tekið upp á skuldalistann lán Landsbankans, sem er upp undir 2 milj. kr. Þetta er að vísu rjett, en við því ætti að mega búast, eftir þeim sparnaði, sem framkvæmdur verður á þessu ári og lagt er til, að gerður verði á næsta ári, að eitthvað verði greitt af þessum lánum. Þau eru ósamningsbundin, og ber því fyrst af öllu að greiða þau. Af þessari ástæðu áætlaði jeg þennan lið ekki hærri. Getur verið, að rjett sje að hækka hann eitthvað, en jeg hygg, að 100000 kr. hækkun muni reynast óþarflega há.

Þá leggur nefndin til að hækka fjárveitinguna til gæslu landhelginnar um 30000 kr. Jeg er samdóma hv. nefnd, að þessi hækkun sje nauðsynleg. Það hafa komið margar kvartanir um það víðsvegar af landinu, að landhelgisgæslan sje ónóg, og nú alveg nýlega hafa komið alvarlegar umkvartanir frá mönnum austanfjalls. Þar hafa botnvörpungar vaðið inn í landhelgina og gert mönnum svo þungar búsifjar, að þar, sem hefir verið mokafli daginn áður, er oft engan fisk að fá 1—2 dögum síðar. Þessar alvarlegu kærur hafa komið síðustu dagana, og hefir þó varðskipið sýnt mikinn dugnað það sem af er starfstíma þess á þessu ári. Sýnir það ljóslega, að það skip er ekki einhlítt til að verja landhelgina.

Þá leggur nefndin til að hækka talsvert fjárveitingar til ýmsra stofnana til ljóss og hita. Jeg skal geta þess, að við samningu frv. lá fyrir beiðni, jeg hygg undantekningarlaust frá öllum stofnunum og skólum, um hækkun á þessum lið. Jeg fór nákvæmlega yfir þessi erindi, og verð jeg að játa það, að mjer fanst sum á rökum bygð, en þó hvergi nærri öll. Það er alkunnugt, að skólar og svipaðar stofnanir hafa verið fíknar í að fá miðstöðvarhitun og rafmagn, þar sem um það er að ræða. Fyrir miðstöðvarhitun eru jafnan færð þau rök, að við það sparist mikið eldsneyti. En svo undarlega bregður við, að þegar miðstöðvarhitunin er komin, þá er farið fram á hækkun og rökstutt með því, hve dýr hún reynist. Jeg hygg, að meira eftirlit megi hafa með eldiviðar-

eyðslu en gert hefir verið, enda er jeg sannfærður um, að hæstv. stjórn muni hafa alla gát á þessu.

Nefndin leggur til, að hækkuð verði gjöldin til sóttvarna, bæði innanlands og til ráðstafana gegn því, að sóttir berist frá útlöndum. Þetta eru lögboðin gjöld, og verður ekki komist hjá að greiða þau, hvort sem þau reynast mikil eða lítil. Reynslan sýnir, að þau hafa verið mjög á reiki á undanförnum árum. Þó verð jeg að segja, að jeg álít, að komast hefði mátt af með talsvert minni kostnað en gert hefir verið. Jeg hygg, að kostnaðarreikningarnir hafi ekki verið gagnrýndir eins og mátt hefði. Vænti jeg þess, að hæstv. stjórn haldi áfram þeirri reglu, sem jeg hefi gert mjer far um að fylgja 2 undanfarin ár, að athuga nákvæmlega alla reikninga til ríkissjóðs, og er mjer óhætt að segja, að margir eru það ekki, sem hafa komist fram hjá þeim hreinsunareldi. Ætti þingið að hvetja hæstv. stjórn til að athuga alla reikninga nákvæmlega og að það verði brýnt fyrir öllum embættismönnum. Hygg jeg, að við það mætti spara talsvert.

Í þessu sambandi vil jeg leyfa mjer að minna á, að jeg hef afhent hjer í þinginu frv. um berklavarnir. Jeg hef ekki orðið þess vísari, hvar frv. er niður komið, og leyfi jeg mjer því að lýsa eftir þessu frv. einu sinni enn. Komi þetta frv. ekki fram, verður óhjákvæmilegt að hækka að mun áætlunina um kostnað við berklavarnir.

Þá er einn liður, sem háttv. fjvn. hefir bætt við, 1000 kr. styrkur til bifreiðaferða vor og haust frá Reykjavík austur um sveitir. Jeg vil sem þingmaður leyfa mjer að færa nefndinni mínar bestu þakkir fyrir að taka upp þennan lið. Það var af athugunarleysi, eða þó öllu fremur af tilviljun, að þetta var ekki tekið upp í frv., en alls ekki ætlun stjórnarinnar að hætta við þessa tilraun, sem hafin var á síðasta ári og hjeraðsbúar þar eystra voru mjög ánægðir með.

Þó að jeg geri ekki ráð fyrir að verða með miklum hækkunum eða greiða atkvæði með nema örfáum brtt. í þá átt, hlýt jeg þó að aðhyllast 38. brtt. nefndarinnar, um 45000 kr. styrk til Eimskipafjelags Íslands til strandferða. Þetta er að vísu allmikil upphæð, en eins og tekið er fram í nál. og hv. frsm. (ÞórJ) gat um, er hagur fjelagsins talsvert þröngur, en fái það þennan styrk, er sennilegt, að það komist yfir mestu vandræðin, sem það er í. Jeg mun því greiða atkvæði með þessari brtt., en sennilega ekki með öðrum í þessum kafla.

Þá kem jeg að feitasta bitanum, sem er símakerfið. Nefndin leggur til, að þar verði gerðar ýmsar hækkanir, sem nema hvorki meira nje minna en 112 þús. kr. Jeg er sannfærður um, að af þessari upphæð er mjög lítið einungis reikningsfærsla, heldur mesti hlutinn veruleg gjaldaaukning.

Nefndin kemst þannig að orði í nál. um þessa liði: „Reynslan sýnir, að jafnan hafa verið áætluð of lágt gjöldin til símans, enda sjest af skjölum þeim, sem legið hafa fyrir nefndinni, að stjórnin hefir dregið mikið úr tillögum landssímastjóra.“ Þetta væri rjett að orða þannig, að reynslan sýni, að landssímastjóri hafi jafnan farið langt fram úr áætlun, venjulega að stjórninni fornspurðri, sbr. fjáraukalögin fyrir 1922. Jeg veit, að nefndin hafði nákvæma skýrslu um gjöld símans 1922, er jeg krafði landssímastjóra um.

Þá þykir hv. fjvn., að stjórnin hafi ekki áætlað nógu hátt starfslaun símamanna og ekki tekið tillit til launa nokkurra

þeirra símamanna, sem ekki verði komist af án. Það er satt, að stjórnin bjóst ekki við, að símaverkfræðingur yrði skipaður, en sá sjer þó ekki fært að standa á móti því, er landssímastjóri lagði mjög með því. En það er alkunnugt, að ýmsar tilraunir frá landssímans hendi hafa verið gerðar til að smeygja nýjum mönnum inn í fjárlögin og breyta með því launakjörum starfsmanna símans. Er það mjög óviðkunnanlegt, og ber að gæta varygðar við því. — Nýjum starfsmönnum við símann hygg jeg ekki þörf að bæta við, en það get jeg ímyndað mjer, að sje á skrá landssímastjóra.

Þá hefir nefndin áætlað gjöldin við bæjarsímann í Reykjavík 30 þús. kr. hærra en stjórnin. Með tilliti til þess, að bæjarsíminn hefir alveg nýlega fengið miklar og kostnaðarsamar endurbætur, þá virðist þetta vera nokkuð langt gengið, og verð jeg því að ráða hv. deild frá að samþykkja þessa brtt. nefndarinnar. Og þó einhver búist við, að bæjarsíminn gefi af sjer 50% p. a. í gróða, þá mun tæplega verða sú reyndin á.

Þá hefir verið hækkuð um 20 þús. kr. upphæðin til viðhalds landssímanna. En þar sem engra gagngerðra umbóta mun þörf nje aukningar á talsímakerfinu, þá verð jeg að álíta, að 90 þús. kr. ættu að hrökkva til.

Þá kemur manni það undarlega fyrir sjónir, að hv. nefnd skuli hækka skrifstofukostnað vitamálastjóra, þar sem mjög lítið verður þó unnið að vitabyggingum nú. Raunar er þetta lítil upphæð. En í sama mund leggur nefndin til, að lækkaður verði skrifstofukostnaður landlæknis og biskups o. fl. Get jeg raunar verið því samþykkur.

Þá hefi jeg farið nokkuð út í flestar þær till. hv. fjvn., sem jeg finn sjerstaklega ástæðu til að minnast á. Jeg get í fám orðum sagt, að jeg tel flestar hækkanirnar ónauðsynlegar, og mun því greiða atkvæði á móti þeim. Að öðru leyti virði jeg mjög mikils þær tilraunir hv. nefndar, sem fara í þá átt að draga úr útgjöldunum. En hjer hefi jeg fyrir framan mig talsvert af brtt. frá einstökum þm., og þykir mjer leitt til þess að vita, að fæstar af þeim virðast vera í samræmi við þá viðleitni stjórnar og hv. fjvn., að minka nú öll útgjöld sem mest. Er hjer sumstaðar um allháar upphæðir að ræða, og mun jeg greiða atkvæði mitt móti þeim velflestum.

Ein sparnaðartill. er þó á ferðinni, sem er slíks eðlis, að jeg get ekki fallist á hana. Er það till. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um að fella niður styrkinn til útgáfu manntalsins 1703. Eins og menn muna, var það samþykt á þinginu í fyrra, og lýsti jeg þá allrækilega, hversu merkilegt þetta handrit væri, ekki hvað síst fyrir íslenska ættfræði, en svo sem menn vita, þá er ættfræðin grundvöllur allrar sagnfræði. Rit þetta er sannkallað „unicum", engin önnur þjóð á rit, sem svo merkilegt er í sinni röð, og hver menningarþjóð myndi hafa flýtt sjer að gefa svo merkilegt rit út. Í því efni er okkur þó nokkur vorkunn, þar sem svo stutt er liðið frá því að mönnum varð kunnugt um, hvar rit þetta var niður komið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg lýsti yfir því í byrjun, að jeg myndi geyma til 3. umr. að fara nokkrum orðum um fjárhagsástand landsins og gera þá ef til vill nokkrar aths. og viðauka við skýrslu hæstv. fyrv. fjrh. (KlJ), er hann kom með í byrjun 1. umr.

Jeg skal þó nú þegar segja nokkur orð, sem nál. hv. fjvn. og orð hv. 2. þm. Rang.

(KlJ) gáfu tilefni til. Jeg skal þá strax taka það fram, að jeg er nefndinni yfirleitt þakklátur, og verður ekki annað sagt en hún hafi sýnt alvarlega viðleitni í þá átt að gera fjárlagafrv. að rjettri mynd af tekjum og gjöldum ríkisins 1925.

Hv. fjvn. hefir fært niður tekjuhliðina. Og fyrir fjárhaginn er það mjög þýðingarmikið, að hún sje gætilega sett, svo hún verði ekki undir áætlun og fremur verði líkur fyrir einhverjum umframtekjum til að vega upp á móti óhjákvæmilegum umframgreiðslum. Þetta hefir nefndin skilið rjett. En því miður vantar þó ennþá mikið á, að tekjuhliðin sje eins gætilega áætluð eins og vant var á hinum fyrri löggjafarþingum.

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) taldi álitamál, hvort tekjuhliðin væri rjettar áætluð hjá stjórninni eða nefndinni. En það á aldrei að vera neitt álitamál, þegar ræðir um tvær tekjuáætlanir, að þá er sú lægri ávalt rjettari, af því að hún er gætilegri. Á gætni og ógætni í því efni getur afkoma ríkissjóðs oltið. Að öðru leyti get jeg undirstrikað það, sem hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) sagði, að naumast munu öll kurl vera komin til grafar útgjaldamegin, svo sem kostnaðurinn út af berklavarnalögunum. Í stjfrv. er miklu lægri upphæð tiltekin í þessu skyni en greiða verður að lögunum óbreyttum og mun lægri en greiða verður samkv. þeim brtt. við berklavarnalögin, sem mjer hafa verið afhentar og þó fara fram á talsverða minkun þessara útgjalda. Þetta frv. hefir raunar komist úr mínum vörslum, og er ekki vitað, hvar það nú er niður komið, en það mun þó ekki skaði skeður, þar sem jeg hefi tilbúið annað samskonar frv., sem fer þó öllu lengra í breytingum sínum.

Þá kem jeg að öðrum lið, sem er dýrtíðaruppbót embættismanna. Það mun fyrirsjáanlegt, að hún verður hærri árið 1925 en hún er nú, og mun hún of lágt áætluð í frv. stjórnarinnar.

Þá vil jeg benda hv. fjvn. á það, að tíska hefir verið að greiða utan fjárlaga ýmisleg gjöld eftir eldri lögum og þál. Jeg álít, að komast beri burt frá þeirri venju að greiða þau gjöld, nema þau sjeu tekin í fjárlögin. Stjórnarskráin (37. gr.) kveður líka svo á, að ekkert gjald megi greiða, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Nú er í fjárlögum gert ráð fyrir fjárgreiðslum út af lögum, sem samþykt eru á þessu þingi, en þá vantar aðeins á, að gerðar sjeu till. um fjárgreiðslur samkv. eldri lögum og þál. Virðist þó innan handar að gera það. Virðist rjettast að líta svo á, að fjárveitingum samkv. eldri lögum, sem ekki væru teknar upp í fjárlögin, væri frestað.

Hvað þál. viðvíkur, þá eru þær sjálfar ekki neinar fjárgreiðsluheimildir, nema hvað stjórnin getur greitt þau gjöld upp á fjárveitingu eftir á. Því þyrfti að taka upp í fjárlögin þær greiðslur út af þál., sem nefndin leggur til, að greiddar verði. Skal jeg um leið geta þess, að stjórn sú, sem jeg á sæti í, mun tæplega telja sjer skylt að greiða fje samkv. þál., nema alveg sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi.

Viðvíkjandi hinum einstöku till. þarf jeg ekki að vera margorður. Þó skal jeg taka það fram, að jeg styð brtt. nefndarinnar við 7. gr., um að færa upp vexti af innlendum lánum um 100 þús. kr. Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) var raunar þeirrar skoðunar, að hægt myndi verða að borga eitthvað af lánunum með tekjuafgangi ársins 1924, og því myndi ekki þörf að gera ráð fyrir svona miklu fje til vaxtagreiðslu. En tekjuhallinn síðastliðið ár var nærfelt 2 milj. kr., og byrjum við nú árið 1924 með nokkurn veginn jöfnum tekjustofnum

sem 1923. Og þó við fellum niður flestar verklegar framkvæmdir, þá er sú upphæð þó ekki hærri en innan við hálfa miljón. Það þarf því varla að gera ráð fyrir, að tekjuafgangur verði til að borga miklar skuldir, nema slíkar tekjur komi ríkissjóðnum af einhverjum nýjum ráðstöfunum, sem þingið gerir. En jafnvel þó einhver afgangur fengist vegna þeirra ráðstafana, þá myndi hann ekki líkt því nægja til að greiða þær lausaskuldir, sem saman hafa safnast og jeg mun gera nánar grein fyrir við næstu umr.

Annars verð jeg að segja, að jeg er yfir höfuð á móti nærfelt öllum hækkunartill., nema þær sjeu áætlunarleiðrjettingar, svo sem eru till. hv. fjvn. til hækkunar á nokkrum gjaldaliðum.

(Aftan af ræðunni mun vanta alllangan kafla. — *J. þ.*).

Jörundur Brynjólfsson: Jeg kvaddi mjer hljóðs meðfram vegna brtt., sem jeg á við þennan kafla fjárlaganna, sem nú er til umræðu.

Jeg get fúslega tekið undir með þeim mönnum, sem talað hafa um, að störf hv. fjvn. hafi ekki verið sem skemtilegust að þessu sinni, því frekar nú en áður, þar sem fyrir henni hafa legið til úrlausnar ýms vankvæði, sem ekki hafa áður verið. Þó nú að sumum hv. þm., sem ekki eiga sæti í henni, þyki ef til vill nokkuð langt gengið að því er snertir ýmsar sparnaðartill., þá vil jeg segja, að henni sje vorkunn, og það miklu frekar nú en áður. Jeg er hv. nefnd mjög þakklátur fyrir það, að hún virðist hafa áætlað tekjurnar fyrir árið 1925 mjög varlega, — miklu varlegar en gert er í núgildandi fjárlögum, því að þar er gert ráð fyrir miklu meiri tekjum en líkur eru til, að þær muni verða. En eins og jeg hefi tekið fram áður, tel jeg það eitt hið hættulegasta fyrir fjárhag okkar að áætla tekjurnar óvarlega. Jeg tel það ennþá skaðlegra en þó að skilið sje við fjárlögin með töluverðum tekjuhalla. Hefir slíkt oft komið fyrir áður, en það, sem þá hefir bjargað og bætt upp tekjuhallann, hefir verið hin varlega áætlun teknanna, sem þá hafa altaf farið fram úr áætlun, og það svo mjög, að þó að gjöldin hafi farið fram úr áætlun, hefir það ekki komið að sök. Hv. fjvn. á því þakkir skilið fyrir að hafa gengið feti framar í þessu en gert var í stjfrv.

Um meðferð hennar á gjaldahlið frv. geta eðlilega verið skiftar skoðanir. Þó nú að þær sparnaðartillögur, hver út af fyrir sig, geti ekki talist stórvægilegar, þykist jeg skilja hugsun nefndarinnar í þessu efni, sem sje þá, að vilja draga úr öllum mögulegum útgjöldum ríkissjóðs, til þess að reyna að tryggja fjárhag hans. Mun jeg því styðja nefndina að þessu leyti, eftir því sem jeg get.

Þó jeg að sjálfsögðu styðji þessa grundvallarhugsun nefndarinnar, eru þó sumar tillögur hennar, sem jeg get alls ekki fallist á, og býst jeg við, að hv. fjvn. komi það ekkert óvart. Þá eru og nokkrar tillögur hennar svo vaxnar, að ekki hefir orðið komist hjá þeim greiðslum, og því rjettara að taka þær upp í fjárlög. Um þetta er vitanlega ekkert að segja. En aftur eru nokkrar tillögur hennar til aukaútgjalda, sem jeg get alls ekki fallist á, og skal jeg þar sjerstaklega nefna till. um hækkun til símalína, t. d. aukinna símalína í Reykjavík o. fl. Þar er farið fram á allstórar upphæðir, sem jeg get ekki með neinu móti greitt atkvæði með. Úr því að svo er komið fjárhag vorum, að við verðum að draga úr öllum verklegum framkvæmdum úti um land, er ekki nema

eðlilegt, að dregið sje einnig úr hinum miklu gjöldum hjer í Reykjavík.

Um þær brtt. hv. fjvn. við síðari kafla fjárlaganna, sem horfa til sparnaðar, skal jeg ekki tala nú.

Við þennan kafla fjárlaganna á jeg aðeins eina brtt. og er auk þess meðflutningsmaður að annari, og býst jeg við, að fyrsti flm. hennar hafi þar orð fyrir okkur. Brtt. mín er við 25. lið a. á þskj. 163, en er á þskj. 196,IV. Er hún um að hækka styrkinn til Grímsneslæknishjeraðs úr 3 þús. kr. upp í 9 þús. kr. Þar sem tillaga þessi er til hækkunar, mun jeg víkja að því, af hverju jeg hefi leyft mjer að koma fram með hana. Háttv. frsm. (ÞórJ) vjek að þessu máli í framsöguræðu sinni, en ummæli hans gáfu ekki beinlínis ástæðu til andsvara, en þó mun jeg síðar í ræðu minni víkja að þeim.

Fyrir háttv. fjárveitinganefnd lágu plögg frá þeim mönnum fyrir austan, er höfðu með höndum byggingu læknisbústaðarins og sjúkraskýlisins í Laugarási. Er þegar sýnt fram á, að húsið hafi kostað rúmar 30 þús. kr., að undantekinni jörðinni. Nú sækja menn þessir til þingsins um samskonar upphæð og venja hefir verið að veita slíkum sjúkraskýlum, sem sje ⅓ kostnaðar. Og þó að undarlegt sje, hefir hv. nefnd ekki getað orðið við þessum tilmælum, en leggur aftur á móti til, að læknishjeraðinu sjeu veittar 3 þús. kr. eða ⅓ af því, sem landið er vant að veita í þessum tilfellum, og nær það tæplega því að vera $^1/_9$ af því, sem skýlið kostaði. Þessu til stuðnings færir nefndin fram í áliti sínu, að hjeraðið hafi áður fengið óbeinlínis styrk, með kaupum á Geysishúsinu, sem rifið var í fyrra og flutt að Laugarási og haft í læknisbústaðinn. Hefðu nú engar aðrar upplýsingar en umr. hjer á Alþingi í fyrra legið fyrir hv. nefnd um þau hlunnindi, sem hjeraðið hefir haft af húsakaupum þessum, væri skiljanlegt, að hún hefði hagað tillögum sínum á þennan hátt. En svo vel vill til, að á síðasta þingi lá engin umsókn fyrir um styrk til þessa sjúkraskýlis, af því að húsið var þá í smíðum og ekki kunnugt um, hvað það myndi kosta. Eru því þau ummæli, að fyrir hafi þá legið styrkbeiðni um 3 þús. kr., alveg röng. Heldur var það flutt af þingmönnum sýslunnar, án þess að hjeraðsbúar óskuðu þess. En út af þeim móttökum, sem þessi tillaga fjekk hjá hinu háa Alþingi, ljet nefnd sú, er sá um bygginguhússins, mæla upp allan viðinn úr Geysishúsinu og reikna hann til rjetts verðs, eins og verðið var á nýju timbri austan fjalls á þeim tíma er húsið var bygt, og reikna svo á honum hæfilega fyrningu. Þessi plögg lágu nú fyrir háttv. fjvn., og hefði hún því getað sjeð, hver hlunnindi læknishjeraðið hefir hlotið við kaupin á húsi þessu. Sannleikurinn er sá, að þegar búið var að reikna flutningskostnað á húsinu frá Geysi til Laugaráss, það sem hann var meiri en ef timbrið hefði verið flutt af Eyrarbakka, og auk þess 20% fyrningu á efninu, þá stóð alveg heima kostnaður og ábati. Það var hvorki gróði nje tap á kaupunum, nema hvað reikna hefði mátt meiri fyrningu en 20%, þar sem húsið var orðið gamalt og hafði aðeins einu sinni verið málað á 15 árum.

Matið á húsinu var framkvæmt af mjög trúverðugum mönnum, og jeg vona því, að hv. fjvn. geti ekki vefengt þessa reikninga. Og jeg vænti þess, að þar sem hæstv. atvinnumálaráðherra þekkir einn manna þessara mjög vel og veit, að hann nafnfestir ekki þau skjöl, sem ekki eru rjett, þá efist hann ekki um, að hjer er með rjett mál farið,

Mjer skilst háttv. fjvn. byggja ummæli sín í nál. um styrk þann, er hún vill veita læknishjeraðinu nú, á því, að það hafi hlotið óbeinlínis styrk með húsakaupum þessum, því að háttv. nefnd segir þar, að ekki sje sanngjarnt að svifta læknishjeraðið öllum styrk, og vilji hún því sýna einhvern lit og búist við, að hjeraðsbúar geri sig ánægða með þessar 3 þús. krónur, þó að nú liggi fyrir hærri kröfur. Hefði það verið handahófsregla, sem fylgt hefir verið við úthlutun á þessum styrkjum undanfarið, gat þetta verið rjett. En þar sem það hefir verið föst regla að borga ⅓ kostnaðar við sjúkraskýlin, þá fæ jeg ekki skilið, hvernig hv. fjvn. getur látið sjer detta í hug, að hjeraðsbúar geti gert sig ánægða með það að fá $^1/_9$. Þeir hefðu áður verið búnir að fá nokkurn styrk. En svo var nú ekki, því að alt þetta hjal um gróða við húsakaupin er vitanlega ekkert nema hugboð og margsannað, að svo er. Hefði háttv. nefnd af sparnaðarástæðum ekki sjeð sjer fært að verja neinu fje í þessu skyni, þá var á það lítandi og ekkert um það að segja. En með næstu tillögu getur maður sannfærst um, að svo er ekki, því að þar leggur nefndin til, að eitt læknishjerað fái 15 þús. kr., sem mun vera nálægt ⅓ áætlaðs kostnaðar. Það er langt frá mjer að ætla að andmæla þessari tillögu, því að nefndin segir, að hætta sje á, að hjeraðið verði læknislaust, ef læknisbústaður og sjúkraskýli verði ekki bygt. Er það ærin ástæða til þess, að þingið geri sitt besta í þessu efni. En það, sem jeg vildi vekja athygli á, er, að þarna vill háttv. fjvn. verða við þeim óskum hjeraðsbúa, að veita þeim sem næst ⅓ kostnaðar. En mín brtt. fer ekki fram á ⅓. Ætti því hv. nefnd af þeim ástæðum, ekki síður að geta fallist á hana. Hv. fjvn. víkur svo síðar í nál. að því, að sjerstakar ástæður hafi verið fyrir hendi með þessi tvö læknishjeruð, og því hafi hún komið fram með brtt. sínar. En nú er svo ástatt í hjeruðum þessum, að annað þeirra er búið að byggja, en hitt aðeins á pappírnum. Liggur því í hlutarins eðli, að það hjeraðið, sem búið er að byggja, á sanngirniskröfu á að fá þann styrk, sem venjulegt er að veita læknishjeruðum, er svona stendur á. Það er vitanlega ofboð þægilegt, þegar hjeraðið er búið að leggja út í þann mikla kostnað að byggja læknisbústað ásamt sjúkraskýli, að bregða þá fyrir það fæti og segja, að það fái ekki nema svo og svo lítið. En slík hugsun er ekki í samræmi við það, að vilja launa framtakssemina.

Annars er jeg hissa á, að háttv. fjvn. skyldi fara að gefa tilefni til að láta Geysishúsið dragast inn í umræðurnar nú, með því að rökstyðja tillögu sína í nál. með því, að hún líti svo á, að læknishjeraðið hafi óbeinlínis fengið styrk með kaupunum á því, þar sem hún mátti búast við, að fulltrúarnir myndu andmæla þessari fjarstæðu, sem slegið var fram í þinginu í fyrra alveg út í bláinn.

Úr því að farið var að draga þetta mál inn í þessar umræður, get jeg ekki annað en gengið nánar inn á þau ummæli, sem höfð voru hjer um það í fyrra og nefndin endurtekur nú í nál. sínu, til þess að sýna fram á allar þær staðleysur, sem um það hafa verið sagðar.

Húsi þessu var illa haldið við, ójárnvarið, nema aðeins þakið, og hjelt hvorki vindi nje vatni. Eftir 15 ár var það svo selt á 3 þús. kr. Það var að vísu gert lítilsháttar við það haustið áður en það var selt, en það var ekki neitt, sem um munaði. Jeg get viðurkent það, að bygg-

ingarefni hækkaði á þessum árum, en það var ábyggilega ekki meira en sem svaraði fyrningu á húsinu. Því að húsið hafði gengið mjög úr sjer, einkum vegna þess, að þess var mjög illa gætt.

Mjer er ekki grunlaust um, að þetta eigi að vera refsing fyrir það, að húsið var selt, en þá er það mjög einkennilegt, hvar sú refsing kemur niður. Það virðist rjettara, að sú refsing kæmi þá niður á rjettum aðilja, en ekki saklausum hjeraðsbúum, sem alls ekki höfðu sóst eftir húsinu, þó þeir hins vegar keyptu það, þegar þeim var boðið það, og hafa auðvitað búist við að hafa einhvern hag af kaupunum, því annars hefðu þeir eigi gert þau. (*HK*: Hver bauð þeim húsið?). Háttv. þm. Barð. ætti ekki að þurfa að spyrja að því, hver bauð það. Jeg get vel sagt hv. þm., hver það var, en jeg býst við, að hann viti það, og af Þingtíðindunum má nokkurn veginn sjá það. En ef hv. fjvn. vill synja styrks vegna þess arna, þá hefði verið sönnu nær að láta refsingu koma niður á þeim, sem sökina á. Og þó svo væri, að með þessari sölu hafi verið farið illa með landsfje, þá varð það ekki til neinna hagsmuna fyrir hjeraðsbúa. Jeg vænti þess svo, að ef hv. frsm. (ÞórJ) hefir eitthvað við þessu að segja, þá komi hann fram með það, því að jeg vil fá að heyra, á hverju hv. fjvn. byggir þessa till. sína.

Þótt hv. fyrv. þm. þessa kjördæmis hafi flutt till. um þetta á síðasta þingi, þar sem nefnd var ákveðin, lág upphæð, þá var það ekki af því, að hann vildi ekki, að þetta hjerað fengi hlutfallslega eins mikinn styrk og önnur hjeruð, heldur vegna þess, að honum var eigi kunnugt um kostnaðinn, og þetta var því aðeins áætlunarupphæð hjá honum, og það alt saman í besta skyni gert. Það þýðir því ekkert að skírskota til hans í þessu máli. Ef hv. fjvn. hefði fundist fjárhagur ríkisins svo bágborinn, að ómögulegt hefði verið að veita nokkra styrki í þessu skyni, þá hefði jeg máske ekkert sagt, þó að þetta hjerað hefði ekkert fengið að þessu sinni, þó þar með hefðu vitanlega verið brotin loforð þingsins. En það er auðsjeð, að það hefir alls ekki verið meining hv. nefndar, því hún hefir lagt til, að hærri styrkir væru veittir en það, sem jeg fer fram á að þetta hjerað fái. Jeg vonast því eftir, að hv. deild leiðrjetti þetta með því að samþykkja till. mína.

Jeg ætla mjer svo ekki að fjölyrða frekar um þetta, en jeg ætla þó að minnast aðeins á það, sem háttv. frsm. sagði, að nefndin ætlaði sjer ekki að leggja neinn dóm á þau hlunnindi, sem hjeraðsbúar hefðu haft af því að kaupa Geysishúsið. Það má vel vera, að hún hafi ekki ætlað að gera það, en þó hefir hún óbeinlínis gert það, og beiti hún sjer gegn tillögu minni, þá leggur hún dóm á þetta og það rangan dóm. Hún ætti því að vera fylgjandi brtt. minni.

Jeg vonast nú eftir, að hv. þdm. afsaki, þótt jeg hafi orðið nokkuð langorður um þetta mál. Jeg var neyddur til þess sökum till. hv. fjvn. að vera nokkuð langorður um þetta, þó mjer sje það hinsvegar alls ekki ljúft að lengja umræður úr hófi fram.

Að því er snertir 36. brtt. nefndarinnar, skal jeg taka það fram, að jeg er nefndinni þakklátur fyrir þann styrk, sem hún ætlar til bifreiðaferða austur. Jeg er hv. nefnd sammála um það, að styrkinn eigi að veita vor og haust, og jeg álít ástæður þær, sem nefndin færir fram fyrir því, rjettmætar.

Forsætisráðherra (JM): Það eru að-

eins örfá orð, sem jeg ætla mjer að segja um þennan kafla fjárlaganna. Mjer finst niðurfærslur nefndarinnar vera mjög vel skiljanlegar. Þó þær komi víða hart niður, þá tel jeg þær víðast forsvaranlegar, því það er yfirleitt fylgt sömu reglu.

Jeg skal geta þess, að jeg hygg að upphæð sú, sem nefnd er í b-lið 9. brtt., við 10. gr., sje heldur lág. Háttv. fjvn. leggur til, að sá liður sje áætlaður 17 þús. kr., en jeg held, að það sje of lítið, og muni ekki veita af alt að 20 þús. kr. til launa handa forstöðumanni og til húsaleigu og yfirleitt til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn. Og ef litið er á þá reynslu, sem fengist hefir á árunum 1922 og 1923, þá virðist auðsætt, að það sje ekki of mikið. Svo getur það líka farið nokkuð eftir gengi íslensku krónunnar hversu hár þessi liður verður. En jeg tel þetta áætlunarupphæð, og er þá ekki af atriði, hvort liðurinn er lítið hærri eða lægri.

Hv. frsm. mintist á skrifstofukostnað landlæknis, og jeg hefi engu við það að bæta, sem hann sagði um þann lið. Jeg býst við, að sá kostnaður hljóti að verða hærri en nefndin hefir áætlað hann.

Að því er snertir 17. brtt. nefndarinnar, þá skal jeg geta þess, að jeg býst við, að það verði mjög erfitt fyrir stjórnina að úthluta þeim styrk, sem ætlaður er til læknisvitjunar í sveitum, sem eiga erfiða læknissókn. Einkum verður það erfitt þegar búið er að klípa utan úr þeim styrk 1500 kr. til sjerstaks læknis, svo hann er aðeins 3500 kr. En jeg finn hinsvegar ekkert að því, þó þessi styrkur hafi verið lækkaður, því mjer finst að hann hefði mátt falla alveg burtu. Það er svo sáralítið, sem hver sveit fær, að það munar ekkert um það. Þess ber líka að gæta, að heilbrigðismálin taka til sín mjög mikið fje, og það hefir farið sívaxandi. Og ef það er borið saman við fyrri tíma, þá má segja, að það hafi vaxið gífurlega síðustu árin.

Sjúkraskýli finst mjer vera rjett að styrkja. Annars tel jeg rjettara, að tekin væri upp sú regla, sem hv. þm. V.-Sk. (JK) leggur til, að þingið veitti ákveðna upphæð á ári í einu lagi, svo mikið, sem það telur fært, til sjúkraskýla og læknisbústaða, og stjórnin úthluti svo styrknum eftir því sem við á.

Jeg hefi svo ekki mikið meira um þetta að segja. Jeg skal taka það fram, að mjer finst býsna hart að lækka styrkinn til „Líknar". Jeg held það væri rjett að halda þeim styrk eins og hann hefir verið. Sömuleiðis álít jeg rjett að veita sæmilegan styrk til utanferða yfirsetukvenna, því að slíkur styrkur hefir altaf verið veittur síðan fyrst jeg man eftir, og jeg tel hann nauðsynlegan.

Jón Kjartansson: Jeg ætla mjer ekki að þreyta háttv. þdm. með neinum almennum athugasemdum um fjárlögin. Það er aðeins vegna tveggja brtt., sem jeg á á þskj. 196, að jeg tek nú til máls. Það er alls ekki vegna þess, að jeg hafi neina löngun til að eyða fje ríkissjóðs, að jeg ber þessar brtt. fram, heldur er það knýjandi nauðsyn, sem hefir komið mjer til þess. Jeg hefði helst viljað vera stuttorður, en sökum almennra athugasemda háttv. frsm. fjvn. viðvíkjandi þessum brtt. mínum, verð jeg að segja nokkuð frá tildrögum þessa máls. Jeg vil nú þegar nota tækifærið til þess að taka undir það með hæstvirtum forsætisráðherra, að það er illmögulegt fyrir þingið yfirleitt að taka einstök sjúkraskýli inn í fjárlögin, því jeg tel erfitt að gera upp á milli

þeirra. Það er alveg rjett, sem hæstv. forsrh. (JM) tók fram, að það er best að þingið veiti eina heildarupphæð til sjúkraskýla og svo skeri stjórnin úr því þegar til framkvæmdanna kemur, hvernig styrknum verði úthlutað.

Háttv. frsm. gat þess, að undirbúningur heima í hjeraði hafi ekki verið fullkominn hjá öðrum hjeruðum en Borgarfjarðar; en þetta er ekki rjett og getur engan veginn átt við Mýrdalshjerað. Skal jeg koma að því síðar.

Önnur brtt. er þess efnis að fá 15000 kr. styrk til sjúkraskýlis og læknisbústaðar í Vík í Mýrdal. Jeg þarf eigi að skýra hv. þdm. frá því, hvernig ástandið er að því er snertir samgöngur á sjó og landi í þessu hjeraði og hversu erfitt er að koma sjúklingum burt þaðan í sjúkrahús í öðrum hjeruðum, þegar á þarf að halda. Jeg skal til dæmis nefna það, að fyrir nokkru þurfti að koma sjúkling í sjúkraskýli og það var tekið það ráð að flytja hann til Vestmannaeyja á mótorbát, en þegar báturinn kom í höfn í Vestmannaeyjum, dó sjúklingurinn, og hlýtur öllum að vera það ljóst, að svo erfið ferð með sjúklinga getur haft mjög alvarlegar afleiðingar. Einnig hefir það komið fyrir, að þurft hefir að flytja sjúklinga landveg að Stórólfshvoli eða til Reykjavíkur, því ómögulegt er að byggja á því, að hægt sje að koma þeim sjóleiðis sökum hafnleysisins.

Eins og jeg hefi þegar tekið fram, er það alls ekki rjett hjá hv. frsm. að þetta mál hafi verið illa undirbúið. Það er langt síðan hafist var handa þar eystra og byrjað á fjársöfnun og öðrum undirbúningi málsins. Einkum var á árunum 1919 og 1920 unnið að fjársöfnun til sjúkraskýlis, og fengust loforð um 30000 krónur og mun af því fje vera innborgaðar nálægt 25 þús. kr. Og ef þetta er ekki nokkur undirbúningur, þá veit jeg ekki, hversu mikinn undirbúning háttv. fjvn. vill heimta. Það er rjett, að það lá ekki fyrir nefndinni nein áætlun um þetta, eða teikning af byggingunni, en jeg tjáði þegar hv. fjvn. orsakir þess, sem voru þær, að húsameistari ríkisins var að vinna að teikningunum og hafði ekki lokið við þær þegar fjárveitinganefnd fjekk málið til meðferðar. Það er líka eitt, sem er mjög mikilsvert fyrir þetta hjerað; það er að fá ungan og góðan lækni. Nú gegnir hjeraðslæknisembættinu í þessu hjeraði aldraður maður, sem var góður læknir á sínum tíma. Þessi maður mundi ekki taka að sjer að starfa við sjúkraskýli, og hefir hann þess vegna lýst því yfir, að hann mundi segja af sjer þegar skýlið kæmi. Árið 1920 höfðu hjeraðsbúar í hyggju að koma skýlinu upp, en vegna dýrtíðar þá var framkvæmdum frestað. Hjeraðsbúar hafa hinsvegar reynt að fá ungan lækni austur, en það hefir ekki reynst mögulegt, því sá maður, sem þangað færi án þess að fá hjeraðslæknisembættið, gæti ekki vonast eftir að fá aðrar tekjur en það, sem hann hefði upp úr „praksis", en „praksis" er auðvitað ekki mikill þar, einkum þar sem ekkert sjúkraskýli er til. En nú er svo komið, að þessi aldraði góði maður er reiðubúinn til að segja af sjer hvenær sem nýr læknir fengist. Vona jeg, að hv. þdm. sjái, hve mikla þýðingu það hefir fyrir þetta fjarlæga og einangraða hjerað, að það fái styrk til sjúkraskýlis nú. Uppdrátt af byggingunni og kostnaðaráætlun, hvorttveggja gert af húsameistara ríkisins, hefi jeg nú í höndum, eins og jeg hefi skýrt hv. fjvn. frá. Kostnaðaráætlunin er kr. 46500,00.

Jeg efast mjög um, að rjett sje hjá hv.

frsm. fjvn., að hvergi sje meiri nauðsyn en í Borgarfjarðarhjeraði að koma upp sjúkraskýli nú. Jeg veit, að það er nauðsynlegt að byggja skýli þar, en þó hygg jeg, að aðstæður sjeu allólíkar þar og í Mýrdalshjeraði. Samgöngur eru í besta lagi í Borgarfirði og ungur, duglegur læknir situr í hjeraðinu, en í Vík situr aldraður læknir, sem getur ekki lengur notið sín. Er þó fjarri mjer að ásaka nokkuð þennan heiðursmann. Altaf þegar um alvarleg sjúkdómstilfelli er að ræða þar eystra, þá þurfa menn að leita annaðhvort til Síðu- eða Rangárhjeraðs eða jafnvel alla leið til Reykjavíkur. Allir hv. þdm. sjá erfiðleikana á þessu og þann kostnað, sem þetta hefir í för með sjer. Vænti jeg þess því fastlega, að fje verði veitt til þessa sjúkraskýlis, því að hvergi stendur eins á og jeg get ekki sjeð, að annað samskonar mál sje betur undirbúið, og míntist þó frsm. ekki á neinn undirbúning.

Þá hefi jeg einnig aðra brtt, um viðbótarstyrk til sjúkraskýlis og læknisbústaðar á Síðu. Síðastliðið ár voru veittar í fjáraukalögum til þessa skýlis 10000 kr. Menn höfðu búist við að byggingarkostnaðurinn yrði minni en raun varð á. En því miður hefir hann orðið kr. 39894,83. Ástæðurnar til þessarar hækkunar eru meðal annars þær, að áætlunin er gerð af óvönum manni. Í áætluninni var ekki tekið tillit til neins flutningskostnaðar á sjó, uppskipunar eða flutnings frá sjó til skýlisins, sem er alllangur vegur. Viðgerðarkostnaður á íbúðarhúsinu áætlaður nokkuð af handahófi, enda í fyrstu ekki gert ráð fyrir að gera við það nema það minsta að hægt væri. Einnig var áætlunin í ýmsu öðru ófullkomin, t. d. fæðiskostnaður starfsmanna, og gerð af handahófi. Hleypti þetta alt fram kostnaðinum allmikið. Auk þessa var ýmislegur kostnaður, t. d. við vatnsveitu, sem bygð var samkvæmt fyrirmælum landlæknis, enda áhjákvæmilegt annað að gera, því vatnsból er mjög vont. Vatnsleiðslan varð mjög dýr, enda yfir 1000 metra löng. Ýmislegur fleiri aukinn kostnaður varð beint af fyrirskipun landlæknis í samráði við hjeraðslæknirinn, sem er ungur og mjög góður læknir.

Jeg vona, að háttv. deild taki fult tillit til nauðsynjar málsins og veiti hjeraðinu þessa uppbót, því að hjerað þetta er illa stætt og á við erfiðleika að stríða eins og aðrir. Eru enn eigi gróin sár þau, er Kötlugosið veitti hjeraðsbúum, og er því meiri nauðsyn, að Alþingi veiti hjeraðsbúum þennan styrk, og að það fái ekki á sig aukabyrði að bera, því þeir hafa hana nægilega fyrir. Hjeraðsbúar, sem hafa lagt fram mikið fje til þessara bygginga, mega ekki gjalda þess, að áætlun sú, er upprunalega var gerð, gat ekki staðist; þeir áttu enga sök á því. Einnig ber að líta á það, sem jeg hefi þegar nefnt, að margt af því, sem setti kostnaðinn svona langt fram úr áætlun, stafaði af fyrirskipun landlæknis. Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta meir, en treysti á sanngirni hv. þdm. í þessu máli.

Jeg vildi beina þeirri fyrirspurn til hv. form. samgmn., hvað hún hugsi sjer að gera viðvíkjandi styrk til flóabáta. Mjer er kunnugt um, að hv. samgmn. hefir haft með höndum mikið vandamál, að jafna niður styrk til flóabátanna. Þessi styrkur nam á síðastliðnu ári 75 þús. kr. Stjórnin hafði bundið 52 þús. kr.; þar af fór 31 þús. til „Suðurlands“ og 19 þús. til Djúpbátsins o. s. frv. Eftir eru þá aðeins 23 þús. kr., sem jafna átti milli allra annara báta. Jeg sje á brtt. fjvn. í næsta lið á undan, að þær 100 þús. kr., sem áætlaðar

eru til strandferða, vill hún binda við e.s. Esju. Er það þá meiningin, að niður skuli falla styrkur til bátaferða á flóum og fjörðum? Jeg spyr þessa af því, að jeg veit, að öllum hv. deildarmönnum má vera kunnugt, að m.b. Skaftfellingur annast sjóflutninga til allrar Vestur-Skaftafellssýslu, hluta af Austur-Skaftafellssýslu og hluta af Rangárvallasýslu. Bátur þessi er eign einstakra manna og mundi verða að hætta, ef styrkur til hans fjelli niður eða minkaði stórum. Jeg spyr því enn, hvaða leið nefndin hefir fundið út úr þessum ógöngum, ef styrkur til flóabátaferða verður látinn falla niður eða lækkaður mjög.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil fara nokkrum orðum um 13. gr. Er það þó lítið gleðiefni fyrir atvinnumálaráðherra, því að búið er að reita af henni allar fjaðrir, þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum verklegum framkvæmdum á næsta ári og tæplega viðhaldi. En þetta verður svo að vera, eftir því sem nú er komið. Jeg verð sjerstaklega að minnast á ræðu hv. 2. þm. Rang. (KlJ). Ljet hann í veðri vaka, að hann gæti ekki fylgt þeim hækkunartillögum hv. fjvn., sem lúta að 13. gr. Jeg held, að hann misskilji fullkomlega till. nefndarinnar. Þær fara vissulega ekki of langt. Tilætlun nefndarinnar var aðeins sú, að áætla útgjöldin sem næst því, er þau muni verða eftir undanfarinni reynslu, en gera þó ráð fyrir verulegum sparnaði frá því, sem greitt var 1922. Í frv. eins og það var lagt fyrir þingið er svo lágt áætlað, að eiginlega nær það engri átt. Slík áætlun er ekki til annars en að svíkja sjálfan sig. Til hvers er að áætla laun starfsmanna lægri en lögákveðið er? Og til hvers er að áætla samningsbundnar greiðslur til símastöðva úti um land lægri en um er samið til fleiri ára? Það getur ekki verið til neins annars gert en að láta fjárlögin líta betur út á pappírnum. En þetta er að draga sjálfan sig á tálar, ekkert annað, því að útgjöldin koma hvort sem er, og þá kemur tekjuhallinn og þing og þjóð vaknar við vondan draum.

Þetta vildi fjárveitinganefndin fyrirbyggja, og finst mjer hún eiga þakkir fyrir.

Um viðhald landssímanna er þess að geta, að það verður að halda þeim sómasamlega við. Og til hvers er að sveifa samviskuna með því að áætla miklu minna í þessu skyni en eyðst hefir með allri sparsemi undanfarin ár?

Jeg hefi átt tal við landssímastjóra um starfsmannafjöldann við símann, og jeg get fullyrt, að starfsmönnum þar verður fækkað, og mun jeg ganga ríkt eftir, að það verði gert eins og fært er. Er þegar fækkað um 2 og verður betur síðar.

Viðhaldskostnaður við bæjarsímann hjer var 150 þús. kr. árið 1922. Get jeg ekki sjeð, hvernig 60 þús. eiga að nægja árið 1925. Vil jeg í þessu sambandi minna á, að bæjarsímakerfið hjer gefur ⅕ hluta allra tekna símans.

Til Borðeyrarstöðvarinnar áætlar nefndin 7 þús. kr., en árið 1922 fóru til hennar 9600 kr. Hafði gleymst að áætla fyrir greiðslu vaxta og afborgana af lánum, sem síminn hefir tekið, en ekki verður komist hjá að greiða.

Þá er 43. brtt. um tillag til talsímastöðva. Álít jeg till. nefndarinnar sjálfsagðar, þar sem hjer er að ræða um samningsbundnar greiðslur. Þessi liður var 77 þús. kr. árið 1922. Get jeg ekki sjeð, að 65 þús. nægi árið 1925, því að síðan 1922 hafa bæst við stöðvar. Jeg held því, að áætlun nefndarinnar, 80 þús. kr., sje nærri sanni. Viðhaldskostnaður landssím-

ans var áætlaður í frv. stjórnarinnar 90 þús. kr., en nefndin áætlar hann 110 þús. kr. Árið 1922 var þessi kostnaður 160 þús. kr. Skil jeg ekki, að þessi áætlun nefndarinnar verði með rjettu talin há. Elstu staurar símans eru mjög farnir að fúna og ónýtast bráðlega. Verða vitanlega þeir staurar látnir standa, sem með nokkru móti geta staðið, og viðurkenni jeg, að nokkurt fje má spara á þessum lið nú á þessu ári, þótt jeg búist við því, að það komi fram síðar.

Jeg vil þess vegna vona, að háttv. deild sjái sjer fært að fylgja till. nefndarinnar hvað snertir þessa liði alla. Jeg er þess fullviss, að háttv. deild hafi enga ástæðu til þess að blekkja sjálfa sig með altof lágum áætlunum á þessum liðum.

Það er alveg rjett, að nefndin hefir víða hækkað áætlun um ljós og hita skóla og stofnana, af sömu ástæðu. Það hefir sýnt sig, að þessir liðir hafa áður verið of lágt áætlaðir.

Þá vil jeg taka það fram út af orðum hæstv. fjármálaráðherra viðvíkjandi 24. gr. frv., að fjárvn. tók þá grein ekki til athugunar, því nefndinni hafði skilist, að fjárhagsnefnd mundi athuga hana. En þetta er víst misskilið, og þá sjálfsagt að fjárveitinganefnd taki hana rækilega til athugunar, ekki síst hvað þál. snertir.

Mjer kemur ekki í hug að fara hjer inn á svið frsm. Hann er fullkomlega maður fyrir sínum dyrum. En jeg vildi fara nokkrum orðum um 13. gr. frv., að því er viðkemur mjer sjerstaklega. Hvað snertir styrk til flóabáta, þá leit fjvn. svo á, að samgöngumálanefnd ætti að gera tillögur um það, hvernig þeim styrk væri varið. Þær till. geta komið enn; þó það sje undarlegt, að þær komi á eftir málinu í heild, þá er samt nógur tími að þær komi við 3. umr.

Þá vil jeg fara nokkrum orðum um tvær brtt. við 13. gr. Önnur er frá hv. þm. Mýra. (PÞ), þess efnis, að hækka veitinguna til akfærra sýsluvega úr 10 þús. í 20 þús. kr. Það væri auðvitað mjög skemtilegt að geta hækkað þennan lið, enda voru mörg sýslufjelög óánægð áður, meðan hann var þó margfalt hærri. En þess verður að gæta, að þegar ríkissjóður leggur svo sem ekkert til sinna vega, þá er ekki von að hann leggi sýsluvegunum mikið. Þjóðvegirnir standa þó ríkissjóðnum nær en sýsluvegirnir.

Hin brtt. er frá háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) um uppbót á launum talsímakvenna. Laun talsímakvenna hafa nú verið bætt, bæði í fjáraukalögum 1923 og fjárlögum 1924, því þingið viðurkendi í fyrra, að þessar talsímakonur væru verst launaðar af öllum starfsmönnum ríkisins. Mjer er ekki kunnugt um hversvegna þessi launabót hefir verið feld úr í frv. stjórnarinnar. Það hefir sjálfsagt verið af sparnaðarástæðum. En það er erfitt að spyrna á móti þessu, því öll sanngirni mælir með því. Jeg vildi aðeins skjóta því til háttv. flm. (JakM), að hann vildi ganga inn á það að till. sje borin upp í tvennu lagi, eða hann taki aftur seinni lið hennar að öðrum kosti, því talsímakonur í Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði eiga við sömu kjör að búa, og því eðlilegt að þær fái líka uppbót. En ætlast er til þess, að ekki verði veittar nema 10 þús. kr. til þessarar uppbótar. Það er líka vert að athuga það í þessu sambandi, að það lá fyrir þinginu beiðni um launahækkun frá öðrum starfsmönnum símans, sem þingið hingað til hefir ekki sjeð sjer fært að taka til greina. En þá

er ekki hyggilegt að neita allra lægst launuðu starfsmönnunum um lítilfjörlega uppbót, sem nemur eitthvað 25 kr. á mánuði á mann.

Jeg veit ekki hvort það er ástæða til þess að minnast á sjúkraskýlin. En úr því jeg er staðinn upp, vil jeg fara um þau nokkrum orðum.

Afstaða nefndarinnar til þess máls var mjög örðug. Þó rjeð hún það af að taka nokkur skýlin út úr og veita þeim styrk, enda þótt hún yrði að viðurkenna þörfina víðar. En henni sýndist rjettast að veita þeim styrk, sem lengst voru komin og best undirbúin, en ekki öllum, því til þess skorti fje. Það kom líka til mála í nefndinni að neita öllum framlögum í þessu skyni. En frá því var þó horfið, vegna þess að þá mundi hafa safnast saman mikil fjárhæð til ársins 1926, og þótti nefndinni þá rjettara að skifta henni á bæði árin. Þetta er eins og frsm. (ÞórJ) tók fram, það grundvallaratriði, sem nefndin bygði á í þessu efni.

Út af orðum 2. þm. Árn. (JörB) um sjúkraskýlið í Grímsneshjeraði, þá er till. nefndarinnar bygð á því, sem þm. hjeraðsins flutti hjer í fyrra og þá var álitið nægilegt. Þá gekk háttv. deild svo langt, að hún feldi allan styrk til hjeraðsins.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi ekki átt mikinn þátt í þeim brtt., sem fram hafa komið við þann kafla fjárlaganna, sem nú er til umræðu. Mun jeg að mestu takmarka mál mitt við þær fáu brtt. og ekki tefja tímann. Jeg býst heldur ekki við því að þurfa að eiga í útistöðum við háttv. fjárveitinganefnd, því hún hefir unnið meira að mínu skapi nú að þessu sinni en stundum áður. Jeg get sagt það í fáum orðum, að jeg felli mig yfirleitt vel við flestar tillögur hennar, án þess að jeg þó með því gefi yfirlýsingu um það, að jeg muni styðja hverja einstaka tillögu frá henni.

Aðrir háttv. þm. hafa minst þegar á sumar þær till. fjvn., sem mjer þykja helst athugaverðar. Það var einkum hv. 2. þm. Rang. (KlJ), sem það gerði. Jeg vil nú ekki tefja tímann með því að minnast á þær sjerstaklega, en læt nægja að sýna með atkvæði mínu, hvernig jeg lít á þær.

Hinsvegar verð jeg að segja fáein orð viðvíkjandi einni brtt. á þingskjali 196, sem jeg á þátt í. Einnig mun jeg lítillega minnast á aðrar brtt. á því sama þskj., er snerta stefnu mína í meðferð fjárlaganna og fara í bága við hana. Annars verð jeg að segja það, að mjer brá í brún þegar þessu þingskjali var útbýtt hjer í háttv. deild og þótti skjóta skökku við þann sparnaðaranda, sem virst hefir áður svo almennur í þinginu. Á þessu þskj. komu fram brtt. um 200 þús. kr. aukningu á gjöldum ríkissjóðs umfram sparnaðartillögurnar, ef alt verður samþykt.

Jeg skal nú ekki leggja neinn dóm á það, hve nauðsynlegar hinar ýmsu brtt. eru, sem að auknum útgjöldum lúta. Þær hafa sjálfsagt allar við einhverja sanna eða ímyndaða þörf að styðjast; annars væru þær ekki fram bornar. En um margar af þörfum þessum mun vera svo, að á öðrum stöðum blasi við samskonar þarfir og jafnvel átakanlegri en þær, sem hjer er lagt til að bætt verði úr, án þess að reynt sje að bæta úr þeim.

Jeg vík fyrst að brtt. III á þingskjali 196. Jeg er að vísu aðeins meðflutningsmaður þeirrar till., og ekki aðalflm. Sú till. fer að vísu fram á aukin útgjöld,

en það er líka eina brtt. mín, sem gengur í þá átt. Með henni er farið fram á, að bætt verði nýjum lið við 3. lið 12. gr. og 1500 kr. styrkur veittur til nokkurra hreppa á Austurlandi, eins og fyrirheitið er í núgildandi fjárlögum, ef þeir ráðast í að ráða sjerstakan lækni. Þessir hreppar, 5 að tölu, Jökuldals-, Hlíðar-, Tungu-, Hjaltastaðar- og Eiðahreppar, hafa verið læknislausir langan tíma og hafa orðið að vitja læknis í önnur hjeruð, þegar á hefir þurft að halda.

Háttv. frsm. fjvn. benti á það, að nefndin hefði ætlað að fela þennan styrk í aðalupphæðinni, sem er í 3. lið 12. gr., 5000 kr. til læknisvitjana í sveitum, sem eiga sjerstaklega erfiða læknissókn. Þetta sjest ekki af till. hennar. Nú er þessi styrkur 8400 krónur í gildandi fjárlögum, en hjer aðeins settur 5000 kr. Er þá auðsjeð, að ef hjer á að draga frá 1500 kr., þá verður harla lítið eftir handa þeim hreppum öllum fyrir norðan, austan og vestan, sem njóta eiga þessa styrks, eins og hæstv. forsrh. (JM) tók rjettilega fram. Tilgangur okkar flm. þessarar brtt. er sá, að fá veittar 1500 kr. sjerstaklega handa þessum hreppum, ef til kæmi að þeir fengju sjer lækni, en að sú upphæð yrði ekki tekin af þessum 5000 kr., því að styrkurinn til hinna mörgu hreppa er langt of lítill, ef hann ætti fyrst að skerða um 1500 kr. Jeg verð annars að segja það viðvíkjandi hinum mörgu og tiltölulega háu útgjaldatillögum á sama þskj. um styrki til þess að koma upp læknisbústöðum og sjúkraskýlum, að líklega er enginn landshluti ver skipaður þessum stofnunum og sneyddur sjúkraskýlum og læknishjálp en Austurland. Þó er það engin fjárbeiðni í þessu efni. Jeg vil í því sambandi minna á það, að í fyrra var sýnd nokkur viðleitni í að ljetta undir með mönnum í þessu efni, með því að veita fje til þess að leigja franska spítalann á Búðum. En nú er þessi hjálp feld niður, jafnvel á yfirstandandi ári, og hefir því að engu liði verið. Jeg verð að segja það, að það er óbærilegt misrjetti gagnvart þessum landshluta, sem fram kemur, ef allar þessar brtt. á þskj. 196, sem lúta að heilbrigðisráðstöfunum annara hjeraða, verða samþyktar. Jeg vil minna á það, að á milli Lónsheiðar og Smjörvatnsheiðar eru nú einir tveir læknar, sem starffærir eru, læknirinn á Djúpavogi og læknirinn á Brekku. Hinir eru allir meira eða minna fatlaðir í starfinu. En því meiri og ríkari er ástæðan til þess að bæta ástandið þar en víða annarsstaðar. Jeg vona því, að ef till. um styrk til sjúkraskýla verða samþyktar, þær sem á þessu þskj. standa, að þá verði till. okkar hv. þm. N.-M. um 1500 kr. styrk til íbúa Hróarstunguhjeraðs einnig samþykt. Það hefir verið læknislaust um mörg ár og leitað færis á eigin spýtur að útvega sjer lækni.

Jeg mun svo ekki fjölyrða meira um þetta mál. Jeg býst við því, að háttv. aðalflm. till., hv. 1. þm. N.-M. (HStef) muni mæla fram með henni, en jeg drap á hana vegna sambands hennar við fortíðina.

Þá er aðeins ein brtt. enn, sem jeg finn ástæðu til að fara fáum orðum um. Það er lítilvæg breyting við 12. gr. 13. m., þar sem farið er fram á það, að niður falli 200 kr. til sjúkrasjóðs Fellshrepps. Jeg fer fram á þetta fyrir samræmis sakir og vegna þess, að háttv. fjvn. hefir látið falla niður ýmsa smástyrki, sem kannske er vafasamt, hvort eigi að fella, ef þessi

stendur. En úr því það á að fella niður fjárveitingar til nauðsynlegra fyrirtækja, þá á þessi fjárveiting eigi mikinn rjett á sjer. Mæli ekkert sjerstakt með, þá sje jeg ekki ástæðu til þess að þetta sjúkrasamlag fái styrk framar öðrum sjúkrasamlögum, sem njóta hlutfallslegs styrks af þeirri almennu fjárveitingu til sjúkrasamlaga.

Í þessu sambandi vil jeg minnast á brtt. fjvn. við 12. gr. 5. b., um það, að styrkurinn til ferða augnlæknis verði lækkaður um 200 kr., færður úr 700 kr. ofan í 500 kr. Það er hliðstæð lækkun við þá, sem jeg ber fram um að fella niður styrkinn til sjúkrasjóðs Fellshrepps, og jafnstór. Annars held jeg, að þessi lækkun á styrknum til augnlæknis sje mjög óheppileg, því að mikill hluti landsmanna er svo illa settur í tilliti til aðgerða augnlæknis, að ekki má lakara vera. Eftir skilyrðum fjárlagafrv. á augnlæknir í hverri hringferð að dvelja minst ½ mánuð á tveim fjölmennustu viðkomustöðum strandferðaskipsins, sem þá líklegast verða kaupstaðirnir Akureyri og Ísafjörður, og orðalag greinarinnar gefur tilefni til að ætla, að ferðirnar eigi að vera fleiri en ein á ári, en reynslan undanfarið hefir sýnt, að ferðin hefir ekki orðið nema ein, og jafnvel stundum fallið niður. En með því móti fer mikill hluti landsmanna á mis við notin af þessari hjálp. Sjónveiklaðir menn eru eðlilega miklu víðar en á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, og búa sumir svo langt frá þessum stöðum, að þeir eiga þess engan kost að ná í lækni, þótt hann komi þar við. Jeg skal í þessu sambandi minna á það, að 1922 var augnlæknir fenginn til þess að fara sjerstaka ferð til Austurlands, þar sem yfir 40 sjónveiklaðir menn biðu hans, er eigi höfðu þá um 2 ár náð til augnlæknis. Sú ferð kostaði um 1200 kr., og tel jeg það því misráðið mjög af hv. fjvn. að rýra þennan styrk til ferða augnlæknis frá því sem var. Jeg held, að það ætti miklu frekar að hækka hann, svo að hægt væri að fá lækni til að fara eina hringferð á sumri með 5 eða 6 dvalarstöðum í þeim fjarlægari hjeruðum, þótt stutt dvöl væri á hverjum, ella munu margir sjónveiklaðir menn eiga örðugt með að hafa not af ferð augnlæknis, en fæstir hafa efni á að vitja hans hingað.

Jeg lofaði að tefja ekki lengi þessa umræðu, og vil jeg standa við það; neita jeg mjer þessvegna um það að tala um ýmsar aðrar brtt. nefndarinnar og einstakra þingmanna, sem jeg hefði annars minst á. Má vera, að færi gefist á því síðar. Jeg þykist hafa gefið það nógu ljóslega í skyn, að jeg vilji yfirleitt fylgja brtt. nefndarinnar. En jeg verð tregur til að fylgja stór-fjárútlátatillögum einstakra þm. á þskj. 196. Það er nú, ekki síður en fyr, mitt aðalmarkmið að reyna að takmarka eyðsluna svo sem fært er. Er mjer ekki síður nú en áður alvara að leggja mitt lóð í vogarskálina til takmörkunar útgjalda, enda skal ekki standa á mjer til þess.

Út af athugasemd hv. þm. V.-Sk. (JK) um styrk til flóabáta skal þess getið, að jeg get tekið undir með honum um samgangnaþörfina með suðurströndinni, og þar eð samgmn. hefir enn ekki látið frá sjer heyra, vil jeg gefa hv. þm. nokkrar upplýsingar um það, hvað nefndin ætlast fyrir. Við 3. umr. mun hún hafa skilað áliti sínu. Um skiftingu styrksins mun nefndin gera till., en hún er eigi að öllu sammála um upphæð styrksins, og vill meiri hl. hækka aðalupphæðina í 65 þús. kr., en minni hl. láta sitja við áætlunarupphæð stjórnarinnar, 60 þús. kr. Væntanlega

verður það stjórnarinnar verk að úthluta styrknum, líkt og áður, og verða till. nefndarinnar þá til hliðsjónar. En hvað sem um till. verður, þá býst jeg við, að nefndin ætli aldrei minna en 60 þús. til flóabátanna alls, en að öllum líkum þó eitthvað rífara.

Jón Baldvinsson: Jeg ætla ekki að þessu sinni að ræða rækilega nefndarálit hv. fjvn., þó að mjer líki það alt annað en vel að öllu leyti. Jeg ætla að minnast á brtt. VII á þskj. 196, um að veita 5 þús. króna styrk til slysatryggingarsjóðs verkamanna og sjómanna hjer í Reykjavíkurbæ. Af hálfu hins opinbera hefir ekkert verið gert til þess að tryggja verkamenn fyrir slysum, þó að allir hljóti að sjá þörfina. Á Alþingi hefir málið að minsta kosti komið þrisvar til umræðu og þingsályktunartill. verið samþyktar í þá átt. En úr framkvæmdunum hefir ennþá ekki orðið. En þar sem þessar samþyktir sýna glögglega, að þingið hefir sjeð og viðurkent þörfina, má ætla, að þessi till. mín á þskj. 196 nái fram að ganga og fjeð verði látið í tje.

Slysatryggingarsjóður verkamanna og sjómanna er stofnaður af nokkrum hluta andvirðis botnvörpunga þeirra, er seldir voru til útlanda á stríðsárunum. Hafði það skilyrði verið sett, að nokkuð af andvirðinu rynni til styrktar verkamönnum á sjó og landi. Var fjeð fengið til ráðstöfunar bæjarstjórn Reykjavíkur. Var síðan sjóðurinn stofnaður af 100 þúsund krónum og stjórn hans falin fulltrúaráði verkalýðsfjelaganna. Hefir sjóðurinn starfað síðan 1921, og skal jeg nú minnast á, hve marga hann hefir styrkt og hve miklar fjárhæðir henn hefir lagt fram.

Árið 1921 eru styrkþegar 32 og samtals veittar 7 þúsund krónur, 1922 eru veittar 5400 kr., og þá eru styrkþegar 31, og 1923 njóta 57 menn styrksins, sem þá er 7125 kr.

Af vöxtum sjóðsins er ákveðið, að leggja skuli á ári hverju $^1/_{10}$ við höfuðstólinn. Sjá því allir, að vaxtaupphæðin, sem heimil er til úthlutunar, er ekki nærri eins há og styrkurinn, sem menn hafa notið. En á ári hverju hafa verkalýðsfjelögin lagt sjóðnum til 2500 krónur.

En nú er altaf að aukast þörfin fyrir starfsemi þessa sjóðs. Og sú hefir verið raunin, að starfsemi sjóðsins hefir ljett mjög mikið undir með bæjarfjelaginu, en ekki einungis með því, heldur líka sveitarfjelögum úti um land, því að margir utanbæjarmenn hafa orðið styrksins aðnjótandi. Og það er auðskilið mál, að margir þeirra, sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum, hefðu orðið að leita sveitarstyrks.

Eins og jeg hefi tekið fram, er nú þörfin altaf að aukast, fleiri og fleiri beiðnir um styrk berast til stjórnar sjóðsins, og þessvegna hefir hún sótt um 5 þús. króna styrk til hins háa Alþingis. Þar sem engin opinber slysatrygging er til fyrir verkamenn, þá vona jeg, að hv. þm. taki vel í þá fjárbeiðni, sem jeg flyt nú, og eins vænti jeg hins, að Alþingi með lögum bæti úr í þessu efni áður en langt um líður. En ástæðan til þess, að jeg flyt brtt. mína, er sú, að háttv. fjvn. hefir ekki þóknast að verða við beiðni sjóðsstjórnarinnar, þrátt fyrir hina miklu þörf. Aðaltillaga mín fer fram á sömu upphæð og sjóðsstjórnin bað um, og er það tvöfalt það tillag, er verkalýðsfjelögin láta sjóðnum í tje. En til vara flyt jeg tillögu um að styrkurinn verði 2500 kr., til þess að koma í veg fyrir, að með

öllu verði synjað um styrk til sjóðsins, ef aðaltillagan þykir fara fram á of háa upphæð. Eru þessar 2500 kr. jafnhá upphæð og tillag fjelaganna til sjóðsins. Og enn vil jeg taka það fram, að jeg vænti þess fastlega, að háttv. þingdeild samþykki tillögu mína og sýni glöggan skilning á nauðsyn þessa máls.

Á annað atriði ætlaði jeg að minnast. Er það brtt. fjvn. um styrk til strandferðaskipsins Esju. Vil jeg beina þeirri fyrirspurn til nefndarinnar, hvort upphæðin, 100 þús. kr., muni vera nægilega há. Ef sú upphæð er borin saman við það fje, sem áður fyrrum var veitt til strandferða, er hún hverfandi lítil. En færi svo, að hún reyndist ónóg, mundu nægilega margir verða til að segja, að sönnun þess væri fengin, að strandferðirnar gætu ekki borið sig í höndum ríkissjóðs. Og síðan kæmu fram tillögur um að selja skipið.

Um fjárstyrkinn til Eimskipafjelags Íslands hefi jeg ekki mikið að segja. En það er augljóst, að standi hagur þess ekki með blóma, þá er það fyrst og fremst fyrir það, að menn eru ekki eins miklir velunnendur fjelagsins og þeir þykjast vera Þjóðræknin og ættjarðarástin eru þá meira á yfirborðinu heldur en í framkvæmdinni. Eins og allir vita, er flutningaþörfin svo mikil, að mönnum væri í lófa lagið að bæta hag fjelagsins, ef þeir ljetu það ganga fyrir um flutninga, en notuðu sem minst skip hinna erlendu keppinauta þess.

Loks ætla jeg að fara nokkrum orðum um brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) á þskj. 196, um að fella niður styrk til sjúkrasjóðs Fellshrepps. Þykir mjer hv. þm. (SvÓ) of mjög hafa lagst í kjölfar hv. fjvn. um smámunasemi, að flytja till. um að svifta sjóðinn þessum 200 krónum. Á þessi hreppur mjög erfitt um að ná til læknis og hefir nú undanfarin ár reynt að koma sjer upp sjóði. Síðustu 4—5 árin hefir þingið styrkt þessa viðleitni og finst mjer ekki ástæða til að svifta hreppinn nú styrknum. Ekki verður hag ríkissjóðs komið í betra horf með því. Vænti jeg þess, að hv. deild lúti ekki svo lágt að fella styrkveitinguna niður.

Halldór Stefánsson: Jeg skal ekki lengja umræður að mun; þær verða víst nógu langar samt. Hv. fjvn. hefir sýnt talsverða viðleitni í því að lækka ýms útgjöld í fjárlögunum, en ekki þykir mjer hún í því efni hafa gert eins hreint fyrir sínum dyrum og skyldi. Sje jeg ekki annað en eins og nú horfir við muni verða um 800 þús. kr. tekjuhalli, þegar tekið er tillit til þess, að útgjöld samkvæmt berklavarnalögunum munu verða talsvert hærri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. stjórnarinnar, og fleiri atriði, sem fram komu í ræðu hv. frsm. (ÞórJ).

En jeg stóð nú aðallega upp til að minnast á það, að feldur hefir verið niður sem sjerstök fjárveiting 1500 kr. styrkur, sem nokkrum hreppum í Fljótsdalshjeraði hefir verið heitið í fjárlögum síðustu ára, ef þeir rjeðu sjerstakan lækni. Áður hefir verið farið fram á það, að stofnað væri þarna sjerstakt læknishjerað, en enn þá hefir því ekki fengist framgengt. Hjeraðsbúar hafa þá sjálfir reynt að útvega sjer lækni, en það hefir ekki tekist enn. Og nú hefir fjárveitingin verið feld niður í fjárlagafrv. stjórnarinnar. Nefndin hefir ekki tekið hana upp og ekki annað sýnna en nú eigi að bregða gömlu loforði þingsins við hjeraðsbúa.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir lýst aðstöðunni og það hafa aðrir gert áður. Læknisbústaður er á óheppilegum stað

og aðrar aðstæður allar erfiðar. Víðast 2—3 dagleiðir eftir lækni, og sama tíma tekur að fylgja honum heim og sækja nauðsynleg meðul. Í hjeraðinu er alþýðuskólinn á Eiðum, og er afarbagalegt vegna hans, að læknir skuli ekki vera nær. — Illfær vötn eru í hjeraðinu, fjallvegir erfiðir, vegir vondir og snjóþyngsli afarmikil á vetrum. Væri þarna því full þörf á sjerstöku læknishjeraði, en eins og jeg hefi minst á, þá hefir því ekki fengist framgengt.

Þá gæti komið til mála að flytja læknisbústaðinn, en um það hefir þingið ekki úrslitaatkvæði. Því ráða sýslunefndir Múlasýslna, og vafasamt er, hvort tekst að fá læknisbústaðnum breytt. En eins og stendur er þarna með öllu læknislaust og ekki annað að leita en til nágrannalæknanna. Og er það ærinn vegur. Innan landfræðilegra takmarka Fljótsdalshjeraðs er aðeins einn læknir, en hann er fyrir upphjeraðið og bústaður hans valinn með tilliti til þess. Virðist því bersýnilegt öllum, sem vilja sjá það, að þörf fyrir styrk í þessu skyni er þarna mikil. Til glöggvunar fyrir háttv. þdm. skal jeg geta þess, að innan landfræðilegra takmarka Fljótsdalshjeraðs eru 4 prestar, 11 kirkjusóknir, en aðeins 1 læknir.

Betra en ekki þykir mjer þó það, að hv. frsm. (ÞórJ) ljet þess getið, að sú væri ekki meiningin að draga með öllu styrkinn af hjeraðsbúum, heldur væri þeim ætlað fje af þeirri upphæð, sem veitt er til læknisvitjana í fjárlagafrv. einnig í þessu skyni. En mjer finst óþarfi að breyta um form á þessari styrkveitingu til hreppanna eystra. (*Frsm. ÞórJ*: Fjárveitingin hefir ekki áður verið sjerstök í fjárlögunum). Jeg skil ekki, að hv. frsm. (ÞórJ) muni það ekki, að liðurinn hefir einmitt verið sjerstakur. Og jeg get ekki skilið, ef til þess kæmi, að þessi fjárveiting þyrfti að dragast frá þegar til skiftingar kemur á þessum 5 þús. krónum, sem veittar eru í einu lagi sem styrkur til þessara hluta, að það, sem hrepparnir fá, verði svo mikið, að það verði að nokkru verulegu gagni. Mjer finst háttv. deild ætti að huga sig tvisvar um áður en hún neitar um þennan styrk til læknisráðningar, og það því fremur, þegar þetta hjerað ætti fyrir löngu rjettlætiskröfu á sjerstökum lækni, þegar þess er gætt, að ýms læknishjeruð á landinu eru ærið miklu minni en þær sveitir, sem hjer er um að ræða. Vænti jeg þess, að hv. deild samþykki tillögu okkar og sýni þá sanngirni, sem jeg að óreyndu hefi ekki ástæðu til að ætla, að hv. alþm. vilji ekki sýna.

Hákon Kristófersson: Jeg á ekki við þennan kafla fjárlaganna, sem hjer er til umræðu, nema 2 brtt. Skal jeg strax taka það fram viðvíkjandi brtt. á þskj. 196 VIII., við 12. gr. 13. l., að jeg tek hana aftur við þessa umr. Þá er aðeins eftir brtt. á sama þskj. undir V., sem jeg ber fram ásamt háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Er hún í tveim liðum, og ætla jeg aðeins að tala um þann fyrri, a-liðinn, sem veit að mjer sjerstaklega, vegna þess að jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. N.-Ísf. tali fyrir b-liðnum, vegna kunnugleika hans á því máli. Þessi brtt. okkar fer fram á hækkun á útgjöldum ríkissjóðs, og er það síður en svo að mjer sje það ljúft að bera fram tillögur um hækkuð útgjöld ríkissjóðs, eins og nú er ástatt. En svo geta verið brýnar ástæður til þess, að þetta verði nauðsynlega að gera, og svo er um þetta mál. Hjer ræðir um 15 þús. kr. styrk til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Flatey á Breiðafirði. Jeg sneri

mjer til háttv. fjvn. með þetta, en hún hefir eigi sjeð sjer fært að taka þetta upp, og sje jeg ekki ástæðu til að átelja það, en hefði þó talið betur fara á því, að háttv. fjvn. hefði þá alls engar tillögur gert í þessu efni. Jeg hafði einnig talað við landlækni um þetta og taldi hann sig þessu máli mínu fylgjandi, en þó skýtur þar nokkuð skökku við, um álit hans og tillögur, milli mín og hv. fjvn. Annars tel jeg óþarft að fara inn á þá hlið þessa máls, en vík að því eins og það liggur hjer fyrir. Þessar tillögur miða í þá átt, sem hefir mætt allmiklum andróðri frá ýmsum háttv. þm. Mig minnir, að hv. 1. þm. S.-M. kæmist þannig að orði um aðra till., svipaða þessari, að þar stæði alveg sjerstaklega á. Jeg ætla alls ekki að gera lítið úr þeim orðum þess mjög svo merka og mæta manns, en leyfi mjer aðeins að benda á, að þar, sem jeg á við með þessari brtt. minni, stendur einnig „alveg sjerstaklega á.“ Þetta hjerað, Flateyjarhjerað, er að mestu leyti umflotið sjó. Þar verður ekki sóttur læknir á annan veg en að farið sje á sjó til þess. Eigi að vitja læknis frá þeim hluta hjeraðsins, sem ekki er umflotinn sjó, verður bæði að fara á landi og sjó til að ná í lækni, nema að vitja hans í annað hjerað. Þeir sem búa í eyjunum, verða því að fara til læknisvitjana, ef ekki í Flatey, þá til Stykkishólms. Komið hefir það meira að segja fyrir, að orðið hefir að vitja lækni úr Múlahreppi til Stykkishólms. En þeir, sem til þekkja, vita best um það, hve miklum vandkvæðum það er bundið að fara langar ferðir og erfiðar sjóleiðir á Breiðafirði í skammdegismyrkri innan um brim og boða. Því er það í augum uppi, að brýna nauðsyn rekur til þess, að svo verði fyrir sjeð, að læknir verði fáanlegur í hjeraðið, en mesti agnúinn í því máli er bústaðarleysið. Jeg þykist hafa ástæðu til þess að ætla það, að síðasti læknir, sem þarna var, Árni nokkur Vilhjálmsson, hafi látið þau orð frá sjer fara, að hann sæi sjer ekki annað fært en að hverfa á brott úr hjeraðinu vegna bústaðarleysisins. Nú hafa menn þar í hjeraði hafist handa til undirbúnings þessa máls, og meira að segja hefir verið efnt til samskota til þess að byggja fyrir læknisbústaðinn og til þess að kaupa lóð undir hann, og þarf jeg ekki að lýsa því, að þetta fámenna hjerað getur þetta ekki upp á sitt eigið eindæmi. Því hefi jeg snúið mjer til hins háa Alþingis í þessu efni, og vænti þess, að þetta hjerað fái að njóta sömu rjettinda og önnur læknishjeruð hafa notið undanfarin ár; vísa jeg í því efni til gerða síðasta þings. Nú er þessu máli svo langt komið, að húsagerðarmeistari ríkisins, hr. Guðjón Samúelsson, hefir gert teikning að og kostnaðaráætlun um þennan fyrirhugaða læknisbústað, og nemur sú kostnaðaráætlun 81 þús. kr., miðað við Reykjavíkurverð, en við fljótlegt yfirlit verður alt efni til þessarar byggingar að minni reynslu mun dýrara í Flatey en hjer syðra, nema ef vera skyldi vinna.

Hæstv. atvrh. (MG) drap á það, að hann vildi styðja að því, að styrktar yrðu þær sjúkrahús- og læknissetursbyggingar, sem mest væri þörfin fyrir að ráðist væri í. Jeg þakka hæstv. atvrh. þessi ummæli hans, en jeg álít, að betur færi á því, að það sje ákveðið, hvað fara á til hvers sjúkraskýlis, því annars gæti það valdið miklum meiningamun, hvaða staðir ættu að ganga fyrir og hverjir að bíða. Færi svo, að háttv. þingdeild hyrfi að því ráði að fella þessa brtt. mína, býst jeg við, að það verði þá aðeins af því, að háttv. þingdeild vilji halda inn á þá braut að veita

alls enga styrki í þessu skyni; enda væri það miður heppilegt að taka út úr eitt hjerað í þessu efni og veita því styrk, en setja önnur hjá. Það er að vísu alment viðurkent, að fjárhagur ríkisins er nú svo þröngur, að skera verður við nögl eða fella alveg niður margar fjárveitingar, sem annars eru taldar nauðsynlegar, en því er nú þannig varið, að fjárveitingar, sem miða að því að vernda og tryggja líf og heilsu almennings, má allra síst skera niður eða takmarka að mun. Mjer hafði og af hjeraðsbúum verið falið að leita heimildar Alþingis til þess að fá lán úr viðlagasjóði, en mjer dettur ekki í hug að fara þá leið, þar eð jeg þykist þess fullviss, að það hefði orðið árangurslaust. En þó að nú þingið veiti fjelaginu þennan styrk, verður það samt að fá fje að láni til að greiða hinn hluta kostnaðarins, og jeg býst við, að þeim verði fullerfitt að standa straum af því. Þess vegna vona jeg, að háttv. deild verði mjer sammála um það, að þegar umrætt hjerað vill leggja svona hart á sig til þess að koma þessu í framkvæmd, þá sje rjett að Alþingi veiti þeim þennan umbeðna lága styrk, þrátt fyrir það, þó að fjárhagur ríkisins sje örðugur í svipinn. En hvað snertir fjárbeiðni hv. 2. þm. Árn. (JörB) til Grímsneshjeraðs, hefði jeg leitt það alveg hjá mjer, hefði háttv. þm. eigi gefið mjer tilefni til þess að víkja að því nokkrum orðum. Jeg skaut þeirri spurningu fram í mesta meinleysi, hver það hefði verið, sem hefði boðið viðkomandi hjeraði í fyrra kaup á því margumrædda Geysishúsi. Jeg mundi alls ekki hafa spurt um þetta, ef jeg hefði vitað, að húsið hefði verið boðið fram. Jeg hugði sem sje, að húsið hefði verið selt samkvæmt beiðni hjeraðsbúa, en vissi alls ekki, að það hefði verið boðið fram að fyrra bragði. En mjer fanst yfir höfuð öll ræða háttv. 2. þm. Árn. vera nokkurskonar kisuþvottur á þeim ráðherra, sem seldi Grímsnesbúum húsið. Munu ályktarorð mín og annara, sem andmæltu þessari sölu á síðasta þingi, hafa jafnt gildi eftir sem áður, þrátt fyrir þennan ræðuþvott háttv. 2. þm. Árn. Þegar hann drap á verð hússins — að það hefði kostað um 2000 kr. upphaflega —, þá gat hann þess ekki, sem hann þó hefði átt að gera, að síðan húsið var bygt og til þess er salan fór fram hafði allur húsaviður og annað efni til húsabygginga hækkað að minsta kosti 4—5-falt. *(JörB*: Jeg hefi tekið þetta fram). Jú, háttv. þm. tók fram í fyrir mjer nú sem oftar, en hafi hann nefnt þetta í ræðu sinni, hefi hvorki jeg nje aðrir heyrt það, og þess vegna dreg jeg það mjög í efa, að þetta komi fram í ræðu hans eins og hún kemur úr höndum skrifaranna.

Háttv. 2. þm. Árn. (JörB) gat um það, að efniviður hússins hefði verið metinn til verðs, en jeg spyr þá — án þess að setja beint út á það mat — hvernig var efnið metið? Var viðurinn í húsinu metinn sem telgdur viður samskonar eða sem ótelgdur viður? Þetta getur munað talsverðu, við hvora tegund viðar hefir verið miðað, telgda eða ótelgda. Þá gat háttv. þm. eigi um það atriði, sem þó er allverulegt, að það má telja, að hjeraðið hafi hlotið alls eigi óverulegan styrk í því innbúi, sem fylgdi húsinu, og verður eigi vægar að orði komist en að fyrir sjúkrahús sje þetta alls eigi einskisvirði. Mjer fanst sem kendi nokkurs ásökunarhreims í rödd háttv. ræðumanns (JörB) til þeirra, sem á sínum tíma lýstu óánægju sinni yfir þessari ráðstöfun. Mjer þykir leitt, að hæstv. forsrh. (JM) er hjer eigi viðstaddur; hann kom inn á þá hlið þessa

máls, sem veit að lítilfjörlegum styrk til læknisvitjana handa ýmsum hjeruðum, sem fjvn. hefir dregið saman í eitt, og taldi að þessi fjárveiting mætti falla niður, vegna þess hve lítilfjörleg upphæð það væri, sem kæmi í hluta hvers hrepps eða hjeraðs. Jeg veit að vísu, að þetta er smáræði, en eftir því sem upphæðin er minni, ætti og að vera síður tilfinnanlegt fyrir ríkissjóð að greiða það. Jeg tel það engan veginn sanngjarnt, að þau hjeruð, sem eru svo afskekt og illa sett að hafa ekki lækni, fái engan styrk til læknisvitjana. Ennfremur get jeg eigi heldur verið hæstv. forsrh. (JM) sammála um það, að læknar úti um land sjeu afaródýrir. Furðar mig mjög, að jafnstórmerkur maður og hæstv. forsrh. skuli halda þessu fram; því vart mun hann hafa þetta af reynslu mælt, eða að minsta kosti henni eigi víðtækri. Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. forsrh. hafi átt við þann taxta, sem hjeraðslæknum er ætlað að fara eftir, en jeg leyfi mjer að fullyrða, að fjölmargir læknar hafa margfaldað þann taxta með 2 eða 3.

Þá gleymdi jeg því, sem jeg vildi hafa tekið fram viðvíkjandi fjárbeiðni háttv. 2. þm. Árn. handa Grímsneshjeraði, að orð mín mátti eigi skilja svo, að jeg væri að mæla því í móti, að hjeraðinu yrði veittur þessi styrkur. Jeg læt það mál alveg hlutlaust. Jeg átaldi aðeins þetta, að háttv. 2. þm. Árn. mat það einskis, að hjeraðsbúar fengu margnefnt Geysishús með svo vægu verði, en það tel jeg einmitt, að þeim hafi verið allmikill styrkur.

Jeg á auk þessa brtt. ásamt háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) o. fl., en jeg ætla ekki að gera hana að umtalsefni að þessu sinni, þar eð jeg geri ráð fyrir, að háttv. þm. V.-Ísf. sjálfur, sem er aðalflm. þeirrar tillögu, taki þar til máls. En jeg treysti því, að þó að þar sje farið fram á allstóra fjárveitingu, sýni háttv. deildarmenn það með atkvæðum sínum, að þessu skuli varið til eins hins mesta þjóðþrifamáls, sem of lengi hefir setið á hakanum hjá þingi og stjórn og má alls eigi bíða lengur.

Jeg ætla að leiða hjá mjer að fara inn á till. háttv. fjvn. eða nál. hennar, enda liggur þetta eigi alt fyrir til umr. að þessu sinni. Jeg mun því hvorki færa háttv. fjvn. þökk mína nje vanþóknun, eins og sumir hafa gert. Jeg veit, að hún hefir haft með höndum erfitt verk og ærið vanþakklátt, sem óframkvæmanlegt er á þann hátt, að öllum líki; og viðvíkjandi brtt. einstakra háttv. þm. ætla jeg ekki að segja neitt að sinni, en jeg mun með atkvæði mínu sýna, hvernig jeg lít á þær. En að lokum máls míns vil jeg taka það fram, að þó að háttv. deild samþykki þessa brtt. mína, sem fer alllangt í hækkunaráttina á útgjöldum ríkissjóðs, munar þó meira um þær sparnaðartillögur, sem jeg á við síðari hluta fjárlaganna, og verði þær samþyktar, munu þær draga að mun meir úr útgjöldunum en þessi brtt. mín hækkar þau.

Jakob Möller: Jeg á tvær brtt. við þennan kafla fjárlaganna, sem jeg vil fara um nokkrum orðum, þar eð sum atriði þeim viðvíkjandi munu vera ókunn háttv. þm. Þar er þá fyrst brtt. við 12. gr. fjárl., X. brtt. á þskj. 196. Fyrri liðurinn er um utanfararstyrk til heilsubótar nafngreindum manni. Upplýsingar þessu viðvíkjandi hafa legið fyrir fjvn., en hún hefir eigi sjeð sjer fært að taka þær til greina. Á síðasta þingi var í fjáraukalögum fyrir 1923 veittur slíkur styrkur, sem hjer er farið fram á, einum manni, og var það gert með það fyrir augum, að úr því að þeir,

sem þjást af þessari veiki, berklaveiki, njóta hvort sem er styrks af opinberu fje, þá væri þar ekki um nein ný fjárútlát að ræða. Maður sá, sem styrktur var í fyrra, átti og kröfur til og hafði enda notið styrks vegna veru sinnar í sjúkrahúsi. Gegnir og sama um þann mann, sem hjer ræðir um. Hjer er til þess ætlast, að maðurinn verði árlangt ytra, og mun þá þessi styrkur tæplega duga honum; en auðvitað yrði það þá og sparnaður ríkissjóði að veita þetta, ef hann dveldi þar svo lengi. Þetta getur ennfremur orðið sparnaður á annan hátt. Styrkbeiðni þessari fylgir vottorð frá Matthíasi Einarssyni lækni, sem mælir með henni og tekur það fram, að þess sje engin von, að maður þessi fái nokkurn bata, ef hann dvelji áfram þar sem hann er, á frakkneska spítalanum hjer í Reykjavík, en telur hinsvegar megi vænta sæmilegs bata, ef maðurinn færi utan. Ef sú von rættist og hann fengi heilsu aftur og yrði vinnufær, gæti vel svo farið, að meira sparaðist af opinberu fje en það, sem hjer ræðir um. Jeg veit til þess, að maður sá, sem styrktur var af þinginu í fyrra, dvaldi tiltekinn tíma ytra og fjekk allmikinn bata á heilsu sinni. Held jeg hann hafi ekki þurft styrks við síðan, og er þar með spöruð meiri upphæð en sú, sem honum var veitt, miðað við það, að hann hefði allan tímann síðan til þessa dags legið hjer í sjúkrahúsi og verið styrkþegi. Jeg viðurkenni, að með berklavarnalögunum er tekinn allmikill þáttur í kjörum þessara manna. Það er alkunnugt, hve þessi veiki er afarerfið. Jeg hygg, að allir háttv. þm. sjeu mjer sammála með sjálfum sjer um það, að það sje því fremur ástæða til að taka til greina styrkbeiðnir slíkra manna. En svo er þessari veiki háttað, að það eitt, að skift sje um verustað, getur haft mjög mikil áhrif til bóta, og þó að eigi væri hægt að finna neina aðra ástæðu en að skift verður með þessu um verustað, ætti það að vera nóg til þess að taka þessa brtt. mína til greina. Þessi maður, sem hjer um ræðir, er mjög vandgæfur með svefn, og er það víst, að það mundi hafa mjög góð áhrif á líðan hans, að skift yrði um verustað. Þar sem styrkur hefir áður verið veittur í sama skyni og undir líkum kringumstæðum, þá vona jeg, að háttv. deild taki þessu vel og samþykki till. mína.

Undir sama tölulið er önnur till. frá mjer, sem sömuleiðis er um sjúkrastyrk. En nokkuð öðruvísi stendur hjer á. Kona sú, sem um er að ræða, er veik af berklaveiki og hefir verið það lengi og hefir algerlega verið á framfæri hins opinbera, lengstum í sjúkrahúsum. Í fyrra fór hún þess á leit við þingið, að það veitti sjer 1000 kr. styrk til að leita sjer dvalar í sveit, í stað þess að kosta sig í sjúkrahús fyrir 8 kr. á dag. Þetta var samþykt, því menn sáu, að hjer var um sparnað að ræða, og var fjárveitingin sett í fjáraukalög fyrir 1923 og fjárlög 1924. Það má því víst teljast vangá af stjórninni að hafa ekki tekið þennan styrk upp í fjárlögin 1925. Hins vegar er fyrirgefanlegt, að hv. fjvn. hafi láðst það, því að engin umsókn mun hafa legið fyrir henni. Efast jeg ekki um, að háttv. deild muni samþykkja þetta, því það er alveg í samræmi við anda og stefnu þingsins, sparnaðinn.

Þá kem jeg að viðaukatillögu við 13. gr. undir tölulið XII. Er það uppbót á launum talsímakvenna, alt að 10 þús. kr. Það er eins um þetta sem um það, er jeg

talaði um síðast, að mig furðar á, að stjórnin skuli ekki hafa tekið þessa fjárveitingu upp í frv. Hún var samþykt bæði í fjáraukalögum og fjárlögum í fyrra með þeim forsendum, að laun þessa starfsfólks ríkisins væru svo lítil, að óhjákvæmilegt væri að bæta þau upp. Hins vegar þótti ekki tiltækilegt að breyta launanum sjálfum, þar sem þau eru ákveðin í launalögunum, en eins og menn vita er í vændum endurskoðun þeirra. Uppbótin var þá áætluð 8400 kr., eða 25 kr. á mánuði fyrir hverja stúlku. Jeg vil þó áætla upphæðina að þessu sinni 10 þús. kr., til þess að ekki þurfi að einskorða uppbótina við ákveðna upphæð, enda getur fjöldi starfsmannanna verið nokkuð misjafn.

Jeg get fallist á tilmæli hæstv. atvrh. (MG), að orðin „við bæjarsímann í Reykjavík" falli burt, og bið hæstv. forseta að taka tillit til þessa, er hann ber till. undir atkvæði. Hygg jeg, að þetta muni ekki mikið meira en 500 kr., miðað við þá upphæð, sem talsímakonum í Reykjavík hefir verið veitt, en upphæðin verður þá aðeins áætlunarupphæð.

Jeg get verið hæstv. atvrh. (MG) þakklátur fyrir, hve vel hann tók till. Býst jeg ekki við, að jeg hafi þar miklu við að bæta. Nú sem stendur eru launin 900 kr. á ári, eða um 100 kr. á mánuði með dýrtíðaruppbót, og vita þeir best, sem reyna, hvað dýrt er að lifa hjer, hversu langt slík laun hrökkva. Auk þess er vinnan mjög þreytandi, svo þó þær vinni ekki allan daginn, þá er ekki að búast við, að mikið verði úr auka vinnu, enda er starfstímanum þannig háttað, að hann kemur bæði á fyrri og síðari hluta dagsins til skiftis. Mun honum vera 4-skift.

Fleiri brtt. við þennan kafla fjárlaganna á jeg ekki og get því látið staðar numið. En þess vænti jeg, að till. mínar fái góðan byr í gegnum háttv. deild.

Pjetur Þórðarson: Hæstv. atvrh. (MG) mintist þannig á þá einu till., sem jeg á á þskj. 196, að ætla mætti, að hann væri henni mótfallinn. Þó er jeg ekki alveg viss um að svo sje. Tillagan er laus við að vera fyrir nokkra einstaka menn eða einstaka hreppa, og er þannig frá almennu sjónarmiði góð og gild. Því býst jeg líka við, að hún hafi snortið hæstv. ráðh. (MG) þannig, að hann hefði í sjálfu sjer gjarnan viljað vera með henni, enda geri jeg ráð fyrir, að svo reynist. Það er líka enginn efi á því, að þessi fjárveiting myndi svara kostnaði og enda verða að hinu mesta gagni og stuðla að því að bæta samgöngurnar, þar sem þær eru erfiðastar og gera mönnum hægra um vik að koma afurðum sínum frá sjer og nauðsynjum til sín.

Um upphæðina, 20 þús. kr., er raunar það að segja, að hún er mjög lítil, samanborið við það, sem farið hefir til þessa á undanförnum árum. Reynsla liðinna ára hefir sýnt, að 50 þús. kr. hafa ekki hrokkið nema að litlu leyti til að fullnægja óskum manna og þörfum í þessu efni.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að ríkinu væri nær að hugsa um sína vegi áður en það færi að leggja fje til sýsluveganna. En þess ber að gæta, að þessir vegir liggja eins nærri ríkissjóði að því er skylduna til fjárframlaga snertir og aðrir vegir landsins, því að svo miklu leyti sem ríkissjóður leggur fje til sýsluveganna, þá standa þeir honum eins nærri og aðrir vegir, þó tillagið til þeirra

sje ekki nema helmingur af því fje, sem til þeirra gengur. Og þó þessarar upphæðar myndi lítið gæta við lagningu nýs vegar, þá gæti hún þó gert mikið gagn með því að knýja fram það fje til vegabóta annarsstaðar frá, sem á vantar. Þörfin í þessu efni er mjög almenn og mjög mikil, enda viðurkendi hæstv. atvrh. (MG) það.

Jeg vænti þess, að það verði ekki einusinni allir hagsýnir menn, sem geta fallist á þessa till., heldur einnig allir góðir menn, þar sem hún myndi svo mikið gott af sjer leiða, bæði fyrir menn, sem mikinn baga og tjón bíða við það, hvað vegunum er víða ábótavant, og einnig fyrir skepnurnar, sem líða við það að fara yfir vegleysurnar. Get jeg um þetta dæmt betur en yfirleitt flestir hv. deildarmenn, þar sem það hjerað, sem jeg hefi lengst af dvalið í, á einmitt við mjög mikla erfiðleika að búa í þessu efni.

Það er heldur ekki allskostar rjett að líta svo á, að það beri að þvertaka fyrir að leggja fje til þessara vega, þó hætt sje að veita til þeirra brauta og þjóðvega, sem ríkið á að kosta, því jeg býst við, að hv. dm. þekki þörfina á þessu og kannist við, hversu lítið framlag í þessu skyni getur komið miklu góðu til leiðar. Jeg vil meira að segja fullyrða, að hvergi gæti jafnlítil fjárveiting komið að eins miklu haldi sem einmitt sú, sem veitt væri til vegabóta sem þessara. Og ekki er það síst, þar sem fjárhagur manna og sýslnanna er svo þröngur, svo þær eiga erfitt með að leggja fram fje á móti, en hafa á hinn bóginn annað, sem jafngildir peningum, sem sje mannskrafta og hestöfl. Efast jeg ekki um, að hæstv. atvrh. (MG) muni verða mjer og öðrum hv. dm. samþykkur í þessu efni og muni greiða atkv. sitt með þessari till. minni.

Jeg skal ekki tefja tímann með því að fara langt út í aðra sálma, þó tilefni væri til. En misskilnings fanst mjer gæta hjá háttv. þm. Barð. (HK), er hann sagði, að ekki væri rjettlátt að veita 1 eða 2 læknishjeruðum í senn styrk til að koma upp sjúkrahúsi, heldur ætti að gera öllum jafnhátt undir höfði og veita styrkinn annaðhvort öllum eða engum. Jeg er annarar skoðunar í þessu efni og tel hv. fjvn. hafa farið rjetta leið, að taka 2 hjeruð fyrir í senn, því með því vinst þó á smátt og smátt, en með hinu næst ekkert. Hvar byrjað er, skiftir í sjálfu sjer minstu máli, því jeg geri ráð fyrir, að í flestum hjeruðum, sem nú keppa um þennan styrk, sje þörfin nokkurnveginn jafnmikil. Að öðru leyti vil jeg ekki orðlengja þetta; jeg vildi aðeins taka það fram, að skilningur hv. fjvn. á þessum málum sje rjettur.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg á brtt. á þskj. 196, undir tölulið I, um að styrkurinn til manntalsins 1703 falli niður. Hefi jeg með þessu hneykslað ýmsa mæta mentamenn, og vil jeg því gera nokkra grein fyrir till. Hún er ekki fram komin vegna þess, að jeg vilji þennan styrk feigan, en ætlun mín var sú, að skjóta inn öðrum styrk, án þess að hækka útgjöldin frá því sem áætlað er, sem sje styrk til útgáfu handritaskrár Landsbókasafnsins. Skal jeg raunar fúslega játa, að það væri hart, ef þessi styrkur lenti milli tannanna á mjer, fyrst hann komst klakklaust framhjá Carybdis stjórnarinnar og Scylla háttv. fjárveitinganefndar. Því vil jeg vænta þess, að enginn samþykki þessa till., sem ekki

ætlar sjer að fylgja líka síðari tillögu minni.

Þá hefi jeg enn flutt brtt. ásamt 7 öðrum þm., á þskj. 196,II, um að hækka fjárveitinguna til strandvarna úr 80 þús. kr. upp í 120 þús. kr. Að flm. eru svo margir og af öllum landshornum, ber þess skýran vott, hvað óskin um aukna strandgæslu er almenn.

Að ekki var meira fje veitt í þessu skyni á þeim árum, sem fjárhagur ríkisins var góður, kom til af því, að þá var tiltölulega lítill ágangur af botnvörpuskipum. Þá komust fiskigöngur hindrunarlaust inn í firði og víða var komið í líkt horf og áður en botnvörpungarnir komu til sögunnar. Þá fjölgaði smábátunum mjög og skipasmíðastöðvarnar höfðu jafnvel ekki við að sinna pöntunum. Og því er nú baráttan um þennan styrk svo hörð, að þörfin á honum hefir orðið því ríkari sem getan til að fullnægja henni hefir minkað. Umræður manna um strandvarnamálið hafa heldur ekki beinst í rjetta átt. Þær hafa flestar snúist um stórt skip, sem gæti fullnægt þörfum alls landsins. Þetta hefir tafið fyrir því, að landhelgisgæslan væri að sinni framkvæmd með þeim hætti, sem við höfum ráð á. Nú munu flestir vera þeirrar skoðunar, að henni sje best borgið með fleiri smáum skipum. Togararnir eru eins og kunnugt er næmir á að finna, hvar stóra strandvarnaskipið heldur sig í þann og þann svipinn. Af þessum ástæðum er þörfin mest að auka styrkinn til smáu skipanna. Og fáum vjer svo frá Dönum 1—2 stór skip þar á ofan, getur gæslan talist á sæmilega góðum vegi. En að útvega stórt skip, eitt eða tvö, sjálfir til landhelgisgæslunnar er okkur ofvaxið að svo komnu.

Til strandvarna hafa í fjárlögum verið ætlaðar 50 þús. kr. En hæstv. stjórn hefir greitt meira vegna hinnar knýjandi þarfar, og hefir aldrei verið að fundið. En gallinn var sá, að þessar 100 þús. kr., sem stjórnin greiddi á síðasta ári, gengu allar til síldargæslunnar við Norðurland auk þess sem nokkur fjárhæð var veitt til gæslu í Garðsjó og við Snæfellsnes. Urðu Vestfirðir því fyrir hinu mesta misrjetti, því hvergi er strandvarnaþörfin meiri en þar. Þegar Vestfirðir eru algerlega vanræktir, en Norðlendingar aftur á móti styrktir til að vernda síldarútveginn, þá er von, að tortryggni vakni um það, að öllum sje ekki ljúft að auka eftirlitið með því, að togarar veiði ekki í landhelgi. Styrkurinn hefir gengið allur til að vernda síldveiðar þeirra manna, sem margir hverjir hafa ágóða af veiðum í landhelgi. Þetta misrjetti þarf fyrir hvern mun að leiðrjetta, hvort sem styrkurinn verður hækkaður eða ekki.

Gremjan og tortryggnin yfir vanrækslu strandgæslunnar er ekki ástæðulaus, sem sjá má af því, að víða, einkum við Faxaflóa, er smábátaútvegurinn, sem fyrir fám árum var í uppgangi, nú alveg að hverfa. Á Vesturlandi er honum og mikil hætta búin, og er hjer ekki um það eitt að ræða að vernda bátaútveginn, heldur og að reyna að vernda og reisa við þá menning, sem þessi holli atvinnuvegur hefir skapað.

Jeg skal taka eitt dæmi til að sýna, hvílík þörf er á strandvörnum. Mjer er það kunnugt um ástandið í Arnarfirði, að togararnir gera á stundum þar svo mikinn aðsúg að smábátunum, að þeir þurfa jafnvel að flytja sig til, svo lífi sjómannanna sje ekki hætta búin. Sópa togararnir þar mið, sem þjettlögð eru veiðarfærum, og toga báðumegin fjarðarins alt upp í netalög. Jeg get til dæmis nefnt

það um ágang togaranna, að nótt eina að haustlagi fyrir nokkrum árum mistu 50 bátar í Arnarfirði veiðarfæri sín. Nú hefir hver bátur venjulega 25 lóðir, og kostuðu þær þá 30 kr. hver, og verður það samtals 37500 kr. Þá var og ágætt fiski og má óhætt gera ráð fyrir, að hver bátur hafi tapað 2 skp. á 150 kr. skp., eða alls 15 þús. kr. Ofan á þetta bætist þriggja daga töf til að fara í kaupstað og afla nýrra veiðarfæra og koma þeim upp, og má ætla kostnað og vinnutap 45 þús. kr. Verður þá tapið þannig tæpar 100 þús. kr. á einum firði á einni nóttu, sak ir þess, hve landhelgisgæslan er ljeleg.

Sjest best á þessu, að varatill. okkar flm. um 100 þús. kr. er sannarlega ekki of há. Því þessi fjörður, sem jeg tók til dæmis, Arnarfjörður, er ekki stór fjörður; hefir á að giska 1000 íbúa, sem lifa mest á sjávarútvegi. Og nefni jeg þennan fjörð ekki af því, að jeg er fulltrúi fyrir Vesturland, heldur þurfti eitthvert dæmi að taka, en líkar sögur berast víðar að. Háttv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefir þegar í dag greint frá líku ástandi austanfjalls. Segja menn svo, að þó uppgripaafli sje einn daginn, sje hann ef til vill enginn þann næsta, því togararnir trufla svo veiðina. Slíkar sögur heyrast og frá Austurlandi síðari part sumars hvers. Talar þetta dæmi, sem jeg tók, því ekki aðeins fyrir Vesturland, heldur fyrir hönd alls landsins. Er sjávarútvegsbændum sannarlega vorkunn, þó þeim sje ekki rótt, er þeir horfa á 5—15 togara sópa botninn rjett við landsteinana. Fara bændur stundum út í ófært veður, því í illviðraköstum er ágangurinn mestur, til þess að bjarga veiðarfærum sínum, og er mikið, að ekki skuli hafa orðið slys af. Hingað til hefir gremjan mest beinst gegn togurunum, en ef þingið og stjórnin heldur áfram aðgerðaleysi um þessi mál, er við því búið, að gremjan snúist gegn þeim fulltrúum þjóðarinnar, sem svo eru skeytingarlausir um hag landsins barna. Menn skilja best, hvað er í húfi og gremju útvegsbænda, þegar menn hugsa sjer, að stórgripir væru reknir í tún landbónda um háslátt inn. Ætli ekki mundi reynt að siga á þá. Hitt dæmið væri kannske rjettara, að ræningjar kæmu, slægju alt túnið, hirtu af því heyið og flyttu burt. Eitthvað mundi gert til að hindra slíkt, ef það kæmi fyrir. En gagnvart sjóránunum er vaninn nú búinn að sljófga menn svo, að menn líta ekki sömu augum á þau og gripdeildir á landi. Víst mundu fáir bændur telja það sparnað, að spara hund, sem þyrfti til að verja túnið. Býst jeg við, að útvegsbændur muni og ekki skilja þann sparnað, að um fje sje neitað til landhelgisgæslunnar. Menn verða að láta sjer skiljast, að landhelgislínan er engin gaddavírsgirðing, sem gerir vörnina óþarfa.

Jeg gat þess, að sár gremja væri um land alt yfir því, að strandvörnunum hefir ekki verið sint nægilega. Og sú gremja verður sárari með hverju ári, þegar menn heimta rjett sinn altaf að nokkru leyti — ekki líkt því öllu — og fá engu til leiðar komið eða sama og engu. Síldin gleypir alla fjárhæðina, en smábátaútgerðin er afskift. Er því ekkert furðuefni, þó menn fyllist gremju, er þeir hafa árangurslaust gert ítrekaðar tilraunir til að fá einhvern styrk úr sjóði þeim, sem þeir sjálfir hafa goldið til. Og ekkert er það kynlegt, þó þeir þreytist að lokum, ekki eingöngu á ránskap og yfirgangi togaranna, heldur og á sinnuleysi og deyfð þeirra manna, sem fara með þessi málefni fyrir þeirra hönd. Útvegsbændurnir greiða að vísu ekki öll gjöldin í landssjóð, en þeim háu tekjum,

sem landssjóður hefir af stórútgerðinni, er sannarlega ekki betur varið til annars en að hindra ójöfnuð þann, sem stórútgerðin hefir í frammi við þá, sem minni máttar eru. Þessum gjöldum er ekki betur varið á annan hátt. Því slík landvörn er líka stórgagnleg fyrir togarana sjálfa. Því með því að sópa grunnmiðin og drepa ungviðið, spilla þeir veiði sinni á djúpmiðunum. Og togararnir gera sannarlega nóg tjón með veiðum sínum utan landhelgi, sem trufla fiskigöngurnar og hindra þær að komast inn á firði og víkur, þó þeir sundri ekki líka fiskinum á grunnmiðunum. Við flm. förum fram á að fá 120 þús. kr. til landhelgisgæslunnar, en til vara flytjum við aðra brtt., um 100 þús. kr. En áður hefir sjútvn. skrifað hv. fjvn. brjef, þar sem farið var fram á 145 þús. kr. Var sú upphæð skorin við nögl sjer og alls ekki miðuð við fylstu þörf, heldur aðeins við brýnustu nauðsyn. Hv. fjvn. hefir sjeð sjer fært að hækka áætlun stjórnarinnar upp í 80 þús. kr. Á hún þakkir skilið fyrir það, en lengra þarf að fara, og þegar litið er á dæmi það, sem jeg tók um hvað skeð gæti á einum firði á einni nóttu, get jeg ekki skilið í því, að neinn hiki að minsta kosti við það að fylgja varatill. okkar.

Það er mikið í húfi. Ekki er veiðiskapnum einum hætta búin, heldur og hinni kjarngóðu kynslóð útvegsbændanna. Smáútgerðin hefir altaf reynst hollasti atvinnuvegurinn. Togararnir gera menn að hálfgerðum farmönnum, slíta þá frá heimilum sínum, láta þá hafa of mikið að gera eina stundina, of lítið hina, og bæta ekki fólkið eins og smáútgerðin. Og síldin dregur menn líka frá heimilum sínum í síldarstöðvarnar, sem landsfrægar eru orðnar fyrir ómenning. Það eru útvegsbændurnir kringum land alt, sem fyrst og fremst þarf að vernda, því smáútgerðin er miklu hollari atvinnuvegur en stórútgerðin. Bátaútvegur í sambandi við landbúnað veitir næga atvinnu allan ársins hring, veitir þeim, sem hann stunda, í einu festu landbóndans og áræði og snarræði sjómannsins. Þetta er aðalatriði málsins, að mannfólkið sjálft er í veði. Það er ef til vill ekki ástæðulaust í þessu sambandi að nefna Jón Sigurðsson, sem alinn er upp í einni af þeim sveitum, sem nú er mest hætta búin af yfirgangi togara, ef eyra þingsins skyldi þá verða þynnra fyrir kröfum þess atvinnuvegar, sem löngum hefir alið það mannkyn, sem löngum hefir reynst best á landi hjer. Það er ekki þorskurinn einn, sem er í veði.

Sigurjón Jónsson: Jeg hefi verið svo óheppinn að lenda í andstöðu við háttv. fjvn. út af 2—3 brtt., sem hún ber fram, þó jeg yfirleitt fylgi brtt. hennar.

Önnur brtt. nefndarinnar, sem jeg get ekki fallist á, er á þskj. 163, um aðstoðarlækninn á Ísafirði, að laun hans sjeu lækkuð úr 2300 kr. ofan í 1800 kr. Þessi læknir kom til Ísafjarðar fyrir 16 árum síðan, árið 1908, og hafði þá 800 kr. laun. Þessi laun hafa svo verið smáhækkuð, aðallega 1919, þegar hækkuð voru laun lækna yfirleitt, og þegar dýrtíðaruppbót embættismanna var ákveðin, fjekk hann hana, dýrtíðaruppbótina, í hlutfalli við aðra. Það, sem jeg vildi segja um þetta mál, er eingöngu það, að upphæðin í frv. stjórnarinnar er síst hærri, miðuð við laun lækna, en 800 kr. byrjunarlaunin voru 1908. Þá munu læknar hafa fengið 1500 kr. laun, og laun aðstoðarlæknisins því liðugur helmingur. Laun hjeraðslækna nú eru 2500 kr., 3000 kr. og 3500 kr. og fara hækk-

andi um 15 ára skeið um 1000 kr. í alt, svo að hæstu launin verða 3500 kr., 4000 kr. og 4500 kr. Auk þess fá læknar nú dýrtíðaruppbót, sem er misjöfn eftir árum og verður að líkindum hærri næsta ár en nú. Ef vjer nú berum þessar 2300 kr., sem stjórnin áætlar aðstoðarlæknunum, saman við meðal-læknislaun nú, þá er þessi upphæð lægri í hlutfalli við læknalaunin en launin voru fyrst, þegar embættið var stofnað, jafnvel þó ekki sje tekið tillit til þess, að laun aðstoðarlæknisins ættu að fara hækkandi eftir þjónustuárum. Jeg vildi benda á þetta, af því að mjer virðist óeðlilegt að fara að minka við einn lækni, jafnvel þó laun hans standi í fjárlögunum, en hrófla ekkert við launum annara lækna. Jeg skal gjarnan játa, að læknar hafa hæst laun allra embættismanna, en jeg sje ekki ástæðu til þess að taka þennan mann einan út úr hópnum.

Önnur brtt. hv. fjvn., sem jeg get ekki verið með, er sú, að hækka skrifstofufje vitamálastjóra úr 3 þús. kr. upp í 3500 kr. Sje jeg lítið samræmi í því við aðrar tillögur að hækka við þennan mann, sem búast má við, að hafi fremur lítið að gera í skrifstofunni 1925, þar sem taka á fyrir allar verklegar framkvæmdir og enga vita að byggja. Vildi jeg því skjóta því til hv. þdm., hvort þeim fyndist ekki meira samræmi í því að láta þessar upphæðir báðar, sem jeg hefi nefnt, halda sjer eins og þær eru í frv. stjórnarinnar.

Svo vildi jeg benda á einn lið, það er skrifstofukostnaður landlæknis; en það er víst óþarfi, því þótt háttv. frsm. (ÞórJ) hafi ekki tilkynt, að sú brtt. sje tekin aftur, eru víst margir í háttv. fjvn. fallnir frá henni. En jeg vil aðeins taka undir það, sem háttv. frsm. upplýsti, að þessi skrifstofumaður landlæknis fær mjög lág laun, og landlæknir því minna fyrir húsaleigu. En vitanlega ber landlækni full húsaleiga, þó hann hafi skrifstofuna í sínu eigin húsi, en ekki úti í bæ, eins og t. d. vitamálastjórinn.

Út af brtt. okkar á þskj. 196, vildi jeg í þessu sambandi geta þess, að sjútvn. hefir sent háttv. fjvn. brjef, þar sem hún gerir tillögur um, hvernig styrkurinn til strandgæslunnar skuli veittur, ef hæstv. stjórn vildi taka tillit til þess, er hún úthlutar styrknum til hinna ýmsu landshluta.

Jón Kjartansson: Áður en háttv. frsm. (ÞórJ) fer að svara ræðum þeim, sem fluttar hafa verið í dag, vildi jeg beina þeim tilmælum til hans, að hann sæi sjer fært að taka út af dagskrá brtt. nefndarinnar um sjúkraskýli og læknisbústaði, með því skilyrði, að við, sem eigum slíkar brtt. á þskj. 196, gerum hið sama. Er þetta gert í því skyni, að háttv. fjvn. komi til 3. umr. með ákveðna upphæð til þessara mála, sem stjórnin skyldi svo úthluta til hinna ýmsu skýla. Hefi jeg átt tal um þetta við alla nefndarmennina í hv. fjvn., og eins þá háttv. þm., sem slíkar brtt. eiga á þskj. 196, og hafa þeir fallist á það. Jeg skil það vel, að ýmsir háttv. þdm. eigi nú örðugt með að greiða atkvæði um ýmsar þessar till. Það er víða ilt að gera upp á milli og erfitt að greina, hvar sje brýnust þörf. Þessi leið yrði tvímælalaust heppilegri, því hún gerir fleiri læknishjeruðum fært að byrja að byggja skýli, því þó þau fengju aðeins hálfan styrk í ár, væri hægt að byrja á 3—4 skýlum þegar á næsta ári. Vona jeg því, að háttv. frsm. sjái sjer fært að verða við tilmælum mínum, og má hann óhætt treysta því,

sem jeg sagði um ummæli annara háttv. nefndarmanna.

Af því að jeg er bráðum búinn að tala mig dauðan, vildi jeg aðeins víkja örfáum orðum að brtt. II á þskj. 196. Ekki er það þó af því, að jeg ætli að hreyfa neinum andmælum, en vildi aðeins beina þeim tilmælum til hæstv. stjórnar, og þó sjerstaklega til forsrh., sem því miður er ekki viðstaddur, að leitað verði samkomulags um strandgæsluna af Dana hálfu, þannig, að þeir leggi til 2 skip til strandgæslunnar, eins og komið hefir til orða. Jeg þykist hafa sjeð af skýrslum dansk-ísl. nefndarinnar, að málið hafi lent í hálfgerðu klúðri, og að jafnvel hafi verið hafnað tilboðum frá Dönum, er gengu í þessa átt. Jeg vona, að menn sjái, að ekki sitji á oss að viðhafa neinn gorgeir í þessu efni, heldur færum oss í nyt þau hlunnindi, er 8. gr. sambandslaganna lætur oss í tje.

Magnús Torfason: Jeg á enga brtt. hjer, en vildi gera nokkrar athugasemdir við brtt. IV á þskj. 196, um sjúkraskýli Grímsneshjeraðs. Það á sannarlega ekki af þessu máli að ganga að verða hnotabit hjer í deildinni. Það var í fyrra gert að stórpólitísku máli, sem varð þess valdandi, að 3000 kr. styrkbeiðni náði ekki fram að ganga. Það var bæði gert að bindindis- og brennivínsmáli í senn, en í slíkum málum hitnar mönnum gjarnast í skapi. Eins og málið liggur við nú, virðist það liggja í augum uppi, að styrkinn ber að veita. Það er sannað með reikningum, að sjúkraskýlið hafi kostað rúmar 30000 kr., og var það auðvitað bygt í því trausti, að einn þriðji hluti fengist endurgoldinn úr ríkissjóði, sem föst venja er til, þegar líkt stendur á. Venjulega koma slíkar kröfur fram áður en skýlin eru bygð, svo að hjer hafa landssjóði verið sparaðir vextir. Hjer er því um feikilegt misrjetti að ræða, ef styrkurinn verður ekki hækkaður, og er þetta líklega fyrsta brotið á reglunni um fjárveitingar til sjúkraskýla síðan hún komst á. Sjerstaklega eru það tvær ástæður, sem fram hafa komið gegn hækkun styrksins. Hin fyrri er sú, að skýlið hafi grætt svo á ríkinu, er hið fræga Geysishús var keypt, að það eigi ekki heimtingu á frekari styrk þaðan. Húsið var talið 20000 kr. virði í fyrra á þinginu. . 1907 kostaði skýlið 2000 kr. Í því var allur byggingarkostnaður fólginn, og þá grunnurinn líka, sem ekki verður þó fluttur úr stað. Ríkissjóður selur húsið á 3000 kr. Hann hefir því, hvernig sem á er litið, grætt minst 50% á sölunni. Hús þetta var upphaflega bygt sem sumarhjallur og mjög óvandað, t. d. óheflað og ómálað að utan. Enda var það mjög ódýrt, samanborið við aðrar slíkar byggingar í sambandi við konungskomuna, t. d. Valhallarhúsið, er kostaði um 20000 kr. Húsið var því fúið og fyrnt og í það ýtrasta 1500 kr. virði. Annars hvílir öll sönnunarskyldan á þeim, sem halda því fram, að hjer hafi verið um stórgróða að ræða fyrir hjeraðið. Í því efni held jeg mjer fast við reikninga þá og skýrslur frá byggingameistara sjúkraskýlisins, sem eru nákvæmlega sundurliðaðar. Einn af okkar bestu og ráðvöndustu mönnum hefir líka sagt mjer, að svo hafi átt að ganga frá skýrslunni, að ekki yrði að henni fundið. En þótt ríkissjóður kunni að hafa fengið of lítið fyrir húsið, sem jeg efast þó um, þá tel jeg óvíst, að ríkis-

sjóður hefði losnað við húsið með öðru móti en þessu.

Hin ástæðan er sú, að aðeins hafi verið sótt um 3000 kr. styrk í fyrra í þessu skyni. Jeg býst við, að ástæðan hafi verið sú, að skýlið var þá ekki fullgert og að þm. sá, er flutti beiðnina, hafi ekki verið nægilega kunnugur málinu, og því orðið misfellur á þessu. Eða hví ætti fátækt hjerað að hverfa frá þeirri skýlausu kröfu, sem það á til að fá þriðjung kostnaðarins endurgoldinn? Jeg sje alls ekki að þessi fjárbeiðni í fyrra komi málinu neitt við. Líklega hefir flutningsmaður haldið, að ekki þýddi að fara fram á meira í bili. Mjer finst, að hjeraðið, sem búið er að koma upp þessu myndarlega húsi, ætti ekki að gjalda þess, þótt það hafi verið gert að pólitísku æsingamáli, því að það er sannarlega ekki hjeraðsbúa sök.

Hv. síðasti ræðumaður mæltist til, að teknar væru aftur brtt. um styrk til sjúkraskýla. Jeg sje enga ástæðu til þess; má altaf færa misfellur í lag við 3. umr. Jeg vil svo leggja áherslu á, að jeg tel Grímsnessjúkraskýlið hafa algerða sjerstöðu í þessu máli, þar sem skýlið er þegar bygt og farið er fram á fjárveitinguna sem greiðslu ríkissjóðs á skuld. Það er alt öðru máli að gegna um áætluðu og óbygðu sjúkraskýlin, þótt sjálfsagt og eðlilegt sje, að stjórnin taki fult tillit til þeirra, eftir því sem ástæður verða til.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg er þakklátur hv. deild fyrir það, hve vel hún hefir tekið till. nefndarinnar. Umræður hafa aðallega snúist um fá einstök atriði, og því ekki margt annað, er svara þarf. Áður en jeg fer út í brtt. þær. sem fyrir liggja og standa í sambandi við ýmislegt, er svara þarf, vildi jeg víkja nokkuð að tilmælum hv. þm. V.-Sk. um að fresta atkvæðagreiðslu um nokkrar brtt. Hann sagðist hafa talað við nefndarmenn um þetta og þeir fallist á það. Háttv. varaforseti, þm. Borgf., sem er í nefndinni, hefir sent mjer miða, sem sýnir, að hann er mótfallinn þessu, og sama er að segja um 1. þm. Árnesinga. Jeg hefi því ekki leyfi til þessa, nema sjerstök áskorun komi fram eða jeg fái rætt þetta við meðnefndarmenn mína. — Þá vil jeg athuga þau mótmæli gegn einstökum atriðum, er fram hafa komið. Ef til vill hefði verið kurteislegra að svara hæstv. stjórn fyrst, en jeg mun þó taka þann kostinn, að svara þingmönnum eftir röð. Vil jeg þá fyrst víkja mjer að háttv. 2. þm. Rang. (KlJ). Hann hafði ýmislegt að setja út á gerðir nefndarinnar, sem við mátti búast, þar sem hann er fráfarandi fjármálaráðherra. Hann talaði um, að ýmsar af brtt. hennar væru þýðingarlausar. Átti hann þar við þær till., er hækka hin lögboðnu útgjöld. En það má ekki teljast þýðingarlaust að koma gjaldahlið fjárlaganna í það horf, að hún sje sannur spegill af því, sem greiða þarf, en ekki bein og vísvitandi blekking, — en þannig var hún frá stjórnarinnar hendi. Annars vil jeg geta þess, að starfsemi nefndarinnar hefir yfirleitt hlotið fremur lof en last.

Eitt af því, sem háttv. 2. þm. Rang. fann sjerstaklega að, var brtt. við 13. gr. um laun símamanna.

Jeg hafði í fyrri ræðu minni nákvæmlega gert upp þennan lið og sýnt fram á, að stjórnin hafði þar alrangt fyrir sjer. Hafði hún dregið frá laun fastra starfsmanna, sem annaðhvort voru þá fastir í stöðunni eða höfðu yfirgefið hana og var

búið að veita öðrum, er námu kringum 12 þúsund kr. Þess utan dró fyrv. fjármálaráðherra frá 6500 kr., sem hann hefir aldrei getað gert neina grein fyrir hverskonar upphæð var. Þetta samtals er um 18 þús. kr., sem með dýrtíðaruppbót gerir 27 þús. kr., og það er sú upphæð, sem við launaliðinn er bætt. Annars má háttv. deild trúa því, að nefndin hefir hvergi hækkað hina lögboðnu útgjaldaliði meira en það, sem hún er sannfærð um, að minst verður að greiða.

Að öðru leyti hefir hæstv. atvrh. svarað þessum háttv. þm. um hækkun nefndarinnar á öðrum liðum símans, og skal jeg því leiða það hjá mjer. Þá þótti sama hv. þm. nefndin hafa hækkað of mikið vaxtaliðinn af skuldum ríkissjóðs, eða um 100 þús. kr. Eins og jeg tók fram í ræðu minni, eru talsvert yfir 2 milj. ósamningsbundnar skuldir í Landsbankanum, sem stjórnin hefir hvergi tekið til greina. Það er engin minsta von til þess, að af tekjum ríkissjóðs verði þetta greitt á þessu ári. Meira að segja lítil von til þess, að upp undir ¾ milj. verði greitt, eins og nefndin þó gerði ráð fyrir, því vextina reiknaði hún ekki nema af tæpri 1½ milj. Það er því síður en svo, að nefndin hafi gengið hjer of langt — miklu fremur of skamt — og ætti hv. þm. að vera nefndinni þakklátur fyrir að hafa bætt hjer úr vanrækslu hæstv. fyrv. stjórnar. Hann mintist og á, að víða hefðu verið hækkaðir útgjaldaliðir til ljóss og hita. Nefndin getur ekki að því gert. Hjer hefir verið um rangar áætlanir að ræða, og hvort sem miðstöðvarhitun er nú víða komin á eða ekki, eins og hv. þm. var að tala um, þá er það víst, að meira eyðist til þessa en stjórnin áætlaði, og má hv. þm. sjálfum vera þetta allra manna kunnugast. Þá mintist hann og á sóttvarnirnar og sagði, að nefndin hefði hækkað liðinn of mikið. Eins og menn vita, eru áraskifti að því, hve þessi útgjaldaliður er hár. En sú upphæð, er nefndin stingur upp á, er þó lægri en síðasta ár, er ekkert sjerstakt kom fyrir, og lægri en nokkru sinni hefir átt sjer stað síðan 1918.

Hann talaði og um berklavarnakostnaðinn og var sammála nefndinni um, að sá liður yrði hækkaður. Frumvarp það, sem á leiðinni er um þetta mál, var ekki kunnugt mjer nje neinum í nefndinni, að því er jeg veit, en nefndin bjóst við því á hverri stundu, og frestaði því að taka ákvörðun um þennan lið. En mun gera það til 3. umr., eftir því sem henni sýnist við eiga eftir frv., sem þá að líkindum verður komið inn í deildina.

Þá drap hann og hv. þm. Ísaf. líka á skrifstofukostnað vitamálastjóra. Það er nú máske von, að undarlegt þyki, að nefndin skuli hækka þennan lið. En það er ekki gert að órannsökuðu máli. Enda þótt um engar nýbyggingar sje að ræða, er eftirlitið mikið og kostnaðarsamt og þarf sjerfróðs manns með, þar sem má heita að stöðugar viðgerðir sjeu á einhverjum stað. Nýbyggingar hafa eiginlega minni áhrif á þennan kostnað en margir ætla. Nefndin lagði til að lækka skrifstofukostnað vegamálastjóra um 500 kr. á ári, þar sem líkt stóð á, en sá kostnaður hafði ekki farið yfir áætlun, en skrifstofukostnaður vitamálastjóra var síðasta ár 4500 kr., svo í raun og veru er hann lækkaður um 1000 kr. frá því, sem hann virkilega var. En lækkun stjórnarinnar um 1500 kr. sýnist ekki geta staðist.

Þá beindi hæstv. fjrh. (JÞ) þeirri fyrirspurn til nefndarinnar, hversu miklar greiðslur hún mundi leggja til, að ríkissjóður inni af hendi samkvæmt gömlum lögum og þál. Hæstv. atvrh. (MG) hefir

svarað því fyrir nefndarinnar hönd, að hún hefði búist við, að hv. fjhn. gerði till. þar að lútandi, svo sem venja hefir verið, en ekki fjvn. Nú hefir hæstv. fjrh. f. h. hv. fjhn. afhent fjvn. slíkar tillögur, og mun hún taka þær til athugunar og bera síðan fram till. sínar í þessu efni.

Þá kem jeg að hv. 2. þm. Árn. (JörB). Hann mintist, eins og hv. 2. þm. Rang. (KlJ), á símalagningarnar. Því hefir einnig verið svarað af hæstv. atvrh., og mun jeg láta það svar nægja f. h. nefndarinnar. Þá var annað atriði í ræðu hv. sama þm. (JörB), sem jeg vildi athuga nánar, sem sje styrkurinn til læknishjeraða. Var talsverður þungi í ræðu hans í garð fjvn. út af meðferð hennar á styrk til læknisbústaðar og sjúkraskýlis í Grímsneshjeraði. Var sá þungi máske dálítið eðlilegur, vegna þess að háttv. þm. mun ekki kunnugur því, sem fram kom á síðasta þingi um það, hversu meta bæri hagnað þessa hjeraðs af kaupum Geysishússins. En þá var það meining þingmanna hjeraðsins, sem báðu um 3000 kr. styrk handa Grímsneshreppi til byggingar sjúkraskýlis, að hjeraðsbúar væru ánægðir með þann styrk, enda væri hann hæfilega hár, samanborið þið það, sem önnur hjeruð fengju. Nú má vel vera, að þingið í fyrra hafi metið hagnað hjeraðsins af kaupum Geysishússins fullhátt, enda vildu sumir a. m. k. áætla hann nær 20 þús. kr. En nú skal jeg meta hagnaðinn á mælikvarða hv. þm. (JörB). Hann viðurkendi við hv. þm. Barð., að byggingarefni hefði fimmfaldast síðan húsið var upphaflega bygt, en þá kostaði það 2 þús. kr. *(JörB*: Það hefi jeg aldrei gert, og munu bæði skrifararnir og hv. þm. Barð. geta borið um það). Jeg skrifaði þessi ummæli háttv. þm. hjá mjer, og enda mun láta nærri, að þau sjeu ekki fjarri sanni. Eftir því hefir húsið átt að vera nær 10 þús. kr. virði. Þá taldi háttv. þm. rjettmætt að slá 20% af fyrir fyrningu o. s. frv., og skal jeg ganga inn á það. Þá verður útkoman sú, að húsið hefði átt að kosta 8000 kr., en var selt fyrir 3000 kr. Sje þetta alt saman rjett, þá hefir hjeraðið hagnast um 5000 kr. á kaupum hússins, og verður sú upphæð að skoðast sem styrkur úr ríkissjóði, því jafnframt hefir hann þá vitanlega skaðast um sömu upphæð á sölunni. Nú fer hv. þm. fram á 9 þús. kr. styrk til læknishjeraðsins, en nefndin vill veita 3 þús. kr. í viðbót við þau 5 þús., sem hjeraðið hefir áður fengið á þann hátt, sem jeg hefi nú lýst. Fer þá munurinn að verða býsna lítill í samanburði við það, sem hv. þm. (JörB) vill vera láta, eða aðeins eitt þúsund krónur. Við þennan útreikning hefi jeg bygt á þeim grundvelli, sem hv. þm. hefir sjálfur lagt, og mun því mega treysta því, að hjer sje rjett með farið. Það er að vísu þýðingarlaust að þrátta um þetta atriði hjer, en geta vil jeg þó þess, að landlæknir gerði engar ákveðnar till. til nefndarinnar í þessu efni. Hann taldi að vísu sanngjarnt, að hjeraðið fengi einhvern styrk, og nefndin hefir líka lagt til, að svo verði. Má vera, að hann sje að einhverju leyti of lágur, en eins og jeg hefi tekið fram, hefir nefndin ekki haft tækifæri til þess að láta rannsaka til hlítar það mat hjeraðsbúa, sem hv. þm. (JörB) byggir svo mjög á. En ef hann hefir rjett til að álíta nefndina hlutdræga í þessu máli, þá hefir hún engu síðri rjett til að álíta hið sama um tillögur hjeraðsbúa sjálfra, þar sem þeir eru annar aðili málsins. En nú hefir hv. þm. sjálfur metið umrædd kaup, og vil jeg f. h. nefndar-

innar leggja trúnað á það mat hans, og læt því útrætt um þetta atriði að sinni.

Næstur verður fyrir mjer hæstv. forsrh. (JM). Hann gerði 9. brtt. nefndarinnar, viðvíkjandi sendiherranum, að umtalsefni. Taldi hann hæpið, að komist yrði af með 17 þús. kr. í skrifstofukostnað og laun þess manns, sem með embættið færi, en taldi sennilegra, eftir því sem reynslan hefði sýnt, að sá kostnaður færi upp undir 20 þús. kr. Þetta má vel rjett vera, og enda hefir nefndin ekki lagt neina sjerstaka áherslu á það, að liður þessi færi ekki lítilsháttar fram úr áætlun hennar. Telur hún sparnað á þessum lið ærinn samt. En þar sem hæstv. forsrh. hefir talið, að 20 þús. kr. myndu nægja, verður nefndin að leggja áherslu á það, að fram úr þeirri upphæð verði ekki farið, og mun því skoða till. sína sem áætlunarupphæð, ef henni verður ekki breytt við 3. umr.

Þá mintist hæstv. forsrh. (JM) á læknisvitjanastyrk, sem hann kvað mega lækka eitthvað. Fyrst er þess að geta, að fjvn. áleit, að hæstv. stjórn hefði betra tækifæri til þess að skifta styrk þessum heldur en nefndin, og leggur því til, að stjórnin verði látin um það verk. En þar sem styrkurinn er í frv. lægri en hann áður hefir verið og þar sem nefndin ætlast til þess, að styrkur samkvæmt brtt. háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) o. fl. á þskj. 196 sje innifalinn í þessari upphæð, þá bjóst nefndin við því, að hún mætti ekki lægri vera. Viðvíkjandi því, að ekki sje nægilega tilgreint í aths. um þennan læknisvitjanastyrk, að styrkur samkvæmt áðurnefndri brtt. 1. þm. N.-M. sje innifalinn í honum, þá má breyta því til 3. umr., ef brtt. verður þá ekki samþykt sjerstaklega.

Þá stakk hæstv. forsrh. upp á því, að styrkur til sjúkraskýla og læknisbústaða væri ákveðinn í einu lagi árlega, en stjórnin síðan látin taka ákvörðun um það, hverjum hann væri veittur.

Vel má vera, að þetta væri í sjálfu sjer rjettara, en þó að svo yrði ákveðið, þá býst jeg við því, að hæstv. stjórn myndi byggja úthlutun sína á sömu gögnum og fjvn. gerir, sem sje tillögum landlæknis. Kæmi þetta þá í sama stað niður.

Næstur verður fyrir mjer hv. þm. V.-Sk. (JK). Hann talaði sjerstaklega um styrk til sjúkraskýla, og skal jeg þess vegna víkja að því lítið eitt nánar. Hann sagði, að ómögulegt væri fyrir þingið að ákveða, hvaða skýli skyldu sitja fyrir, heldur ætti stjórnin að gera það. Jeg er nýbúinn að svara þessu, og þarf því ekki að orðlengja frekar um það.

Það er rjett, sem hv. þm. (JK) sagði, að undirbúningur sjúkraskýlisins í Vík er að sumu leyti betri en annara sjúkraskýla. Hann er betri að því leyti, að nægilegt fje mun vera fyrir hendi til þess að byggja skýlið, en teikningar af skýlinu lágu ekki fyrir nefndinni fyr en nú alveg nýlega. En annars skal jeg fyrir hönd nefndarinnar taka það fram, að það virðist nokkuð undarlegt, að þegar menn sækja um þessa styrki, þá er eins og þeir haldi, að þeir þurfi ekki annað en koma með uppdrætti af væntanlegum skýlum og læknisbústöðum. Fyrst og fremst ber húsameistara engin skylda til að láta uppdrætti þessa í tje ókeypis. Og í öðru lagi er haft á orði, að ekki sje í öllu sem „praktiskast" fyrirkomulag á teikningum hans. Þetta Víkurskýli og læknishús á t. d. að kosta, samkv. áætlun húsameistara, um 40 þús. kr., og er ráðgert, að það hafi aðeins 5 rúm.

Önnur skýli, t. d. Borgarnesskýlið, sem nefndinni virtist, þegar á alt var litið, best undirbúið allra þeirra, sem styrks

var leitað fyrir, er áætlað að kosti jafnmikið, en hafi 11 rúm. Hafði húsameistari ekki gert þær teikningar. Það er sem sje ekki nægilegt að sníða fyrirkomulag þessara bygginga eftir útlendum fyrirmyndum eingöngu, heldur verður að taka tillit til hjerlendra staðhátta og skapferlis þjóðarinnar. Annars get jeg ekki sjeð, að altaf sje sjálfsagt að veita þessa styrki, hvenær sem um er beðið. Enn er einn annmarki á byggingu sjúkraskýlis í Vík. Þar er aldraður læknir, sem af öllum er talinn óhæfur til að standa fyrir sjúkraskýli. Og þó að hv. þm. (JK) hafi sagt, að hann væri fús til að segja af sjer undireins og sjúkraskýlið kæmi upp, þá hefir engin slík yfirlýsing frá honum legið fyrir nefndinni. Jeg þekki ekki þennan embættismann, en hitt veit jeg, að menn hafa til að sitja sem fastast einmitt eftir að slík skýli eru reist, og ef svo færi hjer þá yrði skýlið að litlu liði fyrsta kastið. Þetta atriði er einmitt mjög athugavert.

Þá mintist sami hv. þm. (JK) á uppbótarstyrk til Síðuhjeraðs, vegna þess, að læknisbústaðurinn og sjúkraskýlið þar hafi farið fram úr áætlun. Jeg vil minna hann á, að í fyrra lá fyrir þinginu kostnaðaráætlun yfir þessa byggingu, og var 10 þús. kr. styrkur þá talinn nægja, enda var sú upphæð veitt. En það sýnir, hversu mjög ber að treysta hinum góða undirbúningi, sem allir þeir, sem um slíkan styrk sækja, hrósa sjer svo mjög af, að nú hefir þessi bygging orðið dýrari en í fyrra var áætlað. En nú hefir aldrei verið venja að veita þannig lagaða uppbótarstyrki, og er því ekki að undra, þó að fjvn. mæli ekki með því nú. Það verður að teljast afgert mál, þegar læknishjerað óskar eftir að fá slíkan styrk samkvæmt framlagðri áætlun — og fær hann. Það dugir ekki, að þau geti síðan komið til þingsins eftir á og heimtað uppbætur, ef áætlunin hefir reynst röng. Það vita líka allir, að ríkissjóði ber engin lagaskylda til þess að borga þriðjung kostnaðar við slíkar byggingar. Fyrir því er aðeins stutt venja, sem tekin hefir verið upp á allra síðustu árum. Og í sambandi við það, að hv. 1. þm. Árn. (MT) vildi telja ríkissjóð *skulda* læknishjeruðunum ⅓ slíks kostnaðar, þegar þau hefðu lokið byggingu sjúkraskýlanna, þá verð jeg að álíta, að ekki sje unt að tala um skuld þar, sem engin skuld hefir verið stofnuð.

Það hvílir því engin lagaskylda á ríkissjóði hvað snertir styrk til slíkra sjúkraskýla, þó að fjvn. vilji fara svo langt sem hún gerir í þessu efni.

Viðvíkjandi styrknum til bátaferða skal jeg geta þess, að fjvn. kemur hann ekki beinlínis við og hefir því engar till. um hann gert. Er það hv. samgöngumálanefnd, sem um það mál fjallar.

Þá kem jeg að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Jeg þarf litlu að svara því, sem hann sagði um læknisvitjanastyrk til Hróarstunguhjeraðs. Fjvn. hefir altaf viðurkent, að sjálfsagt sje að veita styrk þennan, ef læknir kemur í hjeraðið, og er enn sömu skoðunar. Þessu næst mintist háttv. þm. á styrk til sjúkrasjóðs Fellshrepps, sem hann vill láta fella niður, og tók til samanburðar þá till. fjvn. að lækka ferðastyrk augnlæknis. Mjer hefði nú þótt líklegra og betur sambærilegt, að hann hefði borið styrk þennan saman við styrkinn til slysatryggingarsjóðs „Dagsbrúnar", sem nefndin hefir heldur ekki viljað fella niður. Þessir tveir styrkir komu samtímis inn í fjárlögin og hafa staðið þar saman síðan. Hvað viðvíkur ferðakostnaðarstyrk augnlæknis að öðru leyti, þá skal jeg geta þess, að nefndinni þykir lækningaferðum hans ekki hafa verið hagkvæmlega fyrir komið

hingað til. Í stað þess að læknirinn hefir farið eina ferð árlega kringum alt landið, þá telur nefndin heppilegra, að hann skifti landinu niður og heimsæki aðeins nokkurn hluta þess árlega, en dvelji þá heldur lengur á hverjum stað. Mun tiltölulega lítið gagn að komu læknisins, nema hann dvelji a. m. k. hálfan mánuð á hverjum stað. Annars er hætt við, að flestir sjúklingar þurfi hvort eð er að leita til Reykjavíkur.

Þegar háttv. þm. (SvÓ) tók hina sjerstöku ferð augnlæknis til Austfjarða í fyrra sem dæmi þess, hversu ferðir hans væru nauðsynlegar, þá er því fyrst til að svara, að hvergi hefir verið upplýst, hversu mjög sú ferð var bráðnauðsynleg. Sá ferðakostnaður, 1200 kr., var greiddur í heimildarleysi, þó að jeg vilji ekki beinlínis vefengja, að ástæða hafi verið til ferðarinnar. En slík tilfelli geta engu síður komið fyrir, þó að augnlæknir hagi ferðum sínum eins og hann hefir gert hingað til. Það fyrirbyggir ekki, að augnsjúkdómar geti komið upp í einhverju hjeraði landsins, sem þurfi skjótrar aðgerðar við. Þessir tveir styrkir eru því á engan hátt sambærilegir, og leggur nefndin fyrir sitt leyti á móti því, að feldur verði burtu styrkurinn til sjúkrasjóðs Fellshrepps, enda er upphæðin lítil, einar 200 krónur.

Þó getur nefndin ekki aðhylst till. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um að veita nýjan slíkan styrk til slysatryggingarsjóðs verklýðsfjelaganna í Reykjavík. Það er ekki af því, að nefndin viðurkenni ekki nauðsyn þessa sjóðs, en þegar það er athugað, að hann er þegar orðinn talsvert stór, og þegar nefndin bar þennan sjóð saman við ýmsa aðra sjóði og fjárhag ríkissjóðs, þá sá hún ekki fært að veita styrk þennan að þessu sinni, enda kæmi hann að tiltölulega litlum notum. Þar með hefi jeg svarað hv. 2. þm. Reykv.

Þá gerði hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) fyrirspurn um það, hvort nefndin hefði nákvæmlega gert upp, að styrkurinn til e.s. Esju færi ekki fram úr 100 þús. kr., sem nefndin hefir lagt til, að hann yrði áætlaður.

Því get jeg svarað neitandi.

Það er ekki gott að segja með neinni vissu, hve mikið muni eyðast í þessu skyni, en eftir því, sem næst verður komist, er upphæðin of lágt áætluð. Má jafnvel búast við því, að þessi styrkur nemi, þegar til kemur, um 150 þús. krónum, því að á 6 mán., sem skipið hefir gengið, varð hann um 76 þús. kr. Þó býst jeg við, að hann fari ekki fram úr þeirri upphæð, 150 þús., því að enn sem komið er er reynslan með skipið ekki löng, og er helst hægt að gera ráð fyrir, að einhver mistök kunni að vera á útgerð þess fyrst í stað, sem löguð verði er frá líður.

Það er því síður en svo, að nefndinni hafi dottið í hug að draga úr eða hætta að einhverju leyti strandferðum skipsins, þó að hún nú hafi lagt til, að þessi upphæð yrði áætluð til þeirra, en vel má vera, að til þess geti þó komið síðar af sparnaðarástæðum.

Þá kem jeg að hv. 1. þm. N.-M. (H-Stef). Jeg hefi svarað honum að mestu, en þó vildi jeg leyfa mjer að geta þess, að það er eigi nema sjálfsagt að skilgreina betur styrkveitinguna til læknisvitjana.

Þá er næstur hv. þm. Barð. (HK). Er þar sem víðar annarsstaðar um styrk til læknisbústaðar að ræða. Jeg gat þess í fyrri ræðu minni, að eftir áliti landlæknis hefði styrkur til þessa sjúkrahúss átt að koma næst á eftir Borgarneshjeraði, ef undirbúningurinn hefði verið góður. Og það má um þann undirbúning segja, að hann

hafi eigi verið alls fullnægjandi, þar sem teikningu af bústaðnum vantaði, og auk þess var yfirlýsing landlæknis í þá átt, að enginn undirbúningur væri í hjeraðinu með fjársöfnun. Hitt var nefndinni kunnugt, að erfiðleikar eru þarna miklir með læknissókn, og það því mikil ástæða út af fyrir sig. En samt sem áður getur eigi komið til mála að ganga inn á þessa styrkveitingu, því að fyrsta skilyrðið til þess er, að nægilegt fje sje til frá hjeraðinu, því að þó að byrjað yrði að byggja fyrir styrkinn, þá er hætt við, að fyrirtækið strandi sakir fjárskorts, og eru til þess dæmi, sem vert er að varast.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) taldi það mjög óvinsælt að mæla á móti styrkveitingu þar, sem sjúklingar eiga í hlut. Það er af tveim ástæðum, sem nefndin hefir ekki getað gengið inn á brtt. háttv. þm. Önnur ástæðan er sú, hversu örðugur fjárhagur ríkisins er nú, og hin ástæðan er sú, að verði þessi styrkur veittur, þá er hætt við, að fleiri menn komi á eftir. Reynslan sýnir, að þetta er rjett, því þegar þingið gekk fyrst inn á þessa braut, þá kom heil skriða á eftir. Nú hefir þetta legið niðri um tíma, og því vildi nefndin eigi ganga inn á sömu braut aftur. Og jeg skal geta þess um annan þessara sjúklinga, sem fjekk styrk á síðasta þingi, að það er alveg rjett, eins og málið var þá afgreitt, að það leit út sem sparnaður að veita honum 1000 kr. styrk til þess að dvelja uppi í sveit, hjá því sem kosta hann í sjúkrahúsi, en þess ber að gæta, að það vantaði og vantar enn eitt atriði í þetta mál, sem sje það, að sjúklingurinn þarf að hafa læknisvottorð um það, að hann þurfi ekki sjúkrahúsvist, en um leið og hann fær þetta vottorð, er ríkissjóður engan veginn skyldur að kosta hann. Þetta tvent getur því ekki farið saman, læknisvottorð um þörf á sjúkrahúsvist og skylda ríkissjóðs til að kosta sjúklinginn utan sjúkrahúss. Vil jeg svo ekki vegna háttv. þm. fjölyrða meira um þetta.

Þá er það önnur till. frá þessum sama hv. þm. (JakM), sem sje 10 þús. kr. uppbót til talsímakvenna. Jeg get því miður ekki komið með ábyggilegan samanburð á launakjörum þessara starfsmanna ríkisins og annara, til þess með vissu að geta dæmt um þörfina til uppbótar, en þó hygg jeg, að ekki sje nein ástæða til þess. Nefndin leggur því á móti þessari till., meðal annars af því, að þá verður þingið að taka fleiri slíkar beiðnir til greina, en nefndin álítur ekki rjett að hreyfa mikið við launum starfsmanna ríkisins þangað til launalögin verða endurskoðuð í heild. Að minsta kosti þurfa slíkar till. sem þessi að vera reistar á sterkum rökum, ef þær eiga að vera teknar til greina.

Þá kem jeg að hv. þm. Mýra. (PÞ). Jeg heyrði að vísu lítið til hans, en jeg veit, að till. hans fer fram á að hækka tillagið til akfærra sýsluvega um 10 þús. kr. Mig minnir, að hæstv. fjrh. hafi svarað þessu í dag á þá leið, að nefndin mundi styðja till., en svo er ekki. Hún telur ekki rjett að hækka tillagið meðan fjárhagur ríkissjóðs er svo erfiður, að hann getur ekki kostað vegi sjálfs sín. Nefndin hefir því lagt á móti brtt.

Þá kem jeg að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Hann á hjer 2 brtt. Er önnur þeirra um að fella niður styrk til útgáfu manntalsins frá 1703, og skal jeg ekki fara út í það, en aðeins geta þess, að nefndin hefir óbundin atkvæði um liðinn. Hin brtt. er um landhelgisgæslu, að fyrir 80 þús. kr. komi 120 þús. kr. Jeg skal játa það, að nefndin hefir ekki fært rök fyrir því, að hennar upphæð sje sú rjetta, en hinsvegar gat hún ekki fallist á till. sjútvn. um 140

þús. kr. Taldi hún, að meðan þessi gæsla er jafnskipulagslaus og hún er, verði aldrei sagt með vissu, hvaða upphæð þurfi. Og þó að hún játi nauðsynina á þessu, þá veit hún líka, að fyrirhyggjulaust er hægt að fara með þetta, og því sje rjett að hafa reynsluna og hygnina með og smáauka með ákveðna breytingu fyrir augum, enda er hjer talsvert hækkað frá till. stjórnarinnar. Annars getur þetta altaf verið álitamál, og verða þá atkvæði að skera úr. Út í það, hvort betra er að hafa stórt skip eða smærri báta, skal jeg ekki fara; þar mun engin fullkomin reynsla vera um, en líklegt, að hvorttveggja geti verið heppilegt.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) taldi 2 brtt. nefndarinnar ekki rjettmætar. Var önnur þeirra lækkun á launum aðstoðarlæknisins á Ísafirði og bar hann laun hans saman við laun annara lækna. Jeg skal benda hv. þm. á það, að launin eru enn í fullu samræmi við það, sem þau voru áður við laun annara lækna. Ef við tökum fastalækni með 2500 kr. launum, þá hefir hann með dýrtíðaruppbót 3700 kr., og eru það helmingi hærri laun en aðstoðarlæknisins nú, sem við setjum 1800 kr. En þegar laun hans voru sett með lögum, voru þau 800 kr., en fastalækna þá *lægst* 1500 kr. Hlutfallið er því svipað enn. Nefndin taldi ennfremur rjett að lækka þetta þegar af þeirri ástæðu, að engin lagaskylda ber til þess að launa lækninn svo hátt, ekki nema 800 kr.

Hvað skrifstofu vitamálastjóra snertir, þá hefi jeg svarað því áður. Og hvað skrifstofukostnað landlæknis snertir, þá hefi jeg einnig svarað því, þó eigi fyrir hönd nefndarinnar, heldur mína eigin. Mjer var falið að leita upplýsinga um það atriði og fjekk þær, en jeg læt mjer nægja að leggja það mál undir atkvæði hv. deildar án frekari greinargerðar.

Jeg hefi þá svarað öllu því, sem fram hefir komið, og sje því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Hvað snertir það, að hv. 1. þm. Árn. (MT) talaði um, að sjúkraskýlismálið væri bæði bindindis- og brennivínsmál, þá skal jeg geta þess, að það er ekki mitt að greina það í sundur, og vel mega Árnesingar rífast um það bæði fullir og ófullir. Vænti jeg svo, að jeg þurfi ekki að taka til máls aftur að þessu sinni, enda geri jeg ráð fyrir, að langar ræður hafi ekki nein áhrif á atkvæðagreiðsluna.

Klemens Jónsson: Hv. frsm. (ÞórJ) gat þess, að hv. fjvn. hefði fengið alment lof hjá hv. þingdeildarmönnum, en gat þess um leið, að sjer skildist sem svo, að jeg væri ekki ánægður með meðferð nefndarinnar á fjárlagafrv. Þetta er hinn mesti misskilningur, því að svo framarlega sem hv. nefnd fær lof, þá fellur mikill hluti af því lofi á mig líka, því að af 22 tekjuliðum í 2. gr. fjárlagafrv. stjórnarinnar er aðeins hróflað við 6, og af þeim liðum hefi jeg sjálfur einmitt bent háttv. nefnd á 4, er þyrfti að breyta. Jeg benti henni á það, að aukatekjurnar mundu áætlaðar fullhátt, því að þegar jeg samdi þetta, hafði jeg ekki eftir öðru að fara en afkomunni 1922. Sömuleiðis sagði jeg hv. nefnd, að kaffi- og sykurtollurinn mundi vera settur of hár, og þó sjerstaklega vörutollurinn. Ennfremur gat jeg þess, að hækka mundi mega áfengistollinn, en aftur á móti ekki tóbakstollinn. Háttv. nefnd hefir því sjálf aðeins komið með brtt. við 2 liði. Hefir hún lækkað annan en hækkað hinn. Var jeg þar varasamari en nefndin, en hinsvegar get jeg þó viðurkent, að

hún hefir fetað dyggilega í fótspor mín yfirleitt. Bæði hv. frsm. (ÞórJ) og hæstv. atvinnumálaráðherra mintust á ummæli mín um gjöld til landssímans. Jeg held því enn fram, að hv. nefnd hafi hækkað gjöldin til ritsímans óþarflega mikið. Hæstv. atvrh. sagði, að eigi mundi verða lengra komist í lækkuninni nú. Það getur að vísu verið, en það er rjett að draga úr útgjöldunum sem mest má verða, því að þau voru orðin óhæfilega há. Samanburður á árunum 1922 og 1925 er ekki vel heppilegur, meðal annars af því, að dýrtíðaruppbótin hefir altaf farið lækkandi, en þó að árin sjeu ekki vel sambærileg, þá sýnir það sig þó, að jeg hefi verið á rjettri braut, þar sem gjöldin hafa á 2 árum lækkað um 138 þús. kr.

Hv. frsm. og hæstv. atvrh. tóku það fram báðir, að þeir hefðu sjerstaklega rannsakað launaliðina, er snerta símann, og sögðu, að ekki væri hægt að komast af með minna en 310 þús. kr. Jeg álít, að þetta sje of hátt, miðað við 1922, þegar dýrtíðaruppbótin var miklu hærri, og þegar þess er gætt, að síðan hefir ekki verið bætt við nema einum nýjum manni. Þegar þá nægðu 270 þús. kr., þá þykir mjer undarlegt, að nú skuli þurfa yfir 300 þús. kr. Ennfremur má geta þess, að bæjarsíminn fjekk 1922 gagngerða breytingu, sem átti að geta dugað í nokkur ár. Annars gladdi það mig að heyra frá hæstv. atvrh., að landssímastjóri hefði ákveðið að veita eigi 2 stöður, sem lausar eru við símann. Jeg skal geta þess, að jeg gleymdi áður að minnast á 42. lið, sem hefir verið hækkaður, en það er viðvíkjandi Borðeyrarstöðinni. Hv. frsm. hefir tekið það fram, að sú hækkun sje óhjákvæmileg. Jeg man ekki til, að jeg hafi sjeð neina till. frá landssímastjóra í þá átt. Hafi hún legið fyrir, þá hefir mjer skotist yfir hana, en sje hjer um samningsbundna upphæð að ræða, þá er sjálfsagt að veita hana.

Þá hefir komið fram hjer till. frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um að veita bæjarsímastúlkunum launauppbót. Jeg skal viðurkenna það, að mjer kom til hugar að taka þetta upp í fjárlagafrv., en þar sem þurfti að sneiða svo af 13. gr., þá þótti mjer ekki gerlegt að taka þannig einn flokk út úr. Jeg viðurkenni, að stúlkur þessar hafa lægst laun af öllum sýslunarmönnum landsins, og jeg skal taka það fram, að jeg get greitt atkv. með till. hv. 3. þm. Reykv. eftir að hann hefir tekið aftur úr till. orðin „við bæjarsímann". Hjer er ekki nema um fáar stúlkur að ræða, og er því hækkunin mjög lítil, sem af þessu leiðir.

Hv. þm. V.-Sk. (JK) mintist á till. um strandferðirnar. Styrkurinn til „Suðurlands" er 31 þús. kr., en til Djúpbátsins 15 þús. kr. En það var óhjákvæmilegt að gera samning við þessa 2 báta, þar eð þeir flytja póst. Get jeg fullvissað háttv. þm. um, að það var lagt alt kapp á að komast að betri kjörum við „Suðurland" án þess að það hepnaðist. Hygg jeg, að hv. samgmn. hafi komist að svipaðri niðurstöðu og jeg í þessu efni. Ástæðan til, að styrkurinn hefir verið færður niður fyrir árið 1925, er sú, að það þarf að spara. Það eru aðallega 3 strandferðabátar, sem þarf að styrkja, Suðurland, Djúpbáturinn og Skaftfellingur, því jeg játa, að hann er alveg nauðsynlegur, en smærri bátana verður að fella niður.

Hæstv. fjrh. (JÞ) mintist á, að alvanalegt væri, að stjórnin borgaði út fje eftir gömlum lögum, og efast jeg ekki um, að henni sje það heimilt. En aftur á móti

er algerlega ólöglegt að borga fje eftir þál. Annars veit jeg ekki til, að það hafi tíðkast fyr en á stríðsárunum; þá kann það að hafa verið nauðsynlegt, en nú er það ekki, og ætti að kveða þann draug niður. Á morgun kemur til umræðu þál um að heimila stjórninni útborgun á hækkuðum launum til nokkurra yfirfiskimatsmanna. Jeg álít, að fiskimatsmennirnir eigi skilið að fá þessa launahækkun, sem þar er farið fram á. En af principiellum ástæðum mun jeg greiða atkv. á móti því og skora á flm. hennar að taka hana aftur.

Atvinnumálaráðherra (MG): Aðeins fáein orð, viðvíkjandi aths. háttv. 2. þm Rang. (KlJ) um laun símafólksins.

Það var nákvæmlega reiknað út hjá nefndinni, að ekki mætti ætla minna til launa en hún hefir gert. Það verður að taka tillit til aukningar símakerfisins bæði hjer í bænum og annarsstaðar. Hjer í Reykjavík hefir talsímanotendum fjölgað, nýtt stöðvarborð sett og stúlkum fjölgað við afgreiðslu. Annars fanst mjer hv. 2. þm. Rang. ekki gera mikinn ágreining út af till. nefndarinnar við 13. gr., um hækkun til símanna. Jeg er sannfærður um, að þótt allrar sparsemi verði gætt, mun fjárveitingin ekki nægja fyrir gjöldunum árið 1925.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Mýra. (PÞ) sagði um sýsluvegina, tek jeg fram, af því hann efaðist um, að jeg mundi vera á móti till., að jeg skýrði frá því í dag, að jeg teldi vera ósamræmi í því að auka framlag til sýsluvega, þegar ekkert er lagt til þeirra vega, sem landssjóður á að kosta að öllu leyti. En jeg fjölyrði ekki frekar um þetta; hv. frsm. fjvn. hefir skýrt frá afstöðu nefndarinnar til þessa máls.

Jörundur Brynjólfsson: Út af fyrri ræðu minni verð jeg að drepa á tvö atriði, sem mjer láðist að geta þá um.

Hið fyrra þeirra er skrifstofukostnaður og aðstoð vegamálastjóra. Eftir fjárlagafrv. stjórnarinnar er þessi kostnaður 27 þús. kr., en fjvn. hefir fært hann niður í 23500 kr. Þykir mjer þetta býsna mikill umsjónarkostnaður, þegar þess er gætt, að allar framkvæmdir eru lagðar niður. Í sambandi við þetta vil jeg vekja athygli hæstv. stjórnar á því, hvort ekki færi betur að því, að smiðja ríkissjóðs ynni að nauðsynlegum aðgerðum á tækjum landsins, en að þeim yrði ekki komið fyrir í smiðjum einstakra manna. Vænti jeg þess að stjórnin kippi þessu í lag. Einnig vil jeg geta þess, að mjer finst fullrífleg fjárhæð fara til umsjónar með vitamálum landsins. En það má vera, að ekki verði komist að með minna. Til þessara tveggja stofnana ganga, til býsna lítilla starfa, samkvæmt till. fjvn. 40—50 þús. kr.

Þá kem jeg að háttv. þm. Barð. (HK). Hann kvaðst ekki hafa vitað um, hvernig var ástatt um sölu Geysishússins. Vísa jeg í því efni til ræðu fyrri þm. Árn. á síðasta þingi. Þessi hv. þm. Árn. hafði allmikil afskifti af sölu hússins og benti á, að heppilegt væri, að það yrði notað til læknisbústaðar, þar eð það kæmi að mjög litlum notum. Jeg veit, að hjeraðsbúum hefir verið boðið húsið, en þeim ekki dottið í hug að óska eftir því. Og enda þótt þeir hefðu óskað eftir því og einhverjum háttv. þm. þætti þetta óheppileg ráðstöfun, væri engin meining að refsa hjeraðsbúum með því að synja þeim um rjettmætan styrk til hússins. (*HK*: Það hefir engum dottið í hug að refsa þeim). Jú, þeir háttv. þm., sem greiða atkv. á móti till. minni, gera það. Háttv. þm. kvað mig ekki hafa minst á

verðhækkun síðan húsið var bygt. Skírskota jeg í því efni til skrifara þingsins. Jeg vænti þess, að þeir nái það nákvæmlega ummælum manna, að unt sje að sjá helstu atriði, sem menn taka fram í ræðum sínum. En þótt jeg hefði ekki minst á þetta, skiftir það engu máli. Skal jeg nánar gera grein fyrir því. Úr því efnið úr húsinu var mælt og virt eins og það væri nýtt þegar salan fór fram, þá liggur í augum uppi, að þetta skiftir engu máli. Í þessu efni skjátlaðist háttv. frsm. líka Jeg fer svo ekki nánar út í þetta atriði.

Hv. þm. Barð. (HK) kvað innbúið hafa verið selt mjög vægu verði. Jeg skal ekkert um það segja, en jeg býst við, að þetta megi sjá í umræðunum frá síðasta þingi. Hv. þm. drap einnig á óánægju, sem hefði átt að koma fram út af þessari sölu. Já, jeg held, að þingtíðindin beri þess vott. Hitt tel jeg sannað, að það var engin goðgá, þó að húsið væri selt.

Þá kem jeg að hv. frsm. Það, sem kom fram í hans ræðu, fór í líka átt og nál. hv. fjvn. Hann lagði mjer orð í munn og bygði á þeim röksemdafærslu sína. En orð þessi hafði jeg aldrei látið mjer um munn fara. Höfuðatriðið er, að efnið var metið sem væri það nýtt, en dregið frá fyrir fyrningu. Einnig var kostnaður við að rífa húsið og flytja efnið að læknissetrinu, það sem hann var meiri heldur en ef efnið hefði verið flutt af Eyrarbakka.

Háttv. frsm. drap á, að landlæknirinn hefði enga ákveðna tillögu gert um styrk til sjúkraskýlisins. En mjer er kunnugt um, að landlæknirinn hefir lagt bestu meðmæli með styrk til læknisbústaðarins og sjúkraskýlisins. Ef til vill hefir háttv. fjárveitinganefnd ekki þótt eins hagfelt fyrirkomulag hjá okkur sem í Borgarfirði, og að við þess vegna eigum að gera okkur ánægða með $^1/_9$ hluta. Fyrirkomulag byggingarinnar á þó að vera svipað; á báðum stöðum á að hita húsin upp með hveragufu. Sá er aðeins munurinn, að hjá okkur er byggingunni lokið, en í Borgarfirði er þetta enn aðeins á pappírnum. Háttv. frsm. gat um, að það væri ekki lagaskylda að greiða þennan styrk. En ef svo hefði verið, hefði heldur ekki þessi leið verið farin til að ná styrknum. Finst mjer hafa komið í ljós í þessum undirtektum fjvn., að hún hafi gert það, sem síst má henda Alþingi, að gera upp á milli hjeraða landsins. Það er að vísu einstaklega þægilegt, þegar menn vilja ekki láta sama ganga yfir alla, að skjóta sjer undir það, að þetta eða hitt sje ekki lagaskylda.

Jeg verð að segja, að eftir því, sem fram er komið um þetta atriði, hygg jeg, að það geti orðið erfiðara fyrir læknishjeruð að afla sjer hjer eftir fjár til sjúkrahúsa, ef þau eru beitt þeim brögðum eftir á, að þau fá annaðhvort engan styrk úr ríkissjóði eða þá ekki nema lítinn hluta kostnaðar. *(Frsm. ÞórJ*: Alþingi ræður). Það ræður, jeg verð að segja því miður, ef það fer illa með völd sín. Það væri því miklu fremur ástæða til að ákveða fyrirfram, hvílíkum styrk menn megi búast við í þessu efni.

Jeg veit, að ekki hefir verið fyrirstaða að greiða þennan styrk sumum hjeruðum. Fyrir skömmu var t. d. gert lítilsháttar við sjúkraskýli eitt, og fjekst þriðjungur kostnaðar til þess úr ríkissjóði. Eftir því, sem á undan er gengið, tel jeg engan vafa á því, að hefði þetta sjúkraskýli staðið einhversstaðar annarsstaðar, þá mundi máske lítil fyrirstaða á þessum styrk, en jeg tel reyndar óvíst, að öll önnur hjeruð mundu eiga eins mikla von á honum.

Hv. frsm. (ÞórJ) drap á, að jeg mundi

ekki vera jafnkunnugur því, sem kom fram í þessu máli í fyrra hjer í hv. deild, eins og þeir, sem sæti áttu á því þingi og hlýddu á umræðurnar um Geysishúsið. Jeg hefi þó lesið allar umræðurnar um þetta, og verð jeg að segja það, að ýmsir þingmenn ljetu þá þau orð falla um þetta mál, sem eru þeim síst til vegsauka. Jeg tek ekki að mjer að verja gerðir þess ráðherra, er rjeði sölu hússins, eins og háttv. þm. Barð. (HK) kvað mig gera, því að það mál er mjer alveg óviðkomandi. En annað mál er það, að þegar jeg sje hallað rjettu máli og það er gert í sambandi við mál, er hjer liggur fyrir, þá vil jeg láta sannleikann koma í ljós. Hirði jeg ekki, hvort sumum mönnum kann að líka það betur eða ver.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta efni, en skýt því undir rjettarmeðvitund hv. deildar, hvernig hún fer með þessa brtt. mína. Ræður hv. deild því, hvað hún gerir, en gefa skal jeg fyrirheit um það, að þykist jeg ósanngirni beittur, skal jeg láta heyra meira frá mjer um þetta mál, og munu menn þá fá að sjá, hvort jeg þekki ekki sögu málsins á síðasta þingi.

Jakob Möller: Það fer hvort sem er ekki hjá því, að hv. frsm. (ÞórJ) þurfi að taka til máls aftur, og mega hv. deildarmenn því ekki áfellast mig mikið fyrir að bæta dálitlu við það, sem hann þarf að svara, þó að mjög sje nú áliðið kvölds.

Hv. frsm. hafði það á móti brtt. minni á þskj. 196,X, fyrra lið, að reynslan hafi sýnt, að slíkir styrkir væru mjög eftirsóttir, og væri því hættulegt að fara inn á þessa braut. Mjer skildist á honum, að þessi reynsla væri frá fornu fari, en ekki af því, að einum manni hafi verið veittur svipaður styrkur í fyrra, þar sem háttv. frsm. ljet þess getið, að nú um hríð hefði verið hlje á eftirsókninni. Jeg veit ekki til, að slíkir styrkir hafi verið veittir áður. Það er kunnugt, að berklavarnalögin eru ekki gömul, frá 1921, en styrkurinn, sem veittur var í fyrra, og þessi, sem hjer er farið fram á að veita, eru einmitt rjettlættir með þeim lögum. Þessir sjúklingar eru sem sje á opinberu framfæri hvort sem er, en jeg veit ekki nema þeir styrkir sjeu annars eðlis, sem háttv. frsm. á við. Öðru þarf jeg ekki að bæta við það, sem jeg sagði áður um þetta atriði.

Um síðara lið sömu brtt. játaði háttv. frsm. beinum orðum, að það væri hagur að því að veita þeim sjúklingi þessa upphæð, í samanburði við það að sjá honum fyrir sjúkrahúsvist eins og áður. En hann kvað stórt atriði vanta, sem sje læknisvottorð um það, að sjúklingurinn þyrfti að vera í sjúkrahúsi. Jeg tel nægja að vísa til þeirra skjala um þennan sjúkling, sem lágu fyrir þinginu í fyrra og þingið fjelst þá á, og þeirra ummæla hv. frsm., er hann viðurkendi beinan sparnað að þessu. En þyki mönnum læknisvottorð nauðsynlegt, er auðvelt að bæta úr þessu með því að setja athugasemd við liðinn, að styrkurinn sje því aðeins greiddur, að vottorð sje lagt fram.

Um uppbótina til talsímakvenna sagði hv. frsm., að fjvn. hefði ekki getað sannfærst um, að rjettmætt væri að bæta þannig kjör þessara starfsmanna ríkisins í samanburði við aðra. Þetta er ljeleg afsökun og lítilsverð, hafi hv. nefnd annars tekið afstöðu til þessa máls. Það er lítil fyrirhöfn að komast að raun um það, og þarf ekki annað en að fletta upp í launalögunum, að þetta er mjög sanngjarnt. Jeg tel það sterka sönnun fyrir því, að þetta sje rjettmætt, að síðasta þing sam-

þykti samskonar uppbót í fjáraukalögum fyrir 1923 og fjárlögum 1924. Nú er aðeins eitt ár eftir þangað til launalögin verða endurskoðuð, og finst mjer sem sterkar ástæður þurfi að liggja til þess að mæla á móti því, að uppbót þessi verði veitt fyrir það eina ár, eins og 2 árin á undan. En hver maður getur sannfært sig um það, að launakjör þessara starfsmanna eru svo langt fyrir neðan laun annara, að ekki þurfa menn að óttast, að aðrir muni telja sig misrjetti beitta, þó að þessi lítilfjörlega uppbót verði samþykt.

Þar sem jeg er einn flm. brtt. um aukið framlag til strandvarna, vil jeg víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. V.-Sk. (JK). Þó að hann tæki fram, að hann vildi ekki mæla á móti tillögunni, fjellu ummæli hans á þann veg, að þau mátti skilja sem hálfvegis mótmæli, þar sem hann hjelt því fram, að rjett væri að mælast til aukinnar strandgæslu af hálfu Dana. Jeg vil benda hv. þm. á, að þótt sú aukning fengist, væri hún allsendis ónóg, og það jafnvel hversu mikið sem Danir ykju við varnirnar. Það kemur til af þeirri ástæðu, hvernig þeir haga landhelgigæslunni. Þeir haga henni öðruvísi en þarf að stunda hana, hugsa mest um að sekta skip í hrotum, en síður um hitt, að verjast stöðugum ágangi togaranna. Það vita allir, Skaftfellingar ekki síður en aðrir, að skip Dana liggja mestan tímann á höfnum inni, án þess að líta eftir, hverju fram fer á fiskimiðunum. En ef koma á í veg fyrir það tjón, sem smábátar verða nú fyrir af ágangi togaranna, er þessháttar landhelgisgæsla alveg gagnslaus, því að þá þarf gæsluskipið að vera að staðaldri á þeim slóðum, sem brotin eru oftast framin á. Besta sönnunin fyrir þessu er saga „Þórs" við Vestmannaeyjar og fyrir norðan land. Þó að danskt landvarnarskip hafi verið fyrir norðan síðastliðið sumar, er það vitanlegt, að það lá að staðaldri inni á höfnum, en „Þór" var fyrir utan og gerði það, sem gert var, til þess að verja landhelgina. Og sömu söguna má segja fyrir sunnan land.

Hákon Kristófersson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls aftur, en vegna ýmsra ummæla háttv. 2. þm. Árn. (JörB) um hið margumrædda Geysishús get jeg ekki hjá því komist. Þó skal jeg strax geta þess, í sambandi við ummæli hv. þm. um vegamálastjóra, að mjer kemur það mjög á óvart, ef eitthvað er athugunarvert við rekstur þess embættis og þar sje ekki gætt alls hófs. Jeg hefi þekt þennan embættismann um langa hríð og veit, að hann hefir jafnan viljað spara og það svo, að mjer hefir þótt fullmikil sparsemi, en hefi þó virt hann fyrir þá sem aðra framkomu hans. Nú segir hv. þm., að hann láti smiðju ríkisins standa auða, en komi verkfærum fyrir til viðgerðar í annari smiðju, sem sje miklu dýrari. Jeg býst við, að hjer sje um einhvern misskilning að ræða, enda mun hv. 2. þm. Rang. (KlJ) geta skýrt frá því manna best, hvort vegamálastjóri sje ásökunarverður og ámælis fyrir embættisfærslu sína. Annars verð jeg að telja það miður vel viðeigandi að ráðast á fjarstadda heiðursmenn.

Þá hjelt hv. 2. þm. Árn. (JörB) því fram, að þeir, sem greiddu atkvæði gegn till. hans um fjárveitingu til sjúkraskýlisins í Grímsnesi, væru að refsa hjeraðinu með því. Jeg get ekki sjeð, hvað hv. þm. kemur til að slá fram þessari ásökun. Jeg segi fyrir mig, að jeg hefi enga tilhneigingu til að refsa þeim heiðursmönnum.

Hv. þm. gat þess, að maður nokkur hafi keypt innanstokksmunina úr Geysishúsinu og selt aftur sjúkraskýlinu. Þetta er

rjett, en eftir því sem sagt er, keypti maðurinn í þeim hug að selja aftur sjúkraskýlinu þá muni, er það þurfti með, og því verði, er hann keypti fyrir. En svo mun hafa verið í hóf stilt um verðið, að talsverður hagnaður hafi verið á þeim kaupum.

Þá sagði hv. þm., að efniviður hússins hafi verið metinn eftir gangverði á Eyrarbakka. Hann var svo góður að lána mjer þennan lista, sem hann nefnir mat, þó að það sje í raun rjettri ekkert mat. Það eru að vísu 2 nöfn undir listanum, en ekki getið um það, að þetta sje álit þeirra, þó að venja sje að taka það fram í matsgerðum, sem framkvæmdar eru af dómkvöddum mönnum. Annars þykir mjer matið kynlegt á margan hátt. *(JörB*: Vill hv. þm. ekki lesa það upp?). Það skal jeg gera með ánægju, með leyfi hæstv. forseta.

Í panel er fetið metið á 15 aura, í gólfborðum á 25 aura. Langbönd og utanveggjaborð á 25 aura fetið. Renningar í stafi og sperrur 32 aura fetið. Rammar og stafir 4 × 4 þuml. 38 aura fetið. Þakjárn 75 aura fetið. Gluggar 182 kr., en ekki getið um tölu þeirra. Hurðir 350 kr., en hvorki getið um tölu eða gerð, og er þó kunnugt, að hurðir eru allmisjafnar að dýrleika eftir gerð. Eldavjel 200 kr., og er mjer óhætt að staðhæfa, að það er þó langt fyrir neðan sannvirði, því að hún mun hafa kostað 600 kr. Mjer er annars ekki kunnugt um, hvar á landinu þessir hlutir hafa fengist fyrir þetta verð á þeim tíma, sem um er að ræða. *(JörB*: Það er leiðinlegt!). Víst er það leiðinlegt, því að jeg hefði gjarnan viljað nota mjer það verðlag, og býst jeg við, að fleiri muni taka undir það. Auk alls þessa er fimti hluti dreginn frá fyrir fyrningu. Hafði jeg hugsað, að þetta væri nægileg fyrning, en það er síður en svo, þegar litið er á verðið á efninu. Svo eru gerðar 1000 kr. fyrir töfum við smíði og sjálfsagður kostnaður við niðurrif hússins 450 kr. Jeg veit ekki, hve dýr viðarflutningur er þar eystra, en hjer eru gerðar 250 kr. fyrir því, hve flutningurinn mundi hafa orðið ódýrari frá Eyrarbakka. Með þessu móti er auðvelt að fá þá niðurstöðu, að hjeraðið hafi tapað 918 kr. á kaupunum. En þessi reikningur sannar miklu fremur mitt mál, að góður hagur hafi verið af því að kaupa húsið, og er síður en svo, að jeg sjái eftir því. En hinu hefi jeg haldið fram, að rangt hafi verið að rífa nauðsynlegt gistihús, enda gerði jeg ráð fyrir, að það hefði hvorki áhrif á drykkjuskap nje bindindi, þótt hv. 2. þm. Árn. vilji láta líta svo út.

Hv. 2. þm. Árn. gaf mjer ekki tilefni til frekari svara, og vona jeg, að hann sje nú orðinn mjer samdóma um það, að þessi reikningur sýni, að hagur hefir verið að kaupunum og að ekkert mat hefir fram farið.

Jón Kjartansson: Þar sem jeg eyddi annari ræðu minni í því trausti. að háttv. frsm. (ÞórJ) gæti orðið við þeim tilmælum mínum að taka brtt. um styrki til sjúkraskýla og læknisbústaða út af dagskrá til 3. umr., vænti jeg þess, að hv. deildarmenn virði mjer það til vorkunnar, þó jeg óski nú að gera stutta athugasemd.

Jeg verð að leiðrjetta hv. frsm. þar sem hann sagði, að hv. fjvn. hefði ekki getað orðið við tilmælum Mýrdalshjeraðs, þar sem málið hafi ekki verið nægilega undirbúið frá þeirra hendi. Það var viðurkent, að fje væri nægt fyrir hendi, en uppdráttinn vantaði. Uppdrátturinn var þá sendur nefndinni, en hvað var að honum? Jú, hann var eftir húsameistara ríkisins,

Þá vefengdi hv. frsm., að jeg hefði sagt rjett til um rúmafjöldann, þar sem kostnaðaráætlunin gerði ráð fyrir 5 rúmum. Það er að vísu rjett, en þó má koma þar fyrir 9 rúmum, eins og jeg tók fram. Hv. fjvn., sem heldur því fram, að málaleitun Borgfirðinga hafi verið betur undirbúin, leggur til, að þeim sjeu veittar 15 þús. kr. En það er ekki tekið fram í brtt., að þetta skuli vera þriðjungur kostnaðar, heldur getur það eftir henni verið helmingur eða hvað sem vera skal. Jeg hefi spurt hv. þm. Borgf. (PO), hvað mörg rúm væri fyrirhugað að hafa í því sjúkrahúsi, og kvað hann það vera 5—10 rúm, eða sama fjölda og gert er ráð fyrir í Vík.

Jeg tel ummæli hv. frsm. um, að áætlun húsameistara sje gölluð, alls ekki makleg, og finst mjer rangt, að þau skuli hafa komið fram í háttv. deild. Ef ekkert gagn er í manninum, hvers vegna er þá verið að hafa hann fyrir starfsmann ríkisins? (*TrÞ*: Staðan er í launalögum). Það er að vísu satt, en hann hefir háan skrifstofukostnað í fjárlögum.

Annan galla kvað háttv. frsm. vera á þessari málaleitun, að læknirinn þar eystra væri alóhæfur til að taka við sjúkraskýli. (*Frsm. ÞórJ*: Það var eftir ummælum hv. þm.). En það eru einmitt meðmæli með fjárveitingunni, því að læknirinn, sem er aldraður maður, hefir lýst yfir, að hann muni láta af embætti þegar sjúkraskýlið kemur, en hinsvegar kveður landlæknir enga von um að fá nýjan lækni, nema sjúkraskýlið komi. Synjun um styrk þennan er þess vegna tvöfalt ranglæti, sem kemur niður á hjeraðsbúum. Þeir fá ekkert skýli, vegna þess að þeir hafa ekki góðan lækni.

Jeg fæ ekki tíma til að ræða um þann viðbótarstyrk, sem jeg hefi farið fram á til Síðuhjeraðs, en jeg skal þó geta þess, að þar stóð á svo sem hv. fjvn. telur heppilegast nú, að húsameistari ríkisins gerði ekki áætlunina, hann kom þar ekki nálægt, heldur annar maður, en hún stóðst ekki, og er því farið fram á fjárveitingu til viðbótar. Ástæðurnar til þess skal jeg ekki endurtaka, þar sem jeg hefi áður getið þeirra rækilega.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Þar sem háttv. 2. þm. Árn. (JörB) mintist á embættisrekstur vegamálastjóra, þá skal jeg ekki svara því sjerstaklega, heldur láta mjer nægja að taka undir það, sem hv. þm. Barð. (HK) sagði um þetta atriði. Að öðru leyti hefi jeg ekki mörgu að svara úr ræðu hans. Hv. þm. gerði ráð fyrir, að matið á margnefndu Geysishúsi hefði verið sanngjarnt, og hefir hv. þm. Barð. nú lesið það upp, og get jeg einnig látið sitja við orð hans um það.

Þá bar hv. 2. þm. Árn. (JörB) það á fjvn., að hún hefði sýnt hlutdrægni í tillögum sínum, með þeim ummælum, að hefði slík tillaga sem hans komið úr Borgarfirði eða Skagafirði, mundi lítil fyrirstaða hafa verið á samþykt hennar. Jeg verð að vísa þessum ummælum á bug sem algerlega tilefnislausum og mjer liggur við að segja ósvífnum. Nefndin hefir gert sjer alt far um að forðast hlutdrægni í verkum sínum.

Þá mintist hv. 3. þm. Reykv. (JakM) á sjúkrastyrkinn, en þar kendi töluverðs misskilnings hjá háttv. þm., því að það hefir aldrei orðið hlje á að sækja um hann, en aftur hefir orðið hlje á að veita hann. Út af þessu vil jeg taka það fram, að því er þannig varið með þann styrk, að ef sjúklingur fer í sjúkrahús eftir læknisráði, er ríkissjóður skyldur að annast sjúklinginn, en annars ekki.

Þá mintist sami háttv. þm. á uppbótina

til símamanna. En eins og jeg hafði áður tekið fram, hafði nefndin ekki ástæður til að rannsaka sem skyldi, svo að hún gæti greint sanngjarnlega á milli þeirra. Annars eru atkvæði nefndarmanna óbundin um þetta.

Þá var háttv. þm. V.-Sk. (JK) með ýmsar hnútur í minn garð og sömuleiðis nefndarinnar. Og kom upp hjá honum, að hin 5 sjúkrarúm, sem hann talaði um áðan og áttu að vera í sjúkraskýlinu í Vík, væru nú orðin 9, en jafnframt skildist mjer á honum, að þau gætu aðeins orðið svona mörg, ef einangra þyrfti sjúklinga — og játar nú þm., að svo sje. Þetta hygg jeg, að sje alt á annan veg, því einangrun fækkar rúmunum. Einnig taldi hann það ekkert athugavert, þó að nú sæti læknir í læknishjeraðinu, sem væri með öllu óhæfur til þess að stunda sjúklinga í sjúkrahúsi. En jeg er ekki á þeirri skoðun, þar sem engin yfirlýsing frá lækni þessum liggur fyrir um það, að hann muni fara, ef skýli þetta verður reist, og þar sem líka landlæknir getur heldur ekkert um þetta. Er því full ástæða til að álykta, að hann myndi hvergi fara, þó að sjúkraskýlið kæmist upp. Þá sagði sami háttv. þm., að enginn læknir fengist í hjeraðið, ef sjúkraskýlið væri ekki bygt. Um það veit hann ekkert, því að mjer vitanlega hefir hjeraðinu aldrei verið „slegið upp", en þegar það verður gert, er alveg víst, að einhver sækir um það, og verði það góður læknir, sem fær það, má alveg telja víst, að sjúkraskýlið verður reist mjög bráðlega.

Jakob Möller: Háttv. frsm. (ÞórJ) sagði, að ríkissjóði bæri ekki skylda til að greiða sjúkrastyrk, nema því aðeins, að sjúklingurinn þyrfti að fara í sjúkrahús eftir læknisráði. En jeg veit, að hv. frsm. skilur það, að það hefir áhrif á sjúkrahúsvistarþörfina, hvort maðurinn hefir nokkuð milli handanna eða ekki. Það er sannanlegt, að sjúklingur þessi var í sjúkrahúsi, og þá á framfærslu af almannafje. En síðan hann fjekk þennan styrk, hefir hann ekki þurft að njóta sjúkrahúsvistar, en það er víst, að verði hann sviftur honum, mun hann mjög bráðlega þurfa að fara í sjúkrahús aftur, ella hverfa út úr þessu lífi áður langt um líður.

Jörundur Brynjólfsson: Háttv. þm. Barð. (HK) drap á það, sem jeg mintist á smiðju landsins, og taldi þau ummæli á misskilningi bygð. Læt jeg þau ummæli mjer í ljettu rúmi liggja.

Þá er það ekki mín sök, þó að hann vissi ekki, hvað timbur kostaði hjer síðastliðið ár. En það get jeg sagt honum, og því má hann trúa, að matið á efninu úr Geysishúsinu var miðað við það verð, sem þá var á byggingarefni á Eyrarbakka, en ekki við það verð, sem kann að hafa verið hjá honum vestur í Haga. En eins og jeg hefi margtekið fram, getur hv. þm. fengið að sjá þessa reikninga, og þá mun hann sannfærast um, að hagnaðurinn af þessum húsakaupum hefir enginn verið. Jeg trúi ekki, að hann þori að vefengja þá reikninga, að þeir sjeu rjettir.

Háttv. frsm. (ÞórJ) mótmælti því, að fjvn. hefði gert upp á milli manna í tillögum sínum. Það má vel vera, að hún hafi ekki ætlað að gera það, en jeg verð þá að segja, að henni hafa verið mjög mislagðar hendur. Því að jeg vík ekki frá því, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni, að sá mælikvarði, sem tillaga mín er miðuð við, er rjettur og er orðinn að fastri venju; því að, eins og jeg hefi margtekið

fram, hafði hjeraðið ekki eyrisvirði í hagnað af húsakaupunum. Út af því sem frsm. nefndarinnar sagði um þetta, vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa nokkrar línur upp úr nál.:

„Grímsneshjerað hefir þegar bygt sjúkraskýli og læknisbústað. Hafði það keypt af stjórninni hið svo nefnda Geysishús til byggingarinnar. Var því haldið fram á síðasta Alþingi, að læknishjeraðið hefði fengið óbeinlínis styrk til fyrirtækisins, þar sem það hafði komist að óvenjugóðum kaupum á húsinu, og mun Nd. Alþingis af þeirri ástæðu hafa felt 3000 kr. styrkbeiðni til byggingarinnar, er þá lá fyrir þinginu frá hjeraðsbúum.“

Háttv. nefnd veit ekki síður en jeg, á hverju hún byggir þessi ummæli sín. Og það læt jeg henni eftir, með hvaða hætti hún kemst frá þeim.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal ekki lengja umræðurnar mikið, en vil aðeins taka það fram, að flest það, er háttv. 2. þm. Árn. (JörB) sagði um Geysishúsið, var rangt. Þá kunni jeg heldur ekki við það, að hann skyldi nota þetta síðasta tækifæri sitt til þess að sveigja að vegamálastjóranum fyrir það, að verkstæði landssjóðs hefir verið lokað í vetur. Því að það er beinlínis sparnaðarráðstöfun, sem gerð er beinlínis eftir fyrirlagi frá farandi stjórnar. Því að hún leit svo á, að þar sem lítil eða engin vinna á að verða á árinu 1924, myndi verða þar svo lítið að gera, að ekki myndi borga sig að halda föstum mönnum við verkstæðið, heldur yrði ódýrara að fá það litla, sem þyrfti að vinna, gert annarsstaðar. Fyrir þessu beygði vegamálastjóri sig, þrátt fyrir það, þó að honum væri á móti skapi að láta sína vönu og góðu verkamenn fara. Er því ekki rjett af háttv. þm. að vera að beina ásökunum til hans fyrir þetta.

Hákon Kristófersson: Jeg get þakkað hæstv. fjrh. (JÞ) fyrir það, að hann sannaði ummæli mín um landssjóðssmiðjuna.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) sagðist ekkert geta að því gert, þó að jeg vissi ekkert um verð á byggingarefni á Eyrarbakka og að það hefði verið ódýrara en vestur á Barðaströnd. Þetta er bara út í loftið og sannar ekkert, að það verð, sem húsið hefir verið metið eftir, hafi ekki verið of lágt. Annars er jeg óhræddur að heyra allar þær upplýsingar, sem háttv. þm. getur gefið í þessu máli, því jeg veit, að jafnsannleikselskur maður og þessi háttv. þm. er kemur ekki með neitt það, sem mjer er niðrun í, og því skal jeg lofa honum að þrátta ekki meira um þetta, því að öll ummæli mín í þessu máli standa óhrakin ennþá, enda ekki gott að hrekja sannleikann.

Jón Baldvinsson: Það hefir valdið hjer töluverðri deilu, að vegamálastjóri hefir ekki látið smiðju ríkissjóðs starfa í vetur. Er því haldið fram, að ríkissjóður hafi tapað á þessari ráðstöfun, og það er jeg sannfærður um, því að ótrúlegt er, að hann hafi fengið ódýrari viðgerðir á áhöldum sínum hjá öðrum. Hefir áður verið að því fundið opinberlega, að farið hafi verið með smíðavinnu fyrir ríkissjóð til einstakra manna, þótt hægt væri að fá sömu vinnu gerða í landssjóðssmiðjunni fyrir mörgum þúsundum króna minna verð. Sú aðfinsla varð til þess, að þessu var kipt í lag. Jeg held því, að það hafi verið hin mesta ósparnaðarráðstöfun

að láta loka smiðjunni, og því stór nauðsyn að láta hana taka til starfa sem allra fyrst.

ATKVGR. um 1.—13. gr.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 163,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 163,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 163,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 163,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 163,5 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 163,6 samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 163,7 samþ. með 20 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj atkv.

5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 163,8 samþ. með 23 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

8.—9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 163,9 b samþ. með 23:1 atkv.
— 163,9 a samþ. án atkvgr.
— 196,I feld með 14:10 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 163,10 samþ. án atkvgr.
— 163,11 samþ. án atkvgr.
— 163,12 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 163,13 samþ. án atkvgr.
— 163,14 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 196,II (aðaltill.) feld með 14:12 atkv.
— 196,II (varatill.) samþ. með 15:10 atkv.
— 163,15 sjálffallin.

11. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 163,16 samþ. með 20:1 atkv.
— 163,17 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 196,III feld með 15:7 atkv.
— 163,18 samþ. með 15:10 atkv.
— 163,19 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 163,20 samþ. með 18:2 atkv.
— 163,21 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 163,22 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 163,23 samþ. með 14:11 atkv.
— 163,24 samþ. með 14:9 atkv.
— 196,IV feld með 22:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, JakM, JBald, JörB.

nei: JÞ, KlJ, MG, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, HK, IngB, JAJ, JK, JS,

Tveir þm. (BSv, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 163,25 a samþ. með 16:5 atkv.
— 163,25 b feld með 14:10 atkv.
— 196.V a feld með 22:2 atkv.
— 196,V b tekin aftur.
— 196,VI a tekin aftur.
— 196,VI b feld með 19:3 atkv.
— 163,26 samþ. með 16:2 atkv.
— 163,27 samþ. með 17:2 atkv.
— 163,28 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 196,VII (aðaltill.) feld með 19:1 atkv.
— 196,VII (varatill.) feld með 14:10 atkv.
— 163,29 tekin aftur.
— 163,30 samþ. með 18:2 atkv.
— 163,31 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 196,VIII (aðaltill.) tekin aftur.
— 196,VIII (varatill.) tekin aftur.
— 196,IX feld með 15:8 atkv.
— 196,X 1 feld með 16:6 atkv.
— 196,X 2 feld með 16:6 atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 163,32 samþ. með 15:3 atkv.
— 163,33 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 163,34 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 163,35 samþ. án atkvgr.

Brtt. 196,XI feld með 18:2 atkv.
— 163,36 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 163,37 samþ. án atkvgr.
— 163,38 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 163,39 samþ. með 16:7 atkv.
— 163,40 samþ. með 17:7 atkv.
— 163,41 samþ. með 14:8 atkv.
— 163,42 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 163,43 samþ. með 17:6 atkv.
— 196,XII feld með 13:13 atkv.
— 163,44 samþ. með 14:8 atkv.
— 163,45 samþ. með 15:7 atkv.
— 163,46 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 163,47 feld með 13:9 atkv.
— 163,48 samþ. með 15:4 atkv.
— 163,49 samþ. með 22:1 atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 25. mars, var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 171, 163, 196, 207).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg vil byrja með því að þakka háttv. deild fyrir það, hve vel hún hefir farið með till. fjvn. í þessum fyrri hluta fjárlaganna, sem ræddur var í gær hjer í deildinni, og vænti jeg, að framhaldið verði nú hið sama, og að háttv. deild sýni till. fjvn. við þennan kafla fjárlaganna sama velvilja og áður, enda kemur nú eigi síður til kasta háttv. deildar í því að koma lagi á fjárhag ríkisins að því er þennan kafla fjárlaganna snertir. Sný jeg mjer því næst að 14. gr. fjárlaganna. Þessi grein fjallar aðallega um skólamálin, og eins og gefur að skilja, gat fjvn. ekki farið hjer eins langt í því að draga úr útgjöldunum eins og hugur hennar stóð til, þar eð meiri hluti þessara útgjalda í 14. gr. fjárlaganna eru lögbundnar greiðslur, og treystist fjvn. því ekki að fara lengra í þá átt en till. hennar benda til. Því eins og áður er fram tekið varð ekki meiri hluti fyrir því að gera hjer á stærri byltingar.

Fyrsta brtt. fjvn. við þennan kafla, við 14. gr., er 50. brtt. á þskj. 163, og er hún um skrifstofukostnað biskups. Hann er færður úr 2 þús. kr. niður í 1 þús. kr. Þar eð nú samskonar till. frá fjvn. var í gær samþ. hjer í deildinni viðvíkjandi landlækni, þykist jeg vita, að háttv. deild verði sjálfri sjer samkvæm einnig í þessu, og álít jeg því óþarft að fjölyrða frekar um þetta að þessu sinni. Þá kemur næst allstór brtt., um að fella niður við háskólann aukakennaraembættið í íslenskri málfræði. Eins og tekið er fram í nál. og áður hefir oft verið tekið fram í þessu máli, telur fjvn. þessa kennara ekki vera eins mikla þörf eins og margra annara. Áður en þessi maður kom að háskólanum, hafði einn og sami maður þessa kenslu á hendi ásamt kenslunni í norrænu, og sýndist mæta vel geta afkastað því. Álítur fjvn., að enn megi þess sama vænta af þeim manni, sem nú hefir embætti í norrænu í þessari háskóladeild og hefir reynst þar mjög nýtur starfsmaður og ágætur í alla staði. Nú hefir að undanförnu á þessu þingi orðið vart nokkurrar hreyfingar í þá átt að breyta að nokkru skipulagi háskólans og fækka kennurum við hann. Virðist sem þessi breyting, eða bylting, sem eins vel má kallast, hafi talsverð ítök meðal háttv. þm., og þar sem frv. um þetta efni er ennþá óafgreitt frá þinginu, um að draga saman í eitt þessar sparnaðar- og embættafækkunartill., virðist einsætt, að hjer eigi í fjárlögunum að fara þessa leið, eins og brtt. fjvn. gerir ráð

fyrir. Þar er gert ráð fyrir að sameina heimspekis- og lagadeild háskólans og að til þess geti komið, að eigi verði nema 2 reglulegir kennarar í hverri deild háskólans, og í heimspekideildinni aðeins einn og einn aukakennari. Eftir þessu virðist vera full ástæða fyrir fjvn. að bera þessa till. fram og að ætla, að allsterks stuðnings megi vænta í þessu efni hjá háttv. þm. Fjölyrði jeg því ekki frekar um þetta að sinni, enda vænti jeg að fá máske síðar tækifæri til að víkja nánar að þessu atriði, en vil yfir höfuð reyna að haga þannig orðum mínum, að jeg geti orðið sem stuttorðastur. Þar næst kem jeg að 53. brtt. fjvn., um styrktarfje háskólans, en jeg mun samkv. tilmælum rektors háskólans og hæstv. forsrh. (JM) taka þessa brtt. aftur og geyma til 3. umr., þar eð háskólaráðið mun ætla að halda fund um þetta á meðan, og verður þá þetta atriði tekið síðar til meðferðar, er till. háskólaráðsins eru kunnar orðnar um þetta.

Kem jeg því næst að brtt. fjvn. viðvíkjandi fjárveitingunni til gerlarannsókna. Leggur nefndin til að færa fjárveitinguna niður úr 2000 kr. í 1600 kr. Taldi hún engan vafa á því, að þetta væri vel fært án skaða fyrir þessi störf. En þó að jafnvel hefði mátt fara lengra í þessu efni, hafði fjvn. eigi aflað sjer nægilegra upplýsinga um það atriði, og leggur því aðeins þetta til.

Þá er næst námsstyrkur stúdenta, er nema við erlenda háskóla. Hingað til hafa í fjárlögum verið veittar 8 þús. kr. í þessu skyni, en jafnan farið langt fram úr áætlun. Þannig var árið 1922 eytt 23 þús. kr. á þennan hátt, þrátt fyrir, að eigi var til ætlast meiri eyðslu en 8 þús. kr. í því skyni. Nú er auðsætt, að við þetta má ekki una lengur. Má gera ráð fyrir, að þessi útgjöld aukist stórum árlega, eftir því sem tala stúdenta vex. Hafa þeim jafnan verið veittar 1200 kr. hverjum, sem nám hafa stundað erlendis, án tillits til ákvörðunarupphæðar fjárlaganna, og verður þetta því þungur baggi ríkissjóði, ef þessu heldur áfram. Nú vill fjvn. gera þær breytingar á þessu að fastákveða upphæðina og hækka hana úr 8 þús. kr. upp í 12 þús. kr., en ætlast ákveðið til, að fram úr því verði ekki farið. Ennfremur vill fjvn., að felt verði burt úr fjárlögunum ákvæðið um ákveðna upphæð handa hverjum styrkþega, en ætlast til þess, að þessari upphæð verði skift milli námsmannanna án tillits til tölu þeirra, eftir því sem stjórnin telur rjett eftir öðrum ákvæðum athugasemdarinnar. Næsti liður er og hækkun á útgjöldunum; það er til ljóss og hita í mentaskólanum. Eins og áður hefir verið tekið fram um samskonar liði í fyrri kafla fjárlaganna, þýðir ekki að áætla þá lægri en fyrirsjáanlegt er, að greiða þarf, og hefir aldrei verið áætlað nóg fje í þessu skyni áður. Þá er næsta brtt. um að fje það, sem veitt hefir verið til útgáfu kenslubóka í mentaskólanum, verði felt í burt í þetta sinn. Það er að vísu hart að þurfa að leggja til að fella niður fjárveitingu, sem alls ekki verður talin ónauðsynleg, en fjvn. vill láta líta á það, að vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs verður að draga þar úr öllum útgjöldum, sem fært þykir, og má skoða þetta fremur sem frestun um nokkurn tíma á framkvæmdum, eins og nú verður víða að grípa til, fremur en að við þetta skuli hætt.

Næst kemur þá fjárveitingin til ljóss og hita o. fl. í gagnfræðaskólanum á Akureyri; þar er um samskonar hækkanir að ræða og við mentaskólann í Reykjavík,

og telur nefndin þetta vera óumflýjanlegt, enda sje hjer alls ekki um raunverulegar hækkanir að ræða. Sama gegnir og um tillagið til kennaraskólans í Reykjavík. Þar er um samskonar hækkun að ræða og hjá hinum skólunum, en auk þess vil jeg taka það fram, að samkvæmt áliti forstöðumanns kennaraskólans liggur skólahúsið undir skemdum, ef eigi verður við það gert, og tók fjvn. þær ástæður til greina.

Þá er 61. brtt. fjvn., við 14. gr. B. VII., þar sem hún leggur til, að burt verði feld athugasemd um, að lærdómsdeild mentaskólans verði undanþegin skólagjaldi eftirleiðis, og vill ennfremur hækka skólagjöldin úr 100 kr. upp í 150 kr. fyrir innanbæjarnemendur. Telur fjvn. ekki ástæðu til að undanskilja lærdómsdeildina í þessu efni, og enda ekki miður farið, þótt nokkuð dragi úr tölu stúdenta eftirleiðis. Næst koma þá skólarnir á Hólum, Eiðum og Hvanneyri. Þetta eru alt dálitlar hækkanir á útgjöldunum, en reynsla undanfarinna ára hefir sýnt það, að ekki er hægt að komast af með minni fjárupphæðir en þetta til skólanna. Þetta er hliðstætt við hækkanirnar við aðra ríkisskóla. Svo koma iðnskólarnir í Reykjavík, á Ísafirði og Akureyri, og leggur fjvn. til, að færður verði niður styrkur til þeirra um helming, hvers fyrir sig, en í aths. ætlast fjvn. til, að þetta sje aðeins breyting í þá átt, að viðkomandi bæjarfjelög bæti skólunum það upp, sem í burt er felt úr fjárlögunum. Telur fjvn. þetta fulla sanngirni, þar sem skólar þessir koma viðkomandi bæjarfjelögum að mestum notum, og því rjett, að nokkru af þessum útgjöldum sje ljett af ríkissjóði. Jeg hefi heyrt það víða utan að mjer, að þessi og aðrar slíkar tillögur þyki allbarnalegar, að vilja velta ýmsum gjaldabyrðum af ríkissjóði yfir á bæjar- eða sveitarsjóði, sem eigi sjeu betur færir um að bera þessi gjöld en ríkissjóðurinn. Það má vel vera, að þeir sjeu lítt til þessa færir; en jeg hygg, að fjárhagsástæður ríkissjóðs hafi þá ekki verið teknar til athugunar eins og skyldi, enda vill það oft við brenna, að þeir, sem hæst láta um þetta, bera minst skyn á, hve afarörðugar eru kringumstæður ríkissjóðs á þessum tímum, eða þá hugsa alls ekki um það. En fjvn. telur alveg víst, að þau bæjarfjelög, sem hjer eiga í hlut, muni fúslega taka þessi útgjöld að sjer, er þessar mentastofnanir eiga í hlut, sem fremur en allir aðrir skólar eru einungis fyrir bæina.

Kem jeg þá að verslunarskólunum báðum, Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólanum. Þar hefir fjvn. ákveðið að lækka styrkinn um helming, niður í 3000 kr. til hvors þeirra. Ætla jeg ekki að ræða þessa brtt. fjvn. nú, þar sem fram er komin brtt. um að fella þessar upphæðir alveg niður. Mun þá gefast tækifæri til þess að fara frekar út í þetta, er þær verða ræddar, en jeg tek það aðeins fram, að fjvn. hefir ekki ætlað sjer að ganga lengra en þetta í niðurfærslunni.

Um niðurfærsluna á launum forstöðumanns yfirsetukvennaskólans er það að segja, að gildandi lög ákveða þau þetta, en þótt þau hafi stundum nú á síðari árum verið hækkuð, þá hefir það alt verið reglulaust, og þessi lækkun nú er ekki meiri en nefndin hefir gert víða annarsstaðar. Þá eru af sömu ástæðum lækkuð laun fyrir kenslu við þennan sama skóla úr 900 kr. niður í 600 kr. Er þessi niðurfærsla raunar ekki alveg niður í ákvæði laganna frá 1912, eins og laun forstöðumannsins, en nefndinni virðist, að þau hafi þá verið sett tiltölulega lægri.

Næstir eru þá kvennaskólarnir í Reykja-

vík og á Blönduósi. Hefir fjvn. lækkað nokkuð styrkina til þessara skóla, en ætlast til, að sú niðurfærsla færist að nokkru leyti yfir á viðkomandi bæjar- og sýslusjóði, — að því er skólann í Reykjavík snertir yfir á bæjarsjóð Reykjavíkur, en um Blönduósskólann gegn tillagi annarsstaðar frá. Hefir fjvn. ekki orðið sammála um þetta atriði, en meiri hl. leggur þetta til. Þetta kann nú að þykja harðleikni af fjvn., þar sem skólar þessir eru hinar einu sjermentunarstofnanir kvenna í ríkinu, en fjvn. áleit, að hún gæti þá ekki forsvarað gerðir sínar gagnvart skólunum yfir höfuð, ef ekki væri samræmi í þessu, jafnt að því er þessa skóla snerti. Að því er kvennaskólann í Reykjavík snertir, hefir styrkurinn til hans í raun og veru verið áætlunarupphæð, þar sem miklu meira hefir verið eytt en áætlað var. T. d. var árin 1921—22 áætlaður styrkur til þessa skóla 14 þús. kr., en þó runnu til hans úr ríkissjóði yfir 25 þús. kr Það er því ljóst, að þessi skóli hefir ekkert olnbogabarn verið hjá stjórninni undanfarið, þar sem hún á honum hefir brotið allar algildar reglur um prívatskóla. Hefir hann og átt margt gott skilið, þar eð það er sýnt, að honum hefir verið mjög vel fyrirkomið og praktiskt rekinn. Jeg skal þegar taka það fram, að laun forstöðukonu þessa skóla hafa verið sjerlega lág. Fjvn. getur því alls ekki sagt annað en gott eitt um þennan skóla, enda þótt hún leggi þetta til um hann. Sama er um Blönduósskólann að segja, og stendur þó nokkuð sjerstaklega á um hann, þar sem honum hefir verið breytt þannig, að hann er nú rekinn eingöngu sem húsmæðraskóli. En af þeim ástæðum, að Blönduósskólanum hefir verið breytt þannig, gerði fjvn. þá breytingu á ákvæðunum um upphæð námsstyrksins, að hann var hækkaður að nokkru, miðað við nemendafjölda. Stafar þetta af því, að við þessa breytingu á skólanum getur hann ekki tekið jafnmarga nemendur sem áður. Fyr voru þar um 50 nemendur, en nú ekki nema liðlega 30. En þó að nemendatalan hafi lækkað, hefir skólinn jafna þörf styrksins, þar eð þessi breyting hefir kostað ærið fje. Mjer hafði borist erindi frá sýslunefnd þar norður um mikið hækkaðan styrk til skólans, en undir þeim fjárhagskringumstæðum, sem nú eru hjá ríkissjóði, hafði jeg ekki brjóstheilindi til að bera það erindi fram hjer í þinginu, því að jeg tel sjálfsagt, að alt annað eigi að víkja, þegar um er að ræða að rjetta við fjárhag ríkisins. En þessi ákvæði um hækkun styrksins á hvern nemanda hafa engin aukin útgjöld í för með sjer fyrir ríkissjóð. Þetta leiðir eingöngu af nemendafækkuninni. Geri jeg svo ekki þessa brtt. að frekara umtalsefni, en legg þetta undir dóm háttv. deildar.

Þá leggur fjvn. til að lækka ritfje fræðslumálastjóra að nokkru. Er það í samræmi við samskonar lækkanir á öðrum sviðum. Þá er og lagt til að fella niður fjárveitinguna til framhaldsnáms kennara og Skólablaðsins, sem nú mun vera hætt að koma út, og því ekki ástæða til þess að veita lengur fje til þess. En hvað framhaldsnám kennara snertir býst nefndin við, að lengdur verði nú kenslutími í kennaraskólanum, og er þá því síður ástæða til framhaldsnáms.

Þá kem jeg að Flensborgarskólanum í Hafnarfirði, og er þar ætlast til, að nokkuð af því fje, sem ríkið hefir greitt til hans, verði greitt af bæjarsjóði Hafnarfjarðar og úr sýslusjóðum Gullbringu- og Kjósarsýslna. Er þetta af svipuðum ástæðum og lækkað hefir verið tillag til annara slíkra skóla. Þessi skóli er mjög hliðstæður kennaraskólanum í Reykjavík, að

þetta er gagnfræðaskóli og samskóli fyrir karla og konur. Er skólinn mjög vinsæll, sem og hinn er, en þessar tillögur fjvn. eru aðeins gerðar til að koma á samræmi við aðra skóla. Þá leggur og fjvn. til, að innanbæjarnemendur í Flensborgarskólanum greiði skólagjald eftir sömu reglum og annarsstaðar á sjer stað. Þá hefir verið felt niður tillag til lýðskólans í Bergstaðastræti 3 í Reykjavík. Þetta er einnig gert aðeins af sparnaðarástæðum, en fjvn. er þeirrar skoðunar, að ef bæjarstjórn Reykjavíkur telur þennan skóla nauðsynlegan, muni hún taka hann að sjer, og sýnist heldur ekki óviðeigandi, þar sem bærinn kostar engu til gagnfræðakenslu.

Út af brtt. um að fella niður tillag til alþýðukenslubóka vill fjvn. taka það fram, að um þetta er sama að segja og um útgáfu bóka fyrir mentaskólann, að það er sparnaðarráðstöfun, sem verður að skoða sem frestun á þessu, en eigi annað. Þá hefir fjvn. lækkað styrkinn til Ólafs Pálssonar fyrir sundkenslu og felt niður tillag til leikfimiskenslu. Telur nefndin þetta ekki svo nauðsynlegt, að ekki megi án þess vera að sinni. Var þessu og mörið inn í fjárlög síðast með litlum atkvæðamun, og engar skýrslur hafa nefndinni borist um það, hve mikið gagn hafi af þessu orðið eða hve margir hafi notið þessarar kenslu.

Þá kem jeg að 15. gr. Hún fjallar um útgjöldin til vísinda og lista. Hvergi hafa brtt. nefndarinnar verið eins róttækar og á þessum lið. Það er nú svo, að menn líta mjög misjöfnum augum á þessi mál. Sumir telja þau vera hin nauðsynlegustu með þjóðinni, en aðrir telja þau aftur næsta óþörf. Það mun vera hjer sem oftar, að það rjetta sje einhversstaðar á milli. En þannig leit nefndin á málið, að ekki væri hægt að bjarga ríkissjóði með vísindum einum eða listum. Nefndin hefir þó ekki borið þessar brtt. fram af því, að hún beri ekki virðingu fyrir vísindum og listum, en hún sá, að hjer var betra að koma við frestun þessara útgjalda en víða annarsstaðar. Leit hún svo á, að þar sem hjer væri aðeins um frestun að ræða, þá væri þetta tiltækilegt, enda vona jeg, að háttv. deild líti eins á málið.

Nefndin hefir lækkað styrkinn til Þjóðmenjasafnsins, og ætlast hún til, að sú upphæð sparist á aðstoðinni, þannig að safnið sje ekki fyrst um sinn opið nema 4 stundir í viku, í stað 6 stunda. Sömuleiðis hefir hún fært fjárveitingu til fornmenjakaupa niður í 500 krónur. Kaup á listaverkum fellir hún alveg niður. — Jeg veit, að ýmislegt af þessu snertir þjóðernistilfinningu okkar, og því sárt að sjá því á bak — en þess er að gæta, að hjer er aðeins um frestun að ræða. — Þá leggur nefndin til, að fjárveitingin til Náttúrufræðisfjelagsins sje lækkuð nokkuð og sömuleiðis að færð sje niður fjárveitingin til Fornbrjefasafnsins. Næsta lið, útgáfu Alþingisbókanna, vill hún líka eindregið fella niður. Telur nefndin þar sjerstaklega tækifæri til frestunar, því þau not, sem af Alþingisbókunum eru fyrir sögumenn, eru svipað aðgengileg í handritum. Styrkurinn til Listvinafjelagsins er einnig feldur niður, af sömu ástæðum sem flest annað. Þá er styrkurinn til skálda og listamanna færður niður í 8 þús. kr. Komu fram í nefndinni ennþá róttækari till. viðvíkjandi þessum lið, en þetta varð þó niðurstaðan. Það er auðvitað eins um þennan lið og marga aðra, að það má líta misjöfnum augum á það, hve þarfir þeir sjeu, og hefir jafnan verið gert. En svo mikið er víst, að eins og þessu hefir verið úthlutað fyrirfarandi, sýnist ekki þurfa að verja lækk-

un á styrknum, og jafnvel þó lengra hefði verið gengið.

Næst kemur lækkun á styrk til Jóhannesar L. Lynge, og þá að styrkurinn til Þórbergs Þórðarsonar skuli feldur niður. Nefndin leit eins á þessi störf, að þessu mætti fresta. Það skal þó tekið fram, með tilliti til lækkunarinnar á styrknum til Jóhannesar L. Lynge, að nefndin ætlast ekki til, að hann starfi neitt að verki sínu á meðan það er ekki betur borgað, heldur að hann leiti sjer einhverrar annarar vinnu. Styrkinn til Guðmundar Bárðarsonar hefir nefndin einnig felt niður. Er henni það kunnugt, að hann getur ekki fyrir hann starfað að því, sem hann er til ætlaður, og nær hann því ekki tilgangi sínum. Aftur sýndist nefndinni ekki fært að hækka styrkinn, svo hann gæti bæði orðið manninum til framfæris og vísindastarfs. Jeg vil geta þess, að þessi maður hafði áður styrk úr sáttmálasjóði, sem líka er búið að taka. Er það þá eðlilegt, að ríkissjóður dragi þarna að sjer hendina, þar sem styrkupphæðin er orðin alt of lág, er sáttmálasjóður hefir gert það, sem ber þó meiri skylda til þessa.

Næst kemur veðurathuganastöðin. Þar hefir nefndin lagt til, að miklar breytingar verði gerðar og styrkurinn færður niður í 20 þús. kr. Það er því ástæða til að fara nokkuð ítarlega út í þennan lið. Kostnaður við veðurathuganastöðina var fyrir árið 1923 39 þús. kr. Þar af fór til símskeyta 14 þús. kr., til athugunarstöðva úti um land 4 þús. kr., til aðstoðarmanns, skrifara og aukaaðstoðarmanns 10100 kr., veðurskeytaeyðublöð 1000 kr. og húsnæði, ljós og hiti 1900 kr. Nefndinni virðist kleift að draga nokkuð úr þessum útgjöldum. Hefir hún hugsað sjer, að lítið eitt mætti lækka kostnaðinn við símskeytasendingar, svo sem næmi tveim þúsundum, með því að nánari samvinna væri við landssímann. Og með því að fresta veðurspám og draga úr öðrum störfum telur hún hægt að komast af án þessara þriggja aðstoðarmanna, þar sem ætla megi, að forstöðumaðurinn muni komast yfir þau störf, sem eftir eru. Það þykir ef til vill mikið á forstöðumanninn lagt, en nefndin telur þetta þó tiltækilegt.

Næsta brtt. nefndarinnar er að fella niður styrkinn til alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins. Nefndin leit svo á, að fjelagið gæti með góðum fyrirlesurum aflað sjer nægilegs fjár, svo að styrkur þessi væri í rauninni óþarfur og hefði ekki æfinlega verið vel notaður. Þá hefir nefndin og fært niður styrkinn til Íþróttasambands Íslands af sparnaðarástæðum, þó að hún telji sambandið góðs maklegt. Styrkinn til Þórarins Guðmundssonar hefir hún og felt niður af sömu ástæðum, og svo jafnframt því, að engar áskildar skýrslur hafa legið fyrir nefndinni, kenslunni viðvíkjandi.

Næst er nýr liður um styrk til frjettastofu blaðamannafjelagsins. Nefndin hefir lagt það til, að veitt verði lítil fjárupphæð í þessu skyni. Er í áliti nefndarinnar gerð nokkuð náin grein fyrir þessum lið. En jeg vil þó bæta því við, að eftir þeirri áætlun, sem gerð er fyrir fyrirtækið, var búist við 6 þús. kr. úr ríkissjóði. Svo langt hefir nefndin ekki viljað fara, enda þó líkur sjeu til, að það verði að nokkru borgað með tekjuaukningu á öðrum sviðum í ríkissjóðinn.

Þá er jeg kominn að 16. gr. Sú grein höndlar um tillagið til verklegra framkvæmda. Þar hefir nefndin bæði gert brtt. og komið með nýja liði.

1. liðurinn er Búnaðarfjelag Íslands.

Nefndin leggur það til, að styrkurinn til þess verði hækkaður um 10 þús. krónur. Nefndin viðurkennir, að ómögulegt sje að halda áfram hinni margþættu starfsemi Búnaðarfjelagsins, nema að hækka styrkinn. Og að stöðva þessar framkvæmdir og rannsóknir eins og nú stendur, telur nefndin ekki rjett. Það má altaf segja, að of miklu fje sje varið til ýmislegs, sem fjelagið hefir með höndum, og að ekkert sjáist í aðra hönd. En margt af þessum störfum er þannig vaxið, að árangur getur ekki sjest fyr en löngu síðar og ekki fyr en mikið fje er til þess gengið. Þannig er með flestar tilraunir. Og þar sem alt þetta starf á að vera í þá átt að auka framleiðsluna, telur nefndin þessa hækkun forsvaranlega. Styrkurinn til búnaðarfjelaganna er hjer allmikið lækkaður frá því sem verið hefir. Er það þó ekki af því, að nefndin telji þann styrk ekki hafa mikla þýðingu, heldur af hinu, að hún hefir tekið upp nýjan lið, sem hún býst við, að muni styrkja ýmislegt af því, sem búnaðarfjelögin hafa áður fengið styrk sinn miðaðan við. Sá liður er 35 þús. kr. samkv. 2. kafla jarðræktarlaganna. Hljóðar sá kafli um túnrækt, garðrækt og safnhúsagerð, og er, eins og kunnugt er, skylda að styrkja þessi verk samkv. þeim lögum. Það gat auðvitað komið til mála að fresta framkvæmd jarðræktarlaganna; en þar sem nefndin telur það eitt af fyrstu skilyrðunum fyrir aukinni framleiðslu, að jarðræktin sje studd og aukin, telur hún eiga illa við, að byrjað sje á frestun laganna jafnsnemma og þau koma til framkvæmda. Þar sem hjer er heldur ekki um stærri upphæð að ræða, gat nefndin ekki gengið fram hjá henni. Hitt vill hún ekki ganga inn á, að fylla upp kröfur laganna að því er þúfnabanann snertir, því að þá þyrfti þessi upphæð að vera um 50 þús. kr. að minsta kosti. En til þess treystist nefndin ekki. Eftir þá reynslu, sem fengin er af þúfnabananum, þá vill nefndin ekki leggja neitt fje úr ríkissjóði til þeirrar starfsemi að svo stöddu. Það tæki hefir ekki reynst eins vel hjer og menn gerðu sjer vonir um; sjerstaklega er allur kostnaður við vjelina fram úr hófi hár. Verður sjálfsagt að nota hann miklu takmarkaðra við smærri ræktunarbletti en gert hefir verið nú undanfarið. Er það og eðlilegast, að þeir greiði þann kostnað, sem þiggja vinnuna.

Næsta brtt. er um það að lækka laun garðyrkjustjórans um 1000 krónur. Lítur nefndin svo á, að þó að garðyrkjustjórinn sje ágætur maður, þá geti ríkissjóður ekki haldið honum við á fullum launum vegna Garðyrkjufjelagsins, þar sem annar fullhæfur maður er líka starfandi við gróðrarstöðina. Næsti liður er um laun skógfræðinga, og hefir nefndin hækkað hann. Það virðist hafa gleymst að tilfæra laun Einars Sæmundsens og húsaleigustyrk eins og frá þessu var gengið á síðasta þingi. Þetta hefir nefndin leiðrjett.

Þá kemur hjer nýr liður, um tillag til fjárkláðalækninga. Sá liður hefir ekki verið í fjárlögum fyr, heldur í óvissum gjöldum. Nefndin vildi taka hann upp í fjárlögin og bjóst við, eftir því sem á undan er gengið, að hann gæti ekki verið lægri. Þannig hefir hann farið hæst upp í 57½ þús. kr. Telur nefndin ekki rjett að takmarka liðinn mjög, enda þótt hún viti, að allur kostnaður verði greiddur; það er einungis til að villa sjálfum sjer sýn.

Þá er næsti liður, Fiskifjelag Íslands. Nefndin hefir hækkað styrkinn til þess um 5 þús. kr. Að vísu kom fram krafa

um miklu meiri hækkun, en það sá nefndin sjer ekki fært. Þessa litlu hækkun vildi hún samt veita fjelaginu, með því hún taldi það hliðstætt Búnaðarfjelaginu, og því rjett að gera þeim báðum sömu skil. Jafnframt hefir hún gert fjelaginu að skyldu að annast útgáfu fiskimannaalmanaksins á sinn kostnað og án íhlutunar um fyrirkomulag, en að það komi farmönnum innanlands að fullum notum.

Næst kemur liðurinn um markaðsleit erlendis. Hafði hann í stjfrv. verið lækkaður frá því sem verið hefir, en nefndin hækkaði hann aftur. Er hún þeirrar skoðunar, að enn sje nauðsynlegt að kynna sjer og leita erlends markaðs fyrir afurðir landsins, og að því fje, sem til þess fer, sje vel varið.

Næst er heimilisiðnaður. Af því tillagi, sem til hans er ætlað, leggur nefndin til, að veittar sjeu 2 þús. kr. til Halldóru Bjarnadóttur. Það hefir nefndin lagt til vegna þess, að henni er kunnugt um það, að þessi kona hefir brennandi áhuga á því máli og hefir sýnt þar óvenjulegan dugnað. Hefir hún unnið mjög að því að breiða út þekkinguna á þessari iðn, enda á hún nú víða góðar rætur á landinu. Þetta vill nefndin styðja af alhuga. Og þótt tillagið til þessa liðs sje ekki hækkað, þá lítur nefndin svo á, að þennan þátt eigi sjerstaklega að efla. Þessi kona hefir skólanámsskeið úti um land og hefir auk þess leitast mikið fyrir um markað erlendis fyrir þennan iðnað. Hefir hún og siglt utan, til þess sjálf að greiða fyrir því máli. Þarf jeg ekki að fara fleiri orðum um þetta, en vil að lokum taka það fram, að nefndin leit svo á, að launa bæri svo alveg sjerstaka viðleitni og ástundun.

Næsti liður er skrásetning vörumerkja. Er hann lækkaður um helming, eða úr 1600 kr. niður í 800 kr. Þegar styrkur þessi var hækkaður, var það gert af því, að óumflýjanlegt var talið að gjalda mikinn skrifstofukostnað, sem af þessu mundi leiða. Nú hefir verið upplýst, að þessi skrifstofukostnaður er ekki svo mikill, að nauðsyn beri til að hafa styrkinn svona háan.

Næst er lækkaður styrkurinn til ungmennafjelaganna. Viðurkennir nefndin fyllilega starfsemi þessara fjelaga, en styrkurinn er lækkaður samkvæmt þeirri stefnu, að með smániðurfærslum vinnist nokkur heildarupphæð, sem alt vinni í áttina að stöðva okkur á barmi fjárhagslegrar glötunar.

Þá er nýr liður um leiðbeining við húsagerð til sveita. Hefir sá liður verið feldur niður í frv. stjórnarinnar. En nefndin hefir litið svo á, að það væri óheppilegt og órjett að fella þennan lið niður. Hún viðurkennir, að það beri sjerstaklega brýn þörf til þess að bæta húsakynni til sveita; jafnframt játar hún, að þessi maður hefir töluverðu áorkað í þessu efni. Ef til vill má nú segja, að lítið sje hægt að framkvæma á þessum tímum, en því fer betur, að víða eru þeir bændur, sem bæði þurfa að byggja og gera það. Vildi því nefndin ekki vera því til fyrirstöðu, að það væri gert rjett og heppilega og eftir þeim aðferðum, sem nýjastar eru og bestar. Jeg vil taka þetta glögt fram, að bændum landsins er hin mesta nauðsyn á því að bæta híbýli sín og að þessi maður hefir á ýmsan hátt bætt þau, og eins lofa þær tilraunir, sem hann hefir gert á síðasta ári, talsvert miklum umbótum fram yfir þær, sem verið hafa. Og víst er um það, að störf og tillögur þessa manns hafa ekki fallið mönnum ver í geð en ýmsar till. húsagerðarmeistara ríkisins. Lá fyrir nefndinni ítarlegt er-

indi um styrkbeiðni frá manni þessum ásamt skýrslu um störf hans, sem viku að húsagerð. Hefir hann meðal annars bygt hús á Melgraseyri, sem að áliti kunnugra manna er sjerlega vel bygt og vandað í alla staði. Aftur hefir húsagerðarmeistari ríkisins bygt hús á prestssetri einu þar vestra, sem er bæði minna og ver gert en húsið á Melgraseyri, en þó miklu dýrara. Eru þessi hús góð til samanburðar. Annað er 19 × 13½ á stærð, hitt 11 × 12, og þó bygging þessa minna húss sje óvandaðri, kostar hver teningsmetri í því 68,20 kr., en í hinu aðeins 34,50 kr. Eru það ekki staðhættirnir, sem valda því, heldur gerð húsanna sjálfra. Jeg get lýst því yfir, að jeg er persónulega kunnugur þessum manni; hann hefir unnið hjá mjer og mjer er óhætt að fullyrða, að hann er framúrskarandi vandvirkur maður og gengur svo vel frá öllu, að ekki er völ á betur. Vænti jeg því þess, að hv. deild líti svipað á og nefndin og kjósi, að þessi liður sje settur inn af nýju.

Næst er það, að styrkurinn til björgunarskipsins Þórs er hækkaður úr 20 þús. kr. upp í 30 þús. kr. Liggur fyrir skjal frá stjórn björgunarbátsins, þar sem sýnt er rækilega fram á, hve þung útgjöld það sjeu fyrir fjelagið að halda skipinu úti. Dylst engum, sem kunnugur er málinu fra undanförnum þingum, að það sje rjett. Er talið, að þetta eigi sinn þátt í því, að útsvör í Vestmannaeyjum hafa hækkað svo gífurlega, að 70 til 80 kr. koma á hvern íbúa. Þegar þess er gætt, að til Vestmannaeyja leitar fólk til atvinnu víðsvegar af landinu, 500—600 manns á hverri vertíð, og ber úr býtum 500—600 þús. kr. í kaup auk viðurgernings, þá sýna þær tölur, að hjer er verið að vinna fyrir alt landið, engu síður en fyrir þetta eina útgerðarfjelag. Líka má taka það fram, að fjelagið skuldar mikið, og varð bæjarsjóðurinn í Vestmannaeyjum að hlaupa undir bagga með því 1920 og lána því 72 þús. kr., sem enn er ógreitt að öllu. Einnig mun það skulda 80 þús. kr. í Íslandsbanka. Af hlutafjenu, sem var 200 þús. kr., hafa aldrei sjest neinir vextir, og búast hluthafar ekki við að svo verði, og heldur aldrei við hlutaupphæðinni. Má því óhætt segja, að menn þessir leggi mikið á sig, en þeir finna til þess, að fyrir fiskveiðar Eyjabúa er þetta skip ómissandi. Einnig hefir það orðið að liði á öðrum sviðum, t. d. til eftirlits við síldveiðar, og leggur nefndin til, að stjórnin haldi þeirri venju áfram, til þess að ljetta undir útgerð Eyjaskeggja.

Næst eru hjer 2 liðir um styrkveitingu til embættismannaekkna. Þarf jeg ekki að fjölyrða um þá, því nál. segir alt í því máli, sem nauðsynlegt er. Þetta eru aðeins smáupphæðir til tveggja prófastsekkna. Höfðu menn þeirra ekki trygt þeim lífeyri af því að þeir voru undir eldri launalögunum. Sömuleiðis er lagt til að veita tveimur póstmönnum styrki, þeim Stefáni Stefánssyni á Eskifirði og Friðrik Klemenssyni. Tel jeg víst, að hv. þd. fallist á ástæður nál. fyrir þessu. Annar maðurinn er fjörgamall og hefir gegnt þessu embætti um langan tíma. Hinn, sem var álitinn hinn færasti maður til þessa starfa, misti heilsuna snögglega, og verður ekki sjeð, að hann verði heill aftur Vill því nefndin ekki efast um sanngirni manna í þessu máli.

Þá leggur nefndin til, að eftir 21. gr. komi ný grein, sem verði þá 22. gr. Eru það tvær tillögur um, að ríkissjóður ábyrgist lán. Í fyrsta lagi 40 þús. kr. lán til

mjólkurfjelagsins Mjallar í Borgarfirði, í öðru lagi 15 þús. kr. lán til Bessastaðahrepps í Gullbringusýslu.

Hvað Mjöll snertir, þá er til lánsheimild frá fyrri þingum, en þar sem fjelagið sjer ekki fram á, að það geti fengið lán úr viðlagasjóði, en ætlar aftur á móti að það fái lán erlendis eða hjer á landi gegn ríkisábyrgð, þá hefir það farið þessa á leit. Nefndin lítur svo á, að hjer sje um nytjafyrirtæki að ræða, sem sjálfsagt sje að styrkja, svo sjást megi í framtíðinni, hvort það geti ekki orðið svo fullkomið, að við þurfum ekki að kaupa niðursoðna mjólk frá Danmörku. Vill nefndin því, að ríkið ábyrgist lánið, enda hafa sýslurnar lofað endurábyrgð gagnvart fjelaginu.

Hin tillagan, um ábyrgð fyrir Bessastaðahrepp, er líka af knýjandi ástæðum fram komin. Hefir þessi hreppur borið sig upp undan því, að hann fái ekki staðið straum af framfærslumönnum sínum. Í hreppi þessum eru 140 íbúar, af þeim eru 23 bændur og alls 44 gjaldendur. Síðastliðið haust var þar jafnað niður 9 þús. kr., en þurfti að leggja á 21 þús. kr.

Þurfamennirnir eru 52, eða einn framfærslumaður á hverja 2⅔ manns í hreppnum, og meira en 1 framfærslumaður á hvern gjaldanda. Er því hreppnum langt um megn að standa straum af þeim. Hefir því hreppurinn sótt um 15. þús. kr. lán, enda skuldar hann 20 þús. kr., auk 8 þús. kr., sem hann þarf að gjalda þegar í stað, eða því sem næst. Leitaði hann fyrst til sýslnanna um ábyrgð, en er bankarnir treystust ekki til að lána gegn henni, sneri hann sjer til stjórnarinnar, en hún hefir vísað honum til þingsins. Þar sem fjvn. fær ekki sjeð, að hreppurinn komist af án lánsins, leggur hún til, að ríkið taki að sjer ábyrgðina, enda gangi Gullbringu- og Kjósarsýsla í ábyrgð fyrir hreppinn.

Þá hefi jeg farið yfir till. nefndarinnar, þær sem máli skifta og jeg sje ástæðu til að minnast á. Hvað viðvíkur brtt. frá einstökum þm., mun jeg fylgja sömu reglu og áður, að tala þá fyrst um þær, er flm. hafa talað fyrir þeim. Er að því tímasparnaður og er hans ekki síst þörf, ef hægt væri að koma honum við.

Ágúst Flygenring: Tvö málefni vildi jeg örlítið minnast á.

Annað er brtt. við fjárlögin frá sjútvn. Samskonar er þáltill. sú, sem hjer er á dagskrá, sem sje uppbót á kaupi þriggja fiskimatsmanna. Eru það 600 krónur til tveggja manna, en 1000 kr. til eins. Er þessi uppbót í samræmi við þá, sem þingið 1923 veitti, og segja þessir menn mjer, að þá hafi verið svo um talað, að hún hjeldist, en hún hafi nú fallið niður af vangá við samning fjárlagafrv.

Þegar þáltill. var til umræðu, færði jeg fram helstu ástæðurnar fyrir rjettmæti þessara krafna. Skal jeg ekki endurtaka þær, en jeg vil aðeins minna á það, að svo lengi, sem skyldumat er og menn vilja virkilega vanda eftirlit með flokkun fiskjarins, þá er það ekki hægt nema því aðeins að halda sömu mönnunum lengi, þeim mönnum, sem hafa sett sig inn í það, hverskonar fiskur kaupendunum þóknast best. Það hafa þessir menn gert. Þeir hafa fengið styrk til að fara utan og kynt sjer markaðinn bæði á Spáni og víðar við Miðjarðarhafið. Hafa þeir átt tal við kaupmenn, komið í hús þeirra og athugað vöruna. Hafa þeir því víðtæka þekkingu í þessum málum og auka hana með því að leita sjer með hverjum farmi upplýsinga um og fá umsögn kaupenda um, hvernig þeim hafi líkað matið. Er það

áríðandi, að vel sje gert við þessa menn, því þeir gegna trúnaðarstöðu beggja aðilja. Og eins og nýjar reglur geta verið skaðlegar í þessum málum, þannig getur og verið óheillavænlegt, að nýir menn sjeu teknir, sem ekki eru starfinu vaxnir.

Jeg vil líka taka það fram, að þessi viðbótarþóknun er það minsta, sem sjútvn. datt í hug að fara fram á. Er hún aðeins gerð í samræmi við gerðir þingsins 1923, en ekki af því að hún sje nóg, þar sem þessir menn eru allra manna verst launaðir. En þar sem gert er ráð fyrir, að endanleg endurskoðun á launum allra embættismanna og opinberra starfsmanna fari fram á næsta ári, vildi nefndin ekki vera að gera breyting á því, sem síðasta þing gerði í þessu efni. Vænti jeg því þess, að háttv. deild fallist ljúflega á þessa till.

Hitt atriðið, sem jeg vildi örlítið minnast á, er brtt., sem komið hefir fram frá hv. fjvn. viðvíkjandi Flensborgarskólanum. Hefur styrkurinn til hans verið færður niður úr 1500 kr. í 1200 kr., og er ætlast til, að þessar 300 kr. sjeu greiddar af sýslunum og Hafnarfjarðarkaupstað.

Það vill nú svo vel til, að hv. frsm. (ÞórJ) hefir kynst einum hreppnum. og getur því gert sjer í hugarlund, hvað mikið sýslan muni leggja til, því svipaðar sögur gæti jeg sagt mönnum af öðrum hreppum. Það er og víst, að sýslan vill ekki leggja neitt til, af þeirri ástæðu að þeir segja, að sjer komi þessi skóli ekki frekar við en skólinn á Akureyri og aðrir skólar. Því þennan skóla sækja menn alstaðar að, af Norður-, Austur- og Vesturlandi, og eins og skýrslurnar sýna, er námsfólkið fleira úr öðrum hjeruðum en Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Háttv. fjvn. hefir fylgt þeirri reglu að draga úr öllum fjárveitingum, sem ekki eru lögboðnar, og þar á meðal hafa ýms kenslumál orðið hart úti, þó ríkisskólarnir haldi sínum styrk óskertum. Mjer og fleirum, sem þekkja vel til Flensborgarskólans, sem vitum, að hann er fyrsti vísirinn til alþýðumentunar hjer á landi, þykir það rækalli hart, að hann skuli vera svona aðþrengdur fjárhagslega.

Þessi skóli hefir nú staðið í 50 ár og er brautryðjandi alþýðumentunar og kennarafræðslu í landinu, en hefir altaf haft úr litlu að spila og átt undir högg að sækja með fjárveitingar í hverjum fjárlögum, eins og allir hv. eldri þm. muna. Svo lítil efni á skólinn við að búa, að þó þessar 15 þús. kr. í frv. stjórnarinnar fengju að standa óhaggaðar, hefði hann minna en nokkur annar skóli á landinu. Stofnun þessi var upphaflega gefin landinu, til alþýðu- og kennaramentunar, af örlátum og stórhuga manni, sem vildi bæta menning og mentun landsins á þennan hátt. Og væri leitt, ef skólinn ætti nú að fara í hundana vegna peningaleysis, eftir að hann hefir rekið starfsemi sína svo vel, sem ýmsir mætustu menn þessa lands bera honum vitni um. Menn, sem þar hafa notið kenslu, en eru nú komnir í ýmsar stöður. Jeg get vitnað til fjölda margra mætra og mentaðra manna, sem hafa lært í skólanum og teljast nú í röð bestu manna landsins. Þessi skóli hefir altaf verið ódýr í rekstri, og er það mikið að þakka því, hve ágætir menn hafa stjórnað honum. Nú stjórnar honum einhver allra besti skólamaður landsins, og meðan honum endist aldur, er skólanum borgið með að veita góða fræðslu.

Í upphafi var gefin jörð til skólans og gömul hús. Var þetta þá aðeins vísir, en nú hefir altaf síðan með hagsýni og sparsemi verið aukið við eignirnar, svo að hagur skólans má heita alveg furðu-

góður. Ef ríkissjóður hefði stofnað til skólans af slíkum vanefnum og svo átt að reka hann með þeim styrk, sem skólinn hefir haft, þá efast jeg stórlega um það, að hagur hans hefði verið sambærilegur við hag Flensborgarskólans nú. Og jeg þarf ekki að efast um það, jeg veit, að hagur hans hefði verið annar og verri. En munurinn hefir altaf reynst mikill á stjórn þeirra fyrirtækja, sem eru eign einstaklinga, og hinna, sem ríkin eiga að sjá um. Stjórnir ríkjanna geta heldur ekki haft eins náið eftirlit og einstaklingar. Þess skal líka getið í þessu sambandi, að Flensborgarskólanum hefir verið stjórnað fyrir ekki neitt og kennarar þar hafa unnið fyrir nálega helmingi minni laun en við sambærilega skóla ríkisins.

Jeg ætla annars ekki að flytja langa ræðu um þetta mál. Vona jeg, að allir hv. þm. sjái og skilji, hvert gagn er að skólanum. Hann sækir einmitt fólk á aldrinum milli tvítugs og þrítugs, þeim aldri, sem sagt er að menn hafi mest not af námi. Og jeg sje ekki, að til mála geti komið, að hv. deild þyki of mikið að veita einar 15 þús. krónur til þessa skóla, þegar alveg hliðstæður skóli ríkisins fær 55 þúsund. Og jeg vil benda á það, að miðað við nemendafjölda er þessi skóli ekki helmingi, heldur þrefalt, fjórum sinnum ódýrari í rekstri en aðrir skólar af sama tægi. Jeg hefði gjarnan kosið að komast hjá að víta fjárveitinganefnd. Jeg skil, að hún hefir alstaðar viljað klípa úr útgjöldunum, til þess að reyna að bæta úr fjárhag ríkissjóðs. Við þekkjum allir þörfina, og á nefndin þakkir skilið fyrir hinn góða sparnaðarvilja sinn. En jeg gat samt ekki þagað við þessari till. hv. nefndar, því að mjer finst hún ekki sanngjörn. Jeg býst alls ekki við því, að sýslurnar og bærinn leggi nokkuð af mörkum. Það yrðu þá að vera einstakir menn. Sýslurnar eru illa staddar, og svipað er um bæinn. Að minsta kosti skuldar hann ærið fje. En lántökur á þessum tímum tel jeg óheilbrigt að fara út í, enda ókleift að fá peningalán. Og hvað sem öðru líður, þá er varhugavert að binda þennan 12 þúsunda styrk við fjárveitingu frá sýslunum og bænum. En fari svo, að till. hv. nefndar verði samþykt, er hægt að minnast frekar á það atriði við 3. umr.

Undarlegt er það, að styrkveitingar til einkaskóla skuli ekki vera miðaðar við kostnaðinn við skólahaldið, en enn þá undarlegra er hitt, að slíkir skólar sjeu ekki látnir njóta þess, að þeim er stjórnað með sparsemi og hagsýni. En hvað sem annars má um þetta segja, vænti jeg þess fastlega, að hv. þingmenn ljái mjer fylgi sitt til að fella þessa till. hv. nefndar. Læt jeg svo lokið máli mínu, þó að nógu gaman hefði verið að tala meira um einkaskólana, því að jeg lít svo á, að allir skólar hjer á landi ættu að verða einstaklingseign. Með því móti yrðu þeir bæði ódýrari og betri.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg get lýst því yfir, að mjer líkar vel meðferð hv. fjvn. á fjárlögunum, einkum þó á þessum kafla þeirra. Vil jeg sjerstaklega taka það fram, að hin víðtæka sparnaðarviðleitni nefndarinnar er að mínu áliti ekki aðeins rjettmæt, heldur blátt áfram óhjákvæmileg eins og nú standa sakir. Þessi viðleitni kemur fyrst og fremst fram á tvennan hátt, annarsvegar í því að fella með öllu niður þá liði, sem vel er hægt að vera án, og hinsvegar í því að minka sem mest hverja upphæð, sem þó eigi verður álitið, að unt sje að sleppa alveg. Sjerstaklega álít jeg síðari aðferðina

heppilega, því að menn sætta sig betur við hana en algerðan niðurskurð. Og þó að sumir segi, að sparnaður á smáupphæðum sje aðeins smásálarskapur og hjegómi, þá er það einmitt drýgsti sparnaðurinn, því að safnast þegar saman kemur. Aftur á móti tel jeg þriðju leiðina varasama. En hún er sú, að velta gjöldunum af ríkissjóði yfir á aðra. Álít jeg tæplega heimilt, þegar um er að ræða stofnanir, sem notið hafa styrks úr ríkissjóði, að raska þeim greiðsluhlutföllum, sem venjan hefir helgað, og heimta að annar aðilinn taki á sig byrðina. Er það því aðeins forsvaranlegt, að sá aðili sje miklum mun betur fær um að bera auknar byrðar. Á jeg hjer við tillögur nefndarinnar um að velta ýmsum gjöldum yfir á sýslur og bæi, til þess að ljetta á ríkinu. Það vita allir, að sýslur, bæir og sveitarfjelög eiga erfiðara með að ná inn háum gjöldum en ríkissjóður. Eina leið þeirra í því efni er sú, að leggja á útsvör eftir efnum og ástæðum. Finst mjer einkum nú eiga illa við að auka kröfurnar, þegar ríkissjóður hefir seilst með tekju- og eignarskattslögunum lengra en nokkru sinni áður inn á hið sama gjaldsvið, sem sveitarfjelögin verða að nota. Og á það finst mjer, að hv. þm. þurfi að líta, að þegar þröngt er fyrir dyrum hjá ríkissjóði, er það ekki síður hjá sveitar- og bæjarfjelögum. Finst mjer ekki nægur gaumur gefinn að því, að ekki er síður áríðandi, að sýslur og bæir komist ekki í fjárhagslegt öngþveiti en ríkið sjálft. Og þegar ríkinu er nauðsyn að spara, þá er sama máli að gegna um sýslur og bæi. Jeg held því að þessi sparnaðaraðferð sje aðeins svik við sjálfan sig. Annars ætla jeg ekki að gera tillögur nefndarinnar yfirleitt að umtalsefni, heldur minnast nokkrum orðum á brtt. nefndarinnar nr. 66—68, um iðnskóla í Reykjavík og kvöldskóla á Akureyri og Ísafirði.

Það hefir verið venja, að ríkið legði fram sem svaraði ⅘ af rekstrarkostnaði þessara stofnana. En undanfarin ár hefir iðnskólinn í Reykjavík verið styrktur úr ríkissjóði um 6 þús. kr., og fer fjarri því, að það sjeu ⅘ kostnaðar. Það er ekki einu sinni helmingur þess fjár, sem skólinn hefir þurft á að halda. Og til þess að sýna það, að þessi skóli á engan þátt í þeim fjárhagsvandræðum, sem nú þrengja að ríkissjóði, skal jeg geta þess, að strax árið 1907 var styrkurinn 5 þús. kr. og hefir ekki á öllum dýrtíðarárunum hækkað nema um eitt þúsund. Hugsa jeg, að lengi megi leita til þess að finna stofnun, sem ekki hefir þyngst meira á ríkissjóði á stríðsárunum og eftir stríðið. Háttv. fjvn. fer nú fram á, að tillagið til skólans lækki niður í 3 þús. kr., eða verði lægra en fyrsta árið, sem skólinn starfaði. Þá var það 4 þús. Mjer finst ekki rjett að grípa til þessara úrræða, velta útgjöldunum af ríkinu yfir á bæjarsjóði.

Nokkuð sama er um kvennaskólann. Þar leggur nefndin til að lækka framlag ríkissjóðs um 3 þúsund, sem bæjarsjóðnum er ætlað að taka á sínar herðar. Get jeg ekki heldur sjeð, að þetta sje rjettmætt. Árið 1923 var framlag ríkissjóðs 26 þús. kr. og í fjárlagafrv. stjórnarinnar fyrir 1925 er gert ráð fyrir 24 þúsundum. Aðsókn að skólanum er mjög mikil, og býst jeg við, að verði till. hv. fjvn. samþyktar, sje ekki annað fyrir hendi en að draga úr kenslu og færa saman kvíarnar. En jeg ætla nú ekki lengra út í einstök atriði þessa máls. Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) mun athuga það nánar. En það skal ennþá tekið fram, að mjer finst órjettlátt að auka kröfurn-

ar til bæjar- og sýslusjóða, þegar sem óðast er verið að draga úr gjöldum ríkissjóðs.

Af till. nefndarinnar er ennþá ein, sem jeg vildi minnast á. Er það till. um að fella niður styrk til útgáfu kenslubóka. Árið 1922 var þessi styrkur 800 krónur, 1923 var hann 2400 kr. og í fjárlagafrv. stjórnarinnar er ákveðin sama upphæð. En svo stendur á, að komist till. nefndarinnar í framkvæmd, þá kemur það í veg fyrir, að orðið geti af áframhaldi útgáfu nýrrar mannkynssögu, sem verið er að semja. Þörf slíkrar bókar ætti að vera öllum augljós, og þó að hún sje fyrst og fremst ætluð til kenslu í skólum, þá veit jeg að hún mun verða til gagns og skemtunar öllum almenningi. Eins og stendur eigum við enga slíka bók, sem uppfylli kröfur tímans. Mannkynssaga Páls heitins Melsteds var auðvitað ágæt bók á sínum tíma, en bæði er hún nú orðinn ófáanleg og svo er hún eðlilega orðin úrelt nú. Jeg sje því ekki annað en útgáfa slíkrar bókar sje einmitt tímabær og ekki óþarflegri en margt annað, sem fje er veitt til. Hv. fjvn. hefir með till. sinni um að hækka styrk til bókaútgáfu Þjóðvinafjelagsins sýnt, að hún vill þó styrkja útgáfu góðra bóka. En með allri virðingu fyrir bókaútgáfu Þjóðvinafjelagsins, vil jeg segja það, að jeg kýs þessa fyrirhuguðu mannkynssögu frekar en flest þeirra bóka, sem það hefir gefið út. Vildi jeg biðja þessu máli líknar hv. deildar og óska þess, að till. hv. fjvn. verði annaðhvort feld eða tekin aftur. Annars mundi jeg, ef betra væri ekki kostur, sætta mig við niðurfærslu á styrknum við 3. umr., í samræmi við annað.

En eitt verð jeg ennþá að fara um nokkrum orðum. Mjer finst ekki fult samræmi í sparnaði háttv. nefndar. En ef til vill á hún eftir að koma með nýjar till. til 3. umr. Jeg hefi sjerstaklega farið yfir reikninga Fiskifjelags Íslands, einkum reikninginn fyrir árið 1923. Og jeg verð að segja það, að mjer finst mikið af þeim útgjöldum, sem þar eru, eiga minni rjett á sjer en ýmislegt það, sem felt er niður. Útgjöldin eru 1923 51500 kr. Þar af fara 26 þúsundir í beinan stjórnarkostnað, það er að segja: til starfsmannalauna og til skrifstofuhalds. En þó nokkuð mikið minni upphæð fer til þeirra framkvæmda, sem fjelagið hefir með höndum. Mjer finst því ekki samræmi í að halda áfram að veita þessu fjelagi jafnan styrk og áður, nú þegar af öllu er klipið og alt reynt að spara. Hvort sama máli er að gegna um Búnaðarfjelag Íslands, þori jeg ekki að segja. Mjer hefir ennþá ekki gefist kostur á að sjá reikning þess fyrir árið 1923.

Jeg vil að lokum taka það ennþá einu sinni fram, að þegar óhjákvæmilegt er að spara, verður Alþingi að gæta fulls samræmis í niðurfærslum. Sje það ekki gert, er hætt við að hafin verði andstaða gegn sparnaðarviðleitni þingsins yfirleitt. Vil jeg nú beina því til háttv. fjvn., að hún hafi við 3. umr. komið fullu samræmi á till. sínar um niðurfærslur útgjalda ríkisins.

Klemens Jónsson: Jeg á að vísu enga brtt. við þennan kafla, en vil þó alt um það leyfa mjer að fara nokkrum orðum um einstöku liði.

Það er þá fyrst 66. brtt. fjvn., sem jeg vildi minnast á, þar sem lagt er til að lækka styrkinn til iðnskólans í Reykjavík um 3 þús. kr., eða helming. Jeg get að vísu sparað mjer ýmsar athugasemdir,

sem jeg hefði ástæðu til að gera við þessa brtt., og nægir mjer að vísa til ummæla hæstv. fjrh. (JÞ) um þetta efni nú fyrir skemstu. Þó skal jeg leyfa mjer að geta þess, að forstöðunefnd skólans kom til mín snemma í vetur, áður en jeg samdi fjárlagafrv., og skýrði mjer frá, að skólinn mundi verða að hætta störfum, ef ríkissjóðsstyrkurinn yrði ekki hækkaður um 2000 kr. Sýndi forstöðunefndin reikninga skólans og færði skjallegar sannanir fyrir því, að svo hlyti óhjákvæmilega að fara, þar sem þeir, er standa að skólanum, gætu alls ekki tekið meiri byrðar á sig. Jeg hafði góð orð um að hækka þennan styrk í frv., en þegar til kom, sá jeg mjer ekki fært að leggja það til. Hinsvegar kom það mjer mjög á óvart, að hv. fjvn. skyldi ekki treysta sjer til að leyfa þessum lið að standa óbreyttum. Jeg tel fullvíst, að allir, sem til þekkja, muni taka undir það, að þessi skóli hafi reynst mjög vel allan þann langa tíma, sem hann hefir starfað. Þó að jeg muni fylgja flestum sparnaðartillögum háttv. fjvn., mun jeg því ekki geta greitt atkv. með þessari brtt.

Þá leggur nefndin til í 98.—103. brtt., að ýmsir styrkir til fjelaga og til útgáfu góðra íslenskra bóka verði feldir niður. Jeg hlýt að játa, að það er ekki beinlínis tjón að því, þó að útgáfu þessara góðu bóka sje frestað í 1—2 ár, þyki nauðsyn bera til. En þó finst mjer óviðkunnanlegt að fella niður styrkinn til útgáfu Alþingisbókanna, sem reynt hefir verið að flýta sem mest á síðustu árum, svo að sem mest yrði komið út eftir 6 ár, þegar Alþingi á 1000 ára afmæli. Mjer er örðugt að kingja því, að ekki sje auðið vegna fjárhagsins að veita lítilfjörlegan styrk árlega um næstu ár til þess að gefa út þetta stórmerka heimildarrit að sögu landsins, sem nú er ekki til nema í handriti, sem fáir eiga kost á að nota. Sama máli gegnir um jarðabók þeirra Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að aumur má fjárhagurinn vera, ef ekki er unt að styrkja dálítið útgáfu þess rits. Jeg sje, að háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) flytur brtt. um að leggja það á vald stjórnarinnar, hvort styrkja skuli útgáfu þessara rita, og mun jeg aðhyllast hana í því trausti, að hæstv. stjórn sjái sjer það fært.

Það hefir talsvert verið minst á styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelags Íslands. Jeg sá mjer ekki fært að fara fram á hærri fjárveitingu til þessara fjelaga en gert er í frv. Háttv. fjvn. hefir nú farið fram á, að styrkurinn til Búnaðarfjelagsins verði hækkaður um 10 þús. kr., en hinsvegar hafa komið brtt. frá einstökum þm. um að lækka þessa styrki talsvert. Jeg vil taka það fram, að þar sem nú er verið að taka fyrir kverkarnar á öllum framkvæmdum, get jeg ekki sjeð annað en að Búnaðarfjelagið og Fiskifjelagið verði að sætta sig við hið sama. Því hefir verið barið við, að allar starfsáætlanir fjelaganna hljóti að raskast við þetta. En aðgætandi er, að þessi styrkur er fyrir árið 1925, en nú í ársbyrjun var Búnaðarfjelaginu fullkunnugt um, hvern styrk stjórnin ætlaði því í frv., og átti það því að haga áætlun sinni eftir upphæðinni í stjfrv., en ekki eftir því, hvað það áleit sjálft, að það þyrfti. Raskist áætlun fjelagsins af þessum ástæðum, er því stjórn fjelagsins einni um að kenna.

En hve miklu er annars ekki raskað um allskonar fyrirtæki? Munu þeir ekki vera æðimargir, sem þykjast verða fyrir vonbrigðum, þegar ýms fyrirtæki eru stöðvuð, sem þeir hafa búist við, að yrðu lát-

in halda áfram? Jeg býst við, að Árnesingum þyki vonir sínar bresta, ef ekkert verður unnið að Flóaáveitunni á þessu sumri, og ýms fleiri hjeruð munu þykjast illa svikin, þegar það kemur upp, að ekki verður lagður neinn vegarspotti eða símalína. Það verður röskun á öllu vegna fjárkreppunnar, ekki einungis á áætlunum Búnaðarfjelagsins og Fiskifjelagsins, heldur alls landsins. Jeg býst þó ekki við að greiða atkvæði með lækkun á styrknum til Búnaðarfjelagsins, þar sem svo þörf stofnun á hlut að máli, en hinsvegar mun jeg alls ekki geta fylgt brtt. um hækkun styrksins.

Þá vill hv. fjvn. bæta inn nýjum lið, gjöldum samkvæmt jarðræktarlögunum. Það er tekið fram í athugasemdum stjórnarinnar, að nauðsynlegt muni að áætla einhverja upphæð fyrir þessu, en þar sem lögin sjeu ekki komin til framkvæmda, sje ógerningur að gera sjer grein fyrir þeim gjöldum nú. Jeg verð að líta svo á, eftir till. háttv. nefndar, þó að jeg heyrði ekki háttv. frsm. minnast á það, að nefndin hafi kynt sjer málið svo vel, að hún viti, að lögin muni koma til framkvæmda að einhverju leyti á næsta ári. Jeg sje þó ekki ástæðu til að veita þarna fje til aukinna framkvæmda frekar en víða annarsstaðar, og leyfi mjer að benda á, að þetta er í rauninni ekki annað en aukinn styrkur til Búnaðarfjelagsins og landbúnaðarins. En þar verður að spara eins og á öðrum sviðum. Jeg get ekki betur sjeð en að þessar framkvæmdir verði að þola sömu bið sem aðrar, og mun jeg því greiða atkv. gegn þessari brtt.

Þá vill hv. fjvn. veita 25 þús. kr. til fjárkláðalækninga. Getur hún þess í nál., að þetta sjeu lögboðin gjöld, sem numið hafi talsvert miklu undanfarin ár; t. d. hafi kostnaðurinn við þetta orðið 57½ þús. kr. árið 1922. Jeg verð að segja, að jeg varð alveg forviða, þegar jeg sá þennan nýja lið. Jeg mundi ekki eftir, að nein brögð hefðu orðið að fjárkláða á síðasta ári, eða útgjöld vegna hans. Það fje, sem nefndin telur varið í þessu skyni 1922, var alls ekki til útrýmingar fjárkláða, heldur víst aðallega til kaupa á baðlyfjum, eins og stendur í landsreikningnum. Það ár var keypt allmikið af baðlyfi í Kaupmannahöfn, sem nú liggur víðsvegar um landið, það sem enn er óselt og ekki hefir lekið niður. Því að svo óheppilega tókst til um kaupin, að ílátin reyndust illa. Þessu fje var því varið til lyfjakaupa, en ekki til þess að útrýma fjárkláðanum. Nú eru til talsverðar birgðir af lyfjum, og má búast við, að eftir þetta verði næg baðlyf búin til innanlands og verði því ódýrari. Kostnaður við fjárkláðalækningar á síðasta ári var eftir skýrslu ríkisbókara kr. 318,10. Þetta var allur kostnaðurinn, og þó ætlar hv. nefnd, að á næsta ári muni þurfa að verja 25 þús. kr. til þessa. Á þessu ári hafa mjer vitanlega ekki komið neinar skýrslur frá sýslumönnum um fjárkláða úti um land, og vona jeg, að ekki verði meiri brögð að honum en svo, að kostnaðinn megi taka af óvissum gjöldum.

Hv. fjvn. flytur einnig brtt. um að hækka fjárveitingu til markaðsleitar fyrir íslenskar afurðir erlendis. Jeg fór fram á 5 þús. kr. í þessu skyni, en jeg get þó verið því meðmæltur að hækka þennan lið upp í 10 þús. kr. Hinsvegar vil jeg taka það fram, að nú um 2 undanfarin ár hefir verið farið í markaðsleit einmitt til þeirra staða, sem dýrast er að ferðast til, svo að aðalkostnaðurinn er þegar greiddur. Það kemur tæplega til þess, að maður verði sendur á næsta ári til Ameríku — um Ástralíu er varla að ræða í

þessu sambandi, — og síðastliðið ár hefir verið sent til Finnlands, Rússlands, Slovakíu, og veit jeg því ekki, hvert ætti að vera þörf á að senda nú. Upphæð sú, sem jeg lagði til, ætti því að geta nægt, en vegna þess, hve mál þetta er mikilvægt, get jeg verið með þessari hækkun, og auðvitað er upphæðin alls ekki of há, verði nokkuð ágengt um aukningu markaðsins. Aftur væri freistandi að minnast á, að hve miklu leyti þessi markaðsleit hafi komið að tilætluðum notum og hvort framleiðendur og útflytjendur hafa fært hana sjer í nyt svo sem vera skyldi. En jeg mun þó sleppa því að þessu sinni.

Þá er ein brtt. frá háttv. fjvn., að setja inn fjárveitingu til leiðbeinanda um húsagerð til sveita. Hv. frsm. fór mörgum orðum og fögrum um þennan lið, nauðsyn starfsins, ágæti mannsins og brýna þörf styrksins. Jeg þekti árangurinn af starfi þessa manns þau ár, sem jeg var landritari, og jeg get ekki sagt, að jeg væri hrifinn af því. En þau 2 ár, sem jeg gegndi ráðherraembætti, þekti jeg þetta þó enn betur, og gat jeg ekki sjeð minsta gagn af þessu starfi. Þegar jeg sá ekkert liggja eftir mann þennan árið 1922, skrifaði jeg honum í apríl 1923 og beiddi hann um skýrslu um það, hvað hann ætlaði sjer að gera þá næsta sumar. Þetta hefði jeg ekki átt að þurfa að gera; maðurinn hefði átt að senda slíka skýrslu ótilkvaddur, eins og allir aðrir starfsmenn gera, er svipuð störf hafa með höndum. vegamálastjóri, vitamálastjóri og fleiri. En það var síður en svo, að þessi maður gerði það; stjórnin varð að skrifa honum, en hann tók ekki meira tillit til þess en það, að hann svaraði aldrei brjefinu. Jeg verð að segja, að mjer er ekki gjarnt að viðhafa sterk orð, en þó verð jeg að kalla það ósvífni af starfsmanni ríkisins að virða stjórnina ekki svars, þegar hún spyr hann, hvað hann ætli að gera, maður, sem var á mjög góðum launum. Jeg varð og ekki var við, að hann gerði annað síðastliðið sumar en að dunda við að reisa hús fyrir sjálfan sig hjer í bænum. Það er einkennilegt að vera að hrópa um sparnað og óþarfa embættismenn, en þegar þessi maður hefir sýnt sig gagnslausan og honum er vikið frá fyrir þær sakir, kemur óðar tillaga um að setja hann aftur í starf sitt. Jeg verð að segja það, að erfitt mun veitast að fækka starfsmönnum landsins, ef nú er ekki auðið að losna við þennan mann.

Nefndin lætur þá athugasemd fylgja þessum lið, að „vinni hann auk þess að húsagerð einstakra manna, skal greiða fult dagkaup, er rennur í landssjóð.“ Þó að háttv. frsm. kveði þetta geta numið einhverju, hygg jeg, að honum muni veitast erfitt að sýna fram á það 1928 eða 1929, að mikið fje hafi runnið í landssjóð fyrir vinnu þessa manns. Jeg hygg, að það muni verða svipað sem um aðstoðarmann húsameistara ríkisins, sem greidd hafa verið laun í von um endurgreiðslu á þennan hátt, en engar efndir orðið á, svo að jeg viti.

Þá skal jeg að endingu víkja að brtt. hv. sjútvn. um launauppbót þriggja yfirfiskimatsmanna, og er jeg henni meðmæltur. Jeg gat um það í gær, að jeg væri samþykkur þingsályktunartill., sem komið hefir fram um þetta, en jeg gæti ekki greitt henni atkvæði af principástæðum, þar sem till. væri í raun og veru fjáraukalög fyrir þetta ár. Það er vitanlegt, að laun þessara manna eru mjög af skornum skamti, en þeir gegna mjög mikilvægum störfum og hafa gefið í skyn, að þeir

mundu neyðast til að láta af störfum sínum, ef kjör þeirra væru ekki bætt. Verði nú þessi uppbót fyrir 1925 samþykt, vænti jeg þess, að hæstv. stjórn sjái sjer fært að veita þessum mönnum samskonar uppbót á þessu ári, þó að bein heimild sje ekki fyrir því. Vil jeg því skjóta því til flm. þessarar óþinglegu þáltill., að þeir taki hana aftur, ef þessi brtt. verður nú samþykt.

Forsætisráðherra (JM): Því miður get jeg ekki sagt hið sama um þennan kafla fjárlaganna sem hinn fyrri, að jeg sje í öllu ánægður með aðgerðir hv. fjvn. Mjer finst hún í sumum tilfellum eigi hafa sýnt fyllilega sanngirni. Jeg átel ekki, þó að hún hafi sýnt hörku talsverða, þar sem hið sama gengur yfir alla. En mjer finst vanta talsvert á, að svo sje á öllum stöðum. Vil jeg nefna þess nokkur dæmi og byrja á skrifstofukostnaði biskups. Jeg skal ekki vefengja, að nauðsynlegt hafi verið að færa hann nokkuð niður, en get þó ómögulega annað sjeð en háttv. nefnd hafi gengið þar of langt, miðað við aðrar till. hennar. Embætti þessu fylgja, sem kunnugt er, mjög miklar skriftir, og enda altaf viðurkent, að biskupi væri nauðsynleg talsverð aðstoð við embættisfærslu sína. Má benda til þess, að á meðan mjög fáum embættismönnum var annars veittur nokkur skrifstofukostnaður, átti slíkt sjer jafnan stað að því er biskup snerti. Svo langt sem jeg man, hafa verið veittar 1000 kr. í þessu skyni, og virðist mjer því sennilegast, eftir öðru, sem sambærilegt má teljast, að nú verði að veita að minsta kosti 1500 kr.

Þá vil jeg minnast nokkuð á 51. tölulið á þskj. 163. Því miður hefi jeg ekki getað náð þeim skjölum, sem snerta þetta mál, og get því ekki talað um það að svo stöddu nema mjög lauslega. Þessi liður snertir aukakennarann við háskólann, dr. Alexander Jóhannesson. Vill nefndin fella niður laun hans. Þessi fjárveiting hefir með rjettu verið talin byggjast beint á samningi, fyrst við þingið, en síðan við stjórnina, eftir að fjárveitingin var tekin reglulega upp í fjárlagafrv. stjórnarinnar. Hygg jeg því, að háttv. fjvn. hafi ekki rannsakað þetta mál nógu vel. Er og vert að geta þess, að upptök þessarar fjárveitingar átti fjvn. þessarar hv. deildar á sínum tíma, en ekki þáverandi stjórn. Jeg veit, að ef líkt stæði á með samkomulag manna á milli, þá væri það talið beint brigðmælgi að fara þá leið, sem hv. fjvn. leggur nú til, að farin verði. Þegar þessi fjárveiting var fyrst upp tekin, stóð svo á, að maður sá, er hjer um ræðir, átti kost á mjög sæmilegu starfi, sem hann var látinn sleppa, til þess að taka við þessu embætti. Jeg skal taka það fram, að jeg var einmitt ráðherra þegar þingið tók þessa ákvörðun, og því nokkuð viðriðinn málið. Dr. Alexander hefir haft rjett til að byggja á því að halda stöðunni áfram.

Jeg hefi nú í þessu augnabliki fengið skjöl þau, sem málið snerta, en vil þó ekki tefja hv. deild á því að lesa nokkuð upp úr þeim, en vildi mælast til, að hv. fjvn. sæi sjer fært að athuga þau fyrir 3. umr. Jeg veit ekki, hvort til nokkurs væri að fara fram á, að hv. nefnd ljeti bíða atkvgr. um þennan lið til 3. umr. Hún ræður því vitanlega, en jeg væri henni þakklátur, ef hún gæti orðið við þeim tilmælum.

Jeg þarf lítið að tala um 53. lið á sama þskj. Hv. fjvn. hefir verið svo góð að geyma hann til 3. umr. Vona jeg, að þetta atriði verði þá orðið skýrara.

Í sambandi við 55. lið vildi jeg athuga það, sem hv. frsm. (ÞórJ) sagði, að hv. fjvn. ætlaðist ekki til þess, að styrkur til stúdenta, sem nám stunda erlendis, væri bundinn við 1200 kr. til hvers, heldur bæri að skifta þessum 12 þús. kr. milli þeirra, líklega á þann hátt, að deilt verði með tölu stúdentanna í upphæðina og hver fái sinn skerf. Ef þetta er meining hv. nefndar, mun stjórnin að sjálfsögðu fara eftir því. Annars verð jeg að segja, að á þeim tíma, sem jeg áður hafði afskifti af þessu máli, var jeg oft í talsverðum vandræðum. Tilætlunin var sú, að þeir íslenskir stúdentar, sem nám stunduðu erlendis, fengju svipaðan styrk og þeir fengu á Garði áður en sambandslögin gengu í gildi. Var jeg því fyrst að hugsa um að veita þeim einum styrk, sem sýndu sjerstakan áhuga á náminu eða höfðu brýnasta þörf fyrir hann. Og einkum verð jeg að líta svo á, að ef klípa á mikið af þessum styrkveitingum, þá nær miklu minni upphæð en 1200 íslenskar krónur til hvers stúdents skamt, og hygg jeg því rjettara að styrkja þeim mun færri, eða einungis þá, sem styrks eru verðugastir, en sleppa heldur hinum, sem máske dvelja við erlenda háskóla án þess að stunda þar nám að telja megi, svo sem við mun hafa brunnið. En vilji nefndin, að hin aðferðin sje höfð við úthlutun styrksins, sú, að skifta honum jafnt milli allra stúdentanna, þá verður málið mun hægara viðfangs fyrir viðkomandi ráðherra, því að erfitt yrði að skera úr því, hverjum bæri að veita styrkinn og hverjir væru hans síður verðugir. Annars get jeg ekki litið svo á, að ríkissjóði beri skylda til að veita öllum stúdentum slíkan styrk, hversu margir sem færu utan og drægjust á þann hátt frá háskólanum hjer heima. En þess ber að gæta á hinn bóginn, að þeir stúdentar eru beint gabbaðir, er farnir eru að njóta árlegs styrks, svipaðs Garðstyrk, og hafa með rjettu bygt á því, að þeir fengju að halda sama styrk ákveðið árabil. Að fara að kippa að sjer hendinni að þessu leyti er óforsvaranlegt hvað snertir þessa stúdenta. Annað mál má segja, að sje um þá, er hjeðan af bætast við nýir.

Jeg mintist áðan á 53. tölulið á sama þskj. Fyrir þeirri styrkveitingu er það skilyrði sett, að sáttmálasjóður háskólans veiti styrk í sama skyni. Jeg er samdóma hæstv. fjrh. (JÞ) um það, að ekki sje rjett að binda fjárveitingar slíkum skilyrðum, að svo eða svo mikið komi á móti úr öðrum sjóðum. Hitt er rjettara, að þingið veiti úr ríkissjóði það, sem það sjer sjer fært að láta af mörkum, og láti við svo búið standa. Sem dæmi má nefna, að þingið gengur of langt, þegar það fer að skipa fyrir um, hvernig bæjar- eða sveitarsjóðir verja tekjum sínum. T. d. var á þinginu í fyrra samþykt að taka ákveðnar tekjur bæjarsjóða til þess að koma upp fyrir þær leikhúsi. Þetta er of langt gengið. Þingið á að veita það fje, sem því sýnist nauðsyn til og að svo miklu leyti, sem það sjer ríkissjóði fært, en láta síðan ráðast, hvernig fje fæst annarsstaðar frá.

Aðrir hv. þm. hafa minst á styrkina til kvennaskólans í Reykjavík og Flensborgarskólans. Jeg er alveg samdóma háttv. þingmönnum Reykv., að ekki dugir að lækka fjárveitingu til kvennaskólans og heldur ekki til Flensborgarskólans.

Annars ætla jeg ekki að fara mörgum orðum um einstaka liði. Jeg sje, að víða hefir hv. fjvn. látið jafnt ganga yfir alla í niðurfærslum sínum, og er ekkert við því að segja. Það er alveg rjett hjá hv. frsm., að rjettmætt sje og sjálfsagt að klípa af sem flestum fjárveitingum, þar

sem því með nokkru móti verður við komið. Því að enda þótt hver einstök upphæð, sem á þennan hátt má spara, sje lítil, þá safnast þegar saman kemur. Og það er langt frá því, að við þurfum nokkuð að skammast okkar fyrir að lækka einstaka liði, þó ekki sje meira en um 500—1000 kr. Það hafa aðrar þjóðir, sem bæði eru stærri og ríkari en við, látið sjer sæma.

Mjer þykir leiðinlegt, að nefndin skuli fella burt fjárveitingu til þess að halda áfram aðgerð á Þingvöllum. Jeg held, að rjett sje að halda henni áfram að einhverju leyti, en get vel fallist á, að upphæðin sje færð eitthvað niður. Hv. frsm. efaðist líka um, að rjett væri að fella þá fjárveitingu alveg niður.

Þá vil jeg minnast á 56. brtt. hv. fjvn., um lækkun á styrknum til síra Jóhannesar Lynge, að í stað 7 þús. kr. komi 4 þús. kr. Jeg geri ráð fyrir, að ekki sje hægt að spyrna á móti því, að þessi fjárveiting sje eitthvað lækkuð, en þessi niðurfærsla hv. fjvn. finst mjer of mikil; og vil jeg vona, að hv. nefnd sjái sjer fært, ef hún hefir ekki þegar gert það, að taka til athugunar, hvort ekki megi hafa þessa fjárveitingu talsvert ríflegri en hún nú leggur til.

Kem jeg þá að veðurathuganastöðinni. Þar held jeg, að háttv. fjvn. hafi stórum yfirsjest. Jeg hygg, að ekkert efamál sje, að ekki megi lækka fjárveitingu til þessarar stofnunar svo mjög, sem nefndin hefir gert, þó svo kunni að vera, að í einhverju megi færa hana niður. Þegar sambandslögin gengu í gildi, lýsti veðurathugunarstöðin í Kaupmannahöfn því yfir, að hún sæi sjer ekki fært að bera lengur kostnað við veðurskeyti hjeðan af Íslandi og veðurathuganir, og enda var viðurkent, að þess væri ekki að vænta. En nú er, svo sem mönnum er kunnugt, afaráríðandi að fá sem glegstar veðurfrjettir hjeðan af landi. Reyndar er ekki komið svo langt, að sjómenn hjer hafi mjög mikið gagn af veðurskeytum ennþá. En þegar loftskeytastöð verður opnuð á Grænlandi, sem verður nú á næstunni, þá er álit sjerfræðinga, að veðurfrjettir hjeðan sjeu alveg ómissandi. Hafa fundir veðurfræðinga, bæði í London og víðar, einmitt lagt afarmikla áherslu á þetta atriði. En ef þetta á að geta orðið, þá er það ekki nóg, að á veðurathuganastöð okkar sje aðeins einn maður, forstöðumaðurinn. Hann fær ekki gegnt öllu því starfi, sem þar verður að leysa af hendi, heldur verður að fá að halda aðstoðarmanni, til hjálpar við samningu veðurskýrslna. Jeg er ekki í vafa um, að hv. nefnd er ekki fullljóst, hversu það starf er umfangsmikið. Skýrslum, sem koma utan af landi, er, eins og eðlilegt má teljast, töluvert ábótavant, og þurfa þær mikillar athugunar og lagfæringar við, áður en hægt er að senda þær út. Og undarlegt mun það virðast, að einmitt um það leyti, sem samband næst við Grænland í þessu efni, þá skuli dregið úr starfsemi veðurathuganastöðvarinnar hjer á landi. En eins og jeg hefi skýrt frá, er ómögulegt að fá nokkuð verulegt út úr skýrslum hjer innanlands nema vinna mjög mikið að þeim. Jeg býst við, að hv. fjvn. geti fengið nánari upplýsingar um alt þetta mál hjá forstjóra veðurathuganastöðvarinnar, og er vorkunnarmál, þó þetta atriði hafi farið fram hjá hv. nefnd að nokkru leyti, svo mikið sem hún hefir haft að starfa. Jeg vænti þess, að hv. nefnd taki þennan lið til nánari athugunar og komist að þeirri niðurstöðu, að ekki verði fært að skera þessa fjárveitingu um of við neglur sjer, svo áríðandi sem þessi starfsemi er. Verður þó,

eins og jeg þegar hefi sagt, enn meira gagn að veðurskeytunum en áður eftir að veðurathuganastöð er komin á fót á Grænlandi, ekki aðeins fyrir fiskiskip, sem hafa loftskeytatæki, heldur líka fyrir smærri skip og jafnvel báta. Jeg get sagt, að þær aðrar aths., sem jeg hefi leyft mjer að gera, sjeu fremur smávægilegar, en á þetta atriði legg jeg afarmikla áherslu.

Þá skal jeg láta í ljós það álit mitt, að jeg tel varla gerandi að lækka mikið þá styrki til skólanna, sem lengi hafa staðið, t. d. til verslunarskólanna, sem eru nú að mjög litlu leyti kostaðir af ríkissjóði. En þar sem aðrir hv. þm. hafa talað um þetta atriði, þarf jeg ekki að fara frekar út í þá sálma, en læt hjer staðar numið að sinni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi yfirleitt ekki mikið að segja í þessu máli, því að jeg átti sæti í fjárveitinganefnd og er henni því yfirleitt samþykkur. Það er því langt frá því, að jeg þurfi að deila á háttv. nefnd, þar eð jeg er henni samþykkur um flestar till. hennar. Jeg hefi því ekki annað hlutverk við þessar umræður en mæla með þeim fjárveitingum og niðurskurðum, sem nefndin leggur til og mjer þykir mest um vert að fái fram að ganga.

Háttv. 2. þm. Rang. (KlJ) lagði á móti nokkrum fjárveitingum, sem eru mjer mikið áhugamál. Skal jeg þar fyrst nefna það, að hann taldi það of hátt, sem nefndin áætlar til fjárkláðakostnaðar. Hann upplýsti ennfremur, að enginn slíkur kostnaður hefði orðið á síðastliðnu ári. Þetta eru alveg nýjar upplýsingar, eða að minsta kosti eru þær það fyrir nefndina, því að henni var ekki kunnugt um það fyr, að svo hefði verið.

Jeg hjelt, að fjárkláðinn væri því miður ekki svo fátíður, að ekki þyrfti neinu fje að verja til að stemma stigu fyrir honum, því að árin 1920—1922 var þessi kostnaður allmikill. Árið 1920 var hann 21 þús. kr., árið 1921 32 þús. kr. og árið 1922 57 þús. kr. Og mjer finst ekki vera gott um það að segja, hvað mikill þessi kostnaður kunni að verða árið 1925, og mjer finst það væri enginn skaði skeður, þó að þessi liður yrði eitthvað lægri en hann hefir verið áætlaður, því það verða víst samt nógu margir liðir í fjárlögunum, sem reynast of lágir. Það er líka auðsætt, ef tekið er meðaltal þessa kostnaðar á árunum 1920—1922, þá muni hann ekki vera of hátt áætlaður. Jeg vil því mæla með því, að þessi till. nefndarinnar sje samþykt, því fari svo, að þessi liður reynist of hár, þá sparast það fje, sem afgangs verður. Fari svo aftur á móti, að mikill kostnaður verði við þetta, þá er ekkert undanfæri að greiða að minsta kosti það, sem þarf til baðlyfja, því ríkissjóður er að lögum skyldur til að láta af hendi baðlyf endurgjaldslaust, ef þess þarf með til útrýmingar kláðanum.

Þá mintist sami háttv. þm. á styrk til markaðsleitar fyrir ísl. afurðir. Mjer skildist hv. þm. halda því fram, að ekki væri þörf fyrir neinar sendiferðir til markaðsleitar á næstunni, og því væri till. nefndarinnar nógu há. Jeg held, að það þyrfti þó að fá meira fje til þessa, því það þarf þó að minsta kosti að leita að markaði fyrir okkar kjöt. Og jeg sje ekki eftir, þó að 15—20 þús. kr. færu til þess, því það er líka víst, hvar er helst að leita að slíkum markaði, og það má segja, að það sje lífsnauðsyn fyrir heila stjett í landinu, bændastjettina, að slíkur markaður sje útvegaður.

Sami hv. þm. mintist ennfremur á styrk til byggingarfróðs manns til þess að leið-

beina mönnum við húsagerð og byggingar í sveitum. Jeg var mjög hikandi viðvíkjandi þessari fjárveitingu, og jeg verð ennþá meira hikandi nú, eftir að hv. þm. hefir lýst yfir því, að þessi maður hafi ekki gert minsta gagn. Jeg verð þó að segja það, að það kemur mjer mjög undarlega fyrir sjónir, því jeg veit, að það eru margir bændur í sveitum, sem vilja leita til hans og telja nauðsynlegt að hafa slíkan mann til leiðbeiningar. Jeg skal viðurkenna það, að jeg er í klípu viðvíkjandi þessu máli og á ekki gott með að mynda mjer skoðun í því. Jeg hefi heyrt, að maður þessi hafi ennfremur komið ókurteislega fram við ríkisstjórnina, og mjer skilst, að hann hafi verið sviftur styrknum. *(KlJ*: Hann hefir verið sviftur honum frá 1. apríl að telja). Fyrst svo er, þá skoða jeg atkvæðagreiðsluna um þetta mál sem úrskurð um það, hvort maður þessi skuli njóta styrksins áfram. Ef samþykt verður, að hann skuli njóta styrksins 1925, þá skoða jeg það sem yfirlýsingu þingsins um, að hann skuli einnig njóta hans það sem eftir er þessa árs.

Þá lagði sami háttv. þm. móti hækkun styrksins til Búnaðarfjelags Íslands. Þar er jeg ekki á sama máli og hv. þm., því jeg býst við, þótt samþyktur verði styrkur sá, sem nefndin leggur til að veittur verði Búnaðarfjelaginu, að því veitist fullerfitt með að komast af með hann. Það er líka þess að gæta, að það er ekki Búnaðarfjelagið eitt, sem nýtur þessa styrks, heldur og búnaðarsamböndin um alt land. Búnaðarfjelagið hefir veitt smástyrki til jarðabóta úti um alt land, og reynt með því að örva menn til framkvæmda, og slíkt getur auðvitað gert hið mesta gagn, því að jarðræktin er að mínum dómi eitt hið besta og nauðsynlegasta fyrir landið í framtíðinni. Sömuleiðis hefir fjelagið styrkt menn til náms í útlöndum, en fjelagið hefir nú ákveðið það, — í samræmi við gerðir þingsins, — að styrkja ekki neina nýja menn, heldur aðeins hjálpa þeim til að halda áfram námi, sem þegar eru byrjaðir á því.

Það er að sönnu svo, að einn af starfsmönnum Búnaðarfjelagsins hefir sagt upp stöðu sinni, en að því verður ekki neinn sparnaður fyrir fjelagið. Fjelagið á að vísu erfitt með að fá annan mann í hans stað, en það mun þó ekki líða á löngu áður maður verður fenginn, því það starf, sem þessi maður hafði með höndum, er svo þýðingarmikið, að það má ekki með nokkru móti falla niður. Þessi maður er vatnsvirkjaráðunauturinn, og það starf er þýðingarmikið.

Um jarðræktarstyrkinn er það að segja, að þó að svo líti út, sem um 35 þús. kr. nýja fjárveitingu sje að ræða, þá er þó ekki nema um 25 þús. ný að ræða, því 10 þús. af þessum styrk eru tekin frá búnaðarfjelögunum. Þetta er sú minsta fjárhæð, sem hægt er að komast af með, ef jarðræktarlögin eiga að ná tilgangi sínum, að hvetja bændur til jarðabóta. Og þegar þess er gætt, að ekki á að veita eins mikið og jarðræktarlögin gera ráð fyrir, og þar að auki aðeins veittur styrkur til jarðabóta eftir einum kafla jarðræktarlaganna, þá er ekki hægt að segja, að langt sje gengið. Auk þess er þetta aðeins áætlunarupphæð, þannig, að ekki verður yfir það farið, en það getur líka orðið minna, ef lítið yrði unnið að jarðabótum, sem styrktar yrðu. En jeg fyrir mitt leyti vona, að það verði enginn afgangur af þessu fje, því ef svo færi, þá væri það vegna þess, að mjög lítið væri unnið að jarðabótum á árinu, en það tel jeg illa

farið, því að mínum dómi er jarðrækt nauðsynlegri en flest annað. Jeg man ekki betur en að í aths. við stjfrv. sje talað um, að nauðsynlegt sje að veita fje í þessu skyni, og sýnir það, að stjórnin hefir haft þetta í hyggju, en líklega ekki sjeð sjer það fært vegna fjárhagsins. En annars ætla jeg ekki að fara frekar út í þetta mál. Háttv. frsm. tók það fram, að það væri ekki tilætlunin að veita styrk til þúfnabana eða nýbýlagerðar. Jeg er þar á sama máli, en álít þó óhjákvæmilegt að verja nokkru fje til að halda við og áfram með það, sem þegar hefir verið unnið í Mosfellssveit, því annars er það verk alt ónýtt. Jeg vil því mælast til þess, að hv. deild samþykki þessar 35 þús. kr., því það eru ekki margir liðir í fjárlagafrv., sem mjer er eins sárt um og einmitt þessi.

Þá ætla jeg að minnast á eina brtt. hv. fjvn., því þar var jeg í andstöðu við nefndina, og það er styrkurinn til kvennaskólans hjer í Reykjavík. Nefndin leggur til, að styrkurinn sje lækkaður úr 19000 kr. niður í 16000 kr., og sje veittur gegn því skilyrði, að 3000 kr. komi á móti úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Mjer er illa við þetta skilyrði, því komi ekki þessar 3000 kr. frá bæjarsjóði, þá er ekki heimilt að greiða neitt til skólans. Og þótt skilja mætti þetta þannig, að greiða megi þessar 16 þús. kr. án þess nokkuð komi á móti frá bæjarsjóði, sem ekki er heimilt, þá er jeg samt á móti þessari brtt. Þetta er skóli, sem margir nemendur sækja víðs vegar af landinu og er rekinn mjög ódýrt, þrátt fyrir það, þó hann verði að greiða mikla húsaleigu, því sjálfur á skólinn ekkert hús. Jeg hefi minst á það við borgarstjóra, hvort hann mundi vilja beita sjer fyrir því í bæjarstjórninni, að bærinn legði fram þessar 3000 kr., en hann tók því fjarri og sagði, að bærinn mundi alls ekki greiða meira en hann hefir gert undanfarið. Og hann sagði, eins og eðlilegt er, að slíkt gæti ekki komið til mála, því skólinn væri landsskóli en ekki bæjarskóli. Í honum eru nemendur af öllu landinu. *(HK*: Ætli það sje þó ekki einna mest úr Reykjavík?). Jú, en það mætti þá með alveg eins miklum rjetti kalla t. d. mentaskólann bæjarskóla, ef fara ætti eftir því. Jeg tek fyllilega undir það, sem hv. frsm. sagði, að launakjör við þennan skóla eru mjög lág. T. d. hefir forstöðukona skólans aðeins fjórðungslaun við það, sem aðrir skólastjórar hafa. Þó stjórnar hún skóla, sem hefir á annað hundrað nemendur. Jeg get því greitt atkvæði með brtt. þeirri, sem komið hefir fram frá einum hv. þdm., en alls ekki með brtt. nefndarinnar. Annars finst mjer það vera auðsær hlutur, að það er ekki hægt að leggja niður þennan eina kvennaskóla, sem veitir „real"-mentun, því hvert á þá kvenfólkið að sækja slíka mentun? Það er ekki til neins að segja sem svo, að það geti farið í gagnfræðadeild mentaskólans, því hann er altaf fullskipaður, og sama er að segja um lýðskólana. Hv. þm. verða því að gera sjer það ljóst, að ríkið verður að leggja skólanum svo mikið fje, að hann geti starfað óhindraður.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsætisráðherra sagði, vil jeg geta þess, að jeg er honum ekki sammála um sum atriði, og enda fæst. Jeg vorkenni t. d. alls ekki háskólasjóðnum að leggja fram það fje, sem fjvn. stingur upp á. *(MJ*: Sú tillaga hefir verið tekin aftur.). Já, hún hefir verið tekin aftur í bili, en hún mun eiga að koma fram við 3. umr.

Þá mintist hæstv. forsrh. á fjárveitinguna til Þingvalla, og skal jeg geta þess,

að jeg sje ekki mikið eftir því, þó sú fjárveiting falli niður. Mjer finst hún sára-litla þýðingu hafa. Og jeg mundi greiða atkvæði á móti henni, enda þótt ríkissjóður hefði nóg fje, hvað þá þegar eins er ástatt og nú.

Að því er snertir veðurathuganirnar, þá er það alls ekki meiningin að draga neitt úr veðurskeytunum. Það á að leggja niður veðurathuganastöðina eins og hún er nú, en láta landssímann annast um veðurskeytin, svo það á alls ekki að þurfa að ganga neitt út yfir sjómenn, því þeir eiga að geta fengið upplýsingar um veðráttu á öðrum stöðum jafnt eftir sem áður.

Sigurjón Jónsson: Jeg vil aðeins tala nokkuð um 2 brtt., sem jeg á á þskj. 196. Jeg skal þá byrja á því að þakka háttv. 2. þm. Rang. (KlJ) fyrir ummæli hans um till. sjútvn. viðvíkjandi launum yfirfiskimatsmanna. Oss sjávarútvegsnefndarmönnum er mjög ant um, að sú till. verði samþykt, því verði hún feld, þá er hætt við, að vjer missum frá þeim störfum þá menn, sem nú gegna þeim og sjávarútvegurinn má alls ekki án vera.

Jeg vil vekja athygli háttv. þm. á því, að þegar laun yfirfiskimatsmanna voru hækkuð árið 1923, þá voru störf þeirra aukin talsvert um leið, því þá var tekið upp skyldumat á fiski, sem ekki var skylt að meta áður, og það var því fylsta sanngirni í því að hækka þau, einkum þegar þess er gætt, að laun þessara manna voru mjög lág; þau voru lægri en laun þau, sem ýmsir verkstjórar fengu. Jeg vissi það, að laun yfirfiskimatsmannanna í Vestfirðinga- og Austfirðingafjórðungi voru ekki nema 2400 kr. með dýrtíðaruppbót. Þó eru þessir menn svo vel hæfir og ábyggilegir, að ef við missum þá frá störfunum, þá er það mikið tjón. Einkum þekki jeg það vel, að sá yfirfiskimatsmaður, sem starfar fyrir vestan, er sjerstaklega vel hæfur til starfsins og í alla staði ágætismaður. Þó hafa þessir menn haft lægri laun en mörg fjelög borga verkstjórum sínum, og þó eru störfin mikil. Jeg vil því sjerstaklega biðja hv. þdm. um að samþykkja þessa brtt. — Þá á jeg aðra brtt. á sama þskj. Sú till. kemur sjálfsagt mörgum hv. þm. undarlega fyrir sjónir, því þar er um nokkuð mikla fjárhæð að ræða. En til þess að gera háttv. þm. skiljanlegt, hvers vegna hún er fram komin, vil jeg skýra nokkuð frá tildrögum þessa máls. Í fyrravetur um þetta leyti leitaði Ísafjarðarkaupstaður samþykkis stjórnarráðsins til þess að kaupstaðurinn keypti eign þar vestra, svonefndan Hæstakaupstað. Skjölin viðvíkjandi þessu munu hafa verið send suður um mánaðamótin mars og apríl í fyrra. En jafnframt því sem kaupsamningur þessi var gerður, gerði kaupstaðurinn leigusamning við seljendurna, og með þeim samningi var þeim leigð þessi eign til 5 ára, og þeir eiga rjett á að fá samninginn endurnýjaðan til annara 5 ára. Í þessum sama leigusamningi er það skýrt ákveðið, að Ísafjarðarkaupstaður skuli gera hafskipabryggju til afnota fyrir seljendur. Og kaupstaðurinn skuldbindur sig til að gera þessa bryggju á þessu ári og hafa hana tilbúna til notkunar fyrir 1. janúar 1925. Verði kaupstaðurinn ekki búinn að koma bryggjunni upp fyrir þann tíma, verður hann að greiða 1000 króna sekt fyrir hvern mánuð, sem líður án þess að bryggjan verði fullgerð. Jeg vona því, að hv. þm. skilji af þessu, að það er hreint og beint fjárhagsleg nauðsyn fyrir Ísafjarðarkaupstað að koma bryggju þessari upp. Hæstv. þáverandi stjórn samþykti kaupin og leiguskilmála, og hefir

stjórnin gengið út frá því, að Ísafjarðarkaupstaður nyti styrks úr ríkissjóði, svo sem tilskilið er í hafnarlögum fyrir Ísafjörð frá 1922. Þess vegna hafði jeg fullan rjett til þess að búast við því, að stjórnin tæki þennan styrk upp í fjárlög þessa árs. Fór stjórnin með málið til hv. fjvn., er ekki var málinu hlynt, og heldur ekki jeg fjekk þar neina áheyrn.

Eins og jeg drap á, er með lögum frá 1922 ákveðið, að ríkissjóður skuli leggja til hafnarbóta alt að ¼ kostnaðar, en þó ekki fyr en upphæð er veitt til þess í fjárlögum. Um leið og stjórnin leyfir Ísafjarðarkaupstað að gera þessar ráðstafanir ber henni skylda til þess að sjá um, að kaupstaðurinn fái þennan lögheimilaða styrk.

Það er með lögum ákveðið, að ekki megi nota til hafnarbóta hafnarsjóð, nema með samþykki stjórnarinnar. Jeg vænti því styrks frá háttv. 2. þm. Rang. (KlJ) og jeg vonast eftir öflugum stuðningi þess flokks, sem studdi hæstv. síðustu stjórn.

Að síðari hluta till. minnar verð jeg að víkja nokkrum orðum. Geri jeg þar ráð fyrir, að væntanlegur styrkur verði greiddur kaupstaðnum á þann hátt, að styrkupphæðin verði dregin frá skuld þeirri, sem Ísafjörður er í við ríkissjóð. Fjárhagur Ísafjarðar er nú svo erfiður, að jeg tel engar líkur til þess, að skuldinni yrði lokið á næstu árum, en nú er hún um 90 þús. kr.

Eins og málum er nú komið, geri jeg nokkrar kröfur til hv. þm. um, að þeir sýni hjer meiri sanngirni en annars er alment sýnd málaleitunum um styrki. Fyrst og fremst er málið þannig undirbúið, með samþykki hæstv. fyrv. stjórnar, og í öðru lagi kostar þessi styrkur ríkissjóð ekki bein peningaútlát, heldur gengur upp í skuld kaupstaðarins við ríkissjóð, en sú skuld getur ekki orðið greidd fyrst um sinn.

Magnús Jónsson: Fyrri hluta fjárlaganna fylgdi jeg háttv. fjvn. bæði með að samþykkja till. hennar og vera á móti öðrum till. En ekki mun jeg treysta mjer til að fylgja nefndinni í gegnum þykt og þunt í síðari hlutanum. Verð jeg að minnast á örfáar af brtt., sem nefndin hefir borið fram. Jeg er algerlega sammála háttv. frsm. nefndarinnar um, að samræmi ætti að vera í skrifstofukostnaði landlæknis og biskups. En þar skilja leiðir og dreg jeg aðrar ályktanir af þessu en hv. frsm. og skora fastlega á deildina að fella það, sem hann vill láta samþykkja í þessu máli. Þessi liður hefir hingað til verið jafnhár, en er nú færður niður um helming hjá öðrum. Finst mjer því rjettlátt að fella till. Hv. fjvn. gæti þá tekið hana til 3. umr., ef henni býður svo við að horfa. Ef borin eru saman skrifstofustörf þessara tveggja embættismanna, verður lítt á munum; tel jeg því vel fara á, að þeir fylgist að.

Með 73. brtt. er farið fram á, að styrkurinn til ljósmæðrakenslu verði færður niður úr 900 kr. í 600 kr. Teldi jeg það eðlilega niðurfærslu á styrknum, að hann hjeldi sjer óbreyttur, þar eð búast má við, að frv. það nái fram að ganga, sem nú er á ferðinni og þar sem kenslutíminn er lengdur um ⅓.

Jeg á brtt. nr. XVI á þskj. 196, ásamt öðrum þingmönnum Reykv., viðvíkjandi kvennaskólanum í Reykjavík. Mun óþarft fyrir mig að fara mörgum orðum um þessa till., þar eð hæstv. ráðherrar hafa mælt svo vel með henni. Er það alviðurkent, að kvennaskólinn í Reykjavík er

með merkustu skólum landsins og hefir starfað í 50 ár við góðan orðstír. Sjerstaklega hefir hann alla tíð haft þá prýði til að bera, sem fegurst þykir á hverri stofnun, að vera sparsamur í rekstri. Hafa laun þar verið mjög lág og tímakensla notuð eftir því sem unt var. Á skólinn að þakka gengi sitt öðru fremur heppni sinni um val forstöðukvenna. Þekkja allir hina þjóðkunnu forstöðukonu, sem stofnaði skólann og stýrði honum um langt skeið. Og allir þekkja forstöðukonuna, sem nú er, og vita, að henni hefir farið stjórnin prýðisvel úr hendi. Veit jeg, að menn þeir, sem til þekkja, ljúka upp einum munni um það, að forstöðukonan beiti í stjórn sinni lipurð, en þó þeirri festu og strangleika, sem nauðsynlegur er til þess, að menn sendi dætur sínar óhræddir til skólans. Á og skólanefndin miklar þakkir skilið fyrir einstaka natni og sparsemi og nákvæmni í stjórn sinni. — Jeg hygg, að á þessum 50 árum, sem skólinn hefir starfað, hafi hann unnið stórkostlegt menningarstarf og jafnvel meira en nokkur annar skóli hjer á landi. Hann hefir dreift út um alt land vel mentuðum og prúðum húsfreyjuefnum, sem hafa gert heimilin vistleg og snyrtileg. Skólaskýrsla 1922—'23 sýnir, að um helmingur námsmeyja er utanbæjar, eða 61 af 114, og svo mun jafnan hafa verið. Það er og eftirtektarvert, að skólinn er sóttur af stúlkum úr fjarlægum sem nálægum sýslum, t. d. 6 úr Eyjafjarðarsýslu, 4 úr Rangárvallasýslu, 4 úr Árnessýslu, 11 frá Ísafirði o. s. frv. Er það því ákaflega fjarri sanni, að skólinn sje sjerstaklega fyrir Reykjavík og nágrenni hennar. Og jeg efast um, að nokkur skóli hjer í bæ megi síður teljast bæjarskóli en einmitt þessi.

Mun það hafa vakað fyrir skólanefndinni, að ánægjulegt væri, ef skólinn á þessu 50 ára afmæli yrði tekinn í tölu ríkisskóla. Sá þó nefndin sjer ekki fært að fara fram á þetta að svo stöddu, enda voru henni ljósir örðugleikar þeir, sem við er að stríða, og óvissan um fjárhag ríkissjóðs.

Aftur á móti mun mörgum vinum skólans hafa þótt leitt, að fjvn. fór fram á, að styrkurinn til hans yrði lækkaður, og það einmitt nú í 50 ára minningu starfsemi hans. Það væri ómaklega að verið.

Hv. fjvn. hefir nú einmitt tekið upp þá heilbrigðu reglu, að áætla hvern lið sem næst því, er búast má við, að gjalda þurfi til hans. Og þar sem nú hv. frsm. hefir lýst því, að þeirri reglu muni fylgt framvegis sem hingað til, að borga það, sem þessi skóli þarf, þá vonast jeg til að menn geti á það fallist, að rjett sje að setja upphæðina hærri, eins og við förum fram á. Í brtt. háttv. fjvn. er farið fram á, sem skilyrði fyrir fjárveitingunni, að skólinn fái allríflegan styrk annarsstaðar frá. Einn aðaltekjustofn skólans eru skólagjöldin. Námu tekjur skólans af þeim á síðastliðnu reikningsári liðlega 10 þús. kr. Á verðbrjefum græddi skólinn rúmlega 1000 kr., svo að tekjurnar „annarsstaðar frá" eru ekki svo litlar, jafnvel þó að tillag bæjarsjóðs sje lágt.

Jeg er sammála hæstv. atvrh. og hæstv. fjrh. um, að það er ekki sanngjarnt að ætlast til hærra fjárframlags frá bæjarsjóði, því hann mun síst betur stæður en ríkissjóður. Bæjarsjóður Reykjavíkur hefir undanfarið veitt skólanum 500 kr. Það ber að skoða sem nokkurskonar þóknun eða gladning fyrir það, að skólinn er rekinn hjer. Má það varla þykja von, að bæjarsjóður sjái sjer nú fært að leggja skólanum meira fje heldur en hann hefir gert, því til þess er í raun rjettri engin frambærileg ástæða.

Af því að minst hefir verið hjer á Blönduósskólann, get jeg þess, að jeg sje engar ástæður til þess að greiða hærri styrk til hans, þótt hann sje húsmæðraskóli, en eigi almennur kvennaskóli. En þess má þá líka geta, að í kvennaskóla Reykjavíkur er einnig húsmæðradeild og eru þar nú 24 stúlkur.

Nokkrum orðum verð jeg einnig að fara um brtt. háttv. fjvn. nr. 106. Fer hún fram á, að tekinn sje styrkurinn af sjera Jóh. L. L. Jóhannssyni til samningar orðabókarinnar. Hjer verður að líta á það, að maður sá, sem um ræðir, er embættismaður, sem fór úr stöðu sinni hingað til bæjarins til þess að vinna að þessu verki. Hann er nú orðinn aldraður maður og hefir mikla ómegð, og er ekki hægt að svifta honum svo á milli embætta. Auk þess verður Alþingi að hafa það jafnan í huga, hvað við fáum fyrir veitt fje, en síður hvað greitt er. Fyrir 7 þús. kr. fáum við fult starf þessa manns, en ef hann aðeins fær 4 þús. kr., hlýtur hann auk starfs síns að verða að snapa sjer tímakenslu, og verður starf hans við það rýrara og lakara. (*Frsm. ÞórJ*: Það er ekki ætlast til neins starfs af honum). Nú jæja. Þá fer nú rökleiðslan og fjármálaviskan að færast í aukana. Maðurinn hefir haft 7 þús. kr. fyrir fult verk. Nú á hann að fá 4 þús. fyrir ekkert. Ætli það sje skynsamlegra en bæta þá við 3 þús. kr. og láta hann vinna? Þá fæst alt verkið fyrir 3 þús. kr., sem áður kostaði 7 þús.

Jeg get ekki fallist á þær röksemdir nefndarinnar, að svifta beri Guðmund Bárðarson ríkisstyrk af því að hann hafi mist styrk frá sáttmálasjóði. Jeg álykta hið gagnstæða og vona, að háttv. deildarmenn geri það sama, því annars fer maður að verða hræddur um, að önnur „logik" gildi hjer innan þessara veggja en alment er brúkuð í veröldinni annars.

Þá kem jeg að 113. brtt., um að styrkurinn til Þórarins Guðmundssonar falli niður. Jeg held, að hjer gæti einhvers misskilnings og menn mega vara sig á því, að hjer er miklu fremur um það að ræða að styrkja fátæka utanbæjarpilta en sjálfan listamanninn, sem kennir þeim ókeypis fyrir styrkinn. Veit jeg, að ýmsir hafa notfært sjer þessa ókeypis kenslu, en nú er auðvitað fyrir hana tekið, ef þessi till. nær fram að ganga, og tel jeg það illa farið.

Jeg skal ekki fara langt út í brtt. nr. 127, um fjárveitingu til leiðbeiningar víð húsagerð til sveita, nje blanda mjer í deiluna um þann mann, sem þetta starf hefir haft með höndum undanfarið. En þess er jeg fullviss, að maður er til, sem er vel fallinn til þessa starfs, og býst jeg við, að hv. Ed. gæti bent á hann. Og mjer er fjarri að halda, að starf þetta sje ónauðsynlegt. Það er hörmulegt þegar menn brjótast í því að setja upp stórar og dýrar byggingar, sem mishepnast svo fyrir þekkingarleysi einvörðungu. Og mörg eru þess dæmi, að frágangurinn á húsum er mjög ljelegur og vondir gallar á þeim, sem hægt hefði verið að sneiða hjá, ef einhver hefði verið til leiðbeiningar. Mun jeg að þessu athuguðu greiða atkvæði mitt með þessari fjárveitingu, en lausri við aths. hv. fjvn.

Þá kem jeg að brtt. minni á þskj. 196 við 19. gr., að Ólafi Hvanndal myndamótara verði veitt uppgjöf á eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni að upphæð nú 4334 kr. Var honum á þinginu 1922 veittur greiðslufrestur á þessu láni, en hann hefir tjáð mjer, að hann eigi ekki hægara

með að greiða þessa skuld nú en þá. Það er mjög erfitt að fá iðn þessa til að borga sig hjer á landi. Eins og menn kannske muna, þá var fyrir nokkrum árum sett hjer samskonar fyrirtæki á laggirnar, sem hafði miklu meira fjármagn að baki sjer en þessi maður hefir og var ágætlega búið að öllum tækjum, en þó var eingöngu tap á rekstrinum, og lagðist það því niður. Sýnir það, að hjer er ekki feitan gölt að flá. Á hinn bóginn var þetta þó Ólafi Hvanndal til allmikils hnekkis, eins og gefur að skilja. Vil jeg því mælast til, að hv. deild sinni þessu. Eins og hv. þm. sjá, þá er hjer ekki um stóra upphæð að gera, og má vel vera, að hún næðist smátt og smátt. En jeg hefi líka komið með varatill. um, að honum verði veittur greiðslufrestur. Álít jeg, að hið háa Alþingi ætti fremur að styðja þessa starfsemi heldur en hitt, og er engin von til þess, að annar komi í staðinn, ef þessi maður verður að gefast upp sökum fjárhagsörðugleika.

Árni Jónsson: Jeg á ásamt háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) viðaukatill. við 14. gr. A. b. 4 undir XIII. lið á þskj. 196, um viðbótarstyrk til húsabyggingar til handa prestinum á Skeggjastöðum í Norður-Múlasýslu. Hefir legið erindi um þetta frá prestinum fyrir háttv. fjvn., en hún ekki sjeð sjer fært að taka beiðni hans til greina. Jeg vil samt ekki liggja henni á hálsi fyrir það, eins og nú standa sakir, þar sem svo margt þarflegt verður að bíða betri tíma.

Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) mintist á það í síðustu ræðu sinni, að mjög væri mörgum húsabyggingum til sveita ábótavant og frágangur á þeim ljelegur En það verður ekki sagt um hús það, sem hjer er um að ræða. Það er bygt á síðastliðnu sumri og hefir presturinn ekkert til sparað, að það yrði sem veglegast og vandaðast. Eru í því 12 herbergi og öll mjög góð, og má því húsið teljast frekar ódýrt, en það hefir kostað 25 þús. kr., að frátaldri viðgerð og stjett, sem nam ca. 2500 kr.

Til húsbyggingarinnar fjekk presturinn lán úr prestakallasjóði að upphæð 5 þús. kr. og styrk 5 þús. kr. Hitt hefir hann alt lagt til sjálfur, eða fullan helming kostnaðarins, og býst jeg við, að það sje megnið af efnum hans. Hann er nú hniginn að aldri, hefir verið prestur í 30 ár og nú síðustu 17 árin í þessu rýra og afskekta prestakalli. Það er því ekki að búast við, að hann njóti hússins lengi sjálfur, heldur hefir hann bygt það fyrir framtíðina eða þá, sem á eftir honum koma, og er slík viðleitni svo virðingarverð, að maklegt væri að henni væri nokkur samhugur sýndur. Er ekki heldur svo, að þetta gæfi ekki arð. Ríkið ætti hlutdeild í húsinu og gæti leigt það út gegn 4% leigu, og sýnist þá full sanngirni mæla með því, að presturinn væri styrktur með þessum 2000 kr. En með tilliti til hins örðuga fjárhags og hinnar virðingarverðu sparnaðarviðleitni háttv. þings og fjvn., þá tek jeg samt þessa till. aftur, en geymi þó prestinum rjett hans óskoraðan og geri ráð fyrir að bera þessa till. síðar fram.

Björn Líndal: Jeg á enga brtt. fyrir mitt kjördæmi. Mínir kjósendur báðu mig ekki um það og ætluðust heldur ekki til þess, svo gott skyn báru þeir á árferðið í fjármálum landsins. Jeg segi þetta því ekki til að miklast af því, enda er hið sama að segja um suma aðra háttv. þm., heldur segi jeg þetta kjósendum mínum til maklegs heiðurs.

Samt sem áður vildi jeg leyfa mjer að minnast á örfáa liði.

Fyrst er það styrkurinn til Guðmundar Bárðarsonar náttúrufræðings. Er jeg mjög mótfallinn því, að hann verði feldur niður. Jeg veit um þennan mann, að hann er með afbrigðum vel heima í sinni grein. En nú hefir hann ekki, sakir heilsubrests, getað stundað kenslustörf í vetur og er kominn hingað til Reykjavíkur til lækninga, og er mjer kunnugt um, að hann mun þurfa allra sinna muna með.

Þá eru það 2 liðir, sem jeg vildi sjerstaklega leyfa mjer að spyrja um.

Í fjárlagafrv. stjórnarinnar er gert ráð fyrir 6 þús. kr. styrk til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga. Nú ákveður hv. fjvn., að 2000 kr. af þessari upphæð gangi til konu einnar, Halldóru Bjarnadóttur. Veit jeg ekki, hvernig á þessari ráðstöfun stendur, og er mjer ekki grunlaust um, að hjer sje einhver „pólitík" á ferðinni. Þessi kona er ekki í þjónustu Heimilisiðnaðarfjelagsins, og er því harla einkennilegt að skylda fjelagið til þess að veita henni stóra upphæð af sínum styrk. Virðist viðkunnanlegra að veita henni sjerstakan styrk, ef hún er þess makleg, sem jeg efast ekki um. Jeg gæti betur skilið þetta, ef hjer væri verið að reyna að koma á góðri samvinnu milli þessarar konu og fjelagsins, en mjer er ekki grunlaust um, að þessi ráðstöfun muni fremur draga til sundrungar en sameiningar.

Hinn liðurinn er áætlunarveiting til fjárkláðalækninga. Athugaverður finst mjer þessi liður fyrir þá sök, að hann gengur til þess að spara fyrir hirðulausustu mennina í landinu. Á hinn bóginn er hann svo lítill, að til lítilla nota yrði við útrýmingu kláðans.

Að lokum vildi jeg svo minnast á styrkinn til framkvæmdar jarðræktarlaganna. Jeg vil ekki mótmæla því, að styrkur þessi geti á vissan hátt orðið að gagni, en á annan hátt getur hann líka orðið til hinna mestu skemda. Og það er mjer nær að halda, að þær þúfur, sem sljettaðar yrðu fyrir þennan styrk, myndu ekki nægja til þess að vega upp á móti því smásálarþýfi, sem við þetta mundi vaxa í hugum íslenskra bænda. Það á ekki að þurfa að kaupa menn til að rækta landið sitt. Einu sinni voru þeir tímar, að sjómennirnir flýðu á náðir bændanna, þegar í nauðirnar rak. Þá báru bændur landsstólpanafnið með rjettu. Og þeim rjetti vil jeg ekki að við bændurnir glötum fyrir smásálarskap. En nú virðist sem þessu sje snúið við. Jeg vil nú ekki orðlengja þetta frekar, en beini þeirri ósk til háttv. þingbænda sjerstaklega, að þeir sýni þann höfðingsskap að greiða atkvæði á móti þessari fjárveitingu.

Að síðustu bið jeg menn að misskilja það ekki, að jarðræktin hefir jafnan verið mitt mesta áhugamál. En svo ann jeg íslenskum bændum, að jeg vil ekki láta ásannast, að þeir hafi skotið sjer undan þeim þungu byrðum, sem nú hvíla á þjóðinni og allir verða að bera í sameiningu og reipdráttarlaust, ef okkur á að verða nokkur viðreisnarvon.

Sveinn Ólafsson: Nafn mitt stendur við 4 brtt. á þskj. 196 í þeim kafla, sem nú er til umræðu. Get jeg ekki leitt hjá mjer að fara um þær nokkrum orðum, þótt jeg hinsvegar reyni að tefja ekki tímann með því að fara langt út í aðrar till.

1. brtt. mín undir lið XIV fer fram á, að færð verði niður upphæðin til ljóss og hita í Hólaskóla. Að jeg geri þessa brtt. kemur til af því, að jeg sje, að það hlýtur að vera af vangá hjá hv. fjvn., að sá liður er ekki áætlaður lægra. Skýtur í

því efni skökku við með skólana á Eiðum og Hvanneyri. Nefndin gerir ráð fyrir 6 þús. kr. í þessu skyni til skólans á Akureyri, þar sem er um margfalt meira húsrúm að ræða en á Hólum, mjög mikinn fjölda herbergja og húsið ekki hlýtt; en ætlar 5 þús. kr. til Hólaskólans. Til sömu þarfa Hvanneyrarskólans er áætlað, að fari 3 þús. kr. og 3500 kr. á Eiðum.

Eftir því, sem mjer kemur þetta fyrir sjónir, þá þyrfti líklega Eiðaskóli hæsta upphæð til ljóss og hita, því þar er flutningurinn á eldiviði til skólans eflaust lengstur og erfiðastur. Verður þar t. d. að flytja öll kol um 50 km. veg, sem þó er ekki allur akfær, svo að reiða verður nokkurn spöl á hestum. Nemendafjöldinn er svipaður á Hólum og Eiðum; en þar sem ríkissjóður hefir ekki ennþá ráðist í að byggja upp eða stækka Eiðaskóla, þá verða kennarar og nemendur að búa þar á þrem stöðum. Gerir það alt heimilishald torveldara og dýrara. En þó að þessir erfiðleikar sjeu hjer fyrir hendi og þó flutningur til annara skóla sje mun greiðari, þá hygg jeg, að þessi upphæð, sem áætluð er, muni nægja handa Eiðaskólanum, og eins að sú upphæð, sem jeg legg til að Hólaskóla verði veitt, muni vera sæmileg.

Jeg minnist þess nú, að fyrir nokkrum árum var leitað til þingsins um fjárveitingu til vegarlagningar milli sjávar og Hóla. Var því þá haldið fram, að þetta væri einkum nauðsynlegt vegna ýmsra aðdrátta að Hólum, og var talið, að þetta myndi t. d. gera allan eldivið ódýrari. Nú hygg jeg, að sú breyting sje orðin á veginum þar, að allur flutningur frá sjó sje að minsta kosti miklu auðveldari þar en að Eiðum. Þarf jeg ekki að fara fleiri orðum um þetta, en hygg, eins og jeg tók fram áðan, að það hafi verið af vangá hjá hv. fjvn., að hún áætlaði þennan lið til Hólaskóla svo óvenjulega háan.

Þá á jeg aðra brtt. á sama þskj. (196) undir XX. lið. Þar hefi jeg leyft mjer að leggja til, að styrkurinn til Leikfjelags Reykjavíkur sje bundinn því skilyrði, að jöfn upphæð verði veitt til þess úr bæjarsjóði. Styrkurinn var áður 4000 kr., og lagði þá bæjarsjóður á móti ⅓ eða 2000 kr. Sumum finst, ef til vill, að svona skilyrði sje ekki sanngjarnlegt, en mjer finst það þó afareðlilegt, þegar um slíkar stofnanir sem leikhús er að ræða, þar sem það starfar þó fyrst og fremst fyrir íbúa þess bæjar, sem það er í. Og þó jeg telji þessa stofnun alls ekki lítils virði eða gagnslausa, þá snertir hún samt harla lítið aðra hluta landsins en Reykjavík. Því finst mjer líka, að þessi styrkur sje mjög vel viðunanlegur frá hendi ríkissjóðs, bæði fyrir leikfjelagið og bæjarfjelagið, sem nýtur ávaxtanna af starfsemi þess. Vænti jeg því, að hvernig sem um aðrar brtt. fer, þá verði þessari vel tekið.

Þá kem jeg að þriðju brtt. minni undir lið XXVII á þskj. 196, sem jeg flyt ásamt hv. 1. þm. N.-M. (HStef). Hún lýtur að því, að fjárveitingin til markaðsleitar verði hækkuð úr 10 þús. kr. upp í 20 þús. kr. Þykir okkur þessi upphæð of lágt áætluð bæði í frv. stjórnarinnar og í till. hv. fjvn. Í þessu skyni var árið 1922 varið 20—30 þús. kr. Raunar er það rjett, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) tók fram, að megnið af því fje fór til að kosta sendiferð manns til Vesturheims og að óþarft mun að gera ráð fyrir svo dýrum ferðum að þessu sinni. Það sem nú þarf að gera í þessu efni, er ekki fyrst og fremst að láta menn ferðast og skoða sig um eða skrifa ferðasögur, held-

ur að gera tilraunir um sölu afurðanna og annast um sendingu sýnishorna í ýmsar áttir. Við búumst við því, að allir geti orðið á einu máli um það, að þessi viðleitni sje mjög þörf, og ekki aðeins í þá átt að leita að nýjum fiskmarkaði, sem talsvert hefir þegar verið gert að, heldur mun engu minni þörf á að leita fyrir sjer um sölu á kjöti, með breyttri söluaðferð, og öðrum landafurðum.

Jeg vil leggja áherslu á það, að fje þetta verði ekki eingöngu notað til að ferðast fyrir, heldur miklu fremur til raunverulegra sölutilrauna. Aðrar þjóðir, sem líkt stendur á fyrir, hafa varið miklu fje í þessu skyni. Við höfum líka árið 1923 veitt fje eða heitið því til Sambands íslenskra samvinnufjelaga á líkan hátt, til þess að það þyrfti ekki að bíða mikinn halla af tilraunum sínum um sölu á kældu kjöti. Reyndar mun svo heppilega hafa farið um þá tilraun, að ekki hafi komið til ábyrgðar ríkissjóðs. En við slíka eftirgrenslun og sölutilraunir getur altaf komið til þess, að til ábyrgðar þurfi að taka.

Jeg sje á þessu sama þskj. brtt. frá háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og hv. þm. Barð. (HK), sem gengur í líka átt, aðeins skemra. Þeir leggja til, að veittar sjeu í þessu skyni 15 þús. kr. í stað 20 þús. Það segir sig sjálft, að nái till. okkar hv. 1. þm. N.-M. (HStef) ekki fram að ganga, þá mun jeg greiða atkvæði með lægri till.

Loks er þá fjórða brtt. undir XXXV. lið á sama þskj. Hún er aðallega flutt af hv. 1. þm. N.-M. (HStef), og mun hann mæla fyrir henni eins og þarf. En þó vildi jeg fara um hana örfáum orðum. Hjer er farið fram á það, að veitt sje ábyrgð ríkissjóðs fyrir væntanlegu láni að ⅔ stofnkostnaðar til dúkaverksmiðju á Austurlandi. En tilgangurinn með þessari tillögu er fyrst og fremst sá, að glæða og halda við þeim áhuga, sem þar er vaknaður á þessu máli, með því að þingið sýni, að það vilji veita sinn stuðning. Hitt segir sig sjálft, að ekki getur komið til framkvæmda fyrst um sinn í þessu efni, vegna þeirra örðugleika, sem að steðja hvaðanæva. Jeg vil geta þess, að í hitteðfyrra var safnað fje í þessu skyni, og fengust um 85 þús. kr. til fyrirtækisins úr 5 hreppum kringum Reyðarfjörð. Og á þingi 1922, þegar þetta gerðist, var gefið fyrirheit um að styrkja fyrirtækið með 50 þús. kr. En á þingi í fyrra fór á alt annan veg. Þá skaut upp hugmynd, sem var spáný og áður óþekt, að reist yrði allsherjar ullarverksmiðja fyrir alt land einhversstaðar hjer á Suðurlandi fyrir um 2 miljónir kr. Þetta kom í opna skjöldu, þegar verið var að leita stuðnings fyrir verksmiðjuna á Austurlandi, og varð til þess, að þingið kipti að sjer hendinni og vildi ekki styðja hana. Við þær undirtektir dofnaði áhugi manna eystra fyrir málinu og lögðu þeir hendur í skaut í bili. En svo fór áhuginn að lifna á ný. Fjársöfnun var aftur hafin og mun verða haldið áfram, ef sæmilega árar. En aðalástæðan til þess, að Austfirðingum er þetta svo mikið kappsmál, er sú, að árum saman höfum vjer orðið að senda of fjár úr landi til norskra ullarverksmiðja fyrir vinslu á ull, því nær til allskonar dúkagerðar.

Fyrir stríðið skiftu menn á Austurlandi eingöngu við norskar verksmiðjur, og síðan stríðinu lauk hafa þau viðskifti verið tekin upp af nýju. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi getað fengið hjá umboðsmönnum þessara norsku verksmiðja, þá munu ganga til þeirra úr 2

austustu sýslunum 200—240 þús. krónur á ári fyrir vinslu á ull, sem vel mætti vinna hjer heima. Við höfum fulla trú á því, að þetta mundi lagast, ef verksmiðju yrði komið upp þar eystra. En hinsvegar mun allur almenningur hafa litla trú á því, að sú stóra allsherjar ullarverksmiðja, sem ráðgert var í fyrra að reist yrði og enn á ítök í hugum sumra manna hjer um slóðir, muni komast bráðlega á stofn og bæta úr fyrstu þörfinni. Mjer virðist liggja næst að hugsa fyrir henni eins og framtíðarfyrirtæki, þegar betur árar og frekari reynsla er fengin, þegar vjer getum farið að hugsa til þess að flytja út unna ull og keppa með okkar dúka í nágrannalöndunum. En sem stendur er bráðnauðsynlegt að bæta úr þeirri klæðaþörf, sem nú er innanlands, og ekki verður fullnægt með öðru móti en því, að sækja vinslu til útlendra verksmiðja eða kaupa útlenda dúka ránverði. Mun jeg svo ekki fjölyrða um þetta meira, en ætla aðalflm. að gera betur.

Loks skal það sagt viðvíkjandi brtt. háttv. fjvn., að jeg mun reyna að halda í hönd með henni fram eftir kvöldinu uns yfir lýkur með atkvgr. Ekki þó svo að skilja, að jeg fylgi henni alveg óskorað og undantekningarlaust. En nú eins og í gær get jeg yfirleitt hallast að flestum brtt. hennar. Vegna tímaskorts verð jeg að neita mjer um það að minnast á einstakar till. annara þingmanna, og hefi ekki önnur ráð en að láta atkvæði mitt skera úr um afstöðu mína, þegar þar að kemur. Mjer er illa við það að sitja hjer langt fram á nótt undir ræðuhöldum. En lýst get jeg því yfir, að jeg sje mjer ekki fært að styðja nema sárfáar af brtt. einstakra deildarmanna. Jeg finn þó ástæðu til þess að drepa ögn á eina slíka brtt. frá háttv. þm. Reykv., öllum fjórum, áður en jeg lýk máli mínu. Hún er XVI. liður á þskj. 196, um hækkun á rekstrarfje til kvennaskólans í Reykjavík. Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) talaði með miklum fjálgleik um ágæti þessarar stofnunar og það, hver sæmd og þörf væri að hækka þann styrk fram úr því sem nú er. Það lá við, að jeg viknaði við helgiblæinn á ræðu háttv. þm. En jeg held nú samt, að fjvn. hafi verið sanngjarnari í sínum tillögum um þessa dýrlegu stofnun og sýnt henni fullan sóma. Hjer verður sem sje það að muna, að þegar verið er að skera niður eins og mögulegt er af slíkum mentastofnunum og klípa af hverri fjárveitingu, þá verður ekki sjeð, að þessi mentastofnun hafi nokkra ástæðu til að spenna bogann svo hátt sem hjer er gert eða að hún hafi orðið fyrir misrjetti, heldur miklu fremur, að henni hafi verið þyrmt fremur ýmsum öðrum. Jeg verð því að segja það, að mitt hjarta er svo kalt, að jeg býst ekki við því að fylgja brtt. hv. 4. þm. Reykv. (MJ), þótt fagurlega mælti hann.

Jón Baldvinsson: Jeg á tvær brtt. við þennan kafla fjárlaganna, og mun jeg nú tala um þær nokkur orð. Jeg hafði ætlað mjer að minnast nokkuð á ýmsar till. hv. fjvn., og má vera, að jeg geri það síðar. Fyrsta till., sem jeg vil tala um, er XVII. till. á þskj. 196, um styrk til kvöldskóla verkalýðsfjelaganna hjer í Reykjavík. Það var ætlun fulltrúaráðs fjelaganna að senda háttv. fjvn. erindi um þetta efni, en það fórst þó fyrir, að það yrði nógu snemma tilbúið, og kom það ekki í mínar hendur fyr en nokkrum dögum eftir það, að hv. fjvn. hafði lokið störfum sínum. Og varð jeg þá til þess að taka upp þessa till. Verkalýðsfjelögin hafa að undanförnu haldið uppi nokkurri alþýðufræðslu, feng-

ið menn til þess að flytja fyrirlestra um ýms efni. Og það hefir komið í ljós, að það er mikil þörf fyrir og löngun eftir slíkri fræðslu, sjerstaklega meðal hinna yngri manna. Það hefir því verið ákveðið að stofna slíkan skóla næsta haust, og hefir verið leitað eftir styrk hjá bæjarstjórn í þessu skyni. Og því hefir verið tekið svo vel þar, að á fjárhagsáætlun bæjarins fyrir yfirstandandi ár, sem samþykt var fyrir áramót síðastl., voru veittar til skólans 500 kr. Þess var vænst, að fást mundi einhver lítilsháttar styrkur frá Alþingi, þó ekki væri það gert að skilyrði í bæjarstjórn. Enn vil jeg taka það fram, að í þessum skóla er ætlast til að kent verði íslenska, danska, enska, saga, þjóðmegunarfræði og reikningur. Líka vil jeg geta þess, að námsskrá og áform skólans verður lagt undir skólanefnd Reykjavíkurbæjar. Eftir þeirri stefnu, sem nú ríkir hjer á Alþingi, þá vænti jeg, að háttv. fjvn. sje ljúft að mæla með þessum styrk, því á undanförnum árum hefir hún verið þeirrar skoðunar, að auka beri sem mest alþýðufræðsluna með því að styrkja unglingaskólana. Jeg þarf því ekki að fara fleiri orðum um þetta, en vænti hins besta af háttv. deild, að hún veiti þennan litla styrk, og viðurkenni þannig viðleitni fjelaganna í þessu efni.

Önnur brtt. mín er á þskj. 207 og fer fram á litla hækkun á 31. lið 16. gr. í fjárlagafrv. stjórnarinnar. Það er styrkur til Þórðar Flóventssonar, til þess að leiðbeina við laxa- og silungaklak. Honum eru ætlaðar í 31. lið 16. gr. 600 kr. til þess að leiðbeina um silungaklak, en okkur háttv. 2. þm. Árn. (JörB) fanst þetta of lítið, eftir því gagni, sem þegar er orðið af starfi þessa manns og vænta má, að verði í framtíðinni. Það er ekki minsti vafi á því, að laxa- og silungaklak veitir fjarska mikla möguleika til þess að efla framleiðslu í landinu. Það er nærri eins gott fyrir bændur að efla laxa- og silungaklak eins og að ala upp fjenað til slátrunar. Silunginn hafa þeir í vötnunum hjá sjer og laxinn gengur altaf í þær ár, sem honum er klakið upp í, þótt hann fari til sjávar í bili. Sá maður, sem hjer er um að ræða, er svo mikill áhugamaður og svo ant um málefnið, að ómögulegt er annað en að áhrifa hans gæti mjög mikið. Hann þrýstir mönnum blátt áfram til þess að hefjast handa. Jeg hefi gert litla breytingu á orðalagi liðsins í stjfrv., þannig, að í stað „silungaklak" komi: laxa- og silungaklak, því hann getur leiðbeint um þetta hvorttveggja jafnt. Margir háttv. þm. þekkja þennan mann og starfsemi hans, og þeir munu ekki sjá eftir 1000 kr. handa honum. Jeg geri að vísu ráð fyrir, að honum sjeu ferðirnar ekki dýrar, en hann þarf eitthvað sjer til uppihalds, er hann dvelur hjer í Reykjavík, enda er hjer ekki um mikið fje að ræða. Jeg hygg líka, eftir því, sem jeg hefi kynt mjer hug háttv. þdm., þá muni þessi brtt. ekki mæta mikilli mótspyrnu.

Þá hefi jeg lokið að tala um þær brtt., sem jeg hefi flutt hjer að þessu sinni, fyrir utan brtt. XVI á þskj. 196, um hækkun á námsstyrk við kvennaskólann. En um þá till. hefir háttv. samþm. minn, 4. þm. Reykv. (MJ) áður talað, og hefi jeg engu við það að bæta.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á ýmsar brtt. háttv. fjvn. Þó vil jeg, áður en jeg vík að því, minnast nokkuð á orð háttv. þm. Ak. (BL). Jeg tel það enga dygð hjá hv. þm., þótt hann eigi enga brtt. við fjárlögin. Tillögur um fjárútlát úr ríkissjóði eiga fullan rjett á sjer, ef

það, sem fjeð er lagt til, miðar til þjóðþrifa og er ætlað að skila meiru verðmæti, andlegu eða efnalegu, en annars mundi fást, ef fje væri ekki veitt. Annars hefi jeg ekki tilhneigingu til að fara út í ræðu þessa háttv. þm., þó að full ástæða væri til þess, að hún sje athuguð.

Á síðasta þingi kom inn í fjárlögin ákvæði um það, að taka skyldi skólagjald af nemendum í skólum ríkisins. Jeg verð nú að álíta, að þetta sje óheppilegt og rangt að leggja slíkan skatt á nemendur, sem flestir eru fátækir. Og það bætir lítið úr skák, þótt heimilað sje að endurgreiða þennan styrk efnilegum nemendum, sem þá verða að sækja um hann. Og er þá litið á styrkinn sem nokkurskonar ölmusu. Og heyrst hefir, að það hafi gengið erfiðlega að fá eftirgjöf á skólagjaldinu, þó eftir því hafi verið leitað og allar ástæður mælt með. Nú vill háttv. fjvn. ekki láta við þetta sitja, heldur leggur hún það til, að þetta gjald sje hækkað upp í 150 kr. á nemendum lærdómsdeildar mentaskólans. Jeg verð að telja það ófært að leggja slíkan skatt á nemendur, sem yfirleitt eru fátækir, og er jeg þessu því mótfallinn, þó að jeg hafi ekki komið með brtt. til að fella skólagjaldið alveg niður; en það getur verið, að hún komi síðar.

Þá kem jeg að 66.—68. brtt. fjvn. á þskj. 163. Hæstv. fjármálaráðherra (JÞ) og háttv. 1. þm. Árn. (MT) hafa talað um þær till., og þarf jeg þar ekki við að bæta. En jeg vil undirstrika það, sem hæstv. fjrh. sagði, að það er mjög erfitt fyrir bæjarfjelögin að halda uppi skólum, því þau eiga sína tekjustofna undir þinginu og það hefir gengið allstirt að fá aðstoð þess í þeim efnum. Þannig var frv. um bæjargjöld í Reykjavík fyrir þinginu í fyrra, og liggur nú enn fyrir þessu þingi, hver sem þess afdrif verða nú. Aðstaða bæjanna til þess að auka tekjur sínar, svo þeir geti styrkt þau fyrirtæki, sem þess eru makleg, er mjög erfið. Alþingi getur aftur á móti aflað sjer þeirra tekna, er því sýnist. Það gefur út lög, sem heimila ríkinu tekjur, hvort sem rjettlætinu er altaf fullnægt í slíkum álögum. Þetta geta bæjarfjelögin ekki. Þetta er almenn athugasemd á móti þeirri stefnu, að færa gjöld yfir á bæjarfjelögin, til uppihalds stofnunum, sem raunar eru starfræktar fyrir landið alt, þó þær starfi í bæjunum.

Ein af sparnaðartillögum hv. nefndar á að koma niður á Þjóðmenjasafninu. Er það 88. brtt. og á við 15. gr. Er þar gert ráð fyrir að færa kostnaðinn við aðstoð safnsins úr 2400 kr. niður í 1200 kr., eða lækka hann um helming. Er gert ráð fyrir, að safnið verði nú aðeins opið 4 stundir tvisvar í viku. Að undanförnu hefir það verið opið 6 stundir þrisvar í viku, og aðsóknin verið mikil. T. d. kom þangað á sunnudaginn var á þriðja hundrað manns. Yrði nú fækkað þeim stundum, sem safnið væri opið, mundi aðsóknin rjena. Og undarlegt er það, að nefndinni skuli detta í hug að lækka kaup þeirra, sem í safninu vinna, þegar öll önnur laun fara hækkandi. Eða gengur nefndin að því gruflandi, að svo muni verða, þegar allar vörur í landinu hækka? Jeg býst við, að flestum sje það þó ljóst, að dýrtíðaruppbót embættismanna mun verða hærri á næstunni en að undanförnu. En nefndin hefir sem víðast viljað koma við með sparnaðinn. En sparnaðurinn kemur hjer niður á nokkrum fátækum konum, sem undanfarið hafa starfað við safnið.

Þá ætlar nefndin sjer að spara nokkuð

af því fje, sem veitt hefir verið til veðurathugana. Skil jeg ekki, hvernig veðurathuganastöðin á að starfa að nokkru gagni, ef till. nefndarinnar um lækkun verður samþykt. Og jeg vildi vekja eftirtekt hennar á því, að nokkuð af útgjöldum stöðvarinnar rennur aftur í ríkissjóð, þar sem hún borgar landssímanum fyrir öll veðurskeyti. En hv. nefnd mun einmitt ætlast til, að veðurspárnar falli niður. Þó að menn trúi kannske ekki yfirleitt á þær og vilji gera lítið úr þeim, þá býst jeg þó við, að þegar stöðin var stofnuð, hafi einmitt verið tilgangurinn að geta með dálitlum fyrirvara vitað um veðrabrigði. Og þó að margt misjafnt sje sagt um veðurspárnar, er talsvert mark tekið á þeim. Þeir, sem til þekkja, segja líka, að töluvert meira gagn verði að stöðinni, þegar hægt verði að fá skeyti frá Grænlandi, en þar mun nú bráðlega verða sett upp loftskeytastöð. Jeg tel því vafasamt, að rjett sje að samþykkja till. nefndarinnar um þetta atriði. Það gerir að minsta kosti að engu hinn upphaflega tilgang stöðvarinnar. Og jeg býst ekki við, að þær ályktanir, sem hinir og þessir draga af veðurskeytunum, verði ábyggilegri en ályktanir þess manns, sem veitir veðurathuganastöðinni forstöðu.

Þá minnist nefndin á, að kaupa þyrfti fallbyssur á „Þór". Já, jeg er nú ekki svo mikill hernaðarsinni eða tel að fallbyssurnar muni koma að svo miklu gagni, að jeg geti farið að ljá því mitt fylgi.

Þá er tillagan um að fella niður styrkinn til ekkju Jóhanns Sigurjónssonar. Því fylgja ummæli frá nefndinni, sem jeg tel, að ekki hefðu átt að sjást. Nefndin hefir aðeins heyrt einhvern orðróm, en hann hafa fleiri heyrt, og það líka fylgt, að þar væri um að ræða helberar slúðursögur. Það má vel vera, að Kaupmannahafnarbær væri nógu ríkur til þess að sjá fyrir þessari ekkju; en jeg hjelt, að menn vildu heiðra minningu skáldsins með því að sjá ekkju hans fyrir styrk. Ef nefndin vildi ekki binda styrkinn við nafn hennar, þá mætti breyta um orðalag og veita hann til ekkju Jóhanns Sigurjónssonar, og friða með því samviskuna.

Loks kem jeg að till. um að fella niður styrk Þórbergs Þórðarsonar. Finst mjer sú till. misráðin, þar sem orðasöfnun Þórbergs er svo vel á veg komin, sem raun ber vitni um. Hann hefir sambönd við ýmsa menn víðsvegar um land, sem safna fyrir hann orðum. Síðan tekur hann við og vinnur úr. Að sumrinu ferðast hann sjálfur og safnar einkennilegum orðum og orðatiltækjum. Hefir hann nú í safni sínu milli 10 og 20 þúsund orð úr alþýðumáli. Jeg vil einnig taka það fram, að hann hefir til þessa starfs meðmæli margra okkar bestu manna á þessu sviði, svo sem Sigurðar Nordals, Jóns Ófeigssonar og Magnúsar Helgasonar. Telja þeir hann allir vel færan til starfsins. Hann er áhugasamur og skyldurækinn. En þetta starf er þess eðlis, að til að rækja það þarf alveg sjerstakar gáfur, en slíkum gáfum er Þórbergur gæddur. Og menn kunnugir þessu segja, að ekki muni á hverjum 100 árum koma fram meira en einn maður, sem sje fær um þessi störf, svo að vel sje. Jeg vil bæta því við, að Sigfús Blöndal, orðabókarhöfundur, telur starf hans mjög mikilsvert. Jeg vil loks mælast til þess við hv. deild, að hún fallist ekki á till. nefndarinnar, því að jeg tel mjög misráðið að koma í veg fyrir, að starf geti haldið áfram, sem svona er vel á veg komið. Samböndin mundu falla niður og alt fara í mola. Ennfremur ber að gæta þess, að starfið þarf að vinna sem fyrst,

því að gamla fólkið deyr og það tekur með sjer mikinn slíkan fróðleik í gröfina, sem þarna er verið að reyna að bjarga frá gleymsku.

Að síðustu ætla jeg að minnast á eina brtt. á þskj. 196, um hafskipabryggju á Ísafirði. Háttv. þm. Ísaf. (SigurjJ) mælti með þessari till. og sagði, að það væri búhnykkur að veita fje til hafskipabryggju á Ísafirði. Jeg er alveg á sama máli og þessi háttv. þm. Ísafjarðarkaupstaður hefir stóran hag af því að fá þessa bryggju, og ríkissjóður mundi fyr eða síðar þurfa að veita fje til þessa. En nú stendur svo á, að hann þarf ekkert að leggja út. (*ÁF*: Af því að hann er búinn að því). Og það er þó auðvitað nokkurs vert, að geta styrkt hjerað án þess að þurfa að borga nokkuð út. Og hvað eru það mörg hjeruð, sem ríkissjóður hefir orðið að gefa upp skuldir? Þau eru víst þó nokkur. Hjer er ekki um neina peningaútborgun að ræða, heldur aðeins skuldaskifti við Ísafjarðarkaupstað. Auðvitað getur ríkissjóður fengið þessa skuld hjá Ísafjarðarkaupstað endurgreidda, þó það verði ekki á næstu árum. Það er ekki tapað. En ríkissjóður á líka að leggja fram fje til hafnargerðar á Ísafirði samkvæmt lögum. En það kæmi sjer vel, að þessi skuldaskifti færu fram nú. Vil jeg því mæla fast fram með því, að fjeð verði veitt, sem tillagan fer fram á.

Jeg hefi nú lokið þeim athugasemdum, sem jeg ætlaði að gera, og get því látið hjer staðar numið.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 26. mars, var enn f r a m h a l d i ð 2. u m r. um frv. (A. 1, 163, n. 171, 196, 207).

Tryggvi Þórhallsson: Jeg geri það með góðri samvisku, þó jeg tefji nokkuð þessar umræður, þar sem jeg hefi sýnt þá stillingu að sitja þegjandi hjá umr. um 1. kafla þessa fjárlagafrv. Jeg get og tekið til máls að þessu sinni með góðri samvisku, vegna þess, að jeg á engar hækkunartillögur við fjárlögin, enda hafa kjósendur mínir ekki æskt neinna fjárútláta sín vegna, en vilja láta styðja í öllu þá viðleitni að afgreiða fjárlögin að þessu sinni með sem minstum tekjuhalla að unt er. Jeg á brtt. á þskj. 196, sem jeg vil víkja að nokkrum orðum. Háttv. deildarmönnum ætti ekki að koma á óvart, þó að þessi till. komi fram; en aðalástæðan er sú, að einn ráðunautur Búnaðarfjelags Íslands, sem styrktur hefir verið um mörg ár til þess að læra til þess starfs, hverfur nú frá því til annarlegra starfa. Jeg álít það ekki rjett, að ríkið styrki menn til sjernáms í einhverri grein, nema trygging sje áður fengin fyrir því, að viðkomandi menn starfi í þjónustu ríkisins, ef það telur sig hafa þeirra þörf. Tel jeg ekki rjett, að þeim mönnum skuli líðast að stökkva á braut úr þjónustu ríkisins, er þeim býður svo við að horfa, sem áður hafa verið styrkþegar þess. Þessi hugmynd er ekki runnin upp hjá mjer sjálfum einum saman. Í frv. um yfirsetukonur er þeim gert að skyldu að starfa í umdæmum um 5 ár, ef þær hafa styrks notið, og þó nefndin hafi fært skyldaþjónustutíma þeirra niður í 3 ár, er grundvallarreglan hin sama, — að styrkur frá ríkinu í sjerstöku augnamiði verði ekki veittur nema eitthvað komi á móti. Aftur á móti dettur mjer ekki í hug að ríghalda mjer við einstök atriði, ef málinu væri þá betur borgið. T. d. ákvæðunum um 15 ára þjónustuskyldu er jeg fús að breyta í einhverju við 3. umr. og ákveða þá einhvern annan árafjölda, en jeg vil fá þetta „princip“ staðfest. Jeg held fast við það.

Jeg vil slá því föstu, að ef menn þiggja styrk af ríkinu, eigi þeir að vinna í þjónustu þess meðan það telur sig hafa þeirra þörf, ella verði styrkurinn endurgreiddur.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að einni brtt. háttv. fjvn., enda þótt jeg ætli mjer alls ekki að taka fram fyrir hendur háttv. frsm., en það er um styrkinn til blaðamannafjelags Íslands. Þetta er gott og þarflegt fjelag; og þótt blaðamenn vorir eigist oft allgrátt við í blöðunum, koma þeir þó stundum saman á friðsamlega fundi og ræðast við í bróðerni; leggjast þeir þá allir á eitt og gera margt merkilegt, sem til nytsemda horfir. Má því vel heimfæra á þá það, sem sagt er í Snorra Eddu um Einherja:

Allir Einherjar
Óðins túnum í
höggvask hverjan dag;
val þeir kjósa
ok ríða vígi frá,
sitja meirr of sáttir saman.

Þessir einherjar blaðamannafjelagsins „sitja meirr of sáttir saman“ og ráða ráðum sínum til þess að ná meiri og fullkomnari erlendum frjettum inn í landið. Frjettastofan leitast við að ná tíðari og gleggri frjettum um það, sem við ber í heiminum, og sjerstaklega um alt það, er okkar þjóðfjelag varðar fremur öðru, t. d. um markaðshorfur o. s. frv. Jeg vil og bæta því við, að hjer er í rauninni ekki um nein ný útgjöld að ræða, en aðeins tilfærsla á fje. Kaupmannaráðinu hefir áður verið veittur styrkur í þessu skyni, en nú á frjettastofan að taka þetta verk að sjer og senda þessar frjettir út um alt landið. Þetta eru því engin ný fjárútlát. Enda fær ríkissjóður aftur meginið af fjenu í gjöld fyrir símskeyti. Ennfremur vil jeg taka það fram, að síðan þetta kom til, hefir frjettastofunni borist brjef frá Suenson, forstjóra Stóra norræna símafjelagsins, þar sem gerður er kostur á miklu vissari og betri erlendum frjettum en áður. Hann leyfir sem sje Melastöðinni hjer að taka við frjettum, sem sendar eru þráðlaust hvaðanæva að, sem til næst, og birtir frjettastofan hjer þær síðan í blöðunum úti um alt land. Áður þurfti sjerstakt leyfi Stóra norræna til þessa. En þær frjettir, sem þannig nást, verða bæði tíðari og miklu fullkomnari en áður hafa hingað borist; en þó getur það oltið á þessum styrk, að frjettastofan geti hagnýtt sjer þær. Treysti jeg því, að háttv. þdm. sýni þessari styrkbeiðni þá velvild að styðja hana með atkvæðum sínum. Þetta er ekkert flokksmál neins flokks hjer á þinginu, heldur sameiginlegt mál allra blaðamanna, og ætti því fremur að fá góðar undirtektir fyrir það.

Þá kem jeg að þeirri brtt. hv. fjvn. að færa niður eða fella burtu fjárveitinguna til útgáfu Alþingisbóka, Landsyfirrjettardóma og jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, og lækka styrkinn til útgáfu Fornbrjefasafnsins. Þetta var eitt af þeim örfáu atriðum, sem mig greindi á um við fjvn. Þetta er alt samtals svo smávægileg upphæð, að ríkissjóð munar alls ekki um hana, en fyrir útgáfu þessara rita er þetta alt öðru máli að gegna, því það getur orðið til þess að þær hætti alveg, ef styrkurinn fæst ekki. Jeg vil minna á það, að útgáfa Fornbrjefasafnsins og annara slíkra rita er arfur frá Jóni Sigurðssyni, er fyrstur tókst þessa útgáfu á hendur. Mjer þætti því mjög ilt, ef þessi útgáfa yrði feld niður. Jeg vil benda á það í sambandi við þetta, að þó við höfum ekki ráð á að gjalda vísindamönnum fyrir að vinna að þessum fornritum vorum að svo stöddu,

er víðsvegar úti um landið nóg af sjálfboðaliðum, sem vilja styðja að útgáfunni með vinnu sinni. Jeg hefi staðið í sambandi við suma þeirra, en ef dráttur yrði á útgáfunni, yrðu það mikil vonbrigði þessum mönnum, er hafa að þessu unnið í frístundum sínum, og þó að fjárhagur ríkisins sje nú allerfiður og jeg vilji herða á öllum aðgerðum til þess að minka útgjöld ríkissjóðs, þætti mjer mjög ánægjulegt, ef þingið sæi sjer fært að láta hjá líða niðurskurðinn á þessum fjárveitingum. Vjer Íslendingar höfum í 1000 ár, þrátt fyrir öll bágindi og allskonar óhamingju, sem yfir oss hefir dunið, lagt stund á innlend fræði og það hefir verið oss metnaðarmál fram til þessa, sem jeg vona, að og verði hjer eftir, að halda fast við þessum gamla arfi, þótt við höfum átt við harðæri að búa mörgum stundum. Þá þótti mjer vænt um, að nefndin feldi ekki niður styrkinn til útgáfu manntalsins frá 1703, sem er ómissandi undirstaða fyrir rannsóknir í sögu og ættfræði innlendra manna, og mjer þætti vænt um, ef þessu væri þyrmt líka.

Jeg ætla svo ekki að víkja að fleiri einstökum brtt. að sinni, en jeg ætla að segja nokkur orð sem fjárveitinganefndarmaður. Geri jeg það ekki af því að jeg vilji með því lýsa vantrausti mínu á hv. frsm. fjvn. (ÞórJ); það er fjarri því, að jeg vilji að menn skilji mig þannig, enda sýndi jeg það við umr. um fyrri kafla fjárlaganna, að jeg bar fult traust til hans, að mjer kom þá eigi til hugar að taka til máls. En það getur ekki leikið á tveim tungum, að till. fjvn. við þennan kafla fjárlaganna hafa mætt að mun óblíðari viðtökum en hinar fyrri till. hennar við hinn kaflann, og þó við hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) sjeum sinn í hvorum flokki hjer á þingi og því mótstöðumenn í sumum stjórnmálum, tel jeg rjett, þegar aðsúgur er gerður að fjvn., að setjast við hlið hans og láta þá ekki flokksfylgi koma til greina. Munu fjvn.menn standa saman um hann og till. nefndarinnar, og þætti mjer rjett, að sókn kæmi á móti í stað varnar, og þó margir hafi orðið til þess að kasta hnútum að frsm. og fjvn., finst mjer hægur vandinn að snúa vörninni í sókn á hendur aðsúgsmönnunum, því flestar aðfinningar þeirra hafa verið á sandi bygðar. Tek jeg þá fyrst nokkur þau atriði, er hörðustu aðkasti hafa valdið. Fyrst ætla jeg þá að snúa mjer að hæstv. stjórn. Mjer þykir leitt að hæstv. forsrh. (JM) er hjer ekki viðstaddur, því við hann vildi jeg sjerstaklega ræða í þetta skifti. En jeg vona þá, að hinir ráðherrarnir beri honum síðar það, sem jeg nú tala til hans. Það hafa tveir ráðherrar ráðist talsvert á till. fjvn., hæstv. forsrh. (JM) og hæstv. fjrh. (JÞ). Jeg get undantekið hæstv. atvrh. (MG), sem að svo miklu leyti, sem hann tók þátt í þessum umr., stóð fremur við hliðina á fjvn., enda var hann formaður hennar þar til stjórnarskiftin fóru fram og hann tók sæti í stjórninni. Hæstv. atvrh. (MG) vjek nokkrum orðum að hæstv. forsrh. (JM) og tók maklega fast í árina gegn honum og ljet skýrt koma í ljós, að hann væri honum ósammála. Jeg vona þó, að þetta bendi eigi til þess, að hann sje hæstv. forsrh. (JM) ósammála um margt annað, og án þess að mjer sje sárt um þessa stjórn, teldi jeg það þó miður heppilegt fyrir stjórnarfarið í landinu, ef þeir deildu mjög sín á milli.

Hæstv. forsrh. (JM) hjelt áðan töluvert langa ræðu, sem öll, frá upphafi til enda, beindist móti sparnaðartillögum

nefndarinnar. Þar var ekki eitt orð í sparnaðaráttina, en margt var það, sem hann lagði mikla áherslu á, og skal jeg nú víkja nokkuð að því.

Það er það fyrsta, að hann lagði mjög á móti lækkuninni á skrifstofukostnaði biskupsins. Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) studdi hann þar og allfast, og þótti mjer allgaman að, hve vel þeim nú kom saman um þetta, því það er ekki svo langt síðan hæstv. forsrh. (JM) lýsti því yfir úr þessu sama sæti, að háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) væri kosinn á þing með það eitt fyrir augum, að hann væri á móti sjer (JM) sem ráðherra, og hafði hv. 4. þm. Reykv. (MJ) þá ekkert við þá yfirlýsingu að athuga. En nú er samkomulagið milli þeirra hið ákjósanlegasta. Nú vil jeg minnast þess, að einhver þau fyrstu orð, sem hv. 4. þm. Reykv. (MJ), mælti til mín í þessum sal, voru á þá leið, að jeg væri stuðningsmaður þáverandi stjórnar; en nú get jeg óskað honum til hamingju með það að vera orðinn stuðningsmaður þeirrar stjórnar, sem hann var kosinn til þess að vera á móti. En svo jeg komi aftur að skrifstofustörfum biskups, vil jeg benda á það, að ekki er mjög langt síðan biskup annaði öllum skrifstofustörfum sínum með aðstoð eins unglings. Mjer skildist sem hæstv. forsrh. (JM) gerði áætlun fyrir húsaleigu biskupsskrifstofunnar, en þá fer skörin að færast upp í bekkinn, ef ríkið á að leggja hverjum opinberum embættismanni til húsnæði. Jeg sje, að hv. þm. Barð. (HK) brosir og kinkar kolli, er jeg minnist á þetta. Jú, jeg minnist þess, að á síðasta þingi mun hafa staðið allhörð rimma út af því, hvernig þingið ætti að snúast við því, er einn allháttstandandi embættismaður tók traustataki peninga ríkisins, til þess að greiða húsaleigu fyrir sig. Hæstv. forsrh. (JM) gat þess, að fyrir næsta ár væri of lítið að áætla biskupi 1000 kr. í skrifstofufje, en jeg vil benda á það, að störfin eru ekki ýkjamikil, því síðan stiftsyfirvöldin lögðust niður, hafa ⅔ hlutar af störfum biskups, þau er vinna þarf í skrifstofu, horfið undir stjórnarráðið. En það er svo með þessa upphæð eins og hvað annað, að „veldur hver á heldur.“ Það er alls ekki rjett að miða við það, hvað einstakir embættismenn þykjast þurfa með. Það var fyrir ekki löngu síðan sýslumaður í Húnavatnssýslu, sem hafði 4 skrifara. Eftirmaður hans komst af með einn, eða hálfan annan í mesta lagi.

Í öðru lagi lagðist hæstv. forsrh. (JM) í móti niðurlagningu dócentsembættisins í íslenskum fræðum við háskólann. Í þriðja lagi var hann á móti ráðstöfun námsstyrksins til stúdenta við háskólann. Í fjórða lagi lagði hann á móti till. um námsstyrk stúdenta, sem nema erlendis. Í fimta lagi mælti hann á móti till. nefndarinnar um iðnskólann. Í sjötta lagi mælti hann með kvennaskólanum, á móti till. fjvn., og mun jeg víkja nánar að því síðar. Í sjöunda lagi var hann á móti að lækka tillagið til Flensborgarskólans. Í áttunda lagi var hann á móti því að spara vinnu við þingið. Í níunda lagi var hann á móti því að lækka styrk Jóh. L. L. Jóhannssonar úr 7 þús. í 4 þús. kr. Í tíunda lagi lagði hann afarmikla áherslu á það, að kostnaður við veðurskeytasendingar o. fl. yrði ekki lækkaður, og meðal annars ljet hann þau orð falla um þetta, að skilja mátti þau sem aðdróttun til fjvn. um, að þetta atriði hefði alveg farið fram hjá henni. En jeg get upplýst það, að fjvn. kaus sjerstaka menn til að rannsaka þetta mál, og var það gaumgæfilega gert, og fer því

fjarri, að fjvn. hafi kastað til þess höndunum. Fjvn. átti síðan tal við tvo menn frá þessari stofnun, og var annar þeirra forstjóri verðurfræðistofnunarinnar. Hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) vjek að því í ræðu sinni, hvað það var, sem nefndin hafði fyrir augum, er hún vildi draga úr kostnaðinum við þessa stofnun. Það voru ekki skeytasendingarnar, sem draga átti úr, heldur voru það veðurspárnar, sem nefndin vildi fella niður, þar eð þær hafa yfir höfuð reynst illa.

Þá hefi jeg talið það helsta, sem hæstv. forsrh. (JM) hefir lagt á móti af till. fjvn., og eru það 10 liðir alls. Jeg geri ráð fyrir, að mörgum háttv. deildarmönnum komi það kynlega fyrir, hversu fljótt hann hefir kastað frá sjer þeirri stefnuskrá, sem hann ritaði undir í byrjun þessa þings og endurtók aftur er hann tók við völdum nú fyrir nokkrum dögum. Jeg bendi aðeins á þetta, háttv. stuðningsmönnum þessarar stjórnar til athugunar. En jeg bæti því hjer við, að hvað mig snertir, kom mjer það ekki á óvart, og undraðist því alls ekki, þó jeg yrði einhvers var, sem benti í þessa átt, frá hæstv. forsrh. (JM), því jeg er einn af þeim mönnum, sem marka framtíðina af fortíðinni. Hr. Jón Magnússon hefir fyr verið stjórnarformaður þ. e. árin 1917—'22 — og um þau stjórnarár hans hefir hæstv. núverandi fjrh. (JÞ) gefið glögga og merkilega skýrslu, sem bendir á það, hvernig sú stjórn hefir farið honum úr hendi, en mjer virðist samt, að hæstv. fjrh. (JÞ) hafi í verkinu sýnt það, að hann hafi dregið alleinkennilegar ályktanir af fortíðinni um nútíð og framtíð.

Það eru aðallega tvö atriði önnur, sem harður gustur hefir verið gerður að fjvn. fyrir. Annað þeirra eru till. hennar um þá skóla, sem eigi eru beint ríkisskólar. Jeg mun nú þar að snúa, sem garðurinn er hæstur, þar sem er hæstv. fjrh. (JÞ) og ummæli hans í garð nefndarinnar. Í sambandi við þessar till. fjvn. kom hann fram með tvö atriði, er hann lagði áherslu á og vítti nefndina fyrir.

Fyrra atriðið var það, að það þyrfti að vera fullkomið samræmi í niðurfærslu þessara styrkja, og hitt atriðið var, að hann væri með öllu mótfallinn því að færa þannig gjöld ríkissjóðsins yfir á sveitar- og bæjarfjelögin. — Að því er snertir fyrra atriðið, þá skal jeg lýsa yfir því, að jeg er fyllilega sammála hæstv. ráðherra í því, að samræmi verði að vera í niðurfærslunni. Enda var það einmitt þetta grundvallaratriði sem vakti fyrir fjvn. með niðurfærslu skólastyrkjanna. En þetta er meira en hægt er að segja um suma háttv. þm. Hæstv. fjrh. brýtur þessa reglu með því að vilja undanskilja iðnskólann. Hann og hv. 4. þm. Reykv. (MJ) syndga einnig á því að vilja undanskilja kvennaskólann hjer og hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) vill undanskilja Flensborgarskólann. Jeg get þegar lýst yfir því fyrir hönd allrar fjvn., að nefndin hefði helst kosið að þurfa ekki að lækka neitt styrkina til skólanna. Og nefndin er einnig sammála um það, að þau hrósyrði, sem fallið hafa um þessa skóla og stjórn þeirra, sjeu sönn. En hvað átti nefndin að gera? Útgjöldin varð að lækka og samræmisins vegna var þá sjálfsagt að viðhafa sömu aðferðina hjer sem annarsstaðar. En jeg vil aðeins nefna það sem dæmi þess, hve nefndinni var óljúfur þessi starfi, að það urðu ekki eins miklar umr. um neinn liðinn meðal nefndarinnar og einmitt þennan. Var það og eingöngu vegna sparnaðarþarfarinnar, að hún sameinaðist um þessar till. Hefir hún nú leitast við að ná fullkomnu samræmi

á þessum grundvelli, og væri í rauninni heppilegast, að allar till. hennar um skólana kæmu til atkvgr. undir einum hatti, til þess að samræmið raskist ekki.

Þannig hefir nú fjvn. lifað eftir þessari meginreglu sinni. En hvernig hefir hæstv. fjrh. lifað eftir henni? Hann vill undanskilja iðnskólann og hann vill hækka tillagið til kvennaskólans. En hann mælti ekki orð gegn lækkuninni til verslunarskólanna. Þeir skólar eru þó næsta þýðingarmiklir, og munu allir, sem vit hafa á, viðurkenna það, hve mikilsvert það er að hafa vel mentaða verslunarstjett. Sömuleiðis mun mönnum ekki blandast hugur um það, hvers virði það er að hafa góða samvinnuskóla, sem ali upp unga menn til að vera leiðtogar bænda í öllum fjelagsmálum.

Hitt meginatriðið, sem hæstv. fjrh. vjek að í ræðu sinni, var það, að hann væri því mótfallinn, að gjöld ríkissjóðsins væru færð þannig yfir á sveitar- og bæjarsjóði. Átti hann þar fyrst og fremst við tillögin til skólanna. En einnig hjer var það samræmið, sem fjvn. kepti eftir. Hjá henni var það ekki aðalatriðið að færa þessi gjöld yfir á sveitar- og bæjarsjóðina, heldur að ná fullu samræmi á þessu sviði. Skal jeg taka dæmi hjer til skýringar: Kvennaskólinn á Blönduósi hefir verið sýslunum þar nyrðra mjög þungur baggi. Hafa þær sýnt mjög lofsverðan áhuga á viðhaldi hans og nú nýlega lagt í talsvert mikinn kostnað til endurbóta skólahússins. Til kvennaskólans í Reykjavík leggur Reykjavíkurbær einar 500 kr. Er nú samræmi í því, að þetta sje svo áfram? Þá get jeg einnig tekið til samanburðar kvennaskólann og Flensborgarskólann annarsvegar, en hinsvegar alþýðuskólana. Hversu mikið hafa ekki sveitarfjelögin lagt á sig til þess að halda uppi þeim skólum? Hvað hafa Vestfirðingar lagt til Núpsskólans, Dalamenn til Hjarðarholtsskólans, Borgfirðingar til Hvítárbakkaskólans og Þingeyingar til síns skóla — svo nokkrir sjeu nefndir? Það stingur mjög í stúf við það, sem Reykjavík og Hafnarfjörður hafa lagt til þessara skóla sinna. Aftur á móti stendur nokkuð sjerstaklega á með Eiðaskólann. Þar er bæði þess að gæta, að sýslurnar hafa lagt til eignina, sem hefir orðið þeim mjög dýr, og auk þess er þar um þá tilraun að ræða, sem snertir alt landið, hvernig slíkir skólar gefist hjer. Jeg býst nú að vísu við, að einhver kunni að segja, að kvennaskólinn í Reykjavík og Flensborgarskólinn sjeu fyrir alt landið. En þeir eiga ekki að vera það. Til þess var einmitt kvörninni snúið með alþýðuskólana, að íslensk alþýða þyrfti ekki eftirleiðis að sækja alla sína mentun til Reykjavíkur og nágrennisins. Væri lítill skaði skeður, þótt dálítið færi að draga úr þeim straum til höfuðstaðarins, og myndi menningunni sannarlega ekki standa neitt stórtjón af því.

Niðurstaðan af þessu verður þá sú, að fjvn. er hjer í fullkomnu samræmi við það, sem gert hefir verið annarsstaðar til þess að spara. Er því dálítið hart að heyra, hvernig hv. þm. Reykjavíkur snúast við þessu, þótt það sje að vísu engin nýlunda, er um slík efni er að ræða. Hæstv. fjármálaráðh. talaði um þetta sem 1. þm. Reykv. Hæstv. fjrh. og hv. 4. þm. Reykv. tóku það fram sem ástæðu, að einsdæmi væri hve vel kvennaskólanum væri stjórnað, ekki síst með tilliti til sparnaðar við skólahaldið. Sama sagði hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) um Flensborgarskólann. Jeg skal játa, að þessum skólum sje vel stjórnað og sparlega á öllu haldið.

En sama má segja um marga af þeim skólum, sem þessir hv. þm. hafa þolað að sjá skorna. Skal jeg t. d. taka, að jeg kenni 2 tíma á dag í samvinnuskólanum og fæ um 12 kr. fyrir á viku, eða um 1 kr. fyrir tímann. Eru þó með stílar til leiðrjettingar. Samskonar vinna við kvennaskólann er borguð með kr. 3,50 um tímann. Eins stendur á um ýmsa af þeim skólum, sem skera á niður; rekstur þeirra er yfirleitt mjög ódýr. Það stendur þó nokkuð sjerstaklega á með kvennaskólann á Blönduósi. Hann er eini húsmæðraskólinn á öllu landinu, og ætti þá að líta líkt á hann og Eiðaskólann. Er maklegt, að ríkið sýni honum sjerstakan sóma, þar sem hjeruðin hafa látið sjer svo ant um hann.

Hv. 4. þm. Reykv. kvað raddir hafa komið fram þess efnis, að kvennaskólinn í Reykjavík yrði gerður að ríkisskóla jafnhliða gagnfræðaskólunum. Það hefir legið hjer frammi skjal þess efnis frá skólastjóra skólans. Meira að segja átti að gera kvennaskólann beinlínis að gagnfræðaskóla, sem gæti sent nemendur beint í lærdómsdeild mentaskólans, eins og gagnfræðaskólinn á Akureyri. Þetta hafði þau áhrif á mig, að hafi jeg verið hikandi áður í því að nema af tillaginu til skólans, þá varð jeg nú staðráðinn. Jeg tel það gersamlega ranga stefnu, sem hjer er farið fram á. Konur hjer á landi hafa aðgang að öllum hinum skólunum, og er því gersamlega óþarft að fara að gera þennan skóla að nýjum gagnfræðaskóla jafnhliða hinum.

Hæstv. atvrh. gat þess í ræðu sinni, að borgarstjórinn hjer hefði skorast undan því að greiða 3000 kr. úr bæjarsjóði til skólans. Jeg efaðist heldur ekki um, að svo mundi fara. Margra ára reynsla hefir sýnt það, að Reykvíkingar spyrna á móti öllu slíku. Nær þetta þó auðvitað ekki neinni átt, því ekkert vit er í því að hlaða niður skólum hjer, sem bæjarmenn hafa mest gagnið af, án þess að þeir vilji kosta þá eins og þeim ber. En jeg býst við, að hjer fari eins og um kirkjugarðinn í Reykjavík, að hv. þm. líti svo á, þrátt fyrir mótspyrnu Reykjavíkurþm., að bænum beri að sjá sínu fólki fyrir kenslu ekki síður en legstað.

Að lokum kem jeg að því atriði, að ýmsir háttvirtir þm. hafa veist að fjvn. fyrir að hafa lagt það til, að hækkaður yrði styrkurinn til Búnaðarfjelagsins, og svo einnig fyrir það, að hafa bætt við liðnum um jarðræktarlögin. Að því er snertir fyrra atriðið, þá þykir mjer það mjög leitt, að háttv. form. landbn. (H-K) skuli hafa orðið til þess að koma fram með brtt. þess efnis að lækka styrkinn til Búnaðarfjelagsins. Verð jeg að líta svo á, að hv. þm. hafi hjer í sparnaðarákafa sínum viljað sýna þá óeigingirni að láta þetta ganga út yfir það barnið, sem hann ann mest. Og er þá ekki hægt að segja, að jeg geri honum upp vondar hvatir. (*H-K*: Þess var heldur ekki að vænta úr þeirri átt). Annars þykir mjer það leiðinlegt vegna þessa háttv. þm., að þetta skyldi koma fyrir hann. Verð jeg að segja það, að mjer þætti hart, ef farið yrði niður með þennan styrk. Það er nú svo og hefir verið, að landbúnaðurinn hjer á landi hefir dregist aftur úr og stendur ekki líkt því eins framarlega og landbúnaður ýmsra annara þjóða. Er þess full þörf að rjetta hann úr kútnum, en til þess þarf örugga og góða forustu. Þessa forustu hefir Búnaðarfjelagið tekið að sjer, og hefir það gegnt henni vel undanfarin ár. Verkefnin hjer eru ærið mörg, og er fylsta

þörf á því, að bændur sjeu með þessu framlagi styrktir til þess að geta notið áfram þessarar forustu. Jeg vil líka benda á það, að Alþingi hefir óvenjugóða tryggingu fyrir því, að þessu fje verði vel og viturlega varið. Sjálf landbúnaðarnefnd Alþingis velur 2 af mönnum þeim, sem sæti eiga í stjórn Búnaðarfjelagsins, og hefir þar með beinan íhlutunarrjett um það, hvernig þessu fje verði varið. Auk þess er svo búnaðarþingið, sem skipað er af helstu og reyndustu forustumönnum bænda. Þegar á alt þetta er litið, virðist hart að vilja lækka mjög þennan styrk; að minsta kosti getur fjvn. ekki fallist á, að það sje rjett, og ber hún engan kinnroða fyrir það.

Hitt atriðið var jarðræktarstyrkurinn. Á móti honum lagðist helst hv. þm. Ak. (BL), og kvað hann svo fast að orði um hann, að það væri sama sem að bændur færu að þiggja ölmusugjafir, ef þeir þægju þennan styrk. Þetta er hinn mesti misskilningur, enda þurfum við ekki annað en að líta til annara landa til þess að sannfærast um það. Aðrar þjóðir hafa gengið miklu lengra í þessu efni. Þeirra höfuðáhugamál upp á síðkastið hefir einmitt verið þetta, að rækta landið. Hefir áhugi þeirra á þessu margfaldast síðan er stríðinu lauk. Menn hafa nú sjeð, að ræktun landsins er eitt þýðingarmesta mál hverrar þjóðar; þar er unnið verk, sem ekki gildir fyrir nútíðina eingöngu, heldur og fyrir komandi kynslóðir. Býst jeg við, að þetta sje nú viðurkent af öllum, sem nokkuð hafa um málið hugsað. Þótti mjer því leitt að heyra hv. þm. Ak. mótmæla svo sterklega. Það er t. d. talsverður munur á því að rækta land og að fást við skósmíði. Annað er unnið til bráðabirgða, en hitt til frambúðar. Eins er ólíkt að rækta land og sækja sjó. Annað er rányrkja, sem enginn veit hvenær kann að þrjóta. Hitt er verk, sem eykur sífelt við verðmæti landsins. Jeg vil, til þess að skýra þetta enn frekar fyrir háttv. þm. Akureyrar, taka eitt mjög ljóst dæmi.

Það er bóndi, sem getur t. d. eins vel átt heima á Svalbarði eins og annarsstaðar. Þessi bóndi stundar hvorttveggja, síldveiðar og landbúnað. Og þá peninga, sem hann græðir á síldinni, leggur hann í ræktun landsins, til þess að auka eign sína og afkomenda sinna. Bóndinn á Svalbarði sannar þannig í verkinu þessa kenningu mína, en jafnframt hrekur hann skoðun hv. þm. Ak. Jeg er líka viss um, að minnisvarði bóndans á Svalbarði verður sljetta túnið, en ekki síldveiðarnar. Svona lít jeg á málið og svona virðist bóndinn á Svalbarði líta á það, hvernig svo sem hv. þm. Ak. kann að líta á það. Jeg vona nú samt, að hv. þm. Ak. taki þetta dæmi mitt til athugunar. *(BL*: Já, að það er á síldinni, en ekki jarðyrkjunni, sem bóndinn græðir). Hann græðir á hvorutveggja, en gróðann leggur hann í jarðyrkjuna. *(BL*: Það geta ekki allir bændur; bara þeir sem síld veiða). Nei, því miður, og því meiri þörf hefir allur þorri bænda á opinberum styrk til þessara þjóðnytjastarfa. Flestir verða að láta sjer nægja að stunda sinn landbúnað, og hann verður þeim líka auðsuppspretta, þótt hægt fari. Og það sem mest er um vert, þeir eru þar ekki bara að vinna fyrir líðandi stund, heldur að hlaða grundvöllinn að framtíð þjóðarinnar. Það besta, sem sú kynslóð, er nú lifir, getur gert, er að rækta landið. Það er því ekki um neinn ölmusustyrk að ræða hjer. Það er hjer að ræða um að veita fje til þess að gera landið betra og frjósamara og byggilegra fyrir óbornar kynslóðir.

Forsætisráðherra (JM): Það hefir verið gert mikið veður út af því, að jeg hefi mælt á móti fáum liðum í till. hv. fjvn. Býst jeg við, að hjer sannist sem oftar málsháttur inn: parturiunt montes, nascitur ridiculus mus.

Hvað er svo tilefnið til árásar hv. þm. Str. (TrÞ)?

Flestallar brtt. nefndarinnar snerta liði, er mjer viðkemur. Jeg held, að brtt. þessar sjeu um 90. Jeg hefi bent hv. nefnd á, að örfáar af þessum brtt., niðurfærslunum, sjeu ekki á rökum bygðar. Og hvað gera þessar till.? Fara allar fram á að draga úr þeim till., sem hæstv. fyrverandi stjórn bar fram, eða hæstv. fyrv. fjrh. (KlJ), sem hv. þm. Str. vill síst áfellast. Það eina, sem jeg hefi gert, er að mæla á móti fáeinum atriðum í brtt. nefndarinnar, er fara fram á að færa niður till. fyrv. stjórnar. Eigi að sanna ósparsemi mína með þessu, þá fæ jeg ekki sjeð, hvernig háttv. þm. Str. fer að halda því fram, að hæstv. fyrv. fjrh. (KlJ) hafi verið ógnar sparsamur. Þetta er bara sagt í ógáti af hv. þm. Str.; hann gáir ekki að því, að það er annað að tala hjer í salnum sem þm. um mál, sem allir háttv. þm. hafa haft tækifæri til að kynna sjer út í æsar, en að æsa menn úti um land, sem ómögulega hafa getað kynt sjer málið. En hv. þm. (TrÞ) hyggur, að hann megi fara hjer að eins og ljelegur blaðasnápur, en ekki sem sæmilegur þingmaður.

Fyrsta brtt., sem jeg mintist á, var sú, að jeg teldi ástæðulaust að færa skrifstofukostnað biskups meira niður en í 1500 kr. Skil jeg ekki, hvernig hægt er að vekja storm út af slíku, sem er alveg í samræmi við till. hv. fjvn., nema hvað farið er fram á að lækka skrifstofukostnaðinn aðeins niður í 1500 kr., í stað 1000 kr. Og þetta er einnig í fullu samræmi við hv. frsm. (ÞórJ), sem er einstaklega sanngjarn maður í þessum málum. Hann gaf í skyn, að komið gæti til mála, hvort nefndin hefði ekki skorið helsti mikið af skrifstofukostnaði landlæknis.

Jeg býst við, að háttv. þm. Str. hafi gleymt því, að jeg mintist á sparnað, sem jeg taldi, að nefndin hefði eins mátt grípa til, en það var viðvíkjandi læknisvitjunum. Jeg held — þó að altaf megi deila um nauðsynina, — að ekki hefði þurft að leggja til þeirra 3500 kr.

Ekki get jeg ímyndað mjer, að háttv. þm. Str. þurfi að bregða mjer um ósparsemi, þó jeg vilji ekki láta gabba stúdentana. Jeg fór ekki fram á að hækka styrkinn til stúdenta háskólans hjer. Hitt var það, að mjer fanst ekki hægt að binda hann því skilyrði, að háskólinn legði eitthvað á móti úr sáttmálasjóðnum. Það hefði gjarnan mátt fara fram á það, en ekki er hægt að skylda háskólann til þess.

Jeg orðaði lítilsháttar iðnaðarmannastyrkinn; en þó það mál snerti mig ekki beinlínis, þá finst mjer ástæðulaust að klípa af því, sem hæstv. fyrv. stjórn hefir lagt til þess.

Jeg nefndi aðeins stuttlega kvennaskólann í Reykjavík og alþýðuskólann í Flensborg. Jeg álít, að hv. fjvn. hafi gert annað rangara en að lofa þeim styrk, sem hæstv. fyrv. stjórn lagði til þeirra, að standa óbreyttum. Skil jeg ekki í því, hvernig hv. þm. Str. fer að beina skeytum til mín þess vegna, hann hefði átt að miða þeim fyrst á háttv. 2. þm. Rang. Jeg hefi ekki farið fram á annað en að örlítill partur af till. hans fengi að standa óbreyttur. Er því langt frá því, að nokkurt rjettmæti sje í því að bregða mjer um eyðslusemi í þessum till., án þess að ráðast á þann, sem lagði þær til í upphafi.

En jeg vil segja eins og hæstv. fjrh.;

Hví beitti nefndin ekki þessum niðurskurði við Þjóðvinafjelagið, í stað þess að auka styrkinn til þess? Kennir þar ósamræmis í till. hv. fjvn., því þó það sje gott verk, gildir það um margt, sem niður er felt, og hefði engum dottið í hug, að ef hv. fjvn. færi að bæta við eitthvað, þá sneri hún sjer helst að því, sem bíða má, eins og er um bókaútgáfur. Í þær eyðum við 20—30 sinnum meira tiltölulega en nokkur önnur þjóð, en eins og fjárhagurinn er nú, virðist sem þær mættu þó bíða örlitla stund. Jeg er ekki með þessu að setja ofan í við hv. nefnd, en aðeins að benda á ósamræmið, sem í því er fólgið að taka af flestum till. hæstv. fyrv. stjórnar, en bæta við þessa. Það er ekki til neins að segja, að styrkurinn, sem fjelaginu var ætlaður í fjárlögunum, sje ekki nógu ríflegur. Vel hefði mátt við hann una 1—2 ár.

Jeg var ekki við og veit því ekki glögt, hvað talað hefir verið, en jeg vildi minnast á orðabókarstarfsemi sjera Jóhannesar L. Jóhannssonar. Í upphafi, og raunar alla daga, var jeg á móti því, að kostað væri til orðabókarinnar á þessum grundvelli, taldi styrkinn ekki koma af fullum notum, og enginn vinur minn hefir maður þessi verið. Þó finst mjer dálítið hart að fara nú að svifta hann svo miklu af styrknum. Hann er maður á gamals aldri, á mörg börn og hefir ákaflega þungt heimili. Tekinn var hann úr embætti sínu rjett áður en kjör presta voru bætt að miklum mun og látinn fara hingað til þess að taka þetta starf, sem nú á að verða svona miklu ver launað. Mig greinir það eitt á við hv. fjvn. í þessu máli, að mjer finst hún hafa lækkað þessi laun of mikið í hlutfalli við annað. Áður hefir þeirri venju verið fylgt, að þessi maður hefði laun á við góðan meðalembættismann.

Alt það, sem jeg nú hefi talið, er aðeins smávægilegt í mínum augum. Aðrir hafa talað um skólana, bæði kvennaskólann og Flensborgarskólann, og játa jeg, að jeg fylgi þeim. En jeg skal endurtaka það, að mjer finst það ekkert smávægilegt, sem snertir veðurathuganastöðina. Skil jeg þó vel, að menn eins og háttv. þm. Str., sem virðist ekki sjá annað en landbúnaðinn, telji hana lítilsverða. Það hefir ef til vill litla þýðingu fyrir landbúnaðinn, að veðurskeytin sjeu ábyggileg, en allir, sem eins unna sjávarútveginum, munu víst vera á móti því, að skeytunum sje kipt í burt, enda hafa aðrar þjóðir lagt mikið kapp á að gera þau sem ábyggilegust. Auðsjeð er, að hv. þm. Str. skilur ekki þýðingu veðurskeytanna, en hún getur meðal annars sjest á því, hve öllum skipum, jafnt fiskiskipum sem öðrum, er nú umhugað um að fá skeytamóttökustöðvar, til þess meðal annars að fá að vita, hvert útlit sje um veður.

Það er alveg satt, að mönnum virðast veðurspádómarnir óábyggilegir. Jeg man það, að á stúdentsárum mínum í Kaupmannahöfn lásu menn veðurskeyti þannig, að þeir sögðu, að víst væri, að sólskin kæmi, ef regni var spáð, og vice versa. Sannleikurinn er sá, að veðurskeytin hafa gríðarmikla þýðingu, þó ekki sje hægt að spá fyrir veðri hverja stund. Jeg er alveg sannfærður um, að sá þm. er ekki hjer inni, sem ber sjávarútveginn og sjómennina virkilega fyrir brjósti og greiðir ekki atkv. móti þessari till. nefndarinnar. Jeg vil enn taka það fram, að þetta er mjög mikilvægt og áríðandi, að skeytin sjeu löguð á hverjum degi, svo þau sjeu ábyggileg. Og þó margir lesi þau ekki nú, kemur það smátt og smátt, þegar menn fara að venjast þeim. Alstaðar annarsstaðar er mikið gert í þessu efni. Og það væri ófor-

svaranlegt, þegar stöðin á Grænlandi kemur í sumar, að ekki væru þær veðurspár notaðar hjer, bæði fyrir þetta land og önnur.

Jeg vil enda mál mitt á því, að jeg hefði ekki þurft að svara hv. þm. Str. einu orði. Hefði verið alveg nægilegt að vísa til hv. 2. þm. Rang.; honum bar miklu fremur að verja þessar 90 gr. en mjer. Og jeg býst við, að jeg síðar fái miklu fleiri ákúrur fyrir það, hve litlar athugasemdir jeg hefi gert við till. háttv. fjvn., heldur en hinar, sem jeg hefi fram borið. En jeg viðurkenni nauðsyn til að spara alt, sem mögulegt er.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi ekki miklu að svara hv. þm. Str., sem kom hjer fram eins og einskonar frsm. nr. 2. Þó vildi jeg sjerstaklega leiðrjetta eitt, sem hann sagði. Hann kvað mig meðal annars hafa veist að hv. fjvn. Eru þau ummæli eðlileg á hans máli, en í venjulegu tali mundu þau hafa verið talin staðleysa ein. Jeg gaf hv. fjvn. fylstu viðurkenningu fyrir störf hennar, og gerði aðeins 3 brtt. hennar að umtalsefni. Hefði því átt að lýsa afstöðu minni til hennar með rjettum hætti, hefði orðið að gera það með þverötugum ummælum við það, sem hv. þm. Str. gerði. Auk þeirra brtt., sem jeg gerði að umtalsefni, benti jeg á eitt verkefni hv. fjvn., sem hún hefir enn ekki lokið við og mjer virtist vera í ósamræmi við aðrar till. hennar. Það var reikningur Fiskifjelagsins, og virðist mjer sum útgjöld þar ekki vera í samræmi við sparnaðarstefnu nefndarinnar. Hv. þm. (TrÞ) mintist ekki á þetta, og skil jeg það svo, að hann hafi með þögninni viðurkent, að jeg hafi farið hjer með rjett mál. Annars bíð jeg átekta og sje, hvað hv. nefnd gerir í þessu máli til 3. umr. En jeg vildi gjarnan eiga tal við hana um það og fleira milli 2. og 3. umr.

Jeg skal ekki tala langt mál um skóla þá, sem hv. fjvn. vill velta yfir á bæjarsjóð Reykjavíkur. En jeg vil segja það, að ekki næst það með till. hv. fjvn., sem hv. þm. Str. vill halda fram, að þessir skólar, sem hingað til hafa verið fyrir alt landið, eigi framvegis að vera fyrir bæinn, sem þeir standa í. Þeir verða jafnopnir fyrir alla áfram, ef þeir sjá sjer fært að halda áfram eftir þessar gerðir hv. fjvn.

Hv. þm. (TrÞ) vildi halda því fram, að önnur hjeruð styrktu skóla sína tiltölulega. Kann það að vera rjett að einhverju leyti hvað kvennaskólann snertir — jeg þori ekki að segja neitt um það. En jeg vil vekja athygli á því, að hv. þm. (TrÞ) lagði ekki fram neinar tölur máli sínu til sönnunar. En hvað iðnskólann snertir, fellur allur slíkur samanburður til jarðar, því upphæðin, sem ríkissjóður leggur til hans, er minni en til nokkurs annars skóla, sem styrktur er af opinberu fje, að tiltölu við allan kostnað skólahaldsins. Og þó bæjarsjóður Reykjavíkur standi ekki beinlínis straum af honum, þá er það sama sem, því eins og vitanlegt er heldur fjelag hjer í bænum skólanum uppi, og má því sannarlega telja fje þeirra manna, sem í því eru, komið frá bænum. Jeg nefni þetta ekki af því, að jeg telji það stórmál, heldur til að benda á, að enn stendur það óhrakið, að enginn sparnaður er að því að velta útgjöldum ríkissjóðs yfir á aðra sjóði. Og jeg vil bæta því við, að það er ekki rjett, að ríkið geti tekið fram fyrir hendur bæjarsjóðs og gert honum að skyldu að leggja vissa upphæð til skólanna. Bæjarstjórnin hefir ein úthlutunarrjett á fje bæjarsjóðs. Og hvað viðvíkur samræminu við Blöndu-

ósskólann, þá leggja sýslurnar þar aðeins fram 2000 kr. En hjer er farið fram á, að bæjarsjóður leggi miklu meira að tiltölu til kvennaskólans og iðnskólans.

Annars get jeg tekið undir það með hæstv. forsrh. (JM), að jeg hefði ekki gert annað í máli þessu en að verja fyrirrennara minn, hv. 2. þm. Rang. (KlJ), enda hefir hann notað þingmannsstöðu sína til þess að staðfesta mál mitt.

Jeg veit, að allir, sem þekkja til, fallast ekki á, að sanngjarnt sje, að stjórnin leggi minna til iðnskólans en til annara skóla hlutfallslega. — Annars hefi jeg orðið að geyma til 3. umr. flest, er jeg vildi segja um þessi mál, og mun jeg þá annaðhvort sjálfur bera fram brtt. eða leggja til við nefndina að gera það, við það, sem að mínu áliti er ekki nógu vel frá gengið og jeg hefi ekki haft tíma til að athuga við 2. umr.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg get tekið það fram, eins og við fyrri kafla fjárlaganna, að jeg mun að mestu leyti styðja sparnaðartill. hv. fjvn., þótt jeg geri ráð fyrir að greiða atkvæði gegn einstökum atriðum; en þegar litið er á kaflann í heild, er það þó undantekning. Fyrst vildi jeg þá víkja að þeim brtt., sem jeg á við þennan kafla. Verður þá fyrst fyrir mjer brtt. á þskj. 196, 29. liður, við 16. gr. fjárlaganna. Málið horfir þannig við, eins og háttv. deild veit, að bændur í Hrunamannahreppi fengu í fjárlögum 1923 5000 kr. lán til smjörlíkisgerðar, sem þeir stofnuðu síðan til í sambandi við rjómabú. Stækkuðu þeir hús rjómabúsins og keyptu áhöld, og mun kostnaður hafa orðið um 7000 kr. Þeir starfræktu smjörlíkisgerðina aðeins eitt sumar, en þá var smjörlíkisgerð í sambandi við rjómabú bönnuð með lögum, og vil jeg lesa upp 5. gr. þessara laga, með leyfi hæstv. forseta: „Bannað er að framleiða smjörlíki þar, sem smjörgerð er höfð um hönd, og eigi má nota sömu tæki til skiftis við framleiðsluna.“ Þar með eru ráðstafanir og tillög bænda að engu orðin. Áhöldin liggja ónotuð og breytingarnar á byggingunum eru tilgangslausar. Bændur hafa orðið hart úti. Þeir geta ekki notfært sjer áhöldin og geta ekki lagt út í að byggja hús á nýjum stað. Þeir vilja því fá uppgjöf á láninu, sem jeg gat um áðan. Það virðist heldur ekki ósanngjarnt, er málavextir eru athugaðir. Löggjafarvaldið, sem að vísu brást vel við í fyrstu, setur bændum seinna stólinn fyrir dyrnar og gerir að engu fyrirhöfn þeirra og tilkostnað. Þess þarf ekki að geta, að bændur eru fúsir til að láta tækin af hendi. Jeg vænti þess fastlega, að hv. deild bregðist vel við í þessu máli.

Jeg vildi þvínæst minnast á örfá önnur atriði. Jeg á hjer eina brtt. ásamt hv. 2. þm. Reykv., og hefir hann talað fyrir henni og því sparað mjer ómak. Þessi maður, sem við viljum hækka styrk við, er mjög áhugasamur maður og duglegur. Hann hefir ferðast víða um land og athugað staði til laxa- og silungaklaks. Annar maður, sem hefir líkt starf á hendi, hefir langtum hærri laun. En að honum ólöstuðum efast jeg um, að starf hans beri meiri ávöxt. Til dæmis um, hve ágætan árangur starf hans hefir borið, má geta þess, að á einum bæ var klakið út um hálfri miljón af laxahrognum síðastliðið ár. Þessi maður er því alls góðs maklegur og brtt. okkar bygð á fylstu sanngirni. *(PO*: Alveg rjett).

Þá skal jeg víkja að þeim till. nefndarinnar, sem jeg get ekki fylgt.

Verður þá fyrst fyrir mjer Garðyrkjufjelagið. Nefndin leggur til að lækka laun forstjóra þess um 1000 kr. Hann hefir nú 5000 kr. á ári, án allrar uppbótar. Hann hefir ferðast um landið til leiðbeininga og kostað sig sjálfur. Starfið er þjóðnýtt og maðurinn ágætur, og finst mjer því ilt, að kostum hans sje þröngvað.

Um einstaka liði, sem snerta útgáfur fræðirita, skal jeg ekki fjölyrða, en get þó ekki fylgt nefndinni þar að málum. Fjelögin munar mikið um þennan styrk, en ríkið ekki.

Sný jeg mjer þá að skólamálunum, og get jeg þar sumstaðar fylgt nefndinni að málum, sumstaðar ekki. Vil jeg fyrst minnast á iðnskólann. Vil jeg þar ekki spara meira en fyrverandi stjórn lagði til. Jeg er kunnugur iðnskólanum og veit, hve mikið gott hefir af honum leitt í verklegum efnum. Og ef meta skal áhrif skóla í landinu, hygg jeg, að hann verði ekki eftirbátur hinna. Það er gleðilegt, hve margir hafa öðlast þar mikla þekkingu á litlum tíma, og bera verk þeirra manna þeim góðan vitnisburð. Jeg þekki skólann frá fornu fari, og þykist því fær að dæma um þetta.

Einn alþýðuskóli hjer í bænum hefir notið styrks, sem nefndin vill láta falla niður. Þessi skóli veitir ungu fólki fræðslu í tómstundum þess á kvöldin, og getur það sannarlega ekki kallast óþörf starfsemi, og óvíst, að þetta fólk verði tómstundum sínum betur. Jeg get því ekki fallist á till. nefndarinnar í þessu efni.

Þá vil jeg að endingu minnast á þá till. nefndarinnar, að lækka styrkinn til íþróttasambandsins og ungmennafjelaganna. Jeg vona, að háttv. deild fallist ekki á þetta. Þessi fjelagsskapur er hvorttveggja svo ágætur og þarfur, að sjálfsagt er að virða hann og styrkja eftir föngum.

Þótt jeg hafi tekið fram þessi atriði, sem jeg er á öðru máli um en hv. fjvn., þá er jeg alls ekki að áfellast hana í heild, eins og jeg tók fram í upphafi máls míns. Jeg veit, að hún hefir samræmis vegna hagað till. sínum á þann hátt, sem jeg hefi hjer tekið fram. Og jeg hygg, að þó að einhverju leyti verði vikið frá till. hennar, að það verði ekki svo stórvægilegt, að samræmi það, er hún hefir viljað gæta, raskist.

Jón Kjartansson: Jeg veit ekki, hvort það hefir verið tilætlun hv. fjvn. að skifta með sjer störfum hjer í deildinni, þannig, að einn eigi að ræða þau mál, sem til umræðu eru, en annar að vekja pólitískar deilur, en eitt er víst, að það verður ekki til að stytta umræður. Háttv. þm. Str. hefir gefið tilefni til að lengja þær, en ekki mun jeg þó fara að elta ólar við hann. Jeg býst við, að hann hafi verið orðinn svo útblásinn, að óvart hafi gusast úr honum. Vona jeg, að langt verði komið umr., uns hann fyllist aftur og næsta gusa kemur.

Mun jeg nú snúa mjer að þeim till. fjvn., sem jeg vildi athuga. Jeg á að vísu enga brtt. hjer, en verð þó að gera nokkrar athugasemdir. Jeg vildi fyrst minnast á niðurfellingu á launum dr. Alexanders Jóhannessonar. Jeg er að vísu ekki á móti henni og er þar í samræmi við álit mentamálanefndar. En það er ein aths. í áliti háttv. fjvn., sem jeg get ekki gengið fram hjá. Þar stendur: „jafnvel þótt eitthvert gagn kunni að hafa leitt af kenslu hans.“ Þetta orðalag kann jeg ekki við, og finn ekki betur en að hjer sje hann kvaddur með vanþakklæti um leið og hann fer frá háskólanum. Jeg sje enga ástæðu til að vanþakka honum starf hans. Hann hefir, síðan hann kom að háskólanum, sífelt

unnið að samningu vísindalegra málfræðirita. Má þar nefna „Frumnorræn málfræði" og „Íslensk tunga í fornöld" sem nú er að koma síðara bindið af. Auk þess hefir hann ritað greinar í erlend tímarit, sem frægir málfræðingar hafa lokið lofsorði á. Jeg álít því, að betur ætti við að kveðja hann með þakklæti. Það er þó það minsta, sem þeir starfsmenn ríkisins, sem nú vegna fjárhagsörðugleika verða að fara, eiga kröfu til, að þeir fái ekki vanþakklæti fyrir starfa sinn. Jeg þori að fullyrða, að þingmenn gera það ekki með gleði að skerða óskabarn íslensku þjóðarinnar, sem háskóli vor er vissulega.

Þá vildi jeg drepa lítið eitt á kvennaskólann. Hann er nú einasti sjerskólinn hjer á landi fyrir kvenfólk og hefir starfað í rúm 50 ár, og frá honum hafa nemendur dreifst út um land alt. Það má ekki koma fyrir, að skólinn verði sviftur þeim styrk, er hann hefir notið, og mjer finst það bein móðgun við eina kvenfulltrúann á þingi, sem einmitt er forstöðukona þessa skóla, ef svo verður gert. Allir tala um skólann og stjórn hans með ánægju og lofa hvorttveggja mjög, og það mundi áreiðanlega verða illa þokkað úti um land, ef skólinn yrði annaðhvort takmarkaður mjög eða lagður niður, sem vel gæti orðið, þar sem það er gert að skilyrði til fjárveitingar samkvæmt till. fjvn., að bæjarsjóður Reykjavíkur leggi fram ákveðið fje. Þetta er eini skólinn, sem í senn veitir sjermentun og gagnfræðamentun, og tel jeg lítið samræmi í því að klípa af honum, en ekki t. d. af Eiðaskólanum, jafnvel þótt Eiðaskólinn sje ríkisskóli, enda mun hann ekki vera fullkominn gagnfræðaskóli. Sjerstaklega er jeg á móti því að binda fjárframlag til kvennaskólans við fjárframlag úr bæjarsjóði Reykjavíkur.

Þá vil jeg mæla með styrk til frjettastofu blaðamannafjelagsins, eins og nefndin gerir ráð fyrir. Nú sem stendur eru ýms mikilsverð atriði í undirbúningi, og er því áríðandi, að frjettastofan geti komist vel á fót, en með tímanum ætti sú stofnun að bera sig.

Þá vildi jeg mæla með styrknum til björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum. Nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að mæla með allri þeirri upphæð, sem farið var fram á, en jeg vona, að allir háttv. deildarmenn viðurkenni gagnsemi þessa skips. Það er í senn björgunar- og strandvarnaskip. Vestmannaeyingar mundu fljótt sakna Þórs, ef þeir mistu hans. Mörgum mannslífum hefir hann bjargað. Eignir þeirra, sem eru margra miljóna króna virði, verndar hann.

Þá er eitt atriði, sem jeg vildi drepa á. Það er lánsheimildin, sem á hverju ári er hnýtt aftan í fjárlögin. (*PO*: Hjer er um enga lánsheimild að ræða). Nei, ek i frá hv. fjvn., en tillögur hafa þó komið fram í þá átt. Mjer hefir verið sagt, að þetta ylli miklum töfum í stjórnarráðinu við það, að menn eru að reyna að færa sjer þessa heimild í nyt. Og þar sem ekkert fje er til til þess að lána, get jeg ekki sjeð, til hvers þingið er að samþykkja þessar lánsheimildir.

Mjer þykir leiðinlegt, að hv. þm. Str. skuli ekki vera viðstaddur, en verð þó að fara nokkrum orðum um athugasemd hans um styrk þann til dýralæknis, sem um var rætt. Hann gaf í skyn, að ríkið þyrfti að hafa tryggingu fyrir framhaldsstarfsemi slíkra manna og benti um leið til Valtýs Stefánssonar, sem væri nú að hverfa frá starfi sínu, eftir að ríkið hefði styrkt

hann til mentunar. Veit jeg það, að ríkinu er skaði í að missa slíkan mann úr þjónustu sinni sem Valtý Stefánsson, en jeg veit, að hann muni vinna að áhugamálum sínum sem áður, þótt hann takist annað starf á hendur. Og jeg efast ekki um, að hann verði þarfari í því sæti, er hann á að skipa, heldur en hv. þm. Str. hefir verið í sínu. Jeg veit, að menn munu vera mjer sammála um það, að ekki þurfi síður að vanda til þeirra manna, er fást við blaðamensku, en annara starfsmanna, enda þótt reynslan sýni, að stundum hafi orðið misfellur á því. Jeg tel einmitt brýna nauðsyn á því, að sem mest sje vandað til blaðamanna. Ríkinu er það áríðandi, að til þeirra starfa veljist vandaðir menn, góðir og rjettsýnir, bæði vegna starfs þeirra inn á við og út á við. Hygg jeg, að afskifti hv. þm. Str. af blaðamensku hafi varla verið til bóta, síst út á við, að minsta kosti hefi jeg alveg nýlega sjeð í erlendum blöðum ummæli um framkomu hans í einu stórmáli voru, sem jeg hygg, að lítið muni gagna oss.

Hákon Kristófersson: Jeg á nokkrar brtt. við þennan kafla, sumpart einn og sumpart með öðrum háttv. þm., og vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þær. Brtt. mínar eru þess eðlis, að þær hafa mætt misjöfnum dómum hjá ýmsum hv. þm. Að vísu eru þær velflestar í sparnaðaráttina, og allar þær, er máli skifta, og ætti þeim því að vera vel tekið, ef sparnaðarhjal háttv. þm. er annars á nokkrum rökum bygt. En hjer fer sem fyrrum, að hvar sem hendi er niður drepið til að færa saman útgjöld, er það talið óframkvæmanlegt; mönnum finst þá gengið of nærri sjer og hagsmunum sínum.

Fyrstu brtt., er jeg vildi minnast á, flyt jeg ásamt 4 öðrum hv. þm. Fer hún fram á, að styrkurinn til verslunarskólanna tveggja verði feldur niður. Jeg býst við, að jeg tali í fullu samræmi við skoðun hv. meðflm. minna, þegar jeg segi, að vjer teljum fjárhag ríkisins þannig háttað nú sem stendur, að það geti ekki haldið áfram að leggja fram styrk til þessara skóla. Og það því fremur, sem nú er orðið svo mikið um vel hæft verslunarfólk í landinu, að vel mætti þessi kensla falla niður 4 eða 5 ár þeirra hluta vegna.

Hv. þm. Str. (TrÞ) mælti á móti þessari tillögu, og þá einkum vegna samvinnuskólans. Jeg finn ástæðu til að lýsa yfir, að jeg stend nær þeim mönnum, sem efla vilja samvinnu og styðja þá sjálfsögðu sjálfsbjargarviðleitni bænda, heldur en kaupmönnum, þó að jeg vilji hinsvegar, að þeir sjeu látnir óáreittir. Hv. þm. benti á til stuðnings samvinnuskólanum, að nemendur hans dreifðust út um sveitirnar, gerðust þar forystumenn bænda og leiddu þá í allan sannleika um þessa stefnu. Mjer þykir leitt, að hv. þm. skuli ekki vera hjer staddur, svo að hann geti heyrt mál mitt, en jeg býst þó við, að jeg muni ekki mæla síður vingjarnlegum orðum í hans garð en hann í minn áðan. Það er síður en svo, að jeg sje að amast við þessum skólum. Jeg tel þá báða verslunarskóla, sem menta eigi verslunarstjettina, þó að með ólíku fyrirkomulagi sjeu. Jeg er ekki alveg samdóma hv. þm. Str., sem jeg tel einn af best hugsandi samvinnumönnum hjer á landi, að nemendur samvinnuskólans, sem dreifast út um sveitirnar, verði svo miklar máttarstoðir þessarar stefnu, að skólinn sje af þeirri ástæðu nauðsynlegur oss bændum. Eftir því sem jeg hefi frjett af sumum þessum mönnum, hygg

jeg, að þeir álíti sig hafa fengið svo mikla mentun og vísdóm, að meira þurfi ekki, og að þeir sjeu komnir yfir að finna það, að menn eru því hygnari eftir því sem þeir finna sig vanta meira.

Hv. þm. bar saman tímakaupið í þessum 2 skólum, að það væri 1 kr. í samvinnuskólanum, eða hann hefði kent þar fyrir það kaup, en 3 kr. í verslunarskólanum. *(TrÞ*: Jeg nefndi kvennaskólann, en ekki verslunarskólann). Jeg bið velvirðingar, ef mjer hefir misheyrst, en þá get jeg komið að samanburði á þeim 2 skólum. Til dæmis má bera saman laun hins mikilsvirta skólastjóra samvinnuskólans, sem eru 8500 kr., og laun forstöðukonu kvennaskólans, sem eru 1500 kr. á ári. Þarna hallar ekki minna en á tímakenslunni. Þó að háttv. þm. Str. kenni í samvinnuskólanum fyrir 1 kr. um tímann, af því að skólinn er óskabarn hans, þá má hann ekki telja það ofgreitt, þó að borgað sje á fjórðu krónu fyrir tímakenslu í kvennaskólanum, ef það er í samræmi við hið almenna kaup fyrir tímakenslu, sem greitt er við skólana. Jeg skal ekki gerast hjer talsmaður kvennaskólans, enda munu þeir margir hjer í hv. deild. En þó vil jeg minna á, að þegar litið er á það mjög svo lága kaup forstöðukonunnar, sem sannar, að hún hefir tekið ástfóstri við skólann, þá er ekki sennilegt, að hún greiði meira fyrir tímakenslu en nauðsynlegt er. Annars skal jeg geta þess, að jeg veit þess dæmi, að nemendur frá samvinnuskólanum hafa fallið frá stefnu hans og gerst sjálfir kaupmenn eða gerst þjónar hjá kaupmönnum, og er þetta ekki sagt þeim til hnjóðs.

Að síðustu vil jeg endurtaka, að það er síður en svo, að jeg hafi tilhneigingu til þess að ráðast á þessa skóla, en það eru fjárhagsvandræði ríkissjóðs, sem valda því, að þessi brtt. er fram komin.

Jeg hefði gjarnan viljað fara lengra í ýmsum öðrum liðum og tel jeg, að hv. fjvn. hafi of óvíða ærætt að drepa niður hendi til sparnaðar, mjer liggur við að segja af ótta við það, að hún kynni að verða óvinsæl. Jeg hygg, að það mætti telja sambærilegt við aðrar tillögur hv. fjvn., ef hún hefði t. d. lagt til að lækka að mun styrkinn til stýrimannaskólans, án þess að jeg eigi þar við, að taka skuli laun af fastakennurum skólans.

Jeg skal þá víkja að XXIII. brtt. á þskj. 196, um að fella niður styrkinn til búnaðarfjelaganna. Jeg skal strax taka það fram viðvíkjandi því, er hv. þm. Str. gat sjer til eða spurðist fyrir um, hvort þessi brtt. væri borin fram að undirlagi einhvers hluta eða allrar landbn., að tillagan styðst alls ekki við þá nefnd. Falli því einhver blettur á heiður minn fyrir flutning þessarar brtt., þá er skjöldur hv. meðnefndarmanna minna óflekkaður af þeim sökum. Það er rjett, sem hv. þm. Str. gat sjer til, að jeg flyt ekki þessa brtt. af því, að mjer sje í nöp við landbúnaðinn. Jeg er alinn upp við hann, lifi við hann og býst við að deyja frá honum. En þegar hv. fjvn. hefir lagt til, að þessi styrkur verði lækkaður niður í 10 þús. kr., sem jeg vil síst ámæla henni fyrir, þá finst mjer sníkjuháttur af bændum að seilast eftir jafnlítilli upphæð úr ríkissjóði, þegar hagur hans er eins þröngur og allir vita. Jeg skal þó geta þess, að brtt. mín á við upphæðina í stjfrv., 20 þús. kr., en sú upphæð er einnig svo lítil fyrir landbúnaðinn, að jeg tel, að hún muni ekki koma að neinu haldi. Enda held jeg því fast fram, að búnaðarfjelögin muni ekkert um að fá 10—15 aura á

dagsverk, og þó að þessum styrk sje kipt í burtu, muni það á engan hátt spilla fyrir áhuga manna í umbótum á jarðrækt eða öðru, sem að búnaði lýtur.

Jeg verð að halda því fram, að sparnaðartillögur ættu helst að koma frá oss bændum, og ættum vjer þá síst að mæla á móti sparnaði í því, sem veit að oss sjálfum. Vjer skiljum best, hve brýn nauðsyn er á sparnaði, og ættum vjer því ekki að kippa oss upp við það, þó að hann bitni einnig á oss. Í sambandi við þetta skal jeg minna á, að þegar jarðræktarlögin koma til framkvæmda, getum vjer bændur búist við meiri fjárframlögum úr ríkissjóði, og er því síður ástæða til að sjá eftir, þó að þessi upphæð fjelli niður, þótt henni yrði að vísu varið til annars en fjárveitinga eftir jarðræktarlögunum.

Jeg ætla ekki að fara fleiri orðum um þessa tillögu. Hún er borin fram af þeim hug, sem jeg hefi nú lýst, og þrátt fyrir þann mikla vilvilja, sem jeg þykist vita að sje í huga háttv. þm. Str. gagnvart landbúnaðinum, þá er hann þó ekki meiri en í mínu eigin brjósti, þó að hv. þm. hafi látið það koma betur í ljós skjallega, enda hefir hann miklu betri aðstöðu til þess. Jeg legg brtt. undir dóm hv. deildar. Þykist jeg hafa sýnt sjálfsafneitun í því að bera hana fram, og mun jeg greiða henni atkvæði mitt. Meira get jeg ekki gert.

Þá á jeg 2 brtt. ásamt hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), og þó að hann sje aðalflm. að þeim báðum, skal jeg samt fara nokkrum orðum um þær af sjerstökum ástæðum.

Önnur brtt. er um að lækka styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands niður í 120 þús. kr. Jeg skal geta þess, að heima í kjördæmi mínu var þetta atriði rætt á ýmsum fundum, og komu fram margar tillögur um það, er nokkrar gengu miklu lengra en þessi brtt., og sumar svo langt, að jeg hefði á engan hátt getað aðhylst þær. Því að jeg veit, að Búnaðarfjelag Íslands hefir látið margt gott af sjer leiða, enda viljum við flm. ekki hnekkja því á neinn hátt með brtt. okkar. En við teljum sjálfsagt, að hins mesta sparnaðar sje gætt gagnvart Búnaðarfjelaginu og Fiskifjelaginu, ekki síður en í öðrum efnum Þetta er óhjákvæmilegt, þegar í það öngþveiti er komið, að menn geta ekki veitt sjer það nauðsynlegasta, en verða að hugsa um það eitt, að draga fram lífið.

Jeg hefi ekki sjeð reikninga Búnaðarfjelagsins og veit því ekki fyllilega, til hvers þessu fje er varið. En með hliðsjón af því, sem jeg hefi heyrt, að rúmar 50 þús. kr. sjeu greiddar til ráðunauta, er eðlilegt, að sú spurning vakni, hvort bændur fái þann kostnað endurgoldinn og hvort fræðsla þessara manna sje svona mikils virði. Jeg viðurkenni, að jeg get ekki fullkomlega dæmt um þetta, en þó að jeg geti ekki stutt það með rökum, leyfi jeg mjer að halda því fram, að hún sje ekki svo mikils virði, að ekki sje rjett að takmarka hana, eins og fjárhag ríkisins er komið nú. Það er með sjerstöku tilliti til þessa ráðunautaþunga, sem við flm. flytjum þessa brtt.

Um launakjör þessara manna veit jeg ekki, en þykir fróðlegt að geta þess, að laun forseta Búnaðarfjelagsins eru 8 þús. kr., og er ekkert við því að segja. Aftur á móti þykir mjer ferðakostnaður hans allhár, þar sem hann var á síðastliðnu ári 2747 kr. Þóknun til stjórnarmanna var 1250 kr., og er það hóflegt, en skrifstofukostnaður varð 10748 kr. Mjer er ókunnugt um þetta skrifstofuhald, en það virðist alldýrt, í samanburði við sumar aðrar skrifstofur, sem opnar eru alt árið. Og sje nokkur hæfa í þessu, er síst ástæða

fyrir mig eða aðra að vera óánægðir með skrifstofukostnað annarsstaðar. Stjórnarkostnaður fjelagsins er því nær 23000 kr., auk þess sem búnaðarþingið kostaði rúmlega 3000 kr.

Jeg hefi fengið þessar upplýsingar alveg nýlega, og býst jeg við, að þær sjeu rjettar. Af þeim sjest, að um 60—70 þús. kr. fara í hreinan kostnað til stjórnarhalds og ráðunauta. Og þó að ráðunautarnir veiti mönnum fræðslu, efast jeg um, að hún sje 50 þús. kr. (hjer með talinn ferðakostnaður) virði á ári, þótt erfitt sje að meta hana til fjár. Það er tilgangur minn með þessu að benda á, að fjelagið hafi of marga ráðunauta. Er það ekki sagt til að ámæla forseta fjelagsins, því að jeg efast ekki um, að hann vilji fjelaginu og öllu landinu alt hið besta. En mjer er óskiljanlegt, að meiri sparnaðar skuli ekki hafa verið gætt í þessu, eins og nú stendur á. Að segja, að það sje hart af bónda að flytja slíka brtt., er ekki frambærileg ástæða. Slíkt slagorð hefir engin áhrif á mig.

Það, sem jeg hefi nú sagt um lækkun styrksins til Búnaðarfjelagsins, á eins vel við brtt. okkar hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) um lækkun á styrknum til Fiskifjelagsins. Við höfum farið sömu leið sem gagnvart Búnaðarfjelaginu, að við förum fram á hóflega lækkun. Það verður því ekki sagt með nokkru móti, að við viljum draga taum annars atvinnuvegarins frekar en hins. Vil jeg enda mál mitt um þessar 2 brtt. með þeim orðum, að jeg vildi óska, að efnahag ríkissjóðs væri þann veg farið, að auðið væri að veita nokkur hundruð þúsunda til eflingar atvinnuvegunum, og því fje væri þá varið til þeirra hygginda, sem í hag kæmu, en ekki kastað á glæ. En leikið hefir orð á því um Fiskifjelagið, að mikill hluti styrksins færi í stjórnarkostnað. Á þar því sama við og jeg hefi sagt um Búnaðarfjelagið. Annars sannast það oft, að það fara ekki æfinlega saman hyggindi, sem í hag koma, og vilji á því að verða að góðu liði sem forráðamaður þess, er gera skal.

Jeg hefi ekki gengið þess dulinn, að slíkar tillögur sem þessar muni verða til þess, að sagt verður, að sá bóndi, sem leyfir sjer að bera þær fram, sje fífl og andstæðingur sinnar eigin stjettar. Jeg er nú orðinn svo veraldarvanur, að jeg mundi ekki kippa mjer upp við slík svigurmæli, þó að þeim yrði beint að mjer eða sögð um mig að baki, sem sennilegra er að verða mundi, því að menn eru öllu vanari að beita vígtönnunum að baki manna en framan að þeim. Jeg læt mjer á sama standa um það.

Þá hefi jeg ennþá leyft mjer að bera fram brtt. ásamt hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), undir lið XXVIII, við 16. gr. Jeg býst við, að jeg geti látið mjer nægja það, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði um þessa brtt. í gær, og það, sem hv. aðalflm. segir um hana þegar hann væntanlega tekur til máls. Jeg tel, að fje því, sem ætlað er til markaðsleitar fyrir íslenskar afurðir, sje vel varið, og jeg vænti því, að hv. þm. taki þessari till. vel, þótt hún að vísu miði í útgjaldaáttina. Jeg skal aðeins taka það fram, að jeg flyt till. með það fyrir augum, að aðaláherslan verði lögð á að leita markaðs fyrir kjöt. Er mjög nauðsynlegt, að tilraunir verði gerðar í þessa átt. Hinsvegar hefir svo mikið verið gert að þessu hvað sjávarafurðir snertir, að jeg tel, að vel megi við það una nú sem stendur.

Þá kem jeg að brtt. minni undir lið XXXII, við 18. gr. II. e. 12. Er þetta raunar nýr útgjaldalíður, en svo smávægilegur, að sumir hv. þm. hafa jafnvel hent

gaman að því. En till. fer fram á, að Guðmundi Björnssyni barnakennara á Bíldudal verði veittar 100 kr. á ári í viðurkenningarskyni fyrir langt og vel unnið starf í þágu barnafræðslunnar. Hann hefir verið barnakennari í 35 ár og lagt alla sína krafta fram til þess, og það af áhuga fyrir málefninu, en lengstum borið lítið úr býtum. Hann er maður að miklu leyti sjálfmentaður, að öðru leyti en því, að hann hefir tekið próf við búnaðarskólann í Ólafsdal, og hefir unnið að barnafræðslunni á þjóðlegum grundvelli. Og jeg held, að allir geti orðið mjer sammála um það, að þeir menn sjeu viðurkenningarverðir, sem í kyrþey hlynna að heimafræðslunni og sem lausir við alla eigingirni kosta kapps um að rækta hugtún þjóðarinnar.

Eins og öllum er kunnugt, hafa ekki alls fyrir löngu verið gerðar þær breytingar á barnafræðslunni, að þeir einir eiga kost á kennarastöðu, sem hafa átt völ á því að ganga í skóla og ljúka kennaraprófi. Þetta hefir heldur ekki farið framhjá þeim manni, sem hjer um ræðir. Eins og jeg gat áður um, hefir hann stundað kenslustörf mjög lengi, fyrst og fremst frá 1889 til 1907, er fræðslulögin gengu í gildi, og þó jafnan nokkuð síðan, og seinast í vetur hefir hann tekið nokkur börn til kenslu. Hlutskifti hans síðari árin hefir aðallega verið það, að taka að sjer þau börnin, sem námið hefir gengið stirðast, og geta allir, sem nokkuð þekkja til kenslu, gert sjer í hugarlund, hversu aðlaðandi starf það sje. Hann hafði nú fyrst hugsað sjer að fara fram á að njóta sömu rjettinda sem aðrir barnakennarar, og fór jeg í þeim erindum til fræðslumálastjóra og kennara hjer í bæ, sem helst hafa um þau efni að segja. Jeg verð að segja, að þeir vildu gera alt, sem í þeirra valdi stóð, fyrir hann, en það strandaði á því, að hann hafði ekki borgað í styrktarsjóð kennara. Annars hefði jeg ekki leitað til þingsins með þetta, því mjer er óljúft að vera bónbjargamaður. En jeg er þess fullviss, að þetta er maður, sem er frekar þess verðugur en óverðugur, að þingið sýni honum samhug sinn með því að veita honum þessa litlu upphæð.

Eins og jeg gat um áður, þá veit jeg til þess, að sumir hv. þm. eru hissa á því, að farið skuli vera fram á svona litla fjárhæð. En hins ber þó að gæta, að fyrir gamla menn, sem sjaldan hafa haft úr miklu að spila og beygðir eru af elli og harmi, þá eru 100 kr. þó nokkurs virði í þeirra augum. En það skal jeg taka fram, að jeg hefði viljað hafa upphæðina miklu hærri, því þess tel jeg viðkomandi mann maklegan, en fjárhagsins vegna fór jeg ekki lengra en þetta.

Að lokum skal jeg láta þess getið, að jeg hefi í höndum vottorð frá sóknarpresti, sem styður mjög þessi ummæli mín.

Þá hefi jeg farið nokkrum orðum um brtt. mínar. Það er mjer mjög fjarri að vilja sýna hv. fjvn. nokkra áreitni, en get þó ekki að því gert, að mjer finst hún hafi sumstaðar farið of langt í því að færa fram áætlun stjórnarinnar útgjaldamegin. Þannig áætlar hún búnaðarskólanum á Hólum 3000 kr. til ljóss og hita, í stað 2500 kr. í áætlun stjórnarinnar. Sama lið við Hvanneyrarskólann færir hún fram um 1000 kr. frá því sem stjórnin hefir áætlað, úr 2000 kr. upp í 3000 kr., og ljós og hita við Eiðaskólann úr 2500 kr. í 3500 kr. Jeg efa ekki, að hv. fjvn. hafi gert þetta vegna þess að hún ætli, að þessar upphæðir fari til þessa. En mundu ekki þessar stofnanir reyna að fara gætilegar í þessari eyðslu, ef þær vissu, að meira fje væri ekki áætlað í þessu skyni? Það er á þessu sviði eins og öllum öðrum,

að gæta verður hins fylsta sparnaðar, og því er ekki rjett að gefa mönnum undir fótinn með of háum áætlunum. Mun jeg því greiða atkvæði móti þessum brtt. hv. fjvn.

Jeg vil ekki tefja tímann með löngum umræðum. Má og vel vera, að þessi orð mín hafi valdið því, að einhverjir finni sig knúða til að mótmæla, og gefst mjer þá væntanlega færi á að svara aftur. Annars hefi jeg ekki trú á því, að langar umræður hafi mikla þýðingu, því jeg geri ráð fyrir, að flestir hv. þm. viti nokkurnveginn strax, hverju þeir verði með og hverju á móti, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur.

Halldór Stefánsson: Jeg skal ekki fara út í almennar umræður um fjárlögin nú, þó til þess væri nokkur ástæða. Skal jeg því aðeins minnast á einstaka brtt., sem jeg flyt ásamt öðrum háttv. þm. Um þær get jeg þó verið stuttorður, þar sem hv. meðflutningsmenn mínir hafa þegar minst þeirra að nokkru leyti.

Vil jeg þá fyrst minnast á brtt. okkar háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) á þskj. 196, XXVII, um hækkun á fje til markaðsleitar erlendis fyrir íslenskar afurðir. Þessi tillaga hefir þegar sætt andmælum frá hv. 2. þm. Rang. (KlJ), sem aðallega voru bygð á því, að undanfarið hafi verið gert eins mikið í því og hægt hafi verið. En þar til er því að svara, að „sjaldan fellur eik við fyrsta högg," og þó að mikið sje ef til vill búið að gera í þessu efni, er ótrúlegt, að ekki sje hægt að gera meira. Og með þeim hugsunarhætti, að gefast þegar upp eftir fyrstu tilraun, verður sjaldan komist langt. Jeg vil benda á, að bættir markaðir og markaðsskilyrði eru sama sem aukin framleiðsla, og aukin einmitt á hinn hagkvæmasta hátt, því að sú aukaframleiðsla er fljótfengnust og fæst án verulega aukins erfiðis. Aukin framleiðsla í þessum og öðrum skilningi bætir aftur efnahag þjóðarinnar, og bættur efnahagur eykur tekjur í ríkissjóð. Það gæti því blátt áfram verið praktiskt mál fyrir ríkissjóðinn að veita það fje, sem tillagan fer fram á.

Jeg lít svo á, að sjerstaklega sje ástæða til að leggja mikla alúð við þetta. Fyrst og fremst fyrir þá sök, að bannmenn krefjast mjög eindregið, að gert sje alt, sem mögulegt er, til þess að leitast fyrir um markað fyrir íslenskan saltfisk, svo að hægt sje að losna undan oki Spánverja. Og í öðru lagi hin knýjandi nauðsyn þess að leitast fyrir um bætt markaðsskilyrði fyrir íslenska saltkjötið.

Þá sný jeg mjer að brtt. okkar hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) á þskj. 196, XXXV, um alt að 200 þús. kr. ábyrgð fyrir klæðaverksmiðju á Austurlandi. Hv. meðflutningsmaður minn hefir nú minst á hana, og get jeg því verið stuttorður. Menn hafa altaf nú á síðari tímum sannfærst meir og meir um það, að það væri lífsskilyrði fyrir þjóðirnar að vera sem mest sjálfum sjer nógar. Um þetta hafa menn sannfærst nú á síðustu tímum, m. a. af hinu mikla tollastríði þjóða á milli.

Í þessu atriði erum við illa settir, þar sem framleiðsluvörur okkar eru svo fáar. En því meir knýjandi er ástæðan til að reyna að gera þær sem fjölbreyttastar, og vil jeg í því sambandi minna á ullariðnaðinn, sem ennþá er á mjög lágu stigi hjá okkur, þar sem við sendum mestalla ull okkar út úr landinu sem hrávöru, en flytjum aftur inn ógrynni af allskonar vefnaðarvöru, og borgum þannig útlendingum öll vinnulaunin. Þetta er al-

kunnugt og margviðurkent af öllum, og þar á meðal þinginu, því að á mörgum síðari þingum hefir verið stutt að því að reyna að vekja áhuga fyrir því að auka hinn innlenda ullariðnað. Með það fyrir augum skipaði þingið milliþinganefnd, til þess að gera tillögur í þessu máli, sem hún hefir nú fyrir nokkru skilað. Um þær skal jeg ekkert tala hjer.

Á Austurlandi hefir verið mikill áhugi á þessu ullariðnaðarmáli og skilningur á þeirri miklu þýðingu, sem það hefir, bæði fyrir hag einstaklingsins og þjóðarinnar í heild sinni. Hafa Austfirðingar því látið rannsaka þar skilyrðin fyrir slíkri verksmiðju. Niðurstaða þessara rannsókna hefir orðið sú, að staðhættir eru taldir þar góðir, ágæt aðstaða með vatnsafl og ullarframleiðsla meir en næg, svo að hægt yrði að reka þar fullkomna verksmiðju. Stofnkostnaður verksmiðju á borð við Gefjuni, eða nokkru stærri, hefir af verkfræðingi verið áætlaður 500—600 þús. kr. Og áhuginn fyrir stofnun þessa fyrirtækis er svo mikill þar eystra, að þegar hefir safnast í hlutafje milli 80 og 90 þús. kr. aðeins í þremur hreppum.

Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að menn hafa ekki verið á einu máli um það, hvaða staður væri heppilegastur fyrir þessa verksmiðju, og hefir þó aðallega verið talað um Reyðarfjörð eða Seyðisfjörð. Þessir staðir hafa báðir líka aðstöðu til vatnsafls og samgangna á sjó, og er að því leyti ekki gott að gera upp á milli þeirra. Við flm. höfum bundið ábyrgðarheimild þessa við Reyðarfjörð, meðfram til þess að skera úr deilu þessari, svo að hún hamli ekki framgangi málsins. Líka lítum við svo á, að þar sjeu öllu betri skilyrði fyrir hendi hvað snertir samband og samgöngur við ullarframleiðendur, því að þaðan eru greiðastar samgöngur við Fljótsdalshjerað, sem er stærsta ullarframleiðsluhjerað Austurlands. Að ákveða þetta svona teljum við hafa þýðingu fyrir áhuga manna um hluttöku í fyrirtækinu.

Jeg mintist áðan lauslega á nefnd þá, sem sett var til að athuga þetta ullariðnaðarmál. Komst hún að þeirri niðurstöðu, að heppilegast myndi verða að hafa eina allsherjarullarverksmiðju fyrir alt land, en ekki fjórðungsverksmiðjur. Um þetta atriði eru vitanlega mjög skiftar skoðanir, en við flutningsmenn erum sammála um það, að velja beri fjórðungsverksmiðjurnar, því það er betur fallið til að efla áhuga almennings, vegna þess að þá geta menn verið í beinna og nánara sambandi við verksmiðjuna og þá mun hver fjórðungur reyna að búa að sinni verksmiðju. En aftur á móti er jeg hræddur um, ef aðeins væri ein allsherjarverksmiðja, þá myndi áhuginn ekki verða eins almennur, þar sem fjöldinn stæði svo langt frá verksmiðjunni. Gæti jafnvel farið svo, að hún vekti ekki meiri áhuga en erlendar verksmiðjur.

Þá er okkur það einnig nokkur þyrnir í augum, ef svo færi, að verksmiðja þessi yrði reist hjer í Reykjavík, því að eins og nú hagar til með útsvarsálagningar á landi hjer, eru engin takmörk fyrir því, hvað slíku fyrirtæki gæti orðið íþyngt með sköttum. Gæti það óneitanlega orðið til þess að draga úr heillavænlegum árangri hennar.

Það, sem við meðal annars höfðum í huga er við bárum fram þessa tillögu, var það, að fá þingið til að láta í ljós, hvort það vildi styðja að þessu máli og á þann hátt glæða og viðhalda áhuga fólksins fyrir því. Því að ella mætti búast við

því, að almenningur misti alla von um, að fyrirtækið gæti komist í framkvæmd, og legði árar í bát.

Að því er snertir formið á brtt. okkar, þá höfum við farið fram á, að þingið veiti stjórninni heimild til þess aðeins að ábyrgjast ákveðinn hluta stofnkostnaðar. Í fjárlögum fyrir 1 eða 2 árum hjet þingið láni í þessu skyni, en okkur þótti ekki fært að fara fram á slíkt nú, og kusum því að hafa það aðeins ábyrgðarheimild.

Ef þingið lítur á þetta mál líkt því sem það hefir áður gert, hlýtur það að vilja styðja þessa viðleitni, og má jeg þá óhætt lofa því, að einstaklingarnir munu þá og leggja fram krafta sína til að koma þessu máli í framkvæmd.

Jeg þarf ekki að minnast á tillögu okkar hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), því að hún hefir verið tekin aftur. Annars er það mjög sanngjörn krafa, sem hjer var farið fram á, að presturinn á Skeggjastöðum fengi dálítinn viðbótarstyrk, þar sem hann hefir lagt fram úr sínum eigin vasa milli 10 og 20 þúsundir, en hefir ekki fengið nema 5 þús. króna framlag úr ríkissjóði, sem hann verður þó að borga fulla vexti af, og 5 þús. króna lán, sem á að endurborgast með vöxtum, og þetta til að reisa varanlegt hús á embættissetri, og öll umbótin — eins það, sem hann hefir lagt fram af eigin fje — er og verður eign ríkisins.

Jeg ætla þá þessu næst að minnast á ummæli hv. þm. Ak. (BL) um fjárveitinguna samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna. Þingmaðurinn komst svo að orði, að það væri óviðkunnanlegt að vera að kaupa bændur til að gera umbætur á sínum eigin jörðum. Jeg held, að það væri sönnu nær að snúa þessu við og segja, að þetta fje væri veitt sem lítill partur af endurgjaldi til bænda fyrir það að skila jörðum sínum — hvort sem væri í eigin ábúð eða leiguábúð — í betri rækt og yfir höfuð verðmætari til eftirkomandi þegna og borgara þjóðfjelagsins. Þetta er ekkert sjerstakt fyrir okkur hjer. Þetta er viðurkent og algengt alþjóðaráð, gert algerlega af þjóðhagslegum ástæðum. Þetta er gert með það fyrir augum að efla ræktun landsins og gera landið þannig í einu betra og byggilegra, gert til þess að færa út möguleikana fyrir því, að sem flestir geti lifað á landinu og við sem best kjör. Þeir, sem leggja fram fje til ræktunar, njóta þess ekki nema að parti sjálfir, en landinu er skilað verðmeiru og betra. Þetta er aðeins að skoða sem „praktiskt" ráð til þess að auka meðaldugnað þeirra, sem við landbúnað fást. Það má auðvitað segja, að þessa þyrfti ekki við, ef allir væru fyrirmyndarmenn að dugnaði, en það verður að taka mennina eins og þeir eru. Jeg skal játa það, að ef jeg hefði jafnþröngan hugsunarhátt um þetta atriði eins og hv. þm. Ak. (BL), þá mundi jeg líta á þetta mál eins og hann, en því fer fjarri, að svo sje. Og þó að hann geti ekki eða vilji ekki skilja þetta, þá er það hans sök sjálfs og honum ekki of gott að berja höfðinu við steininn.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á fjárveitinguna til búnaðarfjelaganna, 10 þús. kr. Það hefir komið fram till. um að fella þessa fjárveitingu niður. Geri jeg það ekki að neinu kappsmáli, en jeg hygg þó, að rjettara væri að halda styrknum og skoða hann þá sem endurgjald til fjelaganna fyrir að láta mæla og gefa skýrslu um jarðabætur sínar. Tel jeg það nauðsynlegt fyrir hagfræðina.

Jeg vil nota tækifærið til þess að leiðrjetta ummæli hv. þm. Barð. (HK) út af styrknum til Búnaðarfjelagsins. Tók jeg svo eftir, að hann segði, að af styrknum færu 55 þús. kr. til launa ráðunauta fjelagsins. Jeg veit, að þetta er ekki rjett, og vil því ekki láta það óleiðrjett. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið um þetta, þá hafa laun ráðunauta ásamt búnaðarmálastjóra numið síðastliðið ár samtals 38400 kr., en fyrir yfirstandandi ár er búist við, að þau nemi kr. 34698,66. Við þetta er þó það að athuga, að ef þúfnabaninn verður starfræktur, þá er ekki búist við, að fjelagið greiði nema hálf laun eins ráðunautsins, og lækkar þá fjárhæðin niður í 32 þús. kr.

Að lokum vildi jeg beina þeirri spurningu til hv. fjvn., hvort hún áliti ekki ástæðu til að taka til athugunar til 3. umr., hvort ekki væri rjett að gera róttækari tillögur um sparnað fyrir ríkissjóð, því að hv. frsm. (ÞórJ) hefir lýst yfir því, að það væri mögulegt.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg á hjer nokkrar brtt. og get sem ýmsir aðrir háttv. þm. hælt mjer af því, að þær snerta lítið kjördæmi mitt. Jeg vildi þá fyrst minnast á brtt. viðvíkjandi lánsheimild til þess að kaupa tóvinnuvjelar. Slík lánsheimild hefir áður staðið í fjárlögum og komið að góðu gagni. Lít jeg svo á, að ekki beri að fella slíka heimild niður, því að Alþingi er að mínu viti skyldara að hvetja en letja menn til að efla tóvinnuna. Það hefir komið fram sú uppástunga, að heppilegt væri að reist yrði ein slík verksmiðja í nánd við Reykjavík. Skal jeg ekkert um það segja, hversu holt það væri, en jeg veit, að slíkt væri vel framkvæmanlegt og æskilegt úti um land. Slíkar verksmiðjur eru ekki nema á 2 stöðum á landinu. Kembingarvjelar eru undirstaðan undir heimilisiðnaðinum. Fyrst koma þær, svo spunavjelarnar, þá prjónavjelar og vefstólar, og eru kembingarvjelar þannig undirstaða heimilisiðnaðar. Tel jeg þessa leið mjög æskilega, í stað þess að flytja iðnaðinn burt frá heimilunum, og skapa með því verksmiðjulýð, sem nú er eitt hið mesta vandræðaviðfangsefni annara þjóða. Lánsheimild þessi er, eins og allar aðrar lánsheimildir, því skilyrði bundin, að ráðuneytið sjái sjer fært að veita lán. Frá fjárhagslegu sjónarmiði er því ekkert á móti till., en hinsvegar gæti hún orðið hvöt fyrir menn til eflingar tóvinnunni. Er sjerstök ástæða til slíkrar hvatar nú, því það er ekki gott að leggja innflutningsbann og verndartolla á slíka iðnaðarvöru án þess að þing og stjórn geri annað og meira til að efla iðnaðinn í landinu. Þinginu ber skylda til þess að gera landið sjálfu sjer nógt, eftir því sem hægt er.

Þá á jeg aðra brtt. um það, að taka aftur upp í fjárlögin styrk til handritaskrár Landsbókasafnsins. Jeg bar fram till. um það áður, að feld yrði niður fjárveitingin til að gefa út manntalið 1703, og jeg óskaði þess þá, að þeirri till. minni fylgdu ekki aðrir en þeir, sem ætluðu að fylgja mjer um hina. Þar sem handritaskráin er mikið nauðsynlegri en manntalið, sem nú er samþykt, þá er jeg öruggur um þessa till. mína. Um nauðsyn handritaskrárinnar þarf jeg ekki að tala sjerstaklega. Jeg veit, að hv. þm. er ljóst, hversu mikill fjársjóður liggur grafinn í handritasafni Landsbókasafnsins. Handritaskráin grefur upp þann fjársjóð til almenningsafnota.

Jeg vil svo leyfa mjer að fara nokkr-

um orðum um brtt. annara hv. þm. og brtt. hv. fjvn. — Hv. fjvn. gerir það að till. sinni, að feldur verði niður styrkurinn til Þórbergs Þórðarsonar til orðasöfnunar. Tel jeg það mjög óheppilegt, þar eð maður þessi vinnur að starfi, sem ilt er að fresta. Það væri hægt að fresta því með góðu móti, ef hjer væri um orðasöfnun úr bókum að ræða, en ekki úr hinu lifandi máli. Nú standa einmitt yfir miklir breytingatímar á menningarháttum þjóðarinnar; því ber mikla nauðsyn til að safna nú því, sem rammíslenskt er í málinu og ekki er í letur komið. Jeg skal játa það, að það eru margir líkir styrkir, sem verður að fella niður sakir fjárhagsörðugleika þjóðarinnar, en jeg er sannfærður um, að það megi síst fella þennan styrk niður. Jeg veit, að margir hafa skoðað styrk þennan sem bitling, en það er ekki rjett. Maður þessi vinnur ekki einn að orðasöfnuninni, heldur hefir hann um 300 menn úti um alt land sjer til hjálpar. Ef hann fengi ekki styrkinn, yrði þessi starfsemi að falla niður, því hann hefir þurft að ferðast mikið um landið vegna þessarar orðasöfnunar. Auk þess er Þórbergur Þórðarson merkilegur maður fyrir margra hluta sakir. Hann er skáld gott og hefir þar að auki skrifað upp sögur og önnur þjóðleg fræði. Er það trú mín, að hann muni verða talinn merkilegur maður í sögu þjóðarinnar engu síður en Ólafur Davíðsson og fleiri, sem þingið teldi sjer skylt að styrkja, ef lifðu. Vona jeg að hv. deild felli ekki styrkinn.

Þá er það annar styrkur, sem hv. fjvn. leggur til að verði feldur niður; en það er styrkurinn til ekkju Jóhanns heitins Sigurjónssonar skálds. Skil jeg ekki vel þá athugasemd hv. nefndar, er hún segir, að ekki sje vert að veita henni þennan styrk, vegna þeirra upplýsinga, sem fyrir liggi um hana. Mjer hefir altaf skilist svo, að styrkur þessi hafi ekki verið veittur konunni hennar vegna, heldur vegna ritfrægðar Jóhanns, og jeg fæ ekki sjeð. að sú ástæða sje fallin niður nú. Ef hv. nefnd á við það, að konan hefir lent í óláni, þá virðist mjer það frekar vera ástæða til að hækka styrkinn, en ekki að fella hann niður. Kona þessi var efnuð er hún giftist Jóhanni heitnum, en þau efni gengu til þurðar í búskap þeirra. Annars skal jeg ekkert um það segja, hvað satt er í því, sem blöðin hafa skýrt frá um konu þessa, en jeg hefi það eftir kunnugum manni, að frásagnirnar sjeu mjög ýktar. Konunni er að mörgu leyti vorkunn, því að eftir lát manns síns varð hún að flytja í versta hverfi Kaupmannahafnar — og þess geldur hún nú. Þær ástæður, sem hvöttu þingið til þess að veita henni þennan styrk, eru ekki fallnar niður; það var gert vegna Jóhanns heitins, sem hafði gert þjóðinni sóma með ritum sínum. Hann er ásamt fornsögum vorum og íslenskri síld — ef jeg mætti nefna hana í svo heiðarlegum „selskab" — hið eina, sem miljónir manna þekkja frá Íslandi. Jeg vænti því, að þingið sjái sóma sinn og felli ekki þennan styrk niður.

Þá hefir hv. fjvn. gert till. um skólamál og leggur yfirleitt til, að úr þeim sje dregið. Vil jeg þá fyrst minnast á kennaranámsskeið, sem haldið er hjer á vorin. Það hefir hlotið styrk áður, en nú leggur hv. nefnd það til, að hann falli niður. En jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að styrkur þessi fer alls ekki í laun handa kennurum námsskeiðsins, því að þeir menn eru allir í þjónustu ríkisins. Hefði jeg skilið þessa till. hv. nefndar, ef styrkir til ýmsra annara skóla, t. d. námsskeiðs húsmæðra, sem líkt er ástatt um, hefðu

verið lagðir niður. Með því að fella niður þennan styrk missir landið 6 vikna starf manna, sem eru í þjónustu þess hvort eð er. — Þá vildi jeg nefna það, að háttv. nefnd vill lækka styrkinn til iðnskólans. Er það mjög ómaklegt. Skólinn hefir nú starfað í 50 ár, en var gerður að föstum kvöldskóla fyrir 20 árum. Árin 1906—10 hafði skólinn 5 þús. kr. styrk, og verður því tæplega litið svo á, að 6 þús. kr. sje of mikið nú. Njóta margir menn kenslu við skólann, enda hefir því verið lýst yfir í þessari hv. deild, að skólinn gerði mjög mikið gagn. Hafa iðnaðarmenn lagt á sig þá kvöð að greiða 75 kr. á ári með hverjum nemanda, sem skólann sækir, og er það eigi lítil fjárhæð. Það hefir áður verið minst á samvinnuskólann. Hefir hv. fjvn. lagt það til, að styrkurinn til hans yrði lækkaður um sömu fjárhæð og styrkurinn til iðnskólans. Jeg vildi aðeins geta þess í þessu sambandi, að samvinnuskólinn er enginn sjerskóli sem verslunarskóli, heldur veitir hann mönnum, auk sjerfræðinnar, almenna fræðslu. Bókfærsla er kend þar að ⅓ hluta, tungumál að ⅓ og fjelagsfræði allskonar, svo sem alt, er að kaupfjelags- og samvinnufjelagsskap lýtur, að ⅓. Tel jeg því mjög ómaklegt að lækka þennan styrk, þar eð skólinn er eigi neinn sjerskóli, heldur almennur unglingaskóli, en marga þá skóla hefir háttv. nefnd ekki lækkað.

Þá kem jeg að kvennaskólanum í Reykjavík. Hefir einnig komið fram tillaga um að lækka hann. Er það mjög misráðið, sjerstaklega þegar þess er gætt, að það mun vera einn hinn ódýrasti skóli í rekstri á öllu landinu. Býr skólinn við mjög örðug kjör, þar sem hann á ekki húsnæði sjálfur, en verður að leigja það. Fara til húsnæðis og ljósa um 10 þús. krónur af styrk þeim, sem áætlaður er í fjárlögunum. Er mjer kunnugt um það, þar eð jeg hefi kent við skólann, að honum er mjög vel stjórnað. Ætla jeg mjer ekki að fara mörgum orðum um þessa till., því jeg býst við, að hv. þm. sje það ljóst, að mentun kvenna er ekki of mikið styrkt, þó að þessi styrkur fái að halda sjer.

Jeg er hv. fjvn. þakklátur fyrir það, að hún hefir tekið upp aftur í fjárlagafrv. styrk þann til leiðbeiningar við húsagerð í sveit, sem landsstjórnin feldi niður. Er öllum kunnugt um, að slíkur styrkur er mjög nauðsynlegur, enda hefir hann komið að góðum notum.

Það er ekki nóg fyrir sveitabændur að fá húsateikningar frá Reykjavík. Þeir þurfa að eiga kost á manni, sem getur leiðbeint um, hvernig húsin eigi að byggja. Víða hjer á landi eru hús köld, saggasöm og veggir sprungnir, og stafar þetta vitanlega af vanþekkingu á að reisa þau. Sparnaðurinn má ekki hamla endurbótum í húsagerð, því það er einhver brýnasta þjóðarnauðsyn. Í þúsund ár hefir ekki verið meira fje eytt til annars hjer á landi en til húsabygginga. Við höfum bygt ljeleg hús, sem hafa fúnað fljótt og þurft að endurreisa á 20—50 ára skeiði. Í þetta hefir þjóðarauðurinn farið, og heimilismenningin hefir svo fúnað niður með moldarkofunum. Mjer er kunnugt um það, að maðurinn, sem þessi styrkur er veittur, hefir margt vel gert. Mjer er kunnugt um tvö hús á Vesturlandi, sem bygð voru á sama tíma; annað var bygt eftir teikningu húsameistara ríkisins, og kostaði hver ten.m. 68 kr. Hitt var bygt eftir fyrirsögn Jóhanns, og kostaði ekki nema 29 kr. hver ten.m., og var þó fyrirmyndarhús að öllum frágangi. Þetta dæmi eitt sýnir ljóslega, hve mikil nytsemd má verða af störfum þessa manns,

enda vinnur hann sjálfur að steypunni og kennir þá um leið öðrum þetta starf. Jeg lít svo á, að þessum manni beri skylda til að gefa út rit til leiðbeiningar í þessum efnum, enda hefir hann lýst því yfir, að hann myndi gera það svo fljótt sem kostur er á. Hingað til hefir hann leitast við að safna reynslu um það, hvað væri haldbest við byggingar. Eftir að hafa aflað þessa fróðleiks er hann fær um að skrifa leiðbeiningar til almennings.

Í sambandi við þetta vil jeg minnast á síðustu brtt. mína. Hún er smá að fjárhæð, en stór að því er efni snertir. Er þar farið fram á að veita 1000 kr. til verðlauna fyrir ágætustu teikningar og tillögur um híbýlaprýði. Eins og kunnugt er, er gamli stíllinn hjer á landi alveg að hverfa. Gömlu baðstofurnar, þar sem rúmin stóðu með heimaofnum ábreiðum sitt til hvorrar handar undir skörðuðum súðum, eru að hverfa úr sögunni. Í stað þeirra eru komin teningslöguð herbergi, sem ekkert er til í, ekki vegna fátæktar einnar saman, og því síður vegna smekkleysis fólksins, heldur vegna þess, að fólkið hefir engar fyrirmyndir neinstaðar frá. Þegar flutt var úr gömlu baðstofunni í nýja húsið, var ekkert það an að flytja, því húsgögnin voru föst. Afleiðingin er sú, að í nýja húsinu er ekki um önnur húsgögn að ræða en ef til vill eina kommóðu og nokkra stóla úr kaupstað, þó enginn sparnaður sje að hafa stóla heldur en fasta bekki, sem væru þá smíðaðir heima og útskornir eftir hagleik og hugviti íbúanna. Þannig hygg jeg, að mætti forða töluverðu fje, sem nú fer til útlanda að óþörfu, og sem aðeins er til menningarspillis. Á þann hátt gæti till. mín verið sparnaðartill., eins og nauðsyn er um allar till. nú, ef þær eiga að ná framgangi. Sparnaðurinn er í því fólginn að leiðbeina fólki til að lifa af eigin störfum og hagleik.

Einnig er mikil menningarbót að því, að fólkið fáist til að skapa sjálft heimili sín í ríkara mæli en hingað til. Í seinni tíð hefir lítil rækt verið lögð við að glæða fegurð heimilanna og ekki verið fje til þess varið. Þessi till. mín stendur í nánu sambandi við till hv. fjvn., og leyfi jeg mjer því að vænta stuðnings hennar. Menning heimilanna á að geta geymst í híbýlunum og gengið mann fram af manni, í stað þess að fúna niður jafnóðum með hverri kynslóð. Atvinnuvegirnir eru einskis nýtir, ef þeir styðja ekki holla og fagra menningu. Ekki er það til of mikils mælst af svo göfugri samkomu sem þessari, að hún hafi eitthvað af hugarfari konunnar, sem keypti smyrsl fyrir aura sína, í stað þess að gefa þá fátækum. Fjárhagsvandræði okkar munu lengi standa yfir, og ekki gott að slá öllu á frest, sem til menningar horfir, þangað til þeim linnir, enda mun seint úr rætast, ef menn geta ekkert annað til fundið þjóðinni til viðreisnar en nábleikan sparnað, en þann sparnað kalla jeg nábleikan, sem ekki þekkir önnur verðmæti en sparisjóðsbækur.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það er nú liðinn sólarhringur síðan jeg talaði síðast, og æðimarga punkta hefi jeg skrifað niður; en af því svo langt er liðið, býst jeg við, að farið sje að fyrnast yfir sumt af því, sem sagt hefir verið.

Jeg vil taka það strax fram, að tiltölulega fátt hefir verið fundið að störfum fjárveitinganefndar að þessu sinni, og ýmsir látið í ljós, að þeim þætti

störfin heldur góð. Fyrir það get jeg þakkað; en hinu ætla jeg að reyna lítillega að svara. Fyrst er þá háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF). Hann átti fyrir tveim till. að mæla, um launauppbót fyrir fiskimatsmennina, sem nefndin var mótfallin. Hitt atriðið var Flensborgarskólinn. Er eðlilegt, að hv. þm. finni að gerðum nefndarinnar í þessu efni, því þarna er hann kunnugur og þykir vænt um skólann.

Jeg skal strax taka það fram fyrir hönd nefndarinnar, að till. hennar er alls ekki fram komin af því, að hún viðurkenni ekki fyllilega nauðsyn þessa skóla. Heldur er það af því, að hún vill spara ríkissjóði það, sem hægt er, og leggja á viðkomandi hjerað eitthvað af kostnaðinum. Skal jeg ekki fjölyrða um þetta, því jeg mun koma að því seinna. Háttv. þm. taldi þennan skóla þann besta, sem við ættum, og hefði hann starfað í 40 ár.

Sama var sagt um kvennaskólann og að hann hefði starfað í 50 ár. Þetta heyrum við alstaðar að. Hvaða hugvekju mundi þetta nú gefa þeim mönnum, sem mest halda fram þessum skólum? Mundi það ekki benda á, að það sje ekki rjett að leggja niður skólana sem prívatskóla og velta þeim yfir á ríkið? En þó halda þessir sömu menn því fram, að ríkið eigi að taka við skólunum og reka þá alveg á sinn kostnað.

Hæstv. fjrh. fann sjerstaklega að gerðum nefndarinnar í skólamálunum og taldi þessa leið, sem við höfum valið, alveg ranga og að uppástungur nefndarinnar bygðust á breytingu á gömlum greiðslufyrirkomulagi, og kvað stofnanirnar, sem hlut eiga að máli, ekki eiga sök á fjárhagsvandræðunum. Það mun rjett vera, nema að því leyti sem sumar stofnanir eru ágengari en aðrar á ríkissjóð og með ósanngirni og frekju krefjast fjárins eins og hjer á sjer stað.

En það, sem nefndin fer hjer fram á, er ekkert nýmæli. Hvarvetna þar, sem stofnsett eru einhver nytjafyrirtæki, hvort sem það eru skólar eða annað, eru þær sveitir eða hjeruð, sem fyrirtækinu hrinda á stað, vanalega öflugustu stuðningsmennirnir, þrátt fyrir það, þó það sje til landsnytja. Þetta er líka eðlilegt, því fyrirtækin spretta upp af *sjerstakri* þörf þar, sem þau myndast, og þannig er það með skólana hjer.

Hæstv. fjrh. var að tala um það, að ríkissjóður hefði betri aðstöðu til að ná tekjum sínum og fleiri gjaldstofna til að leggja á en bæirnir. Þetta er rjett og ekki rjett. Í raun og veru er gjaldþolið sá einasti gjaldstofn, sem lagt er á, og þó ríkissjóður hafi fleiri úrræði til álagningar, þá nær hann ekki inn sköttunum nema meðan gjaldþolið leyfir. Enda koma skattar hans oft þyngst niður á þeim, sem minst hafa gjaldþolið. Afleiðingin er sú, að ríkissjóður missir talsvert af þessum tekjum. En bæjarfjelög og hreppsfjelög hafa að því leyti tryggari tekjustofna, að þau leggja á skatta eftir efnum og ástæðum, og hafa einnig betur í hendi sjer að ná sínum sköttum inn. Og þó að bæjarfjelag Reykjavíkur vilji ekki veita fje til hinna ýmsu skóla í bænum af því að þeir sjeu landsskólar, þá hefir það þó hispurslítið notað rjett sinn til þess að skattleggja Eimskipafjelag Íslands, af því að það hefir aðsetur hjer í bænum, þó það vitanlega sje landsstofnun. Þennan rjett sinn tæmir það meira en miskunnarlaust, en neitar jafnframt öllum hliðstæðum skyldum. Í þessu kemur ekkert þjóðarvíðsýni

fram, heldur þröngur sjóndeildarhringur bæjarins. Jeg veit ekki til þess, að neitt hjerað úti á landi hafi mótmælt að styðja sem því ber þær stofnanir, sem tilheyra því sjerstaklega. Því það gildir alveg sama um þessa skóla hjer í bænum og hjeraðsskóla, að þeir verða til miklu meira gagns þeim stað, þar sem þeir starfa.

Hæstv. fjrh. mintist á mentaskólann í þessu sambandi. Jeg nota því tækifærið til að minna á það, að hæstv. fjrh hefir einnig gengið inn á þessa skoðun nefndarinnar hvað hann snertir, þar sem hann hefir verið fylgjandi því, að gera mentaskólann að óskiftum skóla. En afleiðingin af því yrði sú, að Reykjavík þyrfti þá að kosta sinn gagnfræðaskóla. Hæstv fjrh. veit það líka vel, að í mentaskólanum — er jeg tók sem dæmi — og ýmsum öðrum þeim skólum, er nefndin vill láta bæinn styrkja, er ekki helmingur nemenda búsettur utan Reykjavíkur. Það er því bæði rjettlætis- og sanngirniskrafa, að bærinn greiði sinn hluta til þeirra. Þykir mjer leitt, að hæstv. fjrh. er í þessum skólamálum frekar þm. Reykjavíkur en fjármálaráðherra landsins.

Það, sem jeg hefi sagt um kvennaskólann, má ekki taka þannig, að nefndin álíti hann ekki nauðsynlegan og góðan skóla, enda hefi jeg ekki talað nema hlý orð í hans garð. Þingið hefir það hlutverk á hendi að verja ríkissjóð fyrir ágangi einstaklinga, bæjarfjelaga og hverra annara, sem tilraunir gera til þess að gera sjer hann að fjeþúfu. Mjer finst þetta vera ein af fremstu skyldum þessa þings. Bæjarfjelögin verða nú að styðja ríkissjóð, hjálpa með alúð til að stöðva fall hans og þannig vinna að þjóðarheillum. Og jeg efast alls ekki um, að þetta bæjarfjelag geti það. Það hefir nýlega lagt hundruð þúsunda í landakaup, er ekki sýnast bráðnauðsynleg; miklu fremur líklegt, að þau kaup sjeu gerð á óheppilegum tíma og að landið falli fremur í verði en hitt. En þetta bæjarfjelag vill ekki rjetta hönd til að ljetta undir með þeim skólum, sem tilheyra því og það telur nauðsynlega.

Hæstv. fjrh. gat um það viðvíkjandi kvennaskólanum, að betra hefði verið að orða þetta svo, að styrkurinn kæmi annarsstaðar frá. Já, það má vel vera, en í raun og veru kæmi það þó annarsstaðar frá úr bænum, og yrði þá skólanum haldið uppi af honum. Það var síðasta verk hæstv. fjrh. sem óbreytts þm. að gera brtt. um kvennaskólann í Reykjavík, sem fer fram á hækkaðan styrk, hærri en hann hefir nokkru sinni verið útborgaður. 1920—1921 var áætlað til skólans 14 þús. kr., en útborgað yfir 25 þús. Þetta var nefndin ekkert sjerstaklega að setja út á. En hitt telur hún ekki rjett, að þegar verið er að draga úr öllum kostnaði við skólahald, og liggur við að verði að fresta því, að fara þá að leggja til þessa skóla 4 þús. kr. framyfir það, sem nokkru sinni hefir verið veitt til hans. Nefndin hefir líka lagt til að lækka styrk til annars skóla, sem er hliðstæður þessum, kvennaskólans á Blönduósi; en það minnist hæstv. fjrh. ekkert á. Þetta gerði nefndin til að fylgja samræmi, jafnvel þó nokkur hluti hennar álíti fyrirkomulag þess skóla heppilegra og hollara en kvennaskólans í Reykjavík. Hæstv. fjrh. álítur þó rjett að lækka á honum, en hækka á Reykjavíkurskólanum.

Hæstv. fjrh. mintist á Fiskifjelagið. Honum þótti fara ærið mikið fje til stjórnar og starfsmanna, og taldi það ekki vel farið. Jeg veit ekki, hvort þetta er

rjettilega athugað, en jeg vil taka það fram, að þetta fjelag hefir margvíslegan kostnað, sendir menn víðsvegar og hefir ýmsar tilraunir með höndum, sem verður að leggja mikið í kostnað við án þess að sjá neinn árangur fyrst í stað. En það er alls ekki hægt að meta störf þessara manna fyr en eftir óákveðinn tíma. Störf eins manns geta hæglega margborgað allan kostnað, sem fjelagið hefir lagt út í þessu skyni.

Þá er hv. 2. þm. Rang. (KlJ). Hann tók í sama streng um iðnskólann og hæstv. fjrh., og þarf jeg því ekki að svara honum sjerstaklega. Þá mintist háttv. þm. á nokkra liði í till. nefndarinnar, sjerstaklega 98.—109. lið, um það að fresta prentun Alþingisbókanna, til dansk-íslenska fjelagsins o. s. frv. Mjer virðist það gagn, sem má verða að Alþingisbókunum, alls ekki vera útilokað, þó að frestað sje í svipinn að gefa þær út. Þær eru helst fyrir sögumenn, og geta þeir haft aðgang að þeim, þó þær sjeu óprentaðar.

Þá kem jeg að gjöldunum til framkvæmda jarðræktarlaganna. Það, sem öllum kemur saman um, að mesta áherslu beri að leggja á, er einmitt það, að auka framleiðsluna, og það verður ekki með öðru fremur gert en að auka ræktun landsins. Því kom nefndinni líka saman um, að síst bæri að spara á þessum lið, enda hafa borist hvaðanæva kröfur um þetta. Og nefndin sá sjer ekki annað fært en að taka þennan lið, því annars mætti segja, að brotin hefðu verið lög á landsmönnum, lög, sem þingið hefir samþykt ekki alls fyrir löngu og komin eru í gildi.

Þá mintist sami háttv. þm. á baðlyfin eða kostnaðinn við fjárkláðalækningar. Það kann vel að vera, að dregið sje úr þörfinni á þessum lið nú, en nefndin sjer enga ástæðu til að hafa þennan lið í óvissum gjöldum, þar sem vitanlegt er, að hann er orðinn fastur útgjaldaliður. Jeg veit það líka, að víða að berast raddir um það, hvað mikið þurfi að gera til að kveða fjárkláðann niður. En hvað mikil brögð sjeu að honum sem stendur, veit jeg auðvitað ekki með vissu. En væntanlega verður ekki langt að bíða þar til útrýming hans verður tekin föstum tökum, og þetta er aðeins þangað til, og má vera, að liðurinn sje of hátt áætlaður. Háttv. þm. tók fram, að baðlyf lægju hjer, og þá líklega í Reykjavík, fyrir 50 þús. kr. Baðlyfin voru keypt samkvæmt ráði dýralæknis, því það þótti tryggara. Síðan hafa þau verið notuð. En þess munu dæmi, að þau hafi drepið fje, en látið færilýsnar lifa. Jeg veit ekki, hvað hæstv. stjórn hefir gert til þess að kenna mönnum að nota lyf þessi, t. d. með útgáfu leiðbeininga. En ef þau baðlyf liggja nú enn hjer í Reykjavík fyrir um 50 þús. kr., þá tel jeg, að stjórnin fari óforsvaranlega með þau.

Þá var það fjeð, sem ætlað er, að til markaðsleitar gangi. Þá upphæð þótti hv. þm. nefndin hafa áætlað of háa. Ef hann álítur, að þær markaðsleitir, sem þegar hafa verið gerðar, sjeu tæmandi, þá er það auðvitað rjett, en annars ekki. En það getur altaf til þess komið, að mikið þurfi að gera til þessa, og því getur varla talist rangt að fara þetta hátt. Enda hefir það sýnt sig, að sumir háttv. þm. vilja setja lið þennan enn hærri.

Þá kem jeg að leiðbeiningarmanni við húsagerð til sveita. Mjer fanst hv. þm. vera allharðorður í garð þessa manns. Að vísu er það satt, að hann var seinn til að gefa skýrslu um starf sitt. Kom hún fyrst í desembermánuði, og hefi jeg nú lesið hana. Þar getur hann þess, að hann hafi minst á það við fyrverandi atvrh.

(KlJ), að hann hafi verið að fást við tilraunastarfsemi heima hjá sjer, og hafi því ekki getað farið leiðbeiningarferðir út um land, enda ekki sjerstaklega óskað eftir honum. Jeg held nú ekki, að það skifti miklu máli, hvar tilraunirnar eru gerðar. En ýmsra dómur er það, að hann hafi þegar fundið ýmislegt, sem til bóta horfir í húsagerð, en sem áður hefir verið leitað að eða verið óreynt. Hefir hann líka tekið fram í skýrslu sinni ýmislegt, sem hann telur að horfi til bóta, og er jeg því fullviss, að starf hans sje hið gagnlegasta Enda býst jeg við, að andmæli hæstv. fyrv. atvrh. (KlJ) hafi stafað af því, hvað skýrsla þessa manns kom seint, en ekki af hinu, að hann telji starfsemi hans lítils virði.

Háttv. sami þm. (KlJ) gerði lítið úr því, að þóknun fyrir þennan starfa rynni í ríkissjóð. Jeg tel þó talsverðar líkur fyrir því, að sú verði raunin á. Þessi maður hefir tekið fram í skýrslu sinni, hvað hann hafi gert utan þeirra tilrauna í húsagerð, sem hann hefir gert hjá sjálfum sjer. Hann hefir gert teikningar að tíu íveruhúsum og öðrum húsum í sambandi við þau. Og hann hefir fengið beiðni frá 5 mönnum um að hafa eftirlit með byggingu húsa, sem þeir ætla að reisa næsta sumar. Þetta sýnir, að ennþá er viðleitni uppi til sveita að bæta húsakynnin, þrátt fyrir fjárhagsörðugleikana, og þarf heldur að lyfta undir þá viðleitni en hitt. Og óviðkunnanlegt finst manni það, að um leið og stjórnin leggur til, að starf þessa manns sje lagt niður, þá greiðir hún laun aðstoðarmanni húsagerðarmeistara ríkisins, sem gerir ýmislegt, sem ríkinu ber engin skylda til að kosta, svo sem uppdrætti að læknisbústöðum o. fl., án þess að ríkinu komi nokkur borgun fyrir það.

Hv. þm. Str. (TrÞ) hefir þegar andmælt ýmsu, sem haft hefir verið á móti till. fjvn. Jeg vil samt leyfa mjer að fara lengra út í sumt af því. Kem jeg þá fyrst að skrifstofukostnaði biskups. Það má vera, að nefndin hafi áætlað hann helst til lágan. En þess er þó að geta, að einmitt í þessu atriði hafði nefndin glöggar upplýsingar að fara eftir, þar sem einn af þeim, sem sæti eiga í nefndinni, hefir áður um langt skeið verið mjög handgenginn þeim störfum, sem undir biskupsskrifstofu heyra, svo að segja má, að hann hafi alist upp með þeim. Og hann áleit, að komast mætti af með þessa upphæð. Sjálfur hefi jeg auðvitað enga sjerþekkingu á þessum málum, en nefndin áleit, að óhætt væri að taka fult tillit til þessara upplýsinga, og því heldur hún sjer við þessa tölu.

Þá er það aukakennarinn við háskólann. Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) taldi það vera samningsbrot gagnvart þeim manni að taka hann af fjárlögunum. Í þessu sambandi get jeg mint á það, að á þinginu 1921 kom fram frv. um að gera mann þennan að föstum starfsmanni við háskólann. Þær ástæður voru taldar liggja fyrir frv,. að fjvn. hefði þá þegar lofað honum starfinu áfram. Þessu var þá harðlega mótmælt, og ekki síst af hv. þm. Borgf. (PO). Frv. þetta var felt með miklum atkvæðamun. Og jeg býst heldur ekki við, að hæstv. stjórn sje þeirrar skoðunar, að hún eigi að greiða fje aðeins eftir því, sem fjvn. hefir lagt til. Sú ástæða er því fallin. Því þó þingið taki mann inn í fjárlög, þá nær sú skuldbinding þingsins ekki lengra en til þess tíma, sem fjárlögin gilda. Þingið setur ein lög þennan daginn

og önnur hinn daginn. Og hafi þessi maður, sem hjer á hlut að máli, verið látinn segja af sjer öðru starfi, til að takast þetta á hendur, þá ber þingið enga sök á því. Hafi fjvn. fengið hann til þess með loforði um að hann fengi að halda starfi sínu við háskólann áfram, þá hefir hana brostið alla heimild til þess.

Enga ástæðu sje jeg heldur til þess, að þessu atriði verði frestað til 3. umr. Og að nokkur lítilsvirðing frá hálfu nefndarinnar á þessum manni eigi sjer stað, eins og hv. þm. V.-Sk. (JK) gat til, þá verð jeg fastlega að mótmæla því. En okkur fundust störf hans vera mjög lítil, og þó hann hafi á þessu tímabili gefið út nokkur vísindarit, þá staðfestir það þetta sama, og eins myndi hann hafa getað gert það, þó hann hefði ekki verið við háskólann.

Því, sem hæstv. forsrh. (JM) sagði um skólana, hefir þegar verið svarað. Þess má geta, að nefndin var mjög samhuga um þetta atriði og eins um það að láta ákvæðið ekki ná nema til Reykjavíkurskólanna.

Hæstv. forsrh. (JM) vítti það, að styrkurinn til Jóhannesar L. Jóhannssonar orðabókarhöfundar yrði lækkaður. En nefndin gekk út frá, að hann fengi sjer annað starf samhliða orðabókarstarfinu, og styrkurinn var miðaður við styrk, sem annar maður, sem líkt stendur á um, hefir í fjárlögunum.

Þá taldi hæstv. forsrh. hina mestu fjarstæðu að lækka fjárveitinguna til veðurathuganastofunnar. Það er satt, að við urðum að taka þennan lið á okkur við sambandslögin. En við eigum samt ekki að veita meira fje í þessu skyni en þörf er á. Og jeg get gefið þær upplýsingar, að einmitt þennan lið hafði nefndin tekið til sjerstakrar athugunar og komist að þessari niðurstöðu eftir samkomulagi við forstöðumann veðurathuganastofunnar. Nefndin taldi, að hægt væri að hækka tillagið til veðurfarsbókanna, og eins hjelt hún, að meiri samvinna við landssímastjóra um veðurskeytin gæti komið til greina, og gæti þá forstöðumaðurinn komist af án aðstoðarmanns.

Jeg skal ekkert um það segja, hvort eftirlit er haft með starfseminni á ýmsum ríkisstofnunum hjer í bæ og hvort óþarfir menn sjeu þar ekki einhversstaðar. En jeg býst fastlega við, að svo sje. Og jeg veit heldur ekki, hversu mikið starf hæstv. forsrh. ætlar þeim manni, sem hjer er um að ræða, að vinna, en nefndin ætlast til, að það sje fullkomið starf. Mun nefndin ekki hörfa frá sínum tillögum um þetta. Jeg skil ekkert í því, ef formaður veðurathuganastofunnar hefir farið að kvarta yfir þessu, eftir að hann hafði þó talað við nefndina og fallist á, að þetta mætti svo vera, sem nefndin leggur til.

Þá sný jeg máli mínu til hæstv. atvrh. (MG). Hann mintist líka á kvennaskólann, og gat nú gefið þær nýju upplýsingar í þessu máli, að hann hefði átt tal um það við borgarstjóra hjer, og hefði hann sagt, að ekki kæmi til mála, að bærinn greiddi neitt til skólans. Auðvitað. Engum datt í hug, að hann mundi segja annað. Og fyrir nefndina er þetta engin ástæða.

Þá talaði háttv. þm. Ísaf. (SigurjJ) um bryggjuna á Ísafirði. Hann sagði, að ef bærinn yrði ekki búinn að koma þessari bryggju upp fyrir 1. jan. 1925, þá yrði hann að borga 1000 kr. í sektir mánaðarlega þangað til henni væri lokið samkvæmt gerðum samningi. Þegar jeg sá þessa brtt., varð mjer að hugsa: Hvar koma þeir fyrir þessari nýju bryggju?

Mjer finst ekki þurfi á að bæta, þar sem svo vel er fyrir sjeð áður. En þá er þessi samningur frá því er bærinn keypti Hæstakaupstaðinn. Þetta, að stjórnin hafi lagt þessa skyldu á bæjarfjelagið, með því er hún samþykti þennan gerning bæjarstjórnarinnar, nær vitanlega engri átt. Þá sagði þessi háttv. þm. (SigurjJ), að ríkissjóður þyrfti ekki að borga neitt út, þó þessi styrkur væri veittur. Þetta skil jeg svo, að bærinn hafi sjálfur nóg fje til verksins, því hjer er ekkert verið að ganga að bænum af hálfu ríkissjóðs að greiða nú skuld sína. Og á meðan getur bærinn varið fjenu til þessa bryggjuverks, ef honum sýnist. Löggjafarvaldið tekur enga ábyrgð á gerðum stjórnarinnar hvað viðkemur þessum kaupsamningi. Til þess getur hún sjálf svarað, en þingið ber hjer enga skyldu. Það er líka nokkuð hart, að hugsa til þess að taka stórfjárhæð til þess að gera slíkt mannvirki á þessum stað, þar sem þess er alls engin þörf. En á hundrað stöðum umhverfis alt land er hin brýnasta þörf slíkra mannvirkja, sem engin tök verða fyrst um sinn að bæta úr.

Þá kem jeg að ræðu háttv. 4. þm. Reykv. (MJ). Hann talaði um ritfje biskups, sem líklegt var, en því þarf jeg engu frekar að svara. Það stendur fast, sem jeg hefi áður sagt um það atriði. Þá mintist hann á kvennaskólann og yfirsetukvennaskólann. Hann gleymdi ekki 50 ára afmæli kvennaskólans og lagði til, að hann yrði gerður að ríkisskóla. Áður var þess getið hjer við umræðurnar, að einkaskólarnir væru reknir á praktiskari hátt en ríkisskólarnir, og verður það því að teljast óheppileg breyting á einkaskóla að gera hann að ríkisskóla, þar sem svo stendur á. En þetta á að gera bara til þess að koma bænum undan því að þurfa að leggja nokkurt fje til skólans. Það gerir þá ekkert til, þó skólinn komi til með að kosta hálfu meira á þann hátt. Jeg get sagt háttv. 4. þm. Reykv., að til er annar kvennaskóli, sem líka á 50 ára afmæli um þetta bil. (*MJ*: Mælti jeg með því að gera kvennaskólann að ríkisskóla?). Já, háttv. þm. mælti með því hjartnæmum orðum. Hann gleymdi ekki heldur þessari rausn Reykjavíkurbæjar, að leggja skólanum 500 kr. Þá talaði háttv. þm. (MJ) um Blönduósskólann og þau ósköp, að þar ætti að hækka námsstyrkinn. En þess ber að gæta, að vegna þeirrar breytingar, sem nýverið var gerð á fyrirkomulagi skólans, þá hefir fækkað tölu þeirra nemenda, sem hægt var að veita viðtöku. Svo að styrkurinn úr ríkissjóði hækkar ekki um eina krónu, þó till. nefndarinnar verði samþykt. Þetta er aðeins til þess, að notið verði þess námsstyrks, sem skólanum hefir verið ákveðinn.

Þá mintist þessi sami háttv. þm. á Jóhannes Lynge og Guðmund Bárðarson og sáttmálasjóðinn. Jeg hefi áður svarað hvað viðvíkur Jóhannesi Lynge. En styrkinn til Guðm. Bárðarsonar taldi nefndin rjett að fella niður, með því að það var upplýst, að þessi styrkur gat ekki komið að gagni sem vísindastyrkur. Jeg gat þess áður í þessu sambandi, að sáttmálasjóður ætti að styrkja slíka vísindastarfsemi. Hann hefir úr vissum tekjum að spila og getur veitt á hverjum tíma eftir sínum efnum. En ríkissjóður verður í hvert sinn að fara eftir breytilegum fjárhag sínum, og það er jafnframt fyrir getuleysi ríkissjóðs, að nefndin leggur til, að slíkir styrkir falli niður, því ella þyrfti að hækka hann töluvert, til þess að hann kæmi að notum.

Þá talaði þessi sami háttv. þm. um styrkinn til Þórarins Guðmundssonar fiðluleikara, og taldi órjettmætt, að hann fjelli niður. Það er síður en svo, að jeg vilji fullyrða, að alt sje fyllilega rjettmætt, sem nefndin hefir lagt til. En jeg tel það rjettmætt frá því sjónarmiði, sem nefndin hefir skoðað þessi atriði öll, sem sje: ríkisfjárhagnum. Hún leit svo á í þessu tilfelli, að hjer væri ekki um svo mjög nauðsynlegt mál að ræða, enda lá engin skýrsla fyrir um það, hvernig því skilyrði hafi verið fullnægt, sem sett hefir verið að undanförnu fyrir styrk þessum. En það þykir nú líklega óþarfi. — Jeg hefi áður talað um leiðbeiningu við húsagerð í sveitum og þarf ekki við það að bæta. Viðvíkjandi uppgjöf á láni til Ólafs Hvanndals myndamótara, þá er því að svara, að þingið hefir áður veitt honum nokkurn greiðslufrest, og eftir því sem nefndin gat kynt sjer það mál, þá mun engin sjerstök nauðsyn á uppgjöf eða frekari greiðslufresti í þessu falli.

Þá kem jeg næst að háttv. 2. þm. N.-M. (ÁJ). Hann talaði hóflega og skynsamlega. Og hann gerði meira: hann tók brtt. sína aftur, því hann taldi rjettmætt að fresta henni vegna fjárhagsástands ríkisins.

Háttv. þm, Ak. (BL) talaði líka um styrkinn til Guðmundar Bárðarsonar. Jeg tek undir það, að nefndinni er kunnugt um, að kringumstæður þessa manns eru þröngar. Og eins og jeg hefi áður sagt, er það ekki af því, sem nefndin hefir lagt til, að styrkurinn fjelli burtu, að maðurinn hafi hans ekki þörf. En henni þótti önnur leið eðlilegri til þess að hjálpa þessum manni en að veita honum þennan vísindastyrk, sem víst er, að hann getur ekki notað.

Hvað snertir styrkinn til heimilisiðnaðar, þá var það misskilningur hjá hv. þm. (BL), er hann sagði, að ekki væri hægt að sjá, hvert sá styrkur ætti að fara, að undanteknum 2000 kr. til Halldóru Bjarnadóttur. Styrkur þessi er veittur Heimilisiðnaðarfjelagi Íslands, og nefndin gerir aðeins þessa athugasemd, að af honum gangi 2000 kr. til Halldóru Bjarnadóttur.

Þá mintist hann á fjárveitingu til kláðaútrýmingar, og kom fram allmikill metnaður í ræðu hans fyrir hönd bænda í þessu atriði. Það er náttúrlega gott að heyra slíkar raddir. En samræmið brestur, þegar farið er að bregða bændum um, að þeir hafi látið kláðann haldast við af tómu hirðuleysi. Þessu vil jeg mótmæla. Það er ekki hirðuleysi, sem hjer er um að kenna; heldur er það svikið baðlyf, einkum á stríðstímanum, sem haldið hefir við kláðanum. Nú verður að fá örugt baðlyf, svo að gagni verði.

Þessu næst talaði hv. þm. Ak. (BL) um styrk samkvæmt jarðræktarlögunum og styrk til búnaðarfjelaganna. Jeg skildi hv. þm. svo, að það ætti að vera sá metnaðarhugur í bændum, að þeir þægju ekki borgun fyrir jarðabætur, sem þeir gerðu á sínu eigin landi. Jeg lít öðruvísi á. Jeg tel, að ríkinu beri skylda til þess að styðja ræktun landsins, og það verður ekki gert á annan hátt en þann að gjalda bændum fyrir það, sem þeir afkasta í þessu efni. Í nágrannalöndunum er það ekki talinn neinn vansi fyrir bændur að þiggja styrk til slíkra starfa, og þá ætti það ekki frekar að vera minkun íslenskum bændum. Þetta, sem fram kom hjá háttv.

þm. (BL), var falskur metnaður. En þessi styrkur á að vekja annan metnað hjá bændum, þann metnað, að afkasta ekki minnu til ræktunar á sinni jörð heldur en aðrir.

Styrkurinn til búnaðarfjelaganna er nú svo lítill, að álitamál er, hvort ekki ætti að fella hann alveg. En þessi styrkur hefir verið vel metinn alla tíð. Og þegar komið hefir til mála að fella hann niður, hafa hvaðanæva komið raddir til þess að mótmæla því. Taldi nefndin því ekki rjett að fella hann niður nú. Þó hann sje lítill, getur hann komið að talsverðu liði, með því að ljetta undir með mönnum að kaupa verkfæri og á annan hátt.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) talaði um kostnað við ljós og hita á Hólum og þótti hann fullhár í samanburði við Eiða- og Hvanneyrarskóla. Jeg held, að nefndin hafi ekki farið hærra hjer en annarsstaðar tiltölulega. Og eftir því sem hún gat komist næst, þá verður að telja þetta hæfilegt. Hjer er um að ræða mikla erfiðleika um aðdrætti. Líka er mótak að þverra á Hólum, og eyðast þá því meiri kol. Jeg veit ekki, hvernig á stendur í þessu efni á hinum stöðunum, en sje þar um mótöku að ræða, þá gegnir þar líka alt öðru máli. Annars fór nefndin hjer eftir því, sem reynslan hefir sýnt, að eyðst hefir undanfarið og ekki verður hjá komist.

Þá er styrkurinn til Leikfjelags Reykjavíkur. Hv. 1. þm. S.-M. þótti það engin goðgá að krefjast framlags af Reykjavíkurbæ, því hann gerir tillögu um, að hann styrki fjelagið frekar en áður. Hann er sá fyrsti af hv. þm., sem viðurkennir stefnu nefndarinnar gagnvart bæjarsjóði. En það er langt frá, að það sje af hlífð við bæjarsjóð, þó nefndin hafi ekki krafist frekara framlags til fjelagsins. Henni þótti þetta, sem er, nokkuð hæfilegt og bæjarsjóður taka þar frekari þátt í en annarsstaðar. Hún vill því láta þetta vera óbreytt í frv.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) talaði um kvöldskóla verkalýðsfjelaganna hjer í Reykjavík og styrk til hans, sem er nú ekkert nýtt. En hitt var nýtt, sem hann skýrði frá í þessu sambandi, að bæjarsjóður ætlaði að styrkja þetta góða fyrirtæki. Nefndin telur samt ekki fært fyrir ríkissjóð að styrkja þennan skóla, eins og á stendur, og býst við, að bæjarsjóður muni halda honum uppi svona fyrst um sinn á sitt eindæmi.

Þá flytur þessi háttv. þm. (JBald) aðra brtt. um það að hækka styrk til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar við laxa- og silungaklak. Nefndin hefir ekki viljað leggja á móti þessu atriði, og hafa því nefndarmenn óbundin atkvæði um það. Jeg fyrir mitt leyti tel, að hann hafi sýnt svo mikinn áhuga og viðleitni í þessu verki, að rjett sje, að hann beri meira úr býtum en stjórnin hefir áætlað, enda er hjer um smáupphæð að ræða.

Þá mintist hv. sami þm. á Þjóðmenjasafnið. Þótti honum lækkunin nokkuð mikil og taldi, að aðsóknin mundi rjena við það, að styttur væri sá tími, sem safnið væri opið vikulega. En jeg sje ekki, að nefndin þurfi neinn kinnroða að bera fyrir þessa till. sína, því að jeg lít svo á, að margt verði að gera nú til sparnaðar, sem komi ver niður en þetta. Þar sem hv. þm. mintist á lækkun launa þeirra, er við safnið starfa, vil jeg taka það fram, að nefndin lítur svo á, að geti þeir hinir sömu ekki sætt þeim kjörum, þá verði þeir að útvega sjer einhver önnur störf. Er það altaf svo, þegar spöruð eru laun eða embætti, að einhver bíður við það óþægindi. Og ætti að sigla fyrir þau sker,

er hætt við, að sparnaður yrði ekki mikilvægur á þessu þingi.

Þá mintist sami hv. þm. á sparnaðinn við veðurathuganastöðina. Finst mjer það þurfa lítilla svara, því að það mun öllum ljóst, að ennþá hefir ekki orðið það gagn að veðurspám, að ekki sje forsvaranlegt að lækka að sinni styrk til stöðvarinnar.

Um fallbyssuna á Þór er það að segja, að alment mun vera skoðun manna, að hún sje nauðsynleg og skipið komi ekki að hálfu gagni meðan hana vanti. En annars hygg jeg, að hv. 2. þm. Reykv. þurfi ekki að vera hræddur við fallbyssu þessa, að minsta kosti ekki enn sem komið er, meðan hún er ekki komin á skipið.

Þá kem jeg að styrknum til Ingeborg Sigurjónsson. Jeg verð þar því til að svara, að nefndin hefir heyrt þennan orðróm, og býst jeg við, að hv. þm. hafi svipaðar heimildir um sannindi hans og eigi betri. Annars er jeg því máli alveg ókunnugur, þó að jeg sje í nefndinni.

Næst mintist hv. 2. þm. Reykv. á niðurfelling styrksins til Þórbergs Þórðarsonar. Sagði hann, að fjarri væri sanni að fella niður starf, sem svo væri langt á leið komið sem orðasöfnun Þórbergs. Við nefndarmenn viðurkennum það fyllilega, að eitthvert gagn kunni að vera að starfinu. En hvað mörg óunnin störf eru fyrir hendi á þessu landi miklu brýnni en þetta? Hve mörg manndrápsvötn eru óbrúuð, vötn, sem öðruhvoru taka mannslíf í skatt af þjóðinni? Þau eru ærið mörg ennþá, og lengi mætti slíkt telja, uns tæmt yrði. Hjer eru alstaðar óuppfyltar kröfur og óunnin verkefni. En fjárhagsmáttur þjóðarinnar er ekki svo mikill, að hún geti öllu annað. Jeg sje því ekki, að nefndin drýgi neina goðgá, þó að hún leggi til, að þessi styrkur til orðasöfnunar falli niður um hríð. Hafi maðurinn brennandi áhuga á starfi sínu, sem jeg efast ekki um, getur hann í hjáverkum sínum haldið þeim samböndum sínum úti um land, sem hann þegar hefir fengið, og unnið úr því verkefni, sem honum berst að. Er það þá ekki fyrsta þjóðnytjastarfið, sem unnið hefir verið fyrir lítið hjer á landi.

Það kann að hafa verið fleira, sem hv. 2. þm. Reykv. mintist á, en jeg læt hjer staðar numið og sný mjer að hv. 2. þm. Árn. (JörB). Hann mintist fyrst á smjörlíkisgerðina þar eystra. Ríkissjóður lánaði á sínum tíma fje til þess fyrirtækis, en ekki verður sjeð, að nein sanngirni mæli með því, að hann gefi upp þá skuld, þó að síðar væru, er nauðsyn þótti, sett lög, er komu þessu fyrirtæki illa. Er og líklegt, að eigendur smjörlíkisgerðarinnar sjái sjer fært að flytja hana þaðan, sem hún nú er, ef hún er líkleg til að gefa af sjer góðan arð. Sje svo ekki, sannar það ekki annað en að ríkissjóður hefir glæpst á að lána fje til fyrirtækis, sem óheppilega var til stofnað. En þrátt fyrir það, er engin ástæða til að gefa upp skuldina.

Sami hv. þm. mintist á, að nefndin hefði klipið af launum garðyrkjustjóra, og taldi hann það illa ráðið. En nefndin verður að líta svo á, að maður, sem vinnur að slíku starfi, hljóti að geta aflað sjer allmikilla aukatekna. Býst jeg líka við, að Búnaðarfjelag Íslands mundi sjá sjer fært að veita honum einhvern styrk, ef þess gerðist þörf.

Næst voru iðnskólinn og skólinn í Bergstaðastræti. Þarf jeg þar ekki að segja annað en það, að nefndin taldi bænum skylda ast að styrkja þessa skóla, þar sem þeir eru að mestu leyti fyrir hann, eins og jeg hefi áður tekið fram.

Um ungmennafjelögin og íþróttasambandið vil jeg taka það fram, að nefndin viðurkennir fyllilega starf þeirra fjelaga,

en sá sjer ekki annað fært en klípa þar af í samræmi við annað.

Hv. þm. V.-Sk. (JK) setti út á það, að nefndin hefði kvatt Alexander Jóhannesson með vanþakklæti. Þetta er ósatt og á sjer engan stað. Hún hefir aðeins tekið það fram, að starf hans hafi verið lítið, og það hafa margir gert áður.

Þá er kvennaskólinn hjer í Reykjavík. Virðist svo sem sumir þm. viti ekki, að til sje annar kvennaskóli á landinu. Blönduósskólinn þykir líklega of sveitalegur til þess að vera talinn með. (*MJ*: Er hann almennur kvennaskóli?). Hann er almennur kvennaskóli og fyrst og fremst almennur húsmæðrakennaraskóli, kennir einmitt það, sem hver kona þarf fyrst og fremst að kunna. Og jeg býst við, að fá hjeruð hafi styrkt skóla sína eins vel og Húnavatnssýsla þann skóla. Sækja hann þó námsmeyjar alstaðar utan af landi. En það er ekki til neins að verja, að kvennaskólinn hjer í Reykjavík er fyrst og fremst skóli fyrir bæinn, hvað sem hv. 4. þm. Reykv. (MJ) segir.

Þá er það, sem minst var á styrkinn til blaðamannafjelagsins. Er þar nokkuð skotið fram hjá markinu, því að nefndin hefir einmitt lagt til, að ríflegur styrkur verði veittur til frjettastofu þess.

Um 40 þúsund króna styrk til Þórs þarf jeg ekki að fara mörgum orðum, því að tillaga um þá fjárhæð liggur alls ekki fyrir, svo að um hana verða ekki greidd atkvæði hjer í deildinni.

Næst kem jeg að hv. þm. Barð. (HK). Og um það, sem hann mintist á, langaði mig einmitt til að fara nokkrum orðum. Get jeg þó ekki tekið það hjer til eins ítarlegrar athugunar og jeg vildi. Því miður hefi jeg orðið var við það úti um land, að menn eru margir hverjir afaróánægðir með, hve mikill styrkur er veittur Búnaðarfjelagi Íslands. Og einmitt þetta mátti heyra á hv. þm. Barð. En jeg býst við, að hann hafi ekki gert sjer nægilega ljósa grein fyrir málinu. Það ætti að liggja í augum uppi, að eigi að gera ítarlegar tilraunir til að stefna atvinnuvegunum í betra horf en nú, þá hlýtur það að kosta ærið fje, því að til þess þarf að gera rannsóknir og tilraunir, sem árangurinn af er altaf óviss fyrirfram. Aftur á móti þykir hverri menningarþjóð sjálfsagt að leggja kapp á slíkar rannsóknir og tilraunir. Munu villiþjóðirnar einar um hirðuleysi í þessum efnum. Vil jeg benda á, að ein áveita, sem einhver af ráðunautum Búnaðarfjelagsins kemur í framkvæmd, getur margfaldlega borgað á einu ári það fje, sem ríkissjóður leggur á mörgum árum til fjelagsins. (*HK*: En hvað hefir fjelagið þá gert?). Já, jeg þarf ekki annað en benda t. d. á áveitu þá, sem gerð hefir verið norður í Þingi í Húnavatnssýslu. Sú áveita hefir reynst svo vel, að gengið hefir framar vonum manna. En sú áveita virðist ekki hafa þótt merkileg eða mikils verð, líklega af því, að hún er ekki suður í Flóa eða einhversstaðar þar, sem mest hefir verið aðhafst, en minstur þó sjest árangurinn. En jeg þori að fullyrða, að áveitan í Þingi hefir borgað og kemur til með að borga mikið í því, sem Búnaðarfjelagi Íslands er árlega lagt til úr ríkissjóði. Og ef hv. þm. Barð. athugaði nægilega þetta mál, er jeg viss um, að enginn yrði fyrri til en hann að viðurkenna það ómetanlega þjóðargagn, sem leiðir af hverri slíkri framför í búnaði landsmanna. Er ærið hart að heyra, ekki síst á þessum tímum, æ háværari og háværari raddir um það, að því fje sje illa varið, sem varið er til aukinnar fram-

leiðslu og vegs og gengis atvinnuvegum þjóðarinnar, sem framtíð hennar byggist á. Er það ærið skrítið, að menn, að óathuguðu máli, fullyrða, að þetta eða hitt verði að engu gagni — og þá er það ekki síður einkennilegt, að sje miklu fje varið til einhvers, þá á þar að hafa verið farið ráðlauslega með. Slíkur hugsunarháttur er rangur og skaðlegur, því að hann eitrar út frá sjer og vekur tortryggni og hleypidóma meðal almennings, sem ekki ber skyn á málin eða hefir tækifæri til að kynnast þeim.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) þarf jeg ekki að svara löngu máli. Hann heldur því fram, að ullarverksmiðjur í hverjum landsfjórðungi sjeu heppilegri en ein fullkomin verksmiðja fyrir alt landið. Jeg er þarna alveg á gagnstæðri skoðun; tel fjórðungsverksmiðjurnar ekki eins heppilegar og hitt fyrirkomulagið. Reynslan hefir sýnt það, að þessu er ekki unt að halda uppi, og er það sameiginlegt álit þeirra manna, sem best vit hafa á þessu máli. Ef ein verksmiðja er til í landinu og vinnan er ódýr hjá henni, vex þá máske flutningskostnaðurinn í augum sumra manna, en hann verður þó lítið tilfinnanlegri en flutningur innan hjeraðs, eða milli hjeraða, ef sent er með skipum, þó að um lengri leið sje að ræða. Fjvn. gat því ekki talið rjettmætt, að ríkið tæki á sig þessa ábyrgð. En lánsheimild þá, sem háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) bar fram, taldi nefndin ekki geta komið til mála. Ríkissjóður getur alls ekki lánað sem stendur, og auk þess telur nefndin þetta ekki vera heppilega leið, eins og jeg hefi þegar tekið fram. Þá nefndi hann fleiri atriði, sem jeg hefi þegar svarað og get því farið að enda þetta mál mitt. Það sem minst hefir verið á samvinnuskólann, þá hefir það orðið að samkomulagi í nefndinni að veita þetta, sem hún hefir lagt til, og mun jeg halda mjer við það. Það, sem háttv. þm. sagði viðvíkjandi húsagerð, er alveg í samræmi við álit nefndarinnar. Að sjálfsagt sje að auka á híbýlaprýði eftir föngum, játar nefndin líka; og þar sem sá maður, sem eftirlitið á að hafa, er talinn vera smekkmaður í því tilliti, mun hann vinna að því eins og hann hefir gert, og þarf því ekki að veita fje til þess sjerstaklega.

Jeg bið svo háttv. þingdeild afsökunar á því, hversu langorður jeg hefi orðið, en það er ekki gott við því að gera, þegar búið er að draga saman í heilan sólarhring það, sem athugavert hefir þótt í gerðum nefndarinnar, og jeg vona, að það hafi ekki áhrif á hugi manna, þó jeg kunni að hafa gert þá leiða með málalengingum, en jeg held fast við till. nefndarinnar og tel þær vera þær einu rjettu og að þær einar eigi háttv. deild að samþykkja, og aðrar ekki.

Björn Líndal: Jeg sakna hjer vinar í stað, þar sem er háttv. þm. Str. (TrÞ), en hann er enn ekki kominn; hafði jeg sjerstaklega ætlað að beina orðum mínum til hans, en á meðan get jeg þá vikið nokkrum orðum að háttv. 1. þm. N.-M. (HStef). Hann virðist vera þeirrar skoðunar, að bændum sje meiri sómi að því að rækta jarðir sínar fyrir annara fje en sitt eigið, einkum ef þessa fjár er aflað úr sjónum, og öfunda jeg hann ekki af slíkri sómatilfinningu. Þessi háttv. þm. þykist vilja bæta hag ríkissjóðs, en legst þó mjög ákveðið á móti nýjum sköttum, og hefir ekki komið með nokkrar framkvæmanlegar till. til sparnaðar. Tillögur hans ganga miklu frekar í gagnstæða átt. En eins og þjóðarhagnum er nú komið, sje jeg ekki, hvernig gerlegt sje að auka

tekjur ríkissjóðs að nokkrum verulegum mun. En einhversstaðar frá verða þó auknar tekjur að koma, ef sömu eyðslu er haldið áfram, hvað þá heldur ef enn er aukið við hana. Þessi hv. þm. vill hvorki sparnað nje auknar álögur, en hann virðist ætla að bæta hag ríkissjóðs með aukinni eyðslu, og öfunda jeg hann ekki af þeirri fjármálaspeki. Mjer fanst kenna nokkurrar sjálfhælni hjá háttv. þm., þar sem hann brá mjer um skilningsskort og þröngsýni í samanburði við sig. Jeg ef ast ekki um, að hann geti með rjettu hrósað sjer af mörgum góðum kostum. En hann ætti sjálfs sín vegna ekki að r[illegible] álit sitt í augum góðra manna, með því að hrósa sjer af víðsýni og skilningi á þessu máli, því að alt, sem hann hefir um það sagt, ber grátlegan vott um svo megna þröngsýni, að naumast verður lengra komist, þröngsýni þess manns, sem ekki sjer út fyrir hundaþúfuna í sínum eigin hlaðvarpa.

Eitt var það í ræðu hans, sem jeg vil sjerstaklega taka til athugunar. Hann tók sjer í munn þessi margtuggnu slagorð þeirra manna, sem áfjáðastir eru í það að sníkja fje úr ríkissjóði til þess að rækta sína eigin jörð. Það er þetta gamla viðkvæði, að jarðræktin miði að því að gera landið byggilegra fyrir niðja vora, og komi því miklu fremur þeim að n[illegible] um en þeim, sem verkið vinnur. Því er með öðrum orðum haldið fram, að hjer sje verið að vinna fyrir aðra, en ekk sjálfan sig. Þetta er auðvitað að mik leyti satt, sjeu peningar metnir miklu meira en alt annað í þessum heimi. En þetta veit hvert mannsbarn, og þarf því ekki að margendurtaka það. En þarna greip hann á kýli, sem því miður hefir verið alvarlegasta alþjóðarmein okkar Íslendinga. Þessi þjóð hefir því miður átt sorglega fáa sonu, sem hafa lagt fram krafta sína til þess að vinna landi sínu og þjóð gagn, án þess að ætlast til fullra launa fyrir. Þetta hefir háð okkur mjög og tafið fyrir öllum framförum. Æðsta skyldan er að gera eitthvað, sem aðrir hafi hag af, — leggja eitthvað í sölurnar fyrir aðra menn, og þá einkum sonu sína og dætur. Ef menn hefðu ávalt hugsað þannig, liti öðruvísi út hjá okkur nú. En þessum hugsunarhætti verður ekki breytt með fje. Jeg hefi ekki meiri trú á keyptri ættjarðarást en keyptri konuást. Menn eru að klifa á ættjarðarást, en vita ekki, hvað ættjarðarást er. Ættjörðin er löngum nefnd móðir okkar, en ást okkar til hennar er líkust ást óvitabarnsins til móður sinnar, sem heimtar alt og sýgur hana til blóðs, þegar því nægir ekki mjólkin. Að ætla að lækna þennan hugsunarhátt með fje, er sama sem að kaupa glingur handa óþekkum krakka, í stað þess að refsa honum. Þetta uppeldismeðal dugir ekki einstaklingnum og dugir því síður heilli þjóð. Þetta þykir máske ekki snerta málið, sem hjer er til umræðu, en það er þó ekki óþarflegt að benda á þetta. Háttv. þm. hafa gott af því að heyra það, að ættjarðarástin er ekki innifalin í því að heimta, heldur í því að gefa. Jeg bið háttv. þm. að taka vel eftir þessum orðum mínum. Veraldarsagan bendir ótvírætt til þess, að allar aðrar þjóðir hafi skilið ættjarðarástina á þennan veg, enda hafa synir þeirra flestra eða allra látið lífið tugum þúsunda saman, fyrir ættjörðu sína, en fáir eða jafnvel engir fyrir þessa þjóð.

Þá skal jeg nú snúa mjer að háttv. þm. Str. (TrÞ). Jeg þakka honum innilega þau lofsamlegu ummæli, sem hann

viðhafði um mig. Mjer þótti sjerstaklega vænt um það, að hann, bændaforinginn og bændablaðsritstjórinn, skyldi sýna mjer þann virðingarvott að kalla mig nú í fyrsta sinn bónda. Það hefir hann aldrei gert fyr; „síldarspekúlant" hefir oftast verið það nafnið, sem hann hefir valið mjer að þessu, og þótt það nafn sje að vísu gott, og betra en heimskuspekúlant, veit jeg, að hann hefir ekki valið mjer það í virðingarskyni. Bóndanafnið þykir mjer hið virðulegasta.

Jeg hefi varið ágóðanum af síldarútgerð minni og síldarverslun til umbóta á jörðum mínum, og gleður það mig sjerstaklega, ef þetta er að einhverju metið. En þetta er ekkert einsdæmi, því það hafa margir fleiri varið þeim peningum, sem þeir hafa aflað úr sjónum, á þennan hátt. Mjer er sagt, að á Mjóafirði sje höfuðból eitt, sem mjög hafi verið endurbætt á þennan hátt. Þá veit jeg og af nokkrum stórum útgerðarmönnum í Reykjavík, sem hafa gert hið sama.

En það er alveg ný bóla að fá þakklæti hv. þm. Str. fyrir þetta, þar eð hann hefir stundum minst þessara manna á annan hátt í blaði sínu, — blaði bændanna.

Háttv. þm. Str. hjelt því fram, að jeg hefði eigi getað gert umbætur í búskap mínum nema með því að sækja mjer fje til þess úr annari átt. Þetta sannar aðeins, að slíkar umbætur eru erfiðar, en rjettmætir eigi að sótt sje fjeð til þess í vasa annara. En hjer er ávalt seilst í annara vasa. Nú þykir það jafnvel sæma best að þiggja án þess að gefa, þiggja án þess að þakka, þiggja og vanþakka, og þeir, sem svo langt komast, þykjast jafnvel manna mestir. Þetta er aldarhátturinn, og á honum er verið að ala með endalausum kröfum til annara, án þess að krefjast nokkurs annars af sjálfum sjer en þess, að geta gleypt það, sem gefið er.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að svara háttv. frsm. fjvn. (ÞórJ) sjerstaklega miklu. Orð hans voru kurteis og vægileg í minn garð, eins og vænta mátti úr þeirri átt. Mjer skildist sem hann þættist hafa orðið var hjá mjer einhvers óholls metnaðar. En jeg vil spyrja: Er það óhollur metnaður að vilja fremur vinna verk fyrir sitt eigið fje en annara? Jeg geri ekki ráð fyrir, að þess verði auðið að breyta hugsunarhætti manna í þessu efni á svipstundu. Til þess fer langur tími. Svo lengi er búið að kynda undir þessum potti smásálarskaparins og löðurmenskunnar á þessu landi.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg á nokkrar brtt. á þskj. 196, ýmist einn eða í fjelagi við aðra háttv. þingdeildarmenn. 18. brtt. er ekki til að auka útgjöldin. Þar er aðeins farið fram á það, að styrkur sá, sem ætlaður er kvenfjelaginu Ósk til húsmæðrafræðslu, megi greiðast öðrum, ef fjelagið sjer ekki fært að halda uppi þessari kenslu. Jeg veit til þess, að þetta fjelag, sem sýnt hefir mikinn áhuga á þessu máli, með því að halda uppi húsmæðraskóla um nokkurt skeið, er nú í húsnæðisvandræðum, og tel jeg því ólíklegt, að það af þeirri ástæðu haldi uppi kenslu. En mjer er einnig kunnugt um það, að ýmsar konur á Ísafirði hafa áhuga á því, að kenslu í húsmæðrafræðslu sje uppi haldið, þótt kvenfjelagið Ósk sjái sjer það ekki fært. Vona jeg því, að háttv. þingdeildarmenn lofi þessari ath. við 14. gr. XV. að standa óáreittri.

Þá þarf jeg ekki að fara mörgum orðum um 15. brtt. á sama þskj., nefnilega

um að fella niður styrkinn til verslunarskólanna, þareð háttv. þm. Barð. (HK), sem er aðalflm. þeirrar till., hefir talað fyrir henni. Jeg vil aðeins bæta því við, að þegar jafnmikið er búið að klípa af þessum styrk og háttv. fjvn. hefir gert, tel jeg að hann muni að litlu gagni koma skólunum, og þegar þess er einnig gætt, hversu oft það er látið klingja hjer í hv. deild, að verslunarstjettin sje skaðlega mannmörg, og enda lítt þörf þjóðfjelaginu, þá held jeg að fella ætti niður í bili þennan styrk og stuðla ekki að því með fjárveitingum úr ríkissjóði, að þessum mönnum fjölgi enn meir úr hófi fram. Þó að jeg sje ekki þeim mönnum samþykkur, sem halda því fram, að verslunarstjettin sje óþörf, tel jeg margt þarfara með fje ríkissjóðs að gera en styrkja þessa skóla nú sem stendur. Teldi jeg heppilegra, bæði af fjárhagslegum ástæðum og öðrum ástæðum, að sameina báða þessa skóla; en þareð jeg hygg, að háttv. þingdeild sje mjer ekki sammála í því, mun jeg ekki bera fram brtt. í þá átt nú að sinni.

XXII. brtt. á sama þskj. er borin fram af mjer og háttv. þm. Barð. Jeg heyri, að ýmsir háttv. deildarmenn hafa hneykslast á því, að fram skuli koma tillögur um að færa niður styrkina til Búnaðarfjelagsins og Fiskifjelagsins. Hv. frsm. (ÞórJ) varð þó að viðurkenna, að heyrst hefðu raddir víða utan af landi um það, að óhætt væri að klípa eitthvað af þessum styrkveitingum. Þegar ríkið er í þeirri fjárþröng, sem nú, að það getur eigi látið framkvæma þau störf á þjóðarbúinu, sem bein lagaskylda er að unnin verði, þá verður að draga saman seglin líka á þessu sviði, enda tel jeg það enga frágangssök. Jeg hygg það sje álit margra, sem best til þekkja í þessu efni, að það sje síður en svo, að við fáum aftur jafngildi þeirra peninga, sem veittir eru þessum fjelögum. Það er hlutverk Búnaðarfjelagsins að gefa leiðbeiningar í því, sem að búnaði lýtur, og að láta framkvæma ýmsar nauðsynlegar tilraunir í þeim efnum; en nú sem stendur geta fæstir bændur gefið sig nokkuð að ráði við því, sem þeir helst mundu óska, þ. e. grasræktinni. Jeg hygg því, að hugur þeirra flestra stefni ekki til stórra nýbreytinga á næstunni, en að þeir muni ætla sjer að láta stærri breytingar og umbætur bíða meðan fjárhagur þeirra er jafnþröngur og hann er nú. Jeg heyrði á ræðu hv. 1. þm. N.-M. (HStef), að Búnaðarfjelagið ætli að sníða sjer stakk eftir vexti þetta ár og hið næsta. Það væri gleðileg nýbreytni frá því, sem verið hefir árin 1919—22.

Árið 1922 virðist mjer að farið hafi til óvirkra framkvæmda hjá fjelaginu 50000 kr., en til verklegra framkvæmda 83000 kr. Er þá ótalinn sá liður, er nefnist ýmisleg útgjöld, og mun hann hafa numið 13300 kr. Lít jeg svo á, að fullvel sje sjeð fyrir leiðbeiningarstarfseminni þótt sú upphæð, sem til hennar hefir verið varið, sje nokkuð lækkuð. Jeg sagði áðan, að bændur myndu ekki hugsa mikið til nýbreytni í landbúnaði þessi ár. Munu þeir ekki vera allskostar ánægðir með þá nýbreytni, sem þegar hefir verið ráðist í, er tveir þúfnabanar voru fluttir til landsins. Mun mörgum þykja, að nóg hefði verið að kaupa aðeins einn til að gera tilraun með. Sumir vildu fá 10 slíkar stóryrkjuvjelar þá þegar, en sem betur fór varð því afstýrt. Þessi vjelakaup og starfrækslа þeirra hefir þurausið ræktunarsjóðinn svo gersamlega, að ríkisstjórnin hefir opinberlega auglýst, að engin lán fáist þar næstu ár. Veit jeg, að margir bændur á Vestfjörðum hafa liðið stór-

baga við að geta nú ekki lengur fengið þessi hagfeldu og ódýru lán til smájarðræktarframkvæmda. Mun þetta nokkuð hafa leitt til þess, að bændur munu nú síður hneigðir til nýbreytni í stórum stíl en áður. Það er þó ekki svo, að jeg sje að lasta það, að tilraunir sjeu gerðar í landbúnaði. Jeg játa, að það er rjett hjá háttv. þm. Str. (TrÞ), að íslenskur landbúnaður hefir dregist nokkuð aftur úr og stendur ekki jafnfætis sjávarútgerð okkar. En eins og nú standa sakir, þá verður að klípa jafnt af þessum útgjöldum sem öðrum. Skal jeg taka það fram, að þeir menn, sem mest hafa unnið að jarðrækt í Ísafjarðarsýslu, menn, sem ef til vill standa fremst allra bænda á landinu í landbúnaði, þeir álíta það ekki neina frágangssök að færa niður styrkinn til Búnaðarfjelagsins. Jeg vil að vísu ekki taka undir orð hv. þm. Ak. (BL) um jarðræktarstyrkinn, sem lagt er til af háttv. fjvn., að veittur verði samkv. jarðræktarlögunum frá síðasta þingi, en jeg vil þó taka það fram, að jeg veit með vissu, að mestu dugnaðarbændurnir þarna vestra, menn, sem skarað hafa fram úr í húsabótum og túnrækt, þeir myndu hafa unnið sömu þrekvirkin, þótt engum eyri hefði verið til þess varið úr ríkissjóðnum. Hafa þeir lýst yfir þessu sjálfir, og vona jeg, að sami hugsunarháttur ríki víðar á landinu.

Hæstv. atvrh. (MG) kvað talsvert af styrknum til Búnaðarfjelagsins hafa runnið til búnaðarsambandanna, og kvað það mundi draga úr starfsemi þeirra, ef styrkurinn væri lækkaður. En þar sem jeg þekki best til, þá munu þau ekki draga mikið saman seglin fyrir því, þótt styrkurinn verði lækkaður um svo sem þriggja ára skeið. Bændur vita, að misbrestur getur orðið á ríkissjóðstillögum eins og á tíðarfarinu, og munu stjórnir sambandanna hafa gert fyrir því, með því að geyma nokkurt fje, sem þau geta svo tekið til, er í nauðirnar rekur. Víst er líka um það, að mikið má spara á því að haga leiðbeiningarstarfseminni öðruvísi en nú er. Eins og menn vita, er hún aðallega í því fólgin að hvetja menn og leiðbeina í því að hirða áburð, gera safngryfjur, súrheystóftir, sljetta tún og girða og gera áveitur, svo og umbætur á bústofninum. Má óhætt fullyrða, að þaulreyndur og þektur dugnaðarmaður í landbúnaði, þótt aðeins bóndi sje, geti komið að eins góðu liði þar eins og sprenglærður búnaðarráðunautur. Jeg veit af eigin reynd, að einn af okkar mestu dugnaðarmönnum í landbúnaði, Jón Fjalldal hreppstjóri, hefir með einni leiðbeiningarferð unnið meira gagn en þrír ráðunautar á sama tíma, enda eðlilegt, að bændur taki meira tillit til ráða og leiðbeininga þrautreyndra alþektra dugnaðarbænda en reynslulausra manna, þó bókvit hafi. Jeg verð yfirleitt að játa það sama um Fiskifjelagið sem Búnaðarfjelagið, að eftirtekjan af starfsemi þess muni ekki hafa svarað til styrksins. Verð jeg þó að játa það, að stjórn Fiskifjelagsins hefir verið svo forsjál að safna í dálítinn varasjóð. Er það meira en hægt er að segja um Búnaðarfjelagið, sem á engan varasjóð, en skuldir í tugaþúsundatali umfram eignir.

Háttv. frsm. (ÞórJ) sagði, að ef enginn styrkur yrði nú veittur til jarðræktarinnar, þá væri þar um bein svik að ræða við landbúnaðinn. Því er þar til að svara, að jeg býst við, að þingið verði í þeim efnum að gera fleira en gott þykir. Það verða víst ýmsir til þess að herma loforð upp á fyrverandi þing, sem þetta þing verður ekki fært um að efna og á ekki að efna. Þessar sífeldu tilvitnanir um

loforð fyrri þinga, einkum þá þingmenn eru á bitlingabuxunum, mega ekki heyrast.

Jeg get ekki stilt mig um að benda hv. þm. Str. (TrÞ) á það, að samanburður hans á skósmiðnum og bóndanum var ekki rjettur. Dæmið geigaði á því, að ríkið styrkir ekki skósmiðinn til að bæta skó eða smíða nýja, en það hefir styrkt búandmann til ýmsra framkvæmda og umbóta á eignarjörð hans. Eins fanst mjer lítið ljós í hinu dæminu hans, um bóndann og sjávarútvegsmanninn. Mun tæplega hægt að kalla fiskiveiðar eintóma rányrkju, þótt ekki sje neitt látið í sjóinn í stað þess, sem tekið er úr honum, því það mun alment vera litið svo á, að djúp sjávarins sjeu svo auðug, að fiskur komi jafnan í fiskjar stað. Það er að minsta kosti órannsakað, hvort fiski fækkar á djúpmiðum, utan landhelgi. Er og vonandi, að þess verði langt að bíða, að ekki verði hægt að fá fisk úr sjó.

Jeg skal að vísu játa það, að sæmileg trygging mun vera fyrir því, að fje þessu verði vel varið, en samt get jeg ekki verið með hækkun fjvn. Jeg vil meira að segja fara niður fyrir áætlun stjórnarinnar. Þykist jeg í þessu vera í samræmi við vilja bestu bænda.

Þá á jeg brtt. við 16. gr. ásamt hv. þm. Barð. (HK). Hún er þess efnis að hækka tillagið til markaðsleitar erlendis. Hv. þm. Barð. hefir talað svo fyrir henni, að jeg get látið þar við sitja. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir komið fram með brtt. sama efnis, en gengur nokkru lengra. Jeg mun greiða þeirri till. atkv. mitt, því mjer þykir þar ekki of langt farið. Eins og menn kannast við, þá er nú útlit fyrir, að við verðum að gera mikið til þess að afla kjöti okkar nýrra markaða erlendis, og megum við með engu móti skera við neglur fjárframlagið til þessa. Er ótrúlegt, ef vel er þar að verki gengið, að svo fari, að ekkert hafist upp úr þeirri leit. Sumir háttv. þm. hafa látið í ljós, að engin þörf muni nú á að hafa erindreka erlendis fyrir sjávarútveginn. En jeg held, að það sje hin mesta kórvilla. Við þurfum aldrei fremur en nú að hafa erindreka bæði á Spáni og á Ítalíu. Fiskverslunin er nú einmitt að hverfa í hendur landsmanna sjálfra, og verðum við því að hafa okkur alla við. Það var líka mál til komið, að þessir erlendu milliliðir færu að hverfa úr sögunni, því auðvitað eiga Íslendingar að reka þessa verslun milliliðalaust. En þeir, sem til þekkja þarna syðra, vita best, hve vandasamt það er að eiga viðskifti við þessar suðrænu þjóðir. Verslunar-‚morallinn' er allur annar þar en á Norðurlöndum. Verðbreytingar eru þar mjög tíðar. Stafa þær ekki svo mjög af því að markaðurinn sje svo miklum breytingum háður, sem af hinu, að innlendir kaupmenn nota afstöðu sína gegn útlendingum á ekki sem allra heiðarlegastan hátt á stundum.

Þá tók jeg eftir því, að hv. fjvn. hefir felt niður liðinn um 500 kr. til skipstjórakenslu á Ísafirði. Þetta er í rauninni enginn sparnaður hjá hv. nefnd, því það verður aðeins til þess, að Fiskifjelagið lætur þetta af mörkum til að halda kenslunni uppi. Þessi styrkur hefir verið í fjárlögunum undanfarin ár, og ef honum verður nú slept, má ef til vill líta svo á af þeim, sem ekki þekkja hug þingdeildarinnar, að Alþingi vilji láta hætta þessari kenslu. Það væri þó mikill skaði, því þessi kensla er mjög nauðsynleg, enda engin jafngóð annarsstaðar utan Reykjavíkur.

Þá er ein brtt. háttv. fjvn., þar sem hún leggur til, að styrkurinn til veðurathugana sje lækkaður úr 35 þús. niður í 20 þús. Jeg hefi lesið það, sem stendur

í nál. um þetta, og sömuleiðis heyrt skýringar háttv. frsm. (ÞórJ), og jeg hygg, að þeir, sem lesið hafa nál. og borið það svo saman við skýringar hv. frsm., hljóti að efast um rökin fyrir þessari lækkun. Til þessa var varið 1922 53 þús. kr., en fyrv. stjórn leggur til, að það sje fært niður í 35 þús. Ef hv. fjvn. getur fært mjer heim sanninn um það, að veðurskeyti, sem sjómenn fá, verði eins ábyggileg og áður, þó að upphæð þessi verði lækkuð, get jeg greitt atkvæði með tillögunni. En hafi verið ástæða til 1922 að greiða 53 þús. kr. í þessu skyni, þá virðist síst hugsanlegt, að 20 þús. nægi 1925, þegar þess er ennfremur gætt, að á næsta ári á að koma veðurathuganastöð á Grænlandi, sem án efa gefur miklu ábyggilegri veðurfregnir en hingað til hefir verið kostur að fá, og hlýtur að hafa mikla þýðingu fyrir sjómenn okkar. Jeg er því ekki í neinum efa um, að þegar stöðin verður komin á Grænlandi, — en þar er fyrirhugað að byggja tvær stöðvar á næsta sumri — þá verði hægt að segja fyrir um norðan- og austanstórviðri með nokkrum fyrirvara. Það er því enginn leikur ver gerður sjómönnum okkar en ef komið er í veg fyrir, að þeir fái þessar veðurfregnir eins ábyggilegar og kostur er á.

Af því, sem jeg nú hefi tekið fram, er jeg hræddur um, að niðurfærsla þessarar fjárveitingar hafi áhrif á, að veðurskeytin verði ekki eins ábyggileg eins og þau þurfa að vera. Sje jeg mjer því ekki annað fært en að greiða atkvæði á móti þessari tillögu; skora jafnvel á hv. nefnd að taka hana aftur að sinni.

Þá hefir tillaga nefndarinnar um að taka aftur upp styrk til leiðbeinanda um húsagerð til sveita mætt allmikilli mótspyrnu. Jeg þekki þennan mann vel og veit bæði af eigin sjón og sögusögn annara, að not af leiðbeiningu hans um húsagerð hafa orðið mjög mikil. Enda er maðurinn vel fær um starfið og áreiðanlegur. Veit jeg t. d. um eitt hús, sem bygt var eftir fyrirsögn hans, sem er regluleg fyrirmynd, ekki aðeins fyrir það, hve vandað það er og vel frá því gengið að öllu leyti, heldur fyrir það, hve ódýrt það var.

Jeg get vel skilið, að hv. 2. þm. Rang. (KlJ) sje óánægður með framkomu þessa manns við stjórnina. Og jeg verð að taka undir það, að það er óhæfa af mönnum, sem vinna fyrir hið opinbera, að gefa ekki greið svör og skýrslur um störf sín, þegar stjórnin spyr þá þar um. En málsbætur munu vera þarna fyrir hendi, t. d. sú, að leiðbeinandi var síðastliðið sumar að reyna nýjar umbætur í húsagerð, og vildi því ekki gefa skýrslu um störf sín fyr en fullsjeð var, hvernig þær mundu gefast.

Fjármálaráðherra (JÞ): Ræða háttv. frsm. (ÞórJ) gaf mjer tilefni til nokkurra athugasemda, sjerstaklega að því er snertir deiluna milli mín og nefndarinnar um aðstöðuna gegn bæjar- og sýslusjóðum. Háttv. frsm. vildi halda því fram, að sjóðir þessir ættu ekki eins erfitt að ná inn tekjum sínum og ríkissjóður, því að þeir gætu lagt á efnamennina, og ættu því betra með að innheimta tekjur sínar. En hjer talar reynslan átakanlega á móti hv. frsm., því að hjer er mjög mikill munur á, hversu tekjur ríkissjóðs innheimtast betur en tekjur Reykjavíkurbæjar. Stafar það af því, að bærinn fær mestar tekjur sínar með óhentugu gjaldi, sem ríkissjóður notar aðeins að litlu leyti í tekju- og eignarskatti, enda innheimtist sú tekjugrein langverst, eða mjög líkt og aukaútsvörin hjá bæjarsjóði. Þá gat hv. frsm.

þess, að bænum væri vorkunnarlaust að nota vel þennan álagningarjett sinn og leggja vel á þá, sem mikið gætu borið, og nefndi þar til Eimskipafjelag Íslands sem dæmi. En þar sem mjög bráðlega kemur fram á þinginu frv. um að undanþiggja það útsvari, verður ljóst, hvort ástæða sje fyrir bæjarsjóð að nota þar rjett sinn meira en góðu hófi gegnir. Þá sagði hv. frsm. ennfremur, að jeg hefði látið í ljós, að jeg gæti ekki gengið inn á, að bæjarsjóður tæki þátt í kostnaðinum við skólana hjer í Reykjavík. En jeg sagði einmitt, að jeg teldi rjettlátt, ef mentaskólinn hjer yrði að einum óskiftum lærðum skóla, að þá tæki bæjarsjóður drjúgan þátt í stofnun gagnfræðaskóla, sem óhjákvæmilegt yrði þá að stofna hjer. Það er því ekki rjett, að mótstaða mín gegn þessum tillögum nefndarinnar stafi af því, að jeg vilji hlífa bæjarsjóði Reykjavíkur við útgjöldum, enda hefir framkoma mín á þingi ekki getað sýnt það, að jeg hafi viljað hlífa bæjarsjóðnum við rjettlátum útgjöldum eða draga taum kjördæmis míns í fjármálum. En jeg vil ekki, að löggjafarvaldið heimti, að hlutfallinu milli bæjarsjóðs- og ríkissjóðsframlaga, sem staðið hefir um mörg ár, sje raskað.

Þá gat hv. frsm. þess, að ekki hefði sjeð á fjárskort hjá bæjarsjóði er hann nýlega hefði keypt mjög dýra eign. Skal jeg að gefnu tilefni lýsa aðstöðu minni til þessa máls frekar en jeg hefi áður gert. Jeg lít svo á, að kauptún og hin stærri sveitarfjelög þurfi engu síður en ríkissjóður að gæta allrar varúðar í fjármálum sínum, því að fjáreyðsla þeirra bitnar engu síður á almenningi en fjáreyðsla ríkissjóðs. Og jeg tel óforsvaranlegt eftirlitsleysi stjórnarinnar undanfarin ár í þessum efnum. Hefði til mín verið leitað sem ráðherra um samþykki á jarðakaupum þessum, hefði jeg hiklaust synjað samþykkis; því að jeg tel það skyldu hverrar stjórnar að koma í veg fyrir, að sveitar- eða bæjarstjórnir viðhafi óhæfilega ógætni í fjármálum.

Þá sagði hv. frsm., að jeg hefði frekar komið fram sem þingmaður Reykvíkinga en sem fjármálaráðherra, en svo er alls ekki, því að bæjarsjóð munar lítið um 6 þús. kr. til þessara skóla, því að tekjur hans og gjöld eru svo mikil; en það er aðferðin, sem jeg er að mótmæla, því að hún má ekki eiga sjer stað. Þá gat hann þess, að það væri undarlegt, að jeg hefði ekki tekið skóla utan Reykjavíkur til samanburðar. En þar er aðeins um Flensborgarskólann í Hafnarfirði að ræða, og jeg taldi ekki þörf að geta hans í þessu sambandi, því að það var búið svo rækilega áður. Fleiri dæmi er heldur ekki hægt að nefna.

Jeg hefi leitað í fjárlögunum fyrir 1923, og finn ekkert dæmi þess þar, að sveitar- eða bæjarfjelagi sje gert að skyldu að leggja ákveðna fjárhæð fram á móts við ríkissjóð. Sömuleiðis hefi jeg leitað í fjárlögum fyrir 1924 og í frv. til fjárlaga fyrir 1925, og hvergi á það sjer stað, að bæjarfjelagi sje gert að skyldu að kosta skóla á móti ríkissjóði. Heldur er alstaðar komist svo að orði, að fje er áskilið annarsstaðar frá. Verða þá stjórnir skólanna að ráða fram úr því, hvaðan þær fá þessar tekjur. Þetta skilyrði, sem háttv. fjvn. vill setja, er því alveg nýmæli. Og má í þessu sambandi benda á, að nefndin er á rjettri leið með tillöguna um fjárveitingu til kvennaskólans á Blönduósi, því að þá fjárveitingu bindur hún einungis því skilyrði, að að minsta kosti komi 2000 kr. annarsstaðar frá.

Áður en jeg fer lengra vil jeg kvitta fyrir þau ummæli hv. frsm., að jeg væri þröngsýnn. Jeg geri ráð fyrir, að hann hafi sagt þau fyrir nefndarinnar hönd, því að hann sagði þau ekki aðeins einu sinni, heldur tvisvar. En þó aldrei nema hann hafi ekki sagt þau fyrir nefndarinnar hönd, þykir mjer engu minna fyrir þeim, hafi þau verið frá honum sjálfum, því að jeg met hann einan jafnmikils sem 7 meðalmenn, þó saman sjeu í einni nefnd.

Viðvíkjandi iðnskólanum get jeg tekið það fram, að þar mun hentara að orða tillöguna með öðru móti en gert er í brtt. nefndarinnar. Því að tilskilið hefir verið, að framlag úr ríkissjóði færi ekki fram úr ⅘ kostnaðar. Hitt hefir mest verið greitt með skólagjöldum, sem samkvæmt síðasta ársreikningi námu um 7 þús. kr. Og bera iðnaðarmenn sjálfir þyngstu byrðina við þetta, því að svo mæla lög fyrir, að það sje skylda meistaranna, sem taka iðnnema til læringar, að greiða þetta gjald. Eru því lærlingarnir sjálfir lausir við að greiða skólagjald þar. Kemur þetta að miklu gagni fyrir skólann, því að stjettin hefir sívakandi auga á, að árangur verði af starfi hans, með því t. d. að hafa sterkar gætur á, að piltar stundi þar vel nám sitt, til þess að þeir fái árangur fyrir þá peninga, sem þeir leggja fram. Jeg er því ekkert viss um, að skóla þessum hefði farnast betur, þó að hann hefði fengið alt fje sitt frá ríkissjóði og bæjarsjóði.

Þá fundust mjer ummæli hv. frsm. um tilraunastarfsemi Fiskifjelagsins fremur ólíkleg, þar sem hann sagði, að árangurinn af starfsemi eins manns gæti borgað allan kostnaðinn. En jeg hefi nú talað við marga menn, sem kunnugir eru sjávarútvegi, og hefir þeim komið saman um, að árangur af starfi þessara manna væri lítill sem enginn fyrir sjávarútveginn.

Um Búnaðarfjelag Íslands er það að segja, að jeg hefi ekki sjeð síðustu reikninga þess, og get því ekki dæmt um, hvort það hefir varið fje sínu á svipaðan hátt og Fiskifjelagið, er eytt hefir meira en helming þess í stjórnarkostnað. En út af umræðum þeim, er orðið hafa milli hv. frsm. og hv. þm. Barð. um álit manna á Búnaðarfjelaginu úti um land, hefir hv. frsm. viðurkent, að alment myndi litið svo á, að ekki fengjust nægilegir ávextir af því fje, sem fjelagið fengi. Þetta hefi jeg sömuleiðis orðið var við nú á síðari árum í þeim sveitum, sem jeg þekki til. Sje þetta rjett, má óhætt segja, að það sje öðruvísi en fyrir 20 árum, því að þá hafði Búnaðarfjelag Íslands mjög gott álit úti um land, sem átti rót sína að rekja til þess, að hjá því fengust þá góð og ódýr ráð. Duglegir og ósjerhlífnir áhugamenn tóku þá að sjer, fyrir litla eða enga þóknun, að ráðstafa því fje, sem landssjóður vildi af mörkum láta. Voru þá allir mjög ánægðir með þessa tilhögun, sem líka var auðsjáanlega hentugri en sú, að stjórnin ráðstafaði því sjálf. En nú er orðin ærin breyting á þessu, því að nú fer nokkuð mikill hluti þess fjár, sem það hefir, einungis í kostnað við að ráðstafa því. Auk þess finna menn beinlínis mikla afturför í þekkingu þeirra manna, sem leiðbeina eiga fólkinu.

Jeg vil nefna eitt atriði því til sönnunar. Þegar herra Þórhallur Bjarnarson var búnaðarfjelagsstjóri, hjelt hann fram þeirri sjálfsögðu kenningu, að sá, er rækta vill blautt mýrlendi, verði að þurka það upp 5—6 árum áður en hann byrjar fyrir alvöru að rækta það, því jörðin þarf tíma til þess að safna gróðurmagni. Þetta er

líka hlutur, sem allir vita, sem eitthvað kunna til jarðyrkju, enda undirstöðuatriði allrar mýrlendisyrkju. Hverjar hafa svo framfarirnar orðið í þessu efni? Þær, að nú á síðustu árum hefir búnaðarfjelagsstjóri ráðlagt mönnum að taka forblautar mýrar og tæta í sundur jarðveg þeirra, til þess þar með að gera þær þegar í stað að túni. Og þetta skeður hjer í þeim sama höfuðstað, þar sem herra Þórhallur Bjarnarson flutti sína rjettu og sjálfsögðu kenningu um þessi efni. Jeg nefni þetta dæmi sökum þess, að það er eitt af mörgu, sem hefir gert það að verkum, að menn hafa nú á síðari tímum mist trúna á því, að því fje væri vel varið, sem gengur til Búnaðarfjelagsins. Annars get jeg ekkert sagt um, hvort jeg muni verða með eða móti þessari fjárveitingu fyr en jeg hefi sjeð reikninga fjelagsins fyrir síðastliðið ár, því fyr get jeg ekki dæmt um, hvort fjeð muni verða vel notað eða ekki.

Þá ætla jeg að minnast á eina brtt. hv. fjvn., sem er um að verja 35 þús. kr. til þess að byrja á að framkvæma jarðræktarlögin. Jeg skal ekki mæla á móti þeirri til. að sinni. Hvort jeg verð með henni eða ekki, kemur undir því, hvort þingið gerir nokkuð til þess að afla ríkissjóði tekjuauka á þessu og komandi ári. Mjer finst óforsvaranlegt að taka þetta upp í fjárlögin fyrir árið 1925, nema því aðeins, að þingið sjái ríkissjóðnum fyrir tekjuauka; en verði það gert, vil jeg ekki vera móti þessari fjárveitingu. Annars verður framkvæmd jarðræktarlaganna mjög fjárfrek, og mjer finst það meira um vert, að byrjað sje á framkvæmd þeirra með krafti, þegar til þess kemur, heldur enn hvort byrjað er á framkvæmdunum árinu fyr eða síðar. Jeg veit líka, að margir áhugasamir landbúnaðarmenn eru mjer sammála um þetta. Annars finst mjer, að það ætti vel við um nýjung sem þessa, að gerð væri við hana sú athugasemd, að hún kæmi því aðeins til framkvæmda, að nægjanlegt fje væri til í ríkissjóðnum.

Um aðrar brtt. en brtt. hv. fjvn get jeg þegar tekið það fram, að jeg get felt mig við flestar lækkunartillögurnar, en er á móti flestum hækkunartillögunum, nema þeirri, sem flutt er af mjer og samþingismanni mínum, hv. 4. þm. Reykv.

Að því er snertir fjárveitingu til markaðsleitar, skal jeg taka það fram, að mjer er það fyllilega ljóst, að nú er sjerstök ástæða til þess að verja fje í því skyni að finna nýja markaði fyrir íslenskt kjöt, svo um fleiri leiðir sje að ræða en að selja það til Noregs. Jeg vona þó, að hægt verði að komast af með 15 þús. kr., þó hinsvegar sje ómögulegt að segja um það fyrirfram, og það má vel vera, að eigi verði komist af með minna en 20 þúsund krónur.

Þá vil jeg minnast á eina brtt., sem til útgjalda horfir, og það er um hafskipabryggju á Ísafirði. Jeg er sammála hv. frsm. fjvn. um það, að ekki sje nein brýn nauðsyn á því að bæta við hafskipabryggju á Ísafirði við hliðina á þeirri myndarlegu bryggju, sem þar er fyrir. Og mjer finst alls ekki rjett að ráðast í slíkar framkvæmdir nú á þessum tímum, þegar ekki ber brýna nauðsyn til, alveg án tillits til þess, hvort fje er varið til þess úr ríkissjóði eða bæjarsjóði Ísafjarðar, því jeg álít, að bæjarfjelögin þurfi engu síður að gæta hófs í fjárframlögum sínum en ríkið, og jeg álít, að ríkið hafi alls ekki efni á því að uppörva til slíkra framkvæmda með því að leggja fram ¼ af því fje, sem með þarf.

Klemens Jónsson: Jeg hafði varla búist við því að þurfa að taka til máls aftur við þessa umræðu. Jeg bjóst ekki við því, að orð mín í gær þyrftu að vekja nokkrar deilur. En sökum ýmsra ummæla, sem fram hafa komið við þessar umræður, get jeg ekki annað en tekið til máls, og skal jeg vera eins stuttorður og mjer er frekast unt. Jeg tek málin eftir þeirri röð, sem jeg hefi „nóterað" þau niður undir umræðunum.

Jeg gat þess í gær, að mjer kom það nokkuð á óvart, að hv. fjvn. leggur til, að 25000 kr. verði varið til fjárkláðalækninga. Mjer er ekki kunnugt um, að neinar raddir hafi heyrst um það, að fjárkláði væri að aukast í landinu eða að þörf væri á mikilli fjárveitingu í þessu skyni. Hæstv. atvrh. (MG) gat þess, að það hefðu verið nýjar upplýsingar fyrir fjvn., að aðeins hafi verið varið nokkrum hundruðum króna til fjárkláðalækninga síðastliðið ár. Þessu furða jeg mig á, því jeg hjelt nú satt að segja, að nefndin hefði leitað sjer upplýsinga í þessu máli, og hefði hún viljað fá slíkar upplýsingar, þá þurfti hún ekki annað en að síma til ríkisbókara og spyrjast fyrir um þetta atriði hjá honum. Úr því ekki þurfti að verja nema nokkrum hundruðum króna til fjárkláðalækninga síðastliðið ár, þá eru litlar líkur til þess, að svona mikið fje þurfi til þess næsta ár. Jeg held því, að þessi upphæð sje óþarflega há hjá háttv. fjvn. Hæstv. atvrh. gat þess, að gott væri að hafa upphæðina nógu háa, ef á þyrfti að halda, því það fje, sem afgangs yrði, sparaðist þá. En það mætti nú segja um svo marga liði í fjárlögunum, að gott væri að hafa þá sem hæsta, þó ekki væri víst, að á öllu fjenu þyrfti að halda. Hv. frsm. fjvn. mintist líka á þetta atriði og gat þess, að árið 1922 hefðu baðlyf verið keypt fyrir 57 þús. kr. En þetta er misskilningur hjá hv. frsm. Allur fjárkláðakostnaðurinn var það ár 57 þús. kr. Jeg veit ekki nákvæmlega, hvað mikið var keypt af baðlyfjum það ár, en það var ábyggilega ekki eins mikið og hv. frsm. fjvn. hjelt fram, en reyndar fór mikið fje til baðlyfjakaupa. Hv. frsm. hjelt því fram, að baðlyfin hefðu verið látin liggja hjer í Reykjavík, en það er ekki rjett. Þau voru sennilega mest seld hjer, en þau voru líka, eins og jeg áður hefi tekið fram, til sölu úti um alt land. Hv. frsm. hjelt því fram, að baðlyfin hefðu reynst illa, en jeg held, að það sje ekki mikið á þeim sögum að byggja, sem um það hafa heyrst. Sumstaðar er sagt, að þa hafi reynst illa, en aðrir segja aftur á móti, að þau hafi reynst ágætlega. Háttv. frsm. gat þess, að þau hefðu reynst illa í Eyjafirði, og það má vel vera. En jeg veit með vissu, að þau reyndust annarsstaðar ágætlega, t. d. í Árnessýslu. Það hefi jeg frá bestu heimild. Hv. frsm. gat þess, að heyrst hefðu raddir víðsvegar af landinu um það, að þörf væri á kláðaútrýmingu. En jeg fyrir mitt leyti hefi ekki heyrt, að nein brögð væru að fjárkláða nú, nema ef vera skyldi í Dalasýslu og Vestur-Húnavatnssýslu. Jeg vil ekki beinlínis mótmæla þessari fjárveitingu, en ef ekki er þörf á að verja svona miklu fje í þessu skyni, þá finst mjer engin ástæða til þess að veita það.

Þá var minst á mann til leiðbeiningar við húsagerð í sveitum. Hæstv. atvrh. (MG) gat þess, að ýmsir bændur hefðu yfirleitt gott álit á þeim manni, sem undanfarið hefir gegnt því starfi, og skal jeg ekki vefengja það. Háttv. frsm. hjelt því fram, að jeg hefði verið of harður í garð þessa manns, en jeg held, að það sje ekki rjett. Jeg fór alls ekki neitt ver með

hann en hann átti skilið. Mjer virtist það koma skýrt fram hjá hv. frsm., að hann teldi, að jeg hefði beitt mann þennan harðýðgi, en jeg held, að slíkt verði samt alls ekki með sanni sagt. Þrátt fyrir það, þótt hann gæfi enga skýrslu um gerðir sínar eða hvað hann hefði í hyggju að gera sumarið 1923, heldur dundaði við að byggja hús fyrir sjálfan sig hjer í bænum, þá ljet jeg það afskiftalaust þangað til í desembermánuði í vetur. Þá sagði jeg honum, að þetta gæti ekki gengið svo lengur. Þá heyrðist mjer helst á honum, að honum væri ekki neitt sjerlega sárt um stöðuna. En þrátt fyrir þetta alt vildi jeg ekki svifta manninn stöðunni fyrirvaralaust, heldur tilkynti jeg honum, að það yrði hætt að borga honum út laun hans 1. apríl. Jeg gaf honum því þriggja mánaða frest og tækifæri til þess að leita til þingsins, og slíkt get jeg ekki kallað harðýðgi. Nú hefir þessi maður gefið hv. fjvn. skýrslu um starfsemi sína og lofar öllu fögru, og það má vel vera, að hann efni það.

Hæstv. atvrh. gat þess, að ef brtt. fjvn. yrði samþykt, mundi hann skoða það sem yfirlýsingu þingsins um, að maðurinn skyldi halda styrknum einnig þetta ár, og tel jeg það rjetta skoðun. Annars vil jeg í sambandi við þetta mál geta þess, að jeg veit ekki, hvort það er rjett að hvetja bændur til bygginga á þessum tímum, þar sem bæði efni og kaup er afardýrt. Jeg efast um, að það sje búhnykkur að byggja mikið á þessum tímum.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) mælti mjög með brtt. sinni viðvíkjandi hafskipabryggju á Ísafirði. Það var helst að heyra á hv. þm., að hann áliti, að jeg hefði verið skyldur að taka fjárveitingu þessa upp í fjárlagafrv. stjórnarinnar, og að minsta kosti væri jeg og sá flokkur, sem jeg tilheyri, skyldur að greiða atkvæði með brtt. En jeg get alls ekki fallist á, að þetta sje rjett hjá hv. þm., þó mjer væri kunnugt um þá samninga kaupstaðarins, sem hann nefndi og jeg staðfesti þá. Jeg verð að benda hv. þm. á það, að það er til þess ætlast, að kaupstaðirnir hafi fulla sjálfstjórn í öllum sínum málum, þó þeir eigi að leita samþykkis stjórnarráðsins til ýmsra ráðstafana. Samþykkið er því oft varla annað en formsatriði. Jeg skal nefna eitt gott dæmi því til sönnunar. Meðan jeg var ráðherra var samþykt reglugerð í einum kaupstaðanna og í þeirri reglugerð var ákvæði, sem mjer þótti mjög varhugavert að samþykkja. Jeg sendi því skjölin aftur til hlutaðeigandi bæjarstjórnar og benti henni á þetta og bað hana um að taka þetta til rækilegrar íhugunar. En bæjarstjórnin hjelt fast við sitt áform og vildi í engu breyta reglugerðinni og lagði eindregið til við stjórnina, að hún notaði ekki þann formlega rjett, sem hún hefði til þess að neita reglugerðinni samþykkis, og jeg taldi mjer ekki fært að neita um það, þó jeg teldi ákvæðið mjög óheppilegt, eins og síðar kom á daginn að það var. Jeg get því alls ekki álitið, að þótt jeg sem ráðherra legði samþykki mitt á þessa samninga Ísafjarðarkaupstaðar, þá sje jeg sem þingmaður skyldur til að greiða atkvæði mitt með þessari brtt., og því síður finst mjer flokkurinn geta talist skyldugur til þess. En af því, að telja má víst, að hjer sje ekki um neina útborgun að ræða fyrir ríkissjóðinn, því það mun koma til borgunar dýrtíðarláns, sem aldrei verður endurgreitt hvort sem er, þá get jeg greitt atkvæði með þessari brtt.

Hæstv. forsrh. gat þess í ræðu sinni, að jeg gæti ekki annað en haldið með öllum þeim till., sem komu frá fyrv. stjórn. Í sambandi við þau ummæli hans vil jeg geta þess, að jeg var alls ekki einráður um alla

liði fjárlagafrv. Í 14. og 15. grein fjárlagafrv. og víðar eru fjárveitingar, sem alveg heyra undir annan ráðherra. Og þótt samkomulagið milli okkar ráðherranna væri yfirleitt mjög gott við samningu fjárlagafrv., er þó altaf eitthvað, sem hlýtur að bera á milli. Sjerstaklega var einn liður nokkurt ágreiningsefni, og það er styrkurinn til sjera Jóhannesar L. Lynge, sem minst hefir verið á. Eitt sem hæstv. forsætisráðherra sagði í sambandi við þann styrk, get jeg alls ekki felt mig við, og verð því að gera nokkra athugasemd við það. Hæstv. forsrh. sagði, að þessi maður hefði verið *tekinn* úr embætti sínu til þess að gegna orðabókarstarfseminni. En hver tók hann úr embætti? Jeg held, að hann hafi að minsta kosti ekki verið tekinn nauðugur, heldur hafi það verið gert fyrir þrábeiðni hans af nánasta venslamanni hans einum hjer á þinginu, sem aldrei skyldi verið hafa. Annars finst mjer vera farið fulllangt í lækkun til þessa manns, því úr því hann einu sinni er kominn að þessu starfi, — sem hann vitanlega er ekki vaxinn — álít jeg rjett að láta hann hafa svo mikið, að hann geti dregið fram lífið, en það hygg jeg, að hann geti varla af 4000 kr. með sína stóru fjölskyldu. Jeg hefi því hugsað mjer að styðja, ef til kemur, brtt. við 3. umr. fjárlagafrv., að hann fái 5 þús. kr.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) virtist álasa mjer fyrir að hafa ekki tekið upp í fjárlagafrv. hærri styrk til Þórðar Flóventssonar. Jeg viðurkenni það fyllilega, að þessi maður er mjög duglegur og áhugasamur og hefir unnið þarft verk á ferðum sínum. En mjer skildist á hv. fjvn. í fyrra, að styrkur sá, sem honum var þá veittur, ætti að vera þóknun til hans í eitt skifti fyrir öll, en það væri ekki ætlast til, að hann fengi árlegan styrk. Jeg var því í vafa um, hvort jeg ætti að taka þennan styrk upp í fjárlögin eða ekki. Jeg áleit þó rjett að gefa þinginu kost á að athuga, hvort það vildi veita honum styrk áfram, og mjer finst 600 kr. vera fullsæmileg þóknun til þessa gamla manns fyrir starf hans.

Jeg hefi nú svarað flestu, sem jeg þarf að svara. Viðvíkjandi styrk til markaðsleitar skal jeg taka það fram, að jeg er þeirrar skoðunar, að 5 þús. kr. sje fulllágt. Jeg hefi því afráðið að greiða atkvæði með brtt. hv. fjvn. Hærra finst mjer ekki hægt að fara.

Jeg sje nú ekki ástæðu til að fara út í fleiri brtt., þó ýms ummæli hafi fallið í minn garð, sem jeg hefði ástæðu til að svara, en jeg vil ekki lengja umræðurnar meira, því það er þegar áliðið kvölds og það er meiningin að ljúka þessari umr. í nótt.

Jeg get sagt líkt og hæstv. fjrh., að jeg mun verða með flestum lækkunartillögunum, en móti flestum hækkunartillögunum.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg get verið mjög stuttorður. Ummæli hv. frsm. gefa ekki mikið tilefni til andsvara. Hann lagðist að vísu móti till. minni, eins og jeg hafði hálfvegis búist við, og færði nokkrar ástæður. Jeg gat þess þegar jeg talaði í dag, af hvaða ástæðum jeg hefði borið till. fram. Andmæli hv. frsm. hrekja ekkert rjettmæti óska þeirra, sem jeg hefi borið fram fyrir hönd bænda í Hruna mannahreppi. Hv. frsm. gat þess, að Alþingi bæri ekki skylda til að sjá um það viðvíkjandi þessu fyrirtæki, að löggjöfin yrði hlutaðeigandi bændum ekki til óhagræðis. Jeg viðurkenni þetta, en álít, að löggjafarvaldið eigi að hafa það hugfast að ganga ekki feti lengra í þessum efnum

en nauðsyn krefur. Hygg jeg það mundi hafa verið ofurauðvelt að undanþiggja um nokkra stund þetta fyrirtæki frá lagaákvæðum síðasta þings. Smjörlíkisgerðin var sett á stofn í sambandi við rjómabúið með fjársparnaðinn fyrir augum. Tilætlunin var að fullnægja þörf þessarar sveitar og nágrannasveita. Það var alls ekki tilgangurinn að framleiða miklar vörur til að flytja á fjarlæga markaðsstaði. Enda var rjómabúið stækkað í því augnamiði að hafa smjörlíkisframleiðsluna heldur litla. Byggingunni, sem rjómabúið var starfrækt í, var dálítið breytt, og þingið brást vel við að styrkja smjörlíkisgerðina, og það mun hafa orðið þess valdandi, að í þetta var ráðist; annars hefð ekki verið lagt út í þennan kostnað. Hjer er um merkilega nýung að ræða á sviði löggjafarvaldsins. Það hefir stutt fyrirtækið á stofn, en þegar það er komið í gang, setur það lög, sem bannar því að starfa. Eigi hið háa Alþingi ámæli skilið út af þessu máli, þá á það ámæli skilið fyrir að hafa nokkurntíma veitt styrk til fyrirtækis, sem það hafði ekki gleggri þekkingu á en raun ber vitni um.

Jeg drap á það í dag, að menn væru fúsir til að skila áhöldunum aftur. Það yrði alt of kostnaðarsamt fyrir hjeraðið að byrja fyrirtækið á öðrum stað. Jeg þarf ekki að fjölyrða frekar um þetta mál en jeg vil geta þess, að Alþingi hefir gefið eftir fjárupphæðir til fyrirtækja, sem komu því miklu minna við en þetta fyrirtæki.

Jeg vil leyfa mjer að gera fyrirspurn til hv. fjvn. um það, hvort hún hafi tekið ákvörðun um endurveiting á upphæðum, sem voru í fjárlögum síðasta þings. Vænti jeg eftir glöggu svari frá hv. frsm.

Þá vil jeg minnast örfáum orðum á ummæti út af till. á þskj. 207, sem jeg flyt ásamt hv. 2. þm. Reykv. Þau ummæli, sem jeg hafði um styrklækkun til Þórðar Flóventssonar, bar ekki að skilja sem ámæli til hæstv. fyrv. stjórnar. Það var öðru nær. En mjer fanst sjálfsagt að greiða meira fje en hún hefir gert ráð fyrir.

Jeg vil ekki lengja umr. frekar. Þykist jeg sjá, að hv. þingmenn sjeu búnir að fá nóg af ræðuhöldum í dag.

Tryggvi Þórhallsson: Það eru örfá orð. Það hafa ekki svo fáir hv. þm. vikið að þm. Strandamanna í dag. Sjerstaklega voru það þó tveir af ráðherrunum, sem sýndu mjer þann sóma að spretta upp úr sæti sínu strax og jeg hafði talað. Það er þess vegna ekki ástæðulaust, að jeg læt falla nokkur orð áður en umr. er slitið.

Hæstv. forsrh. hefir sýnt þessari hv. deild hina sömu virðingu nú og við umr. fyrri kafla fjárlaganna. Í bæði skiftin varla komið á fund. Tel jeg þetta allóviðkunnanlegt. Af þessari ástæðu mun jeg svara færra en jeg annars hefði gert.

Jeg vil þá fyrst minnast á þá meginröksemd, sem hæstv. forsrh. greip til að svara orðum *mínum*. Hún *minnir mig* á söguna um það, þegar Gissur jarl flýði undan Áverjum og kallaði til Klængs bróður síns í Bræðratungu: „Þeir elta mig nú mágar þínir. Lát upp kirkjuna skjótt.“

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að þetta væri verk hins fyrv. atvrh., og sæti því illa á mjer að kasta hnútum að honum. Getur verið, að þessi kirkjugrið hæstv. forsrh. reynist honum ekki eins trygg og Gissuri reyndust sín forðum. Sannleikurinn er sá, að hæstv. fyrv. atvrh. var ekki einn í ráðum. Hæstv. fyrv. forsrh. (SE) hefir tjáð mjer, að þessir liðir væru að mestu leyti sín verk. Þar af leiðandi verður þetta hæstv. forsrh. (JM) ljelegt til varnar. Þar

sem hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur, verð jeg að sleppa fleiri athugasemdum.

Það voru þung orð, sem hæstv. fjrh. (JÞ) ljet falla í garð Búnaðarfjelags Íslands og um núverandi stjórn þess fjelags. Hann þurfti ekki að beina þeim orðum til hv. frsm. fjvn.; hann mátti líta nær sjer. Við hlið hans situr maður úr stjórn þessa fjelags, hæstv. atvrh. (MG), svo þau hörðu ummæli um breytta stjórnarhætti og óráðsframkvæmdir snerta því fyrst og fremst sessunaut hans. Hann er eini þingmaðurinn, sem á sæti í stjórn Búnaðarfjelags Íslands, og jeg treysti því, að hann láti ekki þessi öfgaorð hæstv. fjrh. standa ómótmælt. Þetta tek jeg skýrt fram. (*Atvrh. MG*: Jeg ræð því sjálfur, hverju jeg svara). Þetta er aðeins ósk mín; vitanlega hefi jeg ekkert yfir hæstv. atvrh. að segja.

Þá verð jeg að víkja nokkrum orðum að háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Jeg hefi ritað hjá mjer orð hans um það, að Búnaðarfjelagið væri í miklum skuldum, en ætti engan sjóð. Jeg get upplýst það, að á síðasta búnaðarþingi var lögfest að efla fastan sjóð Búnaðarfjelagsins talsvert mikið.

Jeg vil enn víkja örfáum orðum að þrem þingmönnum, sjerstaklega hv. þm. V.-Sk. (JK). Hann var að bera saman störf mín og ýmsra annara í þágu búnaðarins; en jeg á auðvitað ekki að dæma um það. Hann mintist einnig á það, hve nauðsynlegt væri, að góðir og vandaðir menn einir fengjust við blaðamensku. Lá ótvírætt í orðum hv. þm., að ekki sæjust miklar framfarir í þessum dygðum hjá undirrituðum. Um það dæmi jeg ekki heldur, en vona aðeins, að þegar hv. þm. hefir haft þesshátt ar störf á hendi eins lengi og jeg hefi nú haft, verði betri dómur kveðinn upp um hann en hann hefir nú látið falla um mig.

Hv. þm. Barð. (HK) og hv. þm. Ak. (BL) voru að tala um sníkjuhugsunarhátt og smásálarskap hjá bændum. Það verður að athugast, að atvinnuvegi bænda er þann veg farið, að þeir þurfa að gæta hvers einasta eyris. Afkoma búskaparins er svo erfið. Þetta hefir bæði sína erfiðu hlið og einnig hollu hlið. Í þessum atvinnuvegi venjast menn á sparnað og hófsemi.

Hv. þm. Ak. þarf jeg litlu að svara sjerstaklega. Hann virtist sakna þess mjög, að hann hefði ekki fengið þakklæti „Tímans" undanfarið, en hinsvegar ljet hann í ljós gleði sína yfir þakklæti úr þeirri átt nú. Síðasta ræða hv. þm. Ak. virtist mjer frekar vera dágóð prjedikun til hv. þingmanna fyrir skort á ættjarðarást. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að honum myndi takast að breyta hugsunarhætti þingmanna, og óska jeg honum til hamingju með það. (*BL*: Jeg sagði, að mjer myndi ekki takast það!).

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er nú þegar orðið mjög framorðið. Ef hv. þm. Str. (TrÞ) er mjög kvöldsvæfur (*TrÞ*: Alls ekki tilfellið!), mætti ef til vill finna nokkra afsökun fyrir þeim framúrskarandi fjarstæðum hans um það, að ásökun mín í garð forseta Búnaðarfjelagsins fyrst og fremst snerti sessunaut minn, hæstv. atvrh., af því að hann væri í stjórn fjelagsins. Þennan vitnisburð gaf jeg eftir því, sem jeg hefi fræðst um starfsemi Búnaðarfjelagsins í sveitum landsins á ferðalögum mínum. Jeg hefi ekki komið í sveit síðan í júlí síðastl., um sama leyti sem hæstv. atvrh. fyrst kom í stjórn þessa fjelags. Jeg get ekki skilið, að hv. þm. Str. hafi sagt þetta í góðri trú, nema hann sje þá orðinn grútsyfjaður. Að öðrum kosti

verð jeg að álíta, að það hafi verið sagt af þeim hvötum, sem helst ekki eiga að ráða orðum manna. Til að fyrirbyggja misskilning, tek jeg það skýrt fram, að orð mín áttu ekki við þann mæta mann, sem var forseti Búnaðarfjelagsins fyrir 10—20 árum. Það er núverandi forseti, sem hefir, eftir því sem jeg best veit, ráðlagt fáráðlingum að róta í forarblautum, óræstum mýrum, í því skyni að gera þær að túni.

Jón Sigurðsson: Það hafa ýms orð fallið við umr. síðari hluta fjárlaganna, og mörg æðiundarleg. Meiri hluti umr. hefir snúist um 3—4 fjárveitingar til landbúnaðarins. Mig furðar þetta sjerstaklega, þegar litið er á það, að á þessum krepputímum munu víst allir hv. þm. viðurkenna það, að það sje ekki hvað síst þörf á að auka framleiðsluna í landinu. Að mínu áliti eru til tvö bjargráð: að spara og auka framleiðslu. Í fyrradag samþykti þessi hv. deild talsverða upphæð til sjávarútvegsins, til að styðja að bættri afkomu sjávarútvegsmanna, styðja að aukinni framleiðslu, sjerstaklega að tryggja smábátaútgerðina betur en gert hefir verið, með auknum landhelgisvörnum, og auka þannig framleiðslu sjávarútvegsmanna. Nú hefir fjvn. borið fram tillögur, er stefna að hinu sama að því er snertir landbúnaðinn, en undirtektirnar undir þessar tillögur komu mjer mjög á óvart, því jeg hafði búist við eindregnu fylgi við þær. Jeg vona, að hv. þm. sjeu ekki þess hugar, að þeir vilji ekki unna landbúnaðinum framfara eins og sjávarútveginum.

Hvað snertir styrkinn samkvæmt jarðræktarlögunum, þá mótmæli jeg því algerlega, að hann sje ölmusa; og hann er heldur ekki veittur bændum af því þeir geta ekki „spekúlerað" í síld, eins og hv. þm. Str. sagði, heldur sem verðlaun eða hvatning frá þjóðfjelaginu til bændanna um að þeir leggi sig nú alla fram til að vinna að þessu þýðingarmikla máli þjóðarinnar, jarðræktinni. En jeg tek undir það, sem hv. þm. Ak. sagði, að persónulega er mjer nákvæmlega sama, hvort jeg fæ nokkurn styrk eða engan; býst við að vinna engu síður að jarðabótum án hans, eins og hingað til, en það er gamalt spakmæli, sem segir: „Ekki þurfa heilbrigðir læknis við, heldur þeir sem sjúkir eru." Þeir, sem hafa opin augu fyrir því, hvílík þjóðarnauðsyn það er að auka ræktun landsins, þeir þarfnast ekki þessa meðals, sem við nú nefnum jarðræktarstyrk, heldur þeir, sem halda, að búskapurinn geti haldið áfram með gamla laginu. Það eru þessir menn, sem þarf að lækna; það þarf að opna augu þeirra, með því að fá þá til að hefjast handa.

Jeg skal játa, að það er að nokkru leyti rjett, að það skiftir ekki miklu máli, hvort byrjað er einu sumrinu fyr eða síðar, en jeg vil leyfa mjer að færa rök að því, að áríðandi sje, að byrjað verði sem fyrst.

Fyrst er að líta á það, hvernig ástandið er og hvernig það var, og draga af því ályktanir um það, hvernig verða muni í framtíðinni.

Áður fyrri hafði landbúnaðurinn eins mikinn mannafla og hann óskaði eftir. Nú á síðari tímum, síðan atvinnuvegirnir urðu margir og margbreyttir, hefir fjöldi manna alveg horfið frá landbúnaðinum, enda hafa engar ráðstafanir verið gerðar til að hefta þann straum. Er ekki annað sjáanlegt en að búnaðurinn breytist í einyrkja- eða kotungabúskap, ef þessu fer fram. Þetta er það, sem jeg óttast, og fyrir þessari hættu, sem virðist blasa við,

vil jeg ekki loka augunum. Við verðum að nota tímann, meðan enn er færi og talsverður mannafli til sveita, til þess að breyta jarðræktinni í það horf, að af megi komast með miklu færra fólk en nú tíðkast. Ef þetta tekst ekki, að sljetta túnin svo vel og gera slíkar umbætur, að koma megi að fljótvirkum vjelum, þá er ekki annað sýnna en að voði sje þessum atvinnuvegi búinn. Ef afkoman er ljeleg, leita ávalt duglegustu mennirnir til annara atvinnuvega, er betur borga vinnuna, og svo mundi einnig verða um bændurna. Einnig er sú hætta fyrir dyrum, ef landbúnaðurinn breytist í einyrkja- eða kotungsbúskap, að landbúnaðurinn verði ekki lengur sú undirstaða, sem hann hefir verið og á að vera undir íslensku þjóðlífi. Það er ekki hægt við því að búast, að menn, sem strita daginn út og inn fyrir afkomu sinni, geti gefið sjer nokkra stund til andlegra starfa, sem nauðsynleg eru til þess að hefja hverja stjett. Þetta er aðeins ein hlið málsins — menningarhliðin.

Til er önnur hlið á málinu, fjárhagshliðin. Vildi jeg aðeins benda á, hvílíka þýðingu það hefði, ef styrkur þessi gæti örvað menn svo, að sljettaður yrði þó ekki væri nema helmingur af túnum landsmanna, svo að þau yrðu vjelfær. Hver munurinn yrði á því, þegar einn maður með hesti og vjel ynni það, sem 4 mönnum veitist nú fullerfitt, geta menn reiknað í huganum, en það eru háar tölur. Og hver gróði yrði það ekki fyrir land og þjóð, að þeir menn, sem þá yrðu umfram, gætu snúið sjer að öðrum verkefnum.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þennan lið, en jeg get ekki stilt mig um að minnast örlítið á annað atriði, sem talsvert hefir verið rætt hjer í dag. Það er styrkurinn til búnaðarfjelaganna.

Deildar hafa skoðanir manna verið og eru enn um það, hvernig heppilegast væri unnið að jarðabótastörfum. Sumir hafa ætlað, að best væri að flokkar færu meðal bænda og ynnu verk þessi, aðrir að bændur kynnu þau og ynnu sjálfir, svo sem siður er í öðrum löndum. Jeg er alveg sannfærður um, að ekki kemst lag á þetta fyr en bændur kunna að plægja, eins og þeir nú kunna sjálfir að smíða amboð og stinga út úr húsi, en til þessa hefir þá vantað verkfæri o. fl. Þessi litli styrkur, þó hann sje aðeins 10 þús. kr., getur mikið hjálpað til þess að örva menn í því efni. Undanfarið hefir sú athugasemd fylgt þessum lið, að honum væri ekki skift á milli þeirra manna, sem jarðabæturnar vinna — enda munar engan um hann — heldur búnaðarfjelaganna, í hlutfalli við þær jarðabætur, sem þau hefðu látið gera, og hafa þau notað hann til sameiginlegra verkfærakaupa.

Jeg og aðrir þekkja til þess, að styrkur þessi hefir átt góðan þátt í því að halda búnaðarfjelögunum saman, og eins hitt, að mörg góð og nytsöm verkfæri hafa verið keypt fyrir hann. Tel jeg því, að styrknum hafi verið vel varið og vona, að svo verði. Jeg get bætt því við, að jeg hefi hugsað mjer að koma fram með athugasemd, samskonar og áður, við liðinn til 3. umr.

Það er orðið framorðið, og ætla jeg því að sleppa að tala um ýmislegt, sem þó hefði verið ástæða til að minnast á. Það vill líka svo vel til, að allar þær sparnaðartillögur, sem jeg og fleiri höfum barist fyrir á undanförnum þingum, hefir fjvn. nú tekið upp, og eiga þær nú loks vinsældum að fagna. Jeg er því svo lánssamur að eiga enga brtt. En í sambandi við það, sem sagt hefir verið um uppbót á áætlun um ljós og hita til Hóla-

skóla, skal jeg segja það, að mjer er það lítið kappsmál, hvort upphæðin er sett 3 eða 5 þús. kr. Hún þarf að greiðast hvort sem er. Og jeg get ekki fallist á það, sem háttv. sessunautur minn (HK) virtist gefa í skyn, að meira yrði notað, ef áætlunin væri hærri. Það hefir sýnt sig á undanförnum árum; þá hefir áætlunin ætíð verið lág, enda kostnaðurinn stöðugt farið langt fram úr áætlun.

Forseti (BSv): Klukkan er nú orðin 12 og hafa 6 þm. kvatt sjer hljóðs. Væri æskilegt, að þeir yrðu sem stuttorðastir.

Hákon Kristófersson: Jeg skal reyna að vera stuttorður. Bæði till. mínar og ummæli í dag hafa valdið nokkrum andmælum, sjerstaklega frá hv. frsm. (ÞórJ). En ummæli hans þykja mjer mest verð. Þó jeg geti vart vegið manngildi hans á sömu vog og hæstv. fjrh. (JÞ), þá er mjer samt ljúft að játa, að jeg met hann mikils. Þótti mjer því leitt, að hann virtist færa hugsun mína dálítið úr lagi.

Hv. frsm. kvað fleiri en mig hvorki þekkja nje skilja framkvæmdir Búnaðarfjelagsins. Aldrei hefi jeg neitað því, að það hafi komið góðu til leiðar, en jeg benti aðeins á, að mjer virtist ekki ósanngjarnt, að dregið væri af fjárframlögum til þess eins og alls annars. Og mjer og fleirum virðist svo, sem gæta mætti dálítið meiri sparnaðar í því fjelagi en gert er. Því þrátt fyrir alla ráðunautana, orkar mikils tvímælis um ýmsar framkvæmdirnar, eins og t. d. þegar 1922 var varið 18 þús. kr. til ræktunar Víðisins í Mosfellssveit, og þar af 9 þús. kr., sem verða víst að teljast sjerstakur aukastyrkur og stjórnin hefir lagt fram án nokkurrar heimildar.

Þó jeg taki þetta fram, má það ekki skoðast sem andmæli gegn þessu fjelagi, eins og orð mín voru skilin í dag. Mjer hefir aldrei dottið í hug, að ráðunautarnir gerðu ekkert gagn, en hinsvegar hefi jeg litið svo á, að óhætt myndi að fækka þeim, og að jafnvel myndi einn komast yfir þau störf, sem tveir inna nú af hendi. Um Fiskifjelagið get jeg vitnað til fyrri orða minna. En það gladdi mig að heyra, að hæstv. fjrh. (JÞ) er á sömu villigötunum í því efni og háttv. frsm. (ÞórJ) kveður mig vera.

Hv. frsm. sagði, að það væri hart, að gerðar væru tilraunir til að draga úr framkvæmdum eins og Búnaðarfjelagsins. En jeg vil segja það, að það er hart að heyra það, að líkur sjeu til, að ræktun landsins falli niður, ef teknir væru af hændum þessir 10—20 aurar, sem þeir fá á dagsverkið. En sú virtist vera skoðun hv. frsm. og hv. sessunauts míns (JS). Hv. frsm. sagði, að mig brysti þekking á þessum málum. Kann svo að vera, en ekki hefir honum tekist að leiða mig í nýjan eða betri skilning með hinni skörulegu framsöguræðu sinni. Annars mun það jafnaðarlega talin ljeleg röksemdafærsla, að styðja ekki orð sín með verulegri rökum en þeim, að andstæðingarnir hafi ekki vit á málinu. Því vil jeg ekki halda fram gagnvart háttv. frsm. Annað mál er það, að um ummæli hans í þessu máli mætti ef til vill segja: Skýst þó skýrir sjeu. Jeg verð að halda því fram, að um leið og hv. Alþingi veitir styrk til einhvers, beri því skylda til að líta eftir, að styrk þeim sje varið sem best. Sagt er, að 10 menn geti lifað á því, sem einn sóar, og hitt mun og vera rjett, að

einn maður getur afkastað því, sem 10 dunda við. Þekki jeg ekki þann verkshátt á Vesturlandi, en jeg hefi oft sjeð hann hjer á Suðurlandi.

Ef áhugi bænda á ræktun landsins er ekki meiri en það, að þeir þurfa að fá 10—20 aura á dagsverkið, þá er framþróunarstefnan minni en ýmsir gera sjer í hugarlund og hún er þar, sem jeg er best kunnugur.

Hart þykir mjer, að því sje slegið framan í mig, sem hefi þann heiður að tilheyra þessari ágætu stjett, að jeg vilji með tillögum mínum gera menn að nokkurskonar villimönnum hvað framkvæmdir snertir.

Jeg hefi aldrei neitað því um sumar af áveitum ráðunautanna, að þær gætu borgað sig á fám árum, en jeg þekki aðrar áveitur, sem framkvæmdar hafa verið af öðrum, eins og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) benti á, og borið hafa, ef ekki þúsundfaldan, þá hundraðfaldan ávöxt.

Þá mintist hv. frsm. á þessa örlitlu brtt. mína viðvíkjandi þessum gamla, uppgefna, úrræðalausa kennara, og sagði, að jeg mæti hann ekki mikils, fyrst jeg vildi, að hann lyti að svo litlu. Jeg hefi í dag fært rök að till. og ætla ekki að endurtaka þau. En dálítið finst mjer það hart, að jafnmerkur maður og hv. frsm. er skuli nota þessi vopn á móti þessari sanngjörnu og hógværu till. Því eigi að fara að leggja þennan kennara á metaskálarnar þannig, þá má segja, að hv. frsm. metur ekki mikið virðingu okkar bændanna með styrknum til búnaðarfjelaganna, að við fáum 10—20 aura á dagsverkið. Það var ekki upphæðin, sem fyrir mjer vakti, heldur að hv. Alþingi með því að samþykkja till. sýndi samhug sinn með manninum og að það áliti slíkan starfsmann góðs maklegan.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) sagði, að jeg færi ekki rjett með stjórnarkostnað Búnaðarfjelagsins. Má vera, að hvorugur okkar geri það. En eftir upplýsingum frá kunnugum manni, sem jeg hefi aflað mjer í hasti, sje jeg ekki betur en að 60—70 þús. kr. fari í eiginlegan stjórnarkostnað 1922. Og jeg verð að halda því fram, að þegar svo er komið, að hv. Alþingi sjer sjer ekki fært að tryggja öryggi, líf og heilsu landsmanna, þá megi ekki spyrja að því, þó kipt sje hendinni af ýmsum fjárveitingum til framkvæmda. Fjárhagurinn er ekki svo nú, að það dugi að taka á hlutunum með silkihönskum, enda virðist hv. fjvn. ekki gera það hvað snertir fjárveitingar til kjördæmis míns. Og á jeg þar við undirtektir hennar viðkomandi byggingu á læknisbústað og sjúkraskýli í Flatey.

Framorðið er orðið, og vil jeg ekki lengja umræðurnar, en verði á mig ráðist, mun jeg minnast þess við 3. umr.

Jón Kjartansson: Jeg skal vera stuttorður. Það er von, að hv. þm. sjeu orðnir þreyttir. Myndi jeg ekki hafa staðið upp, ef hv. frsm. hefði ekki knúið mig til þess með orðum sínum út af ummælum mínum í dag.

Enginn mun bera hv. frsm. það á brýn, að hann berjist ekki vel fyrir brtt. hv. fjvn., enda eru þær þess verðar flestar, og mun jeg sýna það með atkvæði mínu, að jeg legg ekki á móti mörgum þeirra. Hitt er vafasamara, hversu heiðarlega hann berst fyrir till. nefndarinnar eða hversu drengilega hann kemur fram móti andmælendum sínum. Það er afarauðvelt í „Debat“ að gera keppinaut sínum fyrst upp orðin og svara síðan eftir því. Þannig fór hv. frsm. að við mig, út af þeim meinlausu ummælum mínum.

Háttv. frsm. mintist á kvennaskólann í Reykjavík og taldi, að jeg hefði eigi vitað um Blönduósskólann. Það, sem jeg hjelt fram, og því hefir hv. frsm. ekki mótmælt, þvert á móti margoft tekið það sama fram, að kvennaskólinn í Reykjavík er nú sá eini almenni sjerskóli, sem við eigum handa kvenþjóðinni. Kvennaskólinn í Reykjavík er ekki aðeins húsmæðraskóli, eins og Blönduósskólinn, heldur er hann einnig skóli með almennri gagnfræðamentun.

Þá var styrkurinn til Þórs. Jeg var ekki að tala um neina tillögu um 40 þús. kr., sem lægi fyrir; þótti aðeins miður, að nefndin hefði ekki sjeð sjer fært að mæla með þessari upphæð.

Öðrum ummælum hv. frsm. ætla jeg ekki að svara að sinni, enda gaf hann ekki beina ástæðu til þess.

Áður en jeg sest niður, vildi jeg aðeins finna að þeirri aðferð, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) og fleiri hafa notað hjer, en sú aðferð finst mjer illa eiga við, að hann var að bera á mann, sem ekki hefir tækifæri til að svara hjer, hv. 1. landsk. þm. (SE), að honum væri að kenna hækkun eða háar áætlanir á sumum liðum fjárlaganna. En eins og jeg hefi sagt, mun jeg ekki lengja umræður meira en þörf er á, og lýk því máli mínu að sinni.

Jakob Möller: Það er nú sjálfsagt tilgangslítið að taka hjer til máls, því að menn munu vera hingað komnir til annars en að láta sannfærast, og er þar víst jafnt á komið með sál og líkama, að því er ráðið verður af auðum stólum hv. þm.; og þótt jeg kunni að segja hjer fáein orð, er það fremur til að ljetta af samviskunni en af því að jeg búist við að hafa með því áhrif á gang málanna. Þó vildi jeg beina athygli fjvn. að einstökum atriðum í breytingartillögum hennar. Verða þá fyrst fyrir mjer í þessum kafla þrjár tillögur á þskj. 163, 51.—53. liður. Um þá fyrstu af þessum tillögum er það að segja, að sama er, hvaða tillögur nefndin gerir í því máli, þar sem borga verður upphæðina alt að einu, enda mun hún síst vera of há. Hjer er um samningsbundna greiðslu að ræða, sem þýðingarlaust er að reyna að smeygja sjer undan. Jeg tók eftir því, að forsætisráðherra (JM) gerði þá athugasemd við þá næstu af þessum tillögum, að eins væri þar ástatt. Mjer er ekki það mál kunnugt, en sannarlega get jeg ekki öfundað háttv. fjvn. af sínu leiðinlega verki, ef tilraunir hennar til að lækka útgjöld ríkissjóðs koma fram í því að ráðast á samningsbundnar greiðslur. Þriðja tillagan mun að vísu ekki ganga í þá átt, en jeg get ekki sjeð, að það nái nokkurri átt, að hún nái fram að ganga. Það geta allir sjeð, hvílík sanngirni er í því að lækka námsstyrk til stúdenta, sem eru við nám erlendis, um meira en helming, og skilja þá eftir allslausa á götum stórborganna, og þá ekki síður, hvílík fásinna er að ætla sjer að skuldbinda einstaka stofnun til að taka sjer þessa gjaldabyrði á herðar. Hjer er alt á eina bókina lært. — Jeg tók það fram, að hv. nefnd hefði haft leiðinlegt starf með höndum. Hún hefir klipið þetta 200—500 krónur af hverjum einstökum lið, og samtals nemur þetta 160 þús. kr. Í þessari upphæð eru fólgnir einstaka háir liðir, svo sem 25 þús. kr., sem eiga að sparast við það að leggja niður sendiherraembættið í Kaupmannahöfn. Maður sá, er þessu embætti hefir gegnt, hefir nú sagt af sjer, og mun þessi tillaga nefndarinnar standa í sambandi við það. Annað eins hefir nú komið fyrir áður án þess að slíkt hafi verið gert, — að maður hafi

sagt af sjer, vegna þess að gert hafi verið ráð fyrir því, er ekki hefir ræst, og er því eins líklegt, að þessi sparnaður nefndarinnar verði til lítillar frambúðar.

Það kemur fram, að nefndinni hefir þótt lítill árangur af sínu leiðinlega starfi, þar sem hún leggur til að hækka skólagjöld við mentaskólann úr 100 kr. upp í 150 kr. Það fylgir með í nál., að þetta verði til að minka stúdentaframleiðsluna, og er þar jafnframt gefið í skyn, að ekki sje skaði skeður. Þetta má nú vel vera. En hvernig kemur þessi minkun stúdentaframleiðslunnar út? Hún kemur þannig út, að efnafólkið sendir syni sína í skóla jafnt eftir sem áður, án tillits til þess, hvort þeir eru vel eða illa til þess fallnir, en fátæka fólkið, sem hingað til hefir því aðeins reynt að kosta börn sín til náms, að þau hefðu sjerstaka löngun og hæfileika til þess, er með þessu útilokað frá því að menta börn sín á þennan hátt. Jeg hygg, að fjárkreppa manna og örðugleikar í þessu efni sjeu nægilegir, þótt þessu sje ekki bætt ofan á, og mjer finst, að jeg eigi engin nógu sterk orð til að lýsa slíku atferli. Jeg býst við, að það reynist örðugt að vekja þessa stóla, er standa auðir hjer í salnum, til meðaumkunar með þessum fátæklingum, sem þessi tillaga nefndarinnar gerir rangt til, en jeg efast um, að hægara væri að vekja þá þingmenn, sem í þeim eiga að sitja, til meðaumkunar, og þess vegna harma jeg ekki svo mjög, þótt þeir sitji ekki í þeim. Mjer hefir nú aldrei verið hælt fyrir að vera sparnaðarmaður, og jeg skal fúslega játa, að mjer er þessi sparnaður mjög ógeðfeldur og mun alls ekki vinna það til, til þess að fegra mig í augum kjósenda, að greiða honum atkvæði. Það verður að fara sem fara vill. Jeg læt heldur ekki hv. nefnd telja mjer trú um, að ríkissjóður standi eða falli með öðru eins og þessu, eða að það sje vænlegast til bjargráða að murka niður alla mentun í landinu. — Hv. frsm. (ÞórJ) talaði um mannslíf af miklum fjálgleik. Veit jeg það vel, að ilt er að geta ekki brúað hættuleg vatnsföll. Jeg veit samt ekki, hvort verra er, að menn deyi fyrir fult og alt eða að andlegt líf þeirra sje murkað úr þeim, eins og margar tillögur nefndarinnar ganga út á, eða með öðrum orðum, hvort sje verra að deyða sál eða líkama.

Ein af till. nefndarinnar fer fram á að lækka laun gamals starfsmanns úr 7000 kr. niður í 4000. Fylgir það með í nál., að þessi maður verði að leita sjer nýrrar atvinnu sjer til lífsframfæris. Það lítur út fyrir, að nefndinni hafi ekki verið kunnumt um, að þessi maður er kominn á þann aldur, að slíkt er með öllu útilokað. Með þessu er manninum því fleygt út á klakann, svo að manni fer að finnast, að það geti orkað tvímælis, hve mannslíf sjeu mikils metin.

Háttv. frsm. talaði um búnaðarframkvæmdir og um það, hve miklu fje væri varið til slíkra framkvæmda í hverju menningarlandi. Þetta get jeg fallist á, og þær tillögur nefndarinnar, sem ganga í þessa átt, eru einmitt þær einu, er jeg býst við að greiða atkvæði. Ekki hefir þó nefndinni tekist að vera sjálfri sjer samkvæm í þessu atriði. Þannig fer 108. brtt. fram á að fella niður fjárveitingu til einstaks manns, er mjög snertir þessi mál. Jeg á hjer við styrkinn til rannsóknar á jarðargróðri Íslands. Enginn mun í alvöru geta neitað því, að slíkar rannsóknir sjeu þýðingarmiklar. En auðsjeð er, hvar fiskur liggur undir steini. Hjer er um fjárveitingu til einstaks manns að ræða, og því á að fella hana niður, alveg án tillits til þess, hvort hún er þörf eða

óþörf. Ef ýms önnur störf, er launaðir ráðunautar hafa með höndum, eru nauðsynleg, þá er þetta það ekki síður.

Þá leggur nefndin til að fella niður styrk til veðurathuganastöðvarinnar og afsakar það með því, að þetta varði ekki landbúnaðinn. Þetta er nú vitanlega fullkominn misskilningur. Aðeins af því, að þessi fræðigrein er ókunn hjer, er nú þvílík tillaga sem þessi fram komin. Mig furðar á því, að hið helsta, sem nefndin telur þessari stofnun til gildis, er það, að hægt sje að senda veðurskeyti til Danmerkur. Ef það væri helsta mótbáran gegn því að fella niður styrkinn, skyldi jeg ekki hreyfa mótmælum. En það er enginn vafi á, að mikið gagn getur leitt af veðurathugunum, bæði til lands og sjávar. Hitt er satt, að veðurspár rætast ekki á einum degi. Veðurathuganastöðin hjer hefir líka átt við mikla örðugleika að etja, sem nú er í ráði að bæta úr, og þá er lagt til að leggja hana niður. Þannig hefir hana skort ábyggilegar athuganir á veðurfari norður og vestur frá landinu, og á meðan svo er, er ekki von, að rannsóknir verði fullkomlega tryggar. En nú stendur til, að úr því verði bætt með bygging loftskeytastöðva á austurströnd Grænlands. Víst er um það, að veðurathuganastöðin getur bjargað mannslífum og jafnframt stutt atvinnuvegina. — Einhver gat þess, að um eitt skeið hefði veðurathuganastöðin í Kaupmannahöfn verið höfð að háði. Vel má vera, að svo hafi verið, því víða hefir það komið fyrir, að stöðvarnar hafa verið óábyggilegar fyrst í stað, en lagast með tíð og tíma og orðið að lokum stórþarfar og nauðsynlegar fyrir land og lýð, eins og nú er víða um heim. Jeg álít því mjög illa farið, ef þessi tillaga nefndarinnar nær fram að ganga.

Jeg get ekki stilt mig um að minnast enn á tvo liði, 90. og 105. brtt. Fyrri liðurinn fer fram á, að upphæðin til kaupa á listaverkum verði feld niður, og hinn síðari að lækka styrkinn til skálda og listamanna úr 12 þús. kr. niður í 8 þús. Hjer er um hið mesta ósamræmi að ræða. Fyrir nokkrum árum var farið að styrkja málara með því að láta ríkið kaupa listaverk þeirra. Þetta var mjög heppileg ráðstöfun. Listamennirnir voru látnir gjalda styrkinn fyrirfram og styrktir um leið og ríkið eignaðist verk þeirra. Nú get jeg ekki betur sjeð en að ósamræmi sje í því fólgið að svifta málarana þessum listamannastyrk, en að láta skáld og aðra listamenn halda sínum, þótt lækkaður sje. Jeg veit, að margir líta hornauga til þessara styrkja, en þrátt fyrir örðugan fjárhag mundi jeg greiða atkvæði með báðum upphæðunum óbreyttum, og vona, þótt 90. brtt. verði samþykt, að hv. deild taki því sæmilega, þótt jeg taki þann styrk upp við 3. umr. eitthvað lækkaðan í hlutfalli við hinn.

Mjer þótti leiðinlegt að sjá 111. brtt., sem fer fram á að fella niður styrkinn til alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins. Þessi alþýðufræðsla hefir starfað í tugi ára og alt verið gert til þess, að hún næði til sem flestra, enda er hún öllum kunn og alstaðar vel rómuð. Það hefir verið talað um *afmentunarstefnu* í sambandi við sumar gerðir fjvn., og jeg get ekki að því gert, að mjer finst ekkert annað orð lýsa betur athæfi hennar í þessu máli.

Það hefir mikið verið talað hjer um skóla og styrki til þeirra. Meðal annars fer nefndin fram á, að feldur sje niður styrkur til lýðskólans í Bergstaðastræti. Kemur þar fram sú skoðun margra hv. þm. utan Reykjavíkur, að óleyfilegt sje að veita styrk til skóla, er Reykvíkingar sækja. Þó hafa þeir ekki enn svift alla

skóla í Reykjavík styrk, en vera má, að þess sje ekki langt að bíða, enda er hjer um ósamræmi að ræða, þar sem þennan umrædda skóla sækja utanbæjarmenn jafnt og innfæddir Reykvíkingar. Nú í vetur veit jeg ekki betur en að fullur helmingur nemenda skólans hafi verið utan Reykjavíkur, og svipað hlutfall mun hafa verið á undanförnum árum. Jeg get líka fullyrt, að skólinn nýtur nokkurs styrks úr bæjarsjóði Reykjavíkur, svo að hv. fjvn. þarf ekki að setja það fyrir sig, að hann hafi hvílt að öllu leyti á ríkissjóði.

Það má segja svipað um 88. brtt. hv. fjvn., að hún kemur sjer öllu ver fyrir utanbæjarmenn en Reykvíkinga. Hún fer fram á að fækka þeim stundafjölda, sem Þjóðmenjasafnið er opið, og er það gert til þess að geta lækkað þá lítilfjörlegu upphæð, sem þjóðmenjaverði er veitt til aðstoðar, sem er greidd 4 mætum konum, sem verið hafa í safninu til þess að leiðbeina gestum. Það gefur að skilja, að verði stundafjöldinn minkaður, sem safnið er opið, eiga aðkomumenn verri aðstöðu að sjá safnið. Flestir þeir, sem hingað koma utan af landi, hugsa fyrst um að sjá söfnin, og þá ekki síst þetta safn, og geta þá ýmsir farið þess á mis, ef stundafjöldinn er minkaður. Annars verð jeg að segja, að laun kvenna þeirra, er þarna starfa, eru svo lág, að þau geta tæplega minni verið, enda hefir nefndin viðurkent það með því að vilja fækka vinnustundunum jafnframt því að leggja til að lækka launin. Jeg vil því fastlega skora á hv. deild að láta hvorttveggja haldast óbreytt, laun og starfstíma. Í sambandi við þetta vil jeg minna á, að allar líkur eru til, að dýrtíð verði síst minni 1925 en nú, og er því síður rjettmætt að lækka launa þeirra starfsmanna, sem standa í fjárlögum, en njóta ekki dýrtíðaruppbótar.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að tala um fleiri brtt. hv. fjvn., þó að rjett hefði verið að minnast á sumar þeirra, svo sem tillögu nefndarinnar um kvennaskólann í Reykjavík, er vjer þm. Reykvíkinga flytjum aðra brtt. um. En jeg vildi vekja athygli hv. þm. á brtt., sem jeg á á þskj. 196 og jeg vil biðja þá að hafa hliðsjón af, þegar greidd verða atkvæði um brtt. á þskj. 163, er lúta að hinu sama. Í stað þess að fella niður nokkra útgáfustyrki, sem eru samtals 4300 kr., er þess farið á leit, að það verði lagt á vald hæstv. stjórnar, hvort styrkirnir skuli greiddir. Jeg hefi orðið var við það, að ýmsir hv. þm. hafa skoðað þessa till. mína sem skop eitt, vegna þess hve upphæðin er smávægileg, en mjer er full alvara að fara þess á leit við þá hv. þm., sem álíta tæplega fært vegna fjárhagsörðugleikanna að heimila þessar greiðslur í fjárlögum, en bera hinsvegar fult traust til hæstv. stjórnar, að þeir leggi það á hennar vald að skera úr, hvort fjárhagur ríkisins þoli þessi útgjöld. Því að svo er um allar þessar greiðslur, að þótt þær verði feldar nú, koma þær til útgjalda einhverntíma síðar. Þessum útgáfum verður auðvitað haldið áfram seinna, þó að þeim verði nú slegið á frest. Geta hv. þm. því vel falið hæstv. stjórn að skera úr, hvort fært muni að greiða þennan kostnað á næsta ári. Jeg vil taka það fram um einn af þessum liðum, Lög Íslands, að nú hafa ráðstafanir verið gerðar til þess, að sú útgáfa hefjist á ný, eftir að síðasta þing hafði veitt styrk til þess. Útgefandinn lagði töluvert í kostnað til að koma útgáfunni í framkvæmd, og tel jeg mjög

hæpið, að rjett sje af þinginu að taka styrkinn af honum aftur, eftir að hann hefir lagt fram talsvert fje, í trausti þess, að styrkurinn til útgáfunnar yrði látinn standa áfram.

Sveinn Ólafsson: Það voru nokkur orð í svörum hv. frsm. (ÞórJ), sem komu mjer til að standa upp. Jeg skal fara fljótt yfir sögu og takmarka mig við þau.

Hjer hafa fallið í kvöld mörg þung orð og alvarleg í þá átt, að fyrst og fremst beri að verja opinberu fje til þess, er lýtur að framleiðslu og öflun daglegs brauðs, og helst ekki til annars. Það er og eðlilegt á þessum þrengingartímum. Vjer erum of jarðbundnir til þess að lifa af listinni eða lærdómi, og verðum því að hugsa fyrst og fremst um þetta. En einmitt af því að hv. frsm. lagði svo mikla áherslu á þetta, furðaði jeg mig á því, að hann skyldi koma með þau boð frá hv. fjvn., að hún legðist á móti síðustu 2 brtt. á þskj. 196, sem sje tillögu hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), um lánveitingu til tóvinnuvjela, það er að segja kembingar- og lopunarvjela, og tillögu okkar hv. 1. þm. N.-M. (HStef), um heimild til ábyrgðar á láni fyrir verksmiðjufjelag, sem líkur dálitlar eru til að kunni að rísa upp á Austurlandi, ef ráðist verður þar í stofnun dúkaverksmiðju, sem mikill áhugi er fyrir. Báðar tillögurnar eru svipaðar að því leyti, að hvorug stefnir til fjáreyðslu. Önnur fer fram á lán, en í hinni er leitað heimildar til ábyrgðar á láni. Hjer er því ekki að ræða um eyðslu, heldur hitt, að styðja sjálfsbjargarviðleitni þeirra manna, er kynnu að vilja ráðast í eitthvað af þessu tægi, og gefa þeim hvöt, sem vilja leggja fram fje í þessu skyni. Mig furðar það, ef hv. fjvn. er einhuga að leggja á móti þessu. Jeg verð að segja, að jeg skil hana þá ekki og þau mörgu og alvöruþrungnu orð hv. frsm. í þá átt, að verja beri fje til eflingar atvinnuveganna og til að bæta úr brýnustu þörf landsmanna. Hjer er sannarlega stefnt til þess að bæta úr brýnni þörf, klæðaþörf þeirri, sem fullnægt er nú með miljónaskatti til útlanda, og ef þetta gæti leitt til þess, að einstakir menn legðu fram fje það, sem þarf til þessara nauðsynlegu fyrirtækja, og án útgjalda fyrir ríkissjóð, þá væri sannarlega vel að verið.

Jeg skal leyfa mjer að taka fram, að þessi hugmynd um dúkaverksmiðju á Austurlandi hefir verið lengi á döfinni og var komin nokkuð á veg fyrir ófriðinn mikla. Þá var hafinn viðbúnaður, og voru þá góðar líkur um hluttöku af hálfu Norðmanna. Jeg hygg, að þessar líkur sjeu enn fyrir hendi, og hreint ekki slæmar.

Jeg veit að vísu, að nú upp á síðkastið hefir mikið verið bollalagt um stóra allsherjardúkaverksmiðju í Reykjavík, sem stofna skyldi með aðstoð enskra auðmanna og bætt mundi geta úr allri þörf landsmanna. Jeg mintist á þetta í gær, og jeg verð að segja, að þurfi slíkt fyrirtæki að byggjast að miklu leyti á ensku fje, þá hygg jeg það ekki happadrýgra en þótt það fje yrði sótt til þeirrar þjóðar, sem nær oss er og skyldari.

Rjett er að minna á það, að undanfarið hefir miklu fje verið varið úr ríkissjóði til samskonar fyrirtækja annarsstaðar á landinu, svo sem til Gefjunar og Álafoss, og á síðasta ári til kembivjela á Húsavík. Mig furðar því mjög, ef þessi gamla viðleitni þingsins til að lyfta undir þennan iðnað í landinu væri nú alveg gufuð upp.

Jeg þarf annars ekki að fjölyrða frek-

ar um þessa tillögu, einkum þar sem hv. 1. þm. N.-M. (HStef) hefir talað mjög vel og röggsamlega fyrir henni, og get jeg látið að mestu leyti sitja við orð hans. Þó vil jeg taka það fram, út af þeirri hugmynd, sem nú er að veltast fyrir mönnum um allsherjarverksmiðju og virðist ætla að verða þess valdandi, að önnur fyrirtæki af þessu tægi dragist úr hömlu, að hún mun fyrst um sinn ekki vinna sjer mikið fylgi í öðrum hjeruðum landsins, að minsta kosti ekki í þeim, sem fjærst eru Reykjavík. Menn í fjarlægum hjeruðum hafa hvað eftir annað brent sig á því, að fyrirtæki, sem komið hefir verið upp í Reykjavík með hluttöku annara landsmanna, hafa ekki orðið eigendum að fjeþúfu, heldur Reykjavík einni. Margir menn í fjarlægum hjeruðum eiga hluti í Eimskipafjelagi Íslands, sem er búsett hjer og skattlagt svo grimmilega til bæjarþarfa, að ókjörum sætir, og mun það eiga ekki minstan þátt í erfiðleikum fjelagsins. Allir sjá, hvernig bærinn reynir að nota sjer Landsverslunina, að hann leggur á hana skatt síðastliðið haust, sem nemur 15% af nettóarði hennar. Þannig er farið með allsherjarfyrirtæki hjer í bæ, og verði allsherjarverksmiðja til dúkagerðar sett á stofn hjer, má gera ráð fyrir, að hún verði notuð eins og mjólkurkýr bæjarins og að það borgi sig betur að sækja þá ullarvinslu til annara landa. Þess vegna verða slík fyrirtæki annaðhvort að rísa upp í hjeruðum landsins, fyrir norðan, austan og vestan, eða að öðrum kosti verður að sækja þessa vinslu eins og áður út fyrir pollinn, þótt lítilmannlegt sje.

Jeg drap á það í gær, að eftir lauslegri áætlun, en þó sennilegri, væru úr Múlasýslum einum greiddar milli 200 þús. og 300 þús. kr. árlega til norskra verksmiðja fyrir dúkagerð. Þetta samsvarar því, að koma mætti á fót fyrir þetta fje nothæfri ullarverksmiðju á 2—3 árum. Það er engin furða, þó að oss Austfirðinga langi til að komast hjá að greiða þessi óeðlilegu og þungu gjöld til annara landa. Jeg skal annars ekki þreyta hv. þingmenn á langri ræðu um þetta, en vildi láta þessa getið, áður en brtt. okkar hv. 1. þm. N.-M. (HStef) verða lagðar á höggstokkinn, ef það á fyrir þeim að liggja, eins og helst má ráða af orðum hv. frsm. En þó að svo fari, þá verð jeg að telja það hastarlegt, ef brtt. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) verður líka feld, því að verði nú ekki komist það langt að efna til dúkaverksmiðju, þá er þó einsætt, að heimilisiðnaðinum verður að veita bráðabirgðastuðning á næstu árum með kembingarvjelum á fleiri stöðum en orðið er. Á allsherjarfyrirtæki hefi jeg enga trú og hygg, að nokkur ár muni líða áður en bákn það tekur til starfa, sem fyrirhugað er hjer í Reykjavík og sem fyrirsjáanlega dreifir hugum manna í þessu máli, tefur það og spillir því.

Jón Baldvinsson: Það er í tilefni af orðum hv. frsm. (ÞórJ) um styrkinn til orðasöfnunar, sem jeg vildi segja nokkur orð. Hann kvað þetta starf geta haldið áfram, þó að styrkurinn væri feldur niður, því að sjálfboðaliðarnir mundu ekki hætta við vinnu sína. En þetta er misskilningur. Ef sá maður, sem stýrir þessu verki, er tekinn frá því og neyddur til að leita sjer annarar atvinnu, er við því búið, að hitt starfið falli niður. Hjer gegnir einmitt sama máli, sem háttv. frsm. tók fram í öðru sambandi. Hann gat þess um styrkinn til Búnaðarfjelagsins, að nytjastarfsemi þess yrði slitin í sundur,

ef styrkur þess væri lækkaður. Alveg eins er um þetta, að það starf má ekki slíta í sundur.

Háttv. frsm. andmælti lítillega tillögu minni um 500 kr. styrk til kvöldskóla verklýðsfjelaganna, en jeg vona þó, að þessi litla brtt. finni náð fyrir augum hv. deildar, einkum þar sem hv. frsm. lagði hvergi nærri eins fast á móti henni sem mörgum öðrum brtt.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að hæstv. fjrh. (JÞ). Hann er því miður ekki viðstaddur í deildinni, en þó finst mjer, að ummæli hans hjer í kvöld megi ekki standa ómótmælt stundinni lengur, ef halda á uppi þingræði í þessu landi og því sjálfræði, sem bæjar- og sveitarfjelög hafa að lögum. Hann talaði, að gefnu tilefni af hálfu hv. frsm., um kaup Reykjavíkurbæjar á jörð einni hjer í nágrenninu, og skein það út úr ummælum hans, að ef hann hefði verið í þeirri stöðu, að hann hefði átt að leggja samþykki sitt á þessi kaup, þá hefði hann synjað staðfestingar á þeim. Þegar slík ummæli koma úr stjórnarsessi, verður að mótmæla þeim þegar í stað sem gerræðisfullri tilraun til að taka af bæjarstjórnum það vald, sem löggjöfin heimilar þeim. Hæstv. fjrh. kann að vera andvígur þessum jarðakaupum, sem hann mintist á, en það rjettlætir ekki orð hans. Jeg vildi mega spyrja hæstv. fjrh., hvað verkfræðingur Jón Þorláksson mundi hafa sagt á árunum 1918—1919, þegar Reykjavíkurbær var að ráðast í að koma á fót rafmagnsstöð, ef stjórnarráðið hefði þá neitað bænum um samþykki sitt til þeirrar ráðstöfunar? Mjer finst þessi ummæli hæstv. fjrh. ganga alt of langt, svo að ekki megi þau ómótmælt standa. Það er eins og hæstv. fjrh. vilji taka sjer alræðisvald hjer á landi, verða einskonar íslenskur Mussolini.

Þar sem hæstv. fjrh. rjeðst nokkuð hastarlega á Búnaðarfjelagið, þá ber mjer ekki að svara fyrir það, og stendur það miklu nær öðrum. En þó get jeg ekki að mjer gert að minnast á þessi ummæli hans, því að jeg hefi stundum leyft mjer að koma með hógværar og rökstuddar aðfinslur við ýmsa starfsmenn ríkisins. Er skemst á að minnast, að fyrir 2 dögum voru fluttar rökstuddar aðfinslur við nokkrar ráðstafanir vegamálastjóra, og ruku þá ýmsir háttv. þm. og hæstv. fjrh. upp til handa og fóta og töldu óviðurkvæmilegt að ráðast á menn, sem ættu ekki sæti á þingi og gætu ekki borið hönd fyrir höfuð sjer. Jeg vil biðja menn að bera þessar aðfinslur saman við það, sem nú heyrist úr stjórnarsessi um embættismann einnar stofnunar, sem ríkið styrkir. Þegar minst var á vegamálastjóra, þá þaut hæstv. fjrh. upp og talaði um dylgjur um fjarstadda menn. En nú segir hæstv. fjrh., að forseti Búnaðarfjelagsins hafi narrað fáráðlinga til að fara út í allskonar vitleysu í búnaðarframkvæmdum. Þykir mjer hastarlegt, ef bændur í hv. deild láta þessu ómótmælt. Það verður og óvandari eftirleikurinn að finna að gerðum ýmsra manna, þótt ekki eigi sæti á þingi, þegar þetta heyrist úr stjórnarsessi.

Sigurjón Jónsson: Jeg vildi segja nokkur orð út af ræðu háttv. frsm. (ÞórJ). Honum þótti heldur fátt mæla með brtt. minni, XXXI. till. á þskj. 196, en jeg vonast eftir að geta enn sýnt fram á, hver nauðsyn sje, að hún nái fram að ganga. Hv. frsm. talaði um það, að bæn-

um hefði ekki verið nein þörf á því að ráðast í þetta fyrirtæki. Jeg skal fátt um það tala. Jeg var ekki með í þeim ráðum. En hafi lítil nauðsyn verið þá fyrir kaupstaðinn, er hann gerði þessi umræddu kaup, þá verður samt ekki um það deilt, að honum er nú alveg nauðsynlegt að gera bryggjuna. Fyrst og fremst til þess að geta rentað þessa dýru eign; og enda þótt hægt væri að renta hana á annan hátt, þá eru samningar um það gerðir, að bryggjan skuli verða gerð, og við þá samninga verður bærinn að standa.

Í sambandi við þau orð sem hjer fjellu, að bryggjan yrði bygð, hvort sem fjeð fengist hjer eða ekki, þá spyr hv. frsm., hvort til sjeu peningar til fyrirtækisins. Að vísu eru peningarnir til; en hafnarsjóður á þá. En í þessari umræddu eign, sem Ísafjarðarbær keypti, er bryggja, svonefnd Tangsbryggja. Þessa bryggju á að auka og bæta, og er hugmyndin sú, að hafnarsjóður kaupi þessa bryggju af bænum. En til þess að hafnarsjóður geti þetta, verður ríkisstyrkurinn að fást, sem er ¼ kostnaðar samkvæmt lögum, eins og hjer er farið fram á.

Þá hefir verið talað um það, að þessi styrkur verði ekki beinlínis útborgaður, heldur er ætlast til þess, að hann gangi upp í hallærislán, sem bærinn fjekk hjá ríkissjóði fyrir nokkrum árum. Þá var eldsneytisskortur á Vestfjörðum, og fjekk bærinn þetta fje til þess að brjóta surtarbrand, en það mun ekki hafa orðið honum að miklu liði.

Jeg vona nú, að jeg hafi gert hv. frsm. skiljanlegt, hver þörf sje á því fyrir bæinn, að bryggjan sje gerð, bæði til þess að geta rentað hina dýru eign og líka til þess að fullnægja gerðum samningi.

Með þessu hefi jeg einnig svarað hæstv. fjrh., sem áleit enga þörf á bryggjunni.

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) vil jeg þakka fyrir það, að hann hefir lýst sínu fylgi við þessa brtt., og vænti jeg, að fleiri fylgismenn hans geri það sama. Að endingu vil jeg taka það fram, að jeg álít það sjálfsagt, að samþyktir slíkra mála sem þessa umrædda kaupgernings Ísafjarðarkaupstaðar, sjeu á ábyrgð þess ráðherra, er samþykkir þau. Það er skylda stjórnarráðsins að taka sjálft afstöðu í slíkum málum. Þetta á ekki að vera tómt formsatriði, svo stjórnarráðið geri aðeins að játa eða neita, eftir því sem bæjarstjórnir eða hreppsnefndir ákveða.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil byrja á því að þakka hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) fyrir það, hvað þeir bera mig fyrir brjóstinu og vilja báðir verja mig fyrir árásum hæstv. fjrh. Auðvitað hefi jeg ekki fundið til þessara árása hæstv. fjrh. á mig, en jeg gleðst nú samt yfir þessari hugulsemi, og jeg verð að segja það, ekki síst hvað snertir hv. þm. Str., að það er meira en jeg gat vænst og hefi átt að venjast úr þeirri átt. Annars hefir hæstv. fjrh. svarað því, sem svara þarf, og lýst því yfir, að hann hafi engum hnútum til mín kastað. Umhyggja þessara þingmanna fyrir mjer er því í þetta skifti óþörf. Jeg skal ekki neita því, að hæstv. fjrh. var allharðorður í garð búnaðarmálastjóra og get jeg ekki gert þau orð að mínum orðum. Jeg man það vel, að þegar jeg og búnaðarmálastjóri vorum að undirbúa samanjarðræktarlögin, þá vissi hann vel og lagði áherslu á, að ræsa þyrfti fram mýrar áður en þær yrðu gerðar að túni. Annars hefir Búnaðarfjelagið verið dregið fullmikið inn í umræðurnar. Jeg veit ekki til þess, að fjelagið skuldi neitt nú sem stendur, en það á aftur talsverðar eignir.

Því er áreiðanlega vel borgið, ef þeirri stefnu verður haldið, sem nú er upp tekin, og jeg vona, að það geri og hafi gert mikið gagn.

Háttv. þm. Barð. (HK) vildi láta fella styrkinn til búnaðarfjelaganna. Jeg held, að till. fjvn. sje rjettari. Í jarðræktarlögunum er ekki gert ráð fyrir styrk nema til sumra jarðabóta, og því ekki rjett að fella þennan styrk til búnaðarfjelaganna fyrri en löggjöf hefir verið sett um þær jarðabætur, sem jarðræktarlögin ná ekki til, enda er ætlast til, að það verði gert bráðlega.

Þá hefir það hneykslað ýmsa hv. þdm., að nefndin hefir lagt til, að hækkuð yrði fjárveiting til ljóss og hita við ýmsa skóla og stofnanir. Þessi kostnaður hefir jafnan verið of lágt áætlaður, nema árið 1922, af því að þegar fjárlögin fyrir það ár voru samin, var verðlag hátt á þessum vörum, en lækkaði síðan. En það er alveg ástæðulaust að óttast það, að meiru verði eytt, þó hækkuð sje fjárveitingin. Landsreikningurinn 1922 sýnir, að það ár var minna notað en áætlað var og fje veitt til. Nú er útlit fyrir, að þessar vörur hækki, en lækki ekki. Annars gildir alveg einu, hver áætlun samþykt er. Að því leyti stendur mjer á sama um brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Jeg held bara, að hún stafi af ókunnugleika hans og misskilningi. En það, sem máli skiftir, er það, að áætlanirnar sjeu ekki svo lágar, að þær svíki.

Þá vil jeg geta þess, að mjer virðist rjett að hækka styrk Þórðar Flóventssonar úr því, sem áætlað er í frv. stjórnarinnar. Það er kunnugt, að hann hefir unnið að þessu starfi sínu með hinum mesta áhuga og góðum árangri. Hann hefir blásið lífsanda í margar miljónir hrogna. Hjer er aukin framleiðsla, sem mikið gagn gæti af orðið. Og jeg hygg einmitt, að þessi maður hafi hjer unnið alveg eins gott verk eða betra en annar maður, sem veittur er hærri styrkur í sama skyni.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg mun nú verða stuttorður og ekki gefa tilefni til andmæla.

Mjer virtist, að okkur hæstv. fjrh. (JÞ) koma saman um það, að sami grundvöllur væri raunar fyrir skattálagningu í ríkissjóð og bæjarsjóði. Þó þeim gangi máske innheimtan ver, þá sannar það ekki annað en það, að það hefir vantað mann til að framkvæma innheimtuna. Með öðrum orðum: Það er vanrækslu bæjarins að kenna, ef ver gengur með innheimtuna en vera ætti.

Þá get jeg ekki gengið inn á það, að það sje rangt að setja það skilyrði fyrir fjárveitingu, að fje sje veitt á móti úr bæjarsjóði. Með þessu er bænum engin skylda lögð á herðar. Fjárveitingin kemur bara ekki til framkvæmda, ef bærinn sjer sjer ekki fært að styrkja fyrirtækið. — Hæstv. fjrh. mintist á Fiskifjelagið. Jeg skal játa, að jeg er því ekki nægilega kunnugur og get tekið staðhæfingar hans trúanlegar. En jeg hefi álitið störf fjelagsins góð, og við höfum í nefndinni að minsta kosti einn mann, sem þessum fjelagsskap er einkar kunnugur, og hann lagði mikla áherslu á það, að hlúð yrði að fjelaginu. Jeg vil ekki gera upp á milli þessa fjelagsskapar og Búnaðarfjelagsins. Hæstv. fjrh. talaði einnig um Búnaðarfjelagið og bar saman störf þess fyr og nú. Jeg skal játa það, að jeg hefi verið á móti sumum framkvæmdum þess, eins og t. d. ýmiskonar nýrækt kringum Reykjavík, svo sem ræktun Víðisins. En jeg tel líka þennan þátt fjelagsstarfsem-

innar tiltölulega lítinn og aðeins sem tilraun, er ekki verður gengið lengra í að sinni. En jeg hika ekki við að halda því fram, að starfið hafi í heild sinni verið til mikilla gagnsmuna. Því, sem hæstv. fjrh. beindi persónulega til mín, skal jeg engu svara. Jeg mun aldrei hika við að segja honum minn fulla hug, en læt hann ráða meiningum til mín.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) fór allmikið út í ýms atriði og talaði af miklum sannfæringarþunga og alvöru. Skal jeg nokkru af því svara. Hann mintist á skólagjöldin og sagði, að nefndin hefði tekið þá skóla, sem síst skyldi. Um það ætla jeg ekki að deila, en þetta er orðið í flestum eða öllum skólum, og þrengir því ekki frekar að námsmönnum við einn en annan. En hitt er víst, að við höfum átt marga menn, sem hafa siglt í skipbrot lærdómi sínum, án þess það hafi verið fyrir aðþrengdar kringumstæður, og aldrei vísara, að sá, sem nægilegt fje hefir, nái frekar embættisprófi en sá fjárvana, nema síður sje. Við því verður aldrei sjeð með neinni lagasetningu. Annars er ekki gott að segja, hvar lendir með alt þetta skólagengna fólk, sem jeg held að þegar sje orðið of mikið af. Tel jeg því, að þær ráðstafanir sjeu hollar, sem miða að því að hefta hinn mikla straum að skólunum. Enda eru líka margir mentamenn þjóðarinnar komnir á þá skoðun.

Sami háttv. þm. mintist á ýmsa aðra liði, og þar á meðal tillöguna um að fella niður styrkinn til Helga Jónssonar. En haldi hv. þm., að það sje sama og frestun á ræktun landsins að stöðva greiðslu á styrk þessum um tíma, þá er það mesti misskilningur. Því að jeg veit ekki til, að rannsóknir hans hnígi *sjerstaklega* að gróðri landsins, heldur *aðallega* að sjávargróðri og að hann hafi skrifað talsvert um það mál.

Á veðurathuganastyrkinn mintist hann sömuleiðis. Því hefi jeg áður svarað, og kom ekkert nýtt fram hjá honum í því máli.

Þá er styrkurinn til kaupa á listaverkum feldur niður. Og það er satt, að stjórnin er búin að taka í sínar hendur úthlutun á styrknum til lista- og vísindamanna, og hefir á árinu 1923 úthlutað 9 málurum af honum, en nú 10 á þessu ári. Virðist því ekki ástæða til að vera að leggja fje af ríkissjóði til þess að kaupa málverk þeirra.

Þá talaði hv. þm. um, að ekki hefði verið rjett að fella niður styrkinn til alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins. En þar sem það hefir verið upplýst, að fje þetta gangi vanalega illa út, virtist nefndinni ekki ástæða til að vera að halda því í fjárlögum lengur.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) vil jeg segja það, út af því, að hann var að bera saman styrkinn til Þórbergs Þórðarsonar og tilraunastarfsemi Búnaðarfjelags Íslands, að slíkt er ekki sambærilegt. Væri hin margháttaða tilraunastarfsemi Búnaðarfjelags Íslands stöðvuð, yrði að taka margt af því upp af nýju síðar, en engu því er til að dreifa hvað þennan styrk snertir.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) þarf jeg ekki að svara, því að hann stendur einn á bryggjunni, nema ef hann fær háttv. 2. þm. Rang. (KlJ) með sjer, og kynni jeg best við að sjá þá þar saman.

Að síðustu skal jeg láta þess getið, að jeg mun ekki nota hinn sjerstaka rjett minn til að svara aftur, þó að mjer verði svarað nú, og læt jeg þetta því nægja, ef það kynni að geta stytt umræðurnar.

ATKVGR. um 14.—23. gr.

Brtt. 163,50 samþ. með 19:1 atkv.
— 196,XIII tekin aftur.
— 163,51 samþ. með 22:2 atkv.
— 163,52 samþ. með 19:5 atkv.
— 163,53 tekin aftur.
— 163,54 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 163,55 a—b teknar aftur.
— 163,56 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 163,57 samþ. með 21:4 atkv.
— 163,58 samþ. með 14:5 atkv.
— 163,59 samþ. með 14:8 atkv.
— 163,60 samþ. með 15:1 atkv.
— 163,61 a samþ. með 17:4 atkv.
— 163,61 b samþ. með 15:4 atkv.
— 196,XIV samþ. með 14:10 atkv.
— 163,62 sjálffallin.
— 163,63 samþ. með 14:1 atkv.
— 163,64 feld með 14:11 atkv.
— 163,65 samþ. með 16:1 atkv.
— 163,66 samþ. með 15:10 atkv.
— 163,67 samþ. með 20:3 atkv.
— 163,68 samþ. með 18:4 atkv.
— 163,69 feld með 14:12 atkv.
— 196,XV feld með 16:7 atkv.
— 163,70—71 samþ. með 18:2 atkv.
— 163,72 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 163,73 samþ. með 14:8 atkv.
— 196,XVI 1 feld með 14:10 atkv.
— 163,74 feld með 14:10 atkv.
— 196,XVI 2 feld með 16:9 atkv.
— 163,75 tekin aftur.
— 163,76 samþ. með 15:7 atkv.
— 163,77 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 163,78 samþ. með 17:2 atkv.
— 163,79 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 163,80 (fyrri liður) samþ. með 15:9 atkv.
— 163,80 (síðari liður) samþ. með 15:5 atkv.
— 163.81 samþ. með 16:7 atkv.
— 196,XVII feld með 14:11 atkv.
— 196,XVIII feld með 14:12 atkv.
Brtt. 163,82 samþ. með 18:5 atkv.
— 163,83 samþ. með 21:1 atkv.
— 163,84 samþ. með 16:9 atkv.
— 163,85 samþ. með 20:3 atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 163,86 samþ. með 17:2 atkv.
— 196,XIX feld með 15:8 atkv.
— 163,87 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 163,88 samþ. með 15:11 atkv.
— 163,89 samþ. með 21:5 atkv.
— 163,90 samþ. með 19:5 atkv.
— 163,91 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 163,92 samþ. með 17:2 atkv.
— 163,93 samþ. með 17:1 atkv.
— 163,94 samþ. með 19:1 atkv.
— 163,95 samþ. með 15:9 atkv.
— 163,96 samþ. með 17:7 atkv.
— 163,97 samþ. með 16:10 atkv.
— 163,98 samþ. með 16:8 atkv.
— 163,99 samþ. með 18:7 atkv.
— 163,100 samþ. með 15:11 atkv.
— 163,101 samþ. með 20:1 atkv.
— 163,102 samþ. með 20:2 atkv.
— 163,103 samþ. með 14:10 atkv.
— 196,XX feld með 14.7 atkv.
— 163,104 samþ. með 20:3 atkv.
— 163,105 samþ. með 21:5 atkv.
— 163,106 samþ. með 14:8 atkv.
— 163,107 feld með 14.11 atkv.
— 163,108 samþ. með 16:4 atkv.
— 163,109 feld með 16:10 atkv.
— 163,110 samþ. með 21:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, MG, MT, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, HK, IngB.

nei: MJ, ÁF, JakM, JAJ, JBald, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 163,111 samþ. með 16:7 atkv.
— 163,112 samþ. með 21:3 atkv.
— 163,113 samþ. með 19:4 atkv.

Brtt. 163,114 samþ. með 16:4 atkv.
— 196,XXI tekin aftur.
15. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 196,XXII feld með 20:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÞ, MJ, MT, SigurjJ, ÁF, HK, JAJ.
nei: JBald, JK, JS, JörB, KlJ, MG, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, IngB, JakM, BSv.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.
Brtt. 163,115 samþ. með 16:7 atkv.
— 196,XXIII feld með 18:5 atkv.
— 163,116 samþ. með 16:6 atkv.
— 163,117 samþ. með 14:9 atkv.
— 163,118 samþ. með 20:3 atkv.
— 163,119 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 196,XXIV feld með 14:12 atkv.
— 163,120 tekin aftur.
— 163,121 samþ. með 17:3 atkv.
— 196,XXV tekin aftur, en tekin upp af 1. þm. Árn. (MT) og feld með 19:5 atkv.
— 163,122 samþ. með 21:3 atkv.
— 196,XXVI samþ. með 16:7 atkv.
— 163,123 þar með fallin.
— 196,XXVII feld með 14:10 atkv.
— 196,XXVIII samþ. með 16:7 atkv.
— 163,124 samþ. með 15:5 atkv.
— 196,XXIX feld með 18:6 atkv.
— 196,XXX feld með 16:5 atkv.
— 163,125 samþ. með 17:2 atkv.
— 163,126 samþ. með 18:2 atkv.
— 163,127 samþ. með 15:11 atkv.
— 163,128 samþ. með 19:1 atkv.
— 207 samþ. með 15:5 atkv.
— 196,XXXI feld með 17:7 atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 163,129 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 163,130 samþ. án atkvgr.
Brtt. 163,131 a—b samþ. með 22 shlj. atkv.
— 196,XXXII samþ. með 14:3 atkv.
— 163,132 a samþ. með 16 shlj. atkv.
— 163,132 b samþ. með 20 shlj. atkv.
— 163,133 samþ. með 16:10 atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 196,XXXIII (aðaltill.) feld með 21:3 atkv.
— 196,XXXIII (varatill.) feld með 16:6 atkv.
19. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
20. gr., með þeim breytingum, sem á eru orðnar við atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 196,XXXIV feld með 15:9 atkv.
21. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 163,134 a samþ. með 17 shlj. atkv.
— 163,134 b samþ. með 19 shlj. atkv.
— 196,XXXV feld með 14:10 atkv.
Ný gr., verður 22. gr., þar með ákveðin.
22. gr., verður 23. gr., samþ. með 16 shlj. atkv.
23. gr., verður 24. gr., samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 235, n. 240 og 260, 261).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Eins og hv. þdm. hafa sjeð, er fjárlagafrv. eftir 2. umr. afgreitt með 47 þús. kr. tekjuhalla. Það hefir litlum breytingum tekið hjá nefndinni, aðeins hafa verið teknir upp nokkrir stórir liðir, sem geymdir voru þessari umræðu.

Eftir till. nefndarinnar hækkar tekjuhlið frv. nú um 384 þús. kr., en gjalda-

hliðin um 220 þús. kr. Lækkunin á gjöldunum er 13 þús., og er þá hin raunverulega hækkun þeirra 207 þús., sem gerir, með þeim tekjuhalla, sem var á fjárlögunum við 2. umr., samtals 254 þús. kr. Sjeu nú þessar 254 þús. kr. dregnar frá tekjuaukanum samkvæmt till. nefndarinnar, þá verður tekjuafgangur samkvæmt hennar till. 130 þús. kr.; eða 90 þús. kr., af því að nefndin tekur aftur eina till. sína tekjumegin. Hækkunin á gjöldum samkv. till. einstakra þingmanna nemur 104 þús., ef samþyktar verða. Eins og menn sjá, vega tekjur og gjöld nokkuð salt samkvæmt till. yfirleitt.

Jeg skal nú snúa mjer að einstökum tillögum, og þá fyrst að tekjuliðinni. Mun jeg þar tala um allar tillögurnar í einu, því þær eru allar af einni rót runnar, sem sje þeirri, að nefndin tók lögin um 25% gengisálagningu á tolla af ýmsum aðfluttum vörum og hækkaði samkvæmt því þá tekjuliði, sem þessi lög snerta, um 12—15%. Mjer hefir síðan skilist, að nefndin hafi farið hjer heldur frekt í sakirnar, því að líkur eru til, að þessi tekjuauki geri lítið meira en að jafna halla á árinu 1924, svo lítið komi yfir á árið 1925. Einnig er við því að búast, að þetta háa gjald hindri heldur innflutning. Þó varð það ofan á, að nefndin tók alt að 15% af þessum 25% og hækkaði tekjuliðina svo sem því svaraði. Þó er þetta ekki nákvæmt, t. d. hvað snertir vörutollinn. Þá hefir nefndinni yfirsjest hvað snertir aukatekjurnar, að hækka þær tiltölulega, þar sem mikið af þeim er heimt hjer innanlands og hækkunin nær því ekki til þeirra. Er sú till. því tekin aftur. Á hinum liðunum er reiknað, eins og jeg hefi tekið fram, hæst með 15% og niður í 12%. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um það.

Næst kem jeg þá að till. um hækkun á lið 7 í 11. gr., fje til yfirskattanefnda. Áður hafa greiðslur vegna skattstofunnar hjer í Reykjavík verið utan fjárlaga, en nefndin hefir nú tekið kostnaðinn við skattstofuna upp í fjárlögin, þar sem hún telur rjett, að sem minstar greiðslur eigi sjer stað, sem ekki eru heimilaðar í þeim. Þessvegna er liðurinn hækkaður. Raunar er það ekki fullkomlega eins mikið eins og skattstofan hefir kostað fyrirfarandi. En nefndin væntir, að sá kostnaður fari minkandi.

Þá er að minnast á hækkun vegna berklaveikislaganna. Eins og jeg gat um við 2. umr., taldi nefndin óhjákvæmilegt að hækka þann lið að miklum mun frá því, sem hann var í fjárlagafrv. stjórnarinnar. Telst okkur svo til, að útgjöldin eftir núgildandi berklavarnalögum geti ekki orðið minni en 350 þúsund. En þar sem frv. er nú á ferðinni, sem gerir ráð fyrir, að nokkuð af þeim gjöldum, sem nú hvíla á ríkissjóði vegna berklavarnalaganna, verði varpað á aðra, þá hefir nefndin ekki áætlað liðinn hærri en 200 þúsund kr. En ekki vill hún fullyrða neitt um það, að þetta nægi, enda ekki víst um afdrif nefnds frv., þar sem það er ennþá ekki komið fram.

Næst kem jeg þá að styrknum til strandferðaskipsins Esju. Framkvæmdarstjóri Eimskipafjelags Íslands, sem hefir útgerð skipsins með höndum, skrifaði nefndinni og skýrði fyrir henni málið. Kvað hann tap á rekstrinum í fyrra, fyrstu þrjá ársfjórðungana, hafa verið 130 þús. kr. Nú, þennan ársfjórðung, kvað hann mega búast við, að hallinn yrði

meiri, minst 45 þúsund krónur. Auk þess mætti gera ráð fyrir, að viðgerð og klassaskoðun á skipinu í þurkví erlendis mundi minst kosta 20 þúsund krónur. Eins og allir sjá, er þetta ærin upphæð, en þar sem nefndin gerði jafnvel ráð fyrir, að ekki væri fyllilega að marka reynslu fyrstu ársfjórðunganna og viðgerð og skoðun mundi tæplega ná 20 þús. kr., rjeð hún af að leggja ekki til, að veitt væri hærri upphæð en 180 þús. kr.

Eins og hv. þm. vita, tók nefndin við 2. umr. út brtt. um styrk til háskólastúdenta, vegna þess, að rektor háskólans og hæstv. forsrh. fóru fram á það, þangað til háskólaráðið hefði haldið fund um málið. Síðan hefir nefndin fengið brjef frá háskólaráðinu, þar sem henni er bent á, auðvitað með kurteisum orðum, að hún eigi engan íhlutunarrjett um úthlutun fjár úr sáttmálasjóði. Þetta vissi nú nefndin vel. En henni var líka kunnugt um, að í stofnskrá þess sjóðs er kveðið svo á, að nokkuð af því fje, sem veitt sje úr sjóðnum, renni til styrktar stúdentum. Nefndin hefir því nú orðað athugasemd sína við liðinn þannig, að hún ætlist til, að varið sje úr sáttmálasjóði til styrktar stúdentum 12500 kr., samkvæmt 2. gr. 3. lið í stefnuskrá sjóðsins, og væntir hún, að þetta verði síður til að ergja háskólaráðið.

Nefndin hefir heyrt nokkuð um það, hvernig sjóðnum sje varið, og telur hún að ekki sje betur á haldið en þó að styrktir væru íslenskir námsmenn. Að undanförnu hafa verið veittar 16000 kr. til þess að verðlauna vísindalegar ritgerðir, t. d. í árbók háskólans. Eftir lengd þeirra ritgerða að dæma, virðist þar hafa verið rúm fyrir talsvert fje, og þó að gott sje að þjappa ekki ofmikið saman vísindaritgerðum, sem eru ætlaðar almenningi, þá má þó eyða í slíkt of miklu. Annars væntir nefndin þess besta af háskólaráðinu og býst við, að það leggi fram eitthvað móti ríkissjóði til styrktar stúdentum.

Þá er húsaleigu- og námsstyrkur íslenskra stúdenta erlendis. Var sá liður tekinn út við 2. umr. í því skyni að nefndin aflaði sjer frekari upplýsinga. Nú hefir nefndin fengið að vita, að 25 íslenskir stúdentar sjeu við erlenda háskóla. Þar af eru 5 að verða búnir, svo að í vor verða einungis 20 eftir. Af þeim hafa 9 aðeins verið einn vetur. Nú lítur nefndin svo á, að ekki sje unt fyrir landið að greiða öllum þessum stúdentum 1200 kr. styrk. Þykir henni því rjett, að einungis þeir 11, sem komnir eru langt á leið, njóti hans. Enda er sú raunin, að ýmsir þessara stúdenta nema fræði, sem ekki má ætla, að gagn verði að fyrir okkur Íslendinga. Er því óhætt að segja, að við höfum ekki fje til að styrkja menn að námi, sem setjast síðar í embætti erlendis. Mun það og sannast mála, að svo margir eru komnir að prófi eða búnir að taka próf, að ekki mun skorta lærða menn hjer á landi fyrst um sinn. Vona jeg, að deildin samþykki liðinn eins og hann er.

Næst er nýr liður tekinn upp vegna þál. frá 28. febr. 1920 um styrk til læknakandídata til þess að sigla á fæðingarstofnun. Hann er hjer lækkaður, gert ráð fyrir, að hver kandídat fái 500 kr. Býst nefndin við, að það ætti að vera mjög svo hæfilegt, eftir því sem áður hefir verið.

Næst er Flensborgarskólinn. Styrkurinn til hans var eftir 2. umr. bundinn því, eins og nefndin þá lagði til, að frá Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarbæ yrði lögð fram ákveðin upphæð. En þar sem samskonar ákvæði um styrk til ýmsra skóla voru feld við 2. umr., breytti nefndin orða-

laginu til þess að koma á meira samræmi um styrkveitingarnar yfirleitt, svo að nú stendur: „annarsstaðar frá“ í staðinn fyrir „frá Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði.“ Hefir nefndinni verið sagt, að skólagjaldið við Flensborgarskóla hafi runnið beint í ríkissjóð, en við aðra skóla mun ekki sú hafa verið raunin, heldur að skólarnir hafi hlotið það sjálfir, sem ekki eru ríkisskólar. Gerir nefndin ráð fyrir, að svo eigi einnig að vera við Flensborgarskólann, og bætist honum þá upp það fje, sem hann fer á mis við með lækkun styrksins í fjárlögunum.

Þá er nýr liður, sem er til kominn vegna þál. frá 1919, til eftirlits á Þingvöllum. Er upphæðin nokkuð lægri en það fje, sem til þessa hefir farið áður, en þó nægilegt að skoðun nefndarinnar, þar sem fela mætti prestinum á Þingvöllum þetta, líklega fyrir minna gjald.

Þá kem jeg að styrknum til Þórbergs Þórðarsonar. Höfum við fært hann niður í 500 kr. Þó var nefndin ekki óskift um þetta, en meiri hluti hennar lagði til lækkunina. Finst okkur, að ekki sje nein sanngirni í því, að þessi styrkur sje hafður óbreyttur, þegar lækkaður er styrkur Jóhannesar Lynge og styrkur Helga Jónssonar alveg feldur niður. Enda teljum vjer starf Þórbergs ekki það nauðsynlegra en önnur störf, sem styrkur hefir verið veittur til, en nú verið feldur niður eða klipið af.

2. liður þessarar tillögu, 5 þús. kr. með verðstuðulsuppbót til þess að rita sögu Alþingis, er nýr liður. Á hann rót sína að rekja til þál. frá 1922. Er nefndinni kunnugt um, að samið hefir verið við mann um að vinna verkið, svo að þessi upphæð má skoðast sem föst fjárveiting næstu árin.

Þá er næst styrkurinn til búnaðarfjelaganna. Hefir nefndin nú orðað athugasemdina við þann lið þannig, að styrknum skal varið til styrktar sameiginlegri starfsemi innan fjelaganna, og ræður skiftingunni milli þeirra dagsverkatala í öðrum jarðabótum en þeim, er styrks njóta samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna.

Næst er nýr liður, 10 þús. kr. til fjárkláðalækninga. Telur nefndin þessa fjárveitingu nauðsynlega, en hefir þó lækkað hana frá því, sem verið hefir, þar sem upp á síðkastið hefir kostnaðurinn orðið mun minni en áður.

Þar næst er nýr liður, 3 þús. kr. til eftirlits með skipum og bátum. Er upphæðin minni en fje það, sem til þessa hefir farið, en við lítum svo á, að nú, þegar komið er skipulag á starfið, þurfi til þess minna fje en áður, þó að það sje bæði erfitt og vandasamt.

Loks kem jeg að till., sem ýmsum mun þykja dálítið undarleg meðan þeir hafa ekki fengið á henni nánari skýringu; það er tillagan um, að ríkissjóður ábyrgist alt að 40 þús. kr. fyrir Húsavíkurkauptún. En því segi jeg, að mönnum muni þykja þetta undarlegt, að samtímis og nefndin leggur til, að þessa fjárhæð sje ábyrgst fyrir Húsavíkurkauptún, leggur hún einnig til, að feld sje niður ábyrgðarheimildin fyrir Bessastaðahrepp. Nefndin sá, að hún var komin inn á hættulega braut, því að strax og frjettist um þessa ábyrgðarheimild, komu tveir hreppar og báðu um ábyrgð. Og þó að þeir hreppar hefðu ekki gert jafnítarlega tilraun til að fá lán hjá sýslunum og Bessastaðahreppur, þá þótti rjett að fella niður ábyrgðarheimildina fyrir hann um leið og þeim var neitað, því að búast mátti við ennþá fleiri hreppum, sem færu fram á þetta sama. En um Húsa-

víkurhrepp stendur alveg sjerstaklega á. Svo er mál með vexti, að í kauptúninu hefir samfleytt í full 30 ár gosið upp megnasta taugaveiki, og hefir hún ágerst eftir því sem fólki hefir fjölgað í kauptúninu. Og í vetur hefir hún magnast meira en nokkru sinni áður. Hefir eigi aðeins kauptúnið sýkst, heldur og tveir hreppar nærliggjandi, enda þarf sýslan að sækja til Húsavíkur nauðsynjar sínar, þar sem það er eini verslunarstaðurinn. Og þessa taugaveiki segir hjeraðslæknir stafa af vatnsbóli kauptúnsins. Hefir það því sótt um lánsheimild fyrir 50 þús. kr., sem það ætlar að verja til vatnsleiðslu. Hefir landlæknir tjáð, að það væri jafnt skoðun sín og hjeraðslæknis, að lífsnauðsyn væri fyrir kauptúnið að fá vatnsleiðslu, þar sem það og hrepparnir í kring ættu ella sífelt yfir höfði sjer þennan vágest. En þó að svona brýn nauðsyn beri til, þá hefir nefndin eigi sjeð sjer fært að fara lengra en að leggja til, að ábyrgst verði lánsupphæð til vatnsleiðslunnar einnar saman, í stað þess sem kauptúnið fór fram á svo háa ábyrgð, að unt væri bæði að fá lán fyrir vatnsleiðslu og skolpræslu. En eins og jeg hefi gert grein fyrir, var óhjákvæmilegt að leggja til, að þessi ábyrgðarheimild yrði veitt.

Þá vil jeg aðeins fara nokkrum orðum um einn nýjan lið, sem byggist á þál. frá 1913, um vatnsrenslismælingar. Kringum 20 ár hafa verið mældar, og þykir nauðsyn bera til að halda þeim mælingum áfram, með það fyrir augum, að til virkjunar kynni að koma, enda er ekki upphæðin há, um 100 kr. fyrir mælingu hverrar ár yfir árið. Hefir verið varið fje til þessa árum saman og þykir ekki rjett, að mælingarnar falli niður.

Þá leggur nefndin til, að veittar sjeu 60 þús. kr. til Eimskipafjelags Íslands eins og í gildandi fjárlögum, með því skilorði, að fjeð verði aðeins útborgað ef þörf krefur. Er nefndinni kunnugt um, að fjelagið á við mikla örðugleika að stríða. Þótt það eigi talsverðar eignir, er það eigi vel stætt, og telur nefndin því varhugavert að neita fjelaginu um þessa fjárhagslegu aðstoð, þar sem það ella mundi verða undir í samkepninni. Þá eru upptaldar brtt. nefndarinnar, en jeg mun leiða hjá mjer nú, eins og við 2. umr. fjárlagafrv., að minnast á brtt. einstakra þm., en mun jafnótt og þær koma til umr. fá tækifæri til að láta uppi skoðun nefndarinnar á þeim. Vil jeg svo beina þeim tilmælum til hv. deildarmanna að hraða umræðunum sem allra mest, til þess að þeim verði lokið á þessum degi og frv. verði afgr. til Ed.

Fjármálaráðherra (JÞ): Við framhald 1. umr. fjárlaganna hjer í deildinni gat jeg þess, að jeg mundi við þessa 3. umr. fara nokkrum orðum um fjárhag ríkissjóðs, og sjerstaklega gera nokkrar athugasemdir við skýrslu þá um fjárhaginn, sem hv. fyrv. fjrh. (KlJ) gaf í þingbyrjun.

Jeg hefi nýlega hjer í hv. deild gefið nokkurt yfirlit yfir hag ríkissjóðs, eins og hann er nú, og hefi þá talið upp allar skuldir ríkisins; ætla jeg því ekki að fara að endurtaka neitt af því, en sný mjer því að þessari skýrslu hæstv. fyrv. fjrh.

Jeg ætla þá fyrst að minnast á útreikning hans um *tekjuhalla* síðustu ára, frá og með 1920.— Hann segir, að við athugun á því máli hafi sjer *fyrst reiknast*, að tekjuhalli þriggja áranna 1920—'21 og '22 væri um 5½ *milj. kr.;* hann hafi ekki trúað þessu, og að við nánari athugun hafi sjer fundist, að hjer mætti draga ýmislegt frá, svo að þessi tekjuhalli kæmist niður í undir 4 milj. kr. Þá segir

hann, að jeg hafi í skýrslu, sem kom fram utanþings, talið þennan tekjuhalla 7,4 milj. kr., og svo bætir hann hjer við tekjuhalla 1923, eftir bráðabirgðayfirliti sínu, 1 milj. 387 þús. kr., „eða á 4 árum minst 7½ miljón.“ Endar svo með því, að hann búist „ekki við að halli þessara fjögra ára verði minni en 5½ miljón til 8½ miljón, eftir því hvaða tölur maður tekur.“

Þessar tölur eru mjög á reiki, en svo þarf alls ekki að vera, og það er áreiðanlega hollast að horfast beint í augu við sannleikann í þessu máli. Jeg hefi utan þings gefið yfirlit yfir afkomu ríkissjóðs árin 1917 til 1922, eftir landsreikningum þeirra ára endursömdum, og af því að jeg er viss um, að sá útreikningur er rjettur hjá mjer í öllum verulegum atriðum, þykir mjer rjett að niðurstaðan af honum komi fram hjer í þinginu. Samkvæmt honum er:

Tekjuhalli	1917	kr.	1953542,22
——	1918	—	2525340,48
——	1920	—	2208012,55
——	1921	—	2627304,66
——	1922	—	2617482,28
	Samtals	kr.	11931682,19
Hjer frá má draga tekju-afgang 1919		—	1508763,52
Mismunur tekjuhalli ..		kr.	10422918,67
Hjer við bætist tap Landsverslunar á kolum og salti		—	1614104,85
Tekjuhalli alls		kr.	12037023,52

Það má engan veginn sleppa síðustu upphæðinni, kola- og salttapinu, þegar tekjuhalli þessa tímabils er gerður upp. Landsmenn hafa borgað þetta tap með sjerstökum tolli á kolum og salti, sem rann inn í ríkissjóð árin 1919 til og með 1922. Ef þessum sjerstaka tolli hefði á hverju ári verið varið upp í greiðslu á tapinu, svo sem lögin mæltu fyrir, hefðu rekstrartekjur ríkissjóðs orðið þeim mun minni hvert árið og tekjuhalli hvers árs þeim mun meiri. Það er vitanlega unt að skifta þessu tapi rjett niður á árin, en slíkt hefir litla þýðingu nú eftir á; einungis mega menn alls ekki gleyma þeirri upphæð þegar gerður er upp halli tímabilsins í heild. Og það því síður, sem enn er ótalið tapið á skipakaupum og gengismunur á hinum erlendu skuldum.

Það er nú auðvelt að gera upp sjerstaklega tekjuhallann fyrir 3 árin 1920 til 1922. Hann er samkvæmt framansögðu ..... kr. 7452809,49
Þar við bætist kola- og salttapið ..... — 1614104,85

Samtals kr. 9066914,34

Tekjuhalli þessara þriggja ára er því *yfir 9 milj. kr.*, en hvorki 4, 6½ eða 7,4 miljónir. Þó skal það athugað, að vera má að rúmar 126 þús. kr. af kola- og salttapinu hafi borgast inn í ríkissjóð á árinu 1919, þó að landsreikningurinn fyrir það ár sýni það ekki, og yrði þá tekjuhalli 3 ára tímabilsins aðeins tæpar 9 milj. kr.

Er unt að draga hjer nokkuð frá? Já, ef menn vilja svíkja sjálfa sig og *ekki* horfast í augu við svona óþægilegan sannleika, þá geta menn dregið frá. Í þessum 9 milj. kr. eru innifaldar *samningsbundnar afborganir* lána, þannig:

1920		kr.	577141,81
1921		—	715325,52
1922		—	730149,27
	Samtals	kr.	2022616,60

Ef þessi upphæð er tekin frá tekju-

hallanum, þá er það sama sem að ímynda sjer, að ríkissjóður *geti komist af án þess að standa í skilum* með samningsbundnar afborganir. Og ennþá órjettmætari verður slíkur frádráttur, þegar þess er gætt, að talsvert mikill hluti þessara afborgana er greiðsla af skipakaupalánum, en tapið á skipakaupunum er *ekki* meðtalið í þessum 9 miljónum.

Loks er að minnast á tekjuhallann 1923. Það var þegar sjáanlegt á þeim tíma, sem skýrslan var gefin, að hann var meiri en 1 milj. 381 þús. kr. Hann er ekki uppgerður til fulls ennþá, en verður naumast undir 2 milj. kr. *Tekjuhalli 4 síðustu ára verður þá 11 miljónir, en ekki einhversstaðar milli 5½ og 8½ milj.*, eins og stendur í skýrslu hv. fyrv. fjrh.

Skýrsla mín um fjárhaginn, sú sem jeg gaf í fyrirlestri rjett fyrir þingbyrjun, var alveg hlutlaus. Tilgangur minn var einungis sá, að segja sannleikann um það, hvernig nú er komið, til þess að ekki yrði haldið lengra áfram á sömu braut. Hitt lá alveg fyrir utan verkefni mitt, að gera upp, hverjum þetta væri sjerstaklega að kenna. Að því er jeg veit, hafa allir tekið skýrsluna á þann hátt, sem jeg ætlaðist til, nema blaðið Tíminn. Ritstjóri þess blaðs hefir reynt að misbrúka hana til þess að ófrægja einn af stjórnmálaandstæðingum blaðsins, fyrv. fjármálaráðherra Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf., og reynt að telja fólki trú um, að hann ætti sök á því öðrum fremur, hvernig komið er. Þessum ásökunum finn jeg mjer skylt að vísa á bug.

Í því sambandi vil jeg fyrst taka það fram, að ástæðan til þess að jeg vjek ekki nokkru orði að því, hverjir ættu sökina á þessu sorglega ástandi, var eingöngu sú, að jeg áleit lífsnauðsyn, að allir gætu sameinað krafta sína um viðreisn fjárhagsins, og væri því nauðsynlegt að sneiða sem allra mest hjá ágreiningi þeim, sundrung og jafnvel illdeilum, sem búast mátti við, ef farið væri að beina sökum gegn einstökum forráðamönnum eða flokkum. Ennþá held jeg, að best sje að halda sem mestum friði um viðreisn fjárhagsins, en það er vitanlega ekki unt lengur, þegar aðrir brjóta friðinn með ósönnum eða freklega ýktum ásökunum. Þó vil jeg ennþá gera mitt til að halda friði, með því að fara sem allra skemst út í deilur um þetta.

Aðalsökin á því, hvernig fjárhagnum er komið, liggur hjá *þinginu*, en það er aftur kjósendanna sök, hvernig þeir hafa skipað þingið og hver stefnan hefir verið þar, því að hinn ljettúðarfulli hugsunarháttur undanfarinna þinga í fjármálum hefir verið spegilmynd af samtíma ljettúð kjósendanna, og er eðlilegt að svo sje. Ef gera ætti upp milli einstakra þingmanna, þá eiga þeir auðvitað minsta sökina, sem helst hafa staðið á móti ljettúðinni. Nú sýna Alþingistíðindin það, að af öllum þingmönnum hefir Magnús Guðmundsson verið andvígur einna flestu af því, sem orðið hefir til að auka útgjöld ríkissjóðs svo langt úr hófi, sem orðið er, og fellur því einna minst sökin á hann af því, sem þingið hefir gert.

Þá er að líta á stjórnina. Sumir kunna að ímynda sjer, að hún geti tekið fram fyrir hendur þingsins í fjármálum, en svo er alls ekki, á ekki að vera og má ekki vera. Allra síst getur samsteypustjórn, sem styðst við sundurleitt og lausaralegt þingfylgi, ráðið miklu um fjármál gagnvart þinginu, en þannig var aðstaðan þegar Magnús Guðmundsson kom í stjórnina árið 1920. Og alls engu getur stjórnin vitanlega ráðið um fjárlög og aðra lagasetningu, sem afgreidd er frá Al-

þingi áður en sú stjórn tekur við völdum, en nú stóð einmitt svo á, þegar M. G. tók við fjármálaforstöðunni, að fjárlög fyrir alt hans stjórnartímabil að kalla voru samin og sett á þingi 1919, og margvísleg útgjaldalöggjöf þar á ofan. Og um verklegar framkvæmdir árið 1920 mun hafa verið að miklu leyti afráðið þegar hann tók við. Sem fjármálaráðherra var hann því útilokaður frá því að beita sjer gagnvart þinginu um þau fjárhagsatriði, sem snertu hans eigin stjórnartíð.

En auðvitað hefir stjórnin líka verk að vinna á sviði fjármálanna utan þings. Hún er ráðsmaðurinn, sem á að halda sparlega á litlum efnum í framtíðinni. Stjórnartilhögunin með þrjá sjálfstæða ráðherra hefir gert þetta miklu erfiðara en áður.

Samanburð má þó vel gera, og liggur næst að bera saman árin 1921 og 1922. Tekjur beggja ára voru svipaðar og gjöldin einnig, tekjuhallinn sem næst alveg sá sami. En sá er munurinn, að dýrtíðin var miklu meiri 1921. Það ár var dýrtíðaruppbót embættismanna 137⅓ % af launaupphæðinni, en 1922 94%; mismunurinn á föstum launum nemur á að giska ½ milj. kr. Alt verðlag á vörum, t. d. kolum, var miklu hærra 1921 en 1922, og þar af leiðandi hlaut rekstrarkostnaður skóla, spítala og annara stofnana að verða miklu hærri 1921 en 1922. Þetta hefir líka orðið svo. Laun og föst útgjöld eru miklu lægri 1922 en 1921, en önnur gjöld, sem stjórnin getur helst ráðið við, verða þeim mun hærri 1922. Magnús Guðmundsson fer mjög vel út úr þessum samanburði við næsta eftirmann sinn. Samanburð milli áranna 1921 og 1923 er ekki unt að gera fyr en síðar. Þetta, að ekki er hægt að áfella M. G. sjerstaklega fyrir ráðsmensku með landsfje, getur ekki komið neinum á óvart, sem þekkir hann, því að hann er alkunnur sparnaðarmaður.

Af skylduverkum stjórnarinnar í fjármálum vil jeg svo einungis nefna eitt til viðbótar, en það er líka eitt hið þýðingarmesta. Það er að gefa Alþingi sem allra fyrst rjettar skýrslur um ástandið, og þá sjerstaklega ef eitthvað hefir brugðist í reyndinni frá því, sem áætlað var. Jeg hefi ekki getað fundið annað en að stjórnin hafi leyst þetta sæmilega af hendi alt fram á þingið 1923. Og sjerstaklega vil jeg taka það fram um þau árin, sem Sigurður Eggerz var fjármálaráðherra, að yfirlit hans eru glögg og koma vel heim við reynsluna. Í stjórnartíð Magnúsar Guðmundssonar er þingið komið inn á þá braut, að framkvæma óarðberandi verk fyrir lánsfje, og í yfirlitum sínum telur M. G. ekki þær upphæðir beinlínis með tekjuhalla, og fylgir þar ákvörðunum löggjafarvaldsins, en alt, sem sjást þarf, kemur þó fram í yfirlitum hans.

En á þinginu 1923 skiftir um. Þá er kominn annar fjármálaráðherra, sem gefur skýrslu um afkomuna 1922, og segir meðal annars:

„Við höfum komist klaklítið yfir árið; ef afborgun af lánum er talin frá eiginlegum gjöldum, eins og vant er að gera, þó ekki sje allskostar rjett, þá er um verulegan tekjuafgang að ræða. .... Í stuttu máli er því afkoma landssjóðs þetta ár sú, að okkur hefir tekist að halda við, eða vel það; okkur hefir tekist að stansa á þeirri óðfluga ferð niður í glötun fjárhagslegs sjálfstæðis, og við höfum fengið svigrúm til þess að snúa við og reyna að halda upp á við aftur.“

Þetta er fjármálaráðherra Framsóknarflokksins, og það kemur því úr hörðustu átt, þegar aðalblað þess flokks gerist til

þess að beina röngum ásökunum um þetta til M. G.

Ætla mætti, að eitt af því allra sjálfsagðasta í núverandi stjórnartilhögun væri það, að öll stjórnin fylgdist fullkomlega með í því, hvernig fjárhag ríkissjóðs er varið á hverjum tíma. En þetta hefir auðsjáanlega ekki verið stjórnarvenja þau tvö ár, sem nýlega fráfarin stjórn sat við völd. Að sjálfur fjármálaráðherrann fylgdist ekki með í febrúar 1923, er bert af framansögðu.

Og í áðurnefndri skýrslu fjármálaráðherra Klemens Jónssonar kemur önnur játning um þetta. Hann hafði verið atvinnumálaráðherra í þessu ráðuneyti frá því snemma í mars 1922, og tekur við fjármálunum í apríl 1923, og segir sjálfur, með fullri og virðingarverðri hreinskilni: „Þegar jeg tók við fjármálaráðherraembætti seint í apríl í fyrra, var mjer það ljóst, að fjárhagurinn var mjög bágborinn, en að hann væri jafnslæmur og hann var í raun og veru, hafði jeg *enga hugmynd um* þá, annars hefði jeg vissulega ekki tekið í mál að takast það embætti á hendur.“ Hreinskilnin er sem sagt virðingarverð; en í þessum ummælum liggur þungur áfellisdómur, bæði yfir þeirri stjórnartilhögun, sem gerir það mögulegt, að slíkt geti komið fyrir, og yfir þeirri stjórn, þar sem þetta *hefir* komið fyrir. *Hvaða fyrirtæki getur staðist á erfiðum tímum, ef ekki er meiri aðgæsla höfð um fjárhaginn en svo, að sjálfir framkvæmdarstjórarnir vita ekki hvað honum líður?*

Það eru ummæli blaðsins Tímans um fjárstjórn M. G., sem hafa knúð mig til þessara andsvara. Fleira mætti segja, en jeg vænti, að þetta nægi til að minna ritstjóra Tímans, háttv. þm. Str. (TrÞ), á það, að óvarlegt er fyrir þá að kasta grjóti, sem sjálfir hafast við í glerhúsi, og að ef blað Framsóknarflokksins vill fara að sópa fjármálagólfið, þá er best fyrir það að byrja innan sinna eigin dyra.

Jeg læt þá hjer staðar numið að þessu sinni um skýrslu hæstv. fyrv. fjrh., en ætla í þess stað að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þær brtt., sem jeg hefi komið með við fjárlögin.

Fyrsta brtt. mín er um greiðslurnar frá Landsversluninni, sem í fjárlögunum eru taldar í einu lagi, en jeg vil skifta þannig, að vextirnir verði taldir sjer og færðir í fjárlögunum undir þann lið, sem telur allar vaxtatekjur, en hitt verði flutt undir nýjan lið: afborganir. Hefi jeg áætlað þessa vexti 25 þús. kr., en afborganir 175 þús. kr. Orðalagið álít jeg að eigi að vera þannig um þetta í fjárlögunum, að hægt sje að færa aðrar samkynja tekjur í landsreikninginn á þennan lið. Eins og frv. er orðað, er erfitt að koma þar að afborgunum og endurgreiðslum af lánum eða andvirði seldra eigna. Þetta eru aðeins formsatriði, sem engin áhrif hafa á þessar upphæðir.

Önnur brtt. mín er sú, að koma að nýjum lið við 4. gr. 7 í fjárlögunum, um vexti af viðlagasjóði, sem áætlaðir eru 75 þús. kr. Þeir hafa að undanförnu verið færðir inn á tekjuhlið fjárlaganna og á tilsvarandi stað í landsreikningnum; en þessu var hætt árið 1920, eða þar um bil, er menn voru orðnir svo vongóðir um góða afkomu ríkissjóðs, að unt væri að láta viðlagasjóðinn vaxa með því að leggja vextina við hann. Nú er svo komið, að ríkissjóður er kominn í skuld við viðlagasjóð, en upphaflega var til þess ætlast að nota viðlagasjóðinn til þess að greiða að einhverju leyti tekjuhalla ríkissjóðs, ef á lægi. Því finst mjer þetta

vera tilgangslaust form eitt, að láta viðlagasjóð vera að vaxa, en ríkið að taka svo lán úr honum. Því legg jeg þetta til um vextina af honum, að þeir verði færðir með öðrum vaxtatekjum ríkissjóðs.

Fjórða brtt. mín, við 9. gr. 1, um alþingiskostnað, er afleiðing af því, að þessi liður er of lágt áætlaður ella í fjárlagafrv., ef hann fær að standa óbreyttur. Það hefir komið til orða í þinginu hvað eftir annað að spara eitthvað af þessum lið, og nú nýlega var felt hjer í deildinni frv. um niðurfellingu á prentun umræðuparts Alþingistíðindanna. Þetta hefir verið mismunandi upphæð á hverju ári; sum árin hefir verið spart á haldið og kostnaðurinn verið milli 20—30 þús. kr. árlega. Jeg verð að segja, að mjer sýnist vera full ástæða til að fella fremur niður prentun umræðupartsins og spara þau útgjöld en að færa þennan lið upp, eins og annars verður að gera, svo að áætlunin geti staðið í stað, eins og að undanförnu. Jeg hefi auk þess ekki heyrt færðar fram neinar ástæður móti þessu, sem jeg get talið á rökum bygðar, nema ef vera skyldi, að þetta væri hið sama og að loka þinginu fyrir almenningi, ef prentuninni yrði hætt. Jeg geng út frá því, að yrði hætt að prenta umræðurnar, þá myndi verða meiri stund lögð á það, að vanda nál. um málin. Og það vita menn, að þegar menn sitja í næði og færa röksemdir sínar á pappírinn, þá þurfa þeir minna rúm til þess en í mæltu máli. Nú er það svo, að sami ræðumaðurinn margendurtekur venjulega sömu ástæður í sama máli, og slíkar rökræður fara fram í báðum deildum, hvorri á eftir annari. Því verður ekki hjá því komist, að lítið þarfar endurtekningar verði bornar á borð fyrir lesendur Þingtíðindanna. Því held jeg, að bæði þingi og landsmönnum væri það hagkvæmara, ef ástæðurnar með og móti væru settar fram í stuttu máli, en skýrt og greinilega, í nál. Þannig myndi, að minni hyggju, nást, auk sparnaðarins, betri vinnubrögð og miklu frambærilegri Alþingistíðindi. Nú er það svo, að dagleg útgjöld kjósenda til ríkisins eru um 30 þús. kr. hvern virkan dag. Myndi það verða vel þegið, ef þingið, með því að fallast á þetta og með því að koma þingfararkaupi í svipað horf og það var 1912, sparaði landsmönnum 30 þús. kr. og gæfi þannig landsmönnum einn virkan dag, svo þeir mættu sjálfir njóta arðsins af vinnu sinni þann dag. Því hefi jeg hreyft þessari till. í aths. við fjárlögin. Gildir þetta auðvitað fyrir það eina ár, sem fjárlögin ná yfir.

Fimta brtt. mín fer fram á, að í stað 100 þús. kr. veitingar úr ríkissjóði til landhelgisgæslunnar komi 50 þús. kr. úr honum, gegn jafnmiklu framlagi úr landhelgissjóði. Árið 1923 var sjóður þessi orðinn um 1 milj. kr. á pappírnum, en eins og kunnugt er orðið, hefir ríkissjóður tekið hann að láni. Þannig eru vextir af honum meiri en sem þessari upphæð nemur. Auk þess vex hann mjög ört fyrir sektarfje, sem hefir numið á annað hundrað þúsund krónum á ári, og meira sum árin. Því er hann sem best orðinn þess megnugur að taka þátt í kostnaðinum af landhelgisgæslunni, enda myndi honum ekki verða það arðlaus eyrir, því lítill vafi er á því, að honum myndi áskotnast sæmilegar tekjur við strangari strandgæslu fyrir það framlag. Enda er þetta fyrirkomulag líka viðkunnanlegra heldur en að demba öllum kostnaðinum

á ríkissjóð, sem ekki er betur staddur en svo, að hann verður að fá landhelgissjóðinn að láni.

Að lokum vil jeg leyfa mjer að þakka háttv. fjvn. fyrir það, að hún hefir tekið til greina tilmæli mín um, að teknar yrðu upp í fjárlagafrv. þær greiðslur samkvæmt þingsályktunum og eldri lögum, sem ætlast er til, að greiddar skuli verða. Er þetta nauðsynlegt, ef fjárlögin eiga að verða rjett mynd af tekjum og gjöldum. Auk þessa er það mikill styrkur fyrir hverja þá stjórn, sem með framkvæmdavaldið fer, að vita, hvað þingið ætlast til, að greitt sje eða ekki greitt. En það getur oft verið álitamál, þegar t. d. um greiðslur samkvæmt gömlum þingsályktunum er að ræða og sem settar voru undir alt öðrum ástæðum en þeim, sem síðar eru fyrir hendi.

Klemens Jónsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir nú loks fengið tækifæri til að uppfylla það loforð, sem hann hefir að minsta kosti tvisvar fundið ástæðu til að gefa mjög hátíðlega, um að athuga nánar einhver ummæli í framsöguræðu minni við 1. umr. fjárlaganna.

Jeg verð að segja, að jeg gat fyrst ekki almennilega áttað mig á, hver þessi atriði í ræðu minni voru, sem sjerstaklega gátu gefið honum ástæðu til andsvara. En jeg gat mjer þess til, að það væru skuldirnar, sem jeg drap lauslega á í ræðu minni, sem hann þyrfti að athuga. Jeg skal viðurkenna, að það var aldrei ætlun mín að rannsaka það mál nákvæmlega, enda var mjer þess engin þörf, til þess að ná tilgangi mínum. Þegar mjer við fyrstu rannsókn reyndist tekjuhallinn 1920—1922 6½ milj. kr., þá ætlaði jeg satt að segja ekki að trúa þessu. Jeg átti því tal um þetta við greindan mann og gætinn og nákunnugan reikningum landsins og bað hann að athuga þetta nánar. Hann tók málið til rannsóknar og komst að sömu niðurstöðu og jeg. Jeg veit líka, að endursamning hæstv. fjrh. hefir ekki hlotið einróma samþykki þeirra, sem til þekkja. Hann hefir fylgt sinni eigin aðferð, en mjer er kunnugt um, að ríkisbókhaldið vill ekki viðurkenna, að sú aðferð sje nákvæm. Það, sem jeg vildi með minni skýrslu sanna, var það, að tekjuhallinn hjá okkur hefði vaxið svo, að ógerningur væri að halda áfram á þeirri braut. Og fleirum en mjer var það ljóst, að við svo búið gæti ekki staðið. Hitt hafði mjer aldrei dottið í hug, að rannsaka upp á eyri, hvað tekjuhallinn hefði vaxið einmitt þessi ár. Það var óþarfi, því að það var nákvæmlega kunnugt um allar skuldir landsins í árslok 1923 með þáverandi gengi, og það var aðalatriðið.

Viðvíkjandi útreikningnum skal jeg annars taka það fram sjerstaklega, að jeg sje ekki betur en að endurborguð lán þurfi ekki altaf að telja til tekjuhalla. Og jeg hygg, að með rökum mætti finna talsvert lægri tölur en hæstv. fjrh. kom með. Annars finn jeg ekki ástæðu til að rökræða, hvort einstakar tölur eru rjett settar eða ekki. Aðalatriðið er, að nú er oss nauðsyn að draga saman seglin og reyna að fara að borga.

Hvað tekjuhallann 1923 snertir, þá tók jeg það fram í skýrslu minni, að utan hins eiginlega tekjuhalla, 1381000 kr., bæri eiginlega líka að telja það, sem Landsverslun hefði afborgað, því það hefði orðið eyðslueyrir, og yrði hann þá um 2 milj. kr. Jeg held því, að varla verði sagt, að jeg hafi farið með villandi skýrslur, enda hefir enginn gert það. Hæstv. fjrh. taldi skýrsluna frá þáverandi fjrh. á þingi 1923 hafa verið næsta villandi,

og er jeg sömuleiðis þeirrar skoðunar, að þar hafi í sumum greinum verið farið of langt; hún hafi í nokkrum atriðum verið fullbjartsýn. En aðgætandi er, að það er mikið komið undir persónulegri skoðun manna þeirra, sem skýrslurnar gefa, hvernig þær eru. Mennirnir eru mjög misjafnir, sumir sjá ekkert nema torfærur, þar sem öðrum finst alt vera greitt, og vice versa. Jeg hygg, að þessi ráðherra, sem skýrslurnar gaf, hafi verið einn úr flokki þeirra, sem líta fullbjörtum augum á hlutina. Jeg ætla samt ekki að fara að verja hann neitt. Þó hann eigi ekki sæti hjer, þá er honum innan handar að koma annarsstaðar vörnum fyrir sig.

Ekki er mjer kunnugt um það, að það hafi verið tíska, að hver ráðherranna úr hinum 3 þingflokkum hafi jafnan verið vitandi um fjárhaginn út í æsar. Auðvitað ætti það að vera skylda hvers fjrh. að gefa hinum ráðherrunum skýrslu um fjárhaginn öðru hverju, einkum ef hann er athugaverður, og er gott til þess að vita, að það verði venja, ef það þá ekki gleymist.

Hæstv. fjrh. vjek mörgum orðum að því, hverjum þessi tekjuhalli væri að kenna. Því þarf jeg ekki að svara, því hann beindi því ekki til mín, enda hefi jeg aðeins gegnt ráðherrastörfum 2 síðustu árin, en ekki átt sæti á undanförnum þingum. Sannleikurinn er sá, eftir minni meiningu, að hann er engum einstökum manni að kenna. Hann er báðum aðiljum, stjórnum og þingum að kenna. Ef til vill hefir Alþingi 1919 verið sekara en stjórnin um fjáraustrinn. En þess er þó að gæta, að finnist einhverri stjórn, að úr hófi keyri, þá hefir hún altaf það ráð að segja af sjer, til að forðast ábyrgðina. Dómur sögunnar býst jeg við að verði sá, að hinn illi fjárhagur sje fyrst og fremst að kenna stjórn og þingi 1919.

Fleira hefi jeg ekki ástæðu til að taka fram um þetta svo sem sakir standa.

Háttv. fjvn. hefir þegar tekið afleiðingunum af nýju lögunum um gengisviðaukann og áætlar tekjur samkvæmt honum 380 þús. kr. Hygg jeg þetta mjög gætilega farið. Reikningslega ætti liður þessi að vera talsvert hærri, en hinsvegar má gera ráð fyrir minni innflutningi og hóflegri neyslu þessara vörutegunda eftir að tollurinn er kominn á.

Þá vildi jeg benda hv. Ed. á, hvort ekki væri ástæða til að hækka nokkuð 7. gr. fjárlaganna. Er þar reiknað með miklu lægri upphæð en nú verður að gera. Auðvitað veit enginn, hvað gengið verður næsta ár, en því miður er nú sem stendur lítið útlit fyrir, að það hækki. Og eins og það er í dag, er þetta rangur útreikningur. Teldi jeg því varlegra að reikna hvert sterlingspund á kr. 33,50 að minsta kosti. Jeg skýt því til hv. Ed. að taka þessa bendingu til greina.

Þá leggur hv. fjvn. til, að upphæðin, sem ætluð er til að standast kostnaðinn af framkvæmd berklavarnalaganna, sje tvöfölduð. Nú stendur svo á, að frv. er komið fram frá mjer um breyting á lögum þessum, og miðar það að því að flytja nokkuð af byrðinni yfir á sveitir, sýslur og einstaklinga. Veit jeg þó ekki, hvort vert sje að áætla þessa upphæð lægri, enda vansjeð ennþá um forlög frv.

Þá hefir hv. samgmn. látið til sín heyra og eru frá henni komin tvö nál. Fullhátt finst mjer tillagið til Esju sje áætlað, og vona jeg, að ekki fari svona mikið fje til hennar. — Hvað bátaferðum á flóum víkur, þá mun mega gera ráð fyrir, að

60 þús. kr. sje fulllágt. Eru það aðallega þrír bátar, sem þarf að styrkja ríflega: Borgarnesbátur, Djúpbátur og Skaftfellingur. Jeg sje, að hv. minni hluti nefndarinnar hefir gert áætlun um, hve mikið þurfi að greiða til þessara bátaferða. Hygg jeg, að hún sje alt of lág. Að minsta kosti má fullyrða, að e/s Suðurland fáist ekki útgert til Faxaflóaferðanna fyrir 18 þús. kr. Nefndin hefir þá hlotið að gera ráð fyrir, að mótorbátur annaðist ferðir þessar. En það tel jeg hið mesta óráð. Bæði er það, að flutningur á vörum er mikill milli þessara staða, og auk þess yrði þá nauðsynlegur fólksflutningur að falla niður. Að öllu athuguðu er mjer nær að halda, að 60 þús. kr. áætlunin sje of lág, og mun því greiða atkvæði með brtt., sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og fleiri hafa borið fram, um að hækka lið þennan upp í 65 þús. kr.

Þá ber hv. 3. þm. Reykv. (JakM) fram viðaukatill. um nýjan lið til talsímakvenna við bæjarsímann, sem er uppbót á launum þeirra. Jeg hygg, að þetta sje það starfsfólk ríkisins, sem sje langlægst launað að tiltölu, og því álít jeg fylstu sanngirni mæla með þessari till. Það er raunar altaf illa þokkað, þegar einhver einn flokkur er tekinn út úr launakerfinu, en hjer stendur þó svo sjerstaklega á, að þessi flokkur er svo miklu ver launaður en aðrir og svo lágt launaður, að ef þessar stúlkur væru hjer ekki flestar á vegum foreldra og vandamanna, þá væri óhugsandi, að þær gætu lifað af launum sínum.

Enn hafa þeir hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og hv. 1. þm. N.-M. (HStef) komið fram með till. um að fella niður skálda- og listamannastyrkinn. Jeg verð að dást að hugrekki þeirra, því satt að segja hafði jeg einmitt sterka löngun til hins sama, en það heyrði ekki undir mig, og því gat jeg ekki komið því fram, þó jeg vildi. En jeg held, að við getum skammlaust hætt því eitt ár að styrkja þessa menn, og eins ættu þeir að geta sætt sig við það, að missa spón úr askinum sínum, eins og svo fjöldamargir aðrir nú á tímum. Mun jeg því greiða atkvæði mitt með þessari till., og verðum við þá — líklega — þrír á báti. Annars get jeg búist við að heyra raddir um skrælingjaskap og fleira þvílíkt fyrir slíkt tiltæki, en læt mjer það í ljettu rúmi liggja.

Jeg hafði búist við, að fram kæmi miðlunartillaga um styrkinn til Jóhannesar Lynge, en sje, að svo hefir ekki orðið, og get jeg því á engan hátt samþykt tillögu hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Hún fer fram á svo gífurlega hækkun, að engu tali tekur.

Að því er útgjöldin til fjárkláðalækninga snertir, þá hefir hv. fjvn. nú fært þau niður í 10 þús. kr. Við þá upphæð get jeg sætt mig; en þó er hún fullhá, ef ekkert verulegt á að gera.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) ber fram brtt. XXXIII, þar sem svo stendur, að „af upphæðinni skal 500 kr. varið til kenslu á Ísafirði fyrir skipstjóraefni á smáskipum.“

Jeg vildi spyrja, hvort þessi meinlausa og saklausa aths. þarf að standa í fjárlögunum. Það virðist liggja í augum uppi, að Fiskifjelagið geri þetta án þess það standi þarna, því það hefir mikið fje undir höndum, hlutfallslega meira en Búnaðarfjelagið. Í fyrra átti það tugi þúsunda í sjóði, og virðist mjer auðsætt, að hægt verði að fá þessa upphæð, sem í sjálfu sjer er lítilsvirði, frá því. *(JAJ:* Það er ætlast til þess). Já, þá finst mjer þessi aths. óþörf.

Brtt. XXXIV er nýr liður, sem hv. fjvn. vill setja inn og ræðir um eftirlit með skipum og bátum. Þessi brtt. er nauðsynleg og sjálfsögð. Nýlega hafa verið settar hjer ítarlegar reglur um slíkt eftirlit. Eigi slíkar reglur ekki að verða tómt, þarflaust pappírsbákn, þá þarf að fá einhvern mann til að hafa eftirlitið með höndum. Það stendur nú svo vel á, að við höfum þennan mann við hendina, þ. e. Ólaf Sveinsson, sem þessu er nákunnugur og samið hefir reglurnar.

Þá vildi jeg minnast örfáum orðum á brtt. XLII,1. sem fer fram á það, meðal annars, að styrkurinn til Indriða Einarssonar falli niður. Jeg veit ekki betur en að upphæð þessi sje í senn eftirlaun til þessa gamla embættismanns, eftir 30—40 ára þjónustu, og viðurkenning á starfi hans í þágu bókmenta og hagfræði. Skilst mjer, að ekki komi til nokkurra mála að hagga við þessu, og vil jeg skjóta því til hv. flm. (HStef) að taka till. aftur.

Sami hv. þm. flytur brtt. XLVII, um að dýrtíðaruppbót á ýmsum liðum falli burt. Er jeg þessu samþykkur að því er ýmsa liði snertir, en langt frá því um þá alla, því það er erfitt að fella burt nú, einmitt þegar dýrtíðin fer vaxandi, svo líklegt er, að uppbótin verði meiri 1925 en í ár, uppbótina til margra á þessum liðum, þar sem um ekkjur, börn og fátæklinga er að ræða. Annað mál er, hvort uppbótin hefði átt að koma inn á þessa liði.

Jeg vil að síðustu drepa á brtt. LIII, þ. e. heimildina til að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60 þús. kr. styrk, ef nauðsyn krefur. Jeg verð að taka undir það með ýmsum öðrum, að fjelag þetta er, eða var að minsta kosti, óskabarn þjóðarinnar, en hefir þó lítilla hlunninda notið fyr en nú upp á síðkastið. En þá hefir líka verið hlynt að því til muna, og mjer virðist það vera að bera í bakkafullan lækinn að verða við þessu, þegar búið er að samþykkja að veita því 45 þús. kr. Einnig liggur fyrir beiðni um skattfrelsi frá sama fjelagi, og eru líkindi mest á því, að hún nái fram að ganga.

Mjer finst því til fullmikils mælst, að fara enn að veita fjelaginu 60 þús. kr., ef nauðsyn krefur. Hver á að dæma um þá nauðsyn? Vitanlega hæstv. fjrh. Jeg hefi þurft að meta hana á mínum tíma, því þetta stendur í fjárlögunum í ár. Mjer virtist hún vera fyrir hendi og efast ekki um, að eins fari fyrir hæstv. fjrh., og mætti því þetta falla burt fyrir þá sök. Sem sagt, mjer finst nóg búið að styrkja fjelagið að þessu sinni, þó að þessu verði ekki bætt við. Má það og að sumu leyti sjálfu sjer um það kenna, hversu þröngur fjárhagur þess er; það rjeðst í það alveg að óþörfu að byggja stórt hús á dýrasta og versta tíma.

Niðurstaðan af þessu, sem jeg hefi sagt um brtt., er sú sama og áður; jeg mun fylgja hv. fjvn. í flestu eða öllu, en hvað snertir afstöðu mína til annara brtt., frá einstökum þm., þá mun jeg nú eins og við 2. umr. yfirleitt greiða atkv. með lækkunartill., en á móti hækkunartill.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil þakka hæstv. forseta það, að hann leyfir mjer að taka nú strax til máls og spyrna frá mínum dyrum. Jeg kvarta heldur ekki undan því, að hæstv. fjrh. skyldi nota þetta tækifæri til þess að kasta orðum að mjer. En mjer datt í hug, einkanlega þegar fór að líða á ræðu hæstv. fjrh., gömul saga:

Er sagt, að þeir Páll Ólafsson og Jón á Þingeyrum hafi eitt sinn verið staddir á bæ, og er stigið var á bak til burtferð-

ar, fór einn svo geyst, að hann fjell af baki. Þau köstuðu þá fram þessari vísu, skáldin:

Best er að fara stilt af stað,
steyptist einhver þarna;
skyldi' hann hafa hálsbrotnað,
helvítið að tarna.

Þó að jeg sje yngri og óreyndari en hæstv. fjrh. og óviðbúinn að svara þessari miklu ræðu hans, finst mjer jeg verða að leggja honum þá lífsreglu, að best sje að fara stilt af stað. Og því meiri ástæða er til þessa, þar sem ræða hans var þrauthugsuð, niðurskrifuð, upplesin; var því vart fljótfærni um að kenna, en þess þyngra verður að dæma hana, ef ekki er farið nógu stilt af stað.

Já, orð hæstv. fjrh. voru ekki vanhugsuð, þau voru hugsuð eins og hann getur hugsað best, en því þyngra verður að taka á því, sem ljettvægt reynist.

Það, sem mjer viðkom af ræðu hæstv. fjrh., kom og við öðrum manni, sem hann kallaði hv. 1. þm. Skagf., og mun jeg nefna þann mann svo nú, samræmisins vegna.

Datt mjer í hug önnur vísa út af því, hvernig hæstv. fjrh. fórst nú við þann mann, 1. þm. Skagf., í sambandi við það, hvernig honum hefir áður farist við hann.

Hæstv. fjrh. er alinn upp á guðræknu heimili og kann sjálfsagt þá vísu, því hún er úr Passíusálmunum (XII, 17) og hljóðar svo:

Lætur hann lögmál byrst
lemja og hræða,
eftir það fer hann fyrst
að friða' og græða.

Þetta er sú uppeldisaðferð, sem hæstv. fjrh. hefir beitt við hv. 1. þm. Skagf. (MG). Fyrst hefir hann lamið hann með byrstu lögmáli, nú fer hann loks að friða og græða.

Stóra ræðan, sem hæstv. fjrh., þáverandi hv. 1. þm. Reykv., flutti rjett fyrir þingbyrjun, gat ekki skoðast öðruvísi en sem árás á fyrv. fjármálastjórnir, og þá einna helst hæstv. forsrh. (JM) og fyrv. hæstv. fjrh., núverandi hæstv. atvrh. (MG), og það, að þegar stjórnarskiftin urðu, kom hæstv. fjrh. (JÞ) hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) í þann sess, en ekki hv. 1. þm. Skagf., eins og áður, gat heldur ekki skoðast annað en árás á hv. 1. þm. Skagf.

Hæstv. fjrh. vildi nú fara að fullnægja síðari helming vísunnar, með því að taka upp varnir fyrir hv. 1. þm. Skagf. gegn Tímanum. En þetta var ekki rjett hjá hæstv. fjrh., að hann væri að verja hv. 1. þm. Skagf. fyrir Tímanum, því Tíminn hefir ekki annað gert en að benda á tölur þær, sem hæstv. fjrh. hefir látið á þrykk út ganga og tala ljóst um stjórnarstörf hv. 1. þm. Skagf., og í öðru lagi hefir Tíminn aðeins bent á, hver ásökun lægi í því, að hæstv. fjrh. setti sjálfan sig í fjármálaráðherrastólinn, en ekki hv. 1. þm. Skagf. Þessi stóra vörn hæstv. fjrh. fyrir hv. 1. þm. Skagf. er því sú, að hann er að verja hann fyrir ræðu þeirri, sem hv. 1. þm. Reykv. hjelt í þingbyrjun. Þessi stóra vörn hæstv. fjrh. fyrir hv. 1. þm. Skagf. er því sú, að hann er að verja hann fyrir þeim manni, er nú tók frá hv. 1. þm. Skagf. fjármálaráðherrasessinn. Hæstv. fjrh. er að verja hæstv. atvrh. fyrir sjálfum sjer.

Jeg ætla aðeins að stikla á stóru á þeim afsökunum, sem hæstv. fjrh. bar fram fyrir stjettarbróður sinn. Þá er að minna á það, sem hann hefir oftar vitnað í — tölurnar. Kom hjer enn í ljós, að hann vill fá þær inn í Þingtíðindin, og þá að sjálfsögðu hafa þau prentuð. Nú er gott að minnast talnanna. Hæstv. fjrh. sagði, að ljóst væri, að á 3 árum, eða

1920—1923, hefði orðið 9 milj. kr. tekjuhalli, að viðbættu tapi á skipakaupum. En 2 þessi ár var hv. 1. þm. Skagf. fjrh. Verður því hæstv. fjrh. að standa upp aftur og halda enn skörulegri ræðu, ef hann vill koma mjer í skilning um, að þetta sje afsökun fyrir fyrirrennara hans.

Önnur höfuðafsökun fyrir hv. 1. þm. Skagf. var sú, að hæstv. fjrh. vitnaði í Þingtíðindin og sagði, að þau sýndu, að hv. 1. þm. Skagf. hefði ætíð verið andvígur fjáreyðslu á þingi. Jeg ætla mjer ekki að bera á móti því. Jeg hefi setið með honum í fjvn. og kom okkur vel saman um málin. Mun jeg ekki ásaka hann um fjáreyðslu í tillögum sínum.

En menn mega ekki halda sjer eingöngu við það, sem talað er. Hv. 1. þm. Skagf. talaði 1921 ákaflega hart á móti því að taka lán. En áður en árið var liðið varð hann til þess að taka það stærsta lán, sem tekið hefir verið og erfiðast mun reynast landsmönnum.

1921 talaði hv. 1. þm. Skagf. líka ákaflega sterkt með innflutningshöftum, en rjett í þinglok, eða skömmu síðar, afnam hann innflutningsnefndina og dró þannig allan þróttinn úr innflutningshöftunum.

Jeg mótmæli því ekki, að hv. 1. þm. Skagf. hafi verið tillögugóður í fjármálaræðum sínum, en þegar borið er saman, hvað hann hefir talað og hvað hann hefir framkvæmt, þá virðist ekki óyggjandi sönnun fengin fyrir sparsemi hans.

Þriðja afsökun hæstv. fjrh. fyrir hv. 1. þm. Skagf. var sú, að stjórnin gæti engu ráðið um afdrif fjárlaga. Víst er það, að slíkt er ákaflega mikið á þingsins valdi. En þess ber að gæta, að hv. 1. þm. Skagf. sat sem ráðherra á þinginu 1921, þegar sett voru ný fjárlög. Þá var þess strax krafist af Tímanum, að hann, er hann sá, að hann var útilokaður frá því að hafa áhrif á meðferð þings og stjórnar á fjárlögunum, segði af sjer. Stæði hv. 1. þm. Skagf. nú betur að vígi, ef hann hefði orðið við þeim áskorunum. En hann brast það þrek, sem þurfti. En jeg get aldrei viðurkent, að það sje fullnæg afsökun fyrir ráðherra, að láta undan þinginu. Hann á að leggja hnefann á borðið og segja: „Jeg fer, ef þið samþykkið þetta; ef þið viljið halda í mig, verðið þið að fella það.“ Hæstv. fjrh. virðist ætla að gera þetta nú. Hann hefir sagt í fjvn. — og jeg hygg, að það sje ekkert launungarmál —: „Það er ákveðið, að engar umframgreiðslur eigi sjer stað á mínum liðum, nema með mínu samþykki.“ Þetta er vel sagt. Nú stendur hann í þeim sporum, sem Tíminn vildi að hv. 1. þm. Skagf. stæði í 1921. Þessi afsökun hæstv. fjrh. er því í sterkustu mótsögn við athafnir hans sjálfs, og getur hann því ekki krafist þess, að jeg taki hana gilda.

Fjórða höfuðafsökun hæstv. fjrh. fyrir stjettarbróður sinn var sú, að hann bar fjrh. frá 1920—1921 saman við þann fjrh., sem tók við 1922 af hálfu Framsóknarflokksins.

Jeg vil fyrst minna á það, að þetta er nú í annað skiftið, sem hæstv. fjrh. vegur í þann knjerunn að ráðast á fjarstadda menn, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuðs sjer. Við 2. umr. fjárlaganna rjeðist hann á búnaðarmálastjórann, sem jeg og hæstv. atvrh. urðum að verja. Nú ræðst hann á annan mann, sem fjarverandi er. Jeg er yngri maður og má ekki setja ofan í við hann, en jeg mótmæli þessari aðferð; finst, að hann ætti að velja sjer annan vettvang til þessa en deildina, þ. e. blöðin, þar sem þessir menn geta svarað fyrir sig.

En um aðalatriðið, það er að bera sam-

an þá ráðherrana Magnús Jónsson og hv. 1. þm. Skagf., get jeg sagt það, að jeg ætla mjer ekki að fara út í þann samanburð. Jeg finn enga ástæðu til að fara að verja Magnús Jónsson, þó jeg sje ritstjóri aðalmálgagns Framsóknarflokksins. En benda má á það, að ólíkt er hafst að. Hvernig var afstaða Framsóknarflokksins til Magnúsar Jónssonar? Hann var ráðherra eitt ár. Og hann var það ekki lengur. Það er ekki verið að tala um, að hann verði ráðherra aftur. En þrátt fyrir þann áfellisdóm, sem tölur hæstv. fjrh. (JÞ) hafa kveðið upp yfir hv. 1. þm. Skagf., gerir hann hann aftur að ráðherra.

Þessi er munurinn, og hann er mikill.

Hæstv. fjrh. var að minna á, að óvarlegt væri fyrir þá að kasta grjóti, sem byggju sjálfir í glerhúsum. Jeg hefi minst á sambúð hans við fyrv. stjórnir. Enn má minna á það, að eitt það, sem hann áfeldi harðast í stóru ræðunni, var þriggjamannaráðuneytið. En svo gengur hann orðalaust inn í þriggjamannaráðuneyti á eftir.

Og viðvíkjandi því, hve óholt sje, að ráðherrarnir hafi mismunandi skoðanir, vil jeg spyrja: Býr hann ekki sjálfur í hinu brothættasta glerhúsi hvað það snertir? Í gær var hæstv. atvrh. sá eini úr hans flokki, sem greiddi atkv. með okkur Framsóknarflokksmönnum. Hæstv. fjrh. var þá að rugga til á einkennilegan hátt. Og jeg gæti minst á fleiri dæmi um það, að núverandi ráðherrar stangast eins og hrútar í málunum. Hæstv. fjrh. býr því sannarlega sjálfur í glerhúsi.

Jeg vil aðeins minna á eitt enn. Það er brtt. hæstv. fjrh. um umræðuhluta Alþingistíðindanna. Jeg vil minna á, að sá dagur, sem hæstv. fjrh. velur til þess að koma fram með þessa brtt., er 1. apríl. Og með hana hleypur hæstv. fjrh. hræðilegasta apríl, því að hún er svo óþinglega framborin, að hæstv. forseti hlýtur að úrskurða hana frá atkvgr. Það er sem sje ekki hægt að breyta lögum með fjárlögum.

Þegar þessi fyrsta till. hæstv. fjrh. er svo fljótfærnisleg, þá er ekki gott að hugsa til þess, að svo fljótfær maður skuli eiga að fara með fjárlög landsins á versta tíma, því að hætt er við, að þegar farið er með slíku flani af stað, kunni að verða drepið fæti. En jeg vona — landsins vegna — að þetta verði ekki yfirskriftin yfir öllum fjármálaferli hæstv. fjrh., — að hann verði ekki ein samfeld keðja af því að „hlaupa apríl".

Frsm. meiri hl. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson): Samgmn. Nd. hefir ekki getað orðið sammála um till. um flóabátastyrkinn. Við, sem skrifum undir nál. meiri hlutans, álítum óhjákvæmilegt að hækka styrkinn minst um 5 þús. kr.

Ýmsir höfðu búist við því, að þegar e/s Esja tæki upp strandferðirnar, myndi sparast mikið á þessum lið. Hefir það og orðið að sumu leyti, en ekki svo mikið sem ætlað var.

Staðhættirnir eru þannig, að ómögulegt er að halda uppi ýmsum ferðum inn firði og flóa án sjerstakra báta, því ekki tekur tali að láta Esju fara alla þá króka. Jeg vil sjerstaklega benda á 3 báta. Fyrst á bátinn við Ísafjarðardjúp, sem annast þar mann- og póstflutninga. Hygg jeg ómögulegt að fá bát til þess fyrir minna en 10—12 þús. kr. árlega fyrir póstferðir einar saman. Síðasta ár voru gerðar tilraunir til að fá þar bát til póstferða, og fjekst hálfgildings tilboð um bát, sem var orðinn ófær til fiskiveiða. Jeg þarf nú ekki að

eyða orðum að því, hve ófullnægjandi slíkar fleytur sjeu á Ísafjarðardjúpi, þar sem bæði er óveðrasamt og ill siglingaleið. Ríkissjóður verður þó altaf að annast póstflutning, hvað sem mannflutningi líður. Jeg get ekki búist við, að það komi deildinni á óvart, þótt Ísfirðingar geri kröfu til að fá einhvern styrk til mannflutninga á sjó, þar sem enginn vegarspotti er á landi og allar landferðir ómögulegar. Til annara hjeraða landsins hefir verið veitt fje í tugum þúsunda árlega til vegagerða á landi, svo að tæplega verður með sanni sagt, að krafa Ísfirðinga sje ósanngjörn.

Sama er að segja um Borgarnesbátinn. Hann er óhjákvæmilegur til póstflutninga, þar sem póstflutningar á landi mundu verða bæði dýrari og óábyggilegri. Hinsvegar gat nefndin ekki betur sjeð en að styrkur til þessara ferða hafi verið óþarflega hár undanfarið. Hún gat ekki betur sjeð en að ferðirnar væru gróðavænlegar, flutningur afskaplega mikill, bæði á fólki og vörum, og fargjöld svo mikil, að þau hljóta að skifta tugum þúsunda. Jafnframt vill hún taka það fram, að henni virðist nauðsynlegt, að ferðirnar til Búða, Skógarness og Stapa komist í samband við Faxaflóaferðirnar. Íbúar hlutaðeigandi hjeraða hafa aðalviðskifti sín við Reykjavík, en ekki við Breiðafjörð, eins og verið hefir.

Þriðji báturinn, sem meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegast að styrkja, er Skaftfellingur. Nefndin sjer ekki, að hjá því verði komist að veita styrk til ferða hans, en vill jafnframt láta hann taka að sjer ferðirnar til Rangársands. Að vísu eru þær töluverðum örðugleikum bundnar, en verði bátnum veittur styrkur með tilliti til þeirra, er sjálfsagt, að hann kosti flutning varanna frá Vestmannaeyjum til Rangársands, þótt hann yrði neyddur til að skipa þeim upp í Vestmannaeyjum í bili. Að veita sjerstakan styrk til flutninga til Rangársands getur hins vegar varla komið til mála.

Ekki getur nefndin heldur álitið, að hægt verði að komast hjá að veita styrk til ferða á Breiðafirði. Að vísu eru ferðir um utanverðan fjörðinn viðunandi, en alls ekki um innri hluta hans. Strandferðaskipin koma þar ekki. Nefndin er sammála um, að Svanur sje mjög óheppilegur til þessara ferða. Heppilegast mundi vera, að innanflóaferðum væri þar eins og annarsstaðar hagað svo, að vörurnar væru fluttar frá Hvammsfirði, Gilsfirði og víðar til Stykkishólms eða Flateyjar. Hins vegar er það fyrirkomulag, að hafa Breiðafjarðarbát í förum sunnan Snæfellsness hin mesta fjarstæða, einkum vegna þess aukakostnaðar, sem það veldur Breiðafjarðarbátnum, umfram það, sem Faxaflóabátur þarf til þess að kosta.

Þá álítur nefndin, að nauðsynlegt sje að veita styrk til bátaferða frá Hornafirði til Austfjarða. Satt er það að vísu, að Esja getur komið á Hornafjörð að vorinu og að Austur-Skaftafellssýsla fær nú vörur sínar að sumrinu með milliferðaskipum beint frá útlöndum til Hornafjarðar. En eftir að fer að hausta, kemst Esja ekki inn á Hornafjörð. Skipið ætlaði inn á fjörðinn síðasta haust, en hafnsögumaður rjeði frá því og áleit slíkt ekki forsvaranlegt. Vátrygging á skipi og vörum inn til Hornafjarðar fæst ekki lengur en til 15. október. Austurskaftfellingar eru því neyddir til að flytja landafurðir sínar austur á fjörðu. Að öllum þessum ástæðum athuguðum vill nefndin

leggja til, að styrkur sje veittur til þessa, og álítur fullsæmilegt í þessu skyni 3000 krónur.

Nefndin vill viðurkenna, að rjett hefði verið að veita fleiri bátum styrk, t. d. bátnum, er gengur hjeðan upp í Hvalfjörð, og bátnum, sem gengur út í Grímsey. Jeg get líka hugsað, við nánari yfirvegun, að sníða mætti af tillögum meiri hluta nefndarinnar til að halda uppi ferðum milli Hornafjarðar og Austfjarða. En tillögur minni hlutans tel jeg, að nái engri átt. Enda hygg jeg, að nefndarmaður sá, er skrifaði undir nál. hans með fyrirvara, sje því í ýmsu ósamþykkur. Þannig getur það tæplega staðist að veita 18 þús. kr. styrk til ferða á Faxaflóa, jafnvel þótt e/s Suðurland njóti hans ekki. Til Ísafjarðarbátsins verður engan veginn komist af með minna en 15 þús. kr., eins og þar hagar til og jeg hefi nokkuð vikið að áður. — Það hefir verið nefndinni til mikilla óþæginda, að hún hefir ekki alstaðar fengið skýrslur um þann styrk, er bátarnir hafa notið annarsstaðar frá, og heldur ekki skýrslur um, hvernig ríkissjóðsstyrkurinn hefir verið notaður. Hún hefir að vísu fengið skýrslu frá Skaftfellingi, Suðurlandi, Djúpbátnum og Hvalfjarðarbátnum, en hins vegar engar frá Breiðafjarðar- eða Austfjarðabátunum. Þetta hefir verið mjög óheppilegt, þar sem nefndinni fyrir bragðið hefir veist erfiðara að ráða í styrkþörf bátanna en ella mundi hafa orðið. Nefndin, eða meiri hluti hennar, vill leggja áherslu á, að styrkur sje ekki útborgaður nema þeim, sem senda stjórninni viðunandi skýrslur.

Ágúst Flygenring: Jeg vildi aðeins bæta nokkrum orðum við það, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði um styrkinn til Hvalfjarðarbátsins. Jeg vildi beina þeim tilmælum til hæstv. atvinnumálaráðherra, að hann athugaði það mál. Enginn akvegur er til fram með firðinum eða í nágrenni hans, og því er hin mesta nauðsyn á að veita nokkurn styrk til aðdrátta á sjó, og vonast jeg til, að honum verði ekki gleymt í þetta skifti. Þetta er ekki nema hverfandi lítill hluti hvort sem er af þeirri upphæð, sem varið er í þessu skyni. Annars verð jeg að segja það, að mjer finst sú upphæð, er meiri hluti gerir ráð fyrir í þessum tilgangi, 65 þús. kr., alt of lítil. Hygg jeg, að þetta verði til þess, að sumar nauðsynlegar ferðir leggist niður með öllu, enda er þetta í samræmi við þá reglu, er nú virðist ríkjandi, að klippa svo mikið af öllum styrkveitingum, að þær koma ekki að neinu gagni. Má t. d. nefna Flensborgarskólann því til sönnunar, og að vísu fleiri skóla. Jeg þekki engan mann, er getur eða vill gefa þær 3000 kr., er vantar til að skólanum verði haldið uppi fyrir almenning eins og verið hefir. Svipuð viska kemur fram í því að lækka styrkinn til verslunarskólans niður í 3000 kr. Sú fjárveiting er einskisvirði. Engar fjárveitingar eru miklu betri en slíkar. Það, sem mestu máli skiftir, er að sá styrkur, sem veittur er, sje þó eigi svo lítill, að hann komi ekki að gagni.

Pjetur Þórðarson: Jeg kvaddi mjer hljóðs vegna þess, að jeg heyrði, að farið var að tala um ferðir til Borgarness. Jeg býst við, að jeg verði að játa, að það hafi verið yfirsjón af mjer að skrifa undir nál. á þskj. 240 fyrirvaralaust. Jeg skal sleppa því að minnast á orsökina til þess, því hún hefir engin áhrif á málefnið. En hins vildi jeg geta, hvers vegna jeg á ekki að öllu leyti þær tillögur, er koma fram í þessu nál. Fyrst er það, að jeg er ekki

fullkomlega sammála um það, að styrkurinn til Borgarnesbátsins sje óhæfilega hár, samanborið við aðra báta. Ástæðurnar til þess eru þær, að enginn bátur hefir eins mikinn flutning að annast. Hann flytur allan Vestur- og Norðurlandspóst milli Borgarness og Reykjavíkur, auk þess sem hann annast alla mannflutninga milli Reykjavíkur og Vestur- og Norðurlands, að því fráskildu, er Esja flytur. Í öðru lagi er jeg ekki sammála um það, að rjett sje að þessi bátur taki að sjer ferðir til hafna á Snæfellsnesi sunnanverðu, jafnvel þótt þær tilheyri Faxaflóa. Jeg tel mjög óheppilegt, að póstbáturinn til Akraness og Borgarness hafi þessar ferðir á hendi, enda gætu þá fleiri hafnir komið til greina, t. d. Straumfjörður og Akrar. Jafnvel þótt ferðir á þessa staði yrðu aðeins fáar, þá mundu þær verða útgerð bátsins mikill skaði, en hjeruðunum lítill ávinningur, og tel jeg því tvímælalaust, að þær mundu ekki borga sig.

Loks eru það tillögurnar um úthlutunina á bátastyrknum, sem jeg get ekki verið hinum nefndarmönnunum sammála um. Sjerstaklega tel jeg ótækt að áætla svo litla upphæð til Skaftfellingabáts, sem hjer er gert, að verða mun að litlu gagni. Jeg álít að hækkunin á styrknum, sem jeg er hinum nefndarmönnunum sammála um, megi ekki minni vera, og er það aðalatriðið, sem jeg var þeim sammála um. Annars skal jeg geta þess, að mjer þykir þessi hækkun of lítil, enda þótt jeg vildi hana heldur en ekki neitt. Annars er jeg fremur fylgjandi till. hv. þm. A-Sk. (ÞorlJ) á þskj. 261,XII.

Jeg get ekki stilt mig um að geta þess, að í fyrra flutti jeg tillögu um að hækka þennan bátastyrk svo ríflega, að minni vandi væri að úthluta styrknum en verið hefir og útlit er á, að verði. Jeg man ekki betur en að þessari hækkunartillögu minni væri tekið sem einhverri fjarstæðu. Þó hygg jeg, að erfitt verði að synja fyrir það, að úthlutun styrksins hefði ekki orðið slíkt vandamál og raun er á orðin, ef tillagan hefði verið samþykt þá. Mjer hefði nú verið skapi næst að flytja þessa till. hjer aftur, en hefi tekið þann kost að hallast að þeirri till., sem hærra fer, án þess þó að vera ánægður með hana, og vona jeg, að hv. deild samþykki till. hv. þm. A.-Sk. Ef svo yrði, tel jeg líklegt, að eitthvað lítið af fjárveitingunni gæti fallið til Grímseyjarbátsins og Hvalfjarðarbátsins og til að hækka styrkinn til Skaftfellings frá því, sem ætlað er í till. nefndarinnar.

Jeg hefi ekki vakið máls á þessum ágreiningi milli mín og meðnefndarmanna minna vegna þess, að jeg álíti, að farið hafi verið á bak við mig í þessu máli; það var sjálfum mjer að kenna, að jeg gat ekki leiðrjett það, sem mig greindi á við nefndina, áður en jeg skrifaði undir nál. meiri hlutans.

Jeg skal þá leyfa mjer að minnast á nokkra liði á þskj. 261, og þá fyrst á IV. liðinn, sem jeg er meðflm. að. Við 2. umr. var styrkur til læknisbústaðar og sjúkraskýlis í Borgarfirði feldur með fremur litlum atkvæðamun. Býst jeg við, að ástæðurnar hafi verið þær, að ýmsum hv. þm. hafi þótt langt að bíða til næsta árs eftir samskonar styrk handa hjeruðum sínum. Ef horfið yrði að því ráði að veita styrk í þessu skyni 2—3 hjeruðum árlega, skyldi jeg ekki metast um, hvert fyrst yrði. En jeg tel alveg ótækt að fella niður í þetta sinn slíka fjárveitingu, því að það yrði til að fjarlægja enn meir þau hjeruð, sem mesta þörfina hafa, frá

því takmarki, er þau ætla sjer að ná í þessu efni. Því tel jeg mjer skylt að fylgja þessari tillögu, að ákveðin upphæð sje veitt í þessu skyni, hvað sem því líður, hvert hjerað yrði hans fyrst aðnjótandi.

Þá vil jeg minnast lítið eitt á X. brtt., frá háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Jeg flutti tillögu við 2. umr. um hækkun á fjárveitingunni til akfærra sýsluvega, sem fór nokkuð lengra en þessi, en tillaga mín fann ekki náð fyrir augum hv. deildar. Jeg er því samþykkur þessari brtt., og þætti mjer vænt um, ef hún næði fram að ganga. Tel jeg óþarft að endurtaka þau rök, sem jeg færði fyrir þessu við 2. umr., en skal einungis bæta því við, að þegar draga verður úr öllum verklegum framkvæmdum vegna fjárskorts ríkissjóðs, þá er auðvitað rjettast að snúa sjer fyrst að þeim, sem eru jafnnauðsynlegar eins og viðhald veganna og jafnmikið fje er lagt til frá öðrum til móts við ríkissjóð.

Jeg skal ekki auka á málalengingarnar eða ræðupart Alþingistíðindanna með því að minnast á margar brtt., en þó verð jeg að sjálfsögðu að segja nokkur orð um XXXVI. brtt. Jeg vænti þess, að háttv. deildarmenn muni eftir erindi, sem kom til Alþingis í þingbyrjun og var lagt fram í lestrarsal sem nr. 37. Jeg skal ekki tilgreina mikið af því, sem þar stendur, því það er þannig vaxið, að jeg hygg, að hver sá, sem lesið hefir, hljóti að muna eftir efni þess. Það á skylt við tillögu þessa, sem fer fram á að veita Finnboga bónda Helgasyni í Hítardal 800 krónur í viðurkenningarskyni fyrir sjerstakan dugnað í því að halda uppi bygð á því fornfræga höfuðbóli. Mjer er ljóst, að slík tillaga sem þessi muni verða talin koma kynlega fyrir og ekki rjettmætt að taka hana upp í þau málefni, sem menn álíta að Alþingi beri að fjalla um. En ef vel er aðgætt, býst jeg við, að svo sje um margar fastar fjárveitingar í þessari grein, að það geti verið álitamál, hve ríkar ástæður liggi til þeirra. Hjer á jeg við ýmsa styrki til þess að halda uppi bygð á ýmsum stöðum, og mætti lengi um það deila, hvort það sje þess virði að styrkja það af landsfje. Þessi tillaga um samskonar styrk kann ef til vill að koma öðruvísi fyrir en hinar aðrar styrkveitingarnar. En ef hún er sett í samband við áðurnefnt erindi, hygg jeg, að margir hv. þm. muni kannast við, að jafnmikil ástæða muni vera til að veita styrk til þess að halda uppi bygð á þessum stað sem mörgum öðrum. Jeg leyfi mjer því að vænta þess, að það verði þegjandi samkomulag um að veita þessa upphæð.

Magnús Torfason: Jeg ætla mjer ekki að koma nærri þeim eldi, sem orðið hefir hjer í háttv. deild, og því fremur, sem jeg lít svo á, að þær umræður hefðu ekki átt að fara fram hjer á þingi. Því að þetta var blaðamál, og hinn rjetti vettvangur þess var því í blöðunum. En eitt atriði, sem kom þar fram og snertir mig persónulega, verð jeg að minnast á; því hefir sem sje verið haldið fram, að þingið 1919 hafi átt upphaf hins mikla tekjuhalla, sem verið hefir á búskap þjóðarinnar æ síðan. Á þingunum 1917 og 1919 lýsti jeg yfir þeirri skoðun minni, að óhægir og erfiðir tímar myndu koma eftir ófriðinn, eins og ætíð hefir átt sjer stað eftir slíkt ástand. Og varaði jeg mjög við þessum tímum. Jeg get ekki tekið það til mín, að jeg hafi átt þátt í að auka útgjöldin 1919, því að jeg var á móti jafnvel mjög rjettlátum útgjöldum,

af því að jeg bjóst við, að árgæska væri ekki framundan.

Það, sem neytt hefir mig til að tala, er, að jeg er bendlaður við þrjár brtt. á þskj. 261. Er hin fyrsta um, að styrkurinn til Grímsneslæknishjeraðs verði hækkaður úr 3 þús. kr. upp í 6 þús. kr. Við þingmenn Árnesinga höfðum ákveðið að koma ekki fram með tillögu þessa, beinlínis vegna hagsmuna ríkissjóðs, ef engar aðrar tillögur í þessa átt hefðu komið fram, en nú hefir sú reyndin ekki á orðið, og því berum við brtt. þessa fram.

Það var farið fram á að fá ⅓ byggingarkostnaðarins endurgreiddan, eins og venja er til, að veitt sje í slíkum tilfellum. Þessari beiðni var synjað, af því að talið var, að hjeraðið hefði haft svo mikinn hag af kaupum á Geysishúsinu. Þetta atriði hefir nú verið rannsakað, og hefir niðurstaðan orðið sú, að hagurinn hafi orðið býsna lítill. Einn háttv. þm. hjelt því fram í fyrra, og aftur nú, að hagnaðurinn af húsakaupum þessum hefði orðið mikill fyrir læknishjeraðið, alt að 1500 kr. Og annar þingmaður, núverandi hæstv. fjrh. (JÞ), telur leitt, hve lítinn hag hjeraðið hafi haft af kaupum þessum, og er það þó maður, sem vel ber skyn á slíka hluti. Þó gengið væri nú út frá því, að ágóðinn af húsakaupum þessum hefði orðið 1500 kr., ætti þó hjeraðið rjettlætiskröfu á að fá 7500 kr., en við höfum viljað fara þarna meðalveg, og sett því upphæðina 6000 kr.

Það, sem aðallega hefir tafið fyrir þessu máli, er það, að sala Geysishússins hefir verið notuð sem árásarefni á þann ráðherra, sem seldi húsið; hefir því verið gerður úlfaldi úr mýflugunni. En það er engin ástæða til að láta þetta bitna á hjeraðsbúum, því það er að hengja hund fyrir kött. Þegar þess er ennfremur gætt, að árangurinn af árás þessari varð hinn glæsilegasti, þar sem viðkomandi ráðherra baðst lausnar og fór úr embætti, væri miklu frekar ástæða til að láta hjeraðið njóta þess, að svo lítil þúfa gat velt svona stóru hlassi.

Við 2. umr. fjárlaganna hjelt jeg því fram, að þetta væri skuld, sem ríkissjóður stæði í við hjeraðið, en háttv. frsm. taldi það fjarstæðu. En það er mesti misskilningur hjá háttv. frsm. (ÞórJ), því að sjúkraskýlið á beinlínis heimtingu á að fá greiddan ⅓ kostnaðar, eins og önnur sjúkraskýli; að öðrum kosti er það beitt hreinum og beinum misrjetti.

Þá á jeg enn brtt. á þskj. 261, nr. 38, um styrk til bryggjugerðar á Eyrarbakka, alt að ⅓ kostnaðar. Til þessarar bryggju var veitt í fjárlögum 1923 þessi sama upphæð, en aldrei notuð; er þetta því endurveiting. Hjer er ekki aðeins um að tala lendingarbætur í venjulegum skilningi, heldur og til að varna skemdum á fiski. Því að svo er háttað á Eyrarbakka og Stokkseyri, að þar er sandur, sem fiskurinn hefir verið lagður á, og það valdið skemdum á honum. Hefir nú verið bygð bryggja á Stokkseyri, og hefir reynslan orðið sú, að sá fiskur, sem þar hefir verið lagður á land, hefir reynst miklu betri en sá, sem lagður hefir verið á land á Eyrarbakka. Jeg lít því svo á að því er þessa tillögu snertir, að hana beri að samþykkja, ef menn vilja styrkja þá, sem vilja hjálpa sjer sjálfir.

Þá er síðasta brtt. mín, um að veita júbil-ljósmóður Þórdísi Símonardóttur á Eyrarbakka 600 króna ellistyrk. Þetta er hin mesta sæmdarkona og kvenskörungur, og mætti líkja henni við Þórdísi konu Barkar digra eða Þórgerði konu sjera Páls í Reykholti. Kona þessi er komin yfir sjötugt og mjög biluð og farin að heilsu,

sem eðlilegt er, þar sem hún hefir þjónað erfiðu embætti um svo langt áraskeið. Alla æfi hefir hún unnið fyrir mjög lágum launum, mestan hluta æfinnar fyrir 40—60 kr. á ári, þar til nú síðustu árin, að hún hefir fengið um 200 kr. Hún hefir alla tíð staðið prýðilega í stöðu sinni, enda hefir hún hin bestu vottorð þeirra lækna, sem hún hefir starfað með, og fylgja þau með umsókninni. Eru það læknarnir Guðm. Guðmundsson í Stykkishólmi, Ásgeir Blöndal og Gísli Pjetursson, og ber þeim öllum saman um, að hún sje besta ljósmóðirin, sem þeir hafi þekt og ekki hefir lært í útlöndum.

Síðastliðið ár hjelt kona þessi 50 ára afmæli sitt sem ljósmóðir; er því sjerstök ástæða til að veita henni einhvern styrk í tilefni af því, enda er jeg sannfærður um, að margur er á eftirlaunaskrá, sem síður skyldi.

Þá vil jeg snúa mjer að þskj. 260; þar er lagt til, að til ferða með Rangársandi og Vestur-Skaftafellssýslu verði veittar 13 þús. krónur. Jeg lít svo á, að þetta sje alt of lítill styrkur, ef sæmilega á að sjá fyrir ferðunum. Í þessu sambandi vil jeg geta þess, að síðastliðið ár voru veittar 5 þús. kr. til bátaferða hjeðan austur að Stokkseyri og Eyrarbakka, en af því fje voru notaðar 800 kr. til fólksflutninga og vöruflutninga til Eyrarbakka og Stokkseyrar, og fyrir þeim ferðum gekst Jón Sturluson, sá sami sem nýlega var svo lofsamlega minst hjer í blöðunum. Vek jeg máls á þessu til þess, að hv. samgöngumálanefnd geti athugað þetta, og jeg treysti henni til, að hún fari ekki að klípa þessar 500 kr. af styrknum.

Að síðustu vil jeg nota tækifærið til þess að lýsa eftir till., sem mjer finst vanta við fjárlögin, eftir því, sem hæstv. fjrh. (JÞ) fórust orð, er verðtollurinn var til umræðu. Hann vildi þá styðja að betra eftirliti með tollgæslunni en hingað til hefir verið. Jeg bjóst við, að þessi tillaga myndi koma fram við þessa umræðu, en úr því að svo varð ekki, vil jeg minna hann á hana, því að það er enginn vafi á, að slík tillaga verður tekin upp við eina umr. fjárlaganna hjer, ef háttv. Ed. bætir ekki úr.

Halldór Stefánsson: Jeg skal ekki blanda mjer inn í þær deilur, sem þegar hafa orðið hjer í þessari hv. deild, en aðeins minnast á eitt atriði, sem kom fram í ræðu hæstv. fjrh. (JÞ) og menn voru að varpa á milli sín, sem sje hverjum um væri að kenna það fjármálaástand, sem nú væri; um það voru vitanlega mjög deildar skoðanir. Hæstv. ráðherra vildi minst áfellast stjórnina fyrir það, þingið meira, en rakti svo orsakirnar til kjósendanna, því að þeir kysu þingmennina. Þessi skoðun er ekki ný, og hafa margir haldið henni fram áður, en eigi að síður er hún mjög athugaverð. Það eru að mestu leyti orðin tóm, að þingið sje spegill kjósendanna eða kjósendaviljans. Umboð þjóðfulltrúanna eru svo ólík venjulegum umboðum. Fyrst og fremst eru fulltrúarnir ekki bundnir við vilja kjósendanna, er þeir koma á þing, heldur sína eigin sannfæringu. Í öðru lagi fara þingmenn oft öðruvísi með umboð sitt heldur en ætlast hefir verið til eða þeir hafa lofað, og í mörgum tilfellum ganga gerðir þingsins á móti almennum vilja kjósenda, enda koma mörg mál fyrir þingið, sem kjósendur hafa ekkert vitað um, og því síður í hvaða formi þau loks eru afgreidd. Í þriðja lagi er það aðeins meiri hl., sem ræður úrslitum bæði við alþingiskosningar og í þinginu, og hann er oft lítill. Loks eru þingmenn ábyrgðarlausir gagnvart

kjósendum og umboð þeirra óafturkallanlegt kjörtímabilið. Þegar nú umboð fulltrúans er þannig vaxið, er ekki hægt að varpa sökinni á kjósendur. Hið rjetta mun vera, að sökin er hjá öllum aðiljum nokkuð, og þó mest hjá þinginu. Ef þörf væri bráðra aðgerða til fjárhagsvarnar eða fjárhagsbóta, þá væri seint að bera það undir kjósendur. Það væri ekki hægt fyr en við kosningar, og þó að það væri gert, þá er ekki við því að búast eftir atvikum, að þeir hafi jafngott yfirlit alment yfir fjárhag ríkisins eins og þingmenn. Enda er sú málfærsla, sem oft er höfð við kjósendur, þess eðlis, að þeir fá ekki rjettar hugmyndir um málin. Það væri því seinfært og tvísýnt að leita til kjósenda um fjárhagsumbætur, ef bráðra aðgerða þyrfti með. Þingið og stjórnin hafa þau tök og skyldur, sem til bráðra bóta geta komið.

Jeg ætla þá næst að víkja að þeim brtt., sem jeg er að einhverju leyti riðinn við eða er aðalflutningsmaður að. Jeg ætla þó áður að minnast á eitt atriði. Það var við 2. umr. þessa máls, að mjer skildist á hv. form. fjvn., að hv. nefnd ætlaðist til þess, að af styrk þeim, sem veittur er til læknisvitjana í sveitum, þar sem erfitt er um læknissókn, væru ætlaðar 1500 kr., hlutfallslega við þá upphæð, sem áður var veitt í sama skyni, til nokkurra hreppa í Hróarstunguhjeraði til þess að ráða sjerstakan lækni, ef til kæmi. Benti jeg á, að af orðalagi athugasemdarinnar yrði þetta varla skilið þannig, og bjóst jeg við, að hv. nefnd mundi breyta orðalaginu þannig, að það mætti skiljast svo. Mundi jeg láta mjer nægja yfirlýsing hæstv. stjórnar um það, að hún skilji þetta á þann veg, en að öðrum kosti vænti jeg þess, að hv. nefnd lagfæri þetta.

Þá vildi jeg leyfa mjer að minnast á einstakar brtt. Það er þá fyrst 25. brtt., við 15. gr. 14. lið a. í fjárlagafrv. Við hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) höfum, eins og einhver þm. komst að orði, gerst svo djarfir að leggja til, að þessi liður yrði feldur niður. Jeg fyrir mitt leyti áleit þetta ekki neina dirfsku. Við 2. umr. var upphæðin færð niður, og ályktaði jeg af því, að það væri ekki fjarri ýmsum hv. þingdeildarmönnum að líta svo á, að til mála gæti komið að láta þennan styrk falla alveg niður. Við flm. teljum, að fjárveiting þessi sje ekki einungis óþörf, heldur og jafnvel skaðleg. Styrkurinn er bútaður milli margra manna, sem eitthvað fást við skáldskap og listir, og má segja það um langflesta þeirra, að það er alger óvissa um hæfileika þeirra í þá átt. Þessi styrkur getur orðið til þess, að þeir menn, sem hans njóta og hafa ekki hæfileika á þessu sviði, fái rangar hugmyndir um sjálfa sig og hæfileika sína og hverfi frá störfum á öðrum sviðum, sem þeir væru hæfari til og þeim og öðrum gagnlegri. Afburðahæfileikar í þessa átt verða ekki keyptir fyrir fje, en hinsvegar er engin hætta á því, að hæfileikarnir, sjeu þeir fyrir hendi, segi ekki til sín. Miðlungsskáldskapur og listir og það, sem þar er fyrir neðan, hafa ekkert gildi, en hefir hinsvegar þann ókost, að það flýtur yfir þjóðina í stríðum straumum og spillir listasmekk hennar. Það flýtur yfir þjóðina fjöldi af ljóðabókum og sögum, sem segja má um, að ekki hafi meira gildi en ein vel kveðin alþýðuvísa eða vel fundið orðtak. Teljum við því forsvaranlegt að fella styrkinn niður, enda mun það best fyrir mennina sjálfa. Þá vil jeg minnast á rithöfundastyrkinn til tveggja manna í 18. gr. fjárlaganna. Mjer hefir verið bent á það, að ekki mundi viðeigandi að fella niður ann-

an af þessum styrkjum. En jeg hafði aðeins fyrir mjer fyrirsögn styrkveitingarinnar. Af henni er ekki hægt að ráða annað en að full heimild sje til að fella þessa styrki niður, og jeg finn því ekki ástæðu til að taka aftur till. Annars er hjer um tvo viðurkenda menn að ræða, sem telja má vel færa á þessu sviði, og munu þeir ekki vera styrks þurfar. Er því vafasamt, að þeim sje greiði gerður með því að setja þá á almenna þjóðarframfærslu. Jeg lít því svo á, að þeim sje e. t. v. enginn óleikur gerður, þó að styrkurinn sje feldur niður.

Þá er það aths. við 18. gr. II. Þar er löng röð af nöfnum og tölum. Hefði jeg — eins og sakir standa — talið rjett að fella niður alla summuna. Fjárupphæðirnar nema nær 41 þús. kr. og með dýrtíðaruppbót rúmlega 61 þús. kr. Ástæður þær, sem jeg hefi fyrir því að fella þetta niður, eru aðallega tvær. Er önnur sú, að með þessu er gerður misrjettur milli þjóðfjelagsþegnanna, og tel jeg ekki, að nein forrjettindi eigi að eiga sjer stað, þar sem svo verður að líta á, sem öll þörf störf sjeu í sjálfu sjer jafnnauðsynleg og beri að viðurkenna jafnt. Hin ástæðan er sú, að það er engin vissa fyrir því, að menn þeir, sem styrksins njóta, sjeu hans þurfandi. En af því að jeg býst ekki við, að hv. deild fáist til að fella niður allar þessar upphæðir, þar sem bæði við fyrri umr. þessa máls og einnig nú hafa menn verið að bæta mönnum og tölum við þennan lið, þá vil jeg, þrátt fyrir það, hvernig jeg lít á þetta atriði, ekki leggja til, að alt verði felt niður, heldur aðeins þessir tveir rithöfundar. En þó að ekki verði alt felt niður, þá tel jeg rjett, að ekki verði greidd dýrtíðaruppbót af þessum styrkjum, enda ber engin lagaskylda til þess. Nú, þegar þjóðin verður að draga inn seglin um allar framkvæmdir, þá virðist ekki nema sanngjarnt að krefjast þess af einstaklingunum, að þeir sýni af sjer nokkra hófsemi. Ef þessi till. mín verður samþykt, þá sparar hún 20 þús. kr., en sparnaðurinn af öllum till. mínum nemur um 36 þús. kr., eða nálega ⅓ á móts við allar hækkunartillögur annara háttv. þm. við þessa umræðu fjárlaganna. Jeg vil svo leyfa mjer að biðja um nafnakall um till. minar, þegar þar að kemur. Jeg mun svo ekki að svo stöddu minnast á fleiri till., sem jeg á þátt í, nje till. annara hv. þm. Mun jeg við atkvæðagreiðsluna sýna afstöðu mína til þeirra. Vil jeg svo enda mál mitt með þeirri von, að þegar verið er að auka tekjur með því að íþyngja þjóðinni með þungum, auknum skattabyrðum, þá gleymi þm. ekki að gæta allrar varúðar um það, hvernig þeim tekjum er varið.

Frsm. minni hl. samgmn. (Sveinn Ólafsson): Jeg mun láta mjer nægja að halda mjer við þær brtt., sem jeg að einhverju leyti er riðinn við, þó að jeg hinsvegar komi nærri till. annara háttv. þm. Jafnframt mun jeg sneiða hjá því að taka þátt í því eldhúsdagstilhaldi, sem hæstv. fjrh. boðaði. Tel jeg komin fram af hendi annara hv. þm. svör við því. Þó er það eitt atriði, sem jeg vildi benda á í því sambandi. Hæstv. fjrh. tók það rjettilega fram, að orsakarinnar til hins ömurlega fjárhagsástands, sem þjóðin nú býr við, væri að leita í ljettúð undanfarinna þinga. Það er ómögulegt að neita því, að svo er að vissu leyti, þótt hver einstakur þingmaður kunni að hafa afsökun fyrir sig. Þegar farið er að athuga þetta nánar, þá kemur það í ljós, sem hv.

1. þm. N.-M. (HStef) sagði, að ræturnar til þessa liggja víða. Og því er slíkur dómur, sem kveðinn var upp af hæstv. fjrh., fyrst og fremst gegn þeim þingflokki, er fjölmennastur hefir verið undanfarin ár. Þykir mjer því hæstv. fjrh. vera farinn að höggva nokkuð nærri flokksbræðrum sínum, sem fjölmennastir hafa verið þingflokka oftast undanfarið. Þarf jeg ekki að fara lengra inn á þetta, en jeg vildi aðeins benda á það, að þegar slíkur dómur er kveðinn upp, þá er rjett að gæta allrar varúðar, svo ekki falli dómarinn á eigin bragði.

Þá vildi jeg næst víkja að till., sem fram er komin viðvíkjandi strandferðunum, og þá með sjerstöku tilliti til flóabátaferðanna. Hefir verið minst nokkuð ítarlega á þetta af hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), sem er frsm. meiri hl. nefndarinnar. Það vildi svo til, að jeg var ekki viðstaddur meðan hann talaði, svo að jeg heyrði ekki nema lítinn hluta af ræðu hans. Í sjálfu sjer sakar það ekki mikið. Nefndin var klofin í málinu og höfum við hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) komið fram með okkar álit á þskj. 260. Viljum við takmarka styrkinn sem mest, eins og aðrar fjárveitingar, sem hægt er að takmarka, og halda okkur við þær 60 þús. kr., sem stjórnin hefir lagt til að veittar yrðu. Við erum sannfærðir um, að hægt er að bæta úr hinni brýnustu þörf með þessari fjárhæð, ef fjenu er haganlega skift. Teljum við rjett, að landsstjórnin úthlutaði þessum styrk, í stað þess að binda fyrirfram ákveðnar upphæðir við ákveðna báta, sem gengju eins og hingað til hefir átt sjer stað. Og geri stjórnin það þá með hliðsjón af samgönguþörfum þeim, sem að kalla hvert sinn. Við minni hl. eins og meiri hl. nefndarinnar lítum svo á, að ferðunum eigi að öðru leyti að haga eftir tillögum sveitarstjórna þeirra hjeraða, er ferðanna njóta. Það hefir verið fundið að því af ýmsum háttv. þdm., að till. okkar minnihlutamanna um skiftingu styrksins taki ekki nægilegt tillit til þarfa sumra hjeraða. En þess verður að gæta, að með þessari takmörkuðu fjárhæð verður alstaðar að draga úr ferðum, og þess vegna verður hjer að líta á hlutföllin, en ekki upphæðina. Hjer er heldur ekki að ræða um till. til þingsins, heldur bendingar til stjórnarinnar um skiftinguna. Það vill svo til, að við hv. 2. þm. N.-M. erum ekki alveg sammála um þessar bendingar, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni. En þar sem tveir hv. þm. hafa tekið það fram, að styrkur sá, sem við ætluðum til Faxaflóabátsins, sje of lítill, 18 þús. kr., þá vildi jeg minna á það, að árin 1918 og 1919 var sama upphæð veitt, og árið 1920 og 1921 voru veittar 20 þús. kr. Áður var upphæðin til þessara ferða aðeins 12 þús. kr. Það er ekki fyr en nú síðustu árin, að þetta geypifje hefir verið veitt til ferða á þessu svæði, og kemur það til af því, eins og áður hefir verið tekið fram, að til ferðanna hefir verið fengið óhentugra skip en áður var notað. Fram til 1919 var „Ingólfur“ flóabátur á þessu svæði og síðan „Skjöldur“. Voru það miklu hentugri skip. Þau voru minni, en fullnægðu þó alveg þörfinni. Álít jeg, að hjer hafi að nauðsynjalausu verið varið alt of miklu af flóabátastyrknum fyrir óhentugt skip, einmitt þar, sem ferðirnar ættu að komast næst því að borga sig. Virðist mjer sjálfsagt að bæta úr þessu með því að fá minna og hentugra skip. Annars legg jeg litla áherslu á, hvað ofan á verður í þessu, en tek það fram, að jeg vil ekki stuðla að því með atkvæði

mínu, að veitt verði meira fje til þessara ferða en áður var nefnt, eða 60 þús. kr. alls, og engri átt nær, að helmingur upphæðarinnar gangi til þessa eina báts á Faxaflóa.

Þá vil jeg leyfa mjer að víkja að till. þeim, sem jeg er við riðinn á þskj. 261. Þær eru ekki margar eða miklar að fyrirferð. Jeg legg til, að tillag til akfærra sýsluvega verði hækkað úr 10 þús. kr. upp í 15 þús. kr. Við 2. umr. fjárlaganna var borin fram till. um hækkun upp í 20 þús. kr., en feld. Jeg hefi því farið hjer meðalveginn.

Svo sem kunnugt er, eru í fjárlagafrv. því, er fyrir liggur, niður feldar flestar eða allar fjárveitingar til vegalagninga; aðeins gert ráð fyrir takmörkuðu viðhaldi. Mjer finst það mjög illa farið, að ríkissjóður skuli ekki geta að minsta kosti mætt þeim hjeruðum, sem hafa mikla þörf á bættum sýsluvegum, en vilja leggja til helming kostnaðar á móti ríkissjóði til brýnustu viðgerðar. Mjer skilst, að með 10 þús. kr. verði ekki hægt að mæta mörgum sýslufjelögum þannig. Jeg vil minna á það, að vegamálastjóri hefir gert ráð fyrir, að af 40 þús. kr., sem veittar eru í fjárlögum þessa árs til akfærra sýsluvega, verði varið 15 þús. kr. til þeirra, en 25 þús. kr. sparaðar ásamt öðru veittu vegafje, sem nú er ætlast til, að ekki verði notað á þessu ári. Jeg vænti þess, að hv. deild láti ekki þann annars svo virðingarverða sparnað, sem fyrir henni vakir, verða til fyrirstöðu þessari litlu till. Það er ekki annað en hvatning til hjeraðanna til að koma einhverjum framkvæmdum á þar, sem þörfin er allra brýnust, og vitanlega verður upphæðin ekki greidd nema jafnmikið kæmi á móti frá sýslufjelögunum.

Þá á jeg ásamt hv. 1. þm. N.-M. (H-Stef) á sömu atkvæðaskrá till. í tveim liðum. Fyrri helmingurinn fer fram á ábyrgð frá ríkissjóði fyrir hugsanlegu láni, sem dúkaverksmiðjufyrirtæki austanlands kynni að fá, ef það tækist að draga saman með söfnun $^3/_5$ parta af stofnkostnaði. Samskonar till. lá fyrir við 2. umr., en fór fram á 200 þús. kr., en þessi fer fram á aðeins 180 þús. Að vísu var hin fyrri feld, mig minnir með 14:10 atkv. En menn úr hv. fjvn. bentu mjer á það, að nefndin hefði talið vanta ákvæði í till. um endurtryggingu gagnvart ríkissjóði. Til þess að mæta óskum hv. nefndar um þetta, höfum við flutningsmenn tekið upp ákvæði í þessa átt í þessa till.; þ. e. a. s. við gerum ráð fyrir, að það verði á valdi hæstv. stjórnar, hvaða endurtryggingar hún krefst. Annars tek jeg það fram, eins og við 2. umr., að til þessarar ábyrgðar kemur því aðeins, að Austfirðingar sjái sjer fært að safna svo miklu fje, að það nægi að $^2/_3$ til fyrirtækisins. En slík heimild fyrir ábyrgð gefur mönnum eðlilega í þessum hjeruðum sterka hvöt til að leggja sem allra mest af mörkum og keppa fast að takmarkinu. Nú þegar eru loforð til fyrir 80 þús. kr. og áreiðanlega mikill áhugi að bæta við. En árferði hlýtur að ráða, og örðugleikar síðustu ára hafa átt ógnar mikinn þátt í því, að ekki var meira að gert. Hitt hefir líka valdið nokkru um, að síðasta þing kipti að sjer hendi um stuðning með láni eða ábyrgð, svo að áhuginn, sem hafði glæðst við fyrirheit þingsins 1922 um 50000 kr. lán, hlaut af dofna. Hjer er ekki farið fram á neina fjárveitingu, lán eða glæfralega ábyrgð án tryggingar frá öðrum hliðum. Ekki heldur er beðið um stuðning til þess að koma á fót minniháttar kembivjelum. Um það tel jeg hjeruðin einfær. Myndi jeg þó telja það stórum lakara, ef ráðist yrði í að koma upp

slíkum minniháttar verkvjelum, sem aðeins gætu bætt úr þörfinni í svip og aðeins að nokkru leyti. Með því væri eytt fje frá hinu fyrirtækinu, sem koma þarf og koma hlýtur. Jeg benti á það við 2. umr., að það fje, sem goldið er á 2—3 árum úr tveim austustu sýslum landsins fyrir ullarvinnu í Noregi, myndi langdrægt nægja til að reisa vandaða dúkaverksmiðju á Austurlandi.

Þá skal jeg víkja að b-lið till. Þar er farið fram á heimild fyrir ábyrgð á 10 þús. kr. láni handa Norðfjarðarhreppi. Hv. fjvn. treystist heldur ekki til að taka upp þessa ábyrgðarheimild. Jeg sendi henni erindi um þetta ásamt skýrslu frá hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps. En hv. fjvn. varð svo mikið um þetta, að hún rjeðist á Bessastaðahrepp, sem eftir till. hennar við 2. umr. var búinn að fá viðurkenningu fyrir 15 þús. kr. lánsábyrgð, og fellir eða afturkallar þá till. Þetta var óvænt tiltæki hjá hv. nefnd, jafnvel þó hún sæi sjer ekki fært að mæla með ábyrgðarheimild fyrir Norðfjarðarhrepp, og virðist mjer hjer aftan að síðum farið.

Það liggur nærri að spyrja: Hvað ætlar hið háa Alþingi að taka til bragðs, þegar hrepparnir hver af öðrum neyðast til að leita þannig hjálpar í neyð? Mundi ráðið að svara með órökstuddri neitun? Í fyrra tók þingið að sjer illa stæðan hrepp, Gerðahrepp í Gullbringusýslu, og það er í mesta máta undarlegt, ef það ætlar að hafna tilmælum og óskum annara hreppa, sem sjálfsagt eru álíka illa staddir. Það er ómögulegt að neita því, að skylda hvílir á ríkissjóði að varna hallæri, og hjer er um hallærislán að ræða. Hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps fer í raun og veru ekki fram á lán, heldur styrk. Upplýst er líka, að ástandið er svo slæmt, að hreppurinn geti alls ekki bjargast af til vors. Veit jeg, að það mun rjett vera, þó jeg hafi ekki treyst mjer til að koma með styrkbeiðni honum til handa, vitandi fyrirfram, að hún mundi ekki fá áheyrn. Þess vegna vildum við flutningsmenn reyna þessa leið, því með henni er hægt að bæta úr augnabliksþörf, hvað sem kann á eftir að fara.

Svo sem skýrsla hreppsnefndar ber með sjer, eru þessi vandræði hreppsins, fátækt og skuldir, fyrst og fremst afleiðing af því, að hreppurinn hefir orðið að taka á móti fjölskyldum, sem komið hafa úr fiskiþorpunum hjer syðra. Ein fjölskylda t. d., sem dvalið hefir tiltölulega langan tíma í Hafnarfirði, hefir bakað þessum fámenna hreppi yfir 7 þús. kr. útgjöld á tæpum 2 árum. Kaupstaðirnir hjer sunnanlands eiga ekki hvað minstan þátt í því, að fátæk sveitarfjelög eru að gefast upp. Örbirgðin, sem þarna stendur fyrir hvers manns dyrum, stafar að miklu leyti af heimsendingu þurfamanna frá fiskiverunum við Faxaflóa, Vestmannaeyjum og fleiri stöðum. Þetta er sá menningarlegi og efnalegi stuðningur, sem útvegurinn í þessum fiskihverfum veitir sveitunum, sem alið hafa upp fólkið handa honum.

Eftir að hafa sjeð till. háttv. fjvn., hefi jeg ekki mikla von um stuðning frá henni við þessa till. Jeg ætla samt að hleypa henni undir atkvæði og sjá hvað setur. Ef hún verður ekki samþykt, mætti hún þó verða til þess að vekja hv. þingmenn til umhugsunar um það, hvað gera skuli, ef margir hreppar kalla á hjálp og verða gjaldþrota. Er þetta allkröftug áminning um það að takmarka þau útgjöld ríkissjóðs, sem viðráðanleg eru, og demba ekki her manns og hverskyns stofnunum að þarflitlu á ríkissjóð, með þeim

formála, að alt sje það í almenningsþarfir. Ef til vill verður á næsta þingi að framkvæma alvarlegan niðurskurð á þessháttar fjárveitingum, sem engan þm. hefir enn órað fyrir, og verja fjenu til fátækraframfærslu.

Þessir þrír hreppar, sem jeg nefndi, Norðfjarðarhreppur, Bessastaða og Gerða, eru ekki einir um hituna. Mjer er kunnugt um nokkra fleiri hreppa, sem leitað hafa hófanna um stuðning þingsins, og aðra, sem bíða byrjar um það. Það er vandalítið að geta sjer til, hvernig fer fyrir þessum hreppum, ef sama árferði helst, ef krónan lækkar, dýrtíðin eykst og afurðasalan rýrnar, eins og vænta má eftir þeim ráðstöfunum, sem þingið hefir enn þá gert og sem að mjög litlu leyti stefna að gengishækkun.

Fleiri orðum þarf jeg ekki að eyða að till. mínum. En að lokum skal jeg minnast á 31. till. hv. fjvn. Hún leggur til, að 10 þús. kr. verði veittar til fjárkláðalækninga. Önnur till. hefir komið fram um að veita til þessara lækninga aðeins 2500 kr. Mun jeg greiða atkvæði móti þeim báðum. Af margra ára reynslu er jeg sannfærður um það, að ástæðulaust er að óttast fjárkláðann, ef nægilegt eftirlit er haft af hálfu hins opinbera með þrifaböðunum, og þær ræktar samviskusamlega. Um þetta má vísa til reynslu Skota, sem eru þaulvanir fjárræktarmenn. Þeir hafa aldrei útrýmt fjárkláða eða getað það, en leggja svo mikla stund á þrifaböðun fjárins, að nær aldrei verður kláðans vart. Hygg jeg því, að þessi liður mætti falla burt úr fjárlögunum, og væri ef til vill ástæða til að veita heldur fje til eftirlitsins, sem áreiðanlega er víða ljelegt.

Þorleifur Jónsson: Jeg á eina brtt. á þskj. 261, um 10 þús. kr. hækkun til flóabáta. Í fjárlögum þessa árs eru áætlaðar 75 þús. kr. til flóabáta. Mun það vera verkefni samgmn. að úthluta þessum styrk. Jeg hefi heyrt, að búið hafi verið að úthluta 52 þús. kr., aðallega til tveggja báta, áður en þing kom saman, svo nefndin hafi aðeins fengið 23 þús. kr. til úthlutunar, og hefi jeg ekki heyrt, hvernig sú skömtun hafi gengið. Býst jeg við, að það hafi gengið erfiðlega, og mun þá ekki síður erfitt að úthluta á næsta ári aðeins 60 þús. kr. til sömu ferða.

Það er nú auðsætt mál, að bátastyrkurinn, sem í frv. stendur fyrir 1925, er alt of lítill, því víðar þarf að styrkja bátaferðir en á Faxaflóa og Ísafjarðardjúpi. Flestir munu vera samdóma um það, að ekki megi draga mikið úr samgöngum á sjó, þó að þröngt sje í búi hjá ríkissjóði. Hagur landsins batnar síst við það, að sumir landshlutar verði samgöngulausir eða samgöngulitlir á sjó, enda hefir fjvn. sýnt, að hún viðurkennir þetta, með því að nema ekki mjög við nögl sjer styrkveitingar til samgangna á sjó, þar sem hún leggur til, eftir tilmælum Eimskipafjelags Íslands, að styrkurinn til Esju verði hækkaður um 80 þús. kr. Þá hefir hún enn komið inn í fjárlögin 45 þús. kr. styrk til Goðafossferðanna og leggur þar að auki til, að stjórninni verði heimilað að greiða fjelaginu enn 60 þús. kr., ef þörf gerist. Fjvn. hefir þannig viljað sýna, að hvað sem öðru liði, yrði þó að sjá landsmönnum fyrir þolanlegum samgöngum.

Jeg skal játa það, að fyrir mjer vakir meðfram sú ástæða, að verði þessi styrkur aukinn, býst jeg frekar við, að Aust-

firðingar, og þá sjerstaklega Hornfirðingar, hefðu meiri not af honum. Allar þær samgöngur, sem jeg hefi sjeð, að ætlaðar sjeu Austur-Skaftfellingum á þessu ári, eru 4 Esjuferðir, einu sinni í austurleið og þrisvar í suðurleið. Þetta er að vísu betra en ekki neitt, en þó eru 4 ferðir um hásumarið alveg ófullnægjandi. Auk Esjuferðanna þarf Hornafjörður að fá einhvern styrk til samgangna seinni hluta vetrar, frá vertíðarbyrjun fram í maímánuð, og eins að haustinu. Á seinni árum hefir allmikil útgerð verið í Hornafirði, og nú munu um 30 vjelbátar ganga til fiskjar þaðan, flestir af Austfjörðum. Menn, sem fara þangað til sjósóknar, þurfa auðvitað að fá ferðir til þess að komast heiman og heim, og enn er nokkur vöruflutningur, sem annast þarf um þetta leyti, salt- og beituflutningur, flutningur á fiski austur, flutningur á pósti o. s. frv. Nú hefir komið beiðni frá útgerðarmönnum í Hornafirði um 8000 kr. styrk til bátaferða í vetur og vor, og sendi jeg hana til hv. samgmn. og brjef með, þar sem jeg fór fram á, að styrkur yrði veittur til bátaferða síðla vetrar o vor, og svo að haustinu; en eftir till. nefndarinnar að dæma, virðist hún ekki hafa tekið undir þessa málaleitun. Þó munu allir menn geta skilið, að brýn nauðsyn er á samgöngum milli Hornafjarðar og Austfjarða um þetta leyti. Að haustinu þurfa einnig að vera ferðir til flutninga að og frá verslunum, til þess að flytja afurðir út og nauðsynjavörur inn. Síðastliðið haust voru 5000 kr. veittar til ferða milli Austfjarða og Hornafjarðar, og má þá heita viðunandi, ef ríflegur styrkur fengist einnig til vetrar- og vorferða.

Af nál. meiri hl. samgmn. sje jeg, að aðeins 4000 kr. eru ætlaðar til bátaferða „milli Hornafjarðar og Austfjarða, þar með Lagarfljótsbátur.“ Jeg verð að játa, að mjer kemur undarlega fyrir sjónir, að Lagarfljótsbátur skuli tekinn þarna með, og veit jeg ekki, hve mikinn hluta styrksins hv. meiri hl. samgmn. ætlar honum. Sje það eitthvað, t. d. 500—1000 kr., tel jeg lítið gagn af styrk þeim, sem ætlaður er til samgangna við Hornafjörð. Nefndin ætlast að vísu til, að þessum styrk sje aðeins varið til flutningaferða að haustinu, en það er mjög órýmilegt að veita ekki einnig styrk til vetrar- og vorferðanna, þar sem um mikla nauðsyn er að ræða, eins og jeg hefi áður lýst. Það er ekki hlaupið að því að fá bát til þessara ferða, nema fyrir talsverða upphæð. Útgerð vjelbáta er enn mjög dýr, mannahald kostnaðarsamt og olía ennþá í háu verði, svo að kröfur bátanna hafa ekki lækkað mikið, þegar um fáar ferðir er að ræða. Í hitt eð fyrra voru 29000 kr. veittar til þessara ferða, og minnist jeg þess, að útgerðarmaðurinn kvartaði sáran undan því, að hann hefði skaðast á útgerðinni.

Jeg býst við því, að verði styrkurinn til bátaferða hækkaður um 10000 kr., muni sæmileg upphæð geta fengist til haustferðanna á þessum slóðum, og einhver töluverður styrkur til ferða seinni hluta vetrar og vor. Það var með þetta fyrir augum, sem jeg flutti hækkunartillöguna, er jeg vænti, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja.

Jeg býst við því, að styrkurinn, sem bátnum Skaftfellingi er ætlaður, sje heldur lágur, og verði því að hækka hann. Jeg teldi ágætt, ef komast mætti af með þær 18000 kr., sem hv. minni hl. samgmn. hefir ætlað til ferða á Faxaflóa, en smeykur er jeg um, að enginn bátur muni fást til þess að taka ferðirnar að sjer fyrir þá upphæð, og má því ekki reiða sig á, að

ekki þurfi við hana að bæta. Tel jeg því vissara að áætla 70 þús. kr. til bátaferðanna alls. Það er 5000 kr. minna en veitt er á þessu ári, og þar sem það reynist fullerfitt að úthluta þeim styrk, hygg jeg þetta síst of hátt. Það er eflaust það allra minsta, sem það má vera.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal leyfa mjer að fara fám orðum um nokkrar brtt., er sjerstaklega varða mig. Vil jeg þó fyrst víkja að IX. brtt. á þskj. 261, frá hv. þm. Dala. (BJ). Hann hefir, af því að hann er veikur, beðið mig um að skýra frá því, hvers vegna hann hafi látið þessa tillögu koma fram, og þyrfti jeg því helst að bregða mjer í gervi hv. þm. Það mun þó veitast örðugt, en jeg vona, að hv. deild láti það ekki bitna á tillögunni, þó að jeg mæli ekki eins vel fyrir henni og hv. þm. Dala. mundi hafa gert.

Maður sá, sem umræðir í brtt., er ungur bóndi í Dalasýslu. Hann þjáist af sjúkdómi í hryggnum, sem gerir hann ófæran til allrar vinnu, ef hann fær enga lækningu, en það er hæpið, að hann geti fengið bót meina sinna hjer á landi. Hv. þm. Dala. skýrir svo frá efnahag hans, að hann geti rjett bjargast af, en hafi ekkert fje til utanfarar sjer til heilsubótar. Fyrir fjvn. hafa legið vottorð þriggja lækna um þennan mann. Telja læknarnir hann ekki eiga mikla batavon; enga ef hann verður kyr hjer á landi, en þó dálitla fari hann utan.

Þá er X. brtt. á sama þskj., frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), um 5 þús. kr. hækkun á fjárveitingunni til akfærra sýsluvega. Jeg veit að sönnu, að 10000 kr. muni hrökkva skamt, en þó verð jeg að segja, eins og við 2. umr., að jeg sje varla kleift að veita hærri upphæð en farið er fram á í stjórnarfrv., þegar ekki er gert ráð fyrir að leggja neina vegi, sem ríkissjóður á að kosta að öllu leyti.

Brtt. um að hækka styrkinn til Esju tel jeg alveg sjálfsagða, og eru engar líkur til þess, að komist verði af með minni upphæð. Það er sennilegt, að um 200 þús. kr. muni þurfa til að halda skipinu úti, en þar sem þessi hækkun er svo nálægt því, er varla ástæða til að fara lengra. En ferðunum verður að halda uppi, og verður því að greiða það, sem það kostar.

Um 2 næstu brtt. er það að segja, að til mikilla vandræða horfir vegna þess, hve hv. samgmn. er ósammála. Það hefir verið tekið fram, að á þessu ári muni ekki auðið að fullnægja bráðnauðsynlegustu kröfum um styrk til bátaferða, og eru þó ætlaðar 75 þús. kr. til þeirra. Þeim mun erfiðara hlýtur það að reynast næsta ár að komast af með 60 þús. kr. Jeg verð að segja, að breytingartillögur hv. minni hluta eru alveg fráleitar. (*SvÓ*: Það eru ekki brtt.). Ekki að forminu til, en þó í raun og veru, þar sem hv. minni hluti leggur til, að einar 18 þús. kr. sjeu veittar til Faxaflóaferða. En vitaskuld verður ekki komist af með þá upphæð meðan ferðum er hagað eins og nú. Mjer er sagt, að á þessu ári sje samningur um ferðirnar fyrir 31 þús. kr., og auk þess eigi fjelagið að fá uppbót, ef kolaverð hækkar. Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) mun geta skýrt frá, hvort þetta er rjett. (*KlJ*: Uppbót, ef kolaverð hækkar, en dregið af styrknum, ef það lækkar, og er miðað við 80 kr. verð á smálest). Nú eru frekar horfur á því, að verðið hækki, og þarf því sennilega að greiða meira en 31 þús. kr. Hv. minni hluti hygst nú að geta komið þessu niður í 18 þús. kr. næsta ár. Þetta hygg jeg, að hann hafi gert út í bláinn, að órannsökuðu máli. Hvort 25 þús. kr. muni

nægja, eins og hv. meiri hluti leggur til, skal jeg láta ósagt, en jeg efast stórum um það, ef ferðir til Skógarness, Búða og Stapa eru teknar með. Verði þessi liður ekki nema 60—65 þús. kr., er ekki annað fyrir hendi en að fella niður einhverjar ferðir, þær sem taldar verða síst áríðandi. Jeg skal ekkert segja um það, hver hjeruð yrðu fyrir því, en jeg mun fara eftir því, sem jeg tel sanngjarnast, ef til minna kasta kemur um það. En þess er jeg fullvís, að erfitt mun reynast að skifta þessari upphæð svo, að landsmönnum þyki viðunandi, jafnvel þó að brtt. háttv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) verði samþykt.

Jeg sje, að ekkert er ætlað til ferða á Eyjafirði og Skagafirði, og má vera, að engar ferðir eigi að vera þar á þessu ári, en um það er mjer ekki kunnugt. Annars skal jeg geta þess, að af þeim 75 þús. kr., sem veittar eru í ár í þessu skyni, eru 6 þús. kr., sem verða greiddar Breiðafjarðarbátnum Svan sem einskonar skuld frá fyrra ári, svo að nú koma í raun rjettri ekki til úthlutunar nema 69 þús. kr.

Þá er hjer till. frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um uppbót á launum til símakvenna. Það var borin fram svipuð till. við 2. umr., en var þá feld með 13:13 atkv. Lít jeg svo á, að vart sje hægt að neita um þessa uppbót, því það er alvitað, að þessir starfsmenn eru verst launaðir allra opinberra starfsmanna á landinu. Það tel jeg og rjett, að uppbótin gangi jafnt yfir alla þessa starfsmenn.

Þá er 31. brtt., við 16. gr., um búnaðarfjelögin. Jeg get fallist á, að hún sje til bóta, en jeg skil hana svo, að þar með sje gert að skyldu, að jarðabótamælingar fari fram árlega.

Um fjárveitinguna til fjárkláðalækninga lít jeg svo á, að till. hv. fjvn. sje hæfileg. Till. um 2500 kr. tel jeg aftur á móti alt of lága. Jeg hefi aflað mjer nokkurra upplýsinga í þessu máli, og er því svo varið, að sýslumönnum úti um land er sent baðlyfið, sem þeir útbýta svo ókeypis, ef kláðinn kemur einhversstaðar upp. Eru reikningar ekki komnir frá þeim fyrir síðastliðið ár, svo ekki er enn hægt að segja, hve mikill kostnaðurinn er. — Koma þeir ef til vill með póstum bráðlega. Þetta skiftir og engu máli, þar sem um lögákveðin útgjöld er að ræða.

Um fjárveitinguna til eftirlits með skipum og bátum lít jeg svo á, að ekki verði hægt að komast af með minna til þess en 3 þús. kr., og vona jeg að sú till. verði samþykt.

Þá eru hjer ekki fleiri brtt., sem mjer koma sjerstaklega við. — En með því að hv. þm. Str. fann ástæðu til að ráðast á mig áðan, þá verð jeg að svara honum nokkrum orðum. Hann brigslaði mjer um það, að ekki væri neitt að marka, hvað jeg segði, því jeg breytti jafnan á alt annan hátt en jeg talaði. Þessu til sönnunar vitnaði hann í það, að jeg hefði á þinginu 1921 talað gegn lántöku, en svo nokkru síðar tekið lán. Þetta er í raun og veru rjett, en hv. þm. virðist aðeins gleyma því, sem gerðist á milli. Á þinginu 1921 varð jeg einmitt fyrir sterkri árás fyrir það, að jeg hefði ekki þá þegar tekið lán. Jeg sagði sem var, að jeg hefði enga heimild haft til slíkrar lántöku, og auk þess kvaðst jeg vera mótfallinn því að taka lán. Man jeg einkar vel, hve hátt háttv. þm. Str. hrópaði þá í Tímanum um „lánleysi" stjórnarinnar. (*TrÞ*: Nei, jeg gerði það aldrei). Þá þykir mjer nú skörin vera að færast upp í bekkinn, er hv. þm. neitar að hafa sagt það, sem hann er búinn að margklifa á í blaðinu. (*TrÞ*: Jeg tek til máls síðar). Það má

vera, að hv. þm. skáki í því skjóli, að þessi tölublöð Tímans eru nú ekki hjer við hendina, en það mun koma að litlu haldi, því allir, sem hjer eru staddir, hljóta að muna þetta. — Á þinginu 1921 var svo ákveðið að taka lán, meðal annars til að kaupa hlutabrjef Íslandsbanka. Það var þó dregið fyrst um sinn að taka lánið, en jeg var þeirri hugmynd frekar hlyntur, að hlutir yrðu keyptir í bankanum, og man jeg, að hv. þm. Str. hældi mjer fyrir það; hefir hann þó ekki að jafnaði lagt það í vana sinn að lofa mig. — Það er þessi milliliður, sem hv. þm. gleymdi nú, að á þinginu 1921 var einmitt ákveðið að taka lán. — Nú flytur hv. þm. þá kenningu, að stjórnin eigi, þegar svo stendur á, að setja sig upp á móti vilja þingsins, og hefir hann legið mjer á hálsi fyrir að hafa ekki sett þessa þingi stólinn fyrir dyrnar. En það er nokkuð annað hljóð í strokknum, þegar hann er að verja sína eigin flokksmenn í stjórnarsæti. Þá ríður fyrst og fremst á því að gæta þingræðisins í öllum greinum. — Þetta lán var svo ekki tekið fyr en Íslandsbanki hafði lýst yfir því, að hann gæti ekki staðið í skilum ella. — Nú í dag er bankinn skuldlaus við það viðskiftasamband sitt erlendis, sem hann þá skuldaði um 10 milj. kr., og geta bankastjórar hans best frætt hv. þm. um það, hvert stórgagn bankinn hafi haft af þessu láni. En það gagn er jafnframt gagn landsins. — Er yfirleitt auðheyrt af orðum hv. þm., að hann þarf að leita sjer upplýsinga um hina og þessa hluti áður en hann hættir sjer svo mjög út í umr. um slík mál sem þetta.

Þá kvað hv. þm. Str. mig hafa verið með innflutningshöftum árið 1921. Það er alveg rjett. En jeg var það líka árin 1922, 1923 og 1924. Það var þingið, sem feldi niður innflutningsnefndina 1921, en ekki stjórnin. Hv. þm. ætti því að sjá, að hann hefir engan rjett til að drótta að mjer tvöfeldni í þessum málum. Og að því er snertir þá kynlegu ályktun hv. þm., að stjórnin eigi að ráða fyrir þinginu, þá vil jeg benda honum á, að það væri beint stjórnarskrárbrot, ef stjórnin neitaði að framkvæma það, sem þingið hefir ákveðið.

Háttv. þm. Str. kvaðst hafa skorað á stjórnina að segja af sjer, og eftir þeirri áskorun hefði jeg átt að fara. Það er rjett hjá hv. þm., að hann gerði þetta, og jeg veit ekki betur en hann hafi ávalt verið reiðubúinn til þess að skora á mig að segja af mjer — jafnvel líka í dag —, en jeg veit ekki til, að nokkur stjórn hafi nokkru sinni farið eftir slíkri áskorun frá andstæðingum sínum; væri þessu öðruvísi varið, þá mundi engin stjórn sitja stundinni lengur. — En annars var jeg að hugsa um að segja af mjer þá. Að jeg hætti við það, stafaði einmitt meðal annars af því, að ýmsir af flokksmönnum hv. þm. Str. báðu mig um að gera það ekki. — Jeg vil af hlífð við hv. þm. ekki skýra hjer frá því, sem okkur fór þá á milli, því það kynni að verða til þess, að hv. þdm. sæju alt of ljóst, að tvöfeldnin væri öll hans megin. Og jeg vil helst ekki verða til þess að kasta neinni persónulegri rýrð á hv. þm.

Hv. þm. Str. lauk lofsorði á hæstv. fjrh. (JÞ) fyrir að vilja ekki neinar umframgreiðslur utan við fjárlögin. Jeg tel það einnig heppilegast, að svo sje ekki, en það er ekki hægt að komast hjá þeim, þegar um lögákveðin gjöld er að ræða og svo stendur á, að dýrtíð hefir aukist um helming frá því er fjárlögin voru samin.

Þá þótti hv. þm. það óviðeigandi að

nefna í þessum umræðum Magnús Jónsson fyrverandi fjrh., þar sem hann væri fjarverandi. En enginn hefir þó leikið þennan mann ver í þessum umr. en einmitt hv. þm. sjálfur, er hann gaf í skyn, að flokkurinn hefði rekið hann úr stjórn eftir eitt ár, þá er það var ljóst orðið, að hann væri ekki vaxinn starfinu. Þetta kalla jeg fremur kalda kveðju til gamals flokksmanns. — Annars skal jeg taka það fram, að mjer dettur ekki í hug að kenna þáverandi fjármálaráðherra um alla eyðsluna árið 1922. Jeg lít svo á, að samstjórnarmenn hans eigi þar líka sök að máli. Jeg skal t. d. geta þess, að fyrverandi fjrh. (KlJ) varði 100 þúsund krónum meira til vegamála en jeg 1921, og var þó meiri dýrtíð þá en nú síðasta ár. En þrátt fyrir þetta atyrti hv. þm. Str. mig nýlega fyrir það, hve miklu fje jeg hefði þá eytt til vegamála; að hinu vjek hann ekki einu orði, eyðslusemi síns flokksmanns (KlJ). Þannig er þessu varið einnig á öðrum sviðum, og mun jeg hvorki þurfa að standa bleikur nje rauður undir samanburði þessara ára. Meðan hv. þm. Str. því ræðst ekki að stjórninni 1922 fyrir ósparsemi, þá er hann þar með ber að ósanngirni. (*KlJ*: Það er hægt að hrekja þetta). Jeg hygg þó, að það sje varla á færi hv. 2. þm. Rang. (KlJ) að gera það. Það er með skýrum tölum hægt að sanna, að stjórnin 1921 hefir, þegar tekið er tillit til dýrtíðarinnar, eytt einni miljón kr. minna en sú stjórn, sem nýlega hefir lagt niður völd, notaði 1922.

Það virðist annars svo sem hv. þm. Str. sje talsvert í mun að reyna að spilla á milli mín og hæstv. fjrh. (JÞ). Hann hefir hvað eftir annað reynt að sýna fram á það, að hæstv. fjrh. sje að gera mjer sitthvað til miska. Hann kvað mig t. d. hafa setið dreyrrauðan undir fjármálafyrirlestri hans fyrir skömmu síðan, en sannleikurinn er sá, að jeg tók það alls ekki til mín, sem hæstv. fjrh. ræddi um þá, og jeg fann heldur enga ástæðu til andsvara, fyr en Tíminn gekk á þetta lagið og rjeðst á mig. Hæstv. fjrh. reisti aðeins reikning sinn á öðrum grundvelli en jeg hafði gert, enda álitamál, hvorri aðferðinni er rjettara að beita. Jeg leit svo á, að draga mætti frá tekjuhallanum alt, sem borgað var af skuldum það ár, og jeg lít svo á enn; en hæstv. fjrh. lítur öðrum augum á þetta. Sömuleiðis lít jeg svo á, að draga megi frá tekjuhallanum það, sem ríkissjóður hefir varið til kaupa á fasteignum og lagt í arðvænleg fyrirtæki.

Jeg þarf svo ekki að taka fleira fram að þessu sinni. Hv. þm. Str. vísaði ýmist í Passíusálmana eða drykkjuvísur og kvað hæstv. fjrh. (JÞ) hafa farið með slíkum asa áðan, að hann muni hafa hálsbrotnað „helvítið að tarna", svo sem klerkurinn ákvað, en sjálfur fór hann svo geyst, að varla er nokkrum efa bundið, hvernig honum hafi farnast.

Jeg hirði ekki að ræða hjer um fjáraukalögin 1920—1921. Jeg hefi í opinberum blaðadeilum hrakið það alt, sem Tíminn hefir þar um sagt, svo eftirminnilega, að hv. þm. Str. hefir engu getað svarað, og það er hin mesta vesalmenska af hans hálfu að ætla nú að fá hjálp í þessu máli hjá hæstv. fjrh., enda hefir sá ráðherra alveg neitað þm. Strandamanna um hjálp í þessum vandræðum hans.

Jón Kjartansson: Jeg verð að fara nokkrum orðum um eina brtt. á þskj. 261, um sjúkraskýli og læknabústaði, sem jeg

ásamt öðrum hv. þdm. hefi leyft mjer að flytja. Eins og hv. þdm. er kunnugt, hafa komið fram 6 beiðnir um styrk til sjúkraskýla, og hefir hv. fjvn. aðeins mælt með styrk til eins. Jeg veit að hv. þdm. áttu erfitt með að gera upp á milli þessara beiðna, enda er það vonlegt. Nú er það sýnt, að ómögulegt verður að veita fullan styrk til þeirra allra, en eitthvað mun þó ríkissjóður verða að leggja hjer af mörkum. Jeg mæltist þess vegna til þess við 2. umr. við hv. fjvn., að hún sæi sjer fært að taka till. sína út af dagskrá, með því að þeir þdm., sem höfðu brtt. í sömu átt, gerðu það sama. Ætlun mín og annara hv. þdm. var svo að koma með brtt. um eina heildarupphæð við 3. umr., sem þannig skyldi verja, að fleirum en einu læknishjeraði væri gefinn kostur á að koma upp hjá sjer skýlum. En þetta náði ekki fram að ganga. Till. komu til atkv. og voru þær ýmist feldar eða teknar aftur.

Nú veit jeg, að öllum hv. deildarmönnum er það ljóst, að það er brýn nauðsyn fyrir þessi læknishjeruð að geta sem fyrst komið upp sjúkraskýlum, og því hefi jeg og 3 aðrir af hv. deildarmönnum borið fram þessa brtt. á þskj. 261, um 20 þús. kr. styrk til sjúkraskýla. Ætlumst við flm. til þess, að stjórnin úthluti styrk þessum til þeirra læknishjeraða, sem þörfin, að dómi heilbrigðisstjórnarinnar, er brýnust, og undirbúningur í hjeraði hinsvegar fullnægjandi. Það er og jafnframt ætlun okkar, að styrknum til hvers sjúkraskýlis verði skift niður á 2—3 ár, þannig að hvert um sig hafi eftir þann tíma fengið þann styrk, sem venja er að veita, — það er ⅓ kostnaðar.

Með þessu er þeim læknishjeruðum, sem brýnust er nauðsyn á sjúkraskýlum, gert mögulegt að koma þeim upp, ef þau eru fær um að kljúfa þá fjárhagsörðugleika, sem því fylgja, að þau fá ekki allan styrkinn strax. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vona, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja það.

Jeg á ekki aðrar brtt. hjer, en út af styrknum til íslenskra stúdenta, sem nám stunda erlendis, vildi jeg beina þeim tilmælum til hæstv. stjórnar, að hún hreyfi því við íslensku lögjafnaðarnefndarmennina næst er nefndin kemur saman, að þeir fari þess á leit við Dani, hvort þeir muni ekki vera fáanlegir til að veita úr sáttmálasjóði þeirra nokkurn námsstyrk íslenskum stúdentum þeim, sem nám stunda erlendis eða við Kaupmannahafnarháskóla. Mjer er vel kunnugt um, að hagur þessara stúdenta er mjög bágborinn. Jeg geri varla ráð fyrir því, að fjárveiting þaðan mundi ná út fyrir Hafnarháskóla, en það gerir ekkert til. Jeg er viss um, að margir góðir Íslendingar eiga eftir að stunda nám við Hafnarháskóla, eins og að undanförnu. Jeg veit til þess, að í hinum nýja stúdentagarði í Höfn var ætlast til þess, að eitt herbergið væri handa íslenskum stúdent. Og jeg veit, að þeim, sem þar eiga að ráða, er ljúft að styrkja íslenska stúdenta áfram.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að styrk til flóabáta. Mjer virðist kenna ósamræmis í þessu máli hjá samgmn., og jafnvel fjvn., þó jeg vilji ekki ásaka hana, heldur aðallega samgmn., fyrir það, hvernig fer með styrk þennan. Jeg minnist þess, að jeg hefi lesið umr. um það frá síðasta þingi, þegar verið var að jafna niður styrk til strandferða og flóabáta. Samgmn. var þá í vafa, hvernig ætti að úthluta styrknum, því menn bjuggust við, að alt fyrirkomulagið mundi breytast þegar Esja kæmi og tæki við strandferðunum. Bjóst nefndin við því, að 75 þús. kr. veiting, sem var sett í fjárlagafrv. til

flóabáta, mundi reynast of lág, en reynslan yrði að skera úr því, að hverjum notum Esja kæmi í þessu efni, því þá var svo til ætlast, að Esja tæki allar smáhafnir, svo sem hægt væri, en flóabátastyrkurinn fjelli þar niður. — Nú virðist svo sem hv. fjvn. taki vel í það að hækka styrkinn til Esju. Jeg hefi ekkert við það að athuga, því jeg er sannfærður um, að sú áætlun, að hún skuli fá einar 100 þús. kr., nær ekki nokkurri átt. — En ef þingið sjer sjer fært að styrkja strandferðaskipið Esju — því þá ekki að styrkja aðra strandferðabáta, svo þeir sjái sjer fært að halda áfram? Jeg get sagt það um bátinn Skaftfelling, sem jeg ber helst fyrir brjósti, að stjórn hans sjer sjer alls ekki fært að halda þeim ferðum uppi, sem hann hefir að undanförnu annast, með þeim styrk, sem honum er nú ætlaður af samgöngumálanefnd. Þessi bátur hefir áður haft 18500 kr. og auk þess hafa 2 þús. krónur verið veittar sjerstaklega til flutninga á Rangársand. En nú á báturinn ekki að fá nema 12500 kr. og hafa svo að auki ferðirnar á Rangársand án sjerstakrar borgunar. Nú er það vitanlegt, að það svæði, sem Skaftfellingur á að sigla til, eru hafnlausir sandar, og verður oft að bíða vikum saman eftir leiði upp að söndunum. Það stendur því alveg sjerstaklega á um þennan bát. Það er ómögulegt að fækka ferðunum, því flutningakrafan er eðlilega afarmikil. Og það er ómögulegt að ætlast til þess, að báturinn taki að sjer aukaferðir á Rangársand, þegar styrkurinn er um leið lækkaður nærri um helming.

Jeg veit ekki hvernig samgmn. ætti að fara að því að gera till. um úthlutun á styrk til flóabáta, þar sem fjárveitingin er ekki nema nál. 20 þús. kr., enda hefir hún ekki sjeð sjer það fært ennþá. Jeg býst við, að hún sendi málið frá sjer til hæstv. stjórnar. En jeg skil ekkert í því, að samgmn. og eins hæstv. atvrh. skuli ekki hafa komið hjer með róttækar brtt. Það er bersýnilegt, að þessar ferðir hljóta að leggjast niður, ef ekki fæst meiri styrkur til þeirra. Jeg vona, að til þess þurfi ekki að koma. Það yrði mjög bagalegt fyrir báðar Skaftafellssýslur og nokkurn hluta Rangárvallasýslu. — Viðvíkjandi athugasemd háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) um Skaftfelling og ferðir hans á Rangársand, vil jeg taka það fram, að það hefir verið venja, að ef hann hefir ekki getað skilað flutningnum á ákvörðunarstað, en orðið að losa í Vestmannaeyjum, þá er það föst venja, að hann flytur hann síðar endurgjaldslaust á áætlunarstað. Meira að segja hefir Skaftfellingur orðið að kosta aukagjald við uppskipun og geymslu og útskipun aftur á þessum vörum. Jeg hefi sjerstaklega gert þetta atriði að umtalsefni, svo þdm. skilji, hve hjer stendur sjerstaklega á og hver nauðsyn sje á því, að þessum ferðum verði haldið áfram.

Áður en jeg lýk máli mínu, vil jeg fara örfáum orðum um 2 brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. (HStef) við 18. gr. Jeg finn sjerstaka ástæðu til þess að minnast á þessar tillögur, vegna þess að þessi hv. þm. (HStef) talaði um þær með sjerstakri röggsemi. Og röggsemin er í því fólgin, að taka dýrtíðaruppbót af fátækum ekkjum. Þessi hv. þm. hefir sýnt mikla röggsemi í því fyrst og fremst að flytja þessar till. og með því að leggja sjerstaklega áherslu á þær, svo að hann krefst nafnakalls við atkvæðagreiðsluna. Mjer virðist hv. þm. of harðbrjósta með þessum till. sínum, þar sem hjer er um örsmáar upphæðir að ræða, mest til fátækra ekkna. Nafnakallið

vona jeg, að enginn hv. þdm. óttist, þegar kemur til atkvæðagreiðslunnar.

Annars furðar mig dálítið á framkomu þessa hv. þm., þegar hún er borin saman við framkomu hans í öðru máli. Frv. kom fram um lækkun þingfararkaups alþingismanna, og frv. þetta hefir nú verið afgreitt frá fjárhagsnefnd, sem þessi hv. þm. á sæti í. Það virðist ekki vera hægt að skilja nál. það, sem hann hefir skrifað undir, öðruvísi en að hann telji ekki hægt að afnema dýrtíðaruppbótina þar, nema jafnframt að hækka fastakaupið. Ennfremur sá þessi sami hv. þm. sjer ekki fært þar að setja hámark á ferðakostnað, er þingmenn fengju greiddan úr ríkissjóði. Nú vill hann taka dýrtíðaruppbótina af þessum fátæku einstæðingum, og þar með lækka þeirra lágu laun. Þetta er ekki rjett vel samrýmanlegt. Rjettara hefði verið að taka ákveðna liði í 18. gr., en ekki láta ná til allra, síst til ekknanna. Og jeg vorkenni þessum hv. þm. (HStef) fyrir að hafa flutt slíka tillögu, þó hann hinsvegar hafi ekki sjeð sjer fært að takmarka ferðakostnað sinn og annara hv. alþingismanna. — Jeg vona, að hv. deild fylgi ekki þessari till. og hiki ekki við nafnakallið, en segi nei.

Bernharð Stefánsson: Jeg hefi ekki tafið þessar umræður um fjárlögin og mun ekki heldur gera það nú. Jeg hefi ekki heldur borið fram neinar fjárbeiðnir fyrir mitt kjördæmi. Ekki þó svo að skilja, að þar sje ekki þörf fyrir fje til umbóta, heldur er mjer það ljóst, að fjárhagur ríkisins leyfir slíkt ekki.

En þrátt fyrir þetta get jeg ekki setið þegjandi hjá, þegar jeg get ekki betur sjeð en að mínu kjördæmi sje sýnt ranglæti, og síst þegar það er sá hluti þess, er fyrir slíku verður, sem síst má við því. Í áliti samgmn. á þskj. 240, þar sem nefndin gerir till. um, hvernig skift skuli styrk til flóabáta, þá er ekki nefndur styrkur til ferða til Grímseyjar, sem þó hefir áður verið veittur. Nú vil jeg spyrja hv. samgmn., hvort það sje meining hennar, að þessi styrkur skuli falla niður. Ennfremur vil jeg spyrja hæstv. atvrh. (MG), hvort hann búist ekki við að veita þennan styrk á yfirstandandi ári af fje því, sem veitt er til flóabáta, og sömuleiðis árið 1925. Því jeg skil svo till. samgmn., að þær sjeu aðeins bendingar til hæstv. stjórnar, en bindi hana ekki. Það er komið undir svörum hæstv. atvrh., hvort gerð verður tilraun til þess að fá þennan styrk hækkaðan í Ed., með tilliti til þess, sem jeg hefi nú talað um, því hjeðan af er það of seint hjer í deildinni að koma með brtt. til þess að fá styrkinn til flóabáta hækkaðan. Í tilefni af þessu vil jeg gefa þá skýringu, að þeim mönnum, sem búa í Grímsey, er bráðnauðsynlegt að hafa þessar ferðir. Þær eru eiginlega eina sambandið, sem þeir hafa við umheiminn. Og þessar ferðir, þó ekki sjeu margar, verða þeir að hafa vegna staðhátta og sjerstakra kringumstæðna á vissum tímum, í júní og september.

Póstbáturinn, sem gengur um Eyjafjörð og kostaður er af póstsjóði, með því hann kemur í stað landpóstanna, sem áður gengu út með firðinum, getur ekki komið í stað flóabáts, enda ekki ætlaður til þess. Sú upphæð, sem mundi þurfa til þess að halda uppi þessum nauðsynlegu ferðum í júní og september — 2 í júní og 2 í september — er ekki há. Eftir bestu heimildum verð jeg að telja, að kannske mætti komast af með 800 kr. í þessu skyni. Og þegar þess er gætt, hvað

lífsbaráttan þarna norður í ishafinu hlýtur að vera erfið þessum mönnum, þá get jeg ekki annað skilið en þessi málaleitun fái góðar undirtektir, þó ekki verði sjeð, að hv. samgmn. hafi ætlast til þess, að það fengi framgang. Jeg mun svo ekki tala meir um þetta atriði fyr en jeg hefi fengið svör hæstv. atvrh.

En úr því að jeg hefi kvatt mjer hljóðs, þá vil jeg minnast á eina brtt. á þskj. 261, sem jeg flyt ásamt hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), þar sem farið er fram á 2500 kr. til lækninga á fjárkláða. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) taldi allar fjárveitingar í þessu skyni óþarfar og nóg að líta eftir hinum lögskipuðu þrifaböðunum. Jeg get ekki fallist á þetta. En jeg held, að reynslan hafi sýnt, að ekki þurfi stórfje til þess að halda fjárkláðanum í skefjum, og til þess hygg jeg, að þessi upphæð nægi. 20 þús. kr. er langt of mikið, nema ef gera ætti einhverjar miklu víðtækari ráðstafanir en áður hafa verið gerðar.

Um till. annara hv. þdm. skal jeg ekki tala, og heldur ekki um frv. í heild sinni eins og það liggur nú fyrir. Þó vil jeg víkja að einu atriði frá almennu sjónarmiði. Hjer liggja fyrir beiðnir frá þrem hreppum um lán og jafnvel styrki til þess að standast sveitarþyngsli, sem á þeim hvíla. Í fyrra fjekk einn hreppur slíkt lán, en nú koma þrír og biðja um það sama. Jeg ætla ekki að fara langt út í þetta mál, en jeg held, að mjer sje óhætt að segja það, að fari þingið út á þá braut, að ábyrgjast fjárhæðir fyrir hina og þessa hreppa, til þess að standast sveitarþyngsli, þá verða það ekki 3 hreppar næsta ár, sem fara fram á slíkt, heldur 30. Jeg hefi orðið var við það, að þau sveitarfjelög eru mörg, sem ekki finst þau geta risið undir fátækraframfærslunni. Ráðin til þess að bæta úr þessu held jeg, að sjeu ekki þau, að ríkið fari að ganga í ábyrgðir. Álít jeg, að til þurfi öruggari ráð. Og að því mun reka, að ekki sje annað fært en taka til rækilegrar athugunar fátækralögin í heild sinni. En eins og jeg hefi sagt, held jeg, að varasamt sje að sinna kröfum hreppanna, því að áður en varir er lítill snjókökkur orðinn að flóði. Vildi jeg biðja hv. þm. að athuga það. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) spurði að því, hvað fyrir lægi, þegar hrepparnir hefðu mist alt sitt gjaldþol. Þegar svo er komið, er ástandið orðið ískyggilegt. En þó held jeg, að fyrst liggi fyrir, lögum samkvæmt, að hrepparnir leiti hver til sinnar sýslu. Sjeu svo sýslufjelögin það illa stödd, að þau geti ekki hjálpað, þá er auðvitað ekki um annað að gera en leita til ríkisins; en fyrst er sýslufjelagið.

Jeg fer svo mörgum orðum um þetta, af því að jeg þekki nokkuð til hættunnar. Jeg veit um sveitarfjelög, sem hafa verið komin á fremsta hlunn með að biðjast hjálpar. Og enginn þarf að hugsa til, að hjer verði staðar numið. Að fleiri koma á eftir, er eins víst og að 2 og 2 eru 4. Og hvernig á þá að gera upp á milli um það, hverjum á að synja og hverjum ekki? Alt öðru máli er að gegna, þó að ríkið gangi í ábyrgðir fyrir sveitarfjelög fyrir upphæðum, sem verja á til þarflegra og arðvænlegra fyrirtækja. Jeg sje ekkert sjerstakt á móti því, ef vel er um það búið.

Forsætisráðherra (JM): Jeg var í efa um, hvort nokkur ástæða væri fyrir mig til þess að taka hjer til máls við þessa umr. Þó eru það 2—3 brtt., sem jeg þykist þurfa að minnast á. Er þá fyrst brtt. við 11. gr. B. 6, viðvíkjandi fje til landhelgisgæslu. Jeg geri ráð fyrir, að ýmsum

kunni að þykja nýstárleg þessi till., þar sem gert er ráð fyrir, að úr landhelgissjóði sje lagt fram fje að jöfnu við tillag ríkissjóðs. Jeg get ekki sjeð, að neitt sje við þetta að athuga. Hjer er sennilega aðeins um það að ræða að nota tekjur, þ. e. vexti sjóðsins, sem nú eru orðnir álitleg upphæð, og sektir. Þegar svo þar að kemur, að ríkið geti endurborgað í sjóðinn, þykir mjer sennilegt, að ríkissjóður verði fær um að bæta við svo sem með þarf til útvegunar landvarnarskips eða skipa.

Þá verð jeg að minnast á brtt. undir rómv. IV á þskj. 261, við 12. gr. 13 b, um styrk til sjúkraskýla og læknabústaða. Vil jeg mæla með þessari brtt. og af þeim ástæðum, er flutningsmaður hennar (JK) hefir tilfært.

Sami hv. þm. gat um, að styrkurinn til stúdenta hjer væri lítill. Verð jeg að taka undir það. Skal jeg jafnframt láta þess getið, að jeg býst varla við, að háskólaráðið sje fáanlegt til að bæta neinu við þann styrk úr sáttmálasjóði. Aðeins má vera, að ráðið kunni að veita einhvern styrk til hins fyrirhugaða stúdentagarðs.

Námsstyrkur stúdenta við erlenda háskóla er mjög lítill, þegar þess er gætt, að þeir munu nú vera um 25. Ætti nú stjórnin að skifta þessu milli þeirra allra, yrði það hverfandi lítið, sem hver þeirra fengi, svo lítið, að þá mundi sama og ekkert muna um það. En ef aðeins fáir eiga að njóta styrksins, þá verða hinir, sem ástæðu hafa til að byggja á styrkveitingu, gabbaðir, eins og jeg hefi margtekið fram.

Jeg held, að hv. þm. V.-Sk. (JK) hafi líka minst á það, að ekki væri ef til vill óhugsandi, að einhver styrkur kynni að fást til íslenskra stúdenta, sem lesa við Kaupmannahafnarháskóla, úr þeim hluta sáttmálasjóðsins, sem Danir ráða yfir. Jeg skal ekkert fullyrða um þetta, en jeg býst fremur við, að ekki væri óhugsandi, að einhver styrkur kynni að fást, ef lagt væri eitthvað til úr þeim hluta sjóðsins, sem vor háskóli hefir yfir að ráða.

Jeg held, að það sje þá ekki annað, sem jeg muni þurfa að athuga við þessa umr. hjer í hv. Nd., enda gefst mjer að líkindum kostur á að gera mínar athugasemdir í hv. Ed. Jeg ætla ekki að athuga fleiri einstaka liði, sem mjer kynnu að finnast varhugaverðir. Samt vil jeg láta þess getið, að mjer mundi þykja æskilegt, að brtt. undir rómv. XXX,2, við 15. gr. 27, 30 þús. fyrir 20 þús., yrði samþykt, og er það í eðlilegu samræmi við það, sem jeg sagði við 2. umr.

Magnús Jónsson: Jeg hefi gert till. um að tekinn verði upp í fjárlögin styrkur til geitnalækninga. Þessi styrkur hefir verið feldur niður. Var hann 3000 kr., en jeg legg nú til, að hann verði nokkuð lægri, eða aðeins 2000 kr.

Jeg býst við, að allir hv. þm. þekki eða hafi þekt einhvern mann með geitur, og það er alkunna, að þeir sjúklingar eru sannnefndir krossberar. Læknar, sem ekki ofbýður alt og ýmsu eru vanir, hafa sagt, að þeir vorkendu engum sjúklingum eins og þeim, sem hefðu geitur. Þeir geta helst hvergi komið á mannfundi, ekki í kirkju eða á aðra staði, þar sem þeir verða að taka ofan. Á þá er litið með fyrirlitningu, og fólki þykja geiturnar ekki aðeins vanvirða fyrir þá, heldur þjóðfjelagið yfirleitt. Geiturnar eru ekki skoðaðar sem sjúkdómur, heldur miklu frekar sem ræfilsmerki. Auðvitað er þetta fordómur, en hvað sem því líður, verða mennirnir beygðir og kjarklausir. Sjúkdómurinn er smitandi og því er sagt, að hann gangi í

ættir. Börn fá hann af foreldrum sínum og börn þeirra svo aftur af þeim. Tvö og þrjú systkini og jafnvel fleiri hafa stundum öll þennan hvimleiða sjúkdóm. Það getur engum dulist, að æskilegt væri að útrýma honum alveg úr þjóðfjelaginu, ekki síst fyrir það, hvað hann er ógeðslegur. Er best að taka sem fyrst upp við hann baráttuna, áður en hann nær að útbreiðast meira. Allir þekkja þá baráttu, sem hjer og í öðrum löndum er háð við berklaveikina og ærnu fje er varið til. En vegna útbreiðslu hennar vinst lítið á. En þessum sjúkdómi er auðvelt að útrýma alveg, ef rækilega er að verki gengið í nokkur ár, því að nýtísku tæki, sem við höfum einnig við höndina sigrast á honum, þótt vondur sje viðureignar.

Læknafjelag Íslands, sem fyrir margra hluta sakir er ágætt fjelag, hefir tekið að sjer að beitast fyrir útrýmingu þessa sjúkdóms. Hefir það reynt að safna frá læknum skýrslum um það, hve sjúkdómurinn sje útbreiddur, og komist að þeirri niðurstöðu, að 50 sjúklingar sjeu í landinu, sem hafi geitur. En gera má ráð fyrir, að læknarnir hafi ekki náð til allra, svo að sjúklingatalan sje eitthvað hærri, ef til vill upp undir 100. Styrkur sá, sem Alþingi hefir veitt til að útrýma þessum sjúkdómi, hefir ekki verið hár, en samt hefi jeg nú farið fram á ennþá minni upphæð, þar sem fjárhagsörðugleikarnir eru tilfinnanlegir. En þar sem Alþingi hefir áður með styrknum sýnt, að það telur nauðsyn á að útrýma sjúkdómnum, vænti jeg þess, að það láti þessu áhugasama fjelagi í tje þessa upphæð. Vona jeg, að allir sjái það, að ilt er að hætta við hálfnað verk, einkum þar eð um smitandi sjúkdóm er að ræða, svo að búast má við, að það, sem gert hefir verið, verði til engra nota, ef hætt er viðleitninni á byrjunarstigi. Nú hafa verið fundnar upp nýjar aðferðir við lækningu sjúkdómsins. Áður var hann læknaður þannig, að tekið var með töng hvert hár út af fyrir sig og reitt upp. Var þetta bæði seinlegt og kvalafult. Varð oft að reita sama hárið aftur og aftur, þar eð í stað þess að losna úr pokanum, duttu hárin oft og tíðum sundur í miðjunni. Nú er helt yfir geiturnar Röntgengeislabaði, sem er með öllu kvalalaust, 4—5 sinnum, og eftir nokkurn tíma eru hárin þá öll laus. Þarf þá ekki annað en að binda um kollinn, eins og hvert annað sár, og eftir nokkurn tíma er svo sárið gróið og þykt og sterkt hár vex á ný. En nú eru þessi lækningatæki ekki til annarsstaðar á landinu en hjer í Reykjavík, og verða því sjúklingarnir að koma hingað til lækninga. Er það, eins og gefur að skilja, ofvaxið fátæklingum, sem yrðu að fá sveitarstyrki, ef þeir ættu að fá lækningu. Og flestir þeir, sem hafa þennan sjúkdóm, eru einmitt fátækir. Það er bein afleiðing af því, að sjúkdómurinn beygir menn, gerir þá óframfærna og lokar fyrir þeim leiðunum, sem liggja til velgengni og virðingar í þjóðfjelaginu. Nú hafa þó nokkrir sjúklingar notið þessa styrks, og hefir landlæknir úthlutað honum þannig, að greiddir hafa verið $^3/_5$ kostnaðar. Sumum verður lækningin tiltölulega ódýr, öðrum dýrari. Sumir geta verið undir læknishendi heima hjá sjer, þá er þeir hafa notið hjer Röntgenlækningarinnar; aðrir, sem búa langt frá lækni, þurfa að vera hjer 2—3 mánuði, því að ef þeir eru ekki undir læknishendi þann tíma, má búast við, að sjúkdómurinn taki sig upp aftur, og seinni villan verði verri en hin fyrri.

Jeg skal annars geta þess, að forstöðumaður Röntgenstofnunarinnar hjer hefir

ekki fengið einn eyri af þessum styrk, heldur hefir hann nær allur runnið til sjúklinganna. Gunnlaugur Claessen hefir gert þetta að áhugamáli sínu og tekið ekkert fyrir lækninguna. Vona jeg, að háttv. þm. kunni að meta þetta, og samþykki nú þessa till. mína.

Þá kem jeg að till. um aukinn styrk til strandferðaskipsins Esju. Jeg er ekki alveg viss um, að rjett sje að auka styrkinn. Þykist ekki sannfærður um, að það sje heppilegt.

Jeg man ekki, hvort það var á síðasta þingi, sem mesti úlfaþyturinn varð út af ferðaáætlun samgöngumálanefndar. Hún hafði gert ráð fyrir, að skipið kæmi á færri hafnir en síðan varð að ráði. Þá risu upp hv. þm. hver af öðrum með alla sína hreppapólitík. Hver togaði í sinn skækil, og endirinn varð sá, að skipið var látið koma inn á hverja vík. Mjer er nær að halda, að heppilegra hefði verið að fara að ráði nefndarinnar, láta skipið vera fljótara í förum og koma á færri hafnir í hverri ferð. Má það heita undarlegt, ef fólk kýs ekki heldur að fara lengra til skips og komast svo leiðar sinnar greiðlega með skipinu, heldur en hitt, að fá skipið á næsta vog, en verða svo með ærnum kostnaði og illri líðan að fara inn á vogana til allra annara og komast seint leiðar sinnar. En aðalatriðið fyrir mjer er það, að með þessu móti mundi skipið geta siglt inn meiri peninga, og ef til vill borið sig alveg. En hvað sem þessu líður, held jeg, að rjett sje að áætla styrkinn ekki mjög hátt. Sje hann lægri, er meiri hvöt til að láta útgerðina bera sig sem best. Annars veit jeg það vel, að þessi upphæð er ekki neitt sóunarfje, heldur aðeins áætlunarupphæð; og auðvitað þarf ríkissjóður hvort sem er að bera hallann, sem kann að verða á rekstri skipsins.

Þá kem jeg að till. hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um uppbót á launum talsímakvenna í Reykjavík. Flyt jeg þar varatillögu, þar sem farið er fram á lægri upphæð. Mega menn ekki líta svo á, sem jeg sje þar að spilla fyrir hærri upphæðinni. Það er öðru nær, og jeg get strax lýst því yfir, að jeg mun greiða aðaltill. atkvæði. En þar sem jeg tel brýna þörf á einhverri uppbót, en er hinsvegar hræddur um, að ýmsum kunni að þykja sú upphæð, er aðaltillagan gerir ráð fyrir, nokkuð há, flyt jeg þessa varatill., ef hún kynni að finna frekar náð í augum hv. þm. Og fer mjer þar sem fleirum, að mjer þykir betri hálfur skaði en allur. Jeg vildi því óska, að allir þeir, sem greiddu till. atkvæði við 2. umr., greiði henni engu síður atkvæði nú, þó að upphæðin sje hærri, því að það er aðeins rjettmæt leiðrjetting, í samræmi við það, að fleiri stúlkur eru teknar með. Tillögu okkar ber að skoða sem virkilega varatillögu, en alls ekki sem fleyg á nokkurn hátt. Allir hv. þm. hljóta að viðurkenna, að þessar stúlkur eru langverst launaðar allra starfsmanna hins opinbera, og hið eina, sem gæti rjettlætt þessi kjör þeirra, er, að þær hafi lífsuppeldi sitt að mestu annarsstaðar frá, t. d. hjá foreldrum sínum og öðrum vandamönnum; en augljóst er, að engin meining er að byggja launakjör þeirra á slíku. Þess vegna vil jeg eindregið mæla með brtt. háttv. 3. þm. Reykv.

Þá langaði mig til að fara nokkrum orðum um brtt. hv. fjvn. viðvíkjandi náms- og húsaleigustyrk háskólastúdenta. Mjer er vel kunnugt um það, hversu styrkur þessi hefir altaf verið ófullnægjandi, þar

sem jeg hefi um nokkurt skeið tekið þátt í úthlutun hans. Það hefir altaf vakað fyrir okkur kennurunum að reyna af fremsta megni að veita þeim einkum styrk, sem fátækastir voru og erfiðast áttu uppdráttar, en láta hina heldur sitja á hakanum. En reynslan hefir sýnt, að þetta er afarerfitt, því að langflestir stúdentarnir eru svo illa stæðir fjárhagslega. Þeir gefa skýr vottorð um efnahag sinn, sem eru staðfest af kunnugum, skilríkum mönnum, og þessi vottorð sýna, hversu afarbágborinn efnahagur stúdenta er almennt. Það þykir jafnvel gott, þegar þeir verða ekki sjálfir að styrkja aðra — fremur en að þeir fái nokkurn styrk. Að vísu eru til undantekningar frá þessu, en niðurstaðan verður altaf sú, að styrkurinn murkast niður milli flestallra stúdentanna og munar engan neinu verulegu, sem æskilegt væri.

Nú er, samkv. till. hv. fjvn., ætlast til þess, að sáttmálasjóður háskólans leggi fram á móti ríkissjóði fje í þessu skyni, til styrktar stúdentum. Jeg fyrir mitt leyti er hræddur við þetta ákvæði. Jeg er að vísu kannske ekki vel kunnugur stjórn sjóðsins, en hjer virðist mjer upp vakið gamalt stífnismál af hálfu Alþingis, að velta yfir á sjóðinn sem mestu af námsstyrk stúdenta. Jeg veit sem sagt ekki, hvernig stjórn sjóðsins kann að taka undir þessar óskir, en mjer sýnist ljóst, að sjóðurinn hafi ekki neitt fje aflögu í þetta.

Eins og kunnugt er, eru 20% af ársvöxtum sjóðsins lagðir við hann árlega, og álít jeg það næstum því óforsvaranlegt, að við skulum kvelja okkur þannig fyrir niðjana, en þó er það nú svo, að af þeim 50 þús. kr., sem vextirnir nema, eru 10 þúsundir lagðar við höfuðstól sjóðsins. Og þá verður ekki mikið eftir, þegar þess er gætt, að sjóðurinn á að standa straum af mestallri vísindastarfsemi landsins, og mætti ríkissjóður illa við því nú, á þessum erfiðu tímum, að bæta á sig þeim útgjöldum, og má því vel við una, að sáttmálasjóðurinn geri það, að svo miklu leyti, sem hann megnar.

Eins og menn vita, er sjóðnum markaður þrenskonar tilgangur: 1) Að styrkja hið andlega samband milli Íslands og Danmerkur, 2) að styðja íslenska vísindastarfsemi og 3) að styrkja íslenska námsmenn. Nú hefir sú regla verið upp tekin, að hlíta þriðja ákvæðinu á þann hátt, að kandídatar eru styrktir til utanferða að afloknu embættisprófi til frekara náms. Þetta er því nauðsynlegra, sem segja má, að jafnvel eini ókostur háskóla hjer heima sje hættan á því, að við einangrumst um of. Það er hætt við einangrun, þegar við höfum ekki lengur fjölda háskólagenginna manna, sem fengið hafa mentun sína erlendis. Úr þessu hefir stjórn sáttmálasjóðsins viljað bæta, með því að veita 4—6 efnilegum kandídötum styrk úr sjóðnum til framhaldsnáms erlendis, og má fullyrða, að nú þegar hafi áunnist mikið í þessu efni. Jeg sje, að á síðustu áætlun um gjöld sjóðsins eru áætlaðar 10 þús. kr. í þessu skyni.

Þá er tveimur háskólakennurum veittur utanfararstyrkur árlega. Liggja til þess hinar sömu ástæður og með kandídatana. Vísindalífið hjer heima er ekki svo fjörmikið eða líflegt, að hætta er á því, að menn „forpokist", sem kallað er, ef þeir fá ekki tækifæri til þess að kynnast hinum nýju straumum í vísindalífi nágrannaþjóðanna, og auk þess er það oft og einatt beinlínis nauðsyn fyrir vísindamenn að sækja til útlanda heimildir, sem hjer

eru ekki til. Með því að veita aðeins 2 kennurum utanfararstyrk árlega er nokkuð lengi verið að komast yfir þá alla. Mun láta nærri, að hver kennari geti að jafnaði farið einu sinni utan á þennan hátt, en það fer auðvitað nokkuð eftir því, hversu lengi þeir starfa við skólann.

Þá styrkir sjóðurinn að nokkru bæði mötuneyti stúdenta og lesstofu þeirra. Nokkuð gengur líka til áhaldakaupa handa læknadeildinni, samkv. 2. lið 2. greinar stofnskrár sjóðsins. Og nú er mjer kunnugt um, að háskólaráðið hefir fullan hug á að veita úr sjóðnum einhverja upphæð til fyrirhugaðs stúdentagarðs, en til þess þarf helst að fá breytt stofnskrá sjóðsins, og heyrðist mjer á hæstv. forsrh. (JM), að góð von væri um, að svo mætti verða.

Af öllu þessu má sjá, að sáttmálasjóðurinn hefir nóg á sinni könnu, og er jeg því hræddur um, að ef þessi brtt. hv. fjvn. verður samþykt, þá sje það sama og að færa styrkinn niður í 10 þús. kr. Annars er óviðkunnanlegt að setja slík skilyrði fyrir styrkveitingum úr ríkissjóði. Það er sama og ef maður kæmi til Alþingis og bæði um 2000 kr. utanfararstyrk og fengi það svar, að þingið skyldi veita honum 1000 kr., ef t. d. Landsbankinn veitti honum 1000 kr. lán. Það er leiðinlegt, að Alþingi skuli á þennan hátt vera að vísa á fje, sem það hefir í raun og veru ekkert yfir að segja. Í þessu efni er till. hv. fjvn. betri nú heldur en hún var upphaflega. Jeg skal að lokum geta þess, að jeg hefi engan íhlutunarrjett um stjórn sáttmálasjóðsins, því dócentar hafa, eins og kunnugt er, ekki rjett til að sitja í háskólaráðinu.

Þá vil jeg minnast á brtt., sem jeg á við 22. gr., um að veita Jóh. Reykdal ábyrgð ríkissjóðs fyrir alt að 50 þús. kr. láni til þess að koma upp verksmiðju til að vinna fóðurmjöl úr fiskúrgangi. Jeg geri nú ráð fyrir því, að það hafi litla þýðingu að mæla með slíkri till.; að ekki sje um annað að gera en að slá striki yfir allar slíkar ábyrgðarheimildir, og ef svo verður gert, þá mun jeg una því, að þessi fari sömu leiðina. En benda vil jeg á það, að það er varhugavert að spara svo mjög, að af hljótist hinn versti ósparnaður, eins og hv. þm. Dala. (BJ) kemst stundum að orði. Og það er hinn versti ósparnaður að spila illa úr því, sem við öflum. Nú er það kunnugt, að í veiðistöðvunum kringum landið fer ákaflega mikið verðmæti í súginn, vegna þess að framtakssemi vantar — og rjett tæki — til þess að færa sjer það í nyt. Jeg á hjer við allskonar fiskúrgang, hausa og hryggi o. s. frv., sem væru nokkurra miljóna virði, ef rjettilega væri með farið.

Þar sem verstöðvarnar eru dreifðar, er að vísu ekki gott að koma því við að nota þennan úrgang, svo að það svari kostnaði. En nú vill svo vel til, að margar stærstu verstöðvar landsins liggja skamt hvor frá annari, t. d. hjer við Faxaflóa, og þar er tiltölulega hægt að koma slíkum notum við.

Það hefir líka verið athugað, hversu mikið fjelli til af fiskúrgangi þessum hjer við Faxaflóa, og mönnum hefir talist svo til, að það væri nálægt 1000 tonn, eða svo hyggur Reykdal, sem hefir allra manna mest rannsakað þetta mál. Hann áætlar einnig, að hvert kíló sje 12 aura virði, og þykir oft muna um minna. Mundi jafnvel borga sig fyrir útgerðarmenn að halda mann, sem ekkert hefði annað að gera en að hirða þennan fiskúrgang, þurka hann og gera nothæfan, einn mann fyrir hvern bát t. d.

Aðferðin að koma þessu í verð er sú, að fyrst er úrgangurinn þurkaður, en

síðan malaður í verksmiðju og gert úr honum fóðurmjöl. Þar er blandað saman við hann öðru efni, sem er enn ódýrara, en hefir þó ágætt næringargildi, en það er þang. Slíkt mjöl mun nú vera seljanlegt fyrir 30—35 aura hvert kíló hjer innanlands, en með því að flytja það út, mun mega fá ca. 30 aura nettó fyrir kílóið. Sjá nú allir, að ef framleiðsla þessi er rekin af kappi og sæmilegt verð fæst fyrir mjölið, þá er hjer um verulega tekjugrein fyrir landið að ræða, eða sem svarar, eftir áætlun Reykdals, 300—350 þús. kr. framleiðslu fyrir þennan hluta landsins einan. Jeg er að minsta kosti viss um, að öllum þætti miður, ef slík framleiðsla fjelli niður, þegar hún einu sinni væri komin á fót.

Líka er á það að líta, að ef ein slík verksmiðja væri komin á fót og gæfist vel, þá má búast við því, að víðar um landið risu upp aðrar samskonar og landinu yrði að þeim enn meiri tekjugrein.

Annars má geta þess, að verksmiðjurekstur þessi er ekki með öllu óreyndur hjer á landi. Þessi sami maður, sem nú sækir um stuðning ríkisins, gerði fyrir nokkrum árum tilraun með samskonar verksmiðju í Sandgerði. En þar rak hann sig á ýmsa örðugleika, sem altaf vilja sitja um hverja byrjun, hverja nýja tilraun og draga úr viðgangi hennar. Menn sýndu honum þar ýmist skilningsleysi eða mótþróa og jafnvel óvild, sem tafði mjög fyrir honum, svo að hann sá þann kost vænstan að hætta rekstrinum og afsala sjer verksmiðjunni, sem þó hafði gengið vel meðan hann rak fyrirtækið. Auk þess mun nokkuð hafa spilt fyrir þessari tilraun, að vjelarnar voru ekki sem bestar, svo að mjölið hafði þann ókost, að það var stundum ekki alveg laust við leifar af önglum og öðru slíku, sem ekki þykir hentugur fóðurbætir. En þessi hætta er alveg útilokuð, ef fullkomnustu tæki eru viðhöfð.

Öll byrjun er erfið og oft þarf ekki nema litla hjálp, ef hún kemur á rjettum tíma. Það er meira virði en mikil hjálp, sem kemur of seint. Það þarf segul til þess að draga menn að hverju fyrirtæki í upphafi, og í þessu tilfelli á sá segull að vera hjálp ríkissjóðs, sem ekki þarf að kosta hann einn eyri, heldur verður honum miklu fremur margfaldur gróði, ef hann með því að ganga í hættulitla eða hættulausa ábyrgð gæti orðið þess valdandi, að arðvænleg hagnýting yrði hafin á því, sem nú er fleygt í sjóinn. Þegar fyrirtækið er komið upp — og það kemur upp innan skamms og skal þá ganga vel, — þá verður það ekki lengur hjálparþurfi; þá þyrpast menn að því. En hjálp ríkissjóðs getur komið fyrirtækinu fyr á fót og hjálpað því yfir tómlæti manna og skilningsleysi, og gott ef ekki fjandskap gegn þessari nýbreytni. Annars hefir forgöngumaðurinn helst hug á því að stofna hlutafjelag í þessu skyni, einkum til þess að tryggja hlutdeild þeirra í fyrirtækinu, sem það þarf mest við, og gæti ríkissjóðsábyrgðin þá frekar dregið menn að fyrirtækinu, auk þess sem hún gerði því auðveldara að fá nauðsynlegt lánsfje.

Jeg þykist vita, að hv. fjvn. og ýmsir aðrir hafi það á móti þessari till., að fyrirtækið sje of lítið undirbúið, þar sem ekki liggja fyrir teikningar og áætlanir. Þetta er að nokkru leyti rjett, en þó hefir forgöngumaðurinn gert nokkrar kostnaðaráætlanir, þó að kannske megi segja, að þær sjeu ekki strangvísindalegar. Hann hugsar sjer, að bygt verði nokkurn veg-

inn vel vandað hús úr steini yfir vjelarnar og fóðurmjölið, og svo annað óvandaðra yfir hráefnin. Gerir hann ráð fyrir, að hús þessi kosti með öllum vjelum nálægt 60 þús. kr. En ástæða þess, að málið er ekki betur undirbúið, er sú, að forgöngumaður þess hefir hingað til verið vanur að brjótast áfram af eigin rammleik, og var það af hendingu, að hann fór að hugsa um að fá þessa ríkissjóðsábyrgð nú fyrir skömmu, sem sjá má af því, að umsókn hans er svo seint fram komin, ef vera mætti, að mönnum yrði það hvatning að sinna fyrirtækinu, ef hann fengi eitthvern bakhjarl þar sem ríkið væri.

Annars er sá varnagli sleginn í tillögu minni, að ekki komi til ábyrgðarinnar fyr en fyrirtækið sje fulltrygt, að dómi hæstv. stjórnar, og þó að ekki sje beint tekið fram, hverjar tryggingar fyrirtækið skuli setja fyrir láninu, þá segir það sig sjálft, að altaf, þegar ríkissjóður ábyrgist lán á þennan hátt, þá skuli lántakandinn setja fullar tryggingar fyrir láninu. Þær tryggingar, sem jeg hefi hugsað mjer fyrir láni þessu, eru ábyrgð sýslufjelags, þar sem fyrirtækið verður rekið. Sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að sú ábyrgð verði veitt. Annars þykir mjer sennilegt, að krafist verði að minsta kosti 1. veðrjettar í eignum fyrirtækisins fyrir láninu, en þetta atriði verður vitanlega gefið í vald stjórnarinnar.

Loks er eitt atriði, sem mjer finst oft ekki tekið nægilegt tillit til, þegar verið er að veita slík lán eða ábyrgðir, og það er, hver standa á fyrir fyrirtækinu. Jeg hefi oft orðið var við, að menn líta á alt nema þetta mikilvæga atriði. Það er alkunna, að veittar hafa verið láns- eða ábyrgðarheimildir mönnum, sem ekki var hægt að bera neitt sjerstakt traust til. Þó væri það einkennilegt, að allir, sem reka stór fyrirtæki, leggja afarmikið kapp á það að fá sem allra hæfasta menn til þess að veita þeim forstöðu, ef það væri ekki besta tryggingin, að því tilskildu auðvitað, að fyrirtækið geti borið sig að öðru leyti. Nú er það einróma álit allra, sem til þekkja, að hjer sje um sjerlegan dugnaðar- og heiðursmann í hvívetna að ræða, sem er allra manna líklegastur til þess að geta plægt í gegnum hina erfiðu byrjun, sem hjer um ræðir, svo að vel fari. Jeg vonast eftir því, að hv. þm. athugi einnig þetta atriði, þegar þeir greiða atkv. um till.

Eins og jeg tók áður fram, þá má vel vera, að engin slík ríkissjóðsábyrgð verði samþykt að þessu sinni, en jeg vil treysta því, að hv. þm. líti með jafnmikilli sanngirni á þessa till. mína og aðrar svipaðar, og mun jeg sætta mig við þau úrslit, sem þá verða.

Að síðustu vil jeg minnast örlítið á þá brtt. að veita stjórninni heimild til þess að greiða h.f. Eimskipafjelagi Íslands 60 þús. kr. styrk, ef þörf krefur. Jeg get ekki neitað því, að mjer finst farið í öfugan enda á öllu þessu með Eimskipafjelagið. Það fær styrk til strandferða; það er í ráði að veita því skattfrelsi um nokkurt skeið að minsta kosti, og nú á að veita því þennan fátækrastyrk ofan á alt þetta. Menn mega vara sig á því, að þeir baki fjelaginu ekki meira tjón á þennan hátt en þeir vinna því gagn. Það er ekkert sem getur skaðað slík fjelög eins mikið og þetta eilífa styrkfálm. Jeg efast ekki um það, að Eimskipafjelagið ekki aðeins þurfi, heldur og sje þess maklegt, að ríkissjóður reyni eitthvað að hlaupa undir bagga með því. En það á

ekki að gerast á þennan hátt, ekki í þessu fátækrastyrksformi. Væri miklu nær að veita fjelaginu t. d. verulega háan styrk til strandferða. Að vísu er ekki hægt að breyta þessu nú við þessa umr., en jeg óska þess, að styrkveiting þessi verði færð í aðgengilegra form áður en fjárlögin verða afgreidd til fullnustu frá þinginu.

Árni Jónsson: Það er með hálfum huga, að jeg stend upp til þess að mæla með brtt. minni á þskj. 261, undir lið LI, um að ríkissjóður ábyrgist 25 þús. kr. lán handa Borgarfjarðarhreppi, gegn endurábyrgð sýslunnar. Jeg segist standa upp með hálfum huga vegna þess, að mjer hefir heyrst, bæði á hv. frsm. (ÞórJ) og hv. 2. þm. Eyf. (BSt), að ekki bljesi byrlega fyrir slíkum till. hjer í þessari hv. deild.

Það lítur líka út fyrir, að bæði þessi till. og önnur svipuð, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) flytur, hafi komið nokkuð óþægilega við háttv. fjvn. og henni orðið svo mikið um, að hún lætur sjer nú ekki nægja að aðhyllast ekki þessar till., heldur hefir hún einnig kipt að sjer hendinni og vill láta fella niður ábyrgðarheimild fyrir Bessastaðahrepp, sem þó var samþykt hjer við 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Það má vel vera, að ótti þessi hafi við nokkuð að styðjast, að hjer sje verið að ganga inn á varhugaverða braut, en þessir hreppar eiga einskis annars úrkosta en að koma til þingsins í vandræðum sínum.

Sá hreppur, sem hjer um ræðir, Borgarfjarðarhreppur, skuldaði um síðastliðin áramót nálægt 23 þús. kr. Eignir átti hann að vísu á sama tíma nokkrar á pappírnum, en þær yrðu sumar hverjar harla lítils virði, ef krefja ætti þær inn. T. d. átti hreppurinn útistandandi um 12500 kr. í dýrtíðarlánum frá stríðsárunum. Var það mestmegnis hjá mönnum, sem síðar hafa orðið styrks þurfar úr sveitarsjóði, og því vonlaust, að greiðist nokkurn tíma.

Hreppur þessi er mjög lítill, íbúar aðeins um 400, en þó er hitt aðalatriðið, að fátækt hefir aukist þar mjög á síðustu tímum. Nú eru gjaldendur í hreppnum um 170, og er jafnað niður á þá um 130 kr. að meðaltali, og er það mjög mikið, þegar tekið er tillit til efnahags þeirra.

Fátækraframfærslan ein nam síðastliðið ár 8500 kr., og hefir stöðugt farið vaxandi, svo það má búast við, að hún aukist einnig framvegis, og til þess liggja ýmsar orsakir. Fyrst og fremst hefir dýrtíðin haft sínar illu afleiðingar þar eins og annarsstaðar, en þar við hefir bæst ilt árferði og óhagstæð verslun.

Hjerumbil helmingur íbúa þessa hrepps býr í kauptúninu, og þeir hafa litla atvinnu aðra en að stunda sjóróðra á opnum bátum. En síðastliðið sumar var mjög óhagstæð veðrátta á þessum slóðum bæði til lands og sjávar, því þegar votviðri eru og óþurkar þar eystra, þá fylgja því venjulega óhagstæð veður til sjósóknar. Það fiskaðist því mjög lítið á þessum slóðum síðastliðið sumar, og þar við bættist, að fiskverð var lágt. Heyskapur var nokkuð mikill hjá mönnum, en heyin nýttust svo illa, að lítil not urðu að þeim. Óþurkarnir voru jafnvel svo miklir, að menn gátu ekki þurkað eldivið sinn. Af þessu öllu saman er gjaldþol hreppsbúa svo lamað, að hreppurinn treystir sjer ekki til að standa í skilum við lánardrotna sína, nema því aðeins að hann fái einhverja hjálp.

Verslun sú, er starfar í þessari sveit, hafði um undanfarin ár borið ¼ allra útgjaldanna, og veitti þar að auki mörgum

mönnum atvinnu, en nú hefir hún orðið að draga svo saman seglin, að umsetning hennar er aðeins ⅕ við það, sem áður var. Það hefir raunar risið upp kaupfjelag þarna, en á það er ekki hægt að leggja, nema aðeins fasteignir þess, en þær eru litlar. Af þessu öllu saman hefir svo leitt það, að fólkið hefir farið burt úr þessari sveit, og allir þeir, sem eitthvað eiga, eru óðfúsir að komast burtu eitthvað þangað, sem útgjaldabyrðin er ljettari.

Hv. frsm. fjvn. gat þess í framsöguræðu sinni, að Húsavíkurhreppur hefði ekki getað fengið styrk til vatnsveitu sökum þess, að umsóknarskjal það frá hreppnum, sem lá fyrir þinginu, hefði borið það með sjer, að hreppurinn hefði ekki leitað nægilega fyrir sjer með lán annarsstaðar, t. d. hjá sýslunni. En þetta er ekki rjett. Hreppurinn fór fram á að fá 10 þús. kr. lán hjá sýslunni í fyrra og fjekk 5 þús. Og þetta lán var svo óhagkvæmt — borgunarskilmálar svo vondir — að óhjákvæmilegt er, að ríkið hlaupi undir bagga. Og jeg get ekki sjeð annað en hreppurinn hljóti að verða gjaldþrota, ef honum verður ekki hjálpað.

Jeg held, að jeg þurfi svo ekki að fjölyrða frekar um þetta. Jeg vona, að hv. deild sýni þessari till. fulla sanngirni og greiði henni atkvæði sín.

Þá vil jeg minnast nokkrum orðum á nál. minni hluta samgmn. um strandferðir og styrk til flóabáta. Eins og nál. ber með sjer, höfum við hv. 1. þm. S.-M. orðið sammála um það, að ekki beri að hækka styrkinn til flóabáta upp úr þeim 60 þús. kr., sem stjórnin hefir áætlað. Um skiftingu styrksins milli landshluta höfum við hinsvegar ekki getað orðið algerlega sammála. Jeg skal geta þess að því er Austfirði snertir, að það er ekki rjett, sem margir virðast halda, að sá báttur, sem þar gengur og fær styrk, sje fyrir alla Austfirði. Norður-Múlasýsla hefir yfirleitt engin not af honum, heldur er hann aðeins fyrir Suður-Múlasýslu og að einhverju leyti fyrir Austur-Skaftafellssýslu. (*SvÓ*: Ætli hann sje nú samt ekki aðallega fyrir Austur-Skaftafellssýslu). Jeg held þó, að það hafi verið svo, að minsta kosti á haustin og vorin, að Suður-Múlasýsla hefir haft mest not af honum. Hann hefir flutt salt og annað, sem útgerðin hefir þarfnast, til Hornafjarðar haust og vor fyrir Sunnmýlinga.

Það er alveg það sama og ef Norðmýlingar fengju styrk til að flytja salt og aðrar vörur til Seyðisfjarðar, svo þeir þyrftu aðeins að nálgast þær þaðan. Jeg er alls ekki að neinu leyti að mæla móti þessum 5 þús. kr. styrk til Austfjarðabátsins, en mjer finst alls ekki rjett, að hann sje notaður til að borga þann kostnað, sem útgerðin þar eystra ætti að rjettu lagi að bera.

Þá hefir verið minst hjer á Esju, og hv. 4. þm. Reykv. (MJ) sagði, að það mundi borga sig betur, ef viðkomustaðir væru hafðir færri. Það getur vel verið, að það borgaði sig betur fyrir skipið, en það borgaði sig ábyggilega ekki betur fyrir landsmenn yfirleitt. Það væri t. d. ekki gott fyrir mig, ef jeg þyrfti að fara til Reykjavíkur, að þurfa að fara frá Vopnafirði til Seyðisfjarðar til þess að ná í Esju. Jeg lít svo á, að þetta skip eigi að vera jafnt fyrir alla landsmenn, og því eigi að gera öllum nokkurnveginn jafnhægt að ná til þess. En fyrir skipið borgaði sig náttúrlega best, að landsmenn væru allir samansafnaðir á nokkrum stöðum á landinu.

Áður en jeg sest niður, verð jeg að minnast á eina brtt., sem jeg er meðflm. að, og það er till. um styrk til ekkju Jó-

hanns sáluga Sigurjónssonar skálds. Þessi styrkur var upphaflega tekinn með í fjárlagafrv. stjórnarinnar, en fjvn. feldi hann niður. Það var rjettilega tekið fram af hv. þm. V.-Ísf., að þessi styrkur var ekki upphaflega veittur vegna konunnar sjálfrar, heldur vegna rithöfundarfrægðar Jóhanns Sigurjónssonar. Það hafa fáir Íslendingar varpað jafnmiklum ljóma yfir nafn Íslands eins og Jóhann Sigurjónsson. Rit hans eru þekt víða í hinum mentaða heimi. Og þótt hann væri ungur maður, hikuðu menn ekki við að nefnda hann með stærstu skáldum. Því var því vel tekið af öllum þegar Alþingi gekk inn á þá braut að veita ekkju Jóhanns Sigurjónssonar styrk. Jóhann Sigurjónsson var ekki efnaður maður, og því hefir ekkja hans víst haft lítið annað að lifa af en fje það, sem Alþingi hefir veitt henni. Hún var efnuð þegar hún gekk að eiga Jóhann sáluga, en þau efni, sem hún átti þá, gengu til þurðar í sambúðinni við hann, og það voru margir Íslendingar, sem nutu þeirra, því heimili þeirra stóð opið svo að segja öllum Íslendingum, sem vildu. Einkum voru það ýmsir listamenn íslenskir, sem nutu gestrisni þessarar konu. En síðan Jóhann Sigurjónsson dó hefir Alþingi Íslendinga verið eina stoðin, sem hún hefir haft að styðjast við. Nú hefir þessi kona ratað í raunir. Hún hefir hlotið ámæli meðal almennings og mál hennar hefir verið tekið til rannsóknar, en það hefir enginn dómur verið kveðinn upp í því enn þá, svo við vitum ekki nema þetta, sem sagt er, sje tóm lygi frá upphafi til enda.

Sá eini dómur, sem hefir verið kveðinn upp yfir henni, hefir verið kveðinn upp af hv. fjvn., og þann dóm vill hv. nefnd láta Alþingi staðfesta. Landar þessarar konu hafa snúið við henni bakinu. Þeir munu hafa glaðst með henni á meðan henni gekk vel, en nú gleðjast þeir yfir óförum hennar. Eða svo er að minsta kosti að sjá af dönskum blöðum, sem segja frá þessu máli. Það, sem í þeim stendur um þetta, virðist vera sagt með kuldaglotti. Eina athvarf þessarar konu er því Alþingi, og mjer finst það ekki vera þeirri samkomu samboðið að sparka nú í hana, þar sem hún liggur fótumtroðin í sorpinu í öðru landi. Við höfum nú þegar skorið margt niður, en það hefir alt komið niður á löndum vorum. En hjer er um konu að ræða, sem er í framandi landi, og þótt vjer höfum hingað til yfirleitt látið hina köldu skynsemi ráða í meðferð okkar á fjárlögunum, þá vona jeg, að hv. þm. lofi tilfinningunum að tala hjer með og samþykki þessa brtt.

Björn Líndal: Það er sjerstaklega viðvíkjandi ræðu hv. 1. þm. N.-M. (HStef) og brtt. hans, að jeg vildi segja nokkur orð. Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um styrkinn til skálda og listamanna. Jeg er hv. þm. að mestu sammála um hann. En sá styrkur hefir verið lækkaður, og jeg held að varla sje gerlegt að fara lengra en það að sinni.

Öðru máli er að gegna um brtt. hans um að fella niður skáldalaun þeirra rithöfundanna Indriða Einarssonar og Einars Hjörleifssonar Kvarans. Um það er jeg alls ekki á sama máli og hv. 1. þm. N.-M., því jeg vil viðurkenna það, sem vel er gert. Þetta eru menn, sem báðir hafa sýnt það, að þeir eiga þessi laun skilið fremur flestum öðrum, og eru auk þess báðir ordnir rosknir menn, og væri því mjög ómaklegt að svifta þá þessum styrk á gamalsaldri.

Þá er ein brtt. sama hv. þm., sem er 47. brtt. á þskj. 261. Þar leggur hann til, að feld sje niður dýrtíðaruppbót af eftir-

launum þeim og styrktarfje, sem embættismönnum og embættismannaekkjum er greitt auk lögboðinna eftirlauna. Þetta tel jeg alls ekki rjett. Þeir, sem fyrir þessu verða, eru mestmegnis fátæk gamalmenni og ekkjur, sem alls ekki mega við því að missa þessa dýrtíðaruppbót. Jeg vil í þessu sambandi minna hv. þm. á það, að fyrir nokkru lenti okkur dálítið saman út úr fjárveitingu til jarðræktar, og jeg vil spyrja hv. þm., hvort honum finnist það rjettlátt að borga efnuðum bændum fyrir jarðabætur þær, sem þeir gera á jörðum sínum, og taka fje til þess frá fátækum ekkjum og gamalmennum. Þeir, sem vilja auka jarðrækt í landinu, gera það í nafni menningarinnar, og jarðrækt ber vafalaust merki um aukna menning. En menning á altaf að fylgja mannúð, og jeg vil beina þeirri spurningu til hv. þm., hvort þeim þyki það bera vott um mannúð, að vilja taka frá þessu fátæka fólki þann styrk, sem það hefir hingað til haft og það getur naumast án verið.

Þá er á þskj. 261 ein brtt., sem til útgjalda horfir, sem jeg vildi minnast nokkuð á. En það er brtt. tveggja hv. þm. um skáldastyrk handa Þorsteini Gíslasyni. Jeg vil geta þess, að jeg er þessari till. mjög fylgjandi, því þessi maður hefir fyrir löngu sýnt það, að hann er slíkrar viðurkenningar verður, vegna síns ágæta skáldskapar. Og í öðru lagi er Þorsteinn Gíslason einn sá heiðarlegasti og óhlutdrægasti blaðamaður, sem hjer hefir verið, að mínum dómi. Jeg veit, að sumum flokksmönnum hans mun ekki hafa þótt hann nógu harður í deilunum stundum, en það er ekki aðalatriðið, heldur hitt, að hann hefir verið óvenjulega víðsýnn og sanngjarn ritstjóri, og þó jeg ætli mjer ekki að fara að gera neinn samanburð á ritstjórum hjer, þá get jeg þó ekki látið vera að geta þess, að þetta er meira en hægt er að segja um suma ritstjóra hjer, sem hafa yfir stórum og víðlesnum blöðum að ráða.

Áður en jeg lýk máli mínu vil jeg geta þess, að mjer finst það vera hjákátlegar árásir, sem nú hafa verið gerðar á hæstv. atvrh. (MG) af hálfu tveggja hv. þm. úr Framsóknarflokknum, sem sje hv. 2. þm. Rang. (KlJ) og hv. þm. Str. (TrÞ). Þeir eru með stöðugar árásir á hæstv. atvrh. Jeg á nokkuð bágt með að skilja þennan ágreining, því mjer finst einmitt þessir 2 þm. standa nokkuð nærri hæstv. atvrh. í skoðunum að ýmsu leyti. Þessi bægslagangur þessara háttv. þingmanna minnir mig á það ódrengskaparbragð, sem hryggbrotnir biðlar af versta tægi beita oft við konur þær, sem hafa hryggbrotið þá. Jeg vil í því sambandi minnast á hviksögu, sem gengur um bæinn. Jeg hefi hingað til rengt þessa hviksöku, en mjer finst nú orðið, að jeg hafi næstum því ástæðu til þess að taka hana trúanlega. Jeg veit ekki hvaðan saga þessi er upphaflega komin, en svo mikið mun mega fullyrða, að hún sje ekki kominn frá hæstv. atvinnumálaráðherra sjálfum. Hviksaga þessi er um það, að í þingbyrjun hafi hv. 2. þm. Rang. og hv. þm. Str. leitað samninga við hæstv. atvrh. um stjórnarmyndun. Jeg vildi minnast á þetta, því það væri gott að fá að vita, hve mikið væri hæft í þessu, og vildi jeg gjarnan fá að heyra, hvað þessir 2. hv. þm. hafa um þetta að segja. (*KlJ*: Jeg mótmæli þessu alveg að því er mig snertir). (*TrÞ*: Jeg neita því líka algerlega, að nokkuð sje hæft í þessu).

Ingólfur Bjarnarson: Jeg á hjer eina brtt. á þskj. 261. Hún er þess efnis að fella niður dýrtíðaruppbót af launum

tveggja fyrverandi bankastjóra Landsbankans, þeirra Björns Kristjánssonar og Björns Sigurðssonar. Eftirlaun þessara manna eru 4 þús. kr. til hvors. Annar hefir fengið þau með sjerstökum lögum, en hinn með ákvæðum fjárlaga í hvert sinn. En auk þess hefir Alþingi í seinni tíð ákveðið, að mönnum þessum skuli greidd dýrtíðaruppbót á þessi 4 þús. kr. eftirlaun; því jeg lít svo á, að þótt þetta ákvæði fjárlaganna sje í heimildarformi, þá muni bankinn telja þetta vera skipun til sín um að greiða þessa dýrtíðaruppbót, en mun hinsvegar aldrei hafa farið fram á að fá þessa heimild. Þessi brtt. fer ekki að neinu leyti í þá átt að hrófla við eftirlaunum þessara manna. Þau eiga að standa algerlega óbreytt. Það er aðeins farið fram á það, að þingið láti vera að skipa svo fyrir, að þessir menn skuli fá dýrtíðaruppbót á eftirlaun sín. Og sú till. byggist á því, að eftirlaun þessi, 4 þús. kr., sjeu mjög svo sæmileg og óþarfi sje að bæta við þau. Enda finst mjer alls ekki samrýmanlegt, að þingið skipi fyrir um slíkt samhliða því, að hv. deild hefir neyðst til að taka þá stefnu yfirleitt, sumpart að lækka stórum og sumpart að fella niður styrki til einstakra manna. Gæti jeg bent á mörg dæmi, er sanna þetta, en jeg tel þess ekki þörf. Þessi styrklækkunarstefna hefir þegar sýnt sig svo glögglega hjer í hv. deild, og jeg þykist mega vænta þess, að hún komi fram í afstöðu hv. þm. til þessarar tillögu.

Jeg tel ekki þurfa að eyða tímanum til að skýra þessa tillögu mikið. Hún er svo einföld og ljós. Byggist á því, að þó þessir fyrverandi bankastjórar hafi kunnað að starfa vel fyrir bankann þennan tiltölulega stutta tíma, er þeir veittu honum forstöðu, þá sjeu þessi 4 þús. kr. eftirlaun til hvors þeirra mjög svo ríflega tiltekin, og því þarflaust og enda órjettmætt að hækka þau í samanburði við aðra. Það má segja, að þessi upphæð, sem lagt er til að spara hjer, sje ekki greidd úr ríkissjóði og hafi því engin áhrif á hag eða útkomu fjárlaganna, og er það að vísu rjett; en jeg tel ekki rjett af hv. Alþingi að íþyngja þessari bankastofnun, sem hjer um ræðir, með fyrirskipun útgjalda, sem er jafnástæðulaus og órjettmæt og þessi dýrtíðaruppbót, svo sem jeg hefi leitt rök að. Vil jeg því vænta góðra undirtekta um þessa till.

Úr því jeg er staðinn upp, vil jeg minnast lítillega á aðra brtt., sem hjer liggur fyrir frá fjvn., þó hv. frsm. hafi skýrt hana greinilega. Þar er farið fram á heimild til ríkisábyrgðar fyrir Húsavíkurhrepp, svo að hann geti komið á vatnsleiðslu og holræsagerð í kauptúninu. Jeg vil árjetta það, sem hv. frsm. hefir tekið fram, að nefndin hefir því aðeins sjeð sjer fært að bera fram þessa till, að hún skilur, hversu þýðingarmikið heilbrigðisspursmál þetta er fyrir Húsavík og hjeraðið í grend. Eins og hv. frsm. mun hafa tekið fram, hefir taugaveikin legið í landi í þessu kauptúni nú um mannsaldur, en farið vaxandi og langmest kveðið að henni á seinni árum. Frá 1909 til 1924 voru skrásettir um 90 sjúklingar, en fleiri munu þó hafa veikst en finnast skrásettir. Síðustu 5 ár hafa sýkst 57 manns og 5 dáið. Það sem af er þessu ári hafa sýkst 5, og ennfremur hefir veikin borist í nágrennið. Þetta mun nægja til að sýna, hve alvarlegt mál er hjer á ferðum, enda verið mesta vandamál kauptúnsins undanfarið um langa hríð. Það er á almanna vitund, að veikin stafar frá vatnsbólum í kauptúninu, þó ekki hafi

enn tekist að rekja til uppsprettunnar þrátt fyrir margítrekaðar athuganir. Hefir það verið hið mesta áhugamál þorpsbúa, að ráða bót á þessu ástandi. Og það eina, sem sýnst hefir örugt, er að koma á öflugri vatnsveitu og holræsagerð. En það mun verða nokkuð örðugt að koma því í framkvæmd, meðfram fyrir þá sök, að þorpið nær yfir svo stórt svæði í hlutfalli við íbúatölu, svo að vatnsleiðsla verður þar tiltölulega dýr.

Aldrei hefir veikin verið eins ægileg og síðastl. vetur; eitthvað um 20 sjúkdómstilfelli. Hefir því verið gerð ítarleg gangskör að því að hraða þessum framkvæmdum. Áætlun yfir vatnsleiðsluna og holræsi hefir verið gerð og nemur 60 þús. kr. Og nú hefir hreppurinn óskað eftir 50 þús. kr. fjárframlagi úr ríkissjóði; að hálfu leyti styrk og að hálfu leyti lán. Hv. fjvn. taldi ekki nokkra leið að verða við þeim óskum, en vildi leggja til, að ríkið tæki ábyrgð fyrir ⅔ kostnaðar, eða 40 þús. kr. Jeg vil geta þess, að slíkt sem hjer er farið fram á, er ekkert einsdæmi. T. d. var 1909 veitt heimild til að veita 30 þús. kr. lán til vatnsveitu í Hafnarfirði, og einnig hafa áður verið ábyrgst stór lán til vatnsveitu í Reykjavík og Akureyri. 1921 var af Húsavíkurhreppi farið fram á við ríkisstjórnina að fá lán úr viðlagasjóði, sem hún ekki treystist til að veita, en lofaði hinsvegar að ábyrgjast 30 þús. kr. lán í þessu skyni, þó ekkert yrði af því.

Jeg vil svo ekki þreyta hv. deild með því að ræða meira um þetta mál, en treysti því fastlega, að hún sjái sjer fært að samþykkja þessa tillögu, sem er svo mjög í hóf stilt, þar sem jafnmikið er í húfi fyrir umrætt hreppsfjelag og sýslu, en hinsvegar engin hætta fyrir ríkið að taka á sig þessa ábyrgð.

Jón Baldvinsson: Það eru tvær brtt., sem jeg hefi flutt að þessu sinni. Sú fyrri er VII. till. á þskj. 261, um styrk til styrktarsjóðs sjómanna- og verkamannafjelaganna í Reykjavík. Jeg flutti líka till. við 2. umr. fjárlaganna, en þar var upphæðin nokkru hærri. Þá lýsti jeg líka allgreinilega starfsemi þessa sjóðs og hversu mikið gagn hann hefir gert þessi fáu ár, sem hann hefir starfað. Er því engin ástæða til að endurtaka það nú. Jeg hafði heyrt á ýmsum þingmönnum, að þeir mundu geta fallist á lægri fjárhæð til sjóðsins en tiltekið var í fyrri till. minni. Nú hefi jeg farið fram á 1500 kr. Fleira er ekki þörf á að taka fram um þessa tillögu.

Hin till. er nr. XIX á sama þskj., um upphæð nokkra til kvöldskóla verkamanna. Bar jeg þá till. einnig fram við 2. umr., en hún fann þá ekki náð fyrir augum hv. deildar. Nú hefi jeg lækkað fjárhæðina úr 500 kr. í 350. Það er nokkru lægri fjárhæð en bæjarstjórn Reykjavíkur hefir ætlað sama skóla eftir fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár. Jeg hefi lýst þessum skóla, fyrirkomulagi hans og ætlunarverki. Vænti jeg þess, að hv. þingmenn samþykki svo sanngjarna fjárveitingu, enda er hún sniðin við þröngan hag ríkissjóðs.

Þá vil jeg minnast örfáum orðum á till. á þskj. 261. Fyrst er till. hv. fjvn. nr. XXIII, um að styrkurinn til Þórbergs Þórðarsonar sje lækkaður allmjög. Hv. fjvn. flutti till. við 2. umr. um að styrkur þessi skyldi falla niður, en hún var feld. Vona jeg að hv. þingmenn sjeu sama sinnis og áður og telji störf þessa manns mikilsverð og nauðsynlegt, að hann geti haldið þeim áfram, og fallist ekki á till. fjvn., því að lækka styrkinn er sama sem að gera starfið að engu.

Þá kem jeg að till. hæstv. fjrh., sem

hjer liggja einnig fyrir. Eins og kunnugt er, hefir flokkur hæstv. ráðherra borið fram í Ed. frv. um að fella niður prentun á umræðuparti Alþt. Þetta frv. var sent frá hv. Ed. og var hjer til umr. sama dag og hæstv. stjórn tók við völdum, og kom til atkvæða meðan hæstv. ráðherrar voru inni í hliðarherbergi að semja stefnuskrá sína. Gerðu þá þingdeildarmenn sjer lítið fyrir í því stjórnleysi, sem þá var, og drápu frv. stjórnarflokksins. Nú hefir hæstv. fjrh. tekið málið upp, og ekki síst af því, að ýmsir litu svo á, að með því að fella frv. hafi verið tekið á móti hinni nýju stjórn með vantrausti, þá er þetta nú sennilega tekið upp til þess að gera lítið úr hv. Nd. og láta hana bæta fyrir brot sitt. Er líklegt, að till. eigi að koma undir atkv. hv. deildar, en fleiri búast nú við hinu, að hæstv. forseti (B-Sv) sjái svo fyrir henni, að þm. þurfi ekki að hafa fyrir því að skera hana niður. En meðferð tillögunnar hjer í deildinni má skoða sem traust eða vantraust á hæstv. stjórn. Verður það að segjast, að harla er óviðkunnanlegt, að ráðherra flytji tillögur, sem ganga í berhögg við þingsköpin. Það er heldur ekki ein báran stök fyrir hæstv. fjrh. Hann flytur till. á sama þskj., nr. V, sem hefir það sameiginlegt við hina fyrri, að hún brýtur í bág við gildandi lög og verður einnig að sjálfsögðu vísað frá. Hún fer fram á heimild til að taka 50 þús. kr. úr landhelgissjóði til strandvarna. Lög um landhelgissjóð munu vera frá 1913, og getur ef til vill verið álitamál, hvort tillagan mætti ekki komast að vegna þeirra. En breytingin á lögum um landhelgissjóð frá 1915 gerir það alveg ómögulegt, að slík tillaga sem þessi geti komist að í fjárlögum.

Í 5. gr. þeirra laga er skýrt ákveðið, að til þess tíma, sem sjóðurinn tekur til starfa, má ekki skerða hann. Jeg skil ekki, hvernig í dauðanum hæstv. fjrh. ætlar að komast að þessum sjóði lagaleiðina einungis með ákvæði í fjárlögum. Jeg mótmæli því, að þessi leið verði farin, jafnvel þó hægt yrði að gera hana löglega. Það er þvert á móti tilgangi sjóðsins.

Í fyrra varð ekki svo lítill hvellur gerður út af því, að hæstv. þáverandi fjármálaráðherra hafði tekið fje sjóðsins að láni handa ríkissjóði, en greiddi þó af honum fulla vexti, þannig að sjóðurinn tapaði engu. (*HK*: Hvar stóð það, að hann hefði fengið hann að láni?). Jeg veit ekki, hvort jeg á að skilja þetta svo, að hæstv. stjórn hafi hnuplað sjóðnum. Ef svo er, fer málið að verða heldur alvarlegt. (*KlJ*: Það er til lánsbrjef fyrir því). Jeg vil miklu heldur trúa því, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) segir um þetta mál. Væri miklu meiri ástæða til að gera hvell, verði farið að skerða landhelgissjóð á þennan hátt. Mjer virðist því, að báðar till. hæstv. fjrh. sjeu fyrirfram dauðadæmdar, þannig, að þeim hljóti að verða vísað frá sem ólöglegum.

Það kom fyrir dálítið atvik hjer í kvöld, sem bendir til, að eitthvað varhugavert sje við þessa till. Einn þm. ætlaði að útvega sjer Stjórnartíðindin frá 1915, þar sem lögin um landhelgissjóðinn voru. En þá vill svo kynlega til, að ekkert eintak finst af þessu ári, hvorki í skrifstofunni nje á borðunum, fyr en loks að eitt eintak var grafið upp úr skjalabunka hjá einum þm. Það er alveg eins og einhver hafi skotið þessum lögum undan, svo ekki væri hægt að sjá hið ólöglega í tillögu fjármálaráðherra.

Viðvíkjandi orðum hv. þm. Ak. (BL)

um skáldastyrkinn til Þorsteins Gíslasonar, get jeg fallist á, að hann sje fullkomlega maklegur þess að fá skáldastyrk. Og jeg ætla alls ekki að mótmæla þeim orðum hv. þm. (BL), þegar hann sagði, að Þorsteinn Gíslason væri heiðarlegasti blaðamaðurinn á Íslandi. En jeg vil aðeins spyrja: Hvers vegna losaði Íhaldsflokkurinn sig við heiðarlegasta blaðamanninn á Íslandi? Og það meira að segja löngu áður en ráðningarsamningur hans var útrunninn. Á það að skiljast svo, sem minna verði um þessa kosti hjá Íhaldsflokknum og blöðum hans hjer eftir?

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg á nokkrar brtt. á þskj. 261, ýmist einn eða með öðrum, og ætla jeg að fara nokkrum orðum um þær, en skal leitast við að vera stuttorður.

1. brtt. er um innlendar sóttvarnir, og gerum við flm. að till. okkar, að þessi fjárhæð verði lækkuð úr 15 þús. kr. niður í 8 þús. Þessi sóttvarnarfjáreyðsla hófst hjer eftir að spanska veikin gekk yfir landið, og hefir ávalt síðan verið talsvert miklu fje varið á hverju ári í þessu skyni, og er enginn efi á, að sumt af því hefði betur verið sparað. Þó sóttvarnir hafi verið vanræktar á tímum spönsku veikinnar, verður síst úr því bætt á þann veg að halda eyðslunni áfram. Það er að byrgja brunninn eftir að barnið er dottið ofan í. Till. fer því fram á það, að stjórnin haldi fremur í fje við heilbrigðisstjórnina og láti hana ekki eyða meira en skynsamlegar ástæður liggja til.

Sömuleiðis hefi jeg ásamt hv. 2. þm. Eyf. borið fram till. um að lækka fjárveitinguna til fjárkláðalækninga niður í 2500 kr., og hefir hann talað svo rækilega fyrir því máli, að jeg sje ekki ástæðu til að bæta miklu við það. Jeg hygg, að það þurfi ekki frekari árjettingar við, og hlýtur að liggja í augum uppi, að þar eð ekki fóru nema 300 kr. til þessa á síðastliðnu ári, ættu 2500 kr. að duga á næsta ári. Viðvíkjandi kláðalækningum er ekki nema um tvent að velja — að reyna að halda kláðanum í skefjum með lækningum þar, sem hans verður vart, eða að taka til róttækra ráðstafana um land alt og eyða honum alveg. Mundu þá hvorki 2500, 25000 eða jafnvel 250000 kr. hrökkva til. Við álítum því óþarft að áætla þennan styrk of ríflegan, og þó þessi kostnaður kunni máske eitthvað að fara fram úr þessum 2500 kr. næsta ár, hygg jeg, að þessi áætlun okkar sje rjettari en hv. fjvn.

Um brtt. um að veita 25 þús. kr. lán til tóvinnuvjela ætla jeg ekki að tala frekar en jeg hefi þegar gert við 2. umr. fjárlagafrv. Jeg ætla aðeins að benda hv. fjvn. á það, að þetta er engu síður nauðsynlegt en að veita 40 þús. kr. til vatnsleiðslu á Húsavík. Ætti það engu minna að vera vert að ljetta undir með því, að innlendur iðnaður geti komist á fót, sem þó er af allflestum talið vera eitt af skilyrðunum fyrir aukinni velmegun þjóðarinnar. Jeg mun svo ekki tala frekar fyrir þessu, en ef háttv. deild hefir ánægju af því að drepa þessa till. öðru sinni, er henni hjer með gefið tækifæri til þess.

Þá kem jeg að þeirri brtt. minni, um að hækka tillag til samvinnuskólans úr 3 þús. kr. upp í 5 þús. kr. Það hefir komið fram samskonar till. um iðnskólann. Legg jeg þessa skóla að jöfnu. Þrátt fyrir það, að báðir þessir skólar eiga að heita sjerskólar, eru þeir aðallega almennir unglingaskólar,

Brtt. mín og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um 2000 kr. til málverkakaupa má að vissu leyti skoða sem styrk til ísl. listamanna. Það verður ekki um það deilt, að besti styrkurinn, sem þeim verður veittur, er sá, að málverk þeirra sjeu keypt. Má og að ýmsu leyti telja málverk meðal verklegra framkvæmda, þar sem sumir eru nú svo sinnaðir, að þeir vilja engu fylgja, nema því verði gefið þetta nafn, og ætti það því ekki að vera frágangssök fyrir þá að samþykkja þetta. Íslensk list er ennþá ung og hefir ekki verið sýndur sá sómi, sem skyldi. Vjer eigum hjer málverkasafn, sem er eign þjóðarinnar, og þó að listamennina muni þetta ekki miklu, kemur það þó safninu að meiri notum. Á þennan hátt yrði safninu kleift að eignast óslitið safn íslenskra málverka frá upphafi, og má sá þráður ekki slitna, til þess að það geti orðið fullkomið sýnishorn íslenskrar listar. Safnið ætti að fá að njóta þess, að við þingmenn þjóðarinnar dveljum hjer í húsum þess og njótum ánægjunnar af listafjársjóðum safnsins. Það væri ekki fagur vottur um smekkvísi þm., sem hjer dvelja daglega í þessum sölum, skreyttum listaverkum þessa safns, ef þeir vildu ekki veita þessa litlu upphæð, sem þó hefir verið lækkuð um helming frá því, sem fyrst var ætlað í frv. stjórnarinnar. Þó að hv. fjvn. vildi ekki veita þessar 2000 kr. til málverkakaupa, hefir það þó orðið ofan á í hugum nefndarinnar að veita 25 þús. kr. til fjárkláðalækninga, þótt sannanlegt sje, að þetta fje kemur að engum notum í þessu skyni. Handa kláðanum var nóg fje til í sjóði nefndarinnar, en þegar beðið er um 2000 kr. til málverkakaupa, fæst ekki grænn eyrir. Þetta minnir mig á söguna um karlinn, sem átti tvær ponturnar; var önnur pontan ávalt tóm, og bauð hann kunningjum sínum jafnan í nefið úr henni. Hina pontuna hafði hann fyrir sjálfan sig og vildustu vini sína, því hann skorti ekki tóbak. Í þessu sambandi mætti geta þess, er aðrar þjóðir gera fyrir sína list og listamenn. Þannig veit jeg til þess, að Svíar hafa nýlega varið 1½ milj. kr. til málverkakaupa handa listaverkasöfnum sínum, og hafa með því styrkt margan listamanninn, sem báglega var staddur. Þessi upphæð, 2000 kr., munar ríkissjóð ekki miklu, en hún sýnir þó góðan vilja háttv. þm., ef samþykt verður, og getur auk þess komið einhverjum fátækum listamönnum vel.

Þá á jeg næst tvær brtt., sem báðar miða í sparnaðaráttina og auk þess til betri úrlausnar þeim málum, er þar ræðir um. Fyrri till. fer fram á að lækka kostnaðinn við Þjóðskjalasafnið úr 13 þús. kr. niður í 6750 kr., en hin er um lækkun á styrk Hannesar Þorsteinssonar niður í 1000 kr. Á bak við báðar þessar till. liggur hin sama hugsun, að fella niður aðstoðarmannsembættið við Þjóðskjalasafnið, en skipa núverandi aðstoðarmann í forstöðumannsembættið, sem nú er óskipað í. Frv. um sameiningu Þjóðskjalasafnsins við Landsbókasafnið liggur enn þá í nefnd, og hefir það mætt allmikilli mótspyrnu lærðra manna, bæði utan þings og innan. Liggur því beinast við að samþykkja nú þetta í fjárlögunum, þegar auðsætt er, að af þessu verður jafnmikill sparnaður og af sameiningu safnanna. Enda er og sjálfsagt að taka nokkurt tillit til þessarar mótstöðu, sem sameining safnanna hefir mætt, ekki síst þegar auðvelt er að ná sama sparnaði við þessi söfn án þess að til sameiningarinnar komi. Þetta ætti að vera því auðveldara, sem það hefir komið til mála að gera forstöðumenn safnanna að aukakennurum í íslenskum

fræðum við háskólann, og kæmi þessi sparnaður allur að betri notum, ef aðstoðarmannsembættið við Þjóðskjalasafnið væri lagt niður.

46. brtt. á þskj. 261 berum við tveir fram, háttv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) og jeg. Lýsi jeg þakklæti mínu til hans fyrir þau orð, sem hann ljet um mælt með þessari till. okkar. Þessi styrkur til ekkju Jóhanns Sigurjónssonar var feldur hjer við síðustu umræðu, og má þá vel vera, að það hafi haft áhrif á hv. þm., að þeim hafi þótt upphæðin of há, en nú hefir styrkurinn verið lækkaður úr 1800 kr. niður í 1000 kr., svo það ætti engan að fæla lengur. Og ef það hafa engar aðrar ástæður ráðið því, að styrkurinn var feldur um daginn, bið jeg háttv. þm. nú að muna það, að það var þessi kona, sem ljet Jóhanni í tje allar eigur sínar og vakti hug hans og örvaði hann til ritstarfa. Íslendingar eru fljótir að gleyma, ef þeir muna nú ekki, en svifta ekkjuna þessum litla styrk. Konan er nú í bágindum stödd, og er það ilt frásagna, ef Alþingi lætur þvaðursögur erlendra blaðasnápa hafa áhrif á gerðir sínar. Það ætti að hvetja menn, en ekki að letja, að vita, að konan er í kröggum. Þó eitthvað hafi verið satt í þessum áburði erlendra blaða á þessa konu, kom það ekki styrk hennar við. Jeg vil og benda á það, að það er Alþingi, sem hjer er að úthluta styrk, en ekki einhver óvalin sóknarnefnd að verðlauna óspiltar piparmeyjar. Þetta er ekki stórt mál frá fjárhagslegu sjónarmiði, en undir slíkum smáatriðum sem þessum getur heiður Alþingis og þjóðarinnar verið kominn. Jeg ætla svo ekki að vanvirða háttv. þingdeild með því að brýna hana lengur á þessu, enda veit jeg, að hv. þdm. hafa bæði skilning og góðvild til að samþykkja till. okkar háttv. 2. þm. N.-M.

Um tillögu háttv. fjvn. undir rómv. XXVIII,1, um lækkun á styrk til Þórbergs Þórðarsonar, verð jeg að segja, að jeg er hissa á því, hvernig nefndin leggur þennan þarfa og merkilega mann í einelti. Háttv. þingdeild hafði þegar kveðið upp sinn dóm yfir honum, og er því miður sæmilegt af nefndinni að ætlast til, að þingdeildin taki aftur það, sem nýbúið er að samþykkja. Hefði hv. fjvn. aftur á móti viljað lækka þetta á móts við hlutfallslegar lækkanir á öðrum greiðslum, hefði hún átt að færa þessa upphæð niður í 1200 kr., en 500 kr. ná engri átt. Þessi till. hv. fjvn. ætti því ekki að eiga hingað erindi, enda mun hv. deild halda við þann skilning á starfi þessa manns, sem hún lýsti með samþykt sinni við 2. umr.

Jeg get tekið undir orð háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), sem hann mælti út af till. hæstv. fjrh. (JÞ) um landhelgissjóðinn, að það er hart að skerða hann um meira en það, sem vöxtunum nemur. Sjútvn. hefir að vísu gefið í skyn, að rjett væri að taka eitthvað af vöxtum sjóðsins til þess að bæta við tillag ríkissjóðs til landhelgisvarna. Ríkissjóði hafði verið talið fært að leggja 100 þús. kr. til þessa, og jeg veit, að sjútvn. leggur fast á móti því að skerða landhelgissjóðinn til annars en að auka á þessar 100 þús. kr. frá ríkinu.

Það hafa komið fram ýmsar sparnaðartillögur í þá átt að draga úr kostnaðinum við þinghaldið, og hafa sumar þeirra þegar verið feldar, t. d. um að halda þing aðeins annarhvert ár, fella niður prentun á umræðuparti Alþt., lækkun á þingfararkaupi og ýmsar fleiri. Frv. um að fella niður prentun Alþt. hefir nýlega verið felt, og stjórnarskrárbreytingunni, sem þjóðin þó hafði óskað eftir og kosning-

arnar síðustu snerust að nokkru leyti um, hefir einnig verið stútað í háttv. Ed. af Íhaldsflokknum. Því kemur þessi tillaga hæstv. fjrh., um að þingforsetar skuli hafa vald til að fella niður prentun á Alþingistíðindunum, sparnaðar vegna, undarlega fyrir. Nú hefir því verið lýst yfir, að altaf verði þó að vjelrita um 4 eint. af umræðunum, og auk þess yrðu öll nál. umfangsmeiri, ef prentuninni yrði hætt, og verður þá sparnaðurinn af þessu harla lítill, varla meiri en 6—8 þús. kr. á ári. Það væri því að gleypa úlfaldann, en sía mýfluguna að vera að burðast með þennan hjegómasparnað, þegar búið er að fella fækkun þinga. Hefði hitt aftur á móti orðið úr, að samþykkja frv. beggja flokka í Ed. um að halda þing ekki nema annaðhvert ár, þá hefði af því leitt, að sparast hefðu tvö heil þing, þingin 1926 og 1928. Þarna hefði því mátt spara um 400 þús. kr., miðað við núverandi kostnað við alþingishald. Það er ekki mitt að dæma um það, hvort þessi till. hæstv. fjrh. er formleg eða ekki, en hvað sem því líður, mun það vera á valdi hæstv. forseta Ed., hvort frv. það til stjórnarskrárbreytingar, sem enn þá situr þar í nefnd, kemur nokkurn tíma undir atkv. á þessu þingi. Eru það lítil heilindi, ef vilji tveggja stórra þingflokka í Ed. nær ekki að ganga fram. Kæmi mjer ekki undarlega fyrir, þótt kjósendum úti um land brygði í brún, er þeir frjetta, hvernig vilji þeirra er virtur í þinginu, ef þeir eru sviftir Þingtíðindunum í stað fækkunar þinga, er allir hafa gert ráð fyrir að væri framkvæmd á þessu þingi.

Jakob Möller: Því var skotið áðan að mjer, að bekkir væru hjer orðnir þunnskipaðir og að von væri á áskorun til hv. þm. Barð. (HK), um að hann flytti ræðu sína hina næstu úti í Kringlu, en hv. þm. Barð. er næstur á eftir mjer á ræðumannalistanum í kvöld. Mjer finst þetta vera skynsamlegt mjög og horfa til sparnaðar, ef tveir þm. væru látnir tala í senn, sinn á hvorum stað. Jeg á hjer annars nokkrar brtt., sem jeg flyt nú aftur í þeirri von, að hv. þm. hafi nú svalað svo blóðþorsta sínum við 2. umr., að þær fái nú í þetta sinn að sleppa framhjá niðurskurðarhnífnum.

Það er þá fyrst XIV. brtt. á þskj. 261, við 13. gr. D. III 18, uppbótin á launum talsímakvenna. Jeg hefi orðið þess var, að sumir þeir, er greiddu þessari brtt. minni atkv. við aðra umr., hafa hrokkið við, af því að jeg hefi tekið upp allóvenjulega aðferð í því að hækka nú upphæðina frá því, sem jeg hafði sett hana síðast, í stað þess að lækka hana, eins og venjulegast mun vera. En það er engin ástæða fyrir þá til þess að fælast frá því að samþykkja þetta nú, er hæstv. atvrh. (MG) hefir veitt þessu svo góð meðmæli. Við 2. umr. var því lýst yfir, að um áætlunarupphæð væri að ræða, er upphæðin var sett 10000 kr., en hefði þurft að vera 10500 kr. Var það eðlilegt, að hv. deildarmönnum þætti varhugavert að láta stjórnina hafa með öllu óbundnar hendur í því efni, hversu miklu fje skuli varið til þessa. Jeg setti nú 11 þús. kr. í till. mína, því þó að tala þessara starfsmanna sje nú ákveðin, er ekki sagt, að hún haldist óbreytt 1925, og verður þá upp á eitthvað að hlaupa, til þess að veitt verði uppbót þeim, sem við kunna að bætast. Uppbót sú, sem hjer ræðir um, er 300 kr. á ári til hverrar starfskonu, eða 25 kr. mánaðarlega. Því hefir áður verið lýst, að þetta væru lægst launuðu starfsmenn ríkisins. Laun þeirra eru 900 kr. og dýrtíðaruppbót, samtals 115 kr. á mán-

uði, en með þessari uppbót yrðu þau 140 kr. á mánuði, sem er það lægsta, sem ríkið getur verið þekt fyrir að bjóða. Þetta hefir verið samþykt áður í tvennum fjárlögum, og því tel jeg það hafa verið slysni, að þetta var nú felt við 2. umr. um daginn, og má vera, að það hafi valdið, að menn óttuðust áætlunarupphæðina. Þá hefir og verið komið fram með varatillögu um þetta, á þskj. 278, af ótta við, að þessi till. mín verði feld, og upphæðin færð niður í 8 þús. kr. Þetta væri hið sama og að lækka launauppbótina úr 300 kr. niður í 220—230 kr. á hverja símamey, og er það of mikil smámunasemi, sem þingið varla getur verið þekt fyrir að láta um sig spyrjast. Því að þetta munar ríkið engu, en starfsfólkið þeim mun meira.

Til vonar og vara hefi jeg komið fram með brtt. við þá till., um að hækka þennan lið úr 8000 kr., sem till. hljóðar um, og upp í 9400 kr. Nálgast það nokkuð mína upphæð. En verði mín upprunalega till. feld og brtt. mín sömuleiðis, þá lýsi jeg yfir því strax, að jeg mun þá líka greiða atkv. á móti till. um þessar 8000 kr. fjárveitingu. Vænti jeg, að hæstv. stjórn sjái þá um, að uppbótin komi samt seinna.

Þá er það iðnskólinn. Jeg á brtt. undir XVI. lið um að hækka styrkinn til hans úr 3000 kr. upp í 5000 kr. Fór svo fyrir mjer sem háttv. fjvn., sem rjeð háttv. deild til að lækka styrkinn, að jeg mundi ekki það, sem nýlega var um garð gengið. Svo er nefnilega mál með vexti, að fjelag það, sem stendur bak við þennan skóla, hefir alveg nýlega afhent ríkinu mjög veglega og dýra gjöf, og færi því illa á því og myndi verða illa sjeð, ef þingið þakkaði því gjöfina á þann hátt, að lækka styrkinn til þessa skóla. Jeg hygg því, að hv. nefnd myndi ekki hafa farið að koma með þessa lækkunartill., ef hún hefði munað eftir þessu, einkum þar sem skólinn er í alla staði styrksins maklegur. Hann miðar að því að veita iðnaðarmönnum þá mentun, sem þeim er nauðsynleg til að geta orðið sem fullkomnastir í sínum verkahring, og tel jeg víst, að það hefði mjög slæm áhrif á mentun þeirra, ef skólinn legðist niður. Vænti jeg því, að hv. deild geti fallist á till. mína. Styrkurinn er samt 1000 kr. lægri en hann hefir verið, og er þá samræmi í þeirri fjárveitingu og öðrum sviputum greiðslum.

Næst kem jeg þá að till. minni um styrk til útgáfu lagasafns Íslands. Mælti jeg, eins og hv. þm. muna, á móti því við 2. umr., að þessi liður yrði feldur. Svo er ástatt um þetta, að bókaútgefandi Egill Guttormsson sótti um styrk til þessarar útgáfu á síðasta þingi og samdi þá um leið um kaup á útgáfurjettinum og er nú um það leyti að byrja að gefa þau út. Væri nú illa farið með þennan mann, ef þingið tæki af honum styrkinn til að halda útgáfunni áfram, eftir að hafa narrað hann til að leggja í mikinn kostnað út af henni. Auk þess er útgáfa lagasafnsins mjög nauðsynleg öllum lögfræðingum og þeim öðrum, er eitthvað fara með slík mál. Vonandi sjer háttv. deild sjer því fært að halda áfram að veita þennan litla styrk, sem hjer er farið fram á.

Undir tölulið XXVI á jeg till. um að hækka fjárveitinguna til Jóhannesar L. Jóhannssonar orðabókarhöfundar úr 4000 kr. í 6000 kr. Auk þess er hjer varatill. frá hv. 4. þm. Reykv. (MJ), sem fer 500 kr. lægra. Hv. fjvn. lagði til við 2. umr. fjárlagafrv., að styrkur þessi yrði lækkað-

ur úr 7000 kr. niður í 4000 kr. Er mjer ekki ljóst, hvernig hún hugsar sjer þetta. Hún lætur raunar þá athugasemd fylgja, að hún ætlist til, að þessi maður leiti sjer annarar atvinnu. En er það þá tilætlun þessarar hv. nefndar, að maðurinn fái 4000 kr. laun fyrir ekkert starf? Er ekki nema fallegt um það að segja, ef sú er meiningin, og má þá að vísu telja vel farið með þennan mann í samanburði við ýmsa aðra, því hann er gamall prestur og myndi nú vera kominn nálægt því að segja af sjer, ef hann hefði verið kyrr í prestakallinu, og yrði hann þá með þessu látinn sæta betri kjörum en nokkur annar uppgjafaprestur. En jeg get ekki felt mig við þetta. Hann er ennþá mjög vel starfhæfur á þessu sviði, og þá skilst mjer, að meiri sparnaður væri í að veita honum viðunandi styrk, og krefjast þá af honum sæmilegra afreka um leið, heldur en að greiða honum 4000 kr. fyrir ekkert starf.

Þá kem jeg að fjórðu till. minni á sama þskj., um að veita dr. Helga Jónssyni 1200 kr. styrk til að halda áfram rannsóknum á gróðri landsins. Hefir honum á undanförnum árum verið veittur nokkur styrkur í þessu skyni, en hv. fjvn. þótti viðeigandi að leggja til, að hann yrði feldur niður. En rannsóknir þessar hafa ekki aðeins vísindalega þýðingu, heldur ættu þær einnig að geta haft í för með sjer talsverða „praktiska“ þýðingu, þar sem þær snerta mjög skilyrði landsins fyrir búskap. Hygg jeg því, að það væri mjög misráðið, ef hætt yrði að veita þennan styrk. Jeg hefi líka sett styrkinn nokkru lægri en hann hefir verið áður, og er þannig haldið samræminu við aðrar till. hv. fjvn. um að klípa utan af útgjaldaliðunum.

Fjárveitinguna til veðurathuganastofnunarinnar hefir hv. fjvn. leyft sjer að lækka um 15 þús. kr. frá því, sem hún er áætluð í stjfrv. Má nokkuð það sama um þetta segja sem um orðabókarstyrkinn. Með því að veita 20 þús. kr. er til þess verið að stofna að halda lífinu í stofnun, sem þá gæti ekkert gagn gert, — yrði með öðrum orðum hreinasti ómagi. Hún getur auðvitað safnað að sjer skeytum og veðurskýrslum hvaðanæfa, en það væri tilgangslaust, þegar hún hefði ekki lengur neinn kraft til að vinna úr þeim. En ætlunin með stofnuninni er þó sú, að hún geti með tímanum sagt til um veður. Annars er meiningarlaust að vera að halda henni við. — Hún á beinlínis að starfa fyrir okkur og ekki fyrst og fremst til þess að senda veðurskeyti í allar áttir út um heim. En með því tillagi, sem nefndin áætlar, getur hún ekki komið að neinu gagni fyrir okkur. Hv. fjvn. vill með öðrum orðum fleygja 20 þús. kr. í ekki neitt, til að spara 15 þús. kr. Er það gott dæmi upp á hennar sparnaðarviðleitni. Hæstv. fjrh. (JÞ) get jeg verið þakklátur fyrir hvernig hann tók í þetta mál, og vænti jeg því, að hv. deild taki brtt. sæmilega.

Enn á jeg brtt. við 18. gr., um sjúkrastyrk til Friðriks Klemenssonar. Hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) hefir áður lýst ástæðum þessa manns. Hann er á aldrinum milli 30 og 40 ára, og hefir lengi verið í þjónustu landsins, fyrst kennari og síðan sem póstmaður. En hann hefir orðið fyrir því sorglega áfalli að missa heilsuna, og það á þann veg, að lítil von mun um bata. Hv. fjvn. ætlar honum 1000 kr., og skal jeg ekki átelja nefndina, þó að hún hafi ekki farið lengra. En jeg tel sanngjarnt, að þessi maður fái ekki lægri eftirlaun heldur en maður úr sama launaflokki hef-

ir áður fengið hæst. Raunar er sá maður hinn mesti heiðursmaður og hniginn á efri ár, en alt um það munu ástæður hans vera miklu betri en þessa unga manns, sem ekkert hefir fyrir sig að leggja, en hefir fyrir heimili að sjá. Er hjer heldur ekki nema um 200 kr. hækkun að ræða, og vona jeg, að hv. deild leggist ekki móti henni.

Þá er síðast till. um örlítinn styrk til konu einnar. Hefi jeg áður borið fram tillögu um hann, og þá sem sjúkrastyrk, en sú till. var þá feld. En kona þessi hefir einnig um eitt skeið verið í þjónustu ríkisins, og á þeim grundvelli er nú farið fram á, að henni verði veittur þessi litli styrkur sem eftirlaun. Er upphæðin samt talsvert lægri en samskonar eftirlaun þrátt fyrir dýrtíðaruppbót.

Jeg á brtt. á þskj. 281 við brtt. háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), um styrk til verslunarskólans. Hækkar þá styrkurinn til beggja skólanna úr 3000 upp í 5000 kr. Hv. þm. geta kallað þetta hrossakaup, ef þeim finst það aðgengilegra undir því heiti. Áður var tillag þetta 6 þús. kr., svo að lækkunin má samt sem áður teljast sæmileg.

Áður en jeg lýk máli mínu, vildi jeg fara nokkrum orðum um sumar aðrar brtt., sem hjer liggja fyrir. Verða þá fyrst fyrir mjer tvær brtt. frá hæstv. fjrh. (JÞ). Er sú fyrri um að lækka þingkostnaðinn með því að fella niður prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna. Hann leit svo á, að ekki væri mikil eftirsjón að þeim, en jeg get ekki verið honum sammála um þetta. Jeg álít einmitt, að þetta sje það principmál, sem ekki megi víkja frá. Eins og hv. þm. vita, er svo ákveðið, að þingfundir skuli háðir fyrir opnum dyrum, en í raun og veru er þá jafnframt boðið, að prenta skuli umræðurnar, því annars mætti alveg eins heyja þing fyrir luktum dyrum, þar sem aðeins örfáir menn eiga kost á því að hlusta á umræðurnar. Þar við bætist að sparnaðurinn myndi reynast lítill. Hæstv. fjrh. benti á, að fyrsta afleiðingin af þessu myndi verða sú, að öll nál. yrðu lengri, og er heldur enginn vafi á, að svo myndi verða. Ekki skal jeg deila um það, hversu heppilegt það yrði fyrir vinnubrögð þingsins að þvinga nefndirnar til að gera nál. betur úr garði, en sýnilegt er það, að eftir því, sem þau yrðu nákvæmari, þá yrði sparnaðurinn minni. Og þessi nál. myndu þá ekki aðeins koma við 2. umr., heldur við allar umr., og ekki aðeins frá meiri hlutum og minni hlutum, heldur einnig frá þeim, sem skrifuðu undir með fyrirvara, því þeir myndu einnig þykjast þurfa að gera grein fyrir sínum skoðunum og bera einnig sín rök á borð fyrir almenning. Kynni þá að fara svo, að sparnaðurinn við þetta fyrirkomulag minkaði. Einnig er þess að gæta, að prentun skjalapartsins er mun dýrari en prentun umræðupartsins, þannig að hann er ekki aðeins lengri, heldur er verðið meira en fyrir tilsvarandi kafla í umræðupartinum. Þannig myndi með tíð og tíma talsvert af sparnaðinum fara í súginn.

Og eitt er enn við þetta að athuga. Þessi till. hæstv. fjrh. er óheimil og getur ekki komið til atkvæða hjer. Svo er mál með vexti, að frv. um sama efni hefir áður verið felt á þessu þingi, en það er bannað að bera aftur fram mál, sem felt hefir verið á sama þinginu. Og enn fleira er við þetta að athuga. Hjer er nefnilega farið fram á að breyta lögum með fjárlagaákvæði. En til að breyta lögum þarf að samþykkja lög. Annars hefði jeg t. d. alveg eins getað komið fram með brtt. við

tekjuhlið fjárlagafrv., t. d. 2. gr., um að tóbakseinkasalan skuli afnumin, og látið mjer nægja aths. á þessa leið: enda falli tóbakseinkasalan niður frá næstu áramótum. Myndi mönnum þykja það viðkunnanlegt? En þannig mætti gera hvað sem væri, og útkoman yrði sú, að lög yrðu feld úr gildi þannig, að fram færi aðeins ein umr. um það í annari deildinni og ein í sameinuðu þingi, í stað þriggja umr. í hvorri deild. Til þess að lagabreyting sje gerð, þarf frv. að koma fram, sem rætt sje við 3 umr. í hvorri deild. Og hvor deild út af fyrir sig hefir rjett til að samþykkja eða fella frv., án tillits til atkvæðamagnsins í hinni deildinni. Ed. er svo skipuð, að hún getur felt mál með 5.—6. hluta af öllum atkv. þingsins. Þann rjett verður að hafa í heiðri meðan stjórnarskráin er óbreytt. Sje á hann gengið, þá er um leið vegið að því stjórnskipulagi, sem hjer er. Nú er það svo, að frv. um þetta efni hefir verið felt hjer í hv. Nd. En þá á að ganga á rjett þessarar deildar. Segjum svo, að þetta mál yrði aftur felt hjer. En þá getur hv. Ed. tekið það upp aftur, — og ákvæðið síðan náð samþykki í sameinuðu þingi.

Hvað snertir hina brtt., undir rómv. II,5, þá gæti jeg vel gengið inn á, að eitthvað af landhelgissjóðnum væri tekið til þess að kosta strandgæsluna, meðan svona örðugt er í ári, en það er bara algerlega óheimilt að fara svona að því. Það er nefnilega það sama um þessa brtt. að segja og hina. Með þessu á að breyta lögunum um landhelgissjóðinn. Þau lög er að finna í Stjórnartíðindunum frá 1913 og 1915.

Í 5. gr. laganna frá 1913 stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Til þess tíma, sem ákveðinn er í 4. gr., má ekki skerða sjóðinn, og skulu allir vextirnir af stofnfje hans leggjast við höfuðstólinn.“ En í breyting á þessum lögum frá 1915, í 4. gr., stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Sjóðnum skal á sínum tíma varið til að koma upp einu eða tveimur nýjum strandgæsluskipum, er notuð verði til að verja landhelgina fyrir ólöglegum veiðum, og ákveður löggjafarvaldið, hvenær sjóðurinn tekur til starfa og hve miklu af fje hans skuli varið til þeirra varna.“

Þarna er alveg fyrirskipað, hvernig sjóðnum skuli varið, sem sje til þess að koma upp 1—2 strandgæsluskipum. Má ekki verja honum til annars nema lögunum sje breytt, en eigi að gera það, verður það að fara rjetta boðleið, það er með frv., sem gengur í gegnum þrjár umr. í hvorri deild.

Mjer heyrðist hæstv. forsrh. (JM) segja, að annað mundi gilda um tekjur sjóðsins en sjóðinn sjálfan. En þetta er ekki rjett. Sjóðurinn er ekki aðeins fje það, sem í kassanum er á hverjum tíma, heldur líka væntanlegar tekjur. En betur er búið um hnútana í þessu efni. Því það er beinlínis tekið fram í lögunum frá 1913, að tekjurnar eigi að leggjast við stofnsjóðinn, og lögin frá 1915 segja skýrt, hvernig bæði sjóð og tekjum skuli varið. Því verður ekki farið í kringum það, að þessi brtt. um að taka fje úr landhelgissjóði til strandgæslunnar er breyting á lögunum um landhelgissjóðinn, en slíkt er óheimilt að gera nema í frv.formi. Jeg geri ekki ráð fyrir, að hæstv. fjrh. (JÞ) geti fært rök að því, að þetta sje skakt. Jeg vísa annars til þess, sem jeg sagði áðan, að þannig mætti þá fella öll lög úr gildi með einfaldri aths. í fjárlögum, og gæti það haft ýmislegar afleiðingar.

Forseti (BSv): Nú er svo komið umræðum, að 22 hv. þm. hafa talað einu sinni hver. Tveir hafa enn kvatt sjer hljóðs, sem ekki hafa tekið fyrr til máls. Ýmsir hafa og í annað sinn kvatt sjer hljóðs og má búast við, að þeir geri það flestir eða allir. Er ekki sýnilegt, að nótt myndi endast til umræðnanna. Umræðum er því frestað og dagskrá þessa fundar lokið.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. apríl, var framhaldið 3. umr. um frv. (A. 235, n. 240 og 260, 261, 278, 280, 281).

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg ætla mjer fyrst að svara þeim andmælum gegn brtt. mínum, er fram hafa komið, og þá fyrst og fremst háttv. 2. og 3. þm. Reykv. (JBald og JakM). Þeir höfðu á móti þeirri till. minni, að fje væri varið úr landhelgissjóði til landhelgisvarna og hjeldu því fram, að slíkt stríddi á móti lögum sjóðsins. Jeg hafði athugað þetta mál og get alls ekki fallist á, að þetta sje rjett. Háttv. sjútvn. hefir líka komist að sömu niðurstöðu og jeg um þetta efni, enda þótt hún væri mjer ekki sammála um upphæðina á framlagi ríkissjóðs. Þetta er líka áreiðanlega heimilt samkv. lögum landhelgissjóðs. Í upphafi var svo ákveðið, að sjóðurinn skyldi á sínum tíma leggja fram fje til strandvarna, þegar löggjafarvaldinu sýndist svo. Þessu var breytt 1915 á þann hátt, að ákveðið var að verja sjóðnum til þess að koma upp einu eða tveimur strandvarnarskipum. Það skal vera á valdi löggjafarvaldsins, hvenær þetta skuli framkvæmt og hve miklu fje skuli varið úr sjóðnum til landhelgisvarna. Þessi ákvæði sýna ljóslega, að ekki er einungis ætlast til, að skipin sjeu keypt, heldur líka, að fje landhelgissjóðs sje notað til strandvarna. Það er engin vörn út af fyrir sig, að kaupa skipin; vörnin byrjar ekki fyr en skipin taka til starfa. Lögin 1915 höfðu fyrir augum að verja fyrst fje til skipakaupa. Nú stendur svo á, að einu slíku skipi, Þór, hefir verið komið upp án þess að þurft hafi að taka af fje sjóðsins. Allir hljóta að sjá, hve fráleitt er, að ekki megi verja fje til að styrkja þetta skip, af því að ekki þurfti að verja fje til að kaupa það. Sjútvn. hefir orðið mjer sammála um þetta, eins og jeg veit að allir verða, sem kynna sjer málið með athygli. *(JakM*: Nei).

Þá vildi jeg minnast á önnur andmæli, sem fram hafa komið gegn þeirri brtt. minni að gera þá aths. við liðinn til alþingiskostnaðar, að forsetum sje heimilt að fella niður prentun umræðupartsins. Jeg vil endurtaka það, að eftir reynslu undanfarinna ára er fjárveiting sú, sem ætluð er í þessu skyni, of lág, ef ekki er sparað hjer á einhvern hátt.

Ýmislegt hefir verið haft á móti þessari tillögu, bæði hvað form og efni snertir. Mun jeg nú fyrst snúa mjer að mótbárunum gegn forminu. Aðalmótbáran er þá sú, að óheimilt sje að breyta gildandi lögum með fjárlögum, og forseti hljóti því að vísa þessari till. frá. Alt er þetta á misskilningi bygt. Í lögum er aðeins ákveðið, að Þingtíðindin sjeu prentuð, en ekki hvenær það skuli verða. Hjer er aðeins farið fram á að fresta prentun umræðupartsins árið 1925, ef forsetar vilja svo vera láta. Breyting laga með fjárlögum kemur því ekkert þessu máli við.

Í öðru lagi er það ekki rjett, að ekki

megi breyta gildandi lögum með ákvæðum fjárlaga. Þessi fullyrðing andstæðinga minna mun vera bygð á lögskýringu, sem gefin er í stjórnlagafræðinni. Hvergi er sagt, að þetta sje óheimilt, þótt skoðanir geti verið skiftar um, hve hagkvæmt það sje. Það, sem miklu máli hlýtur að skifta í þessu efni, er það, hvort dæmi eru til þess, að svo hafi verið gert áður. Og það verður einmitt uppi á teningnum, og einmitt á þann hátt, sem þó er mjög varhugaverður. Það er ætíð varhugavert að svifta einstaka menn þeim rjetti, er þeir höfðu samkvæmt gildandi lögum, með fjárlögum. Þetta var þó gert á þinginu 1920, þegar gjald það, er sjúklingar á Kleppi áttu kröfu til vistar fyrir samkvæmt lögum, var hækkað með ákvæði í fjárlögum. Þá var ekki getið um, að slíkt væri ólöglegt. Ekki getur því forseti haft rjett til að vísa málinu frá af þessum ástæðum. Fjárlögin eiga að vera einu lögin, sem tekjur og gjöld ríkisins á ári hverju eru talin í. Þetta er skýlaust ákveðið, þótt því sje slælega framfylgt. Og af því verð jeg að vera þeirrar skoðunar, að ef menn vilja fresta framkvæmd einhvers lagaatriðis, er hefir kostnað í för með sjer, þá eigi það að gerast með fjárlögum. Og þar sem áætlun fjárlagafrv. um alþingiskostnað 1925 reynist of lág, er aðeins um tvent að gera, að hækka eða spara. Jeg álít, að ekki sje leyfilegt að hafa of lág áætlunarákvæði, og veit, að þessi skoðun hefir fult fylgi. Hefir nú verið áformað að taka öll útgjöld upp í fjárlögin, þótt þau hafi áður verið greidd samkv. eldri lögum. Þannig hefir hv. fjvn. ekki viljað veita fje til skipulags kaupstaða og kauptúna, enda þótt svo væri ákveðið í lögum. *(TrÞ*: Og fjvn. ætlar að gera meira). Já, og hún ætlar að ganga lengra í þessu efni.

Önnur mótbára, sem komið hefir fram gegn frv., frá hv. 2. þm. Reykv., er sú, að þessi till. sje sama efnis og frv., sem áður hefir verið felt. Þessi mótbára er sanni nær en aðrar, sem fram hafa komið, og kvað hana snertir mun jeg beygja mig fyrir úrskurði hæstv. forseta.

Þá vík jeg að því, er haft hefir verið á móti efni till. Háttv. þm. V.-Ísf. (Á-Á) sagði, að allur sparnaður af þessu yrði um 6—8 þús. kr. Þetta er ekkert nema blekking, bæði gagnvart sjálfum sjer og öðrum. Kostnaðurinn hefir verið 25 þús. kr. að meðaltali undanfarin ár. Vjelritun mundi fást fyrir 2000 krónur. Sparnaður yrði ekki minni en 20 þús. kr. (*ÁÁ*: En lengri nefndarálit og þing annaðhvert ár?). Jeg skal víkja nánar að því síðar.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði einnig um, að með þessu væri verið að loka þinginu. Jeg hygg, að líkt sje ástatt um margar þjóðstofnanir og Alþingi, ef þetta nær fram að ganga. Má þar t. d. nefna hæstarjett. Engin skylda ber honum til að birta ræður þær, sem haldnar eru þar við flutning mála. Aðalatriðið er, að Alþingi, eins og hæstirjettur, fari fram í heyranda hljóði, til tryggingar fyrir því, að þar fari ekkert fram, sem leyna þarf. Sú trygging er ekki skert með þessari till.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði um, að með þessu væri gengið á rjett deildanna. Þetta er ekki rjett, því að í hvaða lagafrv. sem er, fjárlagafrv. sem öðrum, má setja inn einstök ákvæði hvenær sem er í meðferðinni. Í öllum lögum geta því verið ákvæði, sem hafa aðeins fengið eina umr. í hvorri deild, hvort sem eru ný lög eða breytingar á eldri lögum, og er þetta fullkomlega löglegt. Get jeg svo látið útrætt um brtt. mínar.

Hv. 2. þm. Reykv. vildi gera traustsyfirlýsingu eða vantraustsyfirlýsingu úr atkvgr. um

brtt. mína um að forsetar geti ákveðið, að prentun á umræðuparti Þingtíðindanna megi falla niður. (*JBald*: Ef til kemur). Mjer þykir þekkingu hv. þm. á þingvenju og þingsiðum næsta áfátt. Hann hefir þingmannsrjett til þess að flytja formlega vantraustsyfirlýsingu á stjórnina, en stjórnin hefir aftur þann rjett, að hún sker sjálf úr, hvort hún telur atkvgr. um tillögu í einhverju máli fela í sjer traust eða vantraust á henni. Það er ekki á valdi hv. 2. þm. Reykv. að skera úr því, jafnvel ekki þó að satt væri, það sem einhversstaðar hefir um hann verið sagt, að hann væri fær um að gera það einn, sem aðrir 41 gætu ekki. Það er ekki fyr en hann er kominn sjálfur í stjórnarsess, að hann getur tekið þessa ákvörðun.

Sami hv. þm. sagði í sambandi við tillögu um skáldalaun til handa Þorsteini Gíslasyni, að Íhaldsflokknum hefði verið mikið kappsmál að losna við hann úr ritstjórastöðu. Það er leiðinlegt fyrir hv. þm. að reka sig svo illilega á sannleikann, að það má sanna strax, að hann fer með rangt mál. Það er sannanlegt, að eigendur Morgunblaðsins höfðu sagt ritstjóranum upp löngu áður en Íhaldsflokkurinn var stofnaður, svo að flokkurinn gat engin áhrif haft á það mál. Mjer er ekki heldur kunnugt um, að neinn alþingismaður í Íhaldsflokknum eigi í Morgunblaðinu, en þori þó ekki að fortaka það alveg. Jeg get fullvissað hv. þm. um það, að haldi hann, að uppsögn Þorsteins Gíslasonar hafi verið gerð þeim þá ófædda Íhaldsflokki til þægðar, þá fer hann mjög villur vegar. Eigendur blaðsins hafa einir ráðið þessu, og þeir um það, hvað þeir telja fyrirtæki sínu fyrir bestu.

Þá vil jeg víkja lítið eitt að hv. þm. V.-Ísf. Hann var að bera saman 2 skóla hjer í bænum, og þekki jeg annan þeirra nokkuð vel, en hinn ekki. Hv. þm. kvað skólana svipaða að því leyti, að báðir væru aðallega almennir unglingaskólar. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. sje svo kunnugur samvinnuskólanum, að hann fari hjer rjett með um starfsemi hans. En ef fleiri háttv. þm. eru jafnókunnugir iðnskólanum og hv. þm. V.-Ísf., þá skal jeg skýra lítið eitt frá fyrirkomulagi hans. Á þann skóla ganga piltar, sem stunda iðnnám. Nú er venja, að þeir sjeu bundnir með 4 ára námssamningi og sæki skólann öll 4 árin. Skólinn er ekki heldur almennur unglingaskóli fyrir þessa nemendur, því að meira en helmingur af námstímanum fer til þess að kenna ýmsar sjerfræðigreinir, er iðnaðarmenn þarfnast, svo sem dráttlist og aðra sjerfræði, sem er mismunandi eftir því, sem við á í hverri grein. Því fer þess vegna fjarri, að iðnskólinn sje almennur unglingaskóli.

Um tillögur þær, sem komu fram við 2. umr. um lækkun á styrk til ýmsra skóla, skal jeg geta þess, að jeg teldi skaðlaust, þó að verslunarskólinn og samvinnuskólinn væru færðir saman í það horf, að nemendum yrði aðeins veitt inntaka annaðhvert ár. Skólarnir eru báðir tveggja ára skólar, og gætu þeir þá starfað þannig, að annað árið yrði aðeins yngri deild, en hitt árið eldri deild. En þetta fyrirkomulag gæti ekki komið til í iðnskólanum. Í honum eru meira en hundrað nemendur, er sækja hann öll 4 námsár sín. Kæmi þeim því mjög illa, ef skólinn yrði t. d. feldur niður fyrsta námsárið, svo að þeir hefðu ekki lokið við meira en 3 bekki að loknum námstíma.

Þá mintist hv. þm. V.-Ísf. á stjórnarskrárfrv., er felt hefir verið í hv. Ed. Taldi hann, að það mundi hafa orðið til

verulegs sparnaðar að afgreiða það frv. og taldi það nær en að bisa við lítilfjörlegan hjegómasparnað, er hann nefndi svo. Hv. þm. sagði, að ef stjórnarskrárbreytingin hefði verið samþykt, hefði af því hlotist 400 þús. kr. sparnaður á þessu kjörtímabili, og átti þar við það, að niður mundi hafa fallið þinghald árin 1926 og 1928. Jeg tel víst, að hv. þm. Str. (TrÞ) mundi hafa kallað það fljótfærni af mjer, ef jeg hefði haldið því fram, að afgreiðsla stjórnarskrárinnar mundi hafa í för með sjer niðurfall þingsins 1926. Ef nú er afgreitt frv. um stjórnarskrárbreytingu, yrði stofnað til nýrra kosninga og þing kvatt saman 1925 til samþyktar eða synjunar á frv. Nú eru þau stjórnarskipunarlög hjer í landi, að leggja skuli fyrir hvert þing frv. til fjárlaga fyrir eitt ár, og hygg jeg, að engin stjórn mundi telja sjer fært að leggja fram á þingi 1925 fjárlagafrv. fyrir annað ár en 1926. En falli þing niður 1926, mundi þá 1. janúar 1927 renna upp yfir fjárlagalaust land. Því getur þingið 1926 ekki fallið niður, ef stjórnarskrárbreyting er samþykt nú. Ef svo færi, gæti þinghald ekki fallið niður fyr en 1927, sem er síðasta þingið á þessu kjörtímabili. Það yrði því meiri framtíðarsparnaður en nútíðarsparnaður að samþykt stjórnarskrárbreytingar, sem ákvæði þinghald annaðhvert ár. Þar sem þetta frv., sem gæti leitt til sparnaðar 1927, er nú fallið, vona jeg, að það verði ekki misvirt við mig, þó að jeg reyni að bisa við sparnað 1925. (*ÁÁ*: Annað frv. lifir).

Jeg skal þá víkja nokkuð að almennum athugasemdum, sem gerðar hafa verið við ræðu mína í gær. Skal jeg reyna að vera stuttorður og lengja ekki umræðurnar óþarflega mikið. Um ummæli hv. 2. þm. Rang. (KlJ), sem vel var í hóf stilt, skal jeg einungis segja það, að þó að ríkisbókhaldið vilji ef til vill ekki viðurkenna, að niðurstaða mín sje rjett, eða haldi fram, að öðruvísi megi setja reikningana upp, þá fær það ekki á mig. Auðvitað má setja reikningana upp á fleiri vegu en einn, og hefi jeg sett þá upp eftir þeirri reglu, sem fylgt var við samningu landsreikningsins áður en ríkisbókhaldið varð til, eða alt frá því er Ísland fjekk fjárforræði og til ársloka 1916, enda hafði hv. 2. þm. Rang. (KlJ) ekki á móti því frá sínu sjónarmiði. Þá voru vextir og greiðslur af lánum altaf taldar með gjöldunum, og það talið tekjuhalli, sem á vantaði, að tekjurnar hrykkju fyrir þeim gjöldum og öðrum. Þetta er hin varkára reikningsfærsla. Hún beinir þeirri kröfu til vor, að vjer höldum fjárhagnum í því horfi, að auðið verði að gera upp reikningana oss að vansalausu. Jeg fylgi því þessari reglu, þar sem hún er bæði gömul og þjóðinni hollust.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) vildi vísa frá kjósendum þeirri ábyrgð, sem jeg vildi leggja þeim á herðar fyrir það, sem orðið hefir. Það má vera, að ekki sje rjett að deila á kjósendur fyrir þetta, og jeg get með ánægju gefið þeim þann vitnisburð, að þeir tóku við síðustu kosningar allfast í taumana. Vænti jeg þess, að þetta þing haldi áfram að sýna, að það sje varkárara í fjármálum en síðustu þing hafa verið. Það er því ef til vill ómaklegt að ásaka kjósendur nú, en þó tel jeg, að þeir sjeu ekki alveg sýknir saka. Þetta viðurkendi hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), en sagði þó, að ábyrgðin lenti aðallega á fjölmennasta flokknum, sem jeg teldist til. Það þarf ekki litla gleymni til þess að halda slíku fram. Flokkur sá, sem jeg er í, var ekki til fyr en á þessu þingi, en þó nokkur fyrirrennari hans, sparnaðarbandalag-

ið. Og ef sjerstaklega ætti að saka þann hóp um ljettúð í fjármálum, þá verða þeir fyrir sökinni, sem síst skyldi, og veit jeg, að þetta muni alment viðurkent. Annars hefi jeg ekki haft þá ánægju fyr en nú, að teljast til fjölmennasta flokksins í þinginu. Þegar jeg kom fyrst á þing, 1921, var enginn flokkur hjer á þingi, sem jeg gat talist til, og fór jeg þá í hóp flokksleysingja. Í þeim hóp voru ýmsir góðir menn, en hann var þó ekki samstæðari en það eða samhentari um landsmál, að við hv. 2. þm. Reykv. vorum saman í þeim hóp fyrstu daga þingsins, eins ólíkar skoðanir og við höfðum og höfum á landsmálum. Svona var flokkaskipunin, þegar jeg kom á þing 1921.

Hv. þm. Str. (TrÞ) hefir fengið svo hvöss svör frá hæstv. atvrh. (MG), að jeg þarf ekki á að bæta. Jeg vil þess vegna svara því einu, sem hann beindi sjerstaklega til mín, enda er hæstv. atvrh. maður til að svara fyrir sig. Hv. þm. fann að því við mig, að jeg rjeðist í þingræðu persónulega á fjarstadda menn, sem ekki eiga kost á að bera hönd fyrir höfuð sjer. Þessu vil jeg alveg vísa á bug. Jeg ber ekki kala til neins manns og ræðst ekki heldur persónulega á menn. En það nær engri átt, að ekki megi ræða á þingi um opinber mál vegna þess, að einhver maður hefir einhverntíma haft þar hönd í bagga, sem er ekki staddur í þingsalnum. Jeg get því alls ekki fylgt þeirri reglu, en aftur mun jeg jafnan leyfa þeim mönnum, sem þykjast órjetti beittir af mjer, allar þær varnir gagnvart mjer, sem þeir kynnu að óska.

Hv. þm. Str. kvað mig hafa fundið að þriggja manna stjórnarfyrirkomulagi, en gengið svo sjálfur í þriggja manna stjórn. Vjer verðum að búa við þá stjórnarskrá, sem vjer höfum, og jeg veit til þess, að jafnvel sumir flokksmenn hv. þingmanns draga í efa, að leyfilegt sje samkvæmt stjórnarskránni að mynda stjórn með færri en þrem mönnum. Einnig líta margir svo á, að enn sjeu í gildi lög, sem eru eldri en síðasta stjórnarskrá, sem kveða svo á, að ráðherrar skuli vera þrír, og ekki eru numin úr gildi með stjórnarskránni, enda fara ekki í bága við hana. Jeg mun gera það, sem í mínu valdi stendur, meðan jeg á sæti í stjórninni, til þess að ókostir þessa fyrirkomulags bitni sem minst á landsmönnum.

Þar sem hv. þm. gerði að umtalsefni þá stöðu, sem jeg hefði áskilið mjer í ráðuneytinu, þykir mjer hlýða, að þetta komi rjett fram. Það varð að samkomulagi í stjórninni, að hinir 2 ráðherrarnir tækju ekki ákvörðun um fjáreyðslu utan fjárlaga eða umfram ákvæði þeirra, nema með samþykki fjrh. Þetta tekur auðvitað ekki til þess, þar sem áætlunarupphæðir eru í fjárlögum og fara fram úr áætlun, heldur er átt við hitt, þegar ráðherra tekur ákvörðun um fjáreyðslu umfram fjárveitingu. Þetta samkomulag er auðvelt að hafa í ráðuneyti úr einum flokki, þar sem hver ráðherra treystir öðrum, en það er ljóst, að erfitt er að hafa það í samsteypustjórn, þar sem hver er úr sínum flokki og einn býst ef til vill við, að annar muni draga fram hluta síns flokks. En gagnvart Alþingi getur enginn ráðherra tekið sambærilega afstöðu, því að þingið eitt hefir fjárveitingarvaldið, og fyrir því verður hver stjórn að beygja sig. Er því ekki unt að halda því fram, að hæstv. atvrh. hafi ekki verið neyddur til að hlíta ákvæðum undangenginna þinga um fjármál, þegar hann tók við stöðunni.

Hv. þm. taldi skoðanir mjög skiftar

innan stjórnarinnar og skaut um leið fram einni samlíkingu, sem var mjög samrýmanleg smekk hans og ber órækan vott um smekkvísi hans. Það er nú öllum vitanlegt, að aldrei verða fundnir 3 menn, er hafi nákvæmlega sömu skoðun á öllum málum. En það skal jeg segja, að í skoðunum sínum er þessi stjórn miklu samstæðari en átt hefir sjer stað um fyrverandi samsteypustjórnir, sem engin furða er. Um aðalmálefnið, viðreisn fjárhagsins, eru skoðanir ráðuneytisins svo samfeldar, að engu er áfátt.

Jeg hefi þegar svarað ummælum hv. þm. Str. um tillögu mína um ræðupart Þingtíðindanna. Jeg skal aðeins bæta því við, að jeg veit, af hverju honum og öðrum flokksmönnum hans er svo ant um, að tillagan komi ekki undir atkvæði. Það stendur svo á því, að tillagan fer fram á svipað, sem samþykt var nýlega í hv. Ed. og hjer í hv. deild á þingi 1922. Jeg var þá einn flm. að því frv., ásamt öðrum fleiri, og var studdur af ýmsum góðum mönnum hjer í hv. deild. Á meðal þeirra voru 3 flokksbræður hv. þm. Str., sem enn eiga sæti hjer í deildinni, þeir hv. þm. Mýra. (PÞ), sem var einn meðflm. minna, hv. þm. S.-Þ. (IngB) og hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ). Þessir greiddu allir oftsinnis atkvæði með frv. við nafnakall. Það væri því óþægilegt fyrir Framsóknarflokkinn, ef þessari tillögu væri haldið fram, eftir að búið er að snúa málinu svo með samþykt innan flokksins, að þessir 3 hv. þm. sáu sjer ekki annað fært fyrir nokkrum dögum en að greiða atkvæði gegn þessu sama frv., svo að þeir þyrftu að greiða aftur atkvæði á móti því hinu sama. Nema þeir þá líti svo á, að fjárhagurinn hafi batnað svo mjög í stjórnartíð Framsóknarflokksins 1922 og 1923, að það, sem þá var nauðsynlegur sparnaður, sje nú ónauðsynlegt vegna hins ágæta sparnaðar þeirrar stjórnar.

Hv. þm. Str. kvað mig fljótfæran, þar sem jeg hefi flutt brtt., er hæstv. forseti (BSv) hljóti að vísa frá, og hafi jeg hlaupið apríl með því. En þá þykir mjer skörin vera farin að færast upp í bekkinn, með skítnum á, þegar hv. þm. fer að brígsla öðrum um fljótfærni. Það er svo um menn, sem eru fljótfærir í mörgu, að þeim er virt til vorkunnar, þó að þeir sjeu fljótfærir í fleiru. Jeg geri ráð fyrir, að þessi ásökun hv. þm. beri meiri keim af hans fljótfærni en minni. Að minsta kosti er það víst, að þegar jeg lít yfir æfiferil minn, þá get jeg verið með rólegum huga út af því, að fljótfærni hefir mjög sjaldan orðið mjer að tjóni.

Jeg ætla annars ekki að tefja tímann með því að telja hjer upp nein sjerstök dæmi um fljótfærni hv. þm. Str. (TrÞ). Þess þarf heldur ekki, því eins og skáldið kvað: „Þjóðin mun þau annarsstaðar finna.“ Jeg get annars ekkert furðað mig á því, þótt hv. þm. Str. ýfist nokkuð þegar farið er að ræða þessi efni. Hann er, eins og menn vita, sá forsmáði biðill. Hann beið hryggbrot í biðilsför einni til núverandi atvinnumálaráðherra árið 1922, en hefir ekki haft manndóm til að taka því á rjettan hátt. En með því, að hv. þm. er enn maður ungur, þá er ekki örvænt um, að honum kunni að lærast að taka betur slíkum áföllum. Get jeg bent honum á ýmsa menn í flokki hans, sem gætu orðið góðir lærimeistarar í þeim efnum, því að það hafa verið farnar fleiri árangurslausar biðilsfarir en þessi 1922, sem jeg nefndi. Jeg man að tveir hv. flokksbræður þessa þingmanns komu til mín í samskonar erindagerðum árið 1917, og er jeg hafn-

aði bónorðinu, þá tóku þeir því eins og góðum karlmönnum sæmir. Hefi jeg ekki orðið þess var, að þeir beri neinn kala til mín fyrir þetta. — Jeg vil nú ráðleggja hv. þm. Str. að snúa sjer til þessara manna, og munu þeir sjálfsagt, borgunarlaust, geta kent honum að bera slík vonbrigði á viðeigandi hátt.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það hefir nú svo margt borið á góma um allskemtileg efni, að jeg er alveg kominn út úr því að hugsa um þessi atriði, sem jeg þarf að svara fyrir hönd nefndarinnar. Það er heill sólarhringur síðan jeg kvaddi mjer hljóðs, og er jeg því búinn að gleyma mörgu af því, sem jeg þurfti að taka fram. En þetta sakar ekki svo mjög, enda fylgir sá kostur, að jeg get nú orðið mjög stuttorður.

Jeg þarf ekki að kvarta undan því, að hv. deildarmenn hafi ráðist á mig, því hlýju hefir andað úr ræðum þeirra flestra til nefndarinnar. Jeg þarf því ekki að svara neinum árásum, en af því jeg í fyrri ræðu minni talaði ekki neitt um brtt. hv. þm., þá mun jeg nú með fáum orðum taka fram afstöðu nefndarinnar til þeirra.

Jeg kem þá fyrst að brtt. hæstv. fjrh. (JÞ). Jeg hefi lítið um þær að segja frá sjónarmiði nefndarinnar, og gildir það að mestu leyti fyrir mig einan, sem jeg segi um þær. Jeg er samþykkur því, að teknir verði upp í tekjuhlið fjárlaganna vextir af viðlagasjóði og sömuleiðis að undir „endurgreidd lán og andvirði seldra eigna“ verði færð afborgun af skuld landsverslunar. Að því er snertir till. um að heimila forsetum að leggja niður prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna, þá tók nefndin enga afstöðu til hennar; hún leit svo á, að þar væri um lagaspursmál að ræða, sem hún þóttist ekki einfær um að leysa, eða vildi ekki úrskurða um. Sama er að segja um till. um landhelgissjóðinn, að nefndin hefir óbundin atkvæði í því máli.

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) tók það fram, að vissara væri að hækka 7. gr. sökum þess, að gengisfallið yrði meira nú en áður. Það má vera, að talsvert sje í þessu, en nefndin átti hinsvegar óhægt með að slá föstu, hvað það myndi verða á næsta ári. Er það og von hennar, að það verði aftur komið í horfið við lok ársins 1924 eða á árinu 1925, og að ekki þurfi því sjerstaklega að gera ráð fyrir að hækka í þessu skyni. Þá þótti hv. 2. þm. Rang. nefndin hafa veitt of mikið til Eimskipafjelagsins. Þessi styrkur er ætlaður sem uppbót til strandferðanna, og þótt hann sje nokkuð hár, samanborið við fólksfjölda, þá er hins að gæta, að lega og ásigkomulag landsins valda því, og verður því að telja hin mestu vandræði, að geta ekki haldið uppi þessum ferðum, því ella verða þeir, sem búa á útkjálkum landsins, fyrir tilfinnanlegu misrjetti. Að þessi styrkur er aðeins ætlaður til strandferða, stafar af því, að fjelagið tapar sjerstaklega á strandferðunum. Og það er enginn annar kostur en að veita þetta fje, því ella myndi fjelagið ekki verða samkepnisfært við hin fjelögin, sem keppa við það um flutningana, en eru að því leyti betur sett, að þau geta valið arðsömustu viðkomustaðina. Annars er þessi styrkur einungis skilyrðisbundinn og á ekki að útborgast nema þörf krefji. Og alveg samskonar og á þessu ári. Að því er snertir þá aths., að finna megi ef til vill einhver ráð til að koma strandferðunum í ódýrara horf, þá er það ráð ennþá ekki fundið, og því ekki um neitt slíkt að ræða. — Það var svo ekki fleira.

sem hv. 2. þm. Rang. tók fram, að öðru leyti en því, að hann lauk lofsorði á nefndina fyrir till. hennar, og kann nefndin honum þakkir fyrir það.

Háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF) mintist á Flensborgarskólann og taldi hann brtt. nefndarinnar gera það óumflýjanlegt, að skólinn legðist niður. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Breytingin hjer er í raun rjettri ekki önnur en sú, að skólagjöldin verða notuð sem tekjur fyrir skólann í stað þess styrks, sem hjer er numinn burt, og ætti það að koma nokkurn veginn í sama stað niður.

Þá kem jeg að hv. þm. Mýra. (PÞ). Hann mintist á styrkinn til sjúkrahúsa og vildi, að honum væri ekki skift niður í fleiri staði en svo, að einhverju munaði fyrir þá, sem fengju hann. Vildi hann helst leggja það til, að hann væri ekki látinn koma niður á meira en svo sem tvo staði. Nefndin álítur, að úr því að tillögum hennar var ekki tekið, sje ekki annars úrkosta en hallast að því, að ríkisstjórnin sje látin ráða, hvernig styrknum verði útbýtt.

Sami hv. þm. mintist líka á tillag til sýsluvega. Nefndin telur það óviðeigandi, að veitt verði tillag til þeirra jafnframt því, sem felt sje niður tillag til þeirra vega, sem ríkissjóðnum ber fyrst og fremst að annast.

Þá hefir sami hv. þm. enn komið fram með brtt., þess efnis, að fje sje veitt til að halda uppi bygð á einu fornu höfuðbóli landsins. Nefndin varð mjög undrandi er hún sá þessa brtt., enda mun það vera einstætt, að ríkissjóður leggi fje til slíks, einkum eins og nú stendur á. — Jeg býst líka við, að þessi brtt. sje fram komin í sambandi við sjerstaka styrkbeiðni, sem jeg hirði ekki að nefna, en sem nefndin treystist ekki til að taka upp, vegna þess, að hún taldi þar vera varasamt fordæmi. Nefndin getur því ekki heldur aðhylst þessa till.

Þá er hjer enn brtt. um styrk til Grímsneslæknishjeraðs, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) hefir borið fram. Við 2. umr. hljóðaði tillagan um 9 þúsund kr. styrk, og var þá látið svo heita, að það mundi vera nærri sanni. — En nú þykist háttv. þm. (MT), við ítarlegri athugun málsins, hafa komist að annari niðurstöðu. Ætli það væri nú ómögulegt, ef hv. þm. legðist niður enn á ný og breiddi feld yfir höfuð sjer, að hann kynni að komast að einni niðurstöðunni enn. Það kemur svo oft fyrir hjá þessum hv. þm., að ein niðurstaðan leysir aðra af hólmi, og má það æra óstöðugan að eltast við þær. En nefndin þykist nú fyrir sitt leyti einnig hafa athugað málið allítarlega, og hefir hún komist að þeirri niðurstöðu, að aðhyllast ekki till. Hv. þm. sagði, að þetta mál hefði verið notað sem árásarefni á þáverandi fjrh. (Magnús Jónsson). Sú árás hefir þá sannarlega náð tilgangi sínum, úr því að ráðherrann varð að fara frá. Sýnir það einnig, að árásarefnið var talið allalvarlegt, og verður það til að styðja málstað nefndarinnar.

Næsta brtt. þessa hv. þm. er um styrk til bryggjugerðar á Eyrarbakka. Nefndinni þykir sárt að þurfa að vera á móti þessum styrk, því hún veit vel, að hjer er um mjög gagnlegt fyrirtæki að ræða. En hún treystist ekki til þess, sökum þess, að hún óttast, að það muni draga þann dilk á eftir sjer, sem ekki verði við ráðið.

Þá er hjer brtt. frá sama hv. þm. um styrk til júbil-ljósmóður. Nefndin getur ekki heldur aðhylst þá till., og er það ekki af því, að henni vaxi þessi litla fjárhæð í

augum, heldur af hinu, að hún skoðar þetta sem fordæmi. Auk þess hefir það og vakað fyrir nefndinni, að ef því yrði komið á, að júbil-ljósmæður fengju styrk, þá gæti það haft í för með sjer þá hættu, að ljósmæður yrðu óhæfilega lengi við starfa sinn. Auk þess er á það að líta, að þessi styrkur er hvort sem er ekki svo hár, að nokkuð verulega muni um hann til framfærslu.

Sami háttv. þm. drap á það, hvort nefndin hefði athugað það, að nú þyrfti að auka fjeð til tollgæslu. Nefndin hefir að vísu ekki rætt um þetta enn, en jeg skal játa, að það er mjög líklegt, að auka þurfi tollgæsluna samkvæmt þeim lögum um höft og tolla, sem nú verða afgreidd frá þinginu.

Háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) þarf jeg ekki að svara miklu, en jeg get ekki leitt hjá mjer að minnast á eitt atriði viðvíkjandi þessum hv. þm. Hann er eini maðurinn, sem hefir farið lengra en fjvn. í því að bera fram lækkanir á fjárlögunum. Hann hefir nú komið fram með till. þess efnis og fengið miklar ávítur fyrir af sumum hv. deildarmönnum. Það ríkja náttúrlega mismunandi skoðanir í þessum efnum, en frá sjónarmiði nefndarinnar er það bara eitt, sem nú ber að horfa á, og þetta eina er það, að koma ríkissjóðnum í það horf, að einhver stuðningur geti orðið að honum í framtíðinni. Með þetta fyrir augum hefir verið gripið til úrræða, sem ekki hafa þekst hjer áður, en það er að fella niður allar verklegar framkvæmdir. Eftir að þetta hefir verið gert, þá á í raun rjettri enginn liður fjárlaganna neinn rjett á sjer framar. Það er því fjarri því, að jeg taki til þess, þótt þm. komi fram með róttækar sparnaðartill. sem þessar, er hv. 1. þm. N.-M. hefir nú borið fram. Hjer er heldur ekki nema aðeins um frestun að ræða. Önnur þessi till. hefir því ekki ómaklega fengið lof hjá hv. 2. þm. Rang. (KlJ), og hvað fjvn. snertir, þá kom það til umr. í nefndinni að fella niður öll ólögbundin eftirlaun af 18. gr. Það varð þó ekki ofan á. En nú hefir nefndin, til þess að vera sterkari, tekið upp það ráð að standa fast saman í málum, og verða hv. þm. að sætta sig við þá ákvörðun nefndarinnar. Af þessum sökum mun nefndin vera á móti þessari till., þótt hún hinsvegar telji hana að ýmsu leyti rjettmæta.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) talaði, eins og hv. þm. Mýra. (PÞ), um tillagið til akfærra sýsluvega, og þarf jeg ekki að svara því frekar en jeg hefi þegar gert. Þá mintist hann á klæðaverksmiðju á Reyðarfirði. Nefndin er enn á sömu skoðun og áður, og er sammála um það að leggja á móti tillögunni. Það snertir ekkert skoðun nefndarinnar á því, hvort klæðaverksmiðjur eigi að vera hjer ein eða tvær eða fleiri. Og þó að nefndin væri þeirrar skoðunar, að verksmiðjan ætti ekki að vera nema ein, þá sker hún hjer með ekkert úr því, nema hún eigi að vera á Austurlandi. En aðalatriðið er það, að nefndin telur málið ekki nægilega rannsakað og þessa till. ekki tímabæra, því hjer hefir ekki verið safnað til fyrirtækisins nema ca. 85 þús. kr., en farið er fram á 180 þús. kr. ábyrgð frá ríkinu, sem þó er ekki nema ⅖ stofnkostnaðar, og því alveg óhugsanlegt, að málið komist í framkvæmd fyr en eftir ófyrirsjáanlegan tíma. Það er því ekki til annars, ef ábyrgðin er veitt, en að því er sama sem slegið föstu, að þarna eigi verksmiðjan að vera. Inn á það vill nefndin ekki ganga sem stendur. Það atriði þarf ítarlegri rannsóknar við áður en það sje fastákveðið.

Aftur er jeg samdóma hv. þm. (SvÓ)

um það, að óheppilegt sje að kaupa mikið af kembi- og lopavjelum og setja niður víða um landið. Jeg vil ekki slá því föstu fyrir nefndarinnar hönd, að það sje hennar skoðun, að þetta sje óheppilegt. En það er mín persónulega skoðun.

Þá talaði þessi sami hv. þm. um ábyrgð ríkisins fyrir Norðfjarðarhrepp og um gerðir nefndarinnar í því að fella niður þá ábyrgð, sem samþykt var við 2. umr. fyrir Bessastaðahrepp. Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) drap líka á þetta atriði, sem jeg vildi draga fram við framsögu málsins, að hjer er fordæmi gefið og hætt við, að fleiri komi á eftir. En auk þess er önnur sjerstök ástæða og sjálfsögð leið, sem nefndinni við nánari athugun þótti hin eina rjetta. Eins og menn vita, eiga hjeraðsstjórnir að hafa yfirfjárræði hreppanna með höndum, og er því í raun og veru engin önnur leið rjettari en sú, að hreppparnir leiti fyrst til sýslunefndar og sýslan sjái hreppunum farborða meðan aðrir hreppar sýslunnar fá undir því risið. Og að þá fyrst sje leitað til ríkisins, þegar sýslan getur ekki lengur staðið straum af sínum hreppum. Það er augljóst, hvernig það færi, ef ríkið gengi í ábyrgðir fyrir fjölda hreppa úti um land, og ætti svo að ganga fyrst að þeim og síðan að sýslunum, ef hrepparnir gætu ekki borgað. Dæmið liggur ljóst fyrir frá Vestmannaeyjum, hafnargerðinni þar, þar sem ábyrgðir ríkisins hafa smáhlaðist saman, en ekkert fæst greitt. Þetta er auðsjáanlega ófært ástand, enda getur nefndin ekki mælt með þessum málaleitunum hreppanna. Það kemur málinu alls ekki við, hvernig stendur á þessum vandræðum hreppanna. En jeg vil þó geta þess, að kringumstæður þeirra eru misjafnar og sú þörf, sem liggur til grundvallar fyrir beiðni þeirra. En ef inn á þessar brautir er farið, þá verður að minni hyggju óhjákvæmilegt þegar á næsta þingi að skera niður fjölda slíkra beiðna. Af þessari ástæðu áleit nefndin rjettast að taka aftur tillögu sína um ábyrgð ríkisins fyrir Bessastaðahrepp.

Hæstv. atvrh. (MG) talaði um sjúkrastyrk til manns vestan úr Dalasýslu. Jeg get ekki fallist á þessa till. fyrir nefndarinnar hönd. Hún kynti sjer þetta mál ítarlega, er það lá fyrir henni. Og eftir þeim gögnum, sem fyrir nefndinni lágu, var eiginlega ekki hægt að sjá, hvað gera ætti. Hún gat ekki sjeð á þeim læknisvottorðum, sem umsókninni fylgdu, hvaða líkur væru til þess, að sjúklingurinn fengi bót, þó að hann færi til útlanda sjer til lækninga, nje heldur, hvort ekki gæti skeð, að hann gæti fengið samskonar bót hjá læknum hjer. Þetta var svo óákveðið, að nefndin gat ekkert af því ráðið, og var því niðurstaðan sú, að hún tók ekki upp umsóknina. Annars lágu fyrir fleiri slíkar beiðnir, sem nefndin sá sjer ekki fært að sinna. Þá var annað atriði, sem hæstv. atvrh. vjek til nefndarinnar vegna breytingar á aths. við 16. gr. 3, um styrk til búnaðarfjelaganna. Þessa breytingu sagði hann að yrði að skilja svo, að búnaðarfjelögin ættu að kosta jarðabótamælingar í hreppunum. Nefndin hefir engu lýst yfir um þetta og lætur það afskiftalaust, en býst við, að sett verði ákvæði í reglugerð um þetta efni, hvernig því verði hagað. Enda er ekkert um það sagt í athugasemdinni.

Jeg þarf litlu að svara hv. þm. V.-Sk. (JK). Hann talaði um stúdentastyrkinn og tillögu nefndarinnar viðvíkjandi sáttmálasjóði. Jeg hefi áður talað um það, hver tilgangur nefndarinnar sje með þessu, og þarf ekki að ítreka það. Og nefndin vonar, að háskólaráðið sjái þörfina á því að hlaupa hjer undir bagga. Þó

þetta fje, sem háskólaráðið hefir til umráða, sje ekki mjög mikið, þá er það þó trygt. En hagur ríkissjóðs stendur með ýmsum blóma; stundum hefir hann eitthvað, stundum ekkert fje aflögu. Í sambandi við þetta talaði hæstv. forsrh. (J-M) um það, að háskólaráðið mundi sjá sjer fært að leggja fje til stúdentagarðsins, og er það ánægjulegt. Hjer er um svipað að ræða, og virðist háskólaráðið þar með hafa viðurkent, að verðugt sje að styrkja stúdenta og rjett, eftir tilætlun stofnskrár sáttmálasjóðsins. Sami hv. þm. (JK) talaði um námsstyrk stúdenta erlendis og kvað það hart að lækka hann. Það er satt, að þetta er hart. En nefndinni þótti rjettara að svifta þá styrk, sem ekki hafa verið nema eitt ár ytra, heldur en lækka um of á hinum, sem lengra eru komnir. Það er óhugsandi, að ríkið geti styrkt hvern sem er á þann hátt, sem verið hefir, en hinsvegar verður þessu ekki breytt nema með því móti, að einhver hafi halla af. Og úr styrkhæðinni, eins og hún hefir verið undanfarið, verður ekki dregið, nema með því að takmarka tölu þeirra stúdenta, sem styrksins njóta. Það ætti öllum að vera ljóst, að það er óhyggilegt og ópraktiskt fyrir ríkið að leggja fram mikið fje til þess að stúdentar lesi ytra hin og önnur fræði, sem ekki geta komið að notum hjer í neinu starfi, og styrkja þannig menn, sem ekki taka við neinu embætti hjer, en ganga í þjónustu hjá erlendri þjóð. Það kom fram hjá háttv. þm., að Danir mundu vera fúsir til að styrkja íslenska stúdenta til náms við Kaupmannahafnarháskóla. Það er gott að heyra. Það var helst að heyra á hv. þm., að Danir hefðu fje, sem þeir væru í vanda með að koma í lóg. Hæstv. forsrh. vildi lítið taka undir þetta, og því vafasamt, hvort hv. þm. V.-Sk. (JK) fer hjer rjett með.

Jeg hefi nú vikið nokkuð að ræðu hæstv. forsrh. jafnframt orðum hv. þm. V.-Sk. Þó vil jeg enn minnast á eitt atriði í ræðu hans, sem sje veðurathuganastofuna. Það hafa heyrst miklar raddir um það, að nefndin hafi hjer gengið of langt. Jeg hefi áður tekið það fram, að nefndin bygði einmitt hjer á ítarlegri eftirgrenslan og rannsókn heldur en í mörgum öðrum atriðum. Og hún komst að þeirri niðurstöðu, að með góðri samvinnu við landssímastjórann mundi mega komast af með 12 þús. kr. til skeytasendinga. Og þá verða 8 þús. kr. eftir til hins nauðsynlegasta. Nefndin vill ekki verða til þess, að þessi stofnun falli niður, sem hæstv. forsrh. segir, að sje bráðnauðsynleg, og gæti því gengið inn á það, ef stjórnin sæi sjer fært og sæi nauðsyn á að veita meira. En það hafa engar sönnur verið færðar á það, að 30 þús. kr. væru nær rjettu en 20 þús. kr. Nefndin leggur því á móti brtt. eins og hún er.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) á hjer brtt. um fjárveitingu til geitnalækninga. Það lá erindi um þetta fyrir nefndinni, en hún tók þetta þó ekki upp og hefir ekki lagt til, að það verði samþykt; því þó að hún yrði að telja það þarflegt, að þessar lækningar yrðu framkvæmdar, þá sá hún ekki annað en það gæti þolað bið eins og svo margt annað. Annars er nefndinni þetta ekki kappsmál, en hún verður nú samt að leggja á móti því.

Þá var þessi sami hv. þm. að tala um styrkinn til Esju; og í því sambandi benti hann á það, að breyta þyrfti áætlun hennar. En þar sem hv. þm. var að tala um það, að það ætti að haga strandferðunum alt öðruvísi en nú er, þannig,

að skipið kæmi ekki við nema á fáum stöðum, þá held jeg, að það sje nokkuð fljótlega álitið. Það er ekki vert að slá því föstu, að maður úr Reykjavík eða af Akureyri, þó það sjeu hinir hærri staðir, kunni ekki að eiga erindi nema á stærstu hafnir. Þeir þurfa alveg eins að koma á hina smærri staði. En hjer verður að gera öllum svo jafnt undir höfði sem unt er. Þeim mönnum, sem búa á smáhöfnunum, á að gera eins auðvelt að komast frá sjer og til eins og öðrum. Mjer fanst hv. 4. þm. Reykv. líta á þetta mál nokkuð einhliða, eins og stór Reykjavíkurborgari. Honum þótti hart, að ríkissjóður væri að veita styrk til að halda uppi ferðum við þessar smáholur kringum landið. En þetta er vitanlega misskilningur hv. þm. Það verður að líta á þarfir allra í einu og reyna að bæta þörf allra jafnt.

Þá talaði hv. þm. um uppbót til talsímakvenna og gat þess, að þær hefðu uppeldi sitt að nokkru leyti annarsstaðar frá. Þetta var mjer ekki kunnugt, og jeg veit varla, hvernig á að skilja það. Þær gegna þá kannske símastörfum rjett að gamni sínu. Annars skal jeg enn taka það fram, að það, sem gerði það, að nefndin lagði á móti uppbótinni, var ekki það, að hún vilji ekki viðurkenna, að launin sjeu lág, heldur hitt, að hún vill ekki gera breytingu á laununum fyr en launalögin verða endurskoðuð í heild sinni 1925.

Loks mintist hv. þm. á till. um 50 þús. kr. ábyrgð til Jóhannesar Reykdals til fóðurmjölsverksmiðju. Nefndin leggur ekki á móti þessari till. af því, að hún álíti ekki slíkt fyrirtæki þarflegt. En henni virtist það svo illa undirbúið, að það væri ekkert hægt í því að gera fyrir ríkissjóð. T. d. ber till. ekki með sjer, að heimta eigi nokkra tryggingu. Þetta er alveg óvanaleg aðferð. Og þó að hv. flm. talaði um það, að það væri svo sem sjálfsagt, að ríkið heimtaði tryggingu, þá er stjórnin vitanlega ekki skyldug til þess, nema það sje tekið fram. Þetta er því illa um búið, og nefndin getur ekki mælt með tillögunni.

Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) þarf jeg litlu að svara. Jeg hefi áður talað um ábyrgð ríkisins fyrir hreppana. Hann mintist á ábyrgðina fyrir Húsavíkurhrepp í þessu sambandi. En hjer eru alt aðrar ástæður fyrir hendi. Hjer er um það að ræða að afstýra hættu á lífi og heilsu manna, og því alls ekki sambærilegt við hinar ábyrgðarbeiðnirnar. Sami háttv. þm. talaði um styrkinn til ekkju Jóhanns heitins Sigurjónssonar. Jeg skal geta þess, að nefndin hefir óbundnar hendur um atkvgr. um þessa till.

Þá vil jeg minnast á ræðu hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) viðvíkjandi lækkun á fjárveitingu til sóttvarna innanlands. Það er ekki laust við það, að þessi till. hv. þm. sje dálítið einkennileg. Nefndin hefir átt tal við landlækni um þetta, og er það hans álit, að ekki sje hægt að komast af með minna en það, sem nefndin hafði lagt til. Nú veit jeg ekki, hvort þessa till. á að skilja svo, að meira megi ekki greiða til sóttvarnanna, hvort sem þarf eða ekki. En sje það ekki tilætlunin, þá er till. þýðingarlaus. Verði það gert, þá lítur það dálítið skrítilega út að taka þannig fram fyrir hendur á stjórn heilbrigðismálanna, ef nú kæmu upp næmir sjúkdómar og dýrar ráðstafanir þyrfti að gera. En rjett er að minna hæstv. stjórn á að fara gætilega í það að samþykkja alla reikninga, sem að þessu lúta. Það er gott að geta dregið úr þessum kostnaði, en jeg býst ekki við miklum árangri af slíkri till. sem þessari. Á síðasta ári voru engin sjerleg brögð að næmum sjúkdómum. Taugaveik-

in í Vestmannaeyjum kostaði að vísu allmikið fje, en kostnaðurinn við sóttvarnir innanlands varð samt í fyrra nær 20 þús. krónur. Mjer sýnist ekki hægt að fara vægilegar í sakirnar heldur en nefndin hefir gert.

Hv. sami þm. á fleiri brtt. Honum virtist sjerstaklega ofbjóða skilningsleysi fjvn. á vísindum og listum, og alt annað en fjárkláði væri henni lokuð bók. En nefndin ber engan kinnroða fyrir gerðir sínar í þessu máli. Fjárkláðinn er gamall og nýr skaðræðisgestur, og þegar hv. þm. V.-Ísf. segir, að hann vilji lækka eða því nær fella niður styrkinn til kláðalækninga, er það sama og hann segi, að hann vilji að fjárstofn landsmanna drepist án þess að nokkuð sje að gert. Þegar svo fjeð er dautt, getur hv. þm. sagt við þjóðina: Þetta málverk keypti jeg handa ykkur fyrir 2000 kr. af fje ríkissjóðs á því herrans ári, þegar fjárkláðinn drap 20000 af fje landsmanna. — Það getur vel verið, að hv. þm. sýni þarna meiri víðsýni en aðrir, en jeg býst þó við, að um það verði nokkuð skiftar skoðanir. Jeg hygg, að hjer sje meira í veði en menn alment gera sjer ljóst, og þetta er að mínu viti alls ekkert hjegómamál eða til að gera gys að. Það er auðvitað gott að geta keypt málverk af fátækum listamönnum, en hvar er þá tryggingin fyrir því, að málverkið hafi reglulegt listgildi? Jeg verð að segja það, að þó að jeg sje ekki nema lítilfjörlegur bóndi, þá þykist jeg hafa fullan rjett til að dæma með öðrum um það, hvað sje list. Jeg hefi sjeð margt af þessum málverkum, sem nú eru lofuð hástöfum, og jeg get ekki sjeð, að sum þeirra sjeu tveggja aura virði. Hika jeg ekki við að segja þetta, hvað sem hver segir um það, að jeg og mínir líkar berum ekkert skyn á þessa hluti. Jeg vil líka taka mjer í munn orð hv. 1. þm. N.-M. (HStef), það sem hann sagði um listamannastyrkinn, að þegar svona fje væri skift meðal margra lærlinga, þá yrði það þeim að litlu gagni, en teldi þeim aðeins trú um, að þeir væru listamenn, sem ekki hefðu þó snefil af listargáfu til að bera. Og yrði þá styrkurinn þeim frekar til skaða en hitt.

Þá kem jeg að till. hv. sama þm. (ÁÁ) um lán til að koma upp kembingarvjelum. Sjer nefndin ekki neina ástæðu til að gefa heimild fyrir slíkú láni, þar sem hún sjer ekki, að neitt fje verði fyrir hendi. Ennfremur má benda á það, að rjettara virðist, að kembivjelarnar sjeu í sambandi við klæðaverksmiðju, en ekki settar upp sjerstakar hingað og þangað um landið. Nefndin er því á móti þessari till.

Þá talaði hv. sami þm. um styrkinn til Þórbergs Þórðarsonar. Taldi hann óviðeigandi, að nefndin kæmi með till. um lækkun, þar sem þegar hefðu verið greidd atkvæði um málið. En nefndin gengur þarna alls ekki lengra en sumir hv. þm. Nú hafa aðrir styrkir verið lækkaðir og sumir með öllu feldir niður. Sje líka litið á þörfina, finst mjer ekkert á móti því, að þessi styrkur sje lækkaður í samræmi við annað. Nefndin lítur svo á, að þar sem Þórbergur fær þó þennan styrk, geti hann varið nokkrum tíma til að taka á móti og halda í reglu þeirri viðbót, sem hann fær frá sjálfboðaliðum úti um land. Ætti það að vera honum hægur vandi, samhliða öðrum störfum, sem hann lifir á.

Á sumt það, sem háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) talaði um, hefi jeg minst í svörum mínum til annara hv. þm., sem hafa um það rætt, svo sem styrkinn til símakvenna, veðurathuganastöðvarinnar og iðnskólans. Þó ætla jeg að minnast frekar á iðnskólann. Það má vel vera, að nefnd-

in hafi ekki verið nægilega kunnug honum, til þess að geta metið þýðingu hans. Hugði hún skólann vera mestmegnis fyrir bæinn, en vel má vera, að það hafi verið misskilningur. Jeg skal ekki þrátta um það. En ef nefndin hækkaði styrkinn, yrði það misrjetti, litið til annara skóla.

Þá mintist hv. sami þm. á styrk til að gefa út Lög Íslands. Kvað hann nú víst, að lögin yrðu gefin út, svo að óhætt væri að veita styrkinn þess vegna. En jeg vissi ekki betur en Fjallkonuútgáfan hefði verið byrjuð á útgáfu laganna, og svo komið afturkippur í alt. Væri ekki ómögulegt, að eins færi nú. Hygg jeg líka, að lögfræðingar geti haldið áfram að togast um lagaskæklana, þó að einhver frestur kynni að verða á útgáfunni.

Sami hv. þm. mintist á styrkinn til Jóhannesar Lynge. Það má vel vera, að starf hans sje svo þarft og vel unnið, sem hv. þm. segir, en nefndin hefir fengið þær upplýsingar, að starfsþróttur hans sje orðinn frekar lítill og muni verk hans ekki vera mikils virði. En mönnum mun þá þykja till. nefndarinnar fara fram á of háa upphæð, hafi hún bygt á slíkum upplýsingum. En þess ber að gæta, að maðurinn hefir farið frá öðru starfi til þess að vinna þetta verk og þarf að lifa eins og aðrir. Telur nefndin því ekki rjett að skera um of við nögl sjer styrkinn. Sje maðurinn aftur á móti fyllilega starfshæfur, ætti hann að geta aflað sjer einhverra aukastarfa.

Þá er rannsókn á gróðri landsins. Sje jeg ekki, að það starf sje svo bráðnauðsynlegt, að því verði alls ekki frestað.

Um till. um styrk til Friðriks Klemenssonar er það að segja, að nefndin telur hann svo háan, sem hægt sje að hafa hann, ef gætt er samræmis við annað, og sjer sjer því alls ekki fært að mæla með, að hann verði hækkaður.

Næst er þá till. um styrk til Elínar Sigurðardóttur. Þar hefir komið fram ný ástæða, þ. e. sú, að hún hafi verið í þjónustu landsins. Það má vel vera, að svo hafi verið; um það skal jeg ekkert fullyrða. En jeg hygg, að það hafi verið svo óverulegt, að ekki verði tekið neitt tillit til þess. Annars hefi jeg áður greinilega talað um þennan styrk.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Árn. (JörB) sagði um Skeiðaáveituna, skal jeg upplýsa það, að bankastjórnin vill alveg vera sjálfráð í því máli og tekur ekkert tillit til vilja þingsins í því efni.

Um aðrar tillögur, ef fram hafa komið, sje jeg ekki ástæðu til að tala. Hefir nefndin alls ekki tekið neina afstöðu til þeirra flestra og lætur menn sjálfráða um, hvernig þeir greiða um þær atkv. Held jeg, að jeg þurfi svo ekki að segja meira og láti hjer staðar numið.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg stend nú aðeins upp til þess að svara fyrirspurn hv. 2. þm. Eyf. (BSt), um styrk til Grímseyjarbátsins. Eins og jeg tók fram í gær, var búið að ráðstafa öllum styrknum, nema einum 10 þús. kr. þegar jeg tók við. Og er þó eftir að veita styrk til Breiðafjarðarbátsins, Austfjarðabátsins, Flateyjarbátsins, Hvalfjarðarbátsins og Eyjafjarðarbátsins. Hvað sem hinum líður, þá verður alls ekki komist hjá að veita Breiðafjarðarbátnum styrk, eink um þar sem Suðurland á ekki að hafa hafnirnar sunnan á Snæfellsnesi. En því get jeg lofað hv. þm. (BSt), að sje mjer það mögulegt, skal jeg láta Grímseyjarbátinn fá einhvern styrk. Í fyrra voru veittar til hans 750 kr., en svo hárri upp-

hæð býst jeg ekki við, að hægt verði að sjá af til hans nú. En jeg vona, að það verði ekki minna en 500 kr., þó að jeg vilji alls engu lofa.

Jeg veit það mjög vel, að eftir staðháttum er nauðsynlegt að veita styrkinn, því að ekkert hjerað og engin sveit er eins afskekt og Grímsey. En fleiri eiga við erfiða staðhætti að stríða, og er hart að þurfa að fella niður styrk til Flateyjar- og Hvalfjarðarbátanna, og mun jeg reyna að gera hvað jeg get til þess, að þeir fái eitthvað. Gæti líka verið, að unt væri að láta Breiðafjarðarbátinn fá eitthvað minna í ár, vegna þess að Esja mun koma við á fleiri höfnum við Breiðafjörð en í fyrra. Ákveðnar get jeg ekki svarað og vona, að hv. þm. (BSt) láti sjer þetta nægja.

Hákon Kristófersson: Jeg var einn af þeim hv. þm., sem höfðu beðið sjer hljóðs í gærkvöldi, áður en fundi var slitið. Því var það, að háttv. 3. þm. Reykv. gat þess, að því hefði verið skotið að sjer undir umræðunum, að jeg skyldi sparnaðarins vegna fara ofan í Kringlu og halda mína ræðu þar. Þetta mun annars vera í fyrsta sinn, að mælst er til þess, að þingmenn haldi þingræður sínar utan þingsalsins. Því þetta verð jeg að skoða sem tilmæli frá hv. 3. þm. Reykv. sjálfum, því vitanlega hafði enginn skotið þessu að honum. En ekki get jeg láð hv. þingmanni, þó hann vildi ekki þjóna sparnaðarviðleitni sinni á þann hátt að halda sína ræðu niðri í Kringlu, því þá hefðu hans háttvirtu kjósendur, sem staddir eru hjer í nálægð við hann, farið á mis við allan þann vísdóm, sannleika og sparnað, sem fram kom í ræðu hans, því þrátt fyrir besta vilja frá hans hendi, mundi hann húsrúms vegna ekki hafa getað boðið þeim öllum inn í Kringlu. Jeg vona annars, að hv. 3. þm. Reykv. misvirði það ekki við mig, þó að jeg hafi metið hann svo mikils, að minnast á þessi orð hans hjer úr þingsæti mínu, úr því hann gaf tilefni til þess.

Annars ætla jeg að minnast lítillega á brtt. á þskj. 261, undir rómv. XXXIX, sem fer fram á hækkun við eftirlaun fyrverandi hjeraðslæknis Sigurðar Magnússonar frá Patreksfirði. Jeg býst ekki við, að hv. deild undri það neitt, þó að jeg flytji þessa till., þar sem þessi maður hefir verið læknir í mínu hjeraði ekki minna en 24 ár. Sýndi hann í stöðu sinni frábæran dugnað og skyldurækni og ljet hvorki slæmt veður eða aðrar tálmanir aftra sjer frá að gera skyldu sína. Og óhætt mun að fullyrða það, að hin erfiðu ferðalög yfir hálsa og heiðar að vetrarlagi, er hann varð að leggja á sig, hafi verið aðalorsökin til þess, að hann sá sjer ekki fært að vera áfram í því embætti, er hann hafði svo lengi þjónað með sjerstakri samviskusemi og dugnaði. Á seinasta þingi var samþykt að veita honum 500 kr. viðbót við eftirlaun hans, og var það álit mitt og annara þingmanna, að sú aukning væri til frambúðar, en þó undarlegt megi virðast, leit fjármálastjórnin svo á, að þetta ætti aðeins að vera í eitt skifti. Nú hefir þessi styrkur verið feldur niður, og hefði jeg gjarnan viljað flytja till. um sömu upphæð til þessa heiðursmanns, en vegna hins afarerfiða fjárhagsástands fer jeg aðeins fram á kr. 169,85, og er það svarandi því, sem eftirlaunaupphæð hans mundi aukast, ef honum væri reiknuð uppbót af þeim árum, sem hann var aukalæknir í Þingeyrarhjeraði með 1000 kr. launum. Jeg vona, að öllum finnist hjer mjög í hóf stilt og jeg mundi vera hv. deild mjög þakklátur, ef hún tæki vel í þessa málaleitun. Till. byggist á því, að reiknað

verði með $^{40}/_{60}$ af 1700 í stað $^{36}/_{60}$. Það mun því öllum fullkomlega ljóst, að hjer er ekki farið fram á annað en sjálfsagða sanngirniskröfu. Jeg hefi átt tal við ýmsa hv. þm. um till. og komist að því, að þeir hafa á henni fullan skilning. Þegar viðkomandi heiðursmaður tók við embætti, gilti tilskipun um eftirlaun frá 1855, og voru þau ákvæði nokkuð á annan veg en þau, sem nú gilda. Jeg get vel látið þau orð frá mjer fara, að svo framarlega, sem nokkur embættismaður á eftirlaun skilin, þá á hann að fá þau. Við sem höfum notið hans í 24 ár, getum best borið um, hvernig hann hefir reynst sem embættismaður. Og trúa mín er það, að mörgum í hjeraði hans detti stundum í hug, er þeir hugsa til hans sem fyrverandi læknis síns: „Enginn veit hvað átt hefir fyr en mist hefir.“ Treysti jeg sanngirni deildarinnar, að hún samþykki þessa till.

Jeg á ásamt fleirum brtt. á þskj. 261, undir tölulið IV, um styrk til sjúkraskýla og læknisbústaða, að upphæð 20 þús. kr. Jeg verð að segja, að þó jeg sje meðflm. að þessari brtt., hafa mjer brugðist vonir um þetta mál, að því er snertir gerðir þingsins í þessu máli. En fjárhagnum er nú svo háttað, að maður verður að lúta að litlu og taka við því, sem kann að fást. Háttv. aðalflm. (JK) hefir þegar mælt með þessari till okkar, og er jeg honum sammála að undanteknu því, að þessum 20 þús. kr. skuli varið til fleiri en 2—3 eða 4 staða. Ef svo er, verður þessi styrkur einskis virði. Mjer skilst svo, að þessi styrkur geti varla orðið veittur fleiri en 3, ef að nokkru gagni á að koma þeim, sem hann fá. Eftir því, sem þessi byrjunarstyrkur verður minni, verður og byrjunargetan minni hjá þeim, sem fá hann. Þetta er flutt í þeim skilningi, að stjórnin taki við úthlutun þessara byrjunarstyrkja, og mjer hefir skilist svo, að áframhald eigi að verða á þessum styrkveitingum á næsta og næstu þingum, en ekki það, að þeir, sem nú fá þennan styrk, verði látnir bíða óákveðinn tíma eftir áframhaldi hans; en þeir eru víða um land, sem þessara styrkja hafa notið. Hæstv. forsrh. (JM) gat þess í gær, að heppilegra væri að fara þessa leið og styrkja þessi fyrirtæki smátt og smátt. Vitanlega er jeg því alls ekki sammála, en heldur en að fá ekkert, vil jeg þó fara þessa leið. Jeg hefi nú skýrt, hvað fyrir mjer vakir með afhendingu þessara styrkveitinga í hendur stjórnarinnar, en mjer þykir leiðinlegra, að hæstv. forsrh. (JM) er nú ekki viðstaddur, en þar sem tveir ráðherrar aðrir eru hjer viðstaddir, þykist jeg þó mega treysta því, að jeg hafi lagt þennan skilning minn fyrir alla stjórnina í heild.

Hjer er ekki þess að dyljast, að þegar hafist var handa til undirbúnings því, að læknisbústaður yrði reistur í Flatey, var búist við ⅓ kostnaðar sem styrk frá ríkinu eins og að undanförnu, en að þessi fjárhæð verður minni en gert var ráð fyrir þar vestra, segja háttv. þm. að komi af fjárhagsástæðum ríkisins í svip, en ekki því, að þingið hafi skift um skoðun í þessu máli. Jeg býst við, að það sje nú öllum jafnt ljóst sem áður, að trygging fyrir því, að lífi og heilsu almennings sje borgið, sje ein af aðalundirstöðunum fyrir velferð og velgengni þjóðfjelagsins, og þó margt verði nú felt hjer vegna örðugra fjárhagsástæðna, býst jeg þó við, að þetta verði samþykt, enda er þessari fjárveitingu mjög í hóf stilt.

Þá ætla jeg með nokkrum orðum að minnast á þær brtt., er hjer liggja fyrir. Er þá fyrst 5. liður undir rómv. II., af

því, að háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) gaf mjer ástæðu til þess. Háttv. þm. sagði, að flokksmenn núverandi fjrh. (JÞ) hefðu ráðist á fyrv. fjrh. (Magnús Jónsson) út af ráðstöfunum hans á landhelgissjóðnum, en hin sama meðferð á sjóðnum ætti sjer stað, ef till. hæstv. fjrh. (JÞ) yrði samþykt. En jeg verð að mótmæla því, að það sje árás á nokkurn mann, þó að þingmenn víti meðferð manna á málefnum á einn eða annan hátt. En þó að þessi liður yrði samþyktur, þá er þar ólíku saman að jafna, því að þá yrði fje þessu eytt samkvæmt vilja þingins; er það þvert öfugt við það að taka sjóðinn og eyða honum að öllum fornspurðum án vitundar þingsins. Jeg verð því að mótmæla þeim aðdróttunum háttv. 2. þm. Reykv., að þetta hafi verið persónuleg árás frá mjer. Þvert á móti. Heldur voru öll mín ummæli á síðasta þingi aðeins rjettlátar aðfinslur. Því hefir vitanlega verið haldið fram í þessari hv. deild, að ekki ætti að finna að gerðum þeirra, sem ekki gætu verið viðstaddir og svarað fyrir sig. En þetta er, eins og hæstv. fjrh. tók fram í dag, hin mesta fjarstæða um þá menn, sem með stjórnarvöld hafa farið, því að það er alt annað að finna að hinum opinberu gerðum manna en ráðast á þá persónulega, því að það er skylda þeirra að bera ábyrgðina, sem hleypt hafa asnanum inn í herbúðirnar.

Þá verð jeg að líta á þau ummæli hv. 2. þm. Reykv. sem staðlaust rugl, sem furðu gegndi, er hann gaf í skyn, að skrifstofustjóri hefði leynt lögum um landhelgisgæslu í skrifstofunni, svo þau ekki fyndust, og þar af leiðandi ekki hægt að bera till. þessa saman við þau. Eru allir sammála um, að þetta sjeu ómakleg ummæli í garð núverandi skrifstofustjóra. Annars verður að líta svo á, að lítil takmörk sjeu fyrir því, hvað hv. 2. þm. Reykv. leyfir sjer að bera á þá menn, er hann telur sjer andstæða.

Út af ummælum hv. þm. um tillögu hv. þm. Str. (TrÞ) um 2000 kr. skáldastyrk til Þorsteins Gíslasonar, að Íhalds flokkurinn hafi viljað losna við Þorstein frá ritstjórn Morgunblaðsins, skal jeg leyfa mjer að fullyrða, að þau ummæli hafa ekki við nein rök að styðjast og er slegið fram algerlega út í loftið. Af því að jeg er í flokknum og veit, að þetta eru tilhæfulaus ummæli, leyfi jeg mjer að vísa þeim aftur heim til föðurhúsanna, því að jeg veit ekki til, að jeg hafi íhlutunarrjett, hvorki um ritstjóra Morgunblaðsins eða annara blaða. Annars er það undarlegt fyrirbrigði, eftir því sem blað hv. 2. þm. Reykv. hefir áður verið í garð þessa manns, að það skuli nú fara að gerast málsvari hans.

Viðvíkjandi till. XXXII á þskj. 261, frá háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og háttv. 2. þm. Eyf. (BSt), skal jeg taka það fram, að jeg er sammála þeim um það, að upphæðin til fjárkláðalækninga muni ekki verða of lág. En hinsvegar vil jeg mótmæla því, að kaup á málverkum og útrýming fjárkláðans sje nokkuð samb ærilegt. Og mig undrar, að jafnskynsamur maður sem hv. þm. V.-Ísf. er, skuli bera þetta saman, því að slíkt nær engri átt, að bera saman þá bjargráðaviðleitni þjóðarinnar að losna við þennan hættulega gest landbúnaðarins og kaup á einum eða tveimur málverkum. Annars vil jeg taka það fram, til athugunar fyrir hæstv. stjórn, að hún geri alt, sem í hennar valdi stendur, til þess að reyna að útrýma fjárkláðanum og ganga fast eftir því, að lögunum sje fylgt, en vitanlega sem kostnaðarminst að hægt er.

Út af XLIII. brtt. á þskj. 261, frá hv.

þm. Str. (TrÞ), vil jeg taka það fram, að mig undrar, að slík tillaga skuli koma fram, og það úr þeirri átt. Sje jeg á henni, að rjettlætistilfinningin hefir mátt sín meira hjá hv. flm. en gamlar pólitiskar væringar, því jeg býst við, að það sjeu miklir verðleikar þessa viðkomandi manns, er hafa átt þátt í framkomu tillögunnar, fremur en að hv. þm. Str. hafi gengið annað til. Með atkvæði *mínu mun* jeg sína aðstöðu mína til tillögu þessarar, sem jeg verð að furða mig á, að fram skuli koma.

Skal jeg svo láta fara fram hjá mjer tillögur einstakra þingmanna, en minnast með nokkrum orðum á till., sem jeg flyt ásamt hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) á þskj. 261 XIII, um hækkun á styrk til bátaferða. Eins og kunnugt er, hefir samgmn. ekki getað orðið sammála um upphæð styrksins, og ekki heldur um úthlutun þess litla fjár, sem úthluta þarf á þessu ári. Hv. minni hluti virðist vera aðeins 1 maður, eftir orðum hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) að dæma, og leggur hann til, að styrkurinn til bátaferða sje 60 þús. kr. En við meirihlutamenn leggjum aftur á móti til, að hann sje 65 þús., og hefðum fegnir viljað leggja til, að hann yrði meiri, ef við hefðum sjeð okkur það fært. Má þó tæplega búast við öðru en hann verði of lítill, því að upphæðin er miðuð við, að dýrtíðin fari minkandi, en eftir öllum sólarmerkjum að dæma, þarf ekki að búast við, að svo verði í náinni framtíð. Við lítum svo á, að 75 þús. krónum, eins og var í fyrra, væri hæfilega í hóf stilt, og skal jeg viðurkenna, að glöggsýni hv. þm. Mýra. (PÞ) hefir þar reynst meira en okkar, því að nú eru ekki til úthlutunar meira en 23 þús., sem er svo lítið fje, að nefndin getur ekki komist að niðurstöðu um, hvernig hún eigi að skifta því, enda er það aðeins 23 þús. kr. meira en það, sem fastbundið hefir verið af stjórninni. Vænti jeg nú, að háttv. deild viðurkenni, að við meirihlutamenn samgmn. höfum gengið eins skamt og hægt hefir verið með því að leggja til, að veittar verði 65 þús. í þessu skyni, og samþykki því till. okkar.

Hv. 2. þm. Rang (KlJ) tók það fram í gær, að hann liti svo á, að þrjá báta bæri fyrst og fremst að styrkja, sem sje Skaftfelling, Suðurland og Djúpbátinn. Get jeg tekið undir það með hv. þm. og viðurkenni, að ekki megi eiga sjer stað að fella niður styrk til þeirra, en það eru líka fleiri bátar, sem nauðsyn er á að styrkja, og virðist honum sú þörf ekki eins ljós eins og mjer. Þó að óvíða sje eins erfitt með samgöngur og í Skaftafellssýslum, eru þó sumir staðir, sem litlu eru betur settir, og má þar sjerstaklega tilnefna innhluta Breiðafjarðar, því að þar koma aldrei skip, nema einstöku sinnum á Hvammsfjörð. Segir það sig því sjálft, að styrkur til bátaferða á þessum hluta Breiðafjarðar er alveg óhjákvæmilegur. Og má því alveg slá því föstu, að ef ekki verða styrktar samgöngur til Gilsfjarðar og austurhluta Barðastrandarsýslu, stefnir í þau vandræði, sem jeg skil ekki, hvernig viðkomandi hjeruð fá leyst. Vænti jeg því, að hæstv. stjórn hafi einhver úrræði með að styrkja bátaferðir í þessum landshluta.

Hæstv atvrh. (MG) sagði, að af því, sem eftir væri af bátastyrknum, mætti skoða 6 þús. kr. sem skuld við Svan frá f. á. Þessu er jeg ekki sammála, en aftur á móti mun svo um hnúta búið, að Svanur er búinn að fá upphæðina. En hinsvegar megi líta á það, að það var fyrir misskilning, að sá bátur fjekk 2 þús. kr.

meira í fyrra en samgöngumálanefnd ætlaðist til, og býst jeg við, að hv. 2. þm. Rang. (KlJ) sje mjer sammála um þetta. Vil jeg því skjóta því til stjórnarinnar, þar sem fjárhæð þessi varð meiri en til var ætlast, hvort ekki mætti minka þennan styrk og verja því til að styrkja bátaferðir í öðru hjeraði. Það hefir ekki legið ákveðið fyrir, hvort Svani yrði haldið úti næsta sumar eða ekki. Og verði það ekki, er óhjákvæmilegt að fá annað skip til að fara til Gilsfjarðar og Salthólmavíkur, því að annars koma menn ekki frá sjer vor- og haustvörum.

Jeg býst nú við, þó að samgöngumálanefnd hafi í tillögum sínum ekki getað gert svo öllum hv. þm. hafi líkað, þá hljóti þeir þó að sjá, að með svo litlu fje, sem hún hafði úr að spila, var ómögulegt að fullnægja hinni brýnustu þörf.

Jeg var ekki hjer staddur í gær, þegar hv. 1. þm. Árn. (MT) hjelt ræðu sína, en mjer hefir verið sagt, að hann hafi komist inn á sölu Geysishússins fræga og tekið það fram, að það hafi verið notað sem árásarefni á fyrv. fjrh. Magnús Jónsson, en þetta voru, bæði að mínu viti og margra annara þingmanna, aðeins rjettlátar aðfinslur. Hv. þm. hafði líka sagt, að þær aðfinslur hefðu borið hinn besta árangur, með því að viðkomandi ráðherra hefði farið frá á eftir. Jeg vænti því, að hann, jafnskarpvitur lögfræðingur, sjái, að hann hefir með því viðurkent rjettmæti þeirra aðfinslna. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara frekar út í ummæli háttv. þm., þar sem hann er orðinn mjer sammála.

Lýk jeg svo máli mínu, en skal aðeins taka það fram, að jeg mun ekki kasta aftur, þó einhver hv. þm. finni hjá sjer tilhneigingu til að ausa auri að mjer sjerstaklega.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg ætla mjer ekki að gera að umtalsefni margar brtt., er fyrir liggja á þskj. 261, og ekki heldur aðrar brtt. á öðrum þskj. Læt jeg mjer nægja að skírskota til þess, sem hv. samþingismaður minn (MT) sagði um þær till., sem við flytjum saman, þar eð jeg felst algerlega á ummæli hans um þær í gær. Jeg á brtt. á þskj. 261, XXXV, sem, eftir því sem fram kom við 2. umr. fjárlaganna, fann ekki náð í augum hv. deildarmanna. Jeg fer nú fram á minni fjárupphæð, og vænti jeg því, að till. verði vel tekið. Tel jeg mjög óviðeigandi af þinginu að hjálpa til að koma slíku fyrirtæki á stofn, en banna því svo síðar starfrækslu. Finst mjer, að þegar þingið hefir hjálpað til að koma á fót starfsemi, þá megi ekki samstundis leggja hindrun í veginn fyrir hana. Er það mjög varhugavert og ilt að ýta undir menn til þess að hefjast handa og ráðast í fyrirtæki, en að því loknu að banna þeim með lögum að starfrækja það. Þýðir ekki í þessu sambandi að skírskota til þess, að hægt sje að færa bygginguna úr stað. Við það verður kostnaðurinn svo mikill, að engin leið er að því, að þetta fyrirtæki geti borið sig. Það tvöfaldar stofnkostnaðinn.

Þá vildi jeg minnast á síðari till. mína á sama þskj., um Skeiðaáveituna. Verð jeg, af því að málefnið er þess eðlis, að það liggur ekki ljóst fyrir öðrum en þeim, sem sjerstaklega þekkja til þess, að drepa á það, hvernig fyrirtækinu hafi vegnað frá öndverðu og gera grein fyrir kostnaðinum, sem af því hefir leitt. Get jeg ekki gengið fram hjá þessu, þannig að hv. þm. geti látið atkvæði sín falla mönnum þessum til óhagræðis fyrir það, að ekki hafi verið gerð nógu ítarleg grein fyrir málinu.

Jeg hygg, að það hafi verið árið 1880 að fyrst var talað um að veita á Skeiðin. Var það presturinn á Ólafsvöllum, sem þá var sjera Stefán Stephensen. Taldi hann það vera framkvæmanlegt og til hinna mestu búnaðarbóta. Árið 1888 mældi svo búfræðingur Sveinn Sveinsson landið og gerði áætlun um kostnaðinn, og taldist honum svo til, að kleift væri að framkvæma þetta. Þó þótti athugun hans ekki svo nákvæm, að mönnum þætti unt að gera út um það, hvort ráðast skyldi í fyrirtækið eða ekki. Þá gerir Sæmundur Eyjólfsson búfræðingur árið 1892 áætlun um kostnaðinn, en hún var heldur ekki vel greinileg. Lá nú málið í dái þar til 1906. Er þá fenginn hingað upp danskur verkfræðingur, Talbitzer, til þess að gera hjer ýmsar mælingar og athuga ýmsar framkvæmdir, og mældi hann þá, að tilhlutun Búnaðarfjelagsins, Skeiðin og gerði ítarlega kostnaðaráætlun. Gerði hann ráð fyrir, að fyrirtækið mundi kosta 200 þús. kr., og þótti mönnum það of mikið fje til þess að ráðist yrði í framkvæmd fyrirtækisins. Treysti sveitin sjer ekki til að ráðast í þetta að svo stöddu; bjóst ekki við að geta staðið straum af kostnaðinum, og því lá málið niðri um nokkur ár. Nokkru síðar gerðu menn nánari athugun á svæðinu, og var þá Búnaðarfjelaginu bent á það, að taka mætti Þjórsá á öðrum stað en þeim, sem Talbitzer hafði gert ráð fyrir, og mundi það leiða til mikils sparnaðar. Var þá fenginn þáverandi landsverkfræðingur Sigurður Thoroddsen til þess að rannsaka málið og gera áætlun um kostnaðinn, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að kostnaðurinn mundi nema 100 þús. kr. Var þó enn ekki ráðist í verkið. Sumarið 1915 var svo verkfræðingur Jón Ísleifsson fenginn til þess að gera mælingar. Var hann þá aðstoðarmaður hjá þáverandi landsverkfræðingi Jóni Þorlákssyni, og kom hann með kostnaðaráætlun, sem er dagsett 21. mars 1916. Var mæling hans og áætlun lögð til grundvallar fyrir framkvæmd verksins. Áætlaði hann, að kostnaðurinn mundi nema rúmum 100 þús. kr. Þessi sami verkfræðingur gerði svo síðar áætlun um kostnaðinn fyrir hvert einstakt býli, og var það eftir þeirri áætlun samtals 107 þús. kr. Er áætlunin dags. 8. jan. 1917. Var grófturinn og þess háttar áætlaður alls 103600 kr. Þegar hjer er komið sögunni, álíta bændur sjer fært að ráðast í fyrirtækið, og hjeldu þeir því með sjer fund 15. febrúar 1917, og var þar samþykt að ráðast í verkið. Var nú leitað til Landsbankans um lán, og fjekst það — veðdeildarlán til 40 ára, gegn ábyrgð sveitarstjórnar Skeiðahrepps, sem aftur tók jarðirnar að veði með 2. veðrjetti. Þá leitaði sveitin til þingsins 1917 um styrk og fjekk það loforð, að landið skyldi greiða ¼ hluta kostnaðarins. Forstöðumaður verksins var ráðinn Geir G. Zoëga núverandi vegamálastjóri, en verkið sjálft hófst 5. júní 1917. Þetta var í fyrsta sinn er ráðist var í slíka starfsemi á landi hjer, og voru menn því ókunnugir ýmsu, er að því laut, sem vonlegt var. Voru menn til að byrja með ráðnir upp á tímakaup, 50 aura á klukkustund. Mun óhætt að fullyrða, að ef reynsla hefði verið fengin fyrir slíku verki hjer á landi áður, þá hefði mátt fá verkið framkvæmt bæði á annan hátt og ódýrara. En mönnum var vorkunn, þó að nokkur mistök yrðu fyrsta árið — án þess að jeg ætli mjer þó að gera nokkuð sjerstaklega mikið úr þeim mistökum. Þó hygg jeg, að heppilegra hefði verið að bjóða vinnuna út í ákvæðisvinnu, akkorði svokölluðu. Enda var vinnan boðin út þannig síðar, er reynslan var fengin, og

reyndist það miklu ódýrara. Var um eitt skeið talið, að hver ten.m. kostaði í tímavinnu 67½ eyri, en í ákvæðisvinnu 40 aura. En verkið sóttist seint með handavinnu einni, og þegar að því kom, að gera átti stærsta skurðinn, þá sáu menn, að nauðsynlegt var að fá betri tæki. Því var það, að í fjárlögunum 1918 var veitt fje til þess að kaupa skurðgraftarvjel. Kom sú vjel til landsins 1919 í júní. Var hún ósamsett og ýmsir hlutar hennar stórir og þungir og því erfiðir til flutnings. Voru sumir þeirra fluttir sjóveg til Eyrarbakka, en aðrir landveg austur. Vjelin var því ekki tilbúin til vinnu fyr en seint í september sama ár. Var þá besti starfstími ársins um garð genginn og við það bættist, að menn voru tækinu óvanir, og olli það ýmsum mistökum og töfum á verkinu, auk þess sem af því leiddi, að það varð töluvert dýrara. Sumarið 1920 var vinnunni haldið áfram, en þá var margt orðið dýrara en áður var. Þá var tímakaup orðið kr. 1,20—1,48. Sú athugun var einnig þá gerð, að kostnaðurinn við hvern ten.m., sem grafinn var með vjelinni, var meiri en við handavinnu, eða um kr. 1,72. En seinna, þegar menn fóru að venjast vjelinni, komst þó kostnaðurinn niður í 90 aura á hvern ten.m. Sement kostaði þetta sumar komið austur 70 kr. tunnan, og það segir sig því sjálft, að ekki er að undra, þó að verkið kostaði meira en áætlað var í fyrstu. Sumarið 1921 var verkinu haldið áfram, en er eftir var að grafa um 700 lengdar-metra, þá kom í ljós klöpp, sem menn vissu ekki um áður. Var hún um 2 metra á þykt, sem sprengja þurfti niður. Hafði að vísu verið haft á orði, að þarna mundi vera klöpp, sem ekki væri ómögulegt að næði skurðinum, en það var svo athugað af verkfræðingi, og mótmælti hann þeirri fullyrðingu. Eins og menn geta nærri, seinkaði þetta vinnunni mjög og gerði hana miklu dýrari. Sumarið 1922 var svo vinnunni haldið áfram sem áður. 1923 var vinnan hafin um páska, og unnu þá fæst 18 menn en flest 35. Var vinnunni svo lokið 28. maí 1923 og var vatninu þá hleypt yfir landið. Sá kostnaðarauki, sem af klöppinni leiddi, nam rúmum 100 þús. kr., en áveitukostnaðurinn allur var um 430 þús. kr., eða ferfaldur við það, sem áætlað var í fyrstu.

Þegar vart varð við klöppina, álitu margir búendur, að rjett mundi að hafa aðfærsluskurðinn annarsstaðar en ætlað var í fyrstu. Sumir vilja nú máske segja, að rjett hefði verið að hætta við verkið. Þeir bjuggust við miklum kostnaði við að sprengja klöppina, eins og raun varð á. En þar sem mjög mikilli vinnu og miklu fje var þá búið að eyða í þetta fyrirtæki, var engin leið annað en halda því áfram. Það var of seint að hverfa aftur. Jeg vænti þess, að af þessu stutta yfirliti, sem jeg hefi gefið, geti menn gert sjer glögga grein fyrir aðstöðu búenda þessara sveita til þessa máls. Er jeg þess fullviss, að þeir hefðu aldrei lagt út í þetta, ef þeir hefðu búist við helmingi þess kostnaðar, sem raun varð á, hvað þá heldur meira. En þetta verk má skoða sem tilraun fyrir samskonar fyrirtæki hjer á landi. Þessir menn hafa að vísu verið svo óheppnir að lenda með framkvæmdir sínar á þeim breytingatímum, er engan mann í heimi hafði órað fyrir. Ef menn hefðu sjeð þá fyrir, hefði tilhögun manna að því er snertir fjármál orðið alt önnur. Jeg skal geta þess, að þessir bændur höfðu ekki fyrirtækið á valdi sínu eftir að það var byrjað, heldur var það undir umsjón annara, og voru það þeir menn, sem álitnir eru að hafa besta þekkingu á slíkum málum og fengnir voru til að gera áætlun.

Nú flyt jeg þessa till. um að gera þessum mönnum ívilnun á vöxtum og afborgunum tvö næstu ár, til þess að gefa þeim kost á að auka bústofn sinn áður en þeir tækju sjer þessa þungu byrði á herðar. Þó það sje samkvæmt fyrv. ákvörðun þingsins, að ríkissjóður leggi fram ¼ kostnaðar, þá er það, sem eftir er, svo gífurleg upphæð, að tæplega 30 bændur munu alls ekki geta risið undir þeim skuldabagga. Því síður geta þeir það áður en þeir hafa notið neins arðs af framkvæmdunum. Ekki vilja þeir samt skjóta sjer undan að greiða svo mikið, sem þeim er fært. Vilja þeir gjarnan, að það verði athugað frá hálfu hins opinbera, hvað þeim er fært í þessu efni. Ef leggja á þessa þungu byrði á herðar þessara fáu bænda, er það öldungis víst, að þeir kikna undir henni. Þeir mundu fljótlega hröklast af jörðum sínum. Og þó aðrir menn ættu að koma á jarðirnar og ættu að standa skil á öllum kostnaði, er jeg alveg viss um, að þeir færu sömu leiðina. Má vera, að það komi ekki mikið við hjörtu sumra hv. þm., þó einn og einn hreppur væri tekinn upp, vegna atvika, sem hann ekki gat ráðið við. Undanfarin ár hefir þannig verið háttað um atvinnumálin, að minsta kosti um sjávarútveginn, að þó nokkur stuðningur hefir fengist frá hinu opinbera undir eins og þörf krafði. Undirtektir þessa máls eru því algerlega í ósamræmi við allar aðgerðir í fjármálum síðustu ára. Till. mína á þskj. 261 hefi jeg sniðið eftir hinum bágborna hag ríkissjóðsins og ekki farið fram á beint fjárframlag úr ríkissjóði til greiðslu á vöxtum og afborgunum til Landsbankans. Myndi jeg undir öllum öðrum kringumstæðum hafa farið þá leið. Jeg hefi hagað till. minni á þann veg, að þingið heimilaði stjórn Landsbankans að gefa þessum bændum eftir greiðslu vaxta og afborgana í tvö ár, með því að full vissa væri fyrir, að þeir gætu ekki risið undir skuldabyrðinni sem stendur. Myndu þeir þá síðar geta staðið straum af nokkuð miklu af kostnaðinum. Ef þingið samþykkir þessa till., virðist mjer það ekki þurfa að gefa bankastjórninni fyrirskipanir, hvernig hún hagaði sínum aðgerðum í þessu máli. Jeg skoða það heldur sem yfirlýstan vilja þingsins um, að það láti óátalið, þó bankastjórnin geri ívilnun til þessa sveitarfjelags. Býst jeg við, að þingið geri bankastjórninni þægt verk með þessu. Jeg ætla ekki, að stjórn Landsbankans beiti sveitarfjelagið því valdi, sem hún hefir, og reki búendur af jörðum sínum. Fyrirfram geri jeg ekki ráð fyrir því. Orðalag þessarar till. er á sömu leið og heimild, sem þingið hefir áður gert viðvíkjandi Landsbankanum. Í 23. gr. í fjárlagafrv., sem liggur nú fyrir til umr., er orðalag nákvæmlega það sama og á annari fjárgreiðslu, er Landsbankinn hefir um mörg ár int af höndum. Þar sem hjer er að ræða um svo stórvægilegt mál, sem nauðsynlegt er að greiða fyrir á sem hentugastan hátt, ætti henni að vera kærkomið að hafa yfirlýstan vilja þingsins að baki sjer. Það hefir verið haft á orði hjer, að ekki væri rjett af þinginu að hlutast til um starfsemi bankanna. En jeg veit ekki betur en að hjá öllum menningarþjóðum hafi það þótt ein æðsta skylda löggjafarvaldsins að líta eftir bankastarfseminni og hlutast til um hana, ef á þurfti að halda. Það er því síður en svo, að jeg biðji nokkurrar afsökunar á því, að jeg ber þessa tillögu fram. Mjer finst það engin goðgá, þó þingið hafi íhlutun um bankastarfsemina í landinu. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða

frekar um þessa till., en vona að hv. deild líti með allri sanngirni á málið. Jeg hefi með þessari greinargerð gert allljóst, hvernig er ástatt um þetta fyrirtæki. Þætti mjer allhart, ef hið háa Alþingi daufheyrðist að þessu sinni, þar sem um svo brýna nauðsyn er að ræða.

Hjer gæti jeg í raun og veru lokið máli mínu. En það hefir komið fram sitthvað við umr. þessa fjárlagafrv., sem jeg get ekki leitt hjá mjer að minnast á. Sjerstaklega er það ræða hv. fjrh. í gær, sem gefur mjer tilefni til að segja nokkur orð. Hann gerði fjárhag landsins að umtalsefni sínu, og það, hvernig fjármálunum hefir verið stjórnað síðustu ár. Hann hafði haldið erindi áður en þing kom saman, sem gekk í svipaða átt, og dregið upp allgreinilegar myndir af ástandinu. Hann sakaði bæði þing og aðra, sem með fjármálin höfðu farið síðustu árin. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að tekjuhalli ríkissjóðs frá 1917—1922 næmi rúmlega 10 milj. kr.

Þar sem jeg hefi haft meiri kynni af fjármálunum þessi árin en ýmsir aðrir, af því að jeg hefi haft yfirskoðun landsreikninganna með höndum, er ekki órjettmætt, að jeg víki að þessum málum örfáum orðum. Veit jeg ekki hvort hæstv. fjrh. er það nærri, að hann megi heyra mál mitt. Kysi jeg heldur, að hann væri viðstaddur, svo hann hefði kost á að svara, ef honum þætti þurfa. Jeg skal þó reyna að haga ummælum mínum þannig, að þau ekki meiði hann.

Þessa uppgerð á landsreikningunum (tekjuhallann), sem hæstv. fjrh. gerði að umtalsefni, fær hann með því að taka saman þær upphæðir á öllum þessum árum, sem útgjöldin hafa farið fram úr tekjunum. Fljótt á litið virðist þetta rjett; og jeg get verið honum sammála um, að þegar til lengdar lætur er hyggilegast að haga fjármálum samkvæmt þessu og að landsreikningana beri að gera upp einmitt á þennan hátt. En mjer finst, þegar verið er að tala um efnahag og eyðslufje, að ekki sje hægt að gera upp reikninga landsins frekar en menn mundu gera upp fyrir einstakar stofnanir. Það verður að athuga, hvernig fjenu er varið, og þegar litið er á það, skakkar miklu frá niðurstöðu hæstv. fjrh. Á þessu tímabili hefir ríkið ráðist í ýms fyrirtæki, látið byggja brýr, hús, vita og sitthvað annað. Og þó að flestar framkvæmdir ríkisins gefi ekki stórvægilegan arð, má engan veginn skoða fjeð sem glataðan eyðslueyri. Sem betur fer hefir ekki nema nokkuð af þessari nefndu upphæð farið alveg í súginn; allmikið af tekjuhallanum liggur í framkvæmdum ríkisins. Ekki er hægt að ásaka þá menn, sem hafa staðið að þessum framkvæmdum eftir skipun þingsins. Eigi einhver ámæli skilið í þessu efni, er það bersýnilegt, að fyrst og fremst liggur sökin hjá Alþingi. Ráðherrarnir, sem hafa farið með málin milli þinga, hafa verið þjónar þingsins og gert þessar framkvæmdir eftir fyrirskipun þess. Má vera, að hinu háa Alþingi hafi orðið skyssa á þegar það samþykti lög um húsabyggingar ríkisins, byggingu brúa o. fl., og gerði ráð fyrir, að landið gæti tekið fje að láni til framkvæmdanna. Þær ádeilugreinar, sem komið hafa fram, eru mjög skiljanlegar frá þessu sjónarmiði. Undanfarin ár hafa andófsblöð stjórnanna talið skyldu sína að vaka yfir, hvernig farið er með fje ríkisins. Má telja það nauðsynlegt fyrir þing og stjórn að hafa aðhald í þessum efnum, og á þann hátt hefi jeg skilið þau skrif, sem orðið hafa um þessi mál.

Þó að jeg hafi átt sæti á þingi 1919, ætla jeg ekki að beiðast undan þeim ákúrum,

sem jeg á skilið fyrir þær till., sem jeg hefi gert á þeim tíma. Jeg þykist í því efni ekki hafa sem versta aðstöðu. Alþt. munu bera þess vott, að jeg ekki ósjaldan hefi greitt atkvæði móti þeim till., sem síðar meir urðu ríkissjóði þungar í skauti. En jeg hlýt að álíta, að því þingi hafi verið nokkur afsökun, þó það liti heldur björtum augum á framtíðina.

Jeg verð að segja það, viðvíkjandi ýmsum ummælum, sem hæstv. fjrh. hefir látið falla, að jeg hygg ekki erfitt að sanna, að honum hafi ekki á þessum árum farist betur en þinginu, að því er ýmsar framkvæmdir snertir. Jeg skal nefna tvö fyrirtæki, sem hann hefir verið hvatamaður að, að í var ráðist, sem sje húsbygging Eimskipafjelagsins og bygging rafstöðvar Reykjavíkur. Jeg veit, að hæstv. fjrh. stóð í broddi fylkingar í að koma þessum fyrirtækjum af stað. Hefir hann sjálfsagt gert það í besta skyni. En jeg hygg nú, að þessar framkvæmdir hafi sannað, ekki síður en annað, hversu herfilega mönnum getur mistekist í áætlunum.

Um leið og hæstv. fjrh. áfellir okkur og Alþingi fyrir ráðstafanir á síðastliðnum árum, finst mjer að hann hefði átt að skoða í sinn eiginn barm og athuga, hverskonar till. hann hefir gert um framkvæmdir fyrir fáum árum. Býst jeg við, að hann sjái, að sitthvað af því, er hann hefir lagt til, hefði betur mátt fara, og best, að það hefði ekki verið framkvæmt. Jeg hygg, að tilraunir hans nú og annara til sparnaðar hafi verið bygðar á þekkingu og reynslu þessara ára. Hafi nú hæstv. fjrh. verið glöggskygnari á þessi mál en aðrir á þessum tímum, hví gerði hann þá ekki aðrar tillögur? Og síst mun það bæta málstað hans, ef það verður upplýst, að hann hafi sjeð þetta fyrir, en þó ráðið til hins gagnstæða. Þess er ekki von, að stjórnin gæti á þessum árum hindrað framkvæmdir, sem þingið hafði fyrirskipað. Í þessu efni er stjórnin eins og flestir aðrir, t. d. þeir, er rjeðu fyrir Skeiðaáveitunni, svo jeg nefni eitthvert dæmi, að það hefir verið hafist handa í góðri trú um það, að kostnaðurinn yrði minni en raun hefir á orðið. Jeg minnist t. d. einnar byggingar, sem Alþingi ákvað að láta byggja fyrir 60—80 þús. kr., en það varð þó að síðustu um ¼ milj. kr. Í þetta hefði alls ekki verið ráðist, ef menn hefðu sjeð þennan mikla kostnað fyrir. Þannig mætti lengi telja. Jeg veit, að jeg gæti talið upp í eina 3—4 tíma, hvernig ýmsar slíkar áætlanir hafa farið, hvernig verðlag hefir breyst, og fært rök fyrir því, að þó að kostnaður ýmsra framkvæmda hafi farið fram úr áætlun, hafi hann, að minsta kosti í sumum tilfellum, ekki verið neitt óeðlilegur. Hins vegar er jeg sammála um það, að menn eigi að læra af þessari reynslu að fara gætilegar og hyggilegar að en áður og reyna að fá vissu fyrirfram um, að kostnaðurinn við framkvæmdirnar verði ekki meiri en gert hefir verið ráð fyrir. En út frá þessari reynslu er ekki hægt að heimta minni sanngirni af neinum manni en að hann reyni ekki að heimfæra þessa sök á aðra, en þykist alt hafa sjálfur sjeð betur fyrir. Hann verður þá að minsta kosti að geta sannað, að hann hafi ekki sjálfur drýgt sömu syndirnar. Það hefði sýnt sig, ef landsstjórnin hefði vitað betur og tekið í taumana, að þá hefði ekki svona farið, en þessi tími hefir verið okkar reynsluskóli, og jeg hygg, að allir hv. þm. vilji nú gera sitt

besta til að koma nú fram með tillögur landinu til búbóta. Mun jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta.

Hæstv. fjrh. vildi helst víkja að einum landsmálaflokki sjerstaklega fyrir eyðslu á landsfje, en jeg hygg samt, að þó hann sje allslyngur og vel að sjer ger, þá hafi hann samt bundið sjer þar þann bagga, sem hann sje ekki maður til að rísa undir. Annars er óþarfi að deila um þetta; þingsagan sýnir það og sannar, að þetta er engum sjerstökum flokki að kenna. Það bera ýmsir sökina. Jeg vil engum sjerstökum flokki eigna þessa sök; hana eiga margir, ef ekki allir meira og minna, sem við þessi mál hafa verið riðnir.

Því, sem hæstv. fjrh. vjek að hv. þm. Str. (TrÞ), svara jeg ekki; þar er hv. þm. Str. maður til að svara fyrir sig sjálfur. En þó get jeg ekki stilt mig um að víkja að einu atriði í ræðu hæstv. fjrh., þar sem hann kvaðst aldrei hafa kent fljótfærni hjá sjálfum sjer, og sæti því illa á háttv. þm. Str. að vera að brigsla sjer um þann hlut.

Það má vel vera, að hæstv. fjrh. hafi aldrei skyssa orðið á í öllum þeim framkvæmdum, sem hann hefir haft með höndum og ráðið til, að gerðar yrðu, heldur hafi þar alt verið vel íhugað fyrirfram og að yfirlögðu ráði gert, en þá verð jeg að segja, að málstaður hæstv. fjrh. verður þá síst betri.

Klemens Jónsson: Mjer þykir líka leitt, að hæstv. fjrh. er hjer ekki viðstaddur, en þó gerir það mjer minna til en þeim háttv. þm., sem nú var að setjast niður, því að jeg hefi honum minnu að svara. Hæstv. fjrh. játaði það í síðari ræðu sinni í dag, að það mætti setja reikninga undanfarinna ára öðruvísi upp en hann hefði gert. Mjer þykir vænt um að heyra það, því eins og háttv. þm. mun kunnugt, er talsverður munur á áætlunum mínum og hæstv. fjrh. (JÞ), og mjer hefir verið láð það, að mínir reikningar væru ekki eins nákvæmir og hans. Jeg skal játa, að þeir eru ekki eins nákvæmir, enda var ekki ástæða til að gera þá svo nákvæma samkvæmt mínum tilgangi með þeim. Mjer nægði það eitt að sýna fram á, að skuldirnar væru orðnar það miklar, að nú yrði að nema staðar og taka nýja stefnu í fjármálum ríkisins. Það gladdi mig því, að hæstv. fjrh. viðurkendi, að það mætti setja þessa reikninga upp á tvo vegu, og er því sýnt, að jeg hafði ástæðu til þess að setja þá svo upp sem jeg gerði, en hinsvegar tók jeg það fram í framsöguræðu minni, að jeg vefengdi alls ekki tölur hæstv. fjrh. Háttv. 2. þm. Árn. (JörB), sem er góður reikningsmaður og reikningsbókarhöfundur, tók það líka fram í ræðu sinni, að þetta mætti reikna þannig og að útkoman gæti farið eftir því, hvernig þessir reikningar væru settir upp.

Þá kem jeg að ræðu þeirri, er hæstv. atvrh. flutti hjer í deildinni í gær, og á jeg erfitt með að svara henni til fulls, þar eð hæstv. atvrh. var sýnilega í allmikilli geðshræringu og bar því svo ört á um tíma, að jeg átti erfitt með að fylgjast með í ræðu hans. Meðal annars heyrði jeg hann segja, að fjrh. einum væri ekki að kenna útkoman á reikningum ríkissjóðs, þar eð hinir ráðherrarnir rjeðu fyrir útgjöldum á svo mörgum liðum, sem undir þá heyrðu. Má þetta vel til sanns vegar færa, en jeg fæ ekki skilið annað en að það sje skylda hvers góðs fjármálaráðherra að skýra „collegum" sínum frá því, hvernig fjárhag ríkisins sje varið og benda þeim á, ef þörf er á því, að fara varlega í útgjöldin. Jeg hygg,

að hver fjármálaráðherra muni gera þetta, enda þótt hann fyllilega viðurkenni umráðarjett „collega" sinna yfir ýmsum greinum fjárlaganna. Þetta hefi jeg leyft mjer að gera; jeg talaði um það við embættisbróður minn, hinn ráðherrann, að fjárhagurinn væri mjög örðugur og að alls hófs þyrfti að gæta, og bað hann því að spara eftir mætti allar umframgreiðslur, þar sem því yrði við komið, og jeg varð aldrei var við, að hann þyktist við þetta eða tæki mjer það á neinn hátt óstint upp. Jeg hefi leyft mjer að yfirfara og athuga vandlega alla reikninga og stærri greiðslur, sem fram hafa farið í minni tíð í hans stjórnardeild. Það hlýtur því að gleðja mig og aðra að heyra það, að núverandi hæstv. fjrh. hefir lýst yfir þessari sömu reglu að því er sig snerti, og hann hefir jafnvel gengið miklu lengra en jeg í þessa átt. Hann hefir meira að segja áskilið sjer það, eftir hans eign sögn, áður en hann tók sæti í stjórninni, að engar umframgreiðslur megi eiga sjer stað hjá hinum ráðherrunum, nema hans samþykki komi til.

Hæstv. atvrh. fór í samanburð á 14. gr. fjárlaganna 1921 og 1922, en 14. gr. heyrði ekki undir mig, og er mjer því ekki skylt að halda uppi vörn gegn þeim samanburði; en þó hygg jeg, að þetta verði ekki í vil núverandi hæstv. atvrh. Árið 1921, er núverandi atvrh. var fjrh., voru umframgreiðslur á 14. gr. 724 þús. kr., en árið 1922 var hreinn sparnaður 53 þús. kr. á þessum lið. Mjer finst því ekki hæstv. atvrh. ríða feitum hesti frá þessum samanburði. Hæstv. atvrh. vill sennilega láta líta svo út, að útkoman 1922 hefði átt að vera þannig, að meira hefði sparast á þessum lið 1922, því dýrtíðaruppbótin var þá orðin lægri. Það er rjett, að dýrtíðaruppbótin var 137% árið 1921, en 1922 var hún komin niður í 94%. En þessi lækkun kom auðvitað ekki niður öll á þessum lið einum, heldur engu síður á öðrum greinum fjárlaganna, og vitanlega eru 724 þús. kr. í umframgreiðslur margfalt verri útkoma en 1922. Annars hjelt jeg, að hæstv. atvrh. hefði meint fremur 13. gr., því hann talaði í þeim tón, eins og hann væri að meina mig, en hann nefndi þó áreiðanlega 14. gr. En mjer dettur nú í hug að fara í samanburð á 13. gr. árin 1921 og 1922. Árið 1921 stóðust liðirnir A. og B. áætlun. Á C-lið spöruðust 33 þús. kr., en hefðu átt að vera 97 þús. kr., því af styrk til Þorsteins Jónssonar upp í 100 þús. kr. voru aðeins borgaðar út 3 þús. kr. Á D-lið nam umframgreiðsla 621 þús. kr. og á E-lið 76 þús. kr. Alls umframgreiðsla á 13. gr. um 800 þús. kr., en 1922 var umframgreiðsla á þessari gr. 182 þús. kr. Ekki verður þessi samanburður heldur hæstv. ráðherra í vil.

Jeg vil nú samt taka það fram, að slíkur samanburður og þessi frá ári til árs verður aldrei svo rjettur, að óyggjandi megi á honum byggja, því að það er undir svo mörgum atvikum komið, hvernig útkoman verður. Þegar jeg tók við ráðherraembætti í marsbyrjun 1922, var ómögulegt fyrir mig að ráða neinu um verklegar framkvæmdir á því sumri, sem þá fór í hönd. Eins og eðlilegt var, var löngu áður búið að undirbúa og ákveða, hvaða verk yrðu framkvæmd það sumar, og þótt jeg hefði feginn viljað, var alókleift fyrir mig að viðhafa nokkurn sparnað að því er þetta snerti. Stærsti liðurinn útgjaldamegin á þessu ári var Flóaáveitan, en það var þá fyrir rúmum tveimur mánuðum búið að ganga frá fullkomnum samningum við framkvæmdarstjóra þessa verks. Þannig var þá aðstaða

mín í marsbyrjun 1922, eða mjög svipuð og aðstaða hæstv. atvrh. (MG), er hann tók við sem fjrh. 1920. Að aðstaða hæstv. núverandi atvrh. sje nú 1924 einnig svipuð þessu, má að vísu segja að sumu leyti, en þó lítur hún nokkuð á annan veg út, því að 1922 átti að framkvæma ýmisleg verk, sem atvrh. gat alls ekki við ráðið eða hamlað, en nú hefir verið ákveðið, að í alls engar verklegar framkvæmdir skuli ráðist þetta árið og hið næsta, og hefir hann því óbundnar hendur um það, er hann vill láta framkvæma, ef eitthvað kynni að rakna úr um fjárhag ríkisins á næstunni. Hæstv. atvrh. hefir því miklu betri aðstöðu en jeg hafði árið 1922. En sem sagt, þessi samanburður er engan veginn einhlítur, og jeg skil ekki í því, að hæstv. atvrh. skyldi vera að hafa fyrir því að tína hann saman, og það því fremur, sem það er nú sýnt og sannað með tölum, að hann er honum síst í vil, og tölurnar verða ekki hraktar.

Háttv. þm. Barð. (HK) vjek í ræðu sinni að styrknum til Breiðafjarðarbátsins, og skal jeg geta þess, að það er rjett, sem hv. þm. sagði, að báturinn fjekk í raun og veru of lágan styrk, 1500 kr., en hefði átt að fá 2000 kr. Stafar þetta af því, að ósamkomulag varð um þetta mál milli samgöngumálanefnda Ed. og Nd., og má því kenna þeim um þetta, en ekki stjórninni, og þetta veit hv. þm. Barð., því að hann hefir fengið að sjá skilríki fyrir þessu síðan hann kom til þings.

Þá var það háttv. þm. Ak. (BL), sem jeg þurfti að ávarpa nokkrum orðum, en jeg sje, að hann er hjer ekki viðstaddur, og get jeg ekki að því gert, en jeg vænti þess, að hv. flokksmenn hans beri honum það, sem jeg nú mæli til hans. Hann sendi mjer mjög vingjarnlegar kveðjur, eins og hans var von og vísa, þess góða manns. Það leit svo út, sem hann vildi gefa háttv. þdm. skýringu á því, hvers vegna jeg og háttv. þm. Str. (TrÞ) hefðum veist svo mjög að hæstv. atvrh. Jeg verð að segja það, að mjer er ekki kunnugt um, að jeg hafi með einu orði ráðist á hæstv. atvrh. Jeg nefndi hann alls ekki á nafn í ræðu minni í gær, enda hafði jeg heldur enga ástæðu til þess, og yfir höfuð man jeg ekki eftir, að jeg hafi nokkurn tíma beint neinum ónotum í hans garð. En þó svo nú væri, að jeg hefði veitt hæstv. atvrh. nokkurt aðkast, er ekki ástæða til að ærast yfir því; þetta er svo að segja daglegt brauð hjer á þingi, að hnútum sje kastað yfir borðin, jafnvel milli vina og flokksbræðra. En þetta hefir aðeins alls ekki átt sjer stað að því er mig snertir, og eru því forsendur hv. þm. Ak. ekki aðeins rangar, — þær eru alls ekki til. Ástæða sú, sem hv. þm. Ak. ber fram fyrir þessu athæfi okkar háttv. þm. Str., hafði átt að vera hviksaga (hann nefndi það orð), sem hafi komið upp um daginn, að jeg hefði leitað til hæstv. núverandi atvrh. um að mynda með mjer stjórn. Jeg get afdráttarlaust, að því er mig snertir, lýst því yfir, að þessi „hviksaga“ er algerlega röng. Jeg hefi aldrei gert neitt í þessa átt eða látið aðra gera það fyrir mig. Hv. þm. Ak. getur sannfært sig um þetta með því að spyrja hæstv. atvrh. En jeg get sagt hv. þm. aðra sögu, sem er áreiðanlega víst að gekk hjerna um bæinn, og hún er á þá leið, að snemma í þessari viku, er loks tókst að mynda stjórn, eftir hjerumbil fjögurra vikna bis og strit, að þá hafi hæstv. atvrh. snúið sjer til mín og beðið mig að vera í stjórn með sjer, og get jeg sömuleiðis lýst því yfir, að hvað mig snertir er þetta einnig ósatt, og get jeg því vel hugsað mjer, að allar

þessar sögur sjeu af sama toga spunnar, og því algerlega tilhæfulausar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg veit ekki, hvort það er til mikils fyrir mig að fara að svara ræðu háttv. 2. þm. Rang. (KlJ). Hann kvaðst ekki hafa skilið það, sem jeg sagði í gær, vegna þess að jeg hafi verið í geðshræringu. En jeg verð þó að álíta, að hann hafi skilið dálítið af því, sem jeg sagði, að því leyti, sem hann reyndi að svara ræðu minni og hann fór ekki rangt með það, sem jeg hafði sagt. Svo það er því vitað, að hann hefir skilið eitthvað af því, sem jeg sagði þá.

Hann sagði, að það væri skylda góðs fjrh. að sjá um, að engu væri eytt í umframgreiðslur án hans samþykkis. Það má vel vera, að hann hafi fylgt þessari reglu. Hann tekur það fram, að hann hafi haldið þessari reglu síðari helming síns ráðherradóms. Hví gerði hann það ekki altaf, hafi hann viljað vera sæmilegur fjrh.? Mjer þykir líklegt, að hann hafi viljað vera góður fjrh. alla sína tíð. Vitanlega verður það alveg tilgangslaust að hafa fleiri en einn ráðherra, ef hinir eiga engu að ráða. Jeg hefi ávalt verið á þeirri skoðun, að ráðherrar ættu ekki að vera fleiri en einn, og fellur þetta að því leyti saman við skoðun mína á málinu; en á meðan þeir verða að vera þrír, nær það engri átt, að fjrh. sje einráður um alt, en hinir sjeu aðeins sem einhverskonar „dúkkur" við hlið hans. Ef einhverjar þær framkvæmdir eru ráðnar að lögum, sem þarf að borga fyrir, getur fjrh. alls ekki skorast undan því. Allra síst getur þetta gilt um verk, sem ákveðin eru í fjárlögum. Skilyrði núverandi hæstv. fjrh. eiga því aðeins við þær umframgreiðslur, sem alls ekki verða heimfærðar undir neinn ákveðinn lið í fjárlögunum. En eigi að fara mjög strangt í þetta, getur það haft misjafnlega góð áhrif á ýmsar framkvæmdir, því að það er ekki ávalt hægt að segja fyrirfram um hvað eina, hvað það muni kosta svo að segja upp á eyri. Háttv. 2. þm. Rang. bar saman umframgreiðslur 1921 og 1922 og hjelt því fram, að hann væri sjálfur hvítur sem engill, vegna þess að umframgreiðslur hefðu orðið minni 1922 en árið 1921. Það sjer hver heilvita maður, hvað mikil sanngirni er í þessu, þegar þess er gætt, að 1919 var engin áætlun um dýrtíðaruppbót, en 1921 var hún áætluð 120%, en reyndist ekki að verða nema 94%. Verður því samanburðurinn aðeins til að villa. Ef hann á að koma að nokkru haldi, þá verður að bera saman það, sem í raun og veru eyddist þessi árin. Vegna dýrtíðarinnar hlaut áætlun þingsins 1919 að verða röng, og sökum dýrtíðarinnar hlutu ýms óhjákvæmileg gjöld að greiðast utan fjárlaga.

Þá hefir hv. 2. þm. Rang. ekki ennþá svarað fyrirspurn minni um orsakirnar að því, að útgjöldin urðu jafnmikil 1922 eins og 1921, þrátt fyrir það, að dýrtíðaruppbót á launum starfsmanna hefðu numið ½ milj. kr. minna 1922 og aðrir liðir minkað að minsta kosti um annað eins. Væntanlega kemur hv. þm. að þessu seinna.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) kvað ekki hafa verið greitt meira fje 1921 en við hefði mátt búast. Það er mikið á dómi þessa manns að byggja, þar sem hann er þektur að því að vera reikningsmaður glöggur og hefir auk þess endurskoðað alla þessa reikninga, enda þyrði jeg vel að leggja þetta mál í hans dóm, þó hann sje í öðrum flokki en jeg. Annars skildist mjer helst á hv. 2. þm. Rang., að allur samanburður á árum sje ómögulegur. Og

það er hann einnig á þeim grundvelli, sem hann gerði samanburðinn. Þegar tímarnir breytast mjög snögglega, eins og 1919—1920, er það auðsætt, að gæta verður allrar varúðar til þess að samanburðurinn sje rjettur. Verður þá, eins og jeg tók áðan fram, að byggja niðurstöðuna á því, hvað eyðst hefir í raun og veru.

Háttv. sami þm. sagði, að ýmsar verklegar framkvæmdir hefðu þegar verið undirbúnar 1922, áður en hann tók við stjórn. Jeg þori ekki að neita þessu um sumt, en undarlegt þykir mjer, ef allar vegagerðir hafa verið ráðnar það ár. Að minsta kosti hafði jeg ekki ákveðið neitt um það, og býst jeg ekki við, að fyrirrennari minn hafi gert það heldur. Er ekki vanalegt að gera það svo snemma á árinu. Þá sagði hann, að ólíku hægri væri aðstaða mín nú heldur en sín þá, þar sem ekkert væri nú fastráðið um opinberar framkvæmdir. En minna vil jeg hann á, að ólíku er saman að jafna, að taka við tómum kassa, eins og jeg verð að gera, eða taka við talsverðu fje, eins og hann. Loks kveðst háttv. þingmaður ekki skilja, hvers vegna jeg hafi komið með þennan samanburð. Það er mjög skiljanlegt, að hann kæri sig ekkert um samanburðinn. Það er honum mjög nákominn maður, sem þessum ágreiningi hefir valdið, og hans vegna var samanburðurinn gerður.

Þá talaði hv. þm. um, að ástæðulaust væri að veitast að sjer. Það gerði jeg heldur ekki. Jeg ljet mjer nægja að taka tölurnar. En eðlilegt er það, að hann tæki upp þykkjuna fyrir tengdasoninn, hv. þm. Str. (TrÞ). En þá má hann búast við, að á hann geti slest. Má um þetta hafa málsháttinn gamla: Þegar rignir á prestinn, drýpur á djáknann.

Ekki vil jeg fara að draga hviksögur inn í umræðurnar. Hvað mig snertir, þá læt jeg mjer nægja yfirlýsingu háttv. 2. Rang., en vil þá einnig gera honum sömu skil og lýsa yfir því, að sögurnar eru tilhæfulausar hvað hann snertir.

Halldór Stefánsson: Jeg skal strax taka það fram, að jeg læt mjer nægja loforð hv. fjvn. um styrkinn til læknisráðningar og vænti þess, að hann komist í það horf, að viðunandi sje.

Það var fyrst hv. þm. V.-Sk. (JK), sem mintist á till. mínar og það á þann veg, að jeg get ekki stilt mig um að fara um það nokkrum orðum. Hefði hann gert það á viðeigandi hátt, þá hefði jeg ekki skift mjer af því. Hann gerði málið að tilfinningamáli, en mintist ekki á ástæður mínar. Sagði hann meðal annars, að jeg hefði ráðist að fátækum ekkjum og ljet með mörgum orðum í ljós hluttekningu sína til þeirra og vanþóknun á slíkri aðferð. En það er galli á um hluttekningarsemi hans, að hún nær ekki út yfir 18. gr. fjárlaganna, því vita má hann, að líkt stendur á um fleiri ekkjur. Og því hefði mátt vænta, að hann hefði bygt sín mótmæli á því, að þessi ekkja, sem hjer um ræðir, ætti rjett á að hafa einhver sjerstök forrjettindi. Á það benti hann þó ekki, enda er því ekki til að dreifa. Þá skil jeg ekki, hvað hann átti við, þegar hann var að tala um röggsemi mína í þessu máli. Það er þá líklega fyrir það, að hann hefir fundið til þess, að hann gæti ekki ráðist að rökum mínum.

Jeg óskaði nafnakalls um allar till. mínar. Þótti hv. þm. liggja í því einskonar hótun. Jeg fæ ekki skilið, hvers vegna honum er svona illa við nafnakall. Mætti þó ætla, að honum kæmi það einmitt vel, til þess að fá tækifæri til að auglýsa sitt góða innræti.

Þá mintist hv. sami þm. á þingfararkaupsfrv. sitt í þessu sambandi og var eitthvað að geta sjer til um hvatir mínar í því máli. Jeg veit ekki, hvaðan honum er komin vitneskja um þær eða hvaða rjett hann telur sig hafa til að gera þær að umtalsefni. Jeg skal ekki gera þetta frekar að umtalsefni nú; tel rjettara að gera það þegar það mál kemur til umræðu, ef háttv. þm. vill þá endurtaka ummæli sín.

Annars held jeg, að ekki sje heppilegt að fara að gera mál að tilfinningamáli eða gera sjer ímyndanir um hvatir manna að ástæðulausu. Það er ekki altaf, sem tilfinningarnar fara með menn á rjetta leið, og þá eru þær vafasamur grundvöllur til að byggja niðurstöður sínar á. Og ekki síst hættir mönnum við að segja eitthvað, sem ósæmilegt er og betur væri ósagt látið.

Hvað þessum tillögum mínum viðvíkur, þá get jeg líka vísað til þess, sem hv. frsm. (ÞórJ) sagði um þær, og þó hann teldi sig ekki geta verið þeim fylgjandi, þá áleit hann þær í alla staði sæmilegar og á þann veg,- að þær gætu vel komið til mála.

Jeg hefði haft ástæðu til að gera nokkrar athugasemdir við það, sem háttv. þm. Ak. (BL) sagði, en þar sem hann er ekki viðstaddur, þá get jeg eins slept því. Hann gerði till. mínar að umtalsefni á sama hátt og hv. þm. V.-Sk., en þó öllu hófsamlegar. Um það get jeg því látið mjer nægja að vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt, en slept að minnast á önnur atriði.

Jón Baldvinsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir nú talað langt mál um tillögur sínar um landhelgissjóðinn og niðurfelling prentunar á umræðuparti Alþingistíðinda. Var þess að vænta, að hann þættist þurfa að verja þær, en játaði þó, að þær myndu ekki verða látnar ganga fram, enda er víst enginn nema hæstv. fjrh. og þeir, sem telja sjer skylt að hafa hann í forsvari, sem geta látið sjer detta í hug að breyta almennum lögum með fjárlagaákvæði.

Eftir því, sem hæstv. fjrh. ljet um mælt í ræðu sinni, þá virðist sem hann hafi lesið lögin um landhelgissjóð frá 1913, og eftir þeim lögum gæti till. hans ef til vill staðist. En það getur hún ekki eftir lögunum frá 1915, sem hann virðist ekki hafa kynt sjer. Og hvort sem um nýmæli í lögum er að ræða eða breyting á eldri lögum, þá fer meðferð sem þessi beinlínis í bága við þingsköpin. Jeg hefi farið allnákvæmlega gegnum umræðurnar um lögin um stofnun landhelgissjóðsins og breytinguna á þeim, og kemur sá tilgangur alstaðar skýrt í ljós, að geyma skuli sjóðinn þar til skip verði keypt, sem taki að sjer strandvarnirnar. Og önnur skipun verður ekki á þessu gerð, nema með breytingu á lögunum, sem þá verður að fara fram á þann venjulega hátt, þegar lögum er breytt.

Hæstv. fjrh. vitnaði til sjávarútvegsnefndar og taldi hana vera á sama máli og sig í þessu efni. Og það er satt, að þegar þetta mál var þar rætt, þá bar það meðal annars á góma, hvort ekki væri rjett að taka máske eitthvað af vöxtum landhelgissjóðs til strandvarnanna. En jeg benti á, að það væri ekki heimilt samkvæmt gildandi lögum. Við þetta hygg jeg, að hv. samnefndarmenn mínir kannist. Það, sem enn styður þetta, er, að í frv., sem fram er komið um breytingu á landhelgissjóðslögunum, er gert ráð fyrir að breyta lögunum til þess einmitt, að

fjárveitingavaldið geti ákveðið, að eitthvað af sjóðnum verði látið ganga til landhelgisvarnanna.

Öllu skýrari og ótvíræðari var játning hæstv. fjrh. viðvíkjandi hinni till., um að fella niður prentun á umræðuparti Þingtíðindanna. Í lok ræðu sinnar gekk hann út frá því, að þessari till. yrði vísað frá, þar sem frv. um sama efni hefði áður verið felt. En varnir þær, sem hann bar fram, voru auðvitað eingöngu til að sýnast og breiða yfir þetta frumhlaup, sem hann hefir með þessu gert sig sekan í gagnvart þingsköpunum og gildandi lögum. Hann kvað mig ekki bæran að dæma um, hvað stjórnin áliti vantraust eða ekki. Má af því ráða, að hann telji þetta ekki vera svo mikið mál, að hann finni ástæðu til að segja af sjer vegna þess. En annarsstaðar er þó venjan sú, að stjórnirnar telja sjer skylt að segja af sjer, ef stórmál, sem þær bera fram, eru feld. Og hjer er vissulega um stórmál að ræða, og mætti því ætla, að það væri fráfararsök, ef hv. Nd. feldi málið fyrir honum. Nú sje jeg, að hann ætlar þó að sitja þrátt fyrir alt, og var gott, að honum gafst tækifæri til að lýsa þessu yfir.

Þá mintist hann enn á lofsamleg orð, sem staðið höfðu um mig í Alþýðublaðinu. Það er satt, að minn flokkur hefir traust á mjer. Og þó að blaðið telji mig geta ráðið allmiklu, ef jeg fengi frið til þess, og telji mig margra manna maka, þá hefir hæstv. fjrh. fundið ráð á móti; hann hefir lýst einum flokksmanna sinna svo, að hann sje 7 manna maki, og ef líkt er um aðra í Íhaldsflokknum, sem eru 20, og ef hver þeirra er 7 manna maki, þá verður það 7 sinnum 20, eða 140, og stenst jeg þá líklega ekki gegn slíku liði.

Þá komst hæstv. ráðherra í klípu út af orðum mínum um Þorstein Gíslason. En þar tók jeg aðeins upp nokkur lofsamleg ummæli, sem hv. þm. Ak. (BL) hafði um þennan mann. Og jeg ljet í ljós undrun mína yfir því, hvert kapp Morgunblaðsliðið hefði lagt á að losna við hann, þennan „heiðarlegasta blaðamann á Íslandi.“ Þykir mjer ólíklegt, að Íhaldsflokkurinn hafi ekki ráðið þar nokkru um. Hinn nýi ritstjóri blaðsins er, eins og kunnugt er, einn af helstu mönnum flokksins, enda hefir blaðið mjög reynt að styðja þessa stjórn til valda, og þá ekki hvað síst hæstv. fjrh., og flytur nú eftir hann hina frægu ræðu, sem hann var löngu búinn að boða og hefir gengið svo lengi með. Ummæli mín voru því alt annað en tilefnislaus. En svo mikið kapp var lagt á að reka Þorstein Gíslason frá blaðinu, að ekki mátti bíða með það þann tíma út, sem hann var ráðinn við blaðið, eða til 1. júní, heldur var hann látinn fara strax. Skiljanlegra mun þetta máske þykja, fyrst hann er af stuðningsmönnum blaðsins talinn vera heiðarlegasti blaðamaðurinn á Íslandi. Þeir hafi ekki kært sig um að hafa slíkan mann í sinni þjónustu og viljað vinna til þess að greiða honum stórfje, til þess að losna sem fyrst við hann.

Háttv. þm. Barð. (HK) er ekki viðstaddur, enda er það sama. Hann sagðist engar árásir hafa gert á fyrv. stjórnir, heldur aðeins vítt þær út af landhelgissjóðnum. Jeg finn ekki mikinn mun á því, hvort hann hefir farið með ávítur eða árásir, og mjög hörð ummæli hafði hann um fyrv. fjármálaráðherra (Magnús Jónsson) út af þessu máli, og var það eitt skæðasta vopn hans í kosningabaráttunni í haust, eftir því sem sagt var. (*HK*: Sumir telja lygina sannleika).

Hv. þm. (HK) misskildi auðsjáanlega það, sem jeg sagði um Stjórnartíðindin,

sem ekki fundust, því jeg átti ekki, eins og hann vissi vel, við skrifstofustjóra eða aðra í skrifstofu Alþingis. Er hv. þm. ekki svo skyni skroppinn, að hann viti ekki vel, við hvað jeg átti og hvert skeytinu var beint.

Viðvíkjandi því, sem jeg sagði um Þorstein Gíslason, get jeg vitnað til þess, sem jeg svaraði hæstv. fjrh. Getur vel verið, að hv. þm. vilji telja sig undan, en jeg hygg, að ætla megi, að Íhaldsflokkurinn, sem kvað vera svo einstaklega samhentur, eigi þar óskorað mál. Og ekki verður um það deilt, að málgagn það, sem Þorsteini Gíslasyni hefir verið vikið frá, hefir verið og er aðalmálgagn þess flokks, og jeg býst ekki við, að þeir kæri sig um að fara að afneita því nú.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vona, að hv. þdm. virði mjer það til betri vegar, hversu tamt mjer er að vitna til fornra sagna.

Datt mjer í hug að minnast í upphafi máls þessa orða, sem mælt voru fyrir rúmum 700 árum síðan norður í Þingeyjarsýslu.

Þeir eltu þá grátt silfur Arnór Tumason, höfðingi Skagfirðinga, og Guðmundur góði. Var hart sótt og varið á báða bóga og átti Arnór títt um sárt að binda. Þó fanst Arnóri ilt, ef deilurnar fjellu niður nokkuð langa hríð; hafði það áhrif á heilsufar hans og skaplyndi. Bera þau þess vitni orðin, er honum fjellu af munni, er honum bárust fregnir af hernaði í Þingeyjarsýslu og bændur báðu hann liðsinnis gegn biskupi. Þá kvað hann svo á: „Í sumar hefir mjer verið kvellingasamt, en er mjer komu orð Reykdæla, að þeir þyrftu liðs við, hóf af mjer allar vámur, svo jeg kenni mjer hvergi ilt.“

Jeg hefi nú þegar setið í 20 klst. undir þessari 3. umr. og hefir sótt að mjer svefn og leiði, en jeg verð að játa, að einkum þegar hæstv. fjrh. (JÞ) tók til máls og veittist að mjer, þá „hóf af mjer allar vámur, svo að jeg kendi mjer hvergi ilt.“ Treysti jeg, að það endist, enda skal ný aðför hafin.

Jeg vona, að hæstv. forseti (BSv) leyfi mjer að fara dálítið út fyrir efnið, því hæstv. fjrh. hefir vissulega stofnað til þess, að umr. í dag og gær yrðu að töluverðum eldhúsdegi.

En áður en jeg snýst við hæstv. ráðherrum (MG og JÞ), ætla jeg að víkja örlítið að því, sem jeg geymdi vísvitandi í fyrri ræðu minni. Í hinni fyrri ræðu sneri jeg mjer að stórpólitíkinni, og því geymdi jeg þetta vísvitandi, að jeg vildi, að einmitt í sambandi við það efni kæmist engin pólitík að. Jeg á hjer við þá einu fjáreyðslutill., sem jeg hefi komið fram með og mun bera fram, þá brtt. mína við 18. gr. fjárlaganna, að setja Þorstein Gíslason við hliðina á öðrum rosknum og viðurkendum skáldum. Inn í þetta vildi jeg engri pólitík blanda, og það er mjer mjög óljúft, að það hefir verið gert af ýmsum.

Mjer er það ljóst, að sumir segja, að styrkur þessi til gamalla skálda eigi ekki að vera til. Liggur hjer fyrir till. um að fella hann niður til sumra. Verði horfið að því ráði að fella niður skáldastyrkinn til Einars H. Kvarans og Indriða Einarssonar, skal jeg ekki halda fast í þessa till. En hinu verð jeg ákveðið að halda fram, að verði það ekki gert, eigi Þorsteinn Gíslason að skipa bekkinn með elstu og bestu skáldum okkar, þeim Valdimar Briem, Einari H. Kvaran og Indriða Einarssyni.

Við erum tveir flm., jeg og hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Hann hefir að fornu og nýju verið pólitískur andstæðingur þessa manns, og svo hefi jeg nú verið í nokkur ár. Því er það ljóst, að ekki á till. að rekja rót sína til pólitíkurinnar. Heldur viljum við með henni sýna það, að hvað sem líður hörðustu deilum á því sviði, þá erum við manna fúsastir til að viðurkenna verðleika og sóma þessa andstæðings okkar.

Jeg tel svo ástæðulaust að orðlengja þetta frekar. Jeg vona, að hv. þdm. sýni till. velvild sína og blandi ekki frekar stjórnmálum inn í. Mun jeg aldrei gera það ótilneyddur, og þó hv. þm. Ak. (BL) gæfi sjerstaklega fult tilefni til þess, ætla jeg að sneiða hjá því.

Þá kem jeg að eldhúsverkunum. — Mun jeg þá snúa mjer að þeim tveim hæstv. ráðherrum (MG og JÞ), sem hjer sitja, og fyr að þeim, sem jeg þarf minna við að tala, hæstv. atvrh. (MG).

Fyrst vil jeg þó segja það, að jeg á ekki upptökin að því, sem gerst hefir hjer í gær og dag, og heldur ekki á jeg upptökin að því, að rjett í þingbyrjun hófst umræða um fyrv. fjármálastjórnir. Hæstv. fjrh. hóf það verk, og gerði jeg ekki annað en vitna í hann í gær. Hafði ekkert verið gert frá minni hálfu til þess að deila á ný á hæstv. atvrh., en hæstv. fjrh. hefir valdið því með ræðu sinni í gær, að þessi 3. umr. fjárlaganna verður sannkallaður eldhúsdagur.

Að þessu loknu vil jeg minnast stuttlega á fáein atriði í ræðu hæstv. atvrh.

Fyrsta og stærsta atriðið, þegar um það er að ræða, hvernig honum hafi farist fjármálastjórnin 1920—21, og það atriðið, sem aðfinslur mínar eru mest á bygðar, er að sjálfsögðu mesta málið — enska lánið.

Hæstv. atvrh. hóf afsakanir sínar með því, að margir hefðu hvatt til þess, að lán yrði tekið. Það er nú svo og svo. Jeg og margir aðrir mjer meiri voru þessu mótfallnir, og svo er á hitt að líta, að sitthvað er að hvetja til að taka lán með góðum kjörum og að taka lán með hvaða kjörum sem er, ekki síst með verstu ókjörum.

Jeg er þess fullviss, að margir, sem hvöttu til lántökunnar, hefðu strax kipt að sjer hendinni þegar þeir hefðu frjett um ókjörin, því enska lánið er ekki eingöngu mesta lánið, sem tekið hefir verið, heldur og það versta. Og vona jeg, að önnur eins ógæfa verði aldrei leidd yfir þjóðina aftur.

Jeg get gert dálítinn samanburð, til þess að finna orðum mínum stað. Nú er nýbúið að taka næststærsta lánið, sem tekið hefir verið á þessu landi. Nú er það Landsbankinn, sem tekur lánið, í hitt skiftið var það landið. Hvernig er samanburðurinn á þessum tveimur lánum? Sá að af enska láninu var útborgað 84% o. vextirnir voru 7%, en af Landsbankaláninu er útborgað 94½% og vextirnir eru 6½%.

Þó er það vitanlegt, að ríkin fá ætíð hagkvæmari kjör en einstakir bankar og eins að miklu betra var fyrir Ísland að taka lán áður en enska lánið var tekið heldur en á eftir. (*MG*: Til hve langs tíma er þetta lán?). Jeg veit það ekki; er ekki svo kunnugur öllum gögnum, en það vildi jeg segja, jeg vildi að hamingjan hefði gefið, að enska lánið hefði verið til styttri tíma, svo þjóðin gæti fyr losnað við bölvun þess.

Þegar þessar tvær lántökur eru bornar saman, þá verður það ljóst, að enska lánið er einhver mesta hörmung, sem yfir þetta land hefir dunið, og sú versta ógæfa,

sem hent hefir hæstv. atvrh. Og jeg veit, að hann sjer mjög eftir þessu og vildi það feginn ógert.

Önnur höfuðafsökun hæstv. atvrh. var sú, að átt hefði að kaupa hluti í Íslandsbanka fyrir lánið. Það er tómur fyrirsláttur, ekkert var keypt og honum eða öðrum datt það ekki í hug, af ástæðum, sem jeg ætla ekki að fara út í hjer.

Enn var atriði í ræðu hæstv. atvrh., sem jeg vildi víkja að. Honum var svo ákaflega hugleikið að skjóta sjer á bak við þingið og kasta allri ábyrgðinni á það um fjármálastjórnina. Þetta er ósköp þægilegt. Jeg efast ekkert um, að Björn í Mörk hafi kunnað ósköp vel við sig að baki Kára, og svo muni hæstv. atvrh. vel þykja unandi að baki þingsins.

En jeg vil minna á tvo ráðherra, sem tekið hafa við á eftir honum. Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) stöðvaði ýmsar framkvæmdir, þegar hann var ráðherra, og hæstv. núverandi fjrh. (JÞ) segist ætla að stöðva margt líka og gæta þess, að ekki verði greiddar neinar umframgreiðslur. Þetta eru dæmi um það, hvað ráðherrar eiga að gera. Í þessu sambandi, hvort leyfilegt sje að draga þannig úr, vil jeg minna á orð, sem fjellu hjer á þingi ekki alls fyrir löngu. Einn hv. þm., sem nú situr hjer, var þá spurður að því viðvíkjandi framkvæmd fjárlaga, hvort skoða bæri fjárlög sem skipun eða heimild um fjárveitingar. Hann svaraði — með leyfi hæstv. forseta (BSv): „Þær eru ýmist skipun eða heimild. — — Það er alls ekki tilætlunin að greiða alt, sem veitt er í fjárlögum. Það getur ýmislegt komið fyrir, sem veldur því, að ekki skuli greiða styrki. — — Stjórnin verður því að meta eftir atvikum, hvort rjett sje að greiða eða ekki.“ — Og litlu síðar: „Þá verð jeg að segja það, að jeg tel rjett að líta á fjárlögin sem sjerstaka tegund laga og eigi jafnbindandi og önnur lög.“

Jeg veit ekki, hvort hæstv. atvrh. (MG) vill nú mótmæla þessum orðum, en jeg vil minna hann á, að þetta er hann sjálfur, sem sagði, að fjárlögin sjeu ekki jafnbindandi og önnur lög. Þetta voru hans eigin orð, sem jeg las, og svo ætlar hann nú að skjóta sjer á bak við þingið og skella ábyrgðinni á það.

Hæstv. atvrh. sagði, að mjer væri mikið í mun að spilla á milli sín og hæstv. fjrh. Jeg hefi ekki viljað gera það; jeg hefi aðeins látið tölurnar tala, sem hæstv. fjrh. kom fram með. Hæstv. atvrh. svaraði mjer ýmsu; jeg vil svara honum með vísu:

„Skjóttu geiri þínum þangað,
sem þörfin meiri fyrir er.“

Hæstv. atvrh. hefði átt að svara hæstv. fjrh. Það eru tölurnar hans, sem ákæra hann. Og nú hefir hæstv. fjrh. enn hert á og heimtar, að hæstv. atvrh. beri allar umframgreiðslur undir sig. Hæstv. atvrh. sagði, að þá yrðu hinir ráðherrarnir eins og brúður. Jeg verð að dást að því, hve þolinmæði hans er mikil.

Áður en jeg skilst við hæstv. atvrh. vil jeg reyna að gera mjer og öðrum grein fyrir því, hvers vegna hann talar öðruvísi en hann framkvæmir, t. d. hvað snertir enska lánið, haftamálið og fjármálastjórnina. Jeg held, að hjer sje um sálfræðilega ástæðu að ræða, og vil þar sem oftar vitna í fornt mál. Jeg held, að öfugt geti átt við hæstv. atvrh., það sem sagt var um Guðmund góða.

Sturlunga segir um Guðmund góða: „Var biskup *minni* leiðingarmaður og *alt ráðgjarnari* en svá sem Kolbeinn ætlaði.“

Jeg held, að það gagnstæða eigi við

um hæstv. atvrh. Jeg hygg, að hann hafi reynst *meiri* leiðingarmaður og *alt óráðgjarnari* en stuðningsmenn hans bjuggust við. Jeg ætla, að hann hafi látið aðra, sem honum voru harðari og klókari, ráða fyrir sjer; jeg óttast, að hann sje of þolinmóður.

Jeg vil að lokum aðeins geta þessa: Jeg mun hafa látið þau orð falla í hinni 12 álna löngu og tíræðu ritdeilu okkar hæstv. atvrh., að hann kynni að geta batnað, að jeg vonaðist eftir því, að hann hefði gott af árás minni og yrði verkbetri næst þegar hann tæki við. Jeg ætla að vona, að þetta rætist, að hann reynist nú *minni* leiðingarmaður og *alt ráðgjarnari* en áður. Jeg þykist líka hafa sjeð merki þess, að svo muni kunna að fara; jeg þóttist sjá merki þess í fyrradag. Því þegar tóbakseinkasalan var til umr., virtist það vera annar hæstv. ráðherra, sem farinn væri að sveigja til, og væri sú sveifla :: völdum hæstv. atvrh. Jeg tek þetta sem fyrirboða þess, að nú verði það hæstv. fjrh., sem reynist *meiri* leiðingarmaður og *alt óráðgjarnari* en áður, eins og var um hæstv. atvrh. fyr, en hæstv. atvrh. verði harður á höftum o. fl.

Með þessari heillaósk, að þetta rætist á stjórnmálaferli hans nú, ætla jeg að kveðja hæstv. atvrh. í bili.

Þá kem jeg að hæstv. fjrh. (JÞ).

Jeg vil þá í upphafi máls míns minna á það, að hann fór snemma í sinni fyrri ræðu að tala mikið um frið og að halda frið. Síðan heldur hann þessa dómadagsræðu til að hella olíu í eldinn og sem verður þess valdandi, að 3. umr. fjárlaganna verður að eldhúsdegi og helst enn langt fram á nótt. Í sambandi við það, að hæstv. fjrh. hleypti þessu öllu af stað, þykir mjer rjett að minnast yfirleitt á þingsögu hans á þessu þingi, sem virðist varpa ljósi á margt.

Rjett í byrjun þings kom hæstv. fjrh. frá útlöndum með makt og miklu veldi og hóaði saman borgurum bæjarins og hjelt ákaflega stóra ræðu. Hann gerði þá alt svart og málaði grýlur á veggina. Hvers vegna? Það er enginn vafi á, að það var vegna þess, að hann ætlaði sjer þá að verða kongur yfir Íslandi eftir fáa daga, taka við forstöðu hins íslenska ríkis innan skams, og í því skyni að það skini sem bjartast á eftir, vildi hann mála ástandið sem svartast nú.

Þá hirti hann ekki um það, að hátt væri reitt til höggs; þá hirti hann ekki um, hver varð fyrir höggunum. Nú, þegar alt er hrunið, verður hann að taka til hins — nú verður hann að reyna að mýkja þau sár, sem hann veitti hæstv. atvrh. (MG) og hæstv. forsrh. (JM). — Svo stórt var af stað farið, svo var úr garði riðið, en, eins og Einar H. Kvaran segir, hann var altaf að tapa — eins hefir hæstv. fjrh. altaf verið að bogna síðan. Jeg ætla að telja dálítið upp — jeg hefi áður talið upp syrpur. Hæstv. fjrh. hefir nýlega gengið undir 5 jarðarmen.

1. jarðarmenið, sem hæstv. fjrh. gekk undir, var það, að hann gat ekki myndað stjórn, þrátt fyrir allar biðilsfarirnar, sem jeg mun síðar víkja að.

2. jarðarmenið, sem hæstv. fjrh. varð að ganga undir, var að verða undirráðherra í ráðuneyti hæstv. forsrh. (JM) og samverkamaður hæstv. atvrh. (MG) — skipa sess með þeim mönnum, sem tölurnar hans áfeldu harðast. Og ekki verður ósamræmið minna við að benda á það, að hann um leið spyrnir úr stjórn þeim manni, sem hann lofaði mest fyrir fjármálastjórnina fram að 1916.

3. jarðarmenið, sem hæstv. fjrh. gekk undir, var að taka sæti í þriggjamannaráðuneyti, en því fyrirkomulagi hafði hann ekki síst kent um vandræðaástandið.

4. jarðarmenið gekk hæstv. fjrh. undir í fyrradag, þegar hann bognaði í tóbaksmálinu og varð að afneita því máli, sem blöð hans flokks og samherjar höfðu aðallega barist fyrir í kosningunum.

Nú gengur hann undir 5. jarðarmenið sitt í kvöld — og það meira að segja tvöfalt. Hann hefir flutt tvær ólöglegar tillögur, sem báðum mun verða vísað frá. Hvergi mun sagan hafa slíkt frá öðrum fjármálaráðherra að segja. Og hann heldur sjer jafnvel fast við rjettmæti þessara till. enn. Þá fórst honum þó viturlegar, er hann bað á þingi 1921 fyrirgefningar á því frumhlaupi, er hann fór að krassa í gerðabók milli funda.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að ef sú regla væri tekin upp að breyta gildandi lögum með fjárlögum, mætti með sama rjetti afnema alt kristnihald í landinu með fjárlögum. Með sama rjetti mætti afnema bæði dómara og lögreglu alla. Jeg býst við, að mönnum sje þetta svo ljóst, að ekki þurfi að fjölyrða um þetta, — en óneitanlega er það vel af sjer vikið, að hafa gengið undir *fimm jarðarmen* á ekki lengri tíma — og að hið síðasta skuli vera *tvöfalt*. — Jeg hefi minst á þetta í sambandi við ummæli hans um fljótfærni okkar beggja, sem jeg vík þó betur að síðar.

Þá mun jeg víkja að einstökum atriðum í ræðu hæstv. fjrh.

Hann talaði um slæleik í framkvæmdum fjármálastjórnarinnar, og þó sjerstaklega um það, að fje hefði verið borgað út samkvæmt sjerstökum lögum og þingsályktunum. Jeg er alveg sammála honum í þessu. En hvern hittir þessi ásökun hæstv. fjrh. fyrst og fremst? Auðvitað núverandi samverkamenn hæstv. fjrh., hæstv. atvrh. og hæstv. forsrh. Síst af öllu á þetta við fyrv. fjrh. Framsóknarmanna (KlJ). En hitt er mjer ekki kunnugt, hvert tilefnið er til þess, að hæstv. fjrh. beitir þessu nú gegn samverkamönnum sínum, fremur en mjer er kunnugt um tilefni hans til yfirlýsingarinnar um *umframgreiðsluna*, sem jeg er honum þakklátur fyrir, eins og jeg hefi áður tekið fram. Jeg tel vafalaust, að öll ummæli hæstv. fjrh., er að þessu hnigu, hafi verið á reynslu bygð, en gátan er aðeins sú, *hversvegna* hann kastar þessu nú framan í samverkamenn sína og flokksbræður, hæstv. forsrh. og hæstv. atvrh.

Þá talaði hæstv. fjrh. um samfeldari skoðanir í stjórn nú en verið hefði nokkru sinni fyr. Þetta er merkileg yfirlýsing. Eins og menn muna, var Pjetur heitinn Jónsson einu sinni í stjórn með þeim núverandi forsrh. og atvrh. Yfirlýsing hæstv. fjrh. segir því, að þessir núv. ráðherrar sjeu skyldari hæstv. núv. fjrh. en þeir voru Pjetri heitnum Jónssyni. Jeg efa ekki þessa yfirlýsingu. Allir vita, hvað þeim P. J. og núv. fjrh. bar á milli. En jeg beini þessari yfirlýsingu til athugunar nánustu stuðningsmönnum hæstv. atvrh., bændum í Íhaldinu, — og jeg beini henni til bænda um land alt. Hjer er fengin eins augljós viðurkenning fyrir innlimuninni í Reykjavíkur- og kaupmannavaldið eins og frekast verður á kosið.

Þá skal jeg víkja að þeim samanburði á fljótfærni okkar beggja, sem hæstv. fjrh. talaði svo lengi um. Það er nú fyrst og fremst, að það *ætti* að vera hægt að gera töluvert hærri kröfur til hæstv. fjrh. í þessu efni en til mín, og ber margt til þess. Fyrst og fremst: Jeg er miklu yngri en hæstv. fjrh. Jeg er *ekki* fjármálaráðherra.

Jeg hefi ekki ætlað mjer að verða forsætisráðherra. Jeg fyrir mitt leyti geri hærri kröfur til fjármálaráðherra en eins yngsta þingmannsins. Og þar sem hæstv. fjrh. talar um fljótfærni mína *á liðnum æfiferli*, finst mjer ekki úr vegi að athuga að nokkru liðinn æfiferil hans sjálfs í þessu sambandi — og sjá hver skjöldinn ber.

Einu sinni tók Reykjavík upp mó — sællar minningar. Kostnaður varð margfaldur við það, sem við var búist, og megn gremja hjá almenningi yfir stjórn verksins. Þó var það mjög lærður verkfræðingur, sem hafði yfirumsjón með verkinu. — Hvor var fljótfærari þá — á liðnum æfiferli — hv. fjrh. eða jeg?

Reykvíkingar þekkja frægan sementdrumb — bunka fyrir utan Kveldúlf. Það er minnisvarði frægs verkfræðings. — Hvor var fljótfærari þá — á liðnum æfiferli?

Einn af prófessorum háskólans talaði í haust af svölum Alþingishússins. Hann talaði um að illa gengi að fá vatn í pípur rafmagnsveitunnar, þegar „haustrigningar brygðust", og beindi því til lærðs verkfræðings — Hvor var fljótfærari þá — á liðnum æfiferli?

Það er stutt síðan, að maður nokkur fjekk umboð konungs til að mynda stjórn hjer á landi. Hann reyndi alt, sem hann gat, en tókst ekki. Þvílíkt hefir aldrei fyr komið fyrir í sögu landsins. Einsdæmin eru verst. — Hvor var fljótfærari þá — á liðnum æfiferli?

Þessi maður varð ráðherra — en ekki forsætisráðherra. Hann flutti tvær ólöglegar tillögur á einum og sama degi. Einsdæmin eru verst. — Hvor var fljótfærari þá — á liðnum æfiferli?

Jeg talaði áðan um fimm jarðarmen, sem þessi ráðherra hefði gengið undir. Það var hæstv. fjrh., sem fór að rifja þær minningar upp. — Hvor var fljótfærari þar — á liðnum æfiferli?

Síðast þessara atriða skal jeg að nokkru drepa á *biðilsfarir* þær, sem hæstv. atvrh. og hæstv. fjrh. og hv. þm. Ak. gerðu sjer svo tíðrætt um. Jeg mun tala um þetta mál í tvennu lagi, og mun þá fyrst drepa á *biðilsfarir* hæstv. fjrh. Þessi hæstv. ráðherra upplýsti það — eða vildi upplýsa — að Framsóknarflokkurinn hefði ætlað að gera hann að ráðherra 1917. Þetta er rjett að því leyti, að einstaka maður úr flokknum grenslaðist eftir, hvort þetta væri tiltækilegt. Hæstv. fjrh. virtist nú draga dár að þessu. Jeg skal því svara honum nokkrum orðum. Framsóknarflokkurinn er frábrugðinn öðrum flokkum í því, að þar gengur enginn með ráðherra í maganum. Því getur hann leitað að mönnum, sem kunna að standa nærri honum um framkvæmdir á áhugamálum hans, án tillits til þess, hvort þeir eru í flokknum eða ekki. Flokkurinn miðar altaf við mál, en ekki menn. En vitanlega reyndist alt of mikið djúp staðfest milli hæstv. fjrh. og Framsóknarflokksins, er til kom, svo að ekkert varð úr þessari biðilsför, sem flokkurinn þarf ekki að bera kinnroða fyrir. En sagan var dálítið lengri, og hæstv. fjrh. gleymdi að segja frá seinni hluta hennar, sem gerðist á þessu þingi. Sá hluti sögunnar hljóðaði um biðilsfarir hans sjálfs. Hann fór í allar áttir í þær biðilsfarir sínar og leitaði ekki síst til Framsóknarflokksins. Ef nokkur maður á skilið á þessu þingi að bera nafnið *biðill*, þá er það hæstv. fjrh. En alstaðar fjekk hann hryggbrot, eins og raun ber vitni um — og lýkur hjer biðilsfararsögu hæstv. fjrh.

Þá skal jeg minnast á hæstv. atvrh. og hans biðilsfarir, en um þær get jeg þó

verið stuttorður, og skal jeg þar einkum geta tveggja atriða.

Fyrst og fremst er það, að jeg hugði, að til væru óskráð lög um það, jafnt í pólitískri baráttu sem annari, að orð gætu farið á milli manna í trúnaði, sem ekki yrðu notuð að vopni opinberlega. Þetta á svo að vera drengja á milli, og nauðsyn á, að það haldist, enda hefi jeg hingað til getað treyst þessu um alla — jafnt flokksbræður sem andstæðinga — nema einn, og það er hæstv. atvrh. Slík framkoma hlýtur að hafa sínar alvarlegu afleiðingar.

Í öðru lagi er það að segja, að á þeim tíma, 1922, er biðilsförin á að hafa farið fram, mun jeg alls ekki hafa talað meir en 20—30 orð við hæstv. atvrh. og ekkert orð um það mál. Það, sem hann vitnar í, er alt úr lagi fært. Engum Framsóknarflokksmanni datt í hug að gera hann að fjármálaráðherra, og þó voru *fjáraukalögin miklu* þá ekki komin til sögunnar. Þó var hugsanlegur möguleiki til þess, að hann fylgdi fram einu af aðaláhugamálum flokksins — innflutningshöftum — gerði það sem atvinnumálaráðherra. Framsóknarflokkurinn hefir ávalt látið málefnin vega meira en menn. En alt var þetta mjög lauslegt umtal, sem hæstv. atvrh. notar nú á sinn hátt. Og er þetta í eina skiftið, sem jeg veit til, að rofin hafi verið óskráð lög um að mega talast við í trúnaði. — Skal jeg svo láta þetta vera útrætt.

Hæstv. fjrh. kallaði þetta atriði rúsínuna og kvartaði yfir því, að hv. þm. Ak. hefði bitið í hana áður. En þessi rúsína, sem *kryggbrotnasti biðill* þingsins hampar, *er skemd rúsína.*

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal ekki verða mjög langorður í þetta sinn, enda ætla jeg mjer ekki að fara með margar sögur, hvorki úr Sturlungu nje annarsstaðar frá, og ekki heldur að þylja löng kvæði, eins og hv. þm. Str. (TrÞ) gerði. Jeg mun í þess stað svara honum með nokkrum rökum. Jeg álít þau sem sje dálítið meira virði en glamuryrði og gamlar sögur, sem menn geta heimfært upp á hitt og þetta með dálitlum breytingum.

Fyrst afsakaði hv. þm. Str. sig með því, að hann ætti ekki upptök að þessari deilu hjer nú. Þetta getur verið álitamál, en þó hefir hann í blaði sínu hælt sjer af því, að hafa átt upptökin að þessum deilumálum (*TrÞ*: Þá átti jeg upptökin). Já, mjer hefir altaf skilist, að ekki væri nema eitt upphaf hvers máls, en það er ekkert að undra, þó að hv. þm. Str. snúist hjer í hring sem annarsstaðar. Hv. þm. sagðist mundu hafa vel við unað, þó að deila þessi hefði ekki verið vakin hjer á ný. Jeg skal ekki rengja hann um það. Hann hefir hingað til haft furðu litla sæmd af máli þessu — og svo mun verða í framtíðinni, svo að jeg get vel skilið, að hann vilji sem minst um málið tala hjer á Alþingi, þar sem minna mark verður tekið á stóru orðunum hans.

Hv. þm. mintist á enska lánið og sagðist hann ekki hafa verið með þeim fremstu, sem hvöttu til þeirrar lántöku. Í gær neitaði hann að vísu fastlega, að hann hefði verið lántökunni fylgjandi á nokkurn hátt. En það skiftir ekki svo miklu máli, þó að hann slái dálítið af fullyrðingum sínum hjer sem annarsstaðar. Hann segir, að lánið sje hið mesta ókjaralán og bar það saman við lán, sem Landsbankinn hefir nýlega tekið í Englandi.

Það var mikið, að hann miðaði ekki við lánskjör fyrir stríðið. Það er sem sje dálítill munur á því, hvenær lán eru tekin,

og jeg þykist vita, að enginn hv. þm., að undanteknum hv. þm. Str., gangi þess dulinn, að nú er hægara að fá lán í Englandi en var þegar umrætt lán var tekið, árið 1921.

Hv. þm. sagði það tóman fyrirslátt, að lánið hefði verið tekið í þeim tilgangi að kaupa fyrir það hlutabrjef í Íslandsbanka. Það má nú segja, að hjer sje verið að falsa heimildir, að kalla það fyrirslátt, sem hægt er að sanna með því að benda á lög frá Alþingi — og hverju öðru, sem vera skal. Jeg skil ekki, hvernig háttv. þm. getur fundið upp á slíku, sem þverbrýtur allar staðreyndir. Þá sagði hv. þm., að lánið hefði verið með mun verri kjörum en tíðkaðist þá, og þykist hjer heldur en ekki fjármálaspekingur, sem geti knjesett alla aðra. Á þingi árið 1922 lagði jeg fram brjef frá þektum bankastjóra í London til eins bankastjórans við Landsbankann hjer, þar sem sagt er, að jafnvel hin allra best stæðu fjelög og ríki fái ekki betri lánskjör en við fengum. En það er svo sem ekki hætt við, að hv. þm. Str. viti ekki betur, og væri nógu fróðlegt að fá að heyra, hvar hann hefir aflað sjer þessara upplýsinga, sem fara í bága við álit bestu fjármálamanna.

Landsbankastjórinn, sem var við lántökuna, fór að heiman með það fyrir augum að sætta sig ekki við lánskjörin. En þegar hann kom út, sá hann strax, að ekki var um annað að gera en að sæta þessum kjörum; betri fengjust ekki. Um þetta efni hefi jeg brjef frá honum frá þeim tíma.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að hið nýtekna lán hlyti að vera með verri kjörum en ella, vegna þess, að það væri banki, en ekki ríki, sem tæki það. En aðgætandi er, að ríkið er í ábyrgð fyrir láninu, og fæ jeg ekki sjeð mikinn mun á því, að ríkið taki lán eða Landsbankinn taki það með ábyrgð ríkissjóðs, þar sem hvorttveggja er sama eign, og það vita lánardrotnarnir ósköp vel um. Annars vissi hv. þm. ekki, til hve langs tíma þetta nýja lán er tekið, en öllum er þó ljóst, að afföll fara mjög eftir því, hversu lánið skal lengi standa. Enn má benda á það, að vitaskuld hefðu bankarnir ekki tekið sína hluti af eldra láninu, ef þeir hefðu ekki talið sig til neydda, eða átt annars úrkosta, enda var lánið fyrst tekið, þegar annar bankinn hafði hvatt þess mjög. (*TrÞ*: Var lánið þá ekki tekið vegna hlutakaupanna?). Jú, en bankinn bað um að flýta lántökunni og um hlutakaupin var ekki ákveðið fyr en hálfu ári seinna, þó að lánið væri einkum tekið með þau fyrir augum, eins og allir vita.

Hv. þm. sagði, að jeg kynni vel við að geta skotið mjer á bak við þingviljann í þessu máli. Það er rjett, að jeg mun aldrei skammast mín fyrir að fara eftir stjórnarskránni, og ef að því kæmi, að jeg færi í einhverju ekki eftir henni, þá er jeg viss um, að hv. þm. Str. risi upp fyrstur og galaði hæst um, hversu ósæmilegt það væri af mjer.

Háttv. þm. sagði, að það væri góðra gjalda vert, að hæstv. fyrv. fjrh. (KlJ) hefði stöðvað útgjöld ríkissjóðs og að hæstv. núverandi fjrh. (JÞ) ætlaði að gera hið sama. Þetta getur verið gott og blessað. En hvers vegna stöðvaði fjrh. Framsóknarflokksins, Magnús Jónsson, ekki útgjöldin? Og hvers vegna hefir hv. þm. (TrÞ), sem með miklum fagurgala þykist vilja vera rjettlátur og engum gera rangt til, ekki snúið ásökunum sínum gagnvart þeim ráðherra, heldur eingöngu gagnvart mjer? Af hverju skyldi það stafa? Er það vegna rjettlætistilfinningar háttv. þm., eða skyldi það stafa

af „partisku“ hans? (*TrÞ*: De mortuis nihil nisi bene). Ekki var hann dauður meðan hann var ráðherra. Þá hefði hv. þm. getað vandað um við hann, ef hann hefði viljað — og ef rjettlætistilfinningin hefði enst honum til þess.

Annars voru greiðslur ríkissjóðs sjálfstöðvaðar síðastliðið sumar, þar sem ekkert fje var lengur fyrir hendi til þess að greiða með. Er því engin sjerstök ástæða til að lofa fyrv. fjrh., þó að hann þá stöðvaði greiðslur með mun.

Þá las hv. þm. upp kafla úr gamalli þingræðu. Var sá upplestur það eina, sem rjett var í ræðu hans í minn garð. Og jeg er alveg samþykkur hinu upplesna, sem og ræður af líkum, þar sem hann las upp úr ræðu eftir mig. Verð jeg að segja, að þar skifti mjög í tvö horn við hans ræðu. En það stóð ekki heldur lengur en meðan hann las upp eftir mig, að hann færi með rjett mál. Adam var ekki lengi í Paradís. Hann sagði, að jeg hefði ekkert farið eftir því, sem jeg hefði sagt í ræðu þessari. Jeg hefði í engu dregið úr útgjöldum ríkissjóðs. Við skulum nú sjá, hversu rjett hann fer með þetta mál. Jeg hefi hjer með höndum landsreikninginn fyrir árið 1921. Það ár voru veittar í fjárlögum 10 þús. kr. til Hróarstunguvegarins. Ekkert greitt. Til Vallavegarins voru einnig veittar 10 þús. kr., til vegarins frá Hrútafjarðarbotni að Gilsfirði 6 þús. kr., til Öxnadalsvegar 5 þús. kr., til Kjalarnesvegar 10 þús. kr.; en engin þessara upphæða var greidd.

Þessu slæ jeg upp af handahófi í einni grein fjárlaganna, af því að jeg mundi eftir því, að þar var dregið úr útgjöldum. Samt stendur hv. þm. Str. upp og vitnar um það, að jeg hafi ekki dregið úr neinum greiðslum, og því í engu farið eftir þeirri skoðun, sem lýsti sjer í ræðukaflanum, sem hann las upp eftir mig. Nú vil jeg skora á hv. þm. að sýna fram á, að svona mikið hafi verið dregið úr gjöldum ríkissjóðs árið 1922. Hann hefir ekki sagt eitt orð til miska þeirri stjórn, sem þá fór með völd, og þykist þó vilja vera rjettlátur. Geri hann ekki þetta, — og jeg veit, að hann getur það ekki, — stendur hann hjer á Alþingi ber að ósannindum og hlutdrægni, og mega aðrir dæma um, hversu klæðilegar flíkur það eru á hv. þm.

Háttv. þm. segist vona, að jeg verði varkárari framvegis vegna árása hans.. Þá vill hann, að fyrir sjer fari eins og hann sagði, að farið hefði fyrir hæstv. fjrh., og sem hann ávítaði hann mjög fyrir, að hann hirti menn fyrst, en sje svo góður við þá á eftir. (*TrÞ*: Jeg ávítaði ekki). Jeg sje, að hv. þm. hristir höfuðið, og mun eiga að skilja það svo, að ákúrur hans í garð hæstv. fjrh. hafi verið eintómt hól. Samt las hann heilmikið upp úr Passísusálmunum í þessu tilefni, hafði yfir gamla drykkjuvísu, og má því sjá, að hann kann að minsta kosti eina slíka vísu, og náttúrlega blandaði hann Sturlungu inn í málið. Það er ekki hægt að neita því, að hann kann heilmikið í Sturlungu, því að hvorki stingur hann niður penna nje tekur til máls án þess að hann byrji og endi á því að vitna í þá bók, og er sýnilegt, að hann hefir mikið dálæti á þessari bók, sem fjallar um öld svika og ódrengskapar hjer á landi. Ætla mætti, að hann hefði meira dálæti á biblíunni, en svo er sjáanlega ekki. Sturlunga — saga ódrengskaparins — er honum hugþekkari.

Jeg var hissa á því, að hv. þm. skyldi blanda Pjetri heitnum Jónssyni inn í þessar umræður. Jeg skal ekki fara langt

út í það mál nú, en mjer var kunnugt um, að þessum ágætismanni þótti fátt verra en hvernig blað hv. þm. snerist gegn honum — og má vera, að jeg við tækifæri segi hv. þm. nánar frá því máli, ef hann gefur tilefni til.

Hv. þm. sagði seint í ræðu sinni, að hann gerði hærri kröfur til annara en sjálfs sín. Já, það er vissulega satt. Hann gerir meiri kröfur til annara. En hver sæmilegur maður á fyrst og fremst að gera háar kröfur til sjálfs sín, síðan til annara.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði í gær talað um bíðilsför af hans hálfu til mín. Þetta er ósatt. Jeg nefndi ekki bíðilsför á nafn og vjek ekki að öðru í því sambandi en að jeg sagðist hafa fengið boð frá honum 1922 um að vera ráðherra áfram — og allur vefur hans um óskráð lög, sem jeg á að hafa rofið, er því hrein ósannindi.

Þá sagðist hv. þm. aldrei hafa búist við því, að jeg yrði fjrh. áfram 1922, þó að jeg yrði áfram í stjórninni. Jeg veit, að norður í Strandasýslu sagði hann, að meiningin hefði verið, að jeg yrði atvrh., en þeir, sem fluttu mjer boð hans, vita best, hvað hann hafði áður sagt — og jeg er viss um, að geta fengið yfirlýsingu þeirra hjer að lútandi, ef jeg kæri mig um. Hv. þm. segir, að þeir hafi viljað hafa mig áfram í stjórn þá vegna innflutningshaftanna, sem hann segir þó, að jeg hafi síðar snúist á móti. *(TrÞ*: Jeg nefndi ekki höftin). Jeg hjelt, að hv. þm. ætlaðist til, að ummæli sín yrðu skilin svo, en úr því að hann hristir nú aftur höfuðið, þá skil jeg það svo, að hann vilji ekki halda því fram, að jeg hafi snúist í þessu máli.

Hv. þm. talaði mikið um óskráðu lögin, en jeg veit alls ekki til, að jeg hafi rofið nein slík lög. En hvað segir nú háttv. þm. Str. um þann mann, sem lætur bera öðrum þau boð, að hann vilji hafa hann áfram til einhvers ábyrgðarmikils starfa, en grípur síðan fyrsta tækifæri, sem gefst, til þess að úthúða þessum sama manni niður fyrir allar hellur og elta hann á röndum eins og grimmur rakki? Á slíkur maður heimtingu á því, að honum sje sýndur drengskapur? Jeg segi nei. *(BL*: Heyr!). Drengskapar getur sá einn vænst, sem drengskap sýnir. Jeg vil ekki lengja umr. frekar að þessu sinni, en segja vil jeg hv. þm. Str. það, að ekki mun viðskiftum okkar enn lokið frá minni hlið, ef hann heldur svo áfram, sem hann hefir byrjað. Jeg á ýmislegt í pokahorninu enn og jeg byrja ekki á því að slá út hátromfunum.

Ásgeir Ásgeirsson: Eftir allar þessar eldhúsræður finst mjer eins og jeg verði að biðja hv. deild velvirðingar á því, að jeg ætla mjer að víkja lítið eitt að þeim till., sem hjer eru til umræðu.

Hv. frsm. (ÞórJ) sagðist hafa fundið til kulda í garð hv. fjvn. í ummælum mínum, en mjer þótti hann þar óþarflega hörundssár, og jeg þykist ekki hafa gefið honum tilefni til ýmsra þeirra útleginga, sem honum fanst viðeigandi að viðhafa í minn garð.

Jeg og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) höfum borið fram till. um að lækka útgjöld ríkissjóðs til sóttvarna niður í 8 þús. kr. Þetta gefur hv. frsm. tilefni til að spyrja, hvort ætlun okkar sje, að ekki verði farið fram úr þeirri upphæð undir neinum kringumstæðum. Nú veit hv. frsm. ósköp vel, að ef þessi hefði verið ætlun okkar, þá hefðum við sett í till. „alt að", eins og venja er til. Meining okkar með till.

er aðeins sú, að reynt verði að halda í þessi útgjöld, og nauðsyn þess drögum við af þeirri staðreynd, að eftir spönsku veikina hefir þessi útgjaldaliður verið miklu hærri en áður. Ef heilbrigðisstjórnin telur óhjákvæmilegt að verja svo miklu fje í þessu skyni nú, þá játar hún um leið, að sóttvarnarráðstafanir hafi verið vanræktar að mun áður en spanska veikin geysaði.

Jeg skal ekki segja, að miklu máli skifti, hvor fjárhæðin verður samþykt, því að vel má vera, að ekki þurfi að brýna hæstv. stjórn til að halda í þetta fje sem mögulegt er. Þessar 8 þús. kr. eru auðvitað áætlunarupphæð, og sama er að segja um upphæðina í till. okkar hv. 2. þm. Eyf. (BSt), sem háttv. frsm. gerði næst að umtalsefni; þeirri till., að verja lægri upphæð heldur en nefndin áætlar til fjárkláðalækninga. Ef jeg vildi sýna háttv. fjvn. sömu góðgirni og háttv. frsm. hennar sýnir mjer, þá ætti jeg að halda því fram, að hún vildi binda upphæðina til sóttvarna við 15000 kr., og ef drepsótt bærist til landsins, þá skyldi heldur allur landslýður farast en fram úr þeirri upphæð yrði farið. Og ef jeg ætti að útleggja gerðir hv. fjvn. í sama tón og hv. frsm. leggur út orð mín, þá ætti jeg að segja, að ekki mætti, samkv. áliti háttv. fjvn., veita meira en 10 þús. kr. til fjárkláðalækninga, jafnvel ekki þó að við borð lægi, að allur fjenaður landsmanna fjelli að öðrum kosti. Nú hafa þrír bændur hjer í þessari hv. deild talið fullnóg að áætla til fjárkláðalækninga 2500 kr., eins og brtt. okkar hv. 2. þm. Eyf. fer fram á, en vitanlega er upphæðin áætlunarupphæð, og hv. deild sker úr því, á hvora áætlunina hún trúir.

En vel má vera, að háttv. frsm. hafi tekið svo þunglega á orðum mínum vegna sambandsins, sem hann sá milli fjárkláðalækninganna og málverkakaupanna. Jeg fæ reyndar ekki sjeð, að hv. frsm. þyrfti að fyllast gremju yfir því, að jeg ásamt öðrum háttv. þm. (JBald) bæri fram tillögu um að verja 2000 kr. til málverkakaupa, því að aldrei verður því í alvöru haldið fram, að sá styrkur drepi 20 þús. fjár, eins og háttv. frsm. komst svo fjálglega að orði. Jeg sagðist ekki hafa metið málaralistina að verðleikum með því að bera fram svo hæversklega tillögu, en hinsvegar sagðist jeg vel geta skilið það tjón, sem fjárkláði gæti bakað þjóðinni. Út af þessum ummælum fann háttv. frsm. ástæðu til þess að lýsa skoðun sinni á málaralist alment, skoðun, sem mig undraði stórum, að væri að finna hjá jafngreindum manni og háttv. frsm. er, að dómi allra, sem þekkja hann. Hann sannaði, að háttv. fjvn. hefði ekki áhuga nje smekkvísi til þess að veita málverkasafninu nokkurn styrk, með því, hvernig hann talaði um listir. Sagðist hann hafa sjeð málverk, sem virt hefðu verið á 2000 kr., en hann vildi ekki gefa 2 aura fyrir. Það er nú svo. En jafnvel hin göfugasta list er hvorki tveggja aura nje heldur tveggja miljóna virði. Hún verður ekki metin til fjár. Það ber vott um algerðan og mjög sorglegan misskilning, að vilja meta list eftir því, hversu mikið má hafa upp úr henni af peningum, en ekki eftir því, hvað hún er í raun og veru. Slíkt er greinilega dómur þeirra, sem sjálfir geta ekki orðið hrifnir af sköpunarverki sannrar listar. En þeir, sem hafa orðið snortnir af því, vita, að listin verður aldrei metin til fjár fremur en annað göfugt í mannlífinu. — Jeg ber kinnroða fyrir að þurfa að koma krjúpandi fram fyrir hið háa Alþingi með ósk um, að það veiti einar 2000 kr. til málverkakaupa. Þessi tötra-

lega till. samsvarar engan veginn svo göfugu málefni. Háttv. fjvn. hefir sýnt, að hún kann þó að meta bókmentir nokkurs, og vil jeg nú vona, að hv. deild láti málaralistina ekki gjalda þess, að hún hefir engan málsvara átt í háttv. fjvn.

Þá talaði hæstv. fjrh. (JÞ) um landhelgisgæsluna, og hann ber fram brtt. þess efnis, að ríkissjóður leggi aðeins 50 þús. kr. til hennar, gegn öðrum 50 þús. kr. úr landhelgissjóði. Sjútvn. hefir athugað þetta mál, og sá hún ekki fært að leggja til, að veruleg fjárhæð væri þannig veitt úr sjóðnum til landhelgisgæslunnar, því ef gengið væri inn á þá braut að verja fje úr sjóðnum til landhelgisgæslunnar, þá tefur það mjög fyrir því, að sjóðurinn nái tilgangi sínum, sem er sá, að koma landhelgisgæslunni algerlega í hendur Íslendinga. Jeg hefi umboð frá sjútvn. til þess að lýsa yfir því, að hún heldur fast við þá till., sem samþykt var við 2. umr., að 100 þús. kr. sje varið úr ríkissjóði til strandvarna. Hún hefir ekki viljað skerða landhelgissjóðinn. Og ef það ætti að gera, þá þyrfti lagabreytingu til þess, en nefndin telur, að slíkt væri neyðarúrræði, því þeim mun seinna kæmi sjóðurinn að fullum notum.

Þá vil jeg víkja að brtt. hæstv. fjrh. um að fella niður prentun Þingtíðindanna og þeim orðum, sem hann vjek að mjer í því sambandi. Jeg hjelt því fram, að sparnaður af því yrði ekki meiri en 6—8 þús. kr. Hæstv. fjrh. sagði, að slíkt væri sjálfsblekking, og vil jeg því skýra það nokkru nánar. Alþingi stóð árið 1922 álíka langan tíma og gert er ráð fyrir, að þetta þing muni standa, og þá kostaði prentun Þingtíðindanna 19 þús. kr. Jeg geri ráð fyrir, að prentun umræðupartsins kosti nú um 22 þús. kr., og gæti átt sjer stað, að hann færi upp í 24 þús. kr. En skrifstofu þingsins hefir talist svo til, að við að fella niður prentun umræðupartsins muni skjalaparturinn lengjast um 25 arkir, og þær muni kosta um 5000 kr. Þar að auki þarf að vjelrita minst 4 eintök af ræðupartinum, og það kostar ekki minna en 3000 kr. Þarna eru þá komnar 8000 kr. Þá eru eftir 14000 kr. af kostnaðinum, en ef sú till., sem jeg held, að óhætt sje að fullyrða, að hafi fylgi meiri hl. þm., að hafa þing aðeins annaðhvert ár, nær fram að ganga, þá verður sparnaðurinn aðeins 7000 kr. á ári. Á þessu bygði jeg það, þegar jeg sagði, að sparnaðurinn yrði ekki nema 6—8 þús. kr. á ári. Og jeg verð að segja það, að það hefir verið eytt öðru eins fje eins og þessu, þó að minna hafi verið í húfi en hjer er.

Og auk þess er kastað út vegna þessa sparnaðar 3000 kr. í vjelritun umræðupartsins, sem svo væri algerlega til einskis, þegar farið væri að prenta umræðupartinn aftur, því umræðuparturinn frá þessum þingum, sem ekki væri prentaður nú í bili, yrði þá vafalaust prentaður. Og þegar eytt er 3000 kr. til einskis, til þess að spara 6000 kr. á ári aðeins í svip, þá verð jeg að segja, að það er dýrt lán, og þó lán sjeu ekki góð, þá held jeg, að það væri betra að taka lán til þess að prenta Þingtíðindin jafnóðum en að fella niður prentun á þeim. Annars skal jeg ekki fara mikið meira út í það mál, en það hljóta allir að sjá, að það getur verið mjög skaðlegt að fella niður prentun Þingtíðindanna, því með því eru bestu kjósendur landsins sviftir heimildum sínum um það, hvað fram fer á þinginu. Hæstv. fjármálaráðherra bar saman málfærslu fyrir hæstarjetti og umræður á þingi og taldi, að ekki þyrfti frekar að prenta umræðupartinn en málfærsluna fyrir hæsta-

rjetti. En þetta tvent er, eins og allir geta sjeð, ósambærilegt. Málafærslumenn eru ekki fulltrúar þjóðarinnar eins og þingmenn, heldur eru þeir aðeins fulltrúar þeirra einstaklinga, sem gefa þeim umboð til þess að flytja mál fyrir sig, og þeir einstaklingar eiga hægt með að fá aðgang að ræðum málfærslumanna sinna, þótt þær sjeu ekki prentaðar. En hinsvegar er alt viðvíkjandi hæstarjetti, sem máli skiftir fyrir þjóðina, prentað, dómar og forsendur þeirra. Þess er líka að gæta, að ef á að spara á þinghaldinu, eins og sjálfsagt er, þá má finna svo margar aðrar leiðir til þess en þá, sem hæstv. fjrh. ætlast til að sje farin. Það mætti t. d. stytta umræðupartinn með því að takmarka ræðutíma þingmanna, eða með flokkasamtökum um það, að í hverju máli töluðu aðeins framsögumenn frá hverjum flokki, svo og frá nefndunum. Slík samtök hefðu átt að komast á þegar á þessu þingi, og jeg vonast fastlega eftir því, að slík samtök komist á þegar á næsta þingi. Jeg mundi fúslega fylgja slíkum breytingum, eins og jeg vil fylgja öllum breytingum, sem miða að því að göfga þingið, svo það megi ná aftur því áliti og því trausti, sem það hafði áður hjá þjóðinni, en þessi brtt. hæstv. fjrh. stefnir áreiðanlega í öfuga átt. En það er annar sparnaður, sem þingið getur komið í framkvæmd, og þó um leið verndað heiður sinn, og það er með því að framkvæma það eina, sem kjósendur hafa beðið mjög eindregið um, sem er að fækka þingum og hafa þing aðeins annaðhvert ár. Það er bæði sparnaður, sem mikið um munar, og það er sparnaður, sem þjóðin hefir beðið um. Og þó að hæstv. fjrh. þyki það bera vott um fljótfærni, þá leyfi jeg mjer að endurtaka það, að það muni spara ríkinu um 400 þús. kr., ef það er nú þegar samþykt, í stað þess að fresta því til næstu kosninga. Það mundi spara tvö þing. Stjórnarskrárbreytingin yrði samþykt á næsta þingi. Og í byrjun þess þings yrði lagt fram fjárlagafrv. fyrir árið 1926; svo væri hægt að bæta við fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1927, eftir að stjórnarskráin væri staðfest. Og ef þetta kynni að verða álitið að koma í bága við stjórnarskrána, að útbúa þannig í einu fjárlög fyrir tveggja ára tímabil, þá væri ekki annað en að skjóta inn í hina nýju stjórnarskrá ákvæði um stundarsakir, sem leyfði þetta.

Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta, en jeg vil þó geta þess, að jeg hafði varla búist við slíku vantrausti á núverandi stjórn frá sjálfum fjrh., að hún gæti ekki leyst af hendi jafneinfaldan hlut og að útbúa fjárlög fyrir tveggja ára tímabil. Það hefir lengst af verið gert, meðan þingið hefir haft fjárráðin. En það verður auðvitað mjög mikill sparnaður að því að hafa þing aðeins annaðhvert ár, og jeg er sannfærður um, að það er hægt að koma í gegn á þessu þingi frv. um slíka breytingu á stjórnarskránni, ef góður vilji er með hjá öllum háttv. þm., þrátt fyrir ákvæðið í 28. gr. þingskapanna.

Frsm. minni hl. samgmn. (Sveinn Ólafsson): Það virðist næstum vera samviskusök að lengja þessar umræður mikið, því það er þegar orðið áliðið, en tilætlunin mun vera að ljúka þessari umræðu í nótt. Það er líka orðið svo fáment hjer í þingsalnum, að nærri virðist tilgangslaust að halda uppi umræðum lengur. En sú slysni hæstv. fjrh., að fara að efna til eldhúsdags nú, hefir orðið til þess, að umræðurnar hafa farið á víð og dreif og orðið miklu lengri en ella. Jeg ætlaði mjer að víkja nokkrum orðum að hv. frsm.

fjvn., en hann er nú ekki viðstaddur. (*PO*: Hann er nú ekki langt í burtu). Hv. frsm. ljet þess getið, að hv. fjvn. mundi ekki sjá sjer fært að styðja þær brtt., sem jeg ber fram, og hafði hann ýmislegt við þær að athuga. Mjer kemur nú alls ekki á óvart, eftir því, sem á undan er gengið, þótt hann eða nefndin snerist á móti þeirri brtt. minni, sem er 10. brtt. á þskj. 261 og er um hækkun fjárveitingarinnar til akfærra sýsluvega. Hv. frsm. sagði, að úr því að ríkið gæti ekki lagt fram fje til vegagerða eins og vant er, þá væri ekki ástæða til þess að vera að veita mikið fje til sýsluvega. En jeg er þar á gagnstæðri skoðun. Mjer finst, að úr því að ríkið getur ekki lagt fram fje til þjóðvegagerðar, svo neinu nemi, þá sje einmitt ástæða til að styðja þau hjeruð til framkvæmda, sem bæði vilja og eitthvað geta unnið að vegabótum innan hjeraðs. Hjer er líka um svo lítilfjörlega fjárhæð að ræða, að jeg verð að líta á hana eins og hreint og beint smáræði. En það er öldungis fyrirsjáanlegt, að þessar 10 þús. kr., sem til sýsluvega eru ætlaðar, hrökkva ekkert til, og það mætti því alveg eins fella þessa fjárveitingu alveg niður, því að 400—500 kr. í sýslu munar engu. Annars ætla jeg ekki að fjölyrða frekar um þessa brtt. Jeg vona, að hv. deild líti öðruvísi á þetta en hv. frsm. fjvn. og samþykki þessa brtt., því ef jeg man rjett, þá var ekki mikill atkvæðamunur þegar samskonar brtt. frá hv. þm. Mýramanna var feld við 2. umr., en sú fjárhæð, sem hann fór fram á, var nokkru hærri en mín.

Þá vil jeg minnast nokkuð á 50. brtt. á þskj. 261, sem jeg flyt ásamt háttv. 1. þm. N.-M. Háttv. frsm. fjvn. taldi það ekki tímabært að hugsa um slík fyrirtæki sem dúkaverksmiðjur, því að nauðsynlegur undirbúningur væri ekki fenginn. Jeg verð að segja, að mjer finst þetta innantóm ástæða. Þetta mál er löngu tímabært og var það fyrir mörgum árum. Jeg hefi við fyrri umræðu skýrt frá þeim viðbúnaði eystra, sem gerður hefir verið um staðarákvörðun og fjársöfnun, og málið hefir verið athugað af sjerfræðingum. Hjer er ekki um það að ræða, að Alþingi eigi að hafa vit fyrir þeim mönnum, sem að þessu fyrirtæki standa, heldur er aðeins spurt um það, hvort Alþingi vilji hjálpa hjeraðsmönnum til þess að koma fyrirtækinu á stofn með tiltölulega lítilli lánsábyrgð. Og það getur ekki verið um neina áhættu að ræða fyrir ríkissjóð, því fyrst og fremst kemur þetta ekki til framkvæmda nema því aðeins, að takist að safna $^3/_5$ stofnkostnaðar, og í öðru lagi getur ríkisstjórnin heimtað hverja þá tryggingu, sem hún heldur nægа. En því verður ekki í móti mælt, að svona fyrirtæki eru öðrum fremur nauðsynleg, og jeg veit ekki, hvaða fyrirtæki geta talist tímabær, ef ekki einmitt slík sem þessi.

Jeg varð þess var, að fyrir hv. frsm. fjvn. vakti sú hugmynd, að koma ætti ein allsherjarklæðaverksmiðja fyrir alt landið hjer í Reykjavík eða grendinni. En jeg býst nú varla við, að það fyrirtæki komist bráðlega í framkvæmd eða verði heimilisiðnaðinum sjerleg hjálparhella. Finst mjer líka ótrúlegt, að slík verksmiðja fengi mikinn stuðning af Norður- og Austurlandi, enda óhægara fyrir þá landshluta að hafa not af henni. Slík verksmiðja yrði aðallega fyrir Suður- og Vesturland, eða næstu hjeruð, og eðlilegt, að hún væri hlutafjelagseign þeirra. Jeg býst við, ef Austfirðingum tekst ekki að koma upp klæðaverksmiðju, þá muni

þeir framvegis halda viðskiftum sínum við norskar klæðaverksmiðjur, þó verksmiðja væri í Reykjavík, sem ætti að vera fyrir alt landið, en hlaðin gjöldum hjer og ófær til að bjóða betri kjör þeim útlendu. Jeg býst varla við, að hún dragi til sín svo rótgróin viðskifti, þó verksmiðja á Austfjörðum, eign hjeraðanna, gæti það.

Þá fór hv. frsm. fjvn. nokkrum orðum um b-lið 50. brtt., sem er um lán til Norðfjarðarhrepps gegn endurábyrgð sýslunnar. Hv. frsm. benti á, að erindi um slíkar fjárveitingar eða lánsábyrgðir ættu að rjettu lagi að koma frá sýslunefndum. En fordæmi var skapað í fyrra með því að veita hreppsfjelagi einu lán, án þess að beiðni um það kæmi frá hlutaðeigandi sýslu, nefnil. Gerðahreppi, og sjálf fjvn. hafði lagt til við 2. umr., að slíkt lán skyldi veitt Bessastaðahreppi, án þess beiðni kæmi frá sýslunefnd. Það var því ekki nema eðlilegt, þó að við flutningsmenn brtt. færum þessa leið, enda er þessi viðbára hjegómi og aðeins formsatriði.

Þá er álit samgöngumálanefndar. Nokkurs misskilnings kennir ennþá viðvíkjandi styrknum til flóabáta. Minni hl. og meiri hl. nefndarinnar eru ekki eins fjarlægir hvor öðrum og af hefir verið látið. Minni hl. leggur til, að áætlunarupphæð stjórnarinnar verði látin standa óbreytt. En meiri hlutinn leggur til, að bætt verði við þá upphæð 5 þús. kr.

Af þeim fimm hjeruðum eða landssvæðum, sem styrks njóta til bátaferða, er áreiðanlegt, að ekkert þarfnast hans svo mjög sem Skaftafellssýsla. Þykir minni hluta nefndarinnar hún fara varhluta af styrknum samkv. till. meiri hl. Af 65 þús. kr. styrk leggur meiri hl. til, að veittar verði 25 þús. kr. til Suðurlands eða Borgarnessferðanna einna. Vil jeg í því sambandi benda á, að 1918—1919 voru aðeins veittar 18 þús. kr. til samgangna við Faxaflóa; en nokkru þar áður 12—15 þús. kr. Önnuðust þá samgöngurnar bátarnir Skjöldur og á undan honum Ingólfur. Þykir mjer auðsætt af reynslunni, að þessir bátar hafa verið betur við hæfi og hentugri til slíkra ferða en Suðurland, sem líka hefir tvöfaldað styrkinn og hafði í fyrra 35 þús. kr. Skal jeg að öðru leyti ekki fara fleiri orðum um þetta, en er ásáttur um að eiga það undir hæstv. atvrh. (MG), að skifting styrksins verði rjettlátleg.

Jeg verð þó að taka fram út af orðum hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), að mjer þótti hann misskilja styrkþörf til vorferða milli Austfjarða og Hornafjarðar. Telur hann að úthaldið á Hornafirði gæti sjálft borið kostnað af slíkum ferðum. Með sama rjetti má t. d. segja, að bændur við Breiðafjörð eða Faxaflóa ættu sjálfir að annast allar samgöngur innan fjarða eða flóa og milli Breiðafjarðar og Reykjavíkur án nokkurs styrks frá ríkinu, og mundi þó þykja óbilgjarnt. Jeg vil því minna hv. deild á, að í Hornafirði er rekinn allmikill útvegur síðari hluta vetrar. Er sá atvinnurekstur ekki aðeins hagsmunamál útvegsmanna þar og á Austfjörðum, heldur og ríkissjóðs, sem vitanlega nýtur því meiri tekna af þessum útvegi, sem hann blómgast betur. Mælir því öll sanngirni með því, að reynt verði að ljetta nokkuð undir með þeim mönnum, er þar eiga hlut að máli. Það má gera ráð fyrir, að af 25—30 vjelbátum, sem þarna stunda veiðar, verði brúttótekjur á vertíðinni ¼—½ milj. kr. Þetta er talsverð búbót fyrir útvegsmenn, en hinsvegar líka hagsmuna að gæta

fyrir ríkissjóð. Í mörgum tilfellum styrkir ríkissjóður starfsemi þar, sem ekki er öllu brýnni nauðsyn. Sumir útvegsmenn þarna koma langt að og þeim er alls ekki hægt um vik að nálgast nauðsynjar sínar austan af fjörðum með þeim smáfleytum, sem þeir hafa. Þeir geta lítið flutt að heiman annað en veiðarfæri, fargögn og nokkrar vistir, og mundu missa blíðustu og bestu daga vertíðarinnar til flutninga austur og austan, ef ekki fengjust milliferðir. Vegna þessara erfiðu aðstæðna til aðdrátta hafa þeir lagt mesta kapp á að fá styrktar milliferðir á vertíðinni, og undanfarið fengið þær nokkrar.

Jeg held að hv. 2. þm. N.-M hafi orðið mismæli um það, að styrkurinn til bátaferða undanfarið hafi einkanlega gengið til Suður-Múlasýslu. Síðustu árin hefir sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu ráðið meðferð styrksins, og er mjer óhætt að fullyrða, að þörf þeirrar sýslu hefir einkum verið höfð fyrir augum með ferðunum. Vitaskuld er það, að ferðirnar hafa náð til Suður-Múlasýslu jafnframt. Þar hafa millilandaskipin landsett vörur Hornfirðinga og þangað hafa verið fluttar til umskipunar ísl. vörur frá Hornafirði. Annars hafa bátaferðir venjulega legið milli Hornafjarðar og Seyðisfjarðar; miklu sjaldnar til Langaness.

Jeg skal þá víkja að nokkrum brtt., sem fyrir liggja og bráðlega koma undir atkv. Þegar jeg lít yfir þær í einu lagi, verður mjer fyrir að athuga, hve þær eru ósamstæðar og stefna sín í hverja átt. Sumar eru bornar fram af brýnustu nauðsyn, aðrar þarflitlar, eða verða alls ekki heimfærðar undir nauðsyn. En hver lítur á málið frá sinni hlið og einn telur nauðsyn það, sem annar telur fánýti. Engum blandast hugur um, að þegar farið er fram á að veita fje t. d. til málverkakaupa, þá er engri nauðsyn til að dreifa, eins og sóttvarna eða heilbrigðismála. Sumar till. eru einskonar neyðaróp bágstaddra manna og vekja hluttekningarsemi. Hæstv. atvrh. mælti t. d. í gærkvöldi fyrir einni fjárbeiðni frá sjúklingi, — manni vestan af landi, — og lýsti ástæðum hans. Af því jeg trúi fyllilega skýrslu hæstv. atvrh. varð það mjer nægileg hvöt til að ákveða mig með þeirri till. Hinsvegar hlýt jeg að verða nokkuð hikandi um ýmsar aðrar till., þótt jeg viti, að einhver þörf búi að baki þeim, af því að ekki er sýnd brýn nauðsyn. T. d. fer 14. till., frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM), fram á launauppbót til talsímakvenna, 11 þús. kr. Jeg veit vel, að þessar konur hafa heldur lág laun, en mjer datt í hug að skjóta þeirri spurningu til hv. flm., hvort ekki væri ærin eftirsókn eftir þessum störfum. Mjer hefir verið skýrt svo frá, að stöðugt sæki fleiri um þessa starfa en komist geti að, og bendir það ekki á nein neyðarkjör. Eftirsóknin ætti að geta verið sæmilegur mælikvarði í þessu efni, og sennilega nota flestar stúlkurnar þetta starf eins og aukaatvinnu eða tilbreytingarstarf.

Um nokkrar till. stendur svo á, að það getur verið metnaðaratriði, hvort styðja skuli eða fella, þó ekki sje um brýna nauðsyn að ræða. Skal jeg benda á 46. lið á atkvæðaskránni, till. frá hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), um það að veita ekkju Jóhanns heitins Sigurjónssonar 1 þús. kr. styrk. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þennan lið, því báðir hv. flm. hafa talað vel og röggsamlega fyrir þessari till. Jeg tel metnaðarmál að láta ekki þennan styrk niður falla, sem lengi hefir í fjárlögum staðið og nokkru hærri; getur líka verið, að hjer sje um brýna þörf að ræða. Er mjer því

ant um samþykt þessarar till. Mjer er vel kunnugt um þær hviksögur um þessa konu, sem hafa verið á sveimi. Get jeg vel skilið, að hv. fjvn. hafi þótt skuggi fallinn á verðleika styrkþegans. En þótt svo kunni að virðast, þá finst mjer ekki mega gleyma verðleikum konunnar frá fyrri tíð. Við könnumst allir við, að Jóhann Sigurjónsson hefir unnið okkur ómetanlegt gagn. Hann hefir borið á arnarvængjum skáldhróður Íslands út um heiminn og er einhver frægasti skáldhöfundur seinustu tíma hjer á landi. Við vitum, að þessi kona hefir unnað honum og stutt hann að þessu verki bæði með fje og þrótti, og það út af fyrir sig eru nógir verðleikar. Hvað sem líður þeirri hrösun hennar, sem svo mikið er talað um, þá vitum við lítil skil á henni; ef til vill eru það ýkjur að mestu, ef til vill hefir skortur og fátækt knúð hana til örþrifaráða. Jeg vil í þessu sambandi minna á gamla sögu, sem allir þekkja, og spyrja, *hver vilji kasta fyrsta steininum á hana.* Jeg held, að Alþingi ætti ekki að gera það.

Enn er ein till. hv. fjvn., sem jeg vildi drepa á, 53. brtt. á atkvæðaskránni, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða Eimskipafjelagi Íslands 60 þús. kr. Það er síður en svo, að jeg vilji draga úr því, að Eimskipafjelagið sje stutt og gert fært til að halda uppi samkepni við útlend fjelög. En mjer finst þessi till. bera á sjer einkenniblæ fátækrastyrks, svo sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) tók fram, og held jeg það verði fjelaginu til lítils álitsauka. Ef hinsvegar frv., sem nú liggur fyrir, um það að losa fjelagið undan skatti og aukaútsvörum, verður samþykt, þá hygg jeg, að það mundi fjelaginu hagkvæmari aðstoð en þessi styrkur. En þann stuðning tel jeg þó mestan og bestan fjelaginu til handa, ef landsmenn keptust eftir að nota skip þess og tækju þau ætíð fram yfir önnur skip. Þetta væri sú drengilegasta hjálp og ætti að verða svo öflug og almenn, að engu fjelagi yrði fært að keppa við Eimskipafjelagið á leiðum ísl. viðskifta.

Jeg hefði viljað víkja nokkrum orðum til hæstv. fjrh., en tímans vegna verð jeg að sleppa því; enda þykist jeg vita, að það mundi ekki leiða til annars en aukinnar orðasennu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal geta þess út af ræðu hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að hefði jeg tekið eftir því, að hann miðaði útreikning sinn um sparnað þingkostnaðar við þinghald annaðhvert ár, hefði jeg ekki notað svo sterk orð sem „sjálfsblekking". Hans áætlun var 14 þús., en mín 20 þús.; hygg jeg að mín tala sje sönnu nær. Myndi jeg geta fært rök að því, ef jeg áliti það máli skifta. Háttv. þm. sagði, að unt hefði verið að sleppa þinghaldi árið 1926, ef stjórnarskrárbreyting hefði verið samþykt á þessu þingi. Jeg held að það hepnist ekki að taka fyrst stjórnarskrána og fjárlög fyrir eitt ár, og fara síðan að leggja annað fjárlagafrv. fyrir næsta ár fyrir hið sama þing, eftir að nýja stjórnarskráin væri staðfest. Jeg er heldur ekki viss um, að það þætti viðeigandi, að svo mikilsvarðandi lagastaðfesting væri gerð símleiðis.

Þá ætla jeg að víkja örfáum orðum til hv. þm. Str. (TrÞ), og strax segja það, að jeg ætla engin náttvíg að vega. Jeg ætla að tala um hann og ræður hans eins og jeg mundi gera að honum fjarstöddum, svo það þarf ekki að kosta hann svar.

Af því jeg þykist vita, að hv. þingdeildarmenn sjeu búnir að fá nóg af þeim

ræðuhöldum, sem ekki snerta verkefnið, get jeg þess, að jeg þykist ekki hafa gefið tilefni til þess, hve langt þessi hv. þm. fór í síðustu ræðu sinni. Mjer þótti ekki gott samræmi milli þess, sem hann sagði nú um fjárstjórnaryfirlit mitt, sem jeg gaf fyrir þingbyrjun, og þess, sem hann sagði í blaði sínu rjett á eftir, að það kom fram. Þá var borið það lof á mig, sem mig langaði ekki eftir, en nú segir hv. þm., að jeg vilji mála ástandið sem svartast (*TrÞ*: Jeg sagði samt ekki „of svart"), til þess að minn ljómi yrði meiri. Sú hugsun liggur þarna að baki, að jeg muni ef til vill fá einhvern ljóma af þessu starfi, sem jeg hefi tekið að mjer. Jeg vil yfirleitt vara menn við því að líta svo á. Það tjáir ekki, að menn sjeu svo bjartsýnir að ímynda sjer, að þótt einhver, sem þeir kunna að treysta jafnvel sem hv. þm. Str. treystir mjer, taki að sjer ráðsmensku fjármálanna, þá verði snögg umskifti. Að vísu hefir aflast vel í nokkrar vikur og lítur ekki óbjörgulega út sem stendur, en menn mega þó ekki láta neina bjartsýni glepja athygli sína frá því, hve ástandið er alvarlegt. Jeg segi það hreinskilnislega, að jeg geng í þessa stöðu eins og að hverju öðru nauðsynjaverki, sem leysa verður af hendi, en býst ekki við, að nokkur ljómi muni falla á mig af því starfi. Eftir því, sem á undan er gengið, getur árangurinn ekki orðið sá, að um neinn ljóma verði að ræða. Það er gott, að menn geri sjer engar vonir um þetta. Þingið verður að sýna sjálfsafneitun í hverju spori og mikið erfiði til þess að ráða bót á ástandinu, og það verður að gera um langan tíma, áður en það getur borið verulegan árangur.

Háttv. þm. Str. kvað mig altaf vera að bogna. Mjer þykir engin minkun að kannast við, að jeg er ekki tiltakanlega ósveigjanlegur. Færði hv. þm. síðan til þess, að jeg hefði gengið undir 5 jarðarmen. Jeg verð að játa, að hv. þm. er betur að sjer í fornsögunum heldur en jeg er. Jeg minnist þess ekki, að þar sje talað um að ganga undir jarðarmen öðruvísi en sem talsvert helga athöfn, þegar menn gengu í fóstbræðralag. Það kann vel að vera, að jarðarmen hafi einnig verið notað við önnur tækifæri, en jeg minnist þess ekki í snöggu bragði. Það var síður en svo, að forfeðrum vorum þætti minkun í þessu, og er það því engin minkun fyrir mig, þó að hv. þm. segi, að jeg hafi gengið þrisvar undir jarðarmen, þegar jeg settist í ráðuneytið með þeim mönnum, sem þar eru með mjer. Að vísu höfum vjer ekki blandað blóði að fornum sið, en vjer göngum að sama starfi með eins góðum samhug og ásetningi um samvinnu sem fornmenn, þá er þeir gengu saman undir jarðarmen.

Að jeg hafi afneitað aðalkosningamáli mínu og flokksmanna minna, get jeg ekki viðurkent. Jeg var ekki hjerlendis, þegar aðalkosningahríðin stóð, og get jeg því ekki um það dæmt, hvað allir flokksmenn mínir kunna að hafa sagt. En á þeim 2 fundum, sem jeg átti með kjósendum mínum hjer í bænum áður en jeg fór utan, sagði jeg nákvæmlega hið sama, sem jeg hefi sagt hjer í hv. deild.

Þá taldi háttv. þm. mig mundu ganga undir tvöfalt jarðarmen í nótt með hæstv. forseta (BSv). Ekki veit jeg, hvort það muni verða, en undarlegt er það, er hv. þm. er að tilkynna opinberlega úrskurð forseta, sem er ennþá óuppkveðinn. Jeg vona, að það bendi ekki á nein undirmál milli háttv. þm. Str. og hæstv. forseta. (*TrÞ*: Alls ekki).

Háttv. þm. gerði að umtalsefni yfirlýsingu mína um afstöðu ráðherranna til fjáreyðslu utan fjárlaga, og mælti þá það, sem mjer líkaði ekki vel. Hann kvað mig vilja með því friða landsmenn, að engin umframgreiðsla mundi eiga sjer stað. Það er rjett að taka strax fyrir þessa hugsun. Það verður umframgreiðsla á þessu ári og á næsta ári, alveg eins og verið hefir á hverju ári síðan vjer fengum fjárforræði. Það liggur í hlutarins eðli, að hjá því verður ekki komist. Jeg hefi enga yfirlýsingu gefið um það, enda væri það ekki annað en barnaskapur. Það er um það eitt að ræða, að hinir ráðherrarnir ákveði ekki neitt um það án þess að samþykki fjrh. komi til. En eins og allir vita, eru flestar upphæðir í fjárlögum áætlunarupphæðir, sem á engan hátt verður vitað fyrirfram, hvort nægja munu. Jeg skal leyfa mjer að benda á, að nú þegar er þó unt að sjá það fyrir, að allar launaupphæðir í fjárlagafrv. fyrir 1925 eru áætlaðar of lágt, því að nú munu allir þykjast vita, að dýrtíðaruppbót muni verða mun hærri en gert var ráð fyrir, þegar frv. var samið. Menn mega því ekki gera sjer hugmynd um, að þeir geti fengið svo röggsaman fjrh., að hann geti afstýrt allri umframeyðslu. Það væri einungis að blekkja sjálfan sig.

Jeg gaf ekkert tilefni til samanburðar á afstöðu meðstjórnenda minna til mín og til Pjeturs heitins Jónssonar. Jeg sagði að meira samræmi væri í skoðunum okkar en verið hefði í samsteypuráðuneytum áður. Það er að vísu rjett, að ráðuneyti það, sem Pjetur heitinn Jónsson átti sæti í, var samsteypuráðuneyti, þegar það myndaðist, en það breyttist tiltölulega fljótt, eða undir eins og myndast fór sparnaðarbandalagið eða drög til Íhaldsflokksins. Þá hölluðust ráðherrarnir allir þrír þar að, en áður voru þeir studdir af 2 hópum í þinginu.

Ummæli hv. þm. Str. út af þessu, að meðráðherrar mínir væru innlimaðir undir Reykjavíkurvaldið, sem hlýtur að merkja það, að jeg muni beygja þá undir mig, eru ekki í samræmi við það, sem hann sagði áður, að jeg væri altaf að bogna. Hví skyldi jeg þá ekki miklu fremur bogna undir þá og kjósendur þeirra, svo að segja mætti, að jeg væri lagður undir vilja kjósenda norður í Skagafirði eða allra hinna mörgu kjósenda hæstv. forsrh. (JM) úti um alt landið.

Þó að hv. þm. hafi farið að rekja nokkur verkfræðingsstörf mín, þá er ekki meiri ástæða fyrir mig að svara því heldur en endranær. Jeg hefi jafnan haft það fyrir reglu að svara aldrei, þó að störf mín sem verkfræðings hafi verið gerð að umtalsefni í blöðum. Þó skal jeg geta þess í sambandi við það, sem hv. þm. sagði um móinn í Kringlumýrinni, að með skorti mínum á fljótfærni forðaði jeg Reykjavíkurbæ árið 1917 frá því að leggja út í fyrirtæki, sem mundi hafa leitt af sjer hræðileg vonbrigði og útgjöld fyrir bæjarbúa, en það var rekstur kolanámu vestur í Dufansdal. Það var ekki um að villast, að það var almenningsvilji, að í þetta væri ráðist, og fjekk jeg miklar ákúrur og ámæli meðal manna fyrir það, að jeg reis öndverður gegn því, eftir að jeg hafði rannsakað málið, og forðaði bænum frá stórtjóni. Og þó að margt hafi sagt verið *móti mótekjunni* í Kringlumýri, hefir ekki enn í dag verið unt að benda á neitt, sem skynsamlegra var að taka þá til bragðs. Jeg skal leiða hjá mjer að minnast á Kveldúlfskassann, en þar sem hv. þm. gat um vatnsleysi í pípunum við rafmagnsstöðina, skal jeg skýra frá því, að hann getur lesið alt um vandkvæði á

rekstri rafmagnsstöðvarinnar í skýrslu, er jeg gaf bæjarstjórninni sem verkfræðingur áður en ráðist var í það verk. Meira varð ekki heimtað af mjer, og jeg hygg, að Reykvíkingar muni ekki enn í dag óska þess, að það verk hefði ekki verið unnið. En Elliðaárnar eru, eins og svo fjöldamargt annað, ekki eins góðar og æskilegt væri, en við það verður ekki ráðið, og verðum vjer að taka því, sem náttúran býður. Að verkið varð dýrt, er ekki mín sök, heldur þeirra, sem spornuðu á móti því, að fylgt væri mínum ráðum. Ef jeg hefði mátt ráða, þá hefði stöðin verið reist 1½ ári fyr, og hefði það sparað mörg hundruð þúsundir króna, en við atkvæðagreiðsluna vóg mín hönd ekki meir en hinna, sem á móti voru. Af þessu frestaðist verkið fram á óheppilegri tíma. En þó var betra, að verkið var unnið þá heldur en ef það hefði verið látið niður falla.

Jeg kem þá að biðilsförunum, og skal jeg reyna að stilla orðum mínum í hóf. Það hefir komið fyrir margan góðan dreng að verða fyrir hryggbroti um æfina. Jeg skal ekki mótmæla því, sem hv. þm. Str. sagði um mig í því sambandi. En jeg er drengur svo góður, að jeg ber ekki kala til neins þeirra, sem jeg hefi fengið hryggbrot hjá. Svoleiðis á það altaf að vera. En mjer líkar ekki við hv. þm. Str., hvílíkur kuldi og óvild kom fram hjá honum í garð hæstv. atvrh. eftir að þessi orðsending fór þeirra á milli.

Jeg vona, að jeg hafi nú stilt svo í hóf, að jeg gefi ekki tilefni til frekari eldhúsverka. Mjer er sagt, að hv. 2. þm. Árn. (JörB) hafi haldið klukkutímaræðu með 50% dýrtíðaruppbót, eða talað í 1½ stund, meðan jeg þurfti að víkja mjer frá í nauðsynlegum erindum seinni hluta dags. Jeg hefi fengið skýrslu um aðalatriðin í ræðu hv. þm., en ekki fundið neitt, sem jeg teldi þess vert að lengja umræðurnar með því að svara.

Jeg skal þá snúa mjer að brtt., og vil jeg þakka hv. fjvn. fyrir það, að hún hefir fallist á, að vextir af viðlagasjóðnum væru eins og áður notaðir til útgjalda ríkissjóðs. Jeg vænti þess, að hv. deild fallist á þetta, enda veitir sannarlega ekki af.

Þá kem jeg að hinum umþráttuðu tillögum mínum. Hv. þm. Str. og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hafa báðir látið í ljós, að þeir teldu æskilegt, að jeg tæki þær aftur. Það get jeg ekki gert, vegna þess, að báðar ganga í þá átt, er jeg sem fjármálaráðherra og flokksmaður Íhaldsflokksins verð að telja þá einu rjettu stefnu nú. Báðar miða þær til þess að rjetta við fjárhaginn og færa niður útgjöldin, og verður því að virða mjer til vorkunnar, þó að jeg fari eins langt og jeg get. Ef hæstv. forseti vísar þeim frá, hefi jeg gert skyldu mína, einnig í því efni.

Um VI. brtt., að færa niður fjárveitinguna til sóttvarna, verð jeg að segja, að jeg skil hana ekki. Þessi kostnaður hefir að langmestu leyti gengið til sótthreinsunar á húsnæði og húsmunum á þeim heimilum, er farsóttir hafa komið upp á. Jeg get ekki hugsað mjer, að það sje tilætlun hv. flm., að þetta eigi að falla niður. Kostnaðurinn við þessa sótthreinsun, sem er alveg nauðsynleg, hefir síðustu árin verið heldur hærri en 15 þús. kr., og sje jeg því ekki, að rjett geti verið að lækka áætlunina, nema sýnt verði fram á, að meira hafi verið greitt fyrir unnin verk en nauðsyn bar til. Þetta hefi jeg ekki rannsakað, en jeg get fullvissað hv. þm. um, að það skal verða tekið til athugunar, hvort meira hefir verið greitt en þörf var á, og komi það í ljós, að svo

hafi verið, skal því verða kipt í lag. Vænti jeg þess, að hv. deild verði sjálfri sjer samræm í þeirri stefnu, að áætla varlega og lofi liðnum að standa með fullri upphæð.

Jeg skal svo ekki gera aðrar einstakar fjárveitingartillögur að umtalsefni. Jeg get fallist á flestar tillögur hv. fjvn., en fáar aðrar. Um brtt. við 21. og 22. gr. skal jeg geta þess, að jeg verð að fallast á tillögu hv. fjvn. um að heimila ábyrgð á 40 þús. kr. láni til Húsavíkurhrepps. Af þeim ástæðum, sem nefndin og hv. þm. S.-Þ. (IngB) hafa fært fram, virðast þarna svo miklir almenningshagsmunir í veði, að rjett sje að verða við þessari beiðni. Og varla er ástæða til að ætla, að þetta kauptún sje svo naumlega statt, að ríkissjóði yrði baggi að þessari ábyrgð. En svo vil jeg setja punktinn þarna og leyfa mjer að óska, að ekki verði samþyktar neinar aðrar ábyrgðarheimildir.

Um tillöguna um að heimila stjórninni að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60 þús. kr. skal jeg taka það fram, að verði hún samþykt, tel jeg sjálfsagt, að fjeð verði ekki greitt nema því aðeins, að fjelaginu sje það í raun og veru öldungis nauðsynlegt. Samskonar liður er í gildandi fjárlögum, og er sá styrkur nauðsynlegur fjelaginu, því að afkoman hefir verið mjög óhagstæð undanfarandi ár. Jeg vona, að eitthvað rætist úr á þessu ári; að minsta kosti hefir byrjunin verið betri nú en í fyrra, en þó er erfitt að fullyrða um, hvernig áframhaldið verður. Þessi styrkur er veittur í því skyni að styðja fjelagið gagnvart samkepni erlendra fjelaga. Jeg hefi ekki tekið eftir, að gerð hafi verið beinlínis grein fyrir því, en það er tilætlunin, að þessi heimild komi í stað þess, sem fjelagið fór fyrst fram á, að það yrði undanþegið vitagjaldi og afgreiðslugjaldi fyrir skipin. Þessi gjöld hafa nýlega verið hækkuð um 25%, og hafi fjelaginu verið illfært að bera þau eins og þau voru, þá getur það því síður greitt þau nú, en þessi gjöld nema nú eftir hækkunina einmitt um 60 þús. kr. yfir árið. Það er því í raun og veru farið fram á að veita heimild til að endurgreiða það, sem fjelagið greiðir í ríkissjóð á þennan hátt, ef það er nauðsynlegt vegna afkomu fjelagsins. Vil jeg því leyfa mjer að mæla með því, að heimildin fái að standa í fjárlögunum fyrir 1925, eins og í gildandi fjárlögum.

Jakob Möller: Áður en jeg hef mál mitt, vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. forseta (BSv), hvort hann ætli að reyna að ljúka við umræðuna í nótt.

Forseti (BSv): Það hefir verið talið æskilegt af ýmsum, en hinsvegar eru margir hv. þm. orðnir þreyttir og syfjaðir af hinum löngu umræðum og vilja, að málinu sje frestað. Jeg mun sennilega bera það seinna undir hv. deild, hvort umræðunni skuli frestað, en mun fyrst um sinn halda áfram til miðnættis.

Jakob Möller: Mjer dettur í hug alkunn saga um kennara einn, sem var við lærða skólann fyrir löngu. Þegar hann hafði eytt mestum hluta kenslustundarinnar í gamanræður, hrökk karl við, þegar svo sem fjórðungur stundar var eftir, og sagði: „Vill nú ekki einhver tafsa?“ Og svo var tafsað það sem eftir var af tímanum. Jeg heyri, að það er vilji ýmsra deildarmanna, að þeir tafsi, sem eiga eftir að taka til máls.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði um brtt. við talsímann, að þess væri engin

þörf að hækka laun talsímakvenna, af þeirri ástæðu, að eftirsóknin væri þar nægileg. Fyrir mjer hefir það ekkert að segja í þessu sambandi. Það, sem jeg lít á, eru kjör þessara starfsmanna, að þau eru með öllu óviðunandi. Það má vera, að hægt sje að fá einhverjar stúlkur fyrir þessi sultarlaun, stúlkur, sem búa hjá aðstandendum sínum og hugsa sjer bara að hafa þau í vasapeninga. En það væri mjög ranglátt að láta hinar gjalda þess, sem verða að fæða sig og klæða af þessu fje. Hv. frsm. (ÞórJ) sagði, að nefndin hefði ekki viljað hrófla neitt við launalögunum fyr en tími gæfist til að endurskoða þau í heild; að öðru leyti kveður hann nefndina vera hlynta launabótinni og telja hana rjettmæta. Úr því að nefndin lítur svo á, þá tel jeg hitt ekki neina ástæðu til frestunar. Háttv. fjvn. hefir farið það aftur síðan í fyrra, að nú vill hún öll draga málið á langinn, en í fyrra var hún þó ekki óskift í því.

Mjer þótti vænt um að heyra, hve vel háttv. frsm. tók í brtt. mína viðvíkjandi iðnskólanum. Það er viðurkent, að sá skóli hefir hið mesta þarfaverk að vinna, enda er lagt mjög ríflega til hans af iðnrekendum hjer í bænum. Skólann sækja um 100 nemendur og er 70 kr. skólagjald lagt á hvern nemanda, og er það greitt af húsbændum þeirra, sem skólann sækja. Veit jeg til þess, að einn atvinnurekandi hjer í bæ hefir þannig greitt 1200 kr. í skólagjald fyrir starfsmenn sína. Það er því naumast hægt að segja annað en að ríflega sje lagt fram á móti styrknum af hálfu þess opinbera. — Já, nú er ekki lengur fundarfært, eða hvað virðist hæstv. forseta?

Forseti (BSv): Deildin er að vísu ekki ályktunarfær í svipinn, en í þingsköpum stendur hvergi, að ekki megi halda áfram ræðuhöldum, þótt svo sje fátt þingmanna í deildinni. Jeg er þó fús á að veita nú fundarhlje í stundarfjórðung, úr því að menn virðast svo þreyttir orðnir.

Fundarhlje.

Jakob Möller (framh.): Jeg var að tala um iðnskólann og átti aðeins eftir að minna á það, hve það sje illa viðeigandi fyrir Alþingi að lækka nú styrkinn til þessarar stofnunar, rjett eftir að Iðnaðarmannafjelagið hefir gefið ríkinu svo dýra og höfðinglega gjöf sem minnisvarða Ingólfs Arnarsonar.

Jeg ætla svo að víkja með nokkrum orðum að því, sem hv. frsm. (ÞórJ) sagði um veðurathuganastöðina. Hann kvað nefndina ekki mundu áfellast stjórnina, þótt hún greiddi eitthvað umfram þessar 20 þús. til stöðvarinnar. Jeg hefði nú haldið, að samkvæmt stefnuskrá hæstv. fjrh. (JÞ), þá kysi hæstv. stjórn heldur, að þingið hækkaði þennan lið nú þegar, heldur en að fara nú strax að gera ráð fyrir umframgreiðslu.

Þá vil jeg víkja að því, sem hv. frsm. sagði um útgáfuna á Lögum Íslands. Hann kvað hafa átt að gefa þau út fyr, en ekkert orðið úr því. Þetta stríðir ekkert á móti fjárveitingu nú, því auðvitað verður ekkert greitt, ef útgáfunni yrði aftur frestað. Hitt er víst, að það er viðurkend nauðsyn að gefa út þetta verk, og má það helst ekki dragast lengur. Sú nauðsyn var líka síðast viðurkend með fjárveitingunni í fyrra. Það er og bein siðferðileg skylda þingsins að halda áfram með þetta og veita styrkinn, því ella myndi sá maður, sem keypt hefir útgáfurjettinn, verða fyrir óverðskulduðu tapi.

Og sje það meining háttv. nefndar að svifta þessa útgáfu ekki alveg styrknum, þá er engin ástæða til að fresta þessu og gera með því tjón þessum manni, allra síst þar sem hjer er aðeins um einar 1000 kr. að ræða.

Jeg vil svo víkja með nokkrum orðum að till. hæstv. fjrh. Hann kvað það ekki vera í fyrsta sinn hjer, sem farið væri inn á þá braut að breyta með fjárlögum ákvæðum gildandi laga, og þessu til stuðnings vitnaði hann í það, að á þinginu 1920 hefði með fjárlagaákvæði verið breytt lögum um meðlag með sjúklingum á Kleppi. Það er engin sönnun þess, að þetta sje löglegt, þótt svo hafi verið gert þá. Var það og í fylsta máta ólöglegt og myndi sjálfsagt ekki hafa náð fram að ganga, ef verulegum andmælum hefði verið hreyft gegn því og bent á ólögmæti þess. Get jeg þessu máli til stuðnings vitnað í ræðu háttv. frsm. fjárveitinganefndar á síðasta þingi. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessu ákvæði hefir aldrei verið breytt, en nú er farið að taka upp nýjan sið í fjárlögum og hækka þessa meðgjöf með fjárlagaákvæði einu. .... Jeg efast um, að fjárlögin geti breytt ákvæðum eins og þessu í öðrum lögum, og út frá mínu leikmannsviti sjeð, hugsa jeg, að ef hreppsfjelög hefðu farið í mál út af þessu, þá hefðu þau ekki þurft að greiða nema 50 aura á dag.“

Af þessu sjest, að þetta er ekki í fyrsta sinn, sem þessi aðferð er vefengd. Hitt getur altaf komið fyrir, að þing af vangá fari svo að ráði sínu, en það verður engu löglegra fyrir það. Geri jeg jafnvel ráð fyrir, að nú hefði getað farið svo, ef ekki hefði verið um svo viðkvæmt mál að ræða sem prentun Þingtíðindanna. Og jeg veit ekki einu sinni, hvernig farið hefði, ef þessi till. hefði verið það fyrsta, sem fram var borið í málinu á þessu þingi. Það er óvíst, að þá hefði verið athugað, að þessi aðferð er óheimil. Því það er einmitt þetta, að till. kemur fram eftir að nýbúið er að fella hjer í deildinni frv. sama efnis, sem hefir vakið athygli manna á því, hve þessi aðferð er óviðurkvæmileg. Það er nefnilega auðsjeð, að hæstv. stjórn hefir hjer ætlað sjer að fara aftan að deildinni. Hún hefir með þessu gert tilraun til að þvinga ákvæði upp á löggjafarvaldið, sem það er áður búið að neita. Því svo stendur á hjer, að það væri sennilega unt að koma þessu í gegnum þingið með ákvæði í fjárlögunum, þótt ekki sje hægt að koma því fram með algengu lagaleiðinni. Því þótt ekki sje nægur atkvæðafjöldi til að koma því í gegnum þessa hv. deild, þá stendur nú svo á, að það mundi væntanlega sleppa í gegn í sameinuðu þingi með eins atkv. mun. Það er þetta, sem hæstv. stjórn hefir ætlað sjer, enda myndi henni hafa tekist að ná þannig einu atkv. umfram, af því að einn hv. þm. er veikur. *(Fjrh. JÞ*: Þetta er tómur skáldskapur). Það er þá hæstv. stjórn, sem hefir lagt til yrkisefnið. Jeg skal þó ekki fullyrða, að hjer sje um slíkan útreikning að ræða, en sje því ekki svo varið, þá verður ekki komist hjá því, að hjer virðist bóla á þeirri fljótfærni hjá hæstv. fjrh., sem háttv. þm. Str. var að tala um áðan. Hæstv. fjrh. vildi neita því, að hjer væri um lagabreytingu að ræða. Það liggur þó í augum uppi, að svo er, því lögin segja hreint og beint, að umræðupartinn skuli prenta, en till. heimilar aftur á móti að fella niður prentunina. Það er því hjer um það að ræða að breyta þvert á móti lögum, og er því

annaðhvort um ólöglega ráðstöfun eða gagngerða breytingu að ræða, og verður því ekki um þetta atriði deilt.

Það er þó enn ómótmælanlegra, að um lagabreytingu er að ræða í hinni brtt. hv. fjrh. Jeg las upp síðast tvær greinar úr lögunum um stofnun landhelgissjóðs, og vil jeg nú á ný vekja athygli á þeim. Í 4. gr. í lögunum frá 1913 er það tekið fram, að sjóðnum skuli á sínum tíma varið til eflingar landhelgisvörnum Íslands. Í lögunum 1915 er orðalagið aftur á móti svo, að sjóðnum skuli á sínum tíma varið til að koma upp tveimur nýjum strandgæsluskipum, er notuð verði til að verja landhelgina. Í báðum stöðum er það svo tekið fram, að *löggjafarvaldið* ákveði, hvenær sjóðurinn taki til starfa. Það er því auðsjeð, að breytingin, sem gerð var 1915, fer í þá átt, að tryggja enn betur, að þessu fje verði fyrst og fremst varið til þess að koma upp skipum til strandvarna. Að því búnu má auðvitað verja fje úr sjóðnum til að reka strandvarnirnar. Það er því engum blöðum um það að fletta, að það þarf að breyta þessum lögum, til þess að hægt sje nú þegar að fara að verja þessu fje til rekstrarins. Og það er *löggjafarvaldið* sjálft, sem verður að ákveða þetta, en ekki sá sjerstaki þáttur löggjafarvaldsins, sem heitir fjárveitingarvald. Því það gilda alt aðrar reglur um hið almenna löggjafarvald heldur en um fjárveitingarvaldið, og má af því sjá, að til er ætlast, að þessu tvennu sje ekki blandað saman.

Að því er snertir þá röksemd, að ríkið hafi nú þegar komist yfir skip, sem haft sje til strandvarna, þá er því að svara, að það skip er ekki undir umráðum stjórnarinnar, nema að því leyti, sem eigendur þess vilja leyfa, enda var þetta skip líka upphaflega keypt í alt öðrum tilgangi en þeim, að gæta landhelginnar. En hvað sem um það er, þá verður sjóðurinn ekki látinn taka til starfa, nema lög sjeu sett þar um af löggjafarvaldinu. Það er bert, að fjárveitingarvaldið og löggjafarvaldið er í raun og veru sitt hvað, með því að sjerstakar reglur gilda um hvort fyrir sig. Þannig getur fjárveitingarvaldið tekið ákvörðun í sameinuðu þingi með einföldum meiri hluta. En löggjafarvaldið ekki nema með ákveðnum meiri hluta — ⅔ atkvæða. Það er því ómögulegt að halda því fram, að hjer sje um eitt og sama að ræða. En það er þó einmitt þetta, sem hæstv. fjrh. fer hjer fram á, að nota ekki löggjafarvaldið, heldur fjárveitingarvaldið, til þess að breyta almennum lögum. En til þess hefir fjárveitingarvaldið engan kraft. Það ræður ekki um neitt annað en fjárveitingar.

Jeg sje, að frv. það, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) ber fram um breyting á lögum um landhelgissjóðinn, er flutt í því skyni að bjarga þessu við. Háttv. flm. þessa frv. gerir hjer skýran mun, því að breyting sú, sem hann vill gera á þessum lögum, er í því fólgin, að það skuli vera fjárveitingarvaldið, sem ákveður, hvenær landhelgissjóðurinn taki til starfa.

Eins og jeg sagði í fyrstu ræðu minni, þá er andstaða mín móti þessari tillögu ekki af því sprottin, að jeg sje því í sjálfu sjer andvígur, að eitthvert fje sje tekið úr landhelgissjóði til strandvarna, heldur einungis af því, að jeg tel till. ranglega fram borna. Og einmitt af þeirri ástæðu hefir háttv. 1. þm. Árn. borið fram frv. sitt. Og eins hefi jeg leyft mjer að koma með till. á þskj. 292 um það, að tillaga hæstv. fjrh. um þetta orðist svo, sem þar er greint. En nú er jeg í dálitlum vafa um það, hvort jeg eigi að halda till. áfram, vegna þess, að jeg hefi orð-

ið þess var, að hv. sjávarútvegsnefnd vill helst, að fjárframlagið til strandvarna sje óbreytt eins og það stendur nú í fjárlagafrv., hvað sem líður framlagi úr landhelgissjóði. Sannast að segja hefði jeg kosið, að fjárveitingin hefði ekki verið lækkuð eins mikið og gert hefir verið. Jeg hefði viljað, að staðið hefðu 75 þús. kr., í stað 50 þús., gegn jafnmiklu úr landhelgissjóði. En því má enn breyta, þó svo færi, að till. yrði nú samþykt móti vilja sjávarútvegsnefndar. Upphæðina er hægt að hækka í hv. Ed., eða síðar hjer í deildinni. Jeg læt enn óákveðið, hvort jeg tek till. mína aftur eða ekki.

Í því sambandi, að jeg mintist á sjávarútvegsnefnd, þá minnist jeg þess, að hæstv. fjrh. gat þess til stuðnings sínum málstað, að sú nefnd væri sjer sammála um það, að taka fje til strandvarnanna úr landhelgissjóði á þennan hátt, með einföldu fjárlagaákvæði. Jeg leyfði mjer að skjóta því fram, að nefndin hefði ekki rannsakað málið, og hefi jeg komist að raun um, að svo er. Nefndin hefir ekki rannsakað það, hvort hægt væri að koma þessu svona fram, af þeirri ástæðu, að hún hvarf frá því að sinni, að landhelgissjóður legði fje til strandvarnanna, en ætlaði, að framlagið úr ríkissjóði yrði látið nægja og vildi, að upphæðin, 120 þús., yrði látin halda sjer. Hinsvegar er augljóst, að breyta má lögunum um landhelgissjóðinn eins og hv. 1. þm. Árn. leggur til með frv. sínu.

Frsm. meiri hl. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg mun verða stuttorður af tveim ástæðum. Bæði er nú áliðið nætur og jeg ekki vel hraustur. En jeg þarf að svara ýmsu, sem vikið hefir verið að meiri hl. samgmn. Jeg hafði búist við því, að ýmsir hv. þdm. mundu finna það að till. nefndarinnar, að of lítið fje væri ætlað til flóabátaferða. En bæði meiri og minni hl. samgmn. var það ljóst, að full þörf væri að gæta hins ýtrasta sparnaðar. Það verður ekki hjá því komist, að ýmsir bátar, sem þörf væri að styrkja, geta ekki fengið styrk. Aðeins þeir bátar, sem brýn nauðsyn ber til að styrkja, geta orðið styrks aðnjótandi. Og það eru fyrst og fremst póstbátar, sem verður hvort sem er að veita fje til, svo sem báturinn, sem gengur um Ísafjarðardjúp, og bátur sá, sem hjeðan gengur til Borgarness. Auk þess kemur öllum ásamt um það, að Skaftfelling sje nauðsynlegt að styrkja til þess að halda uppi samgöngum austur með söndum. Eins og gefur að skilja, eru till. nefndarinnar, bæði meiri og minni hl., aðeins bending til hæstv. stjórnar. En hún verður að vinna úr í hverju tilfelli og úthluta styrknum eftir því, sem henni sýnist.

Háttv. frsm. minni hl. samgmn. (SvÓ) taldi hina mestu þörf á að styrkja Austfjarðabátinn, og einkum að styrkja vjelbátaferðir meðan vertíð stendur í Hornafirði. Það er vitanlegt, að þar er nokkur útgerð og afli á vissum tíma, snemma vors, eins og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) tók fram, og fjöldi sjómanna safnast þangað með báta sína. En frá mínu sjónarmiði er því einmitt minni ástæða til að styrkja bátaferðir þar um það leyti. Þeir, sem stunda þar sjó, þurfa sjálfir að sjá fyrir aðflutningi heiman frá sjer og heim til sín. Aðstaðan virðist mjer þar lík og í öðrum stærri verstöðum, t. d. Sandgerði, og talar enginn um styrk til að halda uppi samgöngum þangað. Fjöldi Ísfirðinga stundar veiðar frá Sandgerði á vetrarvertíð. Þeir annast sjálfir alla flutn-

inga að heiman og heim, og þykir öllum sjálfsagt. Hinsvegar viðurkenni jeg þörf Hornafjarðar til þess að hafa bát til flutninga haustvörunnar. Eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni hjer, þá álítur framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins, að það sje ókleift fyrir Esju að taka að sjer flutning á haustvörunum til og frá Hornafirði, og að hún geti ekki komið þar við eftir miðjan september. En hinsvegar áleit hann, að þeir flutningar væru vel styrktir með 3 þús kr., samanborið við aðra flutningaþörf kringum land.

Þá hefi jeg leyft mjer að koma með brtt. á þskj. 291 undir umræðum í dag. Ástæðan til þess er sú, að sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu sendi mjer símleiðis beiðni um, að það skilyrði verði ekki látið standa, sem sett er nú í fjárlagafrv. fyrir styrkveitingu til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði. Þar er sem sje svo til skilið um sjúkrahúsbygginguna, að sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og bæjarfjelagið taki að sjer sjúkraskýlið til rekstrar. Þetta skilyrði var ekki sett í fjárlög 1924, og sýslufjelagið er að svo stöddu ekki við því búið að segja neitt um það, hvort það vill taka að sjer rekstur sjúkrahússins ásamt bæjarfjelaginu. Jeg vænti þess, að hv. þdm. vilji ekki nú frekar en áður binda fjárveitinguna þessu skilyrði, úr því að hún var ekki bundin því á síðasta þingi. Hinsvegar er sýslunefndin albúin þess að ábyrgjast það, að sjúkrahúsinu verði komið upp og byggingin leidd til lykta, að því er húsið snertir. Það hefir ekki enn komið til samninga milli sýslunefndar og bæjarstjórnar, hvernig sjúkrahúsið verði rekið, en bæjarstjórnin hefir lýst yfir því, að hún búist við að annast reksturinn ein, og mun sýslunefnd ekki hafa neitt á móti því, því eins og áður mun sýslufjelagið hafa þar sjerstaka samninga um sína sjúklinga. Jeg vænti því, að brtt. mín verði samþykt.

Þá á jeg aðra brtt. viðvíkjandi styrk til kvenfjelagsins Óskar til húsmæðrafræðslu. Það er dálítið undarlegt, ef hv. þdm. geta ekki fallist á það, að einhverjir aðrir en þetta kvenfjelag megi hafa framkvæmd kenslunnar og hljóta styrkinn, ef t. d. Ósk gæti ekki einhverra orsaka vegna komið kenslunni á, en aðrir vilja gera það. Jeg þykist vita, að það sje vilji hv. þdm. að styrkja þessa fræðslu annaðhvort á Ísafirði eða í sýslunni, þar sem hentugt þætti. Í fyrra var þessari kenslu haldið uppi af ungmennafjelagasambandi Vestfjarða, og fór hún fram á Núpi í Dýrafirði. Ef nú Ósk gæti ekki rekið kensluna og önnur fjelög vildu taka hana að sjer, þá væri ilt, ef styrkur þessi væri svo fastbundinn við það eina fjelag, að kenslan yrði að falla niður.

Við háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) höfum fengið ákúrur bæði hjá fjhn. og fjvn. fyrir að leggja til að færa styrkinn til sóttvarna innanlands niður í 8 þús. kr. En eins og hv. þm. V.-Ísf. hefir skýrt frá, þá er það okkar álit, að eftir það, að heilbrigðisstjórnin hafði orðið fyrir ákúrum eftir spönsku veikina, þá hafi hún gert meira en nauðsyn hefir krafið í því að varna útbreiðslu lítt saknæmra veikinda innan lands, sem oft hefir verið ónauðsynlegt og í mörgum tilfellum gagnslaust. Þannig hefir hún í eitt skifti varið nokkru fje til þess að hefta útbreiðslu mislinga. Hitt nær engri átt, að við viljum standa á móti því, að hús sjeu sótthreinsuð eftir smitandi sjúkdóma, eins og taugaveiki, en við viljum ekki ýta undir heilbrigðisstjórnina að setja varnir móti

meinlausum sjúkdómum, og heldur ekki að eyða eins miklu fje og stundum hefir verið gert til ónauðsynlegra eða lítt nauðsynlegra sóttvarna.

Þorleifur Jónsson: Jeg hjelt, að jeg mundi ekki þurfa að taka aftur til máls við þessa umræðu. En út af fáeinum vinsemdarorðum, sem hæstv. fjrh. sendi mjer og tveim öðrum þm. úr Framsóknarflokknum, finn jeg mig til knúðan að mæla nokkur orð.

Hæstv. fjrh. hefir þótt vel við eiga að halda hjer eldhúsdag yfir í fráfarinni stjórn, fyrverandi þingum og Framsóknarflokknum og einstökum mönnum úr honum. Þessi eldhúsdagur hæstv. fjrh. er nokkuð óvenjulegur og verður líka æðitímafrekur. Jeg þykist sannfærður um, að þessi eldhúsverk hafi nú lengt þessa 3. umræðu fjárlaganna alt að helmingi.

Hæstv. fjrh. rjeðst í lok ræðu sinnar af miklum móði á okkur þrjá þm. úr Framsóknarflokknum, hv. þm. S.-Þ. (IngB), hv. þm. Mýra. (PÞ) og mig, fyrir þær sakir, að við hefðum verið því fylgjandi á þingi 1922 að fresta prentun Alþingistíðindanna, en værum nú annars hugar. Jeg skal nú að vísu játa það, að jeg og þessir hv. þm., sem jeg nú nefndi, vorum því þá fylgjandi að fresta prentun Þingtíðindanna. En það voru sjerstakar ástæður, sem til þess lágu og jeg skal nú greina frá.

Þegar það kom í ljós á þinginu 1922, hvað prentunarkostnaður Þingtíðindanna hafði orðið gífurlega mikill 1921, þá fanst mörgum nauðsynlegt að gera tilraun til að færa þann kostnað eitthvað töluvert niður.

Það varð nefnilega augljóst þá, að prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna 1921 kostaði sem hjer segir:

B-deild	.....	kr. 24552,50
C- —	.....	— 7397,50
D- —	.....	— 7540,00
Pappír	.....	— 6429,95
	Samtals	kr. 45919,95

og allur kostnaður við Alþingistíðindin það ár varð kr. 103188,75. Nú þótti það allgeigvænlegt, ef þessi kostnaður hjeldi svona áfram, og því tóku allmargir þm. það ráð, þó sumum þætti það hálfgert neyðarúrræði, að koma með till. um það að fresta prentun á umræðunum, ef kostnaðurinn við prentunina þyrfti að vera svo gífurlegur. En frv. var jafnframt borið fram í þeim tilgangi að koma í veg fyrir það okur, sem mönnum þótti prentsmiðjurnar þá beita. Þetta frv. var samþykt í Nd., og fylgdi jeg því fyrir sparnaðarsakir, en líka meðfram til þess að sjá, hvort ekki mundi hægt að fá betri kjör hjá prentsmiðjunum, er þær sæju, að þinginu væri alvara með að taka svona í strenginn. Og þetta fór svo, að þótt frv. fjelli í þinginu, þá náðist samt sá árangur, að prentsmiðjurnar lækkuðu sínar kröfur um 20%. Og meðfram fyrir þessa lækkun feldi hv. Ed. frv., eða ljet það ekki ganga fram. Það fór líka svo, að 1922 varð allur kostnaður við prentun Alþingistíðindanna ekki nema 43554 kr., og þar af kostaði *prentun umræðupartsins aðeins 18500 kr.*

Þetta vanst þá á við meðferð málsins á þinginu 1922. Nú stendur öðruvísi á. Því er ekki til að dreifa, svo jeg viti, að prentsmiðjurnar hafi sýnt Alþingi að þessu sinni neina óbilgirni, og það verður ekki sjeð, að kostnaðurinn við prentun á umræðunum nú þurfi að fara fram úr því, sem var 1922. Þingið 1922 stóð lengur en búist er við, að þetta þing standi. Verða því umræðurnar að líkindum styttri,

og þar með minni kostnaðurinn. Verði hann ekki yfir 20 þúsund, sje jeg alls ekki að brýn þörf sje á því að hætta prentun umræðnanna. Má líka búast við, að óhjákvæmileg vjelritun á nokkrum eintökum yrði nokkuð dýr, auk þess sem má taka það fram, að engum dettur í hug, að hjer sje um að ræða að fella alveg niður prentunina, heldur fresta henni aðeins um 2—3 ár, og verð jeg því að játa, að jeg sje ekki hvað er unnið. Enda verður að teljast vafasamt að varpa á seinni tímann svo og svo mörgum nauðsynlegum fjárgreiðslum, því að aldrei er með vissu hægt að segja, hvað framtíðin felur í skauti sínu. Jeg segi það því óhræddur, að jeg er af góðum og gildum ástæðum á öðru máli um þetta en áður. Og jeg hefi orðið var við það, að almenningur er víða mjög andstæður því, að prentun umræðnanna verði hætt. Þó blöðin kunni að flytja eitthvert hrafl af ræðum, þá halda fáir þeim saman og þau glatast, enda geta þau ekki tekið upp annað en þá sumar aðalræðurnar, en alls ekki gefið nægilegt heildaryfirlit. Eftir því, sem stjórnmálalegur þroski almennings eykst, verður áhuginn meiri og hvötin ríkari til að kynnast því, sem fram fer á þinginu.

Hæstv. fjrh. brá okkur um það, að við hefðum haft skoðanaskifti í þessu máli. Já, — þó svo væri, þá væri það ekki einsdæmi, þar sem mjer er óhætt að fullyrða, að tveir af helstu flokksbræðrum hans, sem 1922 voru mjög andstæðir því að hætta prentun umræðnanna, fylgja því nú fast fram, að nú sje hætt að prenta, og það þótt kostnaðurinn verði meira en helmingi minni en 1921. Hæstv. fjrh. flytur nú um þetta brtt. við fjárlögin, þrátt fyrir það, þótt frv., sem fór í sömu átt, hafi verið felt hjer í deildinni. Og þó að eins vel sje búist við því, að till. hæstv. fjármálaráðherra verði vísað frá sem ólögmætri, þá vildi jeg þó gera hreint fyrir mínum dyrum og lýsa afstöðu minni til málsins í heild.

Jeg vil að endingu taka það enn þá fram, að jeg sje ekki neina ástæðu til að stimpla okkur fyrir skoðanaskifti. Það stóð alt öðruvísi á 1922. Þá var prentunin hreinasta okur. Nú er allur kostnaður miklu lægri, prentun sanngjörn og líklegt að umræður verði allmiklu styttri. Sjáum við því ekki neina ástæðu til, að það, sem þingið gerir 1925, verði hulið myrkri, einkum þar sem sparnaðurinn verður ekki eins mikill og látið er, þó að prentun umræðnanna verði hætt. Má þar benda á, að gert er ráð fyrir talsvert lengri og ítarlegri nefndarálitum og búast má við, að vjelrita þurfi 10—15 eintök. Og hjer er aðeins verið að tala um að slá prentun umræðnanna verði hætt. Má þar aðurinn er rjett á litið enginn.

Loks vildi jeg minnast á það, að þessi þriðja umræða fjárlaganna er orðin nokkuð löng; hefir staðið í tvo sólarhringa. Væri því æskilegast, að menn færu nú að verða fáorðir, svo að ekki þyrfti enn þá að eyða í umræðurnar einum degi í viðbót.

Pjetur Ottesen: Það er nú orðið talsvert áliðið, og dagurinn hefir alt í einu snúist upp í eldhúsdag. Það hefir logað öðruhvoru glatt í hlóðunum, og getur það verið allvarasamt að gerast þar um of nærgöngull, eða svo virtist mjer fara fyrir hv. síðasta ræðumanni, þm. A.-Sk. (ÞorlJ), er hann var að verja skoðanaskifti sín um Þingtíðindaprentunina. Eins og það er hæpið að koma nærri hlóðarsteininum þegar slíkir stóreldar eru uppi, eins er það og ekki síður hæpið fyrir þann, sem tvívegis hefir verið með í því

áður, eins og hv. þm. A.-Sk., að flytja frv. um niðurfellingu á prentun umræðupartsins af sparnaðarástæðum, að ætla sjer þá dul að verja það að snúast gegn slíkum sparnaði, þegar þörfin á að spara útgjöld ríkissjóðs er jafnbrýn og aðkallandi sem nú er, og það þegar upplýst er orðið um hversu keyrt hefir um þvert bak í eyðslusemi og eignarýrnun síðustu tvö árin.

En jeg stóð ekki upp til þess að taka þátt í þessum eldhúsumræðum, heldur til þess að minnast á nokkur atriði, sem jeg get ekki leitt hjá mjer að drepa á. Ætla jeg þá fyrst að minnast á till. um styrk til sjúkraskýla. Jeg býst við, að allir sjái þá nauðsyn, sem á því er, að styrkurinn falli ekki niður, þó að erfiðir sjeu tímarnir. Býst jeg annars ekki við, að nauðsyn sje að fjölyrða um það mál, en vænti þess, að þingið láti í tje þá upphæð, **sem farið er fram á,** og hæstv. stjórn úthluti henni síðan eftir því, sem hún sjer, að þörfin kallar að.

Þá sný jeg mjer að till. hv. samgöngumálanefndar, en þær till. eru sannur spegill alls starfs nefndarinnar á þessu þingi. Hafa spunnist hjer allmiklar umræður út af styrknum til Faxaflóaferðanna. En þegar um þær er rætt, er rjett að athuga ýmislegt, sem er á annan veg um ferðir á Faxaflóa en annarsstaðar á landinu á flóum og fjörðum.

Nú eru komnar fram till., sem líklegt er að verði samþyktar, um styrk til strandferðaskipsins Esju, er nemi 180 þús., og til Eimskipafjelags Íslands, sem er áætlaður alls 105 þús. fyrir árið 1925. Mjer finst, að vert sje að vekja eftirtekt á því, að Faxaflói nýtur ekki neins af þessum styrk, en sama er víst ekki hægt að segja um nokkurn annan flóa eða fjörð á landinu.

Fyrir þetta ár er búið að semja um Borgarnesferðirnar, og verður styrkurinn til þeirra 31 þúsund. En þetta fje er ekki eingöngu veitt í þágu hjeraðanna við Faxaflóa, því að skip það, sem annast ferðirnar, flytur allan póst til og frá Norður- og Vesturlandi milli Borgarness og Reykjavíkur. Ætti nú að flytja þennan póst landveg, mundi það, eftir því sem póstmeistara segist frá, kosta 20 þúsund krónur. Af þessari upphæð fara því fullir ⅔ til póstflutninga milli Norður- og Vesturlandsins og Reykjavíkur eingöngu. Til hjeraðanna fara því ekki beinlínis meira en 11—12 þúsund, og þegar þess er gætt, að ekkert af því fje, sem fer til Eimskipafjelags Íslands og strandferðaskipsins Esju, verður þessum hjeruðum til gagns, þá hygg jeg, að það sje mjög á misskilningi bygt að láta það fje, sem fer til Borgarnesferðanna, vaxa sjer svo mjög í augum.

Tillögur nefndarinnar um niðurjöfnun bátastyrksins 1925 eru sannur spegill af starfinu og samkomulaginu í nefndinni. Frá henni hafa komið tvö nefndarálit, og koma þó ekki öll kurl þar til grafar um glundroðann, því svo eru fyrirvarar í allar áttir. Minnihlutanefndarálitið er frá þeim hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og hv. 2. þm N.-M. (ÁJ), og á heilli síðu í því áliti eru þeir ekki sammála um neitt nema eina 5 tölustafi, þ. e. upphæðina 60000. Um alt annað eru þeir ósammála.

Meirihlutatillögurnar eru sanni nær, þó að þær sjeu fádæma flausturslegar og þar vanti tillögur um styrk til bráðnauðsynlegra bátaferða, sem styrks hafa notið undanfarin ár. Er þar á meðal styrkurinn til Hvalfjarðarbátsins, sem ekki má fyrir neinn mun niður falla. Hvað meirihlutanefndarálitið annars snertir, þá eru þeir 3, sem undir það hafa skrifað, innbyrðis ósammála. Þeir hafa allir talað og reynt

að halda sjer í sem mestri fjarlægð frá till. sínum, nema ef vera mætti hv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Að minsta kosti hefir hv. þm. Mýra. (PÞ) gengið svo rækilega á snið við tillögur sínar, sem honum er unt. Má það og heita merkilegt, að nefndin skuli hafa gleymt einum viðkomustaðnum við Faxaflóa, Akranesi, en það er ekki nema samkvæmt annari starfsemi hennar.

Þá hefir nefndin haft með höndum frá því í þingbyrjun úthlutun styrksins fyrir þetta ár. En ennþá hefir henni ekkert orðið ágengt, því að hver höndin er upp á móti annari, og því eina úrræðið að varpa öllu á herðar stjórninni. En jeg verð að leggja ríkt á við stjórnina um það, að ganga fram hjá till. nefndarinnar eins og hún hafi ekki hugmynd um, að þær sjeu til. Vil jeg sjerstaklega biðja hv. stjórn að veita einhvern styrk til Hvalfjarðar- og Grímseyjarbátanna, því að jeg býst við, að öllum sje ljóst, hve þörfin er þar brýn. Grímseyingar eru einangraðir langt frá öllum öðrum, og Hvalfirðingar hafa enga akvegi og engar skipaferðir til sín.

Skal jeg ennþá einu sinni taka það fram, að till. nefndarinnar eru þannig undirkomnar og í heiminn bornar, að þær eru síst verðar þess, að eftir þeim sje farið. Nefndarmenn eru einn í austri og annar í vestri, og sá, sem í vestrinu er, veit ekki hvað sá í austrinu vill — og gagnkvæmt. Tillögu háttv. þm. A.-Sk. um hækkun á styrknum tel jeg sjálfsagt að samþykkja, og greiði jeg henni atkvæði.

Það er nú orðið framorðið og jeg sje ekki ástæðu til að tala meira um þetta. (*HK*: Nóg er nú nóttin). En jeg ætla að minnast á eina till. ennþá, þ. e. till. um styrk til fjárkláðalækninga. Fyrst var það lagt til, að þessi styrkur yrði 25 þús. kr. Síðan hefir fjvn., eftir nánari athugun, lækkað styrkinn og leggur nú til, að aðeins sjeu veittar til þessa 10 þús. kr. Loks hefir komið fram þriðja till., þar sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) leggur til, að aðeins verði varið 2500 kr. í þessu skyni. Og jafnframt leggur hann til, að svipaðri upphæð verði varið til málverkakaupa. Það verður að virða hv. þm. V.-Ísf. það til vorkunnar, þó hann flytji slíka tillögu sem þessa; því veldur vitanlega algert ókunnugleiki hans á slíku máli sem þessu og vöntun á áhuga fyrir því að gera sjer neitt far um að kynnast því. En hinsvegar er honum mikill þyrnir í augum hvað fjvn. hefir orðið vel ágengt í því að skera niður ýmsa bitlinga í fjárlögum, þar á meðal að lækka fjeð til skálda og listamanna og fella með öllu niður fje til málverkakaupa. Það vita allflestir, hve fjárkláðinn hefir gert geysilegt tjón hjer á landi. Hefir verið að því unnið að útrýma honum, en það hefir ekki tekist enn. Muna allir eftir þeirri rækilegu tilraun til þess, sem norski dýralæknirinn Myklested stjórnaði og kostaði landið ærið fje. En það var aðallega í sambandi við kjöttollinn norska, sem mjer datt í hug að ræða þetta mál. Allir eru sammála um það, að verði ekki sá tollur lækkaður, og enda hvort sem er, sje saltkjötsmarkaðurinn svo lítilfjörlegur og óábyggilegur, að nauðsyn sje fyrir landsmenn að geta breytt til og selt fjeð lifandi eða kjötið kælt eða fryst. En menn ættu að muna það, að ein aðalástæðan fyrir því, að vjer höfum ekki getað notað oss markaðinn fyrir lifandi fje, er einmitt fjárkláðinn. Þetta ætti hv. deild að athuga áður en hún lækkar þessa fjárveitingu að miklum mun. Það er því eitt af undirstöðuatriðunum fyrir því, að geta fært

kjötsöluna inn á þetta svið, að losna með öllu við fjárkláðann. Er því ekki nema ofureðlilegt, að þeir menn, sem eiga lífsuppeldi undir landbúnaðinum, vilji ekki láta skera við neglur sjer þær fjárveitingar, sem stefna að því að ráða bót á þessu vankvæði. Að nefndin gekst inn á að færa þessa fjárveitingu niður, var að miklu leyti til þess að vera viss um að koma henni í gegn.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir deilt allmjög á nefndina fyrir það, að hún hefir ekki viljað ganga inn á tillögu hans um, að ríkissjóður taki ábyrgð á láni til þess að koma upp klæðaverksmiðju á Austurlandi.

Um það er ekki deilt, að nauðsyn beri til að vinna ullina sem mest í landinu sjálfu. En um hitt deilir menn á, hvort rjettara sje að stofna eina fullkomna klæðaverksmiðju fyrir alt landið eða fleiri ófullkomnar verksmiðjur í hinum ýmsu landshlutum. Eins og kunnugt er, var skipuð nefnd til þess að athuga þetta, og átti sæti í henni að minsta kosti einn sjerfræðingur. Komst hún að þeirri niðurstöðu, að heppilegast myndi verða að setja á stofn eina góða verksmiðju fyrir alt landið.

Nú hefir hv. 1. þm. S.-M. lýst því yfir, að Austfirðingar myndu halda áfram viðskiftum sínum við norskar verksmiðjur, þó að stofnuð yrði verksmiðja fyrir alt landið, t. d. hjer á Suðurlandi, því að þeir hefðu orðið svo góð sambönd í Noregi. En nú er eftir að vita, hvort Austfirðingar notuðu ekki hinar norsku verksmiðjur eftir sem áður, þó að stofnuð yrði hjá þeim smá klæðaverksmiðja, því að eins og kunnugt er eru slíkar verksmiðjur altaf tiltölulega ófullkomnar og afkasta tiltölulega minnu en þær stærri, og verður vinnan í þeim því tiltölulega miklu dýrari.

Það eru einmitt miklar líkur til, að svo mundi fara, eftir því sem hv. þm. segist frá um hið nána samband þeirra Austfirðinganna við norskar klæðaverksmiðjur, og væri þá sannarlega ver farið en heima setið fyrir þeim.

Fleiri atriði ætla jeg ekki að gera að umtalsefni nú.

Pjetur Þórðarson: Jeg vil byrja á því að vekja athygli á, að ekki er orðið framorðið ennþá, sje miðað við 3. apríl, sem nú er vitanlega byrjaður. Geta hv. þm. því rólegir haldið áfram að tala fyrir brtt. sínum.

Hæstv. fjrh. (JÞ) gaf mjer tilefni til að minnast á sína eigin tillögu á þskj. 261, II., 4. lið, um heimild fyrir forseta til að láta falla niður prentun umræðuparts Alþingistíðindanna. Þetta tilefni fellur því fremur í ljúfa löð, er jeg tel vel viðeigandi að gera grein fyrir atkvæði mínu, ef tillaga þessi kemur til atkvæða.

Hæstv. ráðherra mintist á, að á þinginu 1922 hefði jeg verið meðflutningsmaður að samskonar tillögu ásamt sjer og fleiri háttv. þdm. Þetta er alveg rjett, og jeg get meira að segja bætt því við, að jeg var einnig meðflutningsmaður að till., sem gekk í þessa átt, á þinginu 1917. Hefi jeg þannig tvisvar sinnum verið meðflytjandi slíkrar tillögu. En í hvorugt skiftið hefi jeg sagt eitt einasta orð um þetta mál í þingræðu. Skal jeg því nú lýsa yfir því, í eitt skifti fyrir öll, að jeg hefi aldrei talið þetta mál eins mikilsvert og fyrstu flutningsmenn þess hafa haldið það vera; enda er það stundum svo, að þegar 1. flm. hyggur málstað sinn hæp-

inn, þá keppir hann eftir að ná í marga meðflutningsmenn. Jeg hefi því fylgt þessu máli fyrir fortölur hygginna fyrstu flutningsmanna, af því að jeg hefi litið svo á, að dálitið mætti með þessu spara, en mjer hefir aldrei til hugar komið, að sparnaðurinn gæti orðið svipaður því, sem hæstv. fjrh. og fyrstu flm. þessara frv. hafa gert ráð fyrir.

Nú stóð svo á, að eftir þingið 1917 voru kjósendur mínir í Mýrasýslu mjög óánægðir með það, að jeg skyldi hafa verið meðflutningsmaður slíks frv., og ennþá óánægðari voru þeir þó eftir þingið 1922. Annars skal jeg taka það fram, að Mýramenn eru samt mestu sparnaðarmenn og eru sammála mjer um að spara allar ónauðsynlegar vörur, óþörf embætti o. m. fl., þó að sá sparnaður fari ekki beinlínis saman við bráðabirgðahag ríkissjóðs, að því leyti, sem hann missir tolla af þeim vörum, sem sparaðar eru.

Hafa þeir haldið því fram, að þeir ættu fullan rjett á að fá að sjá það, sem þingmenn segðu og legðu til málanna, og að sparnaður á því sviði gæti því ekki komið til greina.

Jeg hefi nú orðið við vilja kjósenda minna og fallist á þessa skoðun þeirra, fyrst og fremst fyrir þá sök, að jeg hefi aldrei talið þetta stórt sparnaðarmál, og í öðru lagi hefi jeg ekki viljað fylgja þessu fram í trássi, mót vilja þeirra, því að jeg get ekki neitað því, að mjer finst, að kjósendur yfirleitt eigi beinlínis heimtingu á að fá að fylgjast með gerðum fulltrúa sinna. Þegar svo við þetta bættist, að allir flokksbræður mínir voru sömu skoðunar og kjósendur mínir, var mjer ljúft að verða þeim að skapi og vera á móti þessum sparnaði.

Það má nú vel vera, að þetta verði kallað að skifta um skoðun, en þá er því þar til að svara, að fyrst og fremst hefir skoðun mín aldrei verið sterk í þessu máli, og í öðru lagi mætti þá benda á, að fordæmi eru fyrir slíku, og nægir þar til að nefna, að einn af foringjum Íhaldsflokksins, einmitt sá sami maður, sem flutti frv. um niðurfellingu á prentun umræðupartsins í byrjun þessa þings í hv. Ed., hefir ekki aðeins skift um skoðun í kyrþey, heldur snarsnúist og færir nú fram rök gegn öllu því, sem hann hefir áður sagt um málið. Gæti jeg nefnt fleiri dæmi í þessa átt, en læt þetta duga. En minna mætti á, að andstæðingar Framsóknarflokksins, og þar á meðal hæstv. fjrh., hafa ekki altaf látið sjer það fyrir brjósti brenna, þó að þeir hafi haldið einhverju fram, sem hefir komið í bága við þeirra fyrri skoðanir og fyrirætlanir, þegar flokksfylgið gerir kröfu til, vegna andstöðu við mótflokkinn. Jeg verð því að segja hæstv. ráðherra það, að jeg finn ekki til samviskunnar mótmæla, þótt hann vilji nú gera áberandi, að jeg hafi skift um skoðun í þessu atriði.

Jeg get ekki sagt, að það hafi haft nokkur óþægileg áhrif á mig, að íhaldsmenn tóku að sjer stjórn á landinu. Það er síður en svo, að jeg geti ekki vel við það unað. En jeg verð að játa það, að það er ekki laust við, að slegið hafi á mig óhug, þegar hæstv. fjrh. gerði með þessari till. sinni augljósa tilraun til þess að skýra lög á alt annan veg en jeg tel rjett vera. Er þetta mikilsvert atriði, ef það yrði að fordæmi þeim, er á eftir koma, og er það út af fyrir sig nægilegt til þess, að jeg verð að vera á móti till. Með öðrum orðum, jeg er á móti því, að tekið sje fje úr landhelgissjóði án lagalegrar heimildar. Jeg verð að lýsa því yfir, eins og hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að jeg hefði verið tilleiðanlegur til að fallast á, að fje yrði

veitt úr landhelgissjóðnum nú þegar eða sem fyrst til landhelgisvarna, ef bein lagaheimild hefði legið fyrir. Þess vegna hafði jeg hugsað mjer að greiða till. hv. 3. þm. Reykv. á þskj. 292 atkvæði mitt. En við nánari athugun sje jeg það, að hún bætir alls ekki úr skák, sakir þess, hversu óskýrt hún er orðuð. Jeg tel enga tryggingu fyrir því, að frv. hv. 1. þm. Árn. (MT) á þskj. 290 fái að ganga í gegnum þingið, og álít jeg því litlu betra að samþykkja till. hv. 3. þm. Reykv. heldur en till. hæstv. fjrh. Vera má, að þetta megi færa í lag áður en þessu máli líkur á þinginu. En nú held jeg, að rjett sje að ganga hreint til verks og fella till. hæstv. fjrh. Jeg get ekki látið vera, út af ræðu hv. þm. Borgf. (PO.), að minnast á styrkinn til flóabátanna. Fellst jeg á till. hans til hæstv. landsstjórnar í því efni, að því leyti sem honum finst það „lítilfjörlegt af hæstv. stjórn að flýja" eins og hann komst að orði — í þessu efni til samgmn., í stað þess að snúa sjer t. d. til hv. þm. Borgf. sjálfs. Mjer hafði reyndar dottið í hug, að eins gott hefði verið að snúa sjer til hv. þm. V.-Sk. (JK), því þó að jeg alls ekki vilji, að Faxaflói verði afskiftur, þá finst mjer þó, að taka verði tillit til þess, hversu mikla þörf þeir hafa fyrir styrkinn, sem á Suðurlandsundirlendinu búa og í Vestur-Skaftafellssýslu. Býst jeg við því, ef hv. þingmenn athuga málið vel, að þeir komist að þeirri niðurstöðu, að Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvalla- og Árnessýsla verði þungar á metum í þessu efni.

Jeg ætla þá að enda þessi orð mín með þeirri ósk, að hv. þingdeildarmenn vildu sjá og skilja, hve nauðsynlegt er að hækka styrkinn sem mest, svo að hægt verði á viðunandi hátt að ráða fram úr þessum samgöngumálum, því með styrknum eins og hann er nú skorinn við neglur sjer verður það ekki gert; það er blátt áfram ókleift.

Jón Kjartansson: Jeg hafði ekki búist við því að þurfa að standa upp aftur, enda hefði jeg ekki þurft þess vegna brtt. minna, því að þeim hefir yfirleitt verið vel tekið. En hv. 2. þm. Reykv. (JBald) blandaði inn í þetta mál ritstjóraskiftum Morgunblaðsins, í sambandi við till., er snertir fráfarandi ritstjóra. Háttv. þm. sagði, að Íhaldsflokkurinn stæði á bak við þessi ritstjóraskifti og að vegna hans hefðu þau orðið. En jeg get frætt hv. þm. á því, að Íhaldsflokkurinn kom þar hvergi nærri, því að ritstjóraskiftin voru ráðin löngu áður en flokkurinn var myndaður. Jeg var ekki einu sinni orðinn þingmaður þegar það kom til orða, að jeg yrði ritstjóri, hvað þá heldur, að jeg væri genginn í Íhaldsflokkinn, sem ekki var þá til. Jeg skal ennfremur fræða hv. þm. á því, að fyrverandi ritstjóri Morgunblaðsins fór mikið fyr frá en jeg hafði búist við, og var það sök okkar núverandi ritstjóra blaðsins. Vegna árása þeirra, sem við urðum fyrir út af þessu frá andstæðingum blaðsins, óskuðum við eftir, að ritstjóraskiftin færu fram sem fyrst. Við kunnum því illa að verða svívirtir af óvönduðum blaðamönnum og hafa engin tök að svara fyrir okkur. Að Morgunblaðið sje flokksblað Íhaldsflokksins er ekki rjett, en hitt er satt, að jeg er flokksmaður í Íhaldsflokknum og hefi því líkar skoðanir á ýmsum þjóðmálum sem flokksbræður mínir þar. Jeg get vel skilið það, að hv. þm. öfundi Morgunblaðið af því að flytja ræður hæstv. fjrh. Hans blað fær aldrei slíkar greinar, sem vonlegt er.

Þá vildi jeg leyfa mjer að segja nokkur orð út af brtt. hæstv. fjármálaráðherra, sem mest hefir verið deilt um, viðvíkjandi umræðuparti Alþt. og landhelgissjóðnum. Báðar þessar till. eru bornar fram í sparnaðarskyni. Mun jeg eingöngu snúa mjer að till. um umræðupart Alþingistíðindanna. Það hefir komið fram sú skoðun hjá ýmsum hv. deildarmönnum, að þetta yrði ekki borið undir atkvæði, af því að það kæmi í bága við 52. og 28. gr. þingskapanna og gildandi lög. En jeg er á þeirri skoðun, að báðar ástæðurnar sjeu rangar. Hin fyrri vegna þess, að hjer er ekki um neina lagabreytingu að ræða. 52. gr. þingskapanna segir aðeins, að umræður í þinginu skuli prentaðar, en segir ekkert um það, hvenær það skuli gert, nje að ekki megi fresta prentuninni eitt ár. Að þessi brtt. hæstv. fjrh. komi í bág við lagafrv. það, sem nýlega var felt hjer í þessari hv. deild, og þannig sje brot á 28. gr. þingskapanna, er ekki rjett. Hjer er aðeins farið fram á, að prentun á ræðuparti Alþt. sje frestað um 1 fjárhagstímabil, og er engum lögum breytt með því. Ef frv., er lá fyrir hjer á dögunum, hefði verið samþykt, þá hefði mátt fella niður prentun á umræðupartinum á þessu ári. En þó að þetta verði samþykt, þá er ómögulegt að fella prentunina niður nú á þessu ári, heldur einu ári seinna, því að fjárlögin gilda fyrir 1925. — Það sem skilur þessa till. frá sjerstökum lagafrv., er ennfremur það, að verði hún samþykt og forsetar Alþingis komast að þeirri niðurstöðu, að heppilegt sje vegna sparnaðar að fella niður prentun umræðuparts Alþt. 1925, þá þarf ekki lagaboð til þess að taka upp prentun aftur; það kemur af sjálfu sjer 1926. Fjárlög gilda aðeins eitt ár, en ef Alþingi hefði samþykt lagafrv., sem hjer var á ferðinni nýlega, þá hefði þurft nýtt lagafrv. til þess að nema lögin úr gildi — lagafrv., sem hefði orðið að fara sinn eðlilega gang gegnum þingið. Er jeg viss um, að hæstv. forseti vísar þessu ekki frá. Athugasemdin er án efa lögleg og kemur ekki í bág við neitt.

Magnús Torfason: Háttv. frsm. fjvn. (ÞórJ) vildi gera lítið úr þeim upplýsingum, sem jeg gaf um hagnað þann, er Grímsnesbúar hefðu haft af Geysishúsinu. Og vildi hann í því efni vefengja endurskoðaða reikninga. En þegar það er gert, þá er ekki hægt annað en að athuga, hversu miklu ódýrara það var selt en vera bar, og þá ekki síst fyrir það, að maður sá, er beitti sjer fyrir sölu hússins, hefir orðið fyrir miklum árásum út af því, og því var skýrsla mín nauðsynleg. Jeg vil í þessu sambandi minna á það atriði, sem átti að vera til þess að fella till. hv. 2. þm. Árn. (JörB) um að fá hækkaðan styrkinn, sem sje að í fyrra bar Eiríkur Einarsson, þáv. 1. þm. Árnesinga, fram tillögu um aðeins 3000 kr. styrk. Í símtali hefir hann sagt mjer, að sjer hafi þótt 3000 kr. betra en ekki neitt, og því ekki farið fram á meira. Annars mun jeg koma að því seinna. — Þá vildi jeg minnast lítið eitt á Eyrarbakkabryggjuna. Því er svo varið, að ef ekki fæst styrkur til hennar, þá verður fyrirtækið að hætta, og er það illa farið, þar eð margir menn hafa lagt fje í það, en eru ekki megnugir að halda fyrirtækinu áfram hjálparlaust. Þetta er endurveiting, sem talið hefir verið sjálfsagt að endurnýja, ef verkið er hafið. Að taka upp nýja reglu fyrirvaralaust er því brot gegn rjettmætum vonum manna. Sama er að segja um Hreppamenn. Þeir eru narraðir með styrk í fjár-

lögum til þess að byggja smjörbú, en síðan eru samþykt lög, sem banna það. Er jeg ekki í nokkrum vafa um það, að ef þeir færu í mál við stjórnina, þá mundu þeir vinna það. — Þá vildi jeg minnast á styrkinn til Þórdísar Símonardóttur júbil-ljósmóður. Fanst mjer leggjast lítið fyrir hv. fjvn. að leggjast á hana. Hún er orðin háöldruð kona, yfir sjötugt, og hefir gegnt ljósmóðurstörfum um 30 ár. Skildist mjer á hv. frsm. fjvn., að nefndin hefði ekki verið sammála um þetta frekar en ýms önnur mál, en þó hefir það orðið úr, að nefndarmenn stæðu sem einn maður á móti þessari konu. Er það ill regla og ómannleg, að launa svo langa og dygga starfsemi í þjónustu landsins. — Þá vildi jeg taka undir með hv. 2. þm. Rang.(KlJ)hvað snertir 60 þús. kr. styrkinn til Eimskipafjelags Íslands, að það er mjög hættulegt að ganga inn á þá braut. Því að moka þannig í það fje er hið sama sem að segja við það, að það þurfi ekkert að hugsa um hag sinn; það geti í því efni syndgað rólegt upp á náðir þingsins. Vona jeg, að hv. fjvn., sem er svo sparsöm í öllu smáu, verði mjer samdóma um þetta. — Þá hefi jeg ástæðu til að minnast á till. hæstv. fjrh. um landhelgisgæsluna. Eins og sjá má af frv. því, er jeg kom með, þá er jeg því meðmæltur, sem hæstv. fjrh. leggur til, en get þó ekki fylgt till. hans eins og hún liggur fyrir. Mun jeg því hallast að till. hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Sú regla, að breyta almennum lögum með fjárlögum, getur haft glæfralegar afleiðingar. En sem sagt, jeg vil ekki áfellast hæstv. fjrh.; tel ekki nema eðlilegt, að hann hafi ekki tekið eftir þessu. Það hefir verið sagt, að þetta væri frestun eða afnám laganna aðeins um eins árs skeið, eða eitt fjárhagstímabil. En það er af því, að fjárlögin gilda ekki nema eitt ár. Giltu þau tvö ár, væri þessum lögum þar með frestað um tvö ár. Einmitt af þessu, að fjárveitingarvaldið getur breytt því, sem löggjafarvaldið hefir ákveðið, mundi stafa einstakur glundroði, og það situr síst á formanni Íhaldsflokksins að ganga á undan í þessu efni. Íhaldsmenn í öðrum löndum hafa einmitt haldið hart fram minni skoðun. Vonast jeg því til, að hv. þdm. fallist á till. hv. 3. þm.Reykv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer þótti það dálítið leiðinlegt að heyra það á hv. þm. Mýra. (PÞ), að það hefði slegið óhug á hann, þegar jeg skýrði þessi lög á annan hátt en venja er til. Jeg get huggað þennan háttv. þm. og aðra með því, að till. mín viðvíkjandi umræðupartinum hefir verið borin undir lögfræðinga, sem mest er leitað til hjer um vafaatriði í lögum, tvo prófessora við háskólann. Annar hefir lýst yfir því afdráttarlaust, að ekkert væri till. til fyrirstöðu frá formsins hálfu, að hún væri borin fram og til atkvæða. Hinn prófessorinn sagði ekki svo mikið, en í þá átt, að hann hefði talsverða tilhneigingu til að líta svo á, að hjer væri ekkert athugavert. Vona jeg, að dragi nú ofurlítið úr óhug háttv. þm. Mýra. við það, að heyra um skoðun þessara lögfræðinga. Hin till. hefir ekki mjer vitanlega verið borin undir þessa lögfræðinga. En það hefir komið fram í þinginu, að einn af okkar mest metnu lögfræðingum, núverandi hæstv. forsætisráðherra, hefir lýst því yfir, að hann teldi þá till. fullkomlega löglega. Heimildin til að verja fje landhelgissjóðsins til landhelgisvarna er skýr, og þykist jeg ekki þurfa að biðja velvirðingar á því að koma með þessa till., og get jeg með engu móti kannast við, að hún myndi hafa glæfralegar afleiðingar, eins og hv. 1. þm. Árn. (MT) vildi vera láta.

Það má vera, að sje lagður í till. sá rangi skilningur, sem háttv. 1. þm. Árn. og aðrir hafa reynt að leggja í þær, megi fá út úr þeim, að þær muni hafa aðrar afleiðingar en þær í raun og veru geta haft. Það er svo um báðar þessar till., að hvorug þeirra fer fram á að gera í fjárlögum breytingu á gildandi lögum.

Frsm. meiri hl. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson): Það er mestmegnis út af ræðu hv. þm. Borgf. (PO), að jeg stend upp Hann var meira en lítið vondur við samgöngumálanefnd. Reyndar eru það allir þm., sem gæta hagsmuna hjeraðs síns um styrk til flóabátaferða. Mjer skildist hans þykkja stafa mest af því, að nefndin gleymdi að setja Akranes sem viðkomustað í till. sína. Við tölum um hverja sýslu út af fyrir sig, en nefnum ekki hvern viðkomustað sjerstaklega. T. d. er talað um Ísafjarðarsýslu, en þar eru 14 viðkomustaðir. Hitt er satt, að háttv. þm. Mýra. (PÞ) var ekki nefndinni sammála, þó hann skrifaði undir nál. án fyrirvara. Honum þótti of skamt farið í till. nefndarinnar um styrk til Borgarnesbátsins. Hygg jeg, að allir, sem fá styrk til flóabáta, þyki sjer sýnt misrjetti. Að minsta kosti hefir nefndin nú fyrirfarandi aldrei getað komið sjer fyllilega saman um úthlutun þessa styrks. Hv. þm. sagði, að nefndin hefði síðan í þingbyrjun setið að úthlutun flóabátastyrksins. Nefndin hefir ekki enn afgreitt till. til stjórnarinnar. Jeg hygg, að fleirum en þeim, sem nú eru í samgmn., myndi veita það erfitt að veita öllum þeim, sem áður hafa styrks notið, styrk af einum 23 þús. kr. Hv. þm. Borgf. vildi, að nefndin fengi meira fje til umráða. Mátti skoða þetta sem bendingu um að flýja á náðir fjvn. og fá meðmæli hennar til fjárveitingar í fjáraukalögum. Þetta vill samgmn. ekki gera. Hún álítur till., sem fjvn. ein gerir, þó teknar sjeu til greina af stjórninni án þess þingið sje að spurt, hreinustu lögleysu. Ár eftir ár hefir þannig verið borgað út fje án samþykkis þingsins. Við viljum ekki leggja út á þessa braut. Stjórnin getur ekki komist hjá að halda uppi bátaferðum milli Borgarness og Reykjavíkur og um Ísafjarðardjúp, því að þar er póstflutninga að annast. Hv. þm. Borgf. vildi áætla, að póstflutningur milli Reykjavíkur og Borgarness mundi kosta 20 þús. kr. árlega. Póstflutningur um Ísafjarðardjúp mun kosta meira, ef farið væri eftir vegalengd og viðkomustöðum. Að Borgarnesbáturinn hafi ekki fengið tiltölulega hæstan styrk, held jeg að sje erfitt að mótmæla, þegar tillit er tekið til þess, að báturinn hefir aðeins einn viðkomustað. Flutningsgjöld og fargjöld eru á þeim bát miklu meiri en annarsstaðar. Annars er það ekki svo þægilegt fyrir samgmn. að meta þörf hvers hjeraðs, þar sem ekki liggja fyrir nákvæmar skýrslur um tilhögun bátaferða. Aðeins eru það Borgarnesbáturinn, Djúpbáturinn og að nokkru leyti Skaftfellingur og Hvalfjarðarbáturinn, sem hafa gefið skýrslu til hæstv. stjórnar. Um alla hina vantar upplýsingar, hvernig styrknum hefir verið varið.

Þá vildi jeg minnast örfáum orðum á till. mína á þskj. 291. Eftir að hafa talað við hv. frsm. fjvn. vildi jeg gjarnan mega bera upp skriflega tillögu í stað hinnar prentuðu og leggja til, að úr 12. gr. 13 b. mættu falla orðin: „og hlutaðeigandi sýslufjelag“; en orðin: „með því skilyrði, að bæjarfjelagið taki sjúkraskýlið“ standi áfram. Það var vissulega tilætlun Ísfirðinga að taka sjúkraskýlið að sjer, þegar það væri fullgert, og reka það fyrir eigin reikning, þó sýslan yrði ekki með.

Sýslunefnd hefir óskað, að það yrði ekki sett að skilyrði, að hún tæki að sjer rekstur sjúkrahússins ásamt bænum. Gæti það valdið óþægindum við samninga milli sýslunnar og bæjarfjelagsins að viðhafa þetta orðalag, enda var það við frumfjárveitinguna ekki gert að skilyrði, að bærinn tæki sjúkrahúsið að sjer til *rekstrar*, heldur að sýslufjelag og bær sæju um byggingu þess, og því hefir sýslunefnd lofað.

Magnús Torfason: Jeg fór ekkert verulega út í það í fyrri ræðu minni, hvort skerðing landhelgissjóðs og frestun eða niðurfall á prentun umræðupartsins væri breyting á gildandi lögum. Það er blátt áfram af því, að mjer er öldungis ómögulegt að skilja þann hugsanagang, sem þar er á bak við. Nú er svo mikið víst, að árangurinn af till. þessari verður alveg sá sami, hvort sem hún væri bein lagabreyting eða ekki. *(JK*: Þetta er ekki rjett!). Jú, hvortveggja þeirra gildir fyrir fjárhagstímabil, önnur hindrar framkvæmdir, en hin heimilar að taka fje til framkvæmda um eitt fjárhagstímabil. Viðvíkjandi þessu deiluatriði vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa fáein orð úr Stjórnlagafræði Íslands eftir prófessor Lárus H. Bjarnason, bls. 238. Það hljóðar þannig:

„Árangurinn af undanfarandi hugleiðingum um afstöðu fjárlaga til annara laga er þá sá, að það er *ekki rjett* að gera breytingu á gildandi lögum með fjárlögum umfram heimildina til bráðabirgðahækkunar á lögmæltum gjöldum, sbr. niðurlag 2. málsgr. 25. gr. stjórnarskrárinnar. Þess vegna er skylda beggja aðilja löggjafarvaldsins, konungs og Alþingis, og hvorrar deildar um sig, að sporna við því af fremsta megni, að slíkar breytingar verði gerðar."

Nú hefi jeg í dag litið í danska stjórnmálafræði eftir prófessor Matzen. Hann heldur því sem fastast fram, að fjárveitingarvaldið megi ekki breyta gildandi lögum. Ástæðurnar, sem jeg hefi fært fram, eru einmitt í samræmi við þetta. Prófessor Matzen segir jafnvel, að á sama standi, undir hvaða formi tillögurnar komi fram. Eins og jeg tók fram áður, get jeg ekki annað sjeð en að þetta sje svo skýr breyting á lögum og hægt er. *(JK*: Hvaða lögum er breytt?). Landhelgissjóðslögunum.

Út af því, sem sagt var um þessa skyssu 1919, skal jeg benda á, að jafnvel óbreyttur oddviti hafði haft vit á að neita að borga hið hækkaða tillag með sjúklingum á Kleppi. Aðstandendur hafa ekki treyst sjer til að heimta þetta af oddvita, enda leikur enginn vafi á því, að dómur hefði fallið hreppnum í vil.

Hákon Kristófersson: Það voru aðeins fáein orð viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) beindi til mín í síðustu ræðu sinni. Vil jeg ekki láta þann misskilning óleiðrjettan, sem kom fram hjá hv. þm. Hann sagði, að eina „glansnúmer" mitt frá síðasta hausti væri árás á fyrverandi fjrh. Magnús Jónsson. Jeg vænti þess, að hv. þm. geri mjer þann greiða að skila því til bolshevikkadrengsins, sem sendur var vestur til að „agitera" á móti mjer, að þetta sje algerlega ósatt, og hefi jeg þar með mótmælt þessum áburði. Frekar þarf jeg ekki að deila við minn góða vin, hv. 2. þm. Reykv.

Pjetur Ottesen: Háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) gat þess í sambandi við það, sem

jeg vjek að samgmn. út af því, að Akranes hefði fallið niður, að ekki væri venjulegt að telja upp alla viðkomustaði út af fyrir sig. Stundum hefir brugðið út af þessu. Nú hefir hv. nefnd t. d. talið alla viðkomustaði við Faxaflóa nema Akranes; hjer gat því ekki verið um annað að ræð. en dæmalaust flaustur hjá nefndinni eða hún ætlaðist alls ekki til, að báturinn kæmi við á Akranesi. Út af þeim samanburði, sem hv. þm. N.-Ísf. gerði á Djúpbátnum og Borgarnesbátnum, þá vil jeg segja það, að það munu vera nokkur áhöld um þá vegalengd, sem Djúpbáturinn fer; getur verið, að hann hafi fleiri viðkomustaði en Borgarnesbáturinn, en póstflutningarnir eru algerlega ósambærilegir.

Jeg álít, að skýrsla um ferðir bátanna ætti að vera skilyrði fyrir styrk og að allar áætlanir slíkra báta væru samþyktar af stjórnarráðinu. Það er engin meining að veita fje í þessu eða öðru skyni án þess að vita, hvernig með það er farið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil geta þess, að það er ástæðulaust fyrir hv. þm. að þrefa út af formi landhelgissjóðslaganna. Til þess að sameina alla um þetta mál, vil jeg mæla með því, að brtt. hv. 3. þm. Reykv. (JakM) verði samþykt.

Athugasemd háttv. 1. þm. Árn. (MT) var jeg búinn að svara að fullu fyrirfram.

Jakob Möller: Mjer þótti vænt um, að hæstv. fjrh. (JÞ) fjelst á brtt. mína, en jeg tók það fram áðan, að hv. sjútvn. væri óánægð með brtt. mína að því leyti, að hún væri of lág, enda hefði fjvn. álitið, að þessi upphæð mætti vera hærri, en úr þessu mætti bæta síðar, og vona jeg þá, að hæstv. fjrh. veiti því þá sinn stuðning. En viðvíkjandi till. hæstv. fjrh. um að fella niður prentun Alþt., er hann vitnar í ummæli tveggja prófessora um að þetta sje formlegt, verð jeg að láta þá skoðun mína í ljós, að jeg tel það vera ómótmælt, sem við háttv. 1. þm. Árn. (MT) höfum haldið fram, að ef þetta yrði samþykt, mundi það verka móti gildandi lögum, og þá ólöglegt. Þetta brýtur bersýnilega í bága við gildandi lög, sem segja ákveðið, að prenta skuli umræðupart Alþt. Brtt. segir, að prentunin skuli falla niður, en tekur ekkert fram um það, hvort þetta sje aðeins um sinn. Að vísu gilda fjárlögin ekki nema um eitt ár í senn, en orðalagið á þessari till. segir til um tilganginn, að þessu skuli hætt. Enda mætti með slíku fjárlagaákvæði ár eftir ár gera gildandi lög að dauðum bókstaf og sama sem fella þau úr gildi. Um þessa tilvitnun til háskólakennaranna er það að segja, að það getur vel verið, að þeir hafi tekið einhverja afstöðu til þessa máls án grandgæfilegrar íhugunar, og eins er hitt ókunnugt, á hvern veg þetta hefir verið borið upp fyrir þeim. En bæði er það, að þessi hlið málsins er ekki beint til umræðu hjer nú, og svo er það orðið ógerlegt að ná tali af þessum prófessorum, vegna þess, hve áliðið er nætur, — kl. yfir 3, — þó að menn hefðu viljað rökræða þetta mál við þá. Mjer þykir yfir höfuð allmerkileg framkoma hæstv. fjrh. í þessu máli. Nú er búið að ræða í fulla tvo sólarhringa um þetta mál, og kemur hann þá fyrst fram með þessa prófessoravisku löngu eftir miðnætti, þegar báðir þeir menn, sem haldið hafa fram gagnstæðri skoðun á því, eru dauðir. Vil jeg því vekja athygli hæstv. forseta á því að tryggja sjer að vera rjettu megin við ákvæði stjórnarskrárinn-

ar og annara gildandi laga um þetta, er hann kveður upp úrskurð sinn um þessa brtt.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg get verið stuttorður, enda mætti sleppa að minnast á margt, sem hjer hefir verið rætt. Háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefir fært fram ástæður fyrir því, hvers vegna hann vill færa niður tillagið til sóttvarna. Aðalástæða hans er sú, að eftir spönsku veikina hafi reikningar þessir verið svo ósvífnir, að ekki sje við það hlítandi. Jeg veit ekki til, að hæft sje í þessu, en jeg geri ráð fyrir, að heilbrigðisstjórnin vilji ráða, hvenær og hvernig smitandi sjúkdómar verði heftir. Það hefir verið látið í ljós af ýmsum, að óþarft væri að hefta ýmsa sjúkdóma, t. d. mislinga; en hver á að ráða um þetta? Ekki heilbrigðisstjórnin? Jeg held, að það verði að hlíta gerðum hennar í þessu. Jeg tel það áreiðanlegt, að ekki verði komist af með minni upphæð en þetta, þar sem mest af þessu eru föst gjöld fyrir sótthreinsanir úti um land. Hv. þm. V.-Ísf. talaði og um málverkakaup og fjárkláðann. Hann sagði, að listin væri ekki tveggja aura virði, því hún yrði aldrei metin til peninga. Um þetta get jeg ekki verið honum sammála, því að það er ávalt metið til verðs, sem menn annars kalla list; enda þótt jeg geti ekki ávalt sjeð listagildi þess, sem menn meta of fjár, vegna þess að það sje listaverk. Háttv. þm. flytur till. um að verja 2000 kr. til að kaupa fyrir listaverk. Þar metur hann sjálfur listina til verðs, því jeg geri ekki ráð fyrir, að hann vilji kaupa það, sem enginn viðurkennir list í.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) talaði fyrir verksmiðjuna sína, en hann misskildi mig þar allverulega. Jeg sagði aðeins, að þetta mál hans væri ótímabært ennþá; jeg fullyrti annars ekkert um framtíðarskilyrði þessa fyrirtækis. Það er enn órannsakað, hvar þessi verksmiðja á að vera. Jeg hefi ekki haldið því fram, að það þurfi að vera nágrenni Reykjavíkur. En jeg hjelt því fram, að það væri enn ógert að safna þessum 200 þús. kr., enda þótt ábyrgð ríkisins fengist. Jeg álít því, að þetta eigi alllangt í land ennþá, og það geti því ekki komið til mála að veita ábyrgð ríkissjóðs í þessu skyni.

Jeg hefi áður svarað hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) að mestu um sóttvarnirnar, en á aðeins eftir að minnast á tillögu hans um sjúkrahús. Það vantar hjá honum upplýsingar um það, hver reki þetta sjúkrahús hans; hann vill skjóta því undir bæjar- og sýslufjelagið. Þetta skiftir að vísu ekki miklu um málið, en það er rjett að taka það fram, að ríkið á ekki að kosta reksturinn, þótt þetta tillag sje veitt.

Háttv. 1. þm. Árn. (MT) talaði um þá margumræddu reikninga, sem hann vefengdi, en færði þó engar sönnur á það, er hann sagði. Þótt hann bæri fyrir sig fyrverandi 1. þm. Árn. (Eirík Einarsson) býst jeg ekki við, að hv. deild meti meir en vert er alt skraf hans um smjörlíkisgerðina. Hann sagði, að þinginu væri skylt að veita þetta, vegna þess að upphaflega hefði lánið verið veitt vegna þrábeiðni fyrverandi 1. þm. kjördæmisins, og það telur hann hafa verið sama sem skipun þingsins um að byrja á þessu fyrirtæki. Háttv. þm. talaði með viðkvæmni um júbil-ljósmóðurina og brá einhverjum nefndarmanna um það, að þeim hefði snúist hugur um þennan styrk, en jeg get ekki skilið, hverjir það muni vera, sem snúist hafi, en ef ekki verður unt að hafa áhrif á hugi þeirra með jafnviðkvæmri

ræðu og þessari, tel jeg ólíklegt, að þeim snúist hugur síðar. En jeg teldi þetta vera spillandi fordæmi, ef þessari konu verður veitt þetta; allar ljósmæður mundu reyna að keppast við að halda störfum sínum í 50 ár, til þess eins að fá eftirlaun fyrir þau eftir á.

Þá eru þessar 60 þús. kr. til Eimskipafjelags Íslands. Þingið í fyrra samþykti þetta þá og nú hefir fjvn. því ekki annað gert í þessu en aðeins að leggja til, að sama verði nú gert, enda er það hliðstætt við það, sem þingið hefir *áður* gert. Það heyrðist hjer í þingsalnum frá háttv. 1. þm. Árn., að það væri ekkert við það að athuga, þó að fjelagið færi á höfuðið; þar veit jeg ekki, hvort viðkomandi þm. hefir talað af sannfæringu og af ást á landi sínu og þjóð. Jeg veit ekki, hvernig hann metur það, ef fjelagið verður undir í samkepninni við erlend skipafjelög, ef hann vill ekki nú hjálpa því í örðugleikum, sem það á í aðeins um stundarsakir. Jeg hygg, að þessi háttv. þm. hafi talað þetta alveg óhugsað, og taki því aftur þessi orð sín.

Um till. háttv. þm. Str. (TrÞ) og hv. 3. þm. Reykv. (JakM), um styrkinn til Þorsteins Gíslasonar, er það að segja, þótt ófagurt sje frásagnar, að fjvn. var þessu mótfallin, að undanteknum einum manni, og það var háttv. flm., þm. Str. Fjvn. leit aðallega á þetta þannig, að hv. þm. Str. bæri þetta fram vegna þess, að Þorsteinn Gíslason væri hættur ritstjórn Morgunblaðsins, og vildi hann því verðlauna hann fyrir; en á það gat fjvn. auðvitað alls ekki fallist. Háttv. þm. Str. hefir sjaldnast getið hr. Þorsteins Gíslasonar sem rithöfundar í öðru sambandi en sem *ritstjóra*. Fjvn. viðurkennir fullkomlega, að hr. Þorsteinn Gíslason er hið prýðilegasta skáld, sem stendur jafnfætis ýmsum öðrum þjóðskáldum okkar, en nefndin telur óviðurkvæmilegt, þegar allir slíkir styrkir eru bútaðir niður og af öllum fjárveitingum er klipið, að veita þennan styrk nú, enda þótt hún mundi, ef til vill, hafa fallist á þennan styrk, ef betur stæði á hag ríkissjóðs. Auk þess er hr. Þ. G. mjög vel starfshæfur ennþá og í góðum kringumstæðum, og er því frá því sjónarmiði því síður styrks þurfi. Það hefir verið mælt, að ókveðin ljóð væru fegurst, og þess vegna veit enginn, hvernig framtíðarinnar Lögrjetta ljóðar á þessa samferðamenn sína, og mætti það þá skifta nokkru máli að gera vel við ritstjórann, en nefndin telur hann yfir alt slíkt hafinn og hikar ekki við að halda óbreyttri stefnu sinni, hversu góður tilgangur sem þetta er hjá háttv. þm. Str., enda munu skoðanir ýmsra á nefndinni þykja því betur rætast, sem þetta bætist við, því venjulegast mun hún kölluð fjársynjunarnefnd, auðvitað hjá þeim, sem minst skyn bera á þessi mál. Og við það vill hún una.

ATKVGR.

Fram komu tvær skriflegar brtt. (verða þskj. 297 og 298). — Afbrigði um þær leyfð og samþ. með 19:1 atkv.

Brtt. 261,I 1 tekin aftur.
— 261,I 2—7 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 261,II 1 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 261,II 2 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 261,II 3 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 261,II 4 vísað frá samkv. úrskurði forseta.
— 298 samþ. með 17:5 atkv.
— 262 sjálffallin.
— 261,II 5 sjálffallin.
— 261,III 1 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 261,III 2 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 291 samþ. með 19:3 atkv.

Brtt. 297 sjálffallin.
— 261,IV samþ. með 16:8 atkv.
— 261,V feld með 15:8 atkv.
— 261,VI feld með 16:5 atkv.
— 261,VII feld með 16:11 atkv.
— 261,VIII samþ. með 17:2 atkv.
— 261,IX feld með 14:8 atkv.
— 261,X feld með 17:7 atkv.
— 261,XI samþ. með 21 shlj. atkv.
— 261,XII samþ. með 16:5 atkv.
— 261,XIII sjálffallin.
— 261,XIV feld með 14:10 atkv.
— 280 samþ. með 17:5 atkv.
— 278 sjálffallin.
— 261,XV 1 samþ. með 20:3 atkv.
— 261,XV 2 a samþ. með 18:1 atkv.
— 261,XV 2 b—c samþ. með 16:3 atkv.
— 261,XV 3 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 261,XVI samþ. með 14:10 atkv.
— 281 samþ. með 15:10 atkv.
— 261,XVII sjálffallin.
— 261,XVIII samþ. með 21 shlj. atkv.
— 261,XIX samþ. með 14:7 atkv.
— 261,XX a feld með 16:9 atkv.
— 261,XX b samþ. með 14:13 atkv.
— 261.XXI vísað frá samkv. úrskurði forseta.
— 261,XXII feld með 19:6 atkv.
— 261,XXIII samþ. með 15:3 atkv.
— 261,XXIV feld með 15:11 atkv.
— 261,XXV feld með 16:6 atkv.
— 261,XXVI feld með 16:7 atkv.
— 261,XXVII feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁF, ÁJ, BL, JakM, JBald, JK, JÞ, JörB, MG, MJ, MT, PÞ, BSv.
nei: TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, HStef, HK, IngB, JAJ, JS, KlJ, PO, SigurjJ, SvÓ.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.
Brtt. 261,XXVIII 1 samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞórJ, ÁF, BL, HStef, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, SvÓ.
nei: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT, PÞ, BSv.
ÁJ greiddi ekki atkvæði.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.
Brtt. 261,XXVIII 2 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 261,XXIX tekin aftur.
— 261,XXX 1 feld með 17:5 atkv.
— 261,XXX 2 feld með 16:5 atkv.
— 261,XXX 3 feld með 17:8 atkv.
— 261,XXX 4 (aðaltill.) feld með 16:5 atkv.
— 261,XXX 4 (varatill.) feld með 14:13 atkv.
— 261,XXXI 1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 261,XXXI 2 samþ. með 16:6 atkv.
— 261,XXXII sjálffallin.
— 261,XXXIII tekin aftur.
— 261,XXXIV samþ. með 22 shlj. atkv.
— 261,XXXV (aðaltill.) feld með 15:5 atkv.
— 261,XXXV (varatill.) feld með 15:8 atkv.
— 261,XXXVI feld með 15:5 atkv.
— 261,XXXVII samþ. með 14:1 atkv.
— 261,XXXVIII feld með 16:7 atkv.
— 261,XXXIX samþ. með 18 shlj. atkv.
— 261,XL samþ. með 22 shlj. atkv.
— 261,XLI 1 feld með 15:7 atkv.
— 261,XLI 2 feld með 15:6 atkv.
— 261,XLII 1 feld með 18:1 atkv.
— 261,XLII 2 feld með 19:1 atkv.
— 261,XLIII samþ. með 16:4 atkv.
— 261,XLIV feld með 15:11 atkv.
— 261,XLV feld með 15:3 atkv.
— 261,XLVI samþ. með 17:7 atkv.
— 261,XLVII tekin aftur.
— 261,XLVIII feld með 14:8 atkv.

Brtt. 261,XLIX 1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 261,XLIX 2 samþ. með 16:6 atkv.
— 261,L a feld með 15:8 atkv.
— 261,L b feld með 19:4 atkv.
— 261,LI feld með 18:6 atkv.
— 261,LII feld með 16:6 atkv.
— 261,LIII samþ. með 16:7 atkv.
— 261,LIV feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, H-Stef, IngB, JS, JörB, KlJ, MT.

nei: ÞórJ, ÁF, ÁJ, BL, HK, JakM, J-AJ, JBald, JK, JÞ, MG, MJ, PÞ, SigurjJ, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 261,LV samþ. með 15:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., föstudaginn 4. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 305).

Á 42. fundi í Ed., mánudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil einungis leyfa mjer að bera fram þá ósk, að þessi hv. deild vilji í meðferð fjárlaganna sýna sömu varfærni við útgjöld ríkissjóðs eins og hv. Nd. hefir sýnt. Um ástæðurnar fyrir þessari ósk vil jeg vísa til skýrslunnar um fjárhag landsins frá hæstv. fyrv. fjrh. (KlJ) við 1. umr. fjárlaganna í hv. Nd. og minnar skýrslu við 3. umr.

Jóhannes Jóhannesson: Fjárlagafrv. kemur talsvert fyr til þessarar hv. deildar en átt hefir sjer stað undanfarið, og er það hv. fjvn. Nd. og þeirri hv. deild til sóma..

Sem formaður fjvn. þessarar hv. deildar vil jeg taka það fram, að nefndin hefir fullan vilja á að hraða fjárlögunum svo, að þingið þurfi ekki þeirra vegna að standa lengur yfir en nauðsynlegt er vegna annara mála. Jeg vil einnig taka það fram fyrir hönd nefndarinnar, að henni er fullkunnugt um, hvernig fjárhag vorum er komið, og mun taka fult tillit til hans í meðferð málanna, eftir því sem fært er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til fjvn. með 13 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 305, 376, n. 389, 394).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg býst við, að flestum sje ljóst, að það er ekki ánægjulegt verk að sitja í fjvn. Alþingis á slíkum tímum, sem nú eru, þegar fjárhagur ríkissjóðs er svo þröngur, að synja verður um allar fjárveitingar, sem ekki eru hreint og beint óhjákvæmilegar. Það sýnir sig og, að það var í vetur ekki eins eftirsótt og áður að komast í fjvn. Það var áður mikil kepni um það meðal þm. að komast í fjvn., en nú er öðru máli að gegna. T. d. veit jeg um einn hv. þm. í þessari deild, sem átti sæti í fjvn. í fyrra, en hliðraði sjer hjá því nú að fara í nefndina. Og annan þm. þekki jeg, sem hefir átt sæti í fjvn. síðan 1916 og gerði tilraun til þess að losna við að sitja í nefndinni í þetta sinn, þótt sú tilraun mishepnaðist.

Skrifari fjvn., hv. 3. landsk. þm. (H-Sn), er lasinn og hefir því beðist undan að vera frsm., og enginn annar í nefnd-

inni var fús til að taka það að sjer. Það varð því úr, að jeg tók það að mjer, sem formaður nefndarinnar, þó jeg ætti ekki vel gott með það, því mig vantaði allan tíma til undirbúnings. Jeg hefði að minsta kosti þurft að geta notað tímann í morgun til undirbúnings, en því fór fjarri, að jeg gæti það, því jeg varð að taka fyrir 5 gestarjettarmál og sitja á skiftafundi. Jeg er því algerlega óundirbúinn og bið hv. deild að virða mjer til vorkunnar.

Það er ekki mikil þörf á langri framsöguræðu, því öllum er kunnugt um fjárhag ríkissjóðs, og fyrir flestum brtt nefndarinnar á þskj. 376 eru færðar ástæður í nál. á þskj. 389.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, er jeg alls ekki hrifinn af löngum ræðum, og því geta hv. þm. verið vissir um, að jeg muni ekki lengja umræðurnar of mikið Jeg ætla mjer alls ekki að taka upp hjer það, sem stendur í nál., því jeg veit, að hv. þm. hafa kynt sjer það, og jeg tel það nægilegt, að það sje á einum stað í Þingtíðindunum. Það, sem jeg segi nú, mun því aðallega fara í þá átt að skýra ýmislegt betur en gert er í nál.

1. brtt. nefndarinnar er við 7. gr. frv I,1, vexti af innlendum lánum. Brtt. fer fram á, að fyrir kr. 384152,34 komi 500000. Í frv. stjórnarinnar var þessi upphæð talin 284152,34. En þar voru aðeins taldir vextir af samningsbundnum lánum, eins og sjá má af athugasemdum frumvarpsins. En fjvn. Nd. komst að því, að þar að auki var um ýmsar lausaskuldir að ræða, og hækkaði því þessa upphæð um 100 þús. kr. eftir beiðni hæstv. fjrh. (JÞ). Þegar fjárlögin komu til Ed., kom hæstv. fjrh. til fjvn. og upplýsti, að lausar skuldir ríkissjóðs næmu 3,7 miljónum og fór fram á, að upphæðin til vaxtagreiðslu væri enn hækkuð um 140 þús. kr. Það er öllum skiljanlegt, að þegar bankavextir eru orðnir 8%, þá muni þær 100 þús. kr., sem fjvn. Nd. bætti við vegna þessara skulda, ekki nægja, og nefndin sá sjer því ekki annað fært en að hækka þessa upphæð upp í 500 þús. kr., því það er því miður ekki hægt að búast við, að nokkrar lausaskuldir verði greiddar af tekjum yfirstandandi árs. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að það mundi vanta um 1½ miljón kr. til þess að fjárlög yfirstandandi árs yrðu tekjuhallalaus, og það er ekki að búast við, að þau tekjuaukafrv., sem afgreidd hafa verið frá þinginu, geri betur en að jafna þann tekjuhalla. Það má því heita gott, ef enginn tekjuhalli verður á yfirstandandi ári, og virðist liggja í augum uppi, að upphæð sú, sem fjvn. leggur til, að varið sje til vaxtagreiðslu, er ekki of há.

Þá hefir nefndin fengið upplýsingar um það hjá hæstv. fjrh., að upphæð sú, sem ætluð er handa ríkisfjehirði af hv. Nd., sje of lág. Sá kostnaður var árið 1923 24 þús. kr. og nú er ríkisfjehirðir að flytja skrifstofu sína í annað húsrúm en hann hingað til hefir haft, nefnilega í Landsbankahúsið nýja, sem mun verða um helmingi dýrara. Það er auðsjeð, þegar þess er gætt, að í stjórnarfrv. eru aðeins áætlaðar 8 þús. kr. til launa handa skrifstofufólki ríkisfjehirðis, að það er alt of lágt, því til skrifstofufólks ríkisfjehirðis telst ríkisbókarinn, Einar Markússon, sem hefir mikið og vandasamt starf með höndum, og auk þess hefir ríkisfjehirðir þrjár stúlkur í skrifstofu sinni, og það hljóta allir að sjá, að 8 þús. kr. eru ekki nægilegar í laun handa öllu þessu fólki, og það verður að teljast mjög hæpið, að ríkisfjehirðir geti mist nokkuð af

því. Nefndin leggur því til, að liðurinn sje hækkaður úr 16200 kr. upp í 20 þús. kr.

3. brtt. nefndarinnar er við 11. gr. og er um að hækka fjárhæð þá, sem veitt er til starfsmannahalds í bæjarfógetaskrifstofunni, úr 19800 upp í 25200 kr. Sú hækkun er gerð til þess að fá laun og dýrtíðaruppbót handa nýjum fulltrúa, sem á aðallega að annast lögtök á þinggjöldum og bæjargjöldum. Það er gerð grein fyrir þessari brtt. í nál., en jeg skal þó taka það fram, að bæði lögreglustjóri og borgarstjóri leggja mjög mikla áherslu á, að lögtökin geti verið framkvæmd fljótlega, og jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr brjefum frá þeim.

Lögreglustjóri kemst þannig að orði eftir að hafa sagt, að hann mundi þurfa að senda um 3000 lögtaksbeiðnir til bæjarfógeta:

„Eftir þeirri reynslu, sem fjekst í fyrra, má ganga að því vísu, að lögtökunum verði ekki lokið á skemri tíma en 3 mánuðum, þó bæjarfógetafulltrúi sá, sem framkvæmir þau, verji mestum tíma sínum til þeirra þann tíma, og þurfi ekki að neinum mun öðrum störfum að gegna.

Jafnframt því að taka þetta fram og að geta þess, að jeg vænti, að lögtök á ríkissköttum verði látin ganga fyrir öðrum lögtökum, vil jeg hjer með skora á yður að koma því svo fyrir, að umrædd lögtök geti í ár farið svo fram, sem jeg hefi beðið um hjer á undan.“

Borgarstjóri er fult eins harðorður. Hann segir í brjefi sínu:

„— — — en þegar fulltrúinn fær ekki að starfa að þessu verki nema fáar stundir á dag og hvergi nærri á hverjum degi, er engin von til, að verkið vinnist á hæfilegum tíma, þótt dugnaði sje beitt.“

Og síðast í brjefi sínu segir borgarstjóri:

„Jeg verð að krefjast þess, herra bæjarfógeti, að lögtök þessi verði öll framkvæmd tafarlaust og að unnið verði að þeim daglega af manni, sem gefi sig algerlega við því starfi, og getur bæjarstjórnin alls ekki unað við neinn drátt á því, að lögtakskröfum bæjargjaldkera verði sint.“

Stjórn Málaflutningsmannafjelags Íslands kemst svo að orði í brjefi til bæjarfógetans:

„Undirrituð stjórn Málaflutningsmannafjelags Íslands leyfir sjer hjer með að láta í ljós þá skoðun sína, að æskilegt væri, að fulltrúum við bæjarfógetaembættið hjer í Reykjavík væri fjölgað um einn. Byggjum vjer þessa skoðun vora á því, að í seinni tíð hefir það alloft átt sjer stað, að fógetagerðir hafa orðið að dragast lengur en góðu hófi gegnir vegna anna fulltrúans. En það gefur að skilja, að slíkur dráttur getur á stundum haft í för með sjer tilfinnanlega rjettarglötun.

Ennfremur teljum vjer nauðsyn bera til þess, að skrifstofufje bæjarfógeta yrði aukið svo, að auðið yrði að hafa 2 vjelritara á skrifstofunni.“

Nefndin hefir því orðið að viðurkenna, að þessar kröfur væru á fylstu rökum bygðar. Á sama máli var hæstv. fyrv. stjórn, því hún leyfði bæjarfógeta að taka nýjan fulltrúa til þess að annast lögtök. Hann hefir nú starfað í 3 mánuði og hefir framkvæmt um 2000 lögtaksgerðir, og aukatekjurnar í ríkissjóð fyrir þær hafa þessa þrjá mánuði orðið mun meiri en laun og dýrtíðaruppbót hins nýja fulltrúa nema alt árið.

Jeg verð því að segja, að jeg álít, að það væri ljeleg fjármálapólitík að neita um þetta fje, því það er vitanlegt, að bæði

bæjarsjóður og ríkissjóður tapa miklu fje, ef ekki er hægt að taka lögtak í tæka tíð; og í raun og veru hefir fulltrúafjölgunin í för með sjer tekjuauka fyrir ríkissjóð, er nemur margfalt meiru en hin auknu útgjöld. Jeg vona því, að hv. deild sýni sanngirni og samþykki þetta.

4. brtt. fjvn. er við 11. gr. og er um að veita 16 þús. kr. til byggingar fangahúsa á Ísafirði og í Vestmannaeyjum, og er það samkvæmt óskum hæstv. forsrh., að nefndin leggur það til. Eins og mönnum er kunnugt, brann fangahúsið á Ísafirði nýlega og svo sorglega vildi til, að unglingspiltur brann þar inni.

Í Vestmannaeyjum var fangahús, en það var áfast við þinghús hreppsins, en þinghúsið var selt, og þá varð ríkissjóður að selja fangahúsið með. Þetta var fyrir 10—12 árum síðan, og síðan hefir verið fangahúslaust í Vestmannaeyjum. En það er, eins og mönnum er kunnugt, að í kaupstöðum er mög erfitt, ef ekki ógerlegt, að gæta reglu, ef ekki er hægt að stinga manni inn. Sjerstaklega þar sem mikið er um útlendinga, eins og á sjer stað í báðum þessum kaupstöðum. Þegar jeg kom á Seyðisfjörð, var fangahúslaust þar, og jeg sá þegar, hve bagalegt slíkt var, og leitaði því til Alþingis um fjárveitingu til fangahúsbyggingar, og jeg vil láta Alþingi njóta sannmælis með það, að það tók mjög sanngjarnlega í þá beiðni mína og veitti þá fjárhæð, sem þurfti til þess að byggja húsið. Það var vitanlega ekki eins dýrt að byggja slík hús þá eins og nú er, enda er ætlast til þess, að þau fangahús, sem hjer er um að ræða, verði bygð úr steini, og verða þau því dýrari en ella, en þá er líka minni þörf á, að fangavörður sje búsettur í þeim, og geta þau því verið minni. Það hafa verið gerðar 2 teikningar að fangahúsi í Vestmannaeyjum af húsameistara ríkisins. Eftir annari teikningunni er áætlað, að húsið kosti 8 þús. kr., en eftir hinni 11 þús. kr. En af því að nefndin álítur, að alt þurfi að spara, þá telur hún, að taka verði það ódýrara, og leggur því til, að 8 þús. kr. verði veittar til að byggja hvort hús, eða 16 þús. kr. í alt.

Þá leggur nefndin til, að upphæð sú, sem ætluð er til landhelgisgæslu, verði hækkuð um 10 þús. kr., eða úr 70 þús. upp í 80 þús. kr. Meiningin með þessari aukningu er sú, að Þór verði útbúinn svo, að hann verði hæfur til landhelgisgæslu. Skip þetta er nú aðallega útbúið sem björgunarskip, en töluvert annan útbúnað þarf til landhelgisgæslu en til björgunar. Nefndin viðurkennir, að skipið megi vel nota til landhelgisgæslu, ef það er útbúið til þess, og einkum megi vel við það una til að gæta þess, að síldarskip eða önnur smærri skip fiski ekki innan landhelgi. Nefndinni þykir því rjett að verða við ósk stjórnarinnar um að fá fje til að útbúa skipið, og leggur því til, að stjórninni verði heimilað að verja alt að 20 þús. kr. af því fje, sem ætlað er til landhelgisgæslu, til þess að útbúa Þór.

6. brtt. nefndarinnar er um að lækka laun aðstoðarlæknisins á Ísafirði úr 1800 kr. niður í 1500 kr. Eins og flestum er kunnugt, hefir verið rætt um að leggja þetta embætti niður, þó að það hafi ekki verið gert ennþá. Þetta embætti var stofnað með lögum frá 1907. En síðan hafa ástæður breyst mjög. Þá var fátt um lækna þar vestra, og embættið mátti því teljast nauðsynlegt. Nú hefir þetta breyst mjög. Nú eru komnir fleiri læknar þar vestra, og flestir telja því embættið ónauðsynlegt nú. Og þó að laun þessa embættismanns sjeu færð niður í 1500 kr., þá eru þau þó hærri heldur en þau laun, sem

hann hefði fengið, ef embættið hefði verið lagt niður og hann settur á biðlaun.

7. brtt. nefndarinnar er aðeins lítilfjörleg málsrjetting, því eins og það ákvæði er orðað í fjárlagafrv. er ekki gott að sjá, hvort heldur er ætlast til, að styrkurinn gangi til Norður- eða Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Þá leggur nefndin til í 8. brtt. sinni, að liðurinn 13 c. í 12. gr. verði þannig, að veittur verði 15000 kr. styrkur til þess að reisa sjúkraskýli og læknisbústað í Borgarfjarðarhjeraði. Eins og kunnugt er, eru Borgfirðingar nú að reisa sjúkraskýli. Það á að vera myndarlegt steinsteypuhús, og stærðin verður 10,5 × 18 metrar. Það á að leiða í þetta hús heitt vatn til upphitunar úr hver, sem er þar nærri og keyptur hefir verið í því skyni. Allur kostnaður við þetta hús er talinn muni verða um 46 þús. kr., fyrir utan það, sem þarf til þess að kaupa hverinn, sem nota á til hitunar. Og Borgfirðingar biðja um þetta fje samkv. loforði, gefnu 1921. Nefndinni finst því sanngjarnt, að þeim sje veittur styrkur, sem nemur ⅓ af þeim kostnaði, sem þeir hafa af að byggja sjúkraskýli þetta. Hinsvegar sjer nefndin sjer ekki fært að leggja til, að meira fje verði veitt til sjúkraskýla að þessu sinni en þetta, fyrir utan það, sem í fjárlagafrv. er ætlað til slíks, 25000 kr. til Ísafjarðarhjeraðs og 3000 kr. til Grímsneshjeraðs, og því hefir nefndin lagt til, að þessi liður verði lækkaður niður í 15000 kr., til þess að gefa ekki öðrum hjeruðum undir fótinn með að fara að undirbúa sjúkrahúsbyggingar í von um styrk næsta ár.

Vegamálastjóri lagði eindregið til, að sú upphæð, sem ætluð er til viðhalds flutningabrauta, verði hækkuð, og nefndinni fanst hún verða að taka það til greina. Vegamálastjóri benti á, að með vegalögum þeim hinum nýju, sem nú eru á leiðinni gegnum þingið, væri lagt á ríkissjóðinn viðhald vega, sem hann hafði eigi áður. Og sömuleiðis hjelt vegamálastjóri því fram, að það væri engin meining að halda ekki vegunum vel við nú, þegar engu fje er varið til nýrra vegagerða, því þegar fjárhagur ríkissjóðs tæki að rjetta við, svo að hugsað yrði um nýjar vegagerðir, þá mundi minna verða hægt að hugsa um viðhald brautanna, og yrði því að halda þeim vel við.

Holtavegurinn er einn af fjölförnustu akvegum á landinu og stórþýðingarmikill fyrir alt Suðurlandsundirlendið. Er hin brýnasta þörf að halda áfram endurbyggingunni á þeim vegi og má ekki verja minna til þess eins úr ríkissjóði en hækkuninni nemur. Meiri hl. fjvn. væntir þess, að till. verði tekin til greina, þótt ekki hafi náðst fult samkomulag um hana í nefndinni.

Þá er till. um 300 kr. styrk til dragferju á Blöndu. Tel jeg enga þörf að mæla með því, þar sem samskonar upphæð er nú víða veitt í fjáraukalögum fyrir yfirstandandi ár.

Þá eru orðin „vor og haust“ í 13. gr. B. IX. Leggur nefndin til, að þau falli burt. Er það gert til þess að veita stjórninni sem frjálsastar hendur um veitingu styrksins til bifreiðaferðanna austur yfir fjall. Nefndin leggur einnig til, að launauppbótin til talsímakvenna verði hækkuð upp í 10500 kr. Þessar konur eru mjög illa launaðar, hafa aðeins 113 kr. á mánuði. Þar frá dregst skyldugjaldið í lífeyrissjóð. Eru þá ekki eftir nema 107 kr. til þess að lifa fyrir. Hv. Nd. sá þetta og ákvað upphæðina 9400 kr., en hún

gleymdi nokkrum stúlkum utan Reykjavíkur, sem eiga sama rjett til þessarar uppbótar og Reykjavíkurstúlkurnar, því þær eru ráðnar með sömu kjörum.

Nefndin leggur til, að efnisverði Steindóri Björnssyni verði greiddar úr ríkissjóði 150 kr. með hverju barni hans, en þau eru 8. Maðurinn er ungur og mjög duglegur og verður að slíta sjer út vegna þess, að laun hans hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Væntir nefndin þess, að hv. deild taki fult tillit til þessara sjerstöku ástæðna og greiði þessari till. atkv. sitt. Eftir ákvörðunum þingsins í fyrra nýtur maður þessi í ár 200 kr. styrks með hverju barni sínu.

Ritfje biskups hefir nefndin hækkað úr 1000 kr. upp í 1500 kr. Í fjárlagafrv. stjórnarinnar var gert ráð fyrir 2500 kr. Er óskiljanlegt, hvað hv. Nd. gengur til að ákveða þessa upphæð svona lága. Árið 1880 var ritfje biskups 1000 kr. Munu þó flestir vera á einu máli um, að ódýrara hafi þá verið að halda opinbera skrifstofu í Reykjavík, en samt sem áður þótti upphæðin of lág og jeg hefi fyrir satt, að í síðasta embættisbrjefi, sem fyrirrennari núverandi biskups skrifaði, hafi verið megn umkvörtun yfir því, að skrifstofufjeð hrykki ekki þá til nauðsynlegustu gjalda við skrifstofuhaldið; og hvað myndi þá sama upphæðin hrökkva nú? Starf biskups er mjög umsvifamikið, brjefaskriftir miklar til presta, sem eru 140 talsins, prófasta o. fl. o. fl.

Fjvn. barst erindi frá læknadeild háskólans. Er þar kvartað yfir því, að laun hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu í lyfjalæknisfræði eru lækkuð úr 1500 kr. niður í 1000 kr. Kenslustarf hjeraðslæknisins er mjög ábyrgðarmikið og ekki minna en starf prófessora. Hefir hann nú 2500 kr. fyrir hjeraðslæknisstörf sín, og þótt hann fengi 1500 kr. fyrir kenslustarfa sinn, næði hann samt ekki lægstu prófessoralaunum við háskólann. Vonar fjvn., að deildin samþykki till. sína. Upphæð þessi hefir stundum staðið í fjárlögum, en stundum ekki, en jafnan hefir orðið að greiða hana, hvort sem fjárlagaheimild hefir verið fyrir hendi eða ekki.

Einnig telur nefndin sjálfsagt að taka í fjárlög greiðslu til kennarans í lagalæknisfræði, 500 kr. Nefndin leggur til, að launaliður mentaskólans verði hækkaður úr 79100 kr. í 84200 kr., en að tímalaun kennara við sama skóla verði færð niður úr 18 þús. kr. í 15 þús. kr. Er það gert í því skyni, að cand. mag. Kristinn Ármannsson, sem nú er tímakennari við skólann, verði þar fastur kennari. Þessi maður lauk kennaraprófi í Danmörku næstliðið sumar í latínu, grísku og ensku og átti þar kost á góðu kennaraembætti, en hafnaði þeirri stöðu og gerðist tímakennari við mentaskólann eftir ósk þáverandi forsætisráðherra. Við mentaskólann eru aðeins tveir klassiskir málfræðingar og báðir hnignir á efra aldur. Falli þeir frá, verður erfitt að útvega kennara í klassiskum fræðum, ef ekki er sjeð fyrir honum í tíma. Stjórnin og rektor mentaskólans hafa álitið rjett að tryggja skólanum þennan kennara. Þótt hann ætti kost á betri stöðu annarsstaðar, gekk hann inn á þetta; hafa honum þó ekki verið gefin nein bindandi loforð um fasta stöðu. Þessi maður er mjög efnilegur og góður kennari. Telur rektor mentaskólans skólann ekki geta verið án hans, og beri nauðsyn til að tryggja skólanum starfskrafta hans. Fellst nefndin á það og óskar þess,

að stjórninni veitist heimild til þess að ráða hann til skólans sem fastakennara með byrjunarlaunum adjunkta.

Nefndin telur einnig rjett, að veittur sje styrkur til útgáfu kenslubóka á íslensku í veraldarsögu handa mentaskólanum. Hafa nú þegar verið skrifaðar fornaldarsagan og miðaldarsagan, og er nú fenginn útgefandi að þeim. Er þá aðeins nýja sagan eftir. Leggur nefndin með því, að sá styrkur verði veittur, því að brýn nauðsyn er að fá lokið þessu verki, og hinsvegar ómögulegt að fá kenslubækur gefnar út nema með því að gefa með þeim.

Fyrir þinginu liggur nú frv. um að lengja námstímann við ljósmæðraskólann. Jafnframt þessu er farið fram á launalækkun fyrir verklega kenslu. Fær fjvn. ekki sjeð, að sanngirni sje að lengja kenslutímann um ⅓, en lækka jafnframt launin. Leggur hún því til, að launin til verklegu kenslunnar sjeu hækkuð úr 600 kr. í 900 kr. Jafnframt leggur nefndin til, að verðstuðulsuppbót verði reiknuð af styrknum til námskvenna. Stjórnin kveðst ekki sjá sjer fært að veita hana nema heimild sje til þess gefin af fjárveitingavaldinu. 45 kr. á mán. er alt of lítið, enda þótt námstíminn væri ekkert lengdur. Leggur nefndin því til, að styrkurinn verði hækkaður úr 6000 kr. í 7280 kr. Er þar gert ráð fyrir, að tala námskvenna sje hæst 12 á ári hverju.

Kvennaskóli Reykjavíkur hefir nú starfað í 50 ár. Í tilefni af því hefir skólanefnd óskað þess, að skólinn yrði tekinn í tölu ríkisskóla. Hæstv. stjórn hefir ekki sjeð sjer fært að mæla með því, þótt hún viðurkenni fyllilega hið mikla gagn, sem skólinn hefir unnið. — Í raun og veru má telja þennan skóla vera landsskóla. Árið 1922—23 voru í honum 94 stúlkur. Nú eru þær 114; 24 við hússtjórnarnám. 61 af stúlkunum eiga heimili utan Reykjavíkur. Eru þær úr öllum sýslum landsins. — Nefndin leggur til, að styrkurinn til skólans verði aukinn, því að þrátt fyrir mikla sparsemi og staka gætni í allri fjárstjórn, er hagur skólans erfiður.

Húsaleiga, sem skólinn verður árlega að greiða, nemur 7600 kr. Fara nú fram nýir samningar, en vonlaust mun vera að fá leiguna lækkaða nokkuð. Leggur fjvn. því til, að skólanum verði veittur sjerstakur húsaleigustyrkur að upphæð 2000 kr., því skólann verður að telja hins besta maklegan, og í raun og veru er styrkur sá, sem nefndin leggur til, að honum sje veittur, skorinn alt of mikið við nögl.

Þá er Flensborgarskólinn. Leggur nefndin til, að orðin „gegn 3000 kr. tillagi annarsstaðar frá“ falli burtu. Hefir hv. 2. þm. G.-K. (BK) sýnt nefndinni fram á, að á sínum tíma var skólinn tekinn í tölu landsskólanna. Lítur hann svo á, að skólinn sje ríkisskóli, og beri ríkissjóði því að hafa af honum veg allan og vanda. Í núgildandi fjárlögum var það skilyrði sett, að nemendur úr Hafnarfirði skyldu greiða sama skólagjald eins og við ríkisskólana. Það er ekki til þess ætlast, að þetta gjald renni í ríkissjóð, heldur renni það til skólans. Nefndinni hefir verið tjáð, að 1200 kr. af skólagjaldi nemendanna hafi verið greitt í ríkissjóð. Nefndin leggur til, að skilyrðið um 3000 kr. fjárframlag annarsstaðar frá falli burt, en ákvæði verði sett inn um, að skólagjaldið skuli renna í skólasjóð.

Brtt. við 14. gr. B. XVIII 1, um sundkenslu, er dálítil orðabreyting, sem óþarfi er að fjölyrða um.

Hv. Nd. lækkaði launin fyrir aðstoð við Þjóðmenjasafnið úr 2400 kr. í 1200 kr. Þykir fjvn. Ed. þar of langt gengið, jafn-

vel þótt sýningartími safnsins sje styttur. Fer nefndin fram á, að liðurinn verði hækkaður að minsta kosti upp í 1600 kr.

Þá leggur nefndin til, að styrkurinn til útgáfu Fornbrjefasafnsins sje bundinn því skilyrði, að lokið verði við að semja registur við 11. bindi. 11. bindi markar þýðingarmikið spor í útgáfu þessa rits. Prófessor Páll Eggert Ólason hefir látið í ljós það álit sitt, að hjer eftir ætti ekki að semja registur við hvert bindi, heldur væri heppilegast að semja registur fyrir hver 3—4 bindi saman.

Þá hefir hv. Nd. fært allverulega niður styrk til þeirra manna, sem vinna að undirbúningi vísindalegrar íslenskrar orðabókar. Laun Jóhannesar L. L. Jóhannssonar hefir hún lækkað úr 7000 kr. niður í 4000 kr., og styrkinn til Þórbergs Þórðarsonar málfræðings úr 1800 kr. í 500 kr. Báðir þessir menn hafa borið sig upp undan þessu við nefndina. Sjera Jóhannes var upphaflega fenginn hingað suður til að undirbúa þetta verk, og hafði hann fylstu ástæðu til að ætla, að hann fengi að halda þeim starfa framvegis. Hann hefir að vísu haft sæmileg laun, þar til nú, að hv. Nd. hefir gengið of langt í því að skera þau við neglur sjer. Maður þessi er nú kominn yfir sextugt, en hefir þó fyrir stórri fjölskyldu að sjá. Væri ilt, ef hann þyrfti nú að leita sjer annarar atvinnu en þeirrar, að sýsla við þennan starfa sinn. En af því að hv. Nd. hefir felt till. um, að hann fengi 5500 kr., hefir nefndin ekki viljað fara lengra en að leggja til, að hann fái 5000 kr. þóknun, þó að hún telji vafasamt, að hann komist af með þá upphæð.

Þórbergur Þórðarson hefir einnig snúið sjer til nefndarinnar og óskað þess, að styrkur til sín yrði heldur alveg feldur niður en að hann yrði aðeins ákveðinn 500 kr. Segist hann ekki sjá sjer fært að vinna áfram að þessu verki sínu fyrir svo lága þóknun. Hann hefir undanfarin ár lagt mikla alúð við að safna orðum úr alþýðumáli, sem væntanlegri orðabók verður án efa mikill styrkur að. Hefir hann í þessu skyni staðið í brjefaskiftum við fjölda manna víðsvegar um land, og einnig samið leiðarvísi handa þeim til að fara eftir við orðasöfnunina. Má búast við góðum árangri af þessu starfi hans. Nefndin sá þó ekki fært að fara hærra en upp í 1200 kr., en væntir þess líka, að hv. deild telji það síst of hátt farið, þegar búast má við, að hann geti ekki sint þessu starfi fyrir minni borgun.

Þá hefir Guðm. Bárðarson kennari á Akureyri snúið sjer til nefndarinnar og tjáð henni, að þegar hann var fenginn til að taka við kennarastöðunni við gagnfræðaskólann þar, sem hann nú gegnir, þá hafi honum verið lofað því, að hann skyldi fá að halda framvegis þeim 1800 kr. styrk til vísindaiðkana, sem hann áður hafði, og þykir mjer sýnt, að hann hafi haft fullkomna ástæðu til að ætla, að svo yrði.

Nú er það alviðurkent, að maður þessi sje ágætur kennari og mjög merkur vísindamaður. Hefir hann tjáð nefndinni, að hann sæi sjer ekki fært að verða áfram við skólann, ef kjör sín yrðu gerð lakari en þau nú eru. Hann hefir fyrir mikilli ómegð að sjá og segist nú hafa eytt því, sem hann fjekk fyrir bústofn sinn, er hann seldi, þegar hann fór til Akureyrar. Reyndar á hann enn jörðina, sem hann bjó á, en segist ógjarnan vilja eta hana upp líka, heldur muni hann reyna að fara að basla við búskap aftur, ef þessi styrkur til hans verði rýrður eða afnuminn. Nefndin telur það mikinn hnekki fyr-

ir skólann að missa Guðmund, og vill því leggja til, að styrkurinn verði færður upp í 1800 kr.

Í fjárlögum hefir lengi staðið 500 kr. styrkur til landskjálftarannsókna með þeirri aths., að hann skyldi því aðeins borgaður út, að slíkar rannsóknir færu fram. En undanfarið hefir fje þetta ekki verið notað, vegna þess, að enginn hefir fengist til að fást við rannsóknirnar fyrir svo litla þóknun. Landskjálftamælir sá, sem hjer er geymdur, er eign þýsks fjelags, og hefir verið talað um að heimta hann aftur út úr landinu, vegna þess að hann er ekkert notaður — og væri það mjög illa farið. Forstjóri veðurathuganastöðvarinnar býst við því, að athuganir gætu farið fram með mælirinn, ef til þess yrðu veittar 800 kr., í stað 500, og fjelst nefndin því á að leggja það til.

Þá hefir hv. Nd. fært stórkostlega niður styrkinn til veðurathuganastöðvarinnar, eða niður í 20 þús. kr. Forstjórinn hefir skýrt nefndinni frá því, að engin tiltök væru að halda áfram veðurathugunum í nokkurri líkingu við það, sem nú er, ef meira fje yrði ekki veitt til þess. Telur hann, að varla verði komist af með minna en 28—30 þús. kr., nema þá að slitið verði öllu sambandi milli þessarar stofnunar og samskonar stofnana erlendis. Álítur nefndin það mjög illa farið, ef til þess þyrfti að koma, og þó að fjárhagur landsins sje þröngur nú, þá verðum við að vona, að hann batni áður en langt um líður, og væri þá leiðinlegt að vera búinn að brjóta þessi sambönd af sjer, sem eru afarmikils virði fyrir allar veðurathuganir. Nefndin hefir því lagt til, að styrkur þessi verði ákveðinn 26 þús. kr. Er hún að vísu ekki viss um, að sú upphæð nægi, en vill vona, að stjórnin sjái sjer fært að greiða alt að 30 þús. kr. í þessu skyni. En leggja vill nefndin áherslu á það, að hins ýtrasta sparnaðar sje gætt í rekstri þessarar stofnunar og ekki kostað meiru til en bráðnauðsynlegt er, til þess að veðurathuganirnar geti orðið okkur til sóma og sambandinu við erlendar veðurfræðistofnanir verði ekki slitið.

Þá kem jeg að þeirri till. nefndarinnar, að styrkurinn til Hólmgeirs dýralæknis Jenssonar verði hækkaður úr 500 kr. upp í 700 kr. Er hjer ekki um háa upphæð að ræða. Hólmgeir hefir starfað sem dýralæknir frá því árið 1896. Þá fór hann til Noregs, styrktur lítilsháttar af sýslusjóði, og lagði þar stund á þessar lækningar. Síðan hefir hann starfað að þeim hjer heima og er nú orðinn slitinn að kröftum og þolir illa mikið erfiði. Hann fór fram á að fá 1000 kr., en nefndin sá ekki fært að hækka styrkinn nema upp í 700 kr. Nemur sú hækkun sem næst verðstuðulsuppbót á 500 kr.

Nefndinni þykir óviðkunnanlegt, að styrkurinn til heimilisiðnaðarfjelaganna, 6000 kr., skuli vera veittur með þeirri athugasemd, að Halldóra Bjarnadóttir skuli fá af honum 2000 kr. og 600 kr. gangi til handavinnuskóla á Akureyri. Nefndin leggur áherslu á hið stórþarfa verk, sem fjelögin hafa unnið og munu framvegis vinna, og vill því, að þau fái að ráðstafa sjálf þeirri upphæð, sem hv. Nd. vill veita þeim. Hinsvegar vill nefndin veita Halldóru Bjarnadóttur sjerstakan styrk, til þess að halda áfram starfsemi sinni, sem hefir þegar komið að miklu liði, og leggur hún til, að upphæðin verði ákveðin 1200 kr.

Vörumerkjaskrásetjaranum voru í núgildandi fjárlögum veittar 1600 kr. sem þóknun fyrir starfa sinn, og sama upp-

hæð var áætluð í þessu skyni í fjárlagafrv. þessu, einkum með tilliti til þess, að starfið er orðið svo umfangsmikið, að hann getur ekki lengur unnið að því heima hjá sjer, heldur verður að flytja sig með það út í bæ. Stendur hann nú í samningum, í fjelagi við annan, að fá eina stofu í Landsbankahúsinu nýja fyrir skrifstofu. En þá kemur hv. Nd. Alþingis og færir þóknun hans niður í 800 kr. Þetta þótti nefndinni of langt gengið og vill fara bil beggja með því að leggja til, að ákveðnar verði 1200 kr. í þessu skyni.

Þá kemur liður, sem ekki mun minst á í nál. Er það till. nefndarinnar um að veita hjónunum í Hítardal 1000 kr. í eitt skifti fyrir öll. Þessi hjón fluttust árið 1910 vestan úr Dölum að Hítardal og byrjuðu búskap þar. Á þeim 13 árum, sem síðan eru liðin, hafa þau eignast 10 sonu, og eru þeir sinn á hverju árinu. Þetta er mjög mikil viðkoma, og eru sveinarnir hinir efnilegustu, að kunnugra sögn. Er ómögulegt annað en dást að því, hvernig hjón þessi hafa, með höndum sínum einum, unnið fyrir öllum þessum barnahóp, án nokkurs styrks af opinberu fje. Að vísu hafa þau átt góða nágranna að, sem oft hafa rjett þeim hjálparhönd, en nú er svo komið, að búist er við, að þau verði að leita til sveitarinnar, ef þau fá ekki hjálp annarsstaðar frá. Prófastshjónin á Staðarhrauni, sem eru nágrannar þeirra og hafa reynst þeim mjög vel, hafa tekið sjer fyrir hendur að reyna að forða því, að heimilið komist á vonarvöl og verði ef til vill leyst upp og börnin send sitt í hverja áttina. Hafa þau snúið sjer til Alþingis með beiðni um styrk í þessu skyni. Segja þau, að Hítardalshjónin hafi barist svo einarðlega, að einsdæmi sje. T. d. má nefna það, að í vetur var tekinn þangað heimiliskennari um tíma og 4 börn úr sveitinni, til þess að njóta kenslu hans. Hafði konan ein þjónað og matreitt handa þeim 17 manns, sem þá voru í heimili á bænum. Nefndinni dylst það ekki, að hjer er gengið inn á viðsjárverða braut, en hún getur ekki annað en lagt til, að þessum heiðurshjónum verði í eitt skifti fyrir öll sýnd viðurkenning fyrir dugnað sinn. Prófastsfrúin frá Staðarhrauni, sem átti tal við nefndina, sagði, að ef styrkur þessi fengist, væri hægt að fá svo mikið annarsstaðar frá, að fjölskyldunni væri borgið, ef ekkert alveg óvænt kæmi fyrir. Telur nefndin rjett, að þingið stuðli að því, að svo megi verða.

Þá vill nefndin veita Bjarna Magnússyni fangaverði í Stykkishólmi 800 kr. þóknun í eitt skifti fyrir öll. Hann hefir nú verið fangavörður þar í Hólminum um 15 ára skeið og ekki borið úr býtum annað en ókeypis íbúð í loftherbergi í fangahúsinu, sem að kunnugra dómi getur varla talist mannabústaður. Þessi þóknun svarar til þess, að hann hefði fengið 50 kr. á ári fyrir starfa sinn, og verður það varla talin rífleg borgun.

Þá hafa tvær prestsekkjur snúið sjer til nefndarinnar með beiðni um lítilfjörlegan styrk til barna sinna, sem enn eru í ómegð. Þær eru Sigrún Kjartansdóttir, ekkja sjera Gísla Jónssonar á Mosfelli í Grímsnesi, og Valgerður Gísladóttir, ekkja sjera Magnúsar Þorsteinssonar á Mosfelli í Mosfellssveit. Frú Sigrún hefir áður fengið styrk með börnum sínum, og hefir hv. Nd. nú samþykt 100 kr. með hvoru þeirra. En nú á ekkja þessi sjerstaklega örðugt uppdráttar; hefir orðið fyrir miklum áföllum á síðasta ári. Fyrst veiktist hún sjálf og varð að leggjast á spítala. Kostaði sú lega hana um 400 kr. Þá fjekk

eitt barna hennar, sem var enn í ómegð, berklaveiki, sem leiddi það til bana. Kostaði útför þess og veikindi móðurina um 700 kr. Sjálf er hún mjög farin að heilsu og útslitin og er á engan hátt fær um að vinna fyrir þessum 2 börnum án hjálpar. Nefndin leyfir sjer því að leggja til, að styrkurinn með hvoru barni hennar verði hækkaður um 100 kr., eða upp í 200 kr. Munar þessi hækkun ríkissjóð litlu, en ekkjunni kemur hún að miklum notum.

Hin ekkjan, frú Valgerður Gísladóttir, á fyrir 3 börnum í ómegð að sjá, og eru þau í sveit, en hún vinnur fyrir þeim hjer í Reykjavík. Telur hún það ódýrara. Er hún blásnauð, eins og reyndar báðar umræddar ekkjur, því að menn þeirra áttu varla fyrir skuldum, þegar þeir fjellu frá. Vill nefndin því mæla með því, að frú Valgerði verði veittur 100 kr. styrkur með hverju þeirra þriggja barna hennar, sem enn eru í ómegð, eða samtals 300 kr. M. ö. o., nefndin vill veita 500 kr. í viðbót til beggja þessara ekkna; og þó að hagur ríkissjóðs sje bágborinn, þá skiftir þessi upphæð aldrei miklu máli.

Þá leggur nefndin til, að 100 kr. til Guðmundar Björnssonar falli niður. Hún efast að vísu ekki um heiðarleik eða þörf þessa manns, sem hefir verið kennari. En henni þykir það varhugaverð braut, að veita öllum kennurum sjerstök eftirlaun, sem um þau biðja.

Loks er að minnast á Árna Th. Pjetursson, sem svo mjög hefir verið talað um hin síðari árin. Nefndin leggur til, að honum verði gefið til kynna, að þetta sje lokastyrkur; þessum greiðslum til hans verði hætt. Honum hefir enn ekki verið veitt embætti og nefndin hefir altaf litið svo á, að ekki hafi verið hægt að áfella stjórnina fyrir meðferð sína á honum, og þá á hann enga kröfu til ævarandi eftirlauna úr ríkissjóði.

Þá kem jeg að síðustu brtt. nefndarinnar, við síðari málsgrein 23. gr. frv., að heimildin til Landsbankastjórnarinnar um að greiða vexti og afborganir fyrir Skeiðaáveituna, falli niður. Nefndin vill að vísu ekkert um það dæma, hvort þessar greiðslur sjeu rjettmætar eða ekki, en álítur hinsvegar, að ekki sje rjett af þinginu að stjórna Landsbankanum í nokkrum verulegum atriðum með slíkum ákvæðum í fjárlögum. Og því fremur ber nefndin þessa till. fram, að þegar stjórn bankans var að því spurð, hvort hún hefði óskað eftir þessari heimild í fjárlögunum, þá svaraði hún, að það væri langt í frá; það hefði ekki verið minst á þetta ákvæði við sig.

Jeg læt hjer staðar numið að sinni og bið hv. deild afsökunar á því, hversu sundurleitir þessir þankar hafa verið, því að sem sagt, jeg hefi ekki haft neinn tíma til að undirbúa langa eða ítarlega framsögu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg get yfirleitt verið þakklátur hv. fjvn. fyrir meðferð hennar á fjárlagafrv., og þykist jeg sjá, að hún hefir starfað með sömu hugsun fyrir augum og háttv. Nd., sem sje þeirri, að í bráð yrði að hlífa ríkissjóði við öllum útgjöldum, öðrum en þeim, sem óhjákvæmileg eru.

Að vísu hækka útgjöldin samkvæmt till. hv. nefndar um nálægt 200 þús. kr., en meiri hluti þeirrar hækkunar, eða 126 þús. kr., eru hreinar leiðrjettingar á útgjaldaáætluninni, og er það ekki nema nauðsynlegur þáttur í þeirri viðleitni að reyna að fá sem gleggst yfirlit yfir fjárhag ríkissjóðs.

Það verður að viðhafa fulla varkárni og áætla ekki útgjöldin minni en búast má við, að þau verði.

Langstærsta hækkun hv. nefndar, eða 116 þús. kr., eru vextir af innlendum lánum. Hv. frsm. (JóhJóh) gerði grein fyrir þessari till., og hefi jeg við þá greinargerð hans það eitt að athuga, að háttv. nefnd virðist ekki hafa stigið hjer sporið til fulls, því að þessi upphæð mun varla nægja, nema útlánsvextir verði lægri á næsta ári en þeir eru nú.

Af öðrum hækkunarliðum hv. nefndar eru fjórir, sem nokkru verulega nema, og eiga allir rjett á sjer, eða það sýnast að minsta kosti góðar ástæður fyrir þeim. Eru það laun handa bæjarfógetafulltrúa til lögtaksgerða hjer í Reykjavík, 4000 kr., til byggingar fangahúsa í tveimur kaupstöðum, 16000 kr., til landhelgisgæslu 10000 kr., og loks hækkun á áætlun viðhaldskostnaðar flutningabrauta 25000 kr., sem jafnrjett væri að telja leiðrjettingu, eða hækkun áætlunar, sem útgjaldaauka Enn er ekki sjeð, hvernig fer um vegalagafrv. það, sem fyrir þinginu liggur. En hvernig sem afdrif þess verða, þá verður ekki komist hjá því að leggja fram fje til Holtavegarins, og er því engin vanþörf á að hækka þennan lið. En ef það frv. verður samþykt, þá er jeg ekki í neinum vafa um, að áætlunarupphæð þessi er enn of lág. Þannig hefi jeg talið hækkanir hv. fjvn., sem nema um 180 þús. kr. Þá eru eftir um 20 þús. kr. í smáhækkunum. Þó að sumar þeirra kunni að orka tvímælis og deilt hafi verið um þær í hv. Nd., þá verður ekki annað sagt en að hv. nefnd hafi stilt mjög í hóf hækkunartill. sínum, eftir hina harðhentu lækkun, sem stjfrv. hafði orðið fyrir í hv. Nd.

Jeg ætla mjer ekki að gera brtt. einstakra þm. að umtalsefni nú, en ætla aðeins að láta í ljósi þá ósk mína, að hv. deild haldi áfram meðferð þessa máls á sama grundvelli og hún hefir gert nú, því jeg vona, að hv. deild sje það ljóst, að fjárhag ríkissjóðs er svo komið, að óhjákvæmilegt er að halda fast í taumana og reyna að grynna á skuldunum eftir því, sem unt er. Með því eina móti má vonast eftir því, að ekki verði langt að bíða þess, að hægt verði að ráðast í þær framkvæmdir, sem nú verður að fella niður sakir fjárhagsvandræða.

Jeg skal taka það fram, að því miður er ekki ennþá með brtt. hv. fjvn. fengin nauðsynleg leiðrjetting til hækkunar á ýmsum liðum fjárlaganna til þess, að áætlunin sje ekki nú þegar röng. Sjerstaklega er það ein upphæð, sem fjármálaráðuneytið skrifaði hv. fjvn. um. Við samningu fjárlagafrv. var dýrtíðaruppbótin áætluð 50%, því að þá var ekkert útlit fyrir, að hún mundi verða hærri en á yfirstandandi ári. En síðan um áramót hefir vöruverð farið hækkandi hjer sem annarsstaðar í heiminum, miðað við gull. Er jeg tók við fjármálastjórninni, bað jeg hagstofuna um að athuga dýrtíðaruppbótina og reikna út, hver hún mundi verða, ef miðað væri við verðlag vöru í byrjun apríl. Fjekk jeg það svar, að hún mundi vera um 60%, og má því ekki áætla uppbótina lægri en sem svarar því. Verður því með einhverju móti að ná inn í frv. um 168 þús. kr. í þessu skyni. Að endingu skal jeg geta þess, að þetta ætti ekki að þurfa að verða til þess, að fjárlögin yrðu afgreidd með tekjuhalla, því að úr því að verðtollurinn er genginn í gildi, þá mætti athuga, hvort ekki væri hægt að hækka tekjulið frv. um stimpilgjald.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hefi lítið að segja við þessa umr. annað en það, að jeg er hv. nefnd þakklátur fyrir brtt. þær, sem hún hefir komið með við fjárlögin og snerta mig. Skal jeg þá fyrst nefna fjárveitinguna til fangahúsanna í Vestmannaeyjum og á Ísafirði. Er óhjákvæmilegt að byggja þau, og þá vitanlega úr steini. Það er að vísu engin áætlun til um bygginguna á Ísafirði, en það er búist við, að hún muni kosta um 8000 kr. Aftur á móti er áætlun um fangahúsið í Vestmannaeyjum fyrir hendi, og eins og hv. frsm. (JóhJóh) tók fram, þá nemur hún 11 þús. kr., en þar fylgdi með, að draga mætti úr kostnaðinum, svo að hann yrði um 9 þús. kr., og líklega er hægt að koma honum niður í 8 þús. kr., eftir upplýsingum, sem fyrir liggja. Ennfremur sje jeg ekki annað en að nauðsynlegt hafi verið að hækka 11. gr. A. 4 a, um starfsmenn bæjarfógetans í Reykjavík. Þá er það 5. brtt. hv. nefndar, við 11. gr. B. 6 b, viðbót við styrkinn til landhelgisgæslu, til þess að útbúa björgunarskipið Þór til þess starfs. Geri jeg ráð fyrir, að 20 þús. kr. nægi í því skyni. Aftur á móti er jeg ekki eins ánægður með 8. brtt. nefndarinnar, um sjúkraskýli í Borgarfirði. Álít jeg, að rjettara hefði verið að lofa fjárveitingunni að standa eins og hún kom frá hv. Nd., sem sje 20 þús. kr., án þess að ákveða til hvaða hjeraðs það ætti að fara. Er það margra manna álit, að rjettara sje að hafa fjárveitinguna þannig, en veita hana þá á hverju ári og láta hana svo ganga til þeirra sjúkraskýla, sem best eru undirbúin, eða skifta styrknum á milli fleiri hjeraða, því að mörg hjeruð mundu gera sig ánægð með, að styrknum yrði skift niður á fleiri ár. Sú leið, sem hv. fjvn. hefir farið, getur aftur á móti leitt til þess, að um styrk þennan verði kapphlaup í þinginu á milli hjeraðanna, og er það mjög óheppilegt. Jeg er samdóma hv. frsm. fjvn. um ritfje biskups. Held jeg, að rjett hefði verið að láta bæði það og ritfje landlæknis halda sjer eins og það var í frv. stjórnarinnar. Jeg er þakklátur hv. nefnd fyrir viðbót hennar við 14. gr. B. III a, um laun mentaskóla. Hefir, eins og kunnugt er, verið gerð ráðstöfun til þess að fá hingað til skólans efnilegan kennara í klassiskum fræðum. Þó að jeg treysti mjer ekki til að festa hann, þá er það ekki af því, að jeg telji það ekki heppilegt, heldur af því, að jeg áleit, að til þess þyrfti heimild þingsins. Þykir mjer gott, að hv. nefnd hefir tekið svo í málið. Jeg er ekki viss um, að rjett hafi verið að lækka tímakaupið við sama skóla. En það er svo um þá fjárveitingu, að það má nánast líta á þessa upphæð sem áætlunarupphæð, sem þó ætti helst ekki að fara fram úr því, sem í stjfrv. var gert ráð fyrir. Þá er það 19. brtt. hv. nefndar, um námsstyrk ljósmæðraefna. Jeg skil ekki vel, hvað meint er með verðstuðulsuppbót. Býst jeg við, að það megi skilja það þannig, að það megi styrkja námsstúlkurnar eins og áður hefir verið gert, en styrkurinn til þeirra hefir verið meira en lögmæltur styrkur að viðbættri venjulegri verðstuðulsuppbót. Vænti jeg, að meiningin sje sú, að það megi nota svipaðan styrk og hingað til. Jeg held, að það sje svo ekki fleira, sem jeg þarf að minnast á. Jeg er yfirleitt þakklátur hv. fjvn. fyrir þær till. hennar, er snerta mentamál. Jeg hefði kosið, að hv. nefnd hefði sjeð sjer fært að koma fram með ríflegri viðbót við laun sjera Jóhannesar Lynge. Það var að vísu ekki ósennilegt, að upphæðin lækkaði, en mjer finst lækkunin of mikil. Það er kunnugt,

að maður þessi var tekinn úr embætti sínu til ákveðins starfa. Hann á við fátækt að búa og þarfnast því fullra launa. Jeg þarf svo ekki að orðlengja um þetta mál. Hv. frsm. hefir tekið það fram, sem þarf, um þá Þórberg Þórðarson og Guðmund Bárðarson. Jeg skal taka það fram, að mjer þótti vænt um viðbótina til veðurathuganastöðvarinnar. Jeg geri ráð fyrir, að það verði að reyna að komast af með það, sem hv. nefnd hefir lagt til, en býst hinsvegar við, að það megi líta svo á upphæðina, að hún sje þar ekki svo fastákveðin, að ekki megi fara eitthvað fram úr henni eftir atvikum. Um brtt. einstakra þm. sje jeg ekki ástæðu til að tala; mun jeg við atkvæðagreiðsluna sýna afstöðu mína til þeirra.

Sigurður Eggerz: Það stendur í nál., að fyrverandi stjórn hafi í sumum atriðum gengið fulllangt til sparnaðar, einkum þó að því er snertir hin lögboðnu gjöld. En það hefir altaf viljað brenna við hjá öllum stjórnum, að sumir liðir hafa verið settir of lágt. Annars skal jeg játa það, að jeg hefi ekki fylgst vel með gangi þessa máls í hv. Nd., þar sem jeg var lasinn, er það var rætt. Að því er einstaka liði snertir, þá skal jeg geta þess, að það eru tveir liðir, sem jeg gæti haft nokkra samviskuaf. Er annar þeirra fjárveitingin til landhelgisgæslu, sem var of lág í fyrra og hefir verið það aftur í stjfrv. og er of lág nú. Hv. Nd. setti hana 70 þús. kr., en hv. fjvn. þessarar deildar hefir bætt 10 þús. kr. við og ætlast um leið til þess, að af allri upphæðinni sje varið 20 þús. kr. til að útbúa björgunarskipið Þór til landhelgisgæslu. Er enginn vafi á því, að upphæðin er ennþá alt of lág, ef litið er á reynslu liðinna ára. Vil jeg taka það skýrt fram, að jeg mun ekki átelja hæstv. stjórn fyrir það, þó hún fari fram úr þessari upphæð, því að það skiftir miklu máli, að landhelgisgæslunni sje vel fyrir komið. Þá vildi jeg minnast á annan lið, en það er skrifstofufje sýslumanna. Það er í stjfrv. ákveðið 42 þús. kr. Jeg álít þetta alt of lágt. En hvorug fjvn. hefir athugað þetta. Jeg hafði farið hærra í úthlutuninni, enda hafði jeg heimild til þess. Dómsmálaráðherra ákveður samkv. launalögunum upphæðina, og þó að jeg hafi farið lengra, þá verð jeg að játa, að sýslumönnum er gert rangt til, því að þeir eiga heimtingu á meira skrifstofufje eftir lögunum; enda eru þeir mjög óánægðir með þetta. Þingið er óánægt með það, hve há upphæðin er, en sýslumennirnir með hversu lág hún er. Í þágu rjettlætisins vil jeg brýna það fyrir hv. deild, að upphæðin er alt of lág. Sýnir það sig best í því, að einhver besti embættismaður þessa lands, sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu, hefir ár eftir ár sýnt með sanngjörnum reikningi, að honum hefir verið ætlaður skrifstofukostnaður, sem er 1000 kr. undir því, sem hann brúkar. Og þó er maður þessi mjög sparsamur bæði á sitt fje og annara. Jeg vil þakka háttv. nefnd fyrir það, að hún hækkaði hjeraðslæknirinn í Reykjavík um 500 kr. Hefði verið hneyksli að lækka þann lið, þar sem þessi maður gegnir heilu prófessorsembætti, auk þess sem hann er mjög lærður og því ómissandi maður. Mun það einsdæmi, að maður vinni svo mikið starf fyrir svo litla greiðslu, og væri það því sannarlega illa þakkað af Alþingi, ef það lækkaði þóknun hans. Hv. frsm. (JóhJóh) mintist nokkuð á 15. brtt. nefndarinnar, við 14. gr. Talaði hann um afskifti fyrv. stjórnar

af því, að cand. Kristinn Ármannsson er kominn að mentaskólanum. Kvað frsm. hann hafa hafnað góðri stöðu í Danmörku eftir áskorun fyrv. forsrh. til þess að koma hingað að skólanum. Þetta er ekki rjett. Jeg óskaði ekki eftir því, að hann hafnaði stöðunni, en sagði honum, að það yrði hann að gera upp við sjálfan sig. Jeg kom ekki með neina ósk um það, að hann yrði hjer, en rektor skólans og fleiri mæltust til þess við stjórnina, að hann fengi þau laun, að hann gæti verið hjer heima, þar sem þetta væri afbragðsmaður í sínu fagi. Stjórnin trygði honum því aðeins lægstu adjunktalaun þetta eina ár. Þó að jeg komi með þessa leiðrjettingu, þá greiði jeg með ánægju atkvæði með hækkun liðsins, því að jeg veit, að mentaskólanum er mjög mikill fengur í þessum manni. Er hann sá eini af yngri mönnum hjer á landi, sem hefir gert latínu að aðalnámsgrein sinni. Ennfremur verð jeg að þakka hv. fjvn. það að hafa hækkað styrkinn til veraldarsögunnar. Jeg varð steinhissa, þegar jeg tók eftir því, að dóttir mín, sem er í mentaskólanum, var að lesa hinar og þessar danskar lærdómsbækur. Gleðst jeg yfir því, að hv. fjvn. hefir skilið þörfina á slíkri sögu á íslensku og veitt fje til hennar. Jeg er alls ekki að amast við dönskunni sjerstaklega, heldur yfirleitt við því, að vjer skulum ekki hafa bækurnar á voru eigin máli.

Jeg verð að segja, að mig furðar stórkostlega á meðferðinni á Jóhannesi L. L. Jóhannssyni hjá hv. Nd. Jeg get ekki valið vægari orð en það, að hún sje algerlega ósæmileg. Þessi aldraði fjölskyldumaður er dreginn úr embætti, þar sem hann gat lifað sæmilega, og settur til vísindastarfa. Þegar hann hefir starfað nokkurn tíma á að svifta hann launum. Fjvn. þessarar hv. deildar hefir hækkað upphæðina upp í 5 þús. kr. Álít jeg hana enn of lága, og mun því koma með brtt. um hækkun við 3. umr.

Hvað veðurathuganirnar snertir, verð jeg að líta svo á, að lækkun hv. Nd. sje gerð af djúpu skilningsleysi. Í hinum mentaða heimi eru veðurathuganir skoðaðar sem alger nauðsyn. Eru þær ekki síst nauðsynlegar þessari þjóð, þar sem annar aðalatvinnuvegur vor er sjávarútvegur. Þegar við lítum á það, hvað margir hraustir drengir hafa orðið að offra lífi sínu fyrir þann atvinnuveg, finst mjer mega vænta þess, að þingið skilji, að ekki megi að óþörfu auka á hættuna, en það er gert með því að draga úr þessum styrk. Í Noregi, Ameríku og víðar þar, sem veðurfræðin er komin á hátt stig, geta veðurfræðingar sagt fyrir um veður í ótrúlega mörgum tilfellum. Hækkun hv. fjvn. þessarar deildar er of lítil, þó hún hafi sýnt meiri skilningsvott á þessu máli en fjvn. hv. Nd. Þá hefi jeg ástæðu til að þakka hv. fjvn. fyrir að hækka laun vörumerkjaskrásetjara úr 800 kr. í 1200. Sannast að segja er meðferð hv. Nd. á þessum manni mjög óskemtileg. Þetta er aldraður maður; hann hefir unnið sem skrifari í stjórnarráðinu og rækt störf sín með stakri samviskusemi. Finst mjer ilt að launa langt og trúlega unnið starf hans eins og hv. Nd. vill gera.

Þá er einn nýr liður — styrkur til hjónanna í Hítardal, 1000 kr. Maður verður glaður á þessu þingi þegar maður sjer bregða fyrir víðsýni. Þau hjón eiga tíu drengi á ungum aldri. Er sýnilegt, hvað mikill skerfur það er, sem þau hafa lagt inn í þjóðarbúið, ef svo má að orði kveða. Sumir halda fram, að hjer sje skapað hættulegt fordæmi. En það er langt frá. Fyrst og fremst geri jeg ráð fyrir því, að fátæk heimili á landinu, þar

sem eru tíu drengir á þessum aldri, sjeu hverfandi fá, og mundi ekki saka þó þau öll fengju samskonar styrk. (*EP*: Þetta eru drengir, en hvað þá um dætur?). Auðvitað alveg sama. Hv. fjvn. hefir sýnt góðan skilning á þessu máli. Það má geta þess í viðurkenningarskyni við heiðursfrúna á Staðarhrauni, að hún tók sjer ferð á hendur um hávetur hingað suður til að fá þingið til að hjálpa þessu heimili. Hún hefir ætíð reynst þessu heimili holl bjargvættur. Jeg tek það skýrt fram, að þingið hefir alls ekki skapað hættulegt fordæmi með þessu. Mun jeg með engri till. greiða atkv. glaðari en þessari.

Aðra till. vil jeg minnast á, sem jeg get þó ekki þakkað hv. fjvn. fyrir; þar kveður við alt annan tón. Jeg býst við, að Árni Th. Pjetursson hafi fengið loforð um 500 kr. laun þangað til hann fengi kennaraembætti. Jeg skoða það sem hreina brigðmælgi, ef þingið riftar þessu. Jeg vil geta þess, að hv. meiri hluti mentmn. gerði till. um, að hann fengi þennan styrk á fyrra ári.

Jeg á aðeins eina brtt. við fjárlagafrv., við 14. gr. Það er 600 kr. styrkur til Ingibjargar Brands. Hún hefir í 15 ár fengist við kenslu og notið styrks og kent 18—20 námsmeyjum á ári. Nokkru af styrknum hefir hún orðið að verja til hreingerningar o. fl. á húsnæði því, sem hún notar. Álít jeg mjög skakt að fella styrkinn niður. Jeg lít svo á, að leikfimi og líkamsæfingar geti átt afarmikinn þátt í að gera þjóðina styrka á svo mörgum sviðum. Mun það sannast, að í framtíðinni verður lögð miklu meiri áhersla á leikfimi en hingað til. Þessi kona hefir kent mörgum sveitastúlkum, sem aftur hafa kent út frá sjer þegar þær komu heim. Veit jeg, að ekki þarf að fara fleiri orðum um brtt.; geri ráð fyrir, að hún fái góðan byr. Jeg er sannfærður um, að þessi liður hefði ekki verið feldur í hv. Nd., ef þær skýringar hefðu komið fram um hann, sem jeg hefi nú veitt. Jeg þarf ekki fleira að segja um málið, aðeins vil jeg undirstrika það, hvað mikla tröllatrú jeg hefi á leikfimi og að alt sje gert til þess, sem hægt er, að halda henni uppi.

Jónas Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að fara fáeinum orðum um nokkra einstaka liði í brtt. hv. fjvn. Fyrst er það þá 6. brtt., um að lækka laun aðstoðarlæknisins á Ísafirði úr 1800 kr. í 1500. Nú liggur fyrir frv. um það að leggja þetta embætti niður, þar sem landlæknir hefir gefið upp, að þessi maður hefði þarna ekkert að gera og hefði ekki haft um mörg ár. Lít jeg svo á, að hv. fjvn. hefði ósekju mátt ganga lengra en hún gerði.

Jeg er ekki sammála hæstv. forsrh. um 8. brtt., við 12. gr. 13 c. Mjer virðist, að þeir, sem standa að byggingu læknishússins í Borgarfirði, hafi farið mjög skynsamlega að með því að velja stað þar, sem reksturinn yrði fremur ódýr. Allir vita, að hitakostnaður veldur miklu um dýrleika slíkra stofnana. Borgarfjarðarhjerað á forgangsrjett til styrks vegna þess, hve málið er vel undirbúið og af því, að hjeraðsbúar hafa sýnt svo mikla fórnfýsi í að leggja fje til fyrirtækisins.

Jeg vil mjög eindregið fylgja styrk til Steindórs Björnssonar. Nokkrir hafa álitið hann ranglátan, en jeg mótmæli því. Þegar launalögin verða endurskoðuð, hlýtur það að koma til greina, hvort menn hafa þunga fjölskyldu eða ekki. Í sjálfu sjer er engin sanngirni í því, sem nú á sjer stað, t. d. að kennarar við barnaskólann hjer hafi allir jöfn laun, fjölskyldumenn

og einhleypt fólk. Þjóðfjelaginu ber miklu meiri skylda til að styrkja fjölskyldumenn. Jeg vil mæla með brtt. sem fordæmi.

Næst vil jeg víkja að till. um að festa ungan mann, Kristin Ármannsson, við mentaskólann. Hefi jeg gott eitt um manninn sjálfan að segja. Hitt er vafasamt, hvort rjett er að stofna embættið nú. En þar sem um dugandi mann er að ræða, mun jeg greiða atkvæði með till., úr því sem komið er.

Hæstv. forsrh. mintist á, að hann sæi ekki ástæðu til að minka styrk til tímakenslu í mentaskólanum. Kemur hjer fram það, sem jeg mintist á í sameinuðu þingi, að skólinn er altaf að stækka, en þing og stjórn gera alls ekkert til að stöðva sig á þessari hálku; miklu frekar hið gagnstæða. Aftur á móti er feldur niður styrkur til að gefa út kenslubækur handa alþýðuskólum. En hver slík bók hjálpar mörg þúsund heimilum. Þetta er ranglátur sparnaður. Jeg vil beina því til hæstv. stjórnar, að hún reyni að finna ráð svo fljótt sem unt er til þess að stilla í hóf með kostnað við mentaskólann.

Mjer þykir leitt, að hv. 1. landsk. þm. (SE) er ekki viðstaddur, af því jeg vildi segja örfá orð út af ummælum hans um styrkinn til samningar orðabókar, sem hefir verið hækkaður. Því var haldið fram, að maður þessi hefði gefið upp embætti sitt í sveit, að hann hefði verið dreginn úr því eins og sauður úr rjett. Jeg vil spyrja: Hver dró hann? — Mjer dettur ekki í hug, að nokkur hv. þm. haldi í raun og veru, að það verði nokkurntíma nokkurt gagn að þessari fyrirhuguðu orðabók. Þeir málfræðingar, sem jeg hefi borið þetta undir, álíta þetta verk einskisvirði. Það er bitlingur og ekkert annað. Jeg hefi hugsað mjer að bera fram þingsályktunartill. síðar, um að stjórnin láti hæfa málfræðinga rannsaka þetta mál fyrir næsta þing, hvers virði þessi vinna er. En jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að þessi orðabókarsamning sje frá upphafi ekkert annað en bitlingur. Sá, sem byrjaði á henni, gaf út eitt hefti. Prófessor einn við háskólann leit yfir það hefti í jólafríinu og fann fyrirhafnarlítið, að vanta myndu um 1000 orð í það hefti. Þannig er frágangurinn. Má kalla, að þetta sje að gera gys að vísindunum. Laun þessa manns eru einskonar eftirlaun og spurningin er, hvort þingið telur sig bundið að greiða þau.

Það er orðinn vani á hverju þingi að ræða meira og minna um Árna Th. Pjetursson. Hv. 1. landsk. þm. (SE) gaf mjer tilefni til að minnast á hann nú. Er jeg sammála hv. fjvn. þessarar deildar um, að styrkurinn ætti að vera lokastyrkur, ef hann þá á að greiðast. Það nær engri átt að kaupa menn út úr embættum, sem ekki eru færir að gegna þeim sökum ofdrykkju; skoða síðan þingið bundið að launa þessa menn áfram, án tillits til þess, að þeir sjálfir hafa velt sjer úr embætti með hegðun sinni. Árnamálið verður að skoða sem prófstein á það, hvort þingið vill gera þeim jafnt til, sem standa vel í stöðu sinni, og þeim, sem eru óhæfir.

Mestu máli skiftir um 38. brtt., að síðari málsgrein 23. gr. falli niður. Það eru þessi orð, sem Nd. setti inn í:

„Bankastjórninni er ennfremur heimilt að greiða til veðdeildarinnar af öðru fje bankans tveggja ára vexti og afborganir af veðdeildarláni til Skeiðaáveitufjelagsins.“

Saga þessa máls er á þá leið, að fyrir

8 árum rjeðust bændur á Skeiðum í hina fyrstu stóru áveitu hjer á landi. Málið var undirbúið og rannsakað, fyrst af útlendum verkfræðingi, síðan innlendum sjerfræðingi, Sigurði Thoroddsen, síðan af hæstv. núverandi fjrh., Jóni Þorlákssyni. Voru gerðar mælingar og áætlanir af þessum tveimur sjerfræðingum landsins. Áætlunin nam rúmlega 100 þús. kr. En hver varð niðurstaðan í framkvæmdinni? Verkið kostaði 430 þús. Engum hefði dottið í hug að leggja út í fyrirtækið, hefðu sjerfræðingar landsins sagt hið sanna um kostnaðinn fyrir fram. Það sorglegasta í þessu máli er það, að óhöppin við verk þetta eru að kenna vítaverðri framkomu verkfræðinganna. Er nokkur meining að skoða landið óbundið um þetta mál? Hjer hefir heil sveit lagt út í þjóð þrifafyrirtæki, byggjandi traust sitt á sjerfræðingum ríkisins. Áætlun þeirra reynist röng, — kostnaðurinn ferfaldast rúmlega. Stórfeld vanræksla er á undirbúningi málsins. Hver verður afleiðing þessa? Sú, að ef sveit þessari verður ekki rjett hjálparhönd, hljóta bændurnir að flosna upp af jörðum sínum. Í stað þess að fyrirtækið skyldi verða blessun fyrir hjeraðið, hlýtur að reka að því, verði lögmáli laganna fylgt, að hver einasti bóndi á Skeiðum verður að flýja jörð sína.

Í þessari till., sem var fram borin af hv. 2. þm. Árn. (JörB), var ekki farið fram á annað en að Landsbankanum, sem hefir lánað mest af þessu fje, veittist heimild til að gefa bændum eftir vexti og afborganir af lánunum í tvö ár, meðan þeir væru að auka bústofn sinn. Menn kalla það óviðkunnanlegt að skipa bankanum fyrir, en það er alls ekki gert með þessari heimild. En jeg býst við, að bankastjórnin noti heimildina, — henni verði ekki ljúft að ganga að bændunum.

Til þess að gefa mönnum nokkra hugfró, vil jeg benda á það, að bæði Landsbankinn og Íslandsbanki hafa orðið að gefa eftir stórar upphæðir — líklega miljónir — til óheppinna útvegsfyrirtækja, t. d. togara. Má líkja Skeiðaáveitunni við togarakaup á árunum 1920—21. Og jeg sje ekkert eftir Landsbankanum, þó að hann þurfi að hjálpa einu fyrirtæki í sveit, sem hugsanlegt er, að beri sig ekki, þegar hann er bundinn við fjölda dýrari fyrirtækja fyrir hinn atvinnuveginn og miðar eins og Íslandsbanki vextina við óhöpp útvegsins. Jeg skil nú ekki, að háttv. nefnd geti haldið tillögu sinni til streitu, þegar hún hefir heyrt, hvernig í þessu máli liggur. Trúi jeg því ekki öðru en hún taki till. aftur og athugi málið betur.

Þá vil jeg leyfa mjer að minnast örfáum orðum á þær einstöku brtt., sem jeg á við þessa umr. fjárlaganna, og skal jeg þá fyrst minnast á þá síðustu, en það er XIII. brtt. á þskj. 394, um að Ólafi Hvanndal myndamótara verði veittur 3 ára greiðslufrestur á rentum og afborgunum af eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni, að upphæð kr. 4334. Er jeg þakklátur hv. fjvn. fyrir, að hún ætlar að styðja tillögu þessa, með lítilli breytingu. Þarf jeg því ekki að fara um hana mörgum orðum, en vil aðeins geta þess, að maður þessi er sá eini á landinu, sem hefir áhöld til að gera prentmyndir. En svo lítinn arð gefur þessi atvinnugrein, að það er einungis fyrir áhuga mannsins á starfinu, að hann er ekki fyrir löngu farinn að gefa sig annaðhvort að sjóróðrum eða búskap, eða öðru því starfi, sem betri arð gefur. Eins og kunnugt er, er myndagerð þessi til mikilla hagsbóta fyrir alla þá, er gefa út blöð eða bækur og á myndum þurfa að halda til slíkra hluta.

Jeg hefi nýlega átt kost á að athuga

myndir þessar, og sje jeg ekki annað en þær sjeu eins góðar og betri en erlendar myndir af þessu tægi. En vitanlega hafa þær þótt dýrar, og er ekki nema eðlilegt, að svo sje, þar sem jafnlítill markaður er fyrir slíkar myndir sem hjer. Vonar nú maður þessi, að ef hann fái 3 ára greiðslufrest á láni þessu, þá muni hagur hans batna svo á þeim tíma, að hann yrði þá orðinn færari um að borga eftirstöðvar þessar.

Þá á jeg brtt. á þskj. 394,XII, um 500 kr. ellistyrk til Þórdísar júbil-ljósmóður. Kona þessi mun vera ein af þeim ljósmæðrum, sem einna best hefir hugsað um starf sitt af ljósmæðrum þessa lands og einna best kunnandi í starfi sínu af ljósmæðrum þeim, sem lært hafa hjer heima. Mestan hluta æfi sinnar hefir hún haft að launum frá 40 til 60 kr. á ári, og eru slík laun ekki mikil fyrir það mikla starf, sem hún hefir unnið. Hún hefir starfað með þremur læknum, þeim Guðm. Guðmundssyni lækni í Stykkishólmi, Ásgeiri Blöndal og Gísla Pjeturssyni lækni á Eyrarbakka, og allir gefa þeir henni hin sömu ágætu meðmæli. Nú er hún hnigin mjög á efri aldur, biluð að heilsu og svo fátæk, að hún hefir ekki efni á að láta af starfi sínu, nema því aðeins, að hún fái annarsstaðar að einhvern lífeyri. Jeg held nú, að það sje líkt ástatt um þessa konu og Hítardalshjónin, að rjett sje að láta hana fá lífeyri. Að minsta kosti er það rjettara en að láta Árna Theódór Pjetursson fá heiðurslaun, mann, sem hefir brotið af sjer hylli sinna yfirmanna og er til minkunar fyrir sína stjett. *(SE*: Þar er um loforð að ræða). Um loforð! Mjer er ekki kunnugt um, að þar liggi neitt loforð fyrir. Að minsta kosti hefi jeg engu lofað, því að jeg beitti mjer á móti þessu í fyrra, og er því ekki hægt að saka mig um ósamkvæmni.

Annars vil jeg, að vel sje gert við dugandi menn, hvort heldur það eru karlar eða konur. Þá á að launa vel, hvort það er með ellistyrk eða á annan hátt, en dragast aftur á móti ekki með drykkjuræfla og liðljettinga.

Jeg á hjer tvær brtt. ásamt hv. þm. Vestm. (JJós), en um þær skal jeg ekki tala nú, því að hann mun tala fyrir þeim. Jeg ætla heldur ekki að svo stöddu að gera athugasemdir við brtt. hv. þm. Snæf. (HSteins). Læt það bíða, þar til hann hefir talað fyrir þeim.

Atvinnumálaráðherra (MG): Aðeins örfá orð út af brtt. nefndarinnar við 23. gr., um að fella niður heimild bankastjórnar Landsbankans til að greiða til veðdeildarinnar af öðru fje bankans tveggja ára vexti og afborganir af veðdeildarláni Skeiðaáveitufjelagsins.

Það er ekki rjett, sem haldið hefir verið fram, að þetta hafi ekki verið borið undir stjórn Landsbankans, því að henni hefir verið skýrt frá, að fjelagið væri svo illa statt, að það gæti ekki borgað þetta, og ríkissjóður ekki heldur. Bankanum er því kunnugt um þetta, en sjálfsagt vill hann helst vera laus við þetta ákvæði. Jeg vil því mælast til, að heimild þessi fái að standa, þar sem hreppurinn er svo mjög illa staddur nú, en þetta myndi hjálpa honum, að minsta kosti í bili. Því að bændurnir á Skeiðunum þurfa að fá frið, að minsta kosti tveggja ára tíma, til þess að geta aukið bústofn sinn, og má þá vel vera, að þeim vaxi þá svo fiskur um hrygg, að þeir á eftir verði færari um að borga lán þetta. Er þetta því nokkurskonar tilraun til þess að reyna að

hjálpa bændunum út úr þessum ógöngum, því að ekki getur komið til mála að láta Skeiðin fara í eyði fyrir það, að áveitan varð of dýr.

Hjer hefir nýlega verið útbýtt skýrslu um árangurinn af áveitunni, og má telja, að hann sje hinn glæsilegasti. Sje jeg því ekki annað, úr því að ríkissjóður er svo illa staður að geta ekkert hjálpað, en að rjett sje að láta veðdeildina eða Landsbankann gera það.

Það var minst á áðan, að kostnaðurinn hefði verið áætlaður um 100 þús. kr., en orðið um 400 þús. kr. Þetta er satt. En þess ber að gæta, að frá því áætlunin var gerð og þar til verkið var framkvæmt, hafði öll vinna og annar kostnaður þrefaldast. Þetta vissu verkfræðingarnir vitanlega ekkert um, þegar þeir gerðu áætlunina. Í þessu liggur því hækkunin mjög mikið. Það er vitanlega satt, að hin mikið umrædda klöpp fanst ekki fyr en farið var að vinna verkið, en jeg læt ósagt, að hætt hefði verið við það, þó að hún hefði uppgötvast áður, því að vitanlega hefir allur vinnukostnaður við hana þrefaldast.

Jeg vil nú óska þess, að hv. fjvn. lofi heimild þessari að standa, því að eins og jeg tók fram áðan, er það tilraun til að hjálpa hjeraðinu, því að það nær engri átt, að stjórnin geti horft á, að svo hart sje gengið að hjeraði þessu, að það fari í eyði.

Einar Árnason: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með eina brtt., á þskj. 394, þess efnis, að ríkisstjórninni heimilist að taka ábyrgð á láni, alt að 350 þús. kr., til Siglufjarðarkaupstaðar, til byggingar raforkustöðvar og rafmagnsveitu. Það er ekki nýtt, að slíkar málaleitanir komi fram hjer á Alþingi, og hefir þingið heimilað slíkar ábyrgðir, bæði fyrir kaupstaði, kauptún og sveitarfjelög, og nægir þar til að nefna Reykjavík, Akureyri og Seyðisfjörð, sem ríkið hefir gengið í allstórar ábyrgðir fyrir. Vænti jeg því, að það sjái sjer fært að hjálpa Siglufirði sömuleiðis um líka ábyrgð.

Þannig er ástatt þar, að bærinn hefir nú eina litla rafmagnsstöð, sem er alt of lítil fyrir kaupstaðinn og ekki hægt að stækka hana vegna þess, að í nágrenninu er ekkert vatnsafl til, sem getur framleitt svo mikið rafmagn, að það fullnægi þörf kaupstaðarins. Hefir bærinn því ráðist í að kaupa vatnsafl vestur í Fljótum, og verður að leiða það langan veg yfir fjöll til Siglufjarðar. Mun sú leiðsla kosta um 100 þús. krónur, fyrir utan byggingu rafstöðvarinnar og ýmsan annan kostnað.

Jeg hefi sett þá athugasemd sem skilyrði fyrir ábyrgðinni, að stjórnin telji, að fyrirtækið muni borga sig og að bæjarfjelagið sje fært um að standa straum af því. Ætti því engin hætta að þurfa að vera fyrir ríkið að ganga á ábyrgð þessa.

Þess skal getið, að á Siglufirði eru fleiri verksmiðjur en í nokkrum öðrum kaupstað landsins. Eru þær einmitt líklegar til að nota mikið raforkuna sem vinnuafl. Getur því vel farið svo, að fyrirtæki þetta gefi góðar tekjur. Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta atriði frekar. Jeg tel það svo auðskilið, að það þurfi lítilla skýringa með.

Þá vil jeg minnast á eitt atriði í ræðu hv. 1. landsk. þm. (SE). Ekki af því, að jeg ætli að fara að ganga fram fyrir skjöldu fjvn., því að hv. frsm. (JóhJóh) mun fyllilega halda þar sínum hlut. Hv. 1. landsk. þm. vildi halda því fram, að ekki væri rjett með farið í nefndarálitinu, þar sem minst er á Kristin Ármannsson. Jeg minnist á þetta af því, að jeg hefi

sjálfur skrifað um þetta atriði í nál., og er það, sem þar er sagt, bygt á þeim skjölum, sem fyrir nefndinni lágu um þetta mál, er voru frá Kr. Ármannssyni sjálfum og rektor mentaskólans. Vildi jeg, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa upp kafla úr brjefi K. Á. (*SE*: Jeg vona, að mjer sje trúað eins og öðrum). Jeg ber engar brigður á það, sem hv. þm. sagði, en jeg vil aðeins lesa upp kafla úr brjefinu, til þess að það liggi skýrt fyrir, að nefndin hefir ekki farið rangt með það, sem fyrir henni lá. Brjefkaflinn hljóðar þá svo:

„Síðastliðið sumar lauk jeg kennaraprófi við háskólann í Kaupmannahöfn. með 1. einkunn í námsgreinunum: latínu, grísku og ensku. Meðan á prófinu stóð fjekk jeg tilboð frá mentaskóla í Danmörku, Ribe Kathedralskole, um fasta kennarastöðu (adjunktsstöðu) í námsgreinum mínum. En með því mjer áður hafði skilist svo á stjórn mentaskólans hjer, að skólinn vildi gjarnan festa mig, þá vildi jeg ekki sinna þessu boði fyr en jeg talaði við íslensk stjórnarvöld. Hittist þá einmitt svo á, að forsrh. Íslands, hr. Eggerz, var staddur í Kaupmannahöfn, og lagði jeg málið fyrir hann. En hann kvaðst ekki geta gert neitt í málinu fyr en hann talaði við skólastjórnina hjer, og varð þá loks úr, að eftirlitsmaður dönsku skólanna leyfði mjer að fresta að gefa ákveðið svar um stöðuna í Ribe, þangað til jeg væri kominn heim. Þegar hingað var komið, átti jeg aftur tal við forsætisráðherra. Með því, að þá í svip var engin föst kennarastaða í mínum námsgreinum laus við skólann, en útlit fyrir, að svo yrði síðar, þá gerði jeg stjórninni það boð, að jeg færi aftur til Danmerkur, gengi á kennaranámskeið í Kaupmannahöfn, sem Ribeskóli ætlaði að kosta mig á, og sæti svo í embættinu í Ribe eitt eða fleiri ár, þangað til jeg yrði kallaður hingað heim; hafði jeg getið þessa möguleika við málsaðilja í Danmörku og þeir tekið því líklega. Þessu tilboði hafnaði stjórnin. Kvað óvíst, að jeg vildi koma hingað aftur, þegar jeg einu sinni væri farinn, enda ómögulegt að gefa mjer loforð um stöðu seinna meir við skólann, ef jeg tæki hana ekki þegar í stað.“

Það er aðeins á þessum ummælum, sem bygt er í nefndarálitinu. En nefndin segir ekkert um, hvort þær forsendur eru rjettar, en á öðru hafði hún ekki að byggja. Og eins og jeg tók fram áðan, dettur mjer ekki í hug að bera brigður á orð hv. 1. landsk. þm. (SE).

Björn Kristjánsson: Það eru aðeins fáein orð, sem jeg vildi segja, vegna Flensborgarskólans. Háttv. fjvn. Nd. er treg á að veita fje til þessa skóla, eins og að undanförnu. Verð jeg því að gera grein fyrir, hvernig skóli þessi er til kominn og hvernig Alþingi hefir kostað hann að undanförnu, því að það virðist standa óljóst fyrir. Skal jeg þá fyrst benda á, að sjera Þórarinn Böðvarsson gaf landinu jörðina Hvaleyri og Flensborgareignina, til þess að þar skyldi stofnaður alþýðuskóli. Vil jeg leyfa mjer að lesa kafla upp úr gjafabrjefinu, svo öllum megi vera ljóst, hvernig stendur á, að skólinn er landsins eign. Brjefið er frá 1. júní 1882. Fyrsti liður þess hljóðar svo:

„Eignum þeim, sem nefndar eru í áminstu brjefi, að viðbættu húsi því, sem fylgdi jörðinni Flensborg, og fleiru, og sem nú eru allar virtar á 13400 kr. samkvæmt virðingargerð, sem legst hjer með, skal frá yfirstandandi fardögum verja til að stofna alþýðu- og gagnfræðaskóla, þar sem einnig börn í Garðahreppi geti feng-

ið kenslu, ef Garðahreppur leggur þar til hæfilegan árlegan styrk.“

2. liðurinn hljóðar svo:

„Fái skólinn ekki þann styrk af landssjóði, að hann geti þegar að notum komið, skal fje hans ávaxtast þangað til, að svo getur orðið.“

3. liður hljóðar svo:

„Fje skólans og skólinn sjálfur skal vera undir stjórn landshöfðingjans yfir Íslandi, semur hann stofnskrá og reglugerð fyrir skólann, skipar kennara skólans, og, ef honum svo sýnist, nefnd manna til að stjórna fje hans.“

Menn sjá af þessu, að gjöfin og skólinn eru lögð undir stjórn landsins, og ekki nóg með það, heldur hefir Alþingi lagt fram fje til skólans árið eftir, og með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa upp athugasemdina við fjárveitinguna. Athugasemdin hljóðar svo:

„Styrkur eftir staflið a., b. og c. veitist með því skilyrði, að skólar þessir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði. (Þó nær þetta skilyrði *eigi til skólans í Flensborg*).“

Undir a.-lið eru taldir kvennaskólar, b.-lið barnaskólar og c.-lið alþýðuskólar. Sýnir þetta ljóslega, að þingið hefir skoðað skólann strax sem landsskóla, þar sem það gerir honum ekki að skyldu að leggja fram fje á móti fjárveitingunni, eins og öðrum skólum. Samhljóða þessu er athugasemdin við fjárveitinguna 1905. Annars er styrkurinn altaf veittur athugasemdarlaust frá 1883.

Þegar landshöfðingi semur reglugerð fyrir skólann, er tekið fram í 2. gr., „að skólinn sje undir yfirráðum landshöfðingja.“

Jeg tek þetta fram sökum þess, að jeg fæ það svo oft framan í mig, að þetta sje ekki landsskóli. En það er ekki aðalatriðið, hvort skólinn er landsskóli eða ekki. Aðalatriðið er, hvort menn meta alþýðumentunina í landinu rjettilega og þann drjúga skerf, sem þessi skóli leggur til hennar, og ef menn gera það, þá hljóta þeir að vera með þessum skóla. Skólanum hefir altaf verið veitt alt fje úr landssjóði, sem hann hefir notað, en altaf af skornum skamti. Og hefði ekki verið gætt allrar sparsemi í öllu skólahaldinu, þá hefði skólinn alls ekki komist af með það fje, sem hann hefir haft yfir að ráða. 1920—21 fjekk hann 18 þús. kr., 1922 22 þús., 1923 15 þús., 1924 15 þús. Og það er vitanlegt, að skólinn getur ekki komist af með minna fje næsta ár en hann hafði síðastliðið ár, því að það eru mikil líkindi til þess, að dýrtíð vaxi. Skólinn verður og að viðhalda uppbúnum 27 rúmum fyrir utanbæjarnemendur, og minkar ekki sá kostnaður við hinn háa toll, sem nú er lagður á vefnaðarvörur. Og yfirleitt er ekki unt að búast við því, að neitt verði ódýrara nú en í fyrra.

Hv. fjvn. Nd. vildi spara á öllum sviðum, og hún vildi spara fje til Flensborgarskólans með því að gera sýslusjóði Gullbringu- og Kjósarsýslu skylt að leggja fram 3000 kr. á móti fjárveitingu landssjóðs. Hefði það orðið ofan á, þá hefði Gullbringu- og Kjósarsýsla orðið að leggja fram 3000 kr. fyrir að hafa aðeins fimm menn í skólanum; fleiri voru þeir ekki skólaárið 1920—1921. Það er öllum augljóst, að slíkt væri mjög ósanngjarnt. En það er auðvitað sökum ókunnugleika, að svona tillaga kemur fram. Jeg skal játa það, að það er eðlilegt, að svona fjarstæður komi fram, þegar allar upplýsingar vantar. En jeg vona, að hv. deild

taki þetta til leiðrjettingar, þegar hún fær nauðsynlegar upplýsingar í málinu. Skólinn hefir ekki haft, frá því hann var stofnaður, árið 1883, fram til þessa tíma, aðrar tekjur en það, sem landssjóður hefir lagt honum, og 109 kr. á ári, afgjald af Hvaleyri. Og það fje, sem skólinn hefir haft yfir að ráða, hefir verið svo lítið, að uppeldissonur Þórarins sáluga Böðvarssonar hefir hvað eftir annað orðið að leggja fram fje til skólans. Eitt árið varð hann t. d. að leggja fram 5000 kr. Þær 5000 kr. veitti þingið á endanum í fjáraukalögum, svo hann fengi þær endurgreiddar.

Nemendafjöldi við Flensborgarskólann hefir venjulega verið álíka mikill og við gagnfræðaskólann á Akureyri. Þó hefir hann líklega venjulega verið ívið minni í Flensborg.

Jeg skýrði frá því á þingi árið 1922, að þá hefði nemendafjöldi við gagnfræðaskólann á Akureyri verið 91, en í Flensborg 86. Það ár kostaði hver nemandi á Akureyri landssjóð 520 kr., en 174 kr. í Flensborg. Þetta ætti að nægja til þess að sýna, að „prívat"-skólar eru jafnan ódýrastir, og því ætti ríkið að sjá sjer hag í því að styrkja slíka skóla og halda þeim við. Og ef ríkið styrkti slíka skóla sæmilega, þá væri það hvöt fyrir menn eins og Þórarin sáluga Böðvarsson, sem áhuga hafa fyrir alþýðumentun í landinu, að gefa til slíkra skóla. En Alþingi hefir ekki altaf tekið þannig á móti slíkum gjöfum, að það væri til hvatningar öðrum, sem máske hefðu hug á að gefa þannig.

Jeg sýndi hv. fjvn. fram á, hvernig fjárlagafrv. var, þegar það kom til þingsins, og hvernig það er nú. Sex skólar hafa fengið tillag sitt hækkað við meðferð fjárlaganna í þinginu, en Flensborgarskólinn einn hefir verið lækkaður. Og mjer finst það illa viðeigandi, að unglingaskólar, sem ekki eru landsskólar, eins og t. d. Núpsskólinn og Hvítárbakkaskólinn, skuli eiga að fá jafnan styrk og áður af þeim 30 þús. kr., sem veittar eru til alþýðufræðslu, en Flensborgarskólinn skuli vera lækkaður ofan í 12 þús. kr. Þó hefir hv. fjvn. Ed. bætt ofurlítið úr með því að leggja til, að það skilyrði falli burtu, að 3000 kr. komi annarsstaðar frá, og sömuleiðis leggur hún til, að skólagjöld renni í skólasjóðinn, en skólagjöldin námu síðastliðið ár 1200 kr. Ef sama skólagjald yrði næsta ár og nú er, þá mundu tekjur skólans verða rúm 13 þús. kr., ef hann fengi aðeins 12 þús. kr. frá landssjóði, en það nægir honum alls ekki. Og skólinn hefði aldrei komist af með það fje, sem hann hefir fengið, ef ekki hefði verið gætt hins ýtrasta sparnaðar á öllum sviðum og kennarar skólans lifað við lægri laun en þekst hefir við aðra samskonar skóla. En þó hefir kensla við þennan skóla altaf verið ágæt, þannig, að hún mun lítið eða ekkert standa að baki kenslu í gagnfræðadeild mentaskólans. T. d. skal jeg geta þess, að á árunum 1913—1922 gengu um 20 nemendur úr Flensborg upp í 4. bekk mentaskólans, allir með góðum vitnisburði.

Þessi skóli hefir nú starfað í 41 ár. Allan þann tíma hefir forstöðumaður hans, sem nú er, verið kennari við skólann, og síðustu 16 árin hefir hann verið skólastjóri. Og þessi skólastjóri, Ögmundur Sigurðsson, hefir hlotið alment lof fyrir áhuga þann og dugnað, sem hann hefir sýnt í starfi sínu, og þá frábæru lægni, sem hann hefir sýnt í því að vekja áhuga hjá nemendum sínum og láta kensluna koma þeim að sem bestum notum. Nú er hann orðinn 65 ára, og það verður að

teljast hart að gengið að mæða hann með svona örðugleikum eftir vel unnið starf, og það því fremur, sem ekkert orð fjell í þá átt í fyrra, að þessar 15 þús. kr. væru of mikið handa skólanum. Jeg skal líka geta þess, að heimavistin við þennan skóla er mjög ódýr. Nemendur fá þar venjulega fæði, húsnæði, ljós og hita fyrir um 60 kr. á mánuði, og það er auðvitað mjög mikils virði fyrir utanbæjarmenn að fá svo ódýra vist við skólann, og hagur landinu í heild sinni, að fátækir menn, sem ekki geta sótt dýru skólana, fái tækifæri til að fá ódýra mentun í Flensborg. Jeg vona því, að hv. deild sýni sanngirni og fallist á að veita skólanum styrk þann, sem jeg fer fram á.

Mjer finst það vera óþarfi að rifja upp það, sem jeg skýrði frá á þingi 1922 um nemendafjölda skólans og aðsókn til hans úr ýmsum hjeruðum landsins. Jeg skal þó geta þess, að frá 1913—1921 voru alls í skólanum á annað þúsund nemendur. Þar af voru 396 úr Hafnarfirði, en 698 annarsstaðar af landinu. Kenslan nær því til allra sýslna, og má því með sanni segja, að skólinn sje landsskóli. Jeg álít því, að því fje, sem varið er til Flensborgarskólans, sje vel varið, og jeg vona, að hv. deild sje mjer sammála um það og sýni það í verkinu með því að samþykkja, að skólinn fái þessi 14 þús., sem jeg fer fram á.

Þá á jeg aðra brtt. við 14. gr., þess efnis, að lýðskólanum í Bergstaðastræti verði veittur 1000 kr. styrkur eins og áður. Jeg skal taka það fram, að jeg skil ekki, hvernig stendur á því, að kominn er nýr skóli í sæti hans. Mjer finst það annars undarlegt að vilja spara þessa litlu fjárveitingu til þessa skóla, og jeg held, að það hljóti að koma af því, að háttv. þm. þekki ekki, hve góður þessi skóli er. Jeg vil, að þessi skóli fái framvegis þann styrk, sem hann hefir fengið, því jeg veit, að margir geta haft gagn af að sækja þennan skóla, og jeg veit, að honum er stjórnað með sömu alúð og skyldurækni og Flensborgarskólanum. Skólinn var stofnaður árið 1909 og hefir altaf starfað síðan, þrátt fyrir fátækt og fleiri örðugleika, sem hann hefir haft við að stríða. Aðsókn að skólanum hefir altaf verið mikil. Nemendur hafa verið um 60 á ári í þau 15 ár, sem hann hefir starfað, eða um 900 í alt. Þar af hafa verið um 350 úr sveit. Námsgreinar þær, sem kendar hafa verið í skólanum, eru íslenska, enska, danska, tölvísi og fimleikar. Skóli þessi hefir því verið nokkurskonar milliskóli milli barnaskóla og gagnfræðaskóla. Skólinn hefir altaf gert sjer far um að hafa góða kennara, og því hefir mikill árangur orðið að kenslunni. Mjer finst það líta einkennilega út, ef þingið hættir að styrkja þennan skóla, sem er þektur að öllu góðu, en veitir styrk alveg óþektum skóla. Mjer finst þó altaf vera rjettara að halda sjer að því, sem þekt er.

Jeg hefi svo ekki meira að segja um mínar brtt., en jeg vil víkja nokkrum orðum að einstökum öðrum brtt., þó það sje yfirleitt ekki vani minn að skifta mjer af öðru en því, sem kemur mjer eitthvað sjerstaklega við. Jeg skal þá taka það fram, að jeg er á sama máli og hv. 1. landsk. þm. (SE) viðvíkjandi Árna Theódór. Jeg lít svo á, að þingið hafi gert samning við þann mann, og þeim samningi sje ekki hægt að rifta.

Jeg er einnig á sama máli og hv. 1. landsk. þm. og fleiri um styrk til hjónanna í Hítardal. Mjer finst það mjög vel viðeigandi að veita þeim þessar 1000 kr.,

sem hv. fjvn. leggur til að þau fái, því starf það, sem frúin frá Staðarhrauni hefir unnið fyrir þessi fátæku hjón, með umhyggjusemi sinni fyrir þeim minnimáttar og ástúð, er meira virði en þessar 1000 kr.

Hvað styrknum til dr. Helga Pjeturss viðvíkur, skal jeg taka það fram, að jeg mun greiða atkvæði með brtt. um, að hann fái 4000 kr. með verðstuðulsuppbót, og jeg vona, að aðrir hv. deildarmenn geri það sama. Og mjer hefði verið sönn ánægja í því að bera fram slíka brtt. í sömu átt, eða vera með, en þess þurfti ekki, því aðrir urðu til þess. Jeg ætla mjer svo ekki að segja meira nú. Býst við máske að þurfa að gera einhverjar aths. seinna.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg á hjer eina brtt. á þskj. 394, ásamt 2 hv. deildarmönnum, hv. 1. þm. Rang. (EP) og hv. þm. A.-Húnv. (GÓ), um styrk til Bandalags kvenna. Fjelag þetta, Bandalag kvenna, er stofnað árið 1917, og þó það sje ekki eldra, á það sjer þó allmikla sögu; ef jeg færi að rekja hana nákvæmlega, er jeg hrædd um, að jeg mundi þreyta hv. deild um of. Jeg ætla því að láta mjer nægja að drepa á helstu atriðin. Í Bandalagið gengu þegar átta kvenfjelög, og fjelagið gekk í alheimsbandalag kvenna, sem í eru kvenfjelög í 40 löndum heimsins. Stjórn og þing hefir þegar sýnt Bandalagi kvenna mikla velvild með því að veita því góða lóð, í því skyni, að bygt verði þar samkomuhús fyrir konur, er jafnframt verði heimili fyrir aðkomustúlkur. Þetta mál heyrir auðvitað framtíðinni til, að því er fjársöfnun og aðrar framkvæmdir snertir. Af öðrum málum, sem fjelagið hefir beitt sjer fyrir, skal jeg nefna, að það hefir ætíð síðan árið 1921 tekið einn sunnudag á ári til þess að safna fje handa börnum. Því fje er ekki ráðstafað ennþá, en stjórn fjelagsins hefir hugsað sjer að láta bágstödd börn og mæður þeirra njóta þess.

Veturinn 1917—1918 starfaði fjelagið mikið að því að útbýta gjöfum, fötum, eldivið og peningum handa bágstöddum heimilum, sem komu að góðum notum, því sá vetur var harður og víða þröngt í búi. Ennfremur hefir Bandalagið safnað nokkurri fjárupphæð til styrktar heilsuhælisfjelagi Norðurlands (1700 kr.). En fjelagið hefir ekki einungis starfað innanlands, heldur hefir það og hjálpað þurfandi konum erlendis. T. d. gaf það 700 kr. til þess að styrkja alheimsbandalag kvenna til heimsendingar fanga eftir ófriðinn. Einnig hefir Bandalagið lagt fram fje til hjálpar austurrískum börnum og gamalmennum, og yfirleitt stutt mannúðarstarfsemi víðsvegar um heim.

Bandalagið sendi einnig fje til Rússlands til hjálpar bágstöddu fólki í hungursneyðinni, og það varð til þess, að komið var þar upp eldhúsi sem ber nafn Íslands.

Þetta alt hefir orðið til þess, að Bandalagið hefir fengið góðan orðstír erlendis. Og eins og gefur að skilja, hefir starfsemi Bandalagsins orðið til þess að auka mjög þekkingu útlendinga á landinu í ýmsum löndum, þar sem það var lítt eða ekkert þekt áður, og fyrir það eitt ætti fjelagið skilið að fá þennan styrk, og þó meira væri.

Bandalagið fór fram á styrk í fyrra til þess að koma einu áhugamáli sínu í framkvæmd. Það vildi gera tilraun til að koma á námsskeiði í almennum saumaskap, til þess að örva konur og kenna

þeim að sauma handa heimilunum ýmislegt, sem flutt er inn, og auka á þann hátt innlendan iðnað. Þeirri málaleitun var synjað. Nú hefir bandalagið leyft sjer að hefja slíka málaleitun aftur. Hv. fjvn. hefir verið spör á að taka upp nýja liði og treystist ekki til að taka þennan. Sá jeg mjer því ekki annað fært en að fá góða menn til liðs við mig, til þess að flytja brtt. þessa. Bandalagið fer fram á dálítinn fjárstyrk. Tók það ekki til neina upphæð, en jeg hefi nefnt 800 kr., og til vara 500 kr. Vænti jeg þess fastlega, að hv. deildarmenn bindi sig frekar við hærri töluna en lægri. Ekki er því að leyna, að Bandalaginu er mikil þörf á styrk, þar sem það hygst að efna til stórrar sýningar á allskonar heimilisiðnaði á komandi sumri. Eins og hv. deild er kunnugt, hafa sýningar mikla þýðingu bæði fyrir nútíð og framtíð. Í fyrra hjelt Bandalag kvenna fjölskrúðuga blómasýningu hjer í Reykjavík. Árangur hennar varð meðal annars sá, að nú hygst Garðyrkjufjelag Íslands að halda slíka sýningu í sumar. Eins og jeg tók fram í upphafi þessa máls, er Bandalag kvenna á Íslandi meðlimur í alheimsbandalagi kvenna, og þó það hefði ekkert annað verksvið en að vekja athygli á íslensku þjóðinni úti um heiminn og afla henni viðurkenningar annara þjóða, væri það ærið nóg starf og alls ekki þýðingarlaust.

Fleira ætla jeg ekki að segja um þetta mál, en treysti hv. deild til að sýna fjelagsskap þessum nokkra viðurkenningu, með því að samþykkja brtt. á þskj. 394.

Jóhann Jósefsson: Jeg get verið hv. fjvn. þessar deildar þakklátur fyrir þær till. hennar, sem sjerstaklega snerta mitt kjördæmi; að hún hefir þar orðið við þeim tilmælum, sem beint var til hennar, bæði frá hæstv. stjórn og frá mjer viðvíkjandi fangahúsi í Vestmannaeyjum. Eins og allir vita, eru Eyjarnar orðnar nokkuð mannmargar, — um 3000 fastra íbúa, en þar að auki má gera ráð fyrir, að á vertíðinni sjeu þar um 700 aðkomufólks, fyrir utan útlendinga. Bærinn hefir undanfarið kostað um 10 þús. kr. til lögreglu árlega, en það hefir komið sjer illa að vera fangahúslaus, og hefir enda orðið ríkissjóði alldýrt, þegar beinlínis hefir þurft að vakta menn, í stað þess að geyma þá í varðhaldi. Bærinn hefir áður haft fangahús um tugi ára, en fyrir tíu árum var það selt. Er það vel farið, að hæstv. stjórn og hv. fjvn. leggja til, að bætt sje úr þessu, og vona jeg, að till. nái fram að ganga.

Jeg ætla ekki að gera að umræðuefni margar af till. hv. fjvn., enda er áður búið að því af ýmsum öðrum hv. þm. Yfir höfuð virðist háttv. fjvn. hafa farið mjög gætilega í sakirnar að auka útgjöldin. En jeg vil leyfa mjer að drepa á það, að jeg fór fram á við hv. nefnd, að hún legði til, að Vestmannaeyjabær yrði á einhvern hátt styrktur til þess að kosta hjá sjer aukalækni. Hann hefir um nokkur ár verið kostaður af bæjarsjóði, sökum þess, að það þótti ekki fært að láta praktiserandi lækni starfa án launa við hlið hjeraðslæknis, sem launaður er af ríkissjóði. Hjeraðslæknir okkar er með lögum skyldaður til að fara út í hvert einasta skip, sem kemur, hvernig sem viðrar. Stafar altaf af þessu smitunarhætta fyrir lækninn. Þess ber líka að gæta, að alls ekki er víst, að menn, sem fara út í skip við Vestmannaeyjar, komist sama dag í land. *(Forseti HSteins*: Má jeg biðja hv. þm. að vera ekki svo langorður um þetta mál, þar sem það liggur ekki fyrir). Það, sem jeg hefi sagt, stendur

í sambandi við fjárveitingu til aukalæknisins á Ísafirði, svo jeg vildi bera þetta saman. Jeg hygg, að enginn geti neitað því með rjettu, að þörf sje á aukalækni í Vestmannaeyjum. En hjer sje jeg brtt. um það, að veita Ísafirði fje til aukalæknis. Hv. fjvn. hefir tekið fram, að ekki sje bein þörf á aukalækni þar. Horfir það dálítið undarlega við, að vera að styrkja lækni þar, sem hans er ekki þörf, þegar nefndin sjer sjer ekki fært að verða við rjettmætum kröfum mínum fyrir hönd Vestmannaeyja um styrk til aukalæknis þar. (*JJ*: Það er best að flytja hann til eyjanna).

Þá vil jeg aðeins minnast á brtt., sem jeg flyt með hv. 5. landsk. þm. (JJ) um það, að af styrk til dr. Helga Pjeturss verði greidd verðstuðulsuppbót, svo að hún verði 6 þús. kr. Þessi merkilegi vísindamaður, sem hlut á að máli, er íslensku þjóðinni til mikils sóma, og jeg hygg, að það sje í þökk meiri hluta landsmanna yfir höfuð að tala, að dr. H. P. fái lífvænlegan styrk, en það getur sú upphæð ekki kallast, sem háttv. Nd. hefir ætlað honum. Vona jeg, að háttv. deild álíti sem við flm., að þessi vísindamaður sje þessa styrks verður. Aðra brtt. flytjum við hv. 5. landsk. þm. við 16. gr. 13 b, um launauppbót fiskimatsmanna. Sjútvn. hv. Nd. lagði til, að laun þriggja matsmanna yrðu hækkuð. En hún skildi eftir tvo, annan í Vestmannaeyjum, en hinn á Norðurlandi. Skal jeg ekki bera brigður á rjettmæti till. nefndarinnar, svo langt, sem hún náði; en jeg álít enga sanngirni í því að hækka laun sumra yfirfiskimatsmanna, en setja aðra hjá. Jeg get upplýst það, að störf yfirfiskimatsmannsins í Vestmannaeyjum hafa aukist mjög á síðustu 2—3 árum, vegna þess einkum, að útflutningur fisks er stöðugt að komast í fleiri manna hendur. Þeir, sem kunnugir eru fiskimatsstörfum, skilja fljótt, hversu mikið þau aukast við það, að útflytjendum fjölgar; þeim mun fleiri sendingar, skjöl og skilríki að undirskrifa, og þeim mun fleiri staðir að vinna á við eftirlitið. Jeg vænti þess, að hv. deild sjái, að hjer er einungis um sanngirniskröfu að ræða, að þessir tveir menn sjeu gerðir hinum jafnir.

Þá vil jeg leyfa mjer að minnast á brtt. hv. 2. þm. G.-K. (BK) við 14. gr. B. XIV 2, um Flensborgarskólann. Þessi merki skóli virðist oft hafa átt erfitt uppdráttar hjer í þinginu, þó hann sje orðinn 40 ára og hafi ávalt verið álitinn einn besti realskóli landsins. Finst mjer hækkunin, sem till. fer fram á, sanngjörn, og mun jeg fylgja henni.

Þá á jeg í bili aðeins eftir að minnast á brtt. frá hv. fjvn., nr. 5, við 11. gr. B. 6, um landhelgisgæslu. Hún leggur til að hækka liðinn úr 70 þús. í 80 þús. kr., og bætir við: „af þessari upphæð má verja alt að 20 þús. kr. til að útbúa björgunarskipið Þór sem eftirlitsskip". Er það samkvæmt tilmælum hæstv. stjórnar og sjútvn. beggja deilda. Þykir mjer vænt um, að nú er ætlast til að nota skip þetta meira til landhelgisgæslu en hingað til. Því hefir verið haldið fram, að Þór væri ekki sem fullkomnast strandvarnarskip, og dettur mjer ekki í hug að staðhæfa hið gagnstæða. En jeg lít svo á og býst við, að það verði viðurkent í framtíð, að landhelgisgæsla sú, sem Þór hefir stundað undanfarin ár, sje eins mikils virði og sú gæsla, sem meiri hernaðarbragur er að.

Ef jeg man rjett, mintist hv. 1. landsk. þm. (SE) á það fyrir nokkrum dögum, að Vestmannaeyingar hefðu haldið fram þeirri „teóríu", að gæsla landhelgi væri

best á þann hátt, sem Þór hefði framkvæmt hana, en virtist ekki fallast að öllu leyti á það. Get jeg vel skilið það, vegna þess, að hv. þm. hefir enga aðstöðu til að geta borið um þessa hluti. En hvað sem er um það, er jeg feginn því, að hæstv. stjórn hefir fallist á að verja fje til að útbúa skipið með vopnum, því við það er meðal annars átt með þessari fjárveitingu. Hingað til hefir Þór starfað bæði sem björgunar- og eftirlitsskip, og tel jeg líklegt, að starfsemi hans verði í framtíð tekin til fyrirmyndar. Það er ekki nóg að hlaupa úr höfn einu sinni eða tvisvar í viku, heldur verður gæslan að vera stöðug, eins og hún hefir verið hjá okkur Vestmannaeyingum. Fyrir fám dögum skrapp Þór til Reykjavíkur til að sækja kol. Á meðan urðu miklar skemdir á netum af völdum togara. Þetta sýnir best, hve gæslan þarf að vera stöðug.

Eggert Pálsson: Á þskj. 394 á jeg tvær brtt. saman, en þó gagnólíkar í eðli sínu. Sú fyrri er um viðbótarstyrk til Guðmundar Guðfinnssonar læknis. Honum voru veittar í fyrra 2000 kr. til að nema augnlækningar. Er jeg í engum vafa um það, að Alþingi hefir valið hinn rjetta mann til að styrkja til þess náms. Að hann tók í mál að gefa kost á sjer til þess sjerstaka náms, mun hafa stafað af því, að hann taldi sig með því geta best þjónað hæfileikum sínum. Hann hefir frá upphafi verið sjerlega hneigður fyrir allar skurðlækningar og aldrei, að jeg hygg, mistekist með hnífinn. Hinsvegar mun hann heldur ekki hafa búist við, að námið mundi taka nema aðeins eitt ár, enda mun hann með hæfileikum sínum og undirbúningi ekki hafa þurft í raun og veru lengri tíma. Nú fær hann samt sem áður ekki leyfi til að stunda þessar lækningar, nema hann sje lengur að námi. Svo er ákveðið í reglugerð Læknafjelagsins, að þessa grein skuli stunda í 2 ár sjerstaklega, til þess að hlutaðeigandi geti talist eða fengið viðurkenningu sem sjerfræðingur. En af því að Læknafjelagið viðurkendi Guðmund sem sjerstakan hæfileikamann, gerði það við hann tilslökun um hálft ár; lengra vildi það ekki ganga. Sú samþykt var gerð eftir burtför hans. Námstími hans verður því hálfu ári lengri en hann í upphafi bjóst við. Er því eðlilegt, að hann þurfi nú aukinn styrk. Mjer er kunnugt um, að hjer er um bláfátækan fjölskyldumann að ræða. Og þó hann haldi enn að nafni til jörð í Rangárvallasýslu, þá mun það vera honum frekar til kostnaðar en ábata. Þetta er hann tilneyddur að gera, af því hann hefir ekki þorað að segja embættinu lausu þegar í stað, þar sem óvíst var, hvort hann hefði efni eða fje til að stunda námið til fullnustu. Læknirinn í Rangárvallasýslu er bundinn við að sitja á Stórólfshvoli og reka þar búskap. Hann getur ekki sagt jörðinni lausri fremur en sjálfu læknisembættinu. Þess vegna hefir Guðmundur neyðst til að halda þar áfram búskapnum meðan hann dvelur erlendis, neyðst til að láta reka þar bú, sjer til skaða fremur en hins. — Nú hefir hann sent þinginu brjef um ástæður sínar, og þar sem það er mjög stutt, en jeg býst hins vegar ekki við, að margir hv. þm. hafi lesið það, þá vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa það upp í heild. Það hljóðar svo:

Wien, 23. febr. 1924.

„Háttvirt Alþingi veitti mjer í fjárlögum 1924 2000 kr. styrk til þess að nema augnlækningar erlendis; gerði jeg þá ráð fyrir að vera 1 ár við þetta nám, og við það var upphæð styrksins miðuð. Nú

hefir stjórn Læknafjelags Íslands, með brjefi dags. 5. febr. þ. árs, tilkynt mjer, að hún, samkvæmt reglum um sjerfræðinga, sem samþyktar voru á síðasta fundi Læknafjelags Íslands síðastl. vor, yrði að heimta 1½ árs námstíma til þess að geta viðurkent mig sem sjerfræðing í þessari grein. Námstíminn í nefndri reglugerð er ákveðinn 2 ár fyrir augnlækna, en vegna þess að jeg hefi svo lengi verið læknir og sjerstaklega lagt stund á skurðlækningar, hefir hún ívilnað mjer þetta í tímalengdinni. Þessi krafa Læknafjelagsins gerir mjer vitanlega mikla aukna fjárhagsörðugleika, svo að mjer hefir jafnvel dottið í hug að gefast upp við þetta nám, þar sem 6 mán. lenging tímans kostar mig 3000 kr. fram yfir það, sem jeg hafði gert ráð fyrir. Mjer þykir þó leitt að hafa eytt svo miklum tíma og fje í þetta nám og hætta svo við það, og leyfi jeg mjer því að fara þess á leit við hv. Alþingi, að það veiti mjer 1500 kr. — fimtán hundruð króna — framhaldsstyrk til þess að geta lokið námi. Meðmæli og vottorð um nám mitt myndi jeg geta sent, ef þess verður óskað.

Virðingarfylst.

Guðm. Guðfinnsson.

Til Alþingis.“

Jeg hefi að vísu ekki sjeð nein af þessum vottorðum, sem læknirinn talar um síðast í brjefinu, en jeg þykist heldur ekki þurfa neinna slíkra vottorða með. Jeg veit, að vottorð myndu í engu breyta skoðun minni. Jeg veit, að hann hefir stundað sjerfræðinám sitt af alúð og jeg veit líka, að betri maður verður ekki fundinn til slíks. Vel mætti segja, að það skjóti nokkuð skökku við, að jeg sje að mæla með þessari fjárveitingu, því að Rangæingar yrðu vitanlega þeirri stund fegnastir, er þeir fengju sinn gamla lækni heim í hjeraðið aftur, og svo myndi verða, ef hann neyddist nú til að hverfa frá augnlækninganáminu. Þó get jeg ekki verið svo ósanngjarn að óska þess, enda veit jeg, að Rangæingar bera svo hlýjan hug til Guðmundar læknis, að þeir óska þess einlæglega, að hann geti haldið áfram þessa braut, sem hann hefir kosið sjer, þó að þeir við það missi hann sem hjeraðslækni. Enda er ekki loku fyrir það skotið, að Rangæingar, sem aðrir, geti notið læknishjálpar hans eftir sem áður. Þeir þurfa líka, eins og aðrir landsbúar, oft að leita hingað til Reykjavíkur, ekki aðeins vegna augnsjúkdóma, heldur og annara kvilla, og þá er ekki aðeins gott fyrir þá, að þeir geta snúið sjer til góðs læknis, heldur einnig læknis, sem þeir bera hina fylstu tiltrú til. — Það hefir oft komið fyrir áður, að mönnum hefir verið veittur styrkur til sjerfræðináms og oft hefir þessi styrkur verið veittur mönnum, sem enginn hefir vitað, hvernig væru eða reynast mundu. En hjer vita menn með vissu, hverjum þeir veita styrkinn. Menn vita það með vissu, að ef Guðmundi endist líf og heilsa, þá eru þeir ekki hjer að kaupa köttinn í sekknum.

Hin till. mín er um það, að hækka um helming styrk þann til bifreiðaferða austur yfir fjall, sem nú er ákveðinn í fjárlagafrv. 1000 kr. Í fyrra voru veittar í fjáraukalögum fyrir síðastl. ár 3000 kr. í þessu skyni, og hafa menn þá strax sjeð, að slík styrkveiting mætti koma að miklu liði. En í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár er enginn slíkur styrkur veittur, hvernig sem á því stendur. Nú hefir verið af hv. Nd. tekin upp í frv. 1000 kr. styrkveiting til ferða þessara, og verður ekki annað sagt en að það sje nánasarlega

skamtað, úr því að þörfin er á annað borð viðurkend. Er ekki að vænta mikils árangurs fyrir slíka upphæð, þegar þess er gætt, að ætlast er til, að krónur þessar verði notaðar til styrktar flutningum í þrjár áttir: upp í Grímsnes, Skeið og austur á Rangárvelli. Lætur nærri, að styrkurinn nægi fyrir 1—1½ bifreiðarferð á hvern staðinn. Sjá allir, hversu litla þýðingu slíkt hefir, og er þessi smásálarskapur því óviðkunnanlegri, þegar þess er gætt, að í fyrsta skifti voru veittar 3000 kr. til slíkra ferða. Verður ekki sjeð, að ástæða sje til að kippa svona að sjer hendinni, þar sem þörfin fyrir ferðirnar er hin sama og hún var síðastliðið ár og öllum næsta auðsæ.

Þær sveitir, sem hjer um ræðir, eru neyddar til að hafa mjög miklar samgöngur við Reykjavík. Veldur því hafnleysið austanfjalls, sem allir þekkja. Þar af leiðir líka, eins og allir sjá, að þessi styrkur kemur ekki aðeins sveitunum að gagni, heldur líka sjálfum höfuðstaðnum. Með því að hafa styrkinn heldur meiri en minni má gera ráð fyrir því, að ferðirnar verði tíðari, þegar bílar geta gengið á annað borð. Sjeu ferðirnar gerðar sem tíðastar, leiðir af því, að Reykvíkingar geta fengið ýmsar nauðsynjar, sem framleiddar eru í sveitunum, á sjer hagkvæmari hátt en ella. Má benda á ýmislegt, t. d. ekki aðeins mjólk og mjólkurafurðir, heldur og garðávexti, sem með hægu móti væri hægt að flytja til Reykjavíkur seinni hluta sumars, ef bílar ganga, en annars ekki, því að íbúar hjeraðanna geta vitanlega með engu móti staðið í löngum flutningum um háheyannatímann. Yrðu Reykvíkingar því að fara á mis við þessi þægindi, ef bílferðum er ekki haldið uppi, og verður þá ljóst, að styrkur þessi er ekki aðeins veittur umræddum sveitahjeruðum, heldur líka Reykjavíkurbæ. Það er þannig engum vafa undirorpið, að Reykjavík myndi hafa mikil þægindi af því, að vera komið í stöðugt og ábyggilegt samband við Suðurlandsundirlendið, segjum einu sinni eða tvisvar í viku yfir sumarmánuðina.

Hinsvegar má líta svo á, að þar sem ríkissjóður veitir árlega mjög mikinn styrk til samgangna víðsvegar um landið, þá sje ekki til mikils mælst, þó að þessi styrkveiting verði tvöfölduð við það, sem hv. Nd. hefir lagt til, því að flutningar á sjó fyrir þessi stóru og grösugu hjeruð mega heita útilokaðir, þar sem öll strandlengja þeirra er hafnlaus að kalla. Flutningarnir að og frá þessum hjeruðum verða því að vera á landi, og nú ekki um annað að tala en að flytja sem mest á bílum. En flutningar á bílum eru þó tiltölulega afardýrir, og hygg jeg, að margir háttv. þm. hafi ekki gert sjer það atriði nógu ljóst. Að fá bíl austur fyrir minna en 150—200 kr. er ekki hægt; þar sem þeir geta ekki að jafnaði flutt meira en 1600—1800 pund, er auðvelt að reikna út, hve mikið legst á hvert pund í flutningskostnað. Og því fremur verða ferðirnar dýrar, þar sem erfitt er í strjálbygðum hjeruðum að hafa nægan flutning til taks á einum stað báðar leiðir. En ef viðunandi styrkur fengist til þessara bílferða, þá er hugsanlegt, og enda alveg víst, að samtök mundu myndast meðal bænda í þá átt að færa sjer ferðirnar sem best í nyt.

Bæði þingið í fyrra, með fjárveitingunni í fjáraukalögum fyrir síðastl. ár, og nú hv. Nd. hafa viðurkent nauðsyn þessa styrks, þó að upphæð hans sje nú sem stendur hlægilega lítil í frv., þegar hann á að ganga til ferða í þrjár áttir, eins og

jeg gat um áðan. En þó að jeg hafi nú ekki farið hærra en upp í 2000 kr. í brtt. minni, þá dylst mjer samt ekki, að þessi upphæð mun hrökkva skamt til að fullnægja samgönguþörf stórra hjeraða, sem eru útilokuð frá samgöngum á sjó, og ekki aðeins þörf þeirra, heldur líka þörf Reykjavíkur, sem nauðsynlega þarf, eins og jeg gat um, að komast í stöðugt og reglulegt samband við gott uppland.

Í sambandi við þessa till. mína er ástæða til að minnast á eina brtt. háttv. fjvn., sem sje þá, að hækka tillagið til flutningabrauta um 25 þús. kr. Er því lýst yfir af hv. nefnd, að þetta sje gert með tilliti til Holtavegarins. Það stendur, eins og allir skilja, í nánu sambandi hvort við annað, styrkur til bílferða og styrkur til vegarins, sem bílarnir eiga að ganga um. Hv. þm. er kunnugt, að til Holtavegarins hefir nú í seinni tíð árlega verið varið allmiklu fje úr ríkissjóði, gegn framlagi úr sýslusjóði Rangæinga. Vegamálastjóri hefir sagt mjer, að nú þegar muni vera búið að verja til vegarins um 90 þús. kr. samtals. Spotti sá, sem lagður hefir verið, er þó ekki nema kringum 4 km., en það er líka verulega góður vegur. Það varð að byrja á verkinu skamt frá Rauðalæk, því að þar var efnið til púkklagningar, sem hvergi var að fá annarsstaðar þar í grend. Þegar þeim 4 km., sem búið er að leggja, lýkur, þá tekur við sökkvandi dýpi. Og þá kemur sú spurning upp: Til hvers er verið að fleygja 90 þús. kr. í þennan vegarspotta, ef alt á svo að standa fast? Það sjá allir, að ef ekki verður gerð gangskör að því að hafa kaflann milli vegarins, það sem hann nú nær, og Þjórsár í sæmilegu standi, þá hefir 90 þús. kr. verið fleygt hjer fyrir sama og ekkert. Það er því nauðugur einn kostur að hætta ekki við svo búið, heldur halda vegargerðinni áfram. (*SJ*: Hvað er mikið eftir?). Allur vegurinn verður um 12 km., og eru því 8 km. eftir, en ekki hefir verið hugsað til að púkkleggja allan þann kafla, heldur aðeins nokkurn veginn jafnlangan kafla og þegar hefir verið lagður. Því að ofaníburður eingöngu mun alls ekki duga þar, enda hann þar engan að fá, öðruvísi en að mylja niður grjót. En hinsvegar mun hafa verið hugsað að láta aðeins ofaníburð nægja í þann kaflann, sem næstur er Þjórsá.

Það er því ljóst, að óumflýjanlegt verður að halda þessari vegarlagningu áfram, til þess að það fje, sem þegar hefir verið lagt til hennar úr ríkissjóði, komi að notum — og þá ekki síður það fje, sem Rangæingar hafa látið af mörkum í veg þennan. Það er óforsvaranlegt að pressa stórfje út úr sýslufjelögum, sem kemur síðan að engu gagni; en svo verður hjer, ef kaflinn að Þjórsá verður ekki gerður fær.

Þessar tvær till. standa því, eins og jeg sagði, í nánu sambandi hvor við aðra, því að þegar Holtavegurinn er fullgerður, þá er kominn ágætis bílvegur austur að Þverá, og er þá hugsjón manna þar austur frá að nota nær eingöngu bíla til flutninganna. Hefir og mörgum komið til hugar að reisa þá sláturhús þar eystra og flytja kjötið á bílum til Reykjavíkur. Með því móti geta menn betur hagnýtt sjer slátrið sjálfir, og um leið yrði komið í veg fyrir, að fjeð rýrni við reksturinn til Reykjavíkur. En þetta alt er ómögulegt, nema vegurinn austur verði gerður greiðfær og að styrkur fáist jafnframt til bílflutninganna. Vænti jeg þess, að menn skilji nú hina brýnu þörf beggja þessara styrkveitinga, bæði þörfina á því, að vegurinn verði lagður eftir því sem geta ríkissjóðs

frekast leyfir, og svo þörfina, sem hjeruð þessi hafa fyrir þennan lítilfjörlega styrk til bílflutninga. Og geri jeg ráð fyrir, að mönnum muni því ljúfara að veita þennan styrk, þar sem hann kemur ekki aðeins hjeruðunum þar austur frá að notum, heldur og höfuðstað landsins.

Nafn mitt stendur einnig við brtt. X á þskj. 394, en aðalflm. þeirrar till., hv. 6. landsk. (IHB), hefir talað svo skýrt og vel fyrir henni, að ekki er ástæða fyrir mig að bæta þar neinu við. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið um starfsemi Bandalags kvenna, er mjer það ljóst, að það á fyllilega skilið að fá einhvern styrk úr ríkissjóði. Því að þrátt fyrir það, þó að Bandalagið hafi ekki úr miklu fje að spila, sem ekki er von, þar sem tillög allra fjelaganna, sem í því eru, munu ekki vera meiri en 200 kr., þá hefir það þó unnið ákaflega mikið og þarft starf, sem ekki er nema sjálfsagt að þingið viðurkenni.

Meðal annars gekst Bandalagið fyrir samskotum til austurríkskra barna og jók með því sóma þjóðarinnar út á við. Þó að þau samskot hafi ekki gefið okkur sjálfum peninga í vasann, þá var með þeim sýnt, að við, sem hver önnur menningarþjóð, vildum ekki sitja hjá, þegar nágrannaþjóðirnar rjettu bágstöddum hjálparhönd. — Þá hefir og Bandalagið látið sjer umhugað að reyna að halda uppi siðgæði hjer í Reykjavík, og margt fleira mætti nefna því til ágætis.

Að öðru leyti finst mjer ekki nema sanngjarnt, að þetta bandalag kvenna fái einhvern styrk, þar sem Sambandi norðlenskra kvenna er ætlaður styrkur í frv. Er ekki kunnugt, að það samband hafi starfað öllu meira til almenningsheilla heldur en Bandalagið. Jeg álít ekki til mikils mælst, þó að bæði þessi fjelög fái ofurlítinn styrk. Það fellur ekki svo mikið af fjármagni landsins í hlut kvenfólksins, þó að þessar upphæðir sjeu veittar til styrktar fjelagsskap þess.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara út í að rökræða fleiri brtt. Það mætti teygja lopann með því að tala um margar þeirra, en mjer finst það ekki hafa neina þýðingu, því að jeg mun fá tækifæri til að sýna afstöðu mína til hverrar einstakrar við atkvgr.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skal ekki vera langorður. Það hefir óneitanlega mátt vera hv. fjvn. mikið gleðiefni alt það lof, sem hún hefir hlotið fyrir starf sitt að þessu sinni. Hefir hún aldrei, að jeg man eftir, fengið jafnmikið lof og nú. Má það þó heita kynlegt, þar sem bersýnilega er þó um stefnubreyting hjá hv. nefnd að ræða, í þá átt að spara miklu meira en áður hefir verið gert.

Það, sem kom mjer til þess að standa upp, var ekki frekar en vant er, að jeg ætti hjer brtt., er snerti kjördæmi mitt, heldur það, að jeg á hjer brtt. með 2 hv. þm., sem sje hv. 6. landsk. þm. (IHB) og hv. 1. þm. Rang. (EP), á þskj. 394, X, við 16. gr. 18. Þegar jeg og hv. 6. landsk. lögðum það til í fjvn., að Bandalagi kvenna yrði veittur styrkur, þá vildum við binda hann við það, að hann yrði jafnhár og styrkurinn til Sambands norðlenskra kvenna, eða 500 kr. En er komið var með brtt. til mín, hafði styrksupphæðin verið sett 800 kr. Er jeg sá, að svo hafði verið gert, þvert á móti því, sem jeg hafði ætlast til, setti jeg 500 kr. til vara, sem er sú upphæð, er jeg get greitt atkvæði; finst sanngjarnt að báðum þessum fjelögum sje ætlaður jafn styrkur.

Gerði jeg það ekki af því, að jeg áliti 800 kr. of háan styrk; en vegna þess, að hv. Nd. vildi ekki láta fjelagið hafa neitt, þá sá jeg því síður ástæðu til að gera því hærra undir höfði en fjelaginu fyrir norðan. — Hv. 6. landsk. þm. talaði annars svo vel fyrir brtt., að jeg hefi engu þar við að bæta. Eins og hv. deildarmenn hafa heyrt, þá hefir þetta fjelag unnið ótrúlega mikið og þarft starf, enda býst jeg við, að hv. deild láti ekki fjárlagafrv. fara svo frá sjer, að því verði ekki veittur einhver styrkur.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á eina brtt. hv. fjvn. á þskj. 376, sem sje 10. brtt., við 13. gr., um 300 kr. styrk til dragferju á Blöndu. Vildi jeg aðeins geta þess, að þó að í brtt. standi „nýr liður", þá ber þó ekki að skilja það svo, að þessi fjárveiting sje alveg ný, því að hún var veitt yfirstandandi ár, en stendur í fjáraukalögum. Jeg varð svo seinn fyrir með þessa styrkbeiðni í fyrra, að fjárveitingin komst ekki inn í fjárlögin, og var hún því sett í fjáraukalögin. Dragferjan á Skjálfandafljóti fjekk þá fyrst styrk, og þótti mjer og hv. deild þá sjálfsagt, að veittur væri jafnhár styrkur til dragferjunnar á Blöndu, enda er enginn vafi á því, að það er eins mikil þörf á dragferju á henni og á Skjálfandafljóti. Að vísu er brú á Blöndu, en hún er, eins og menn vita, niður við sjó, og er það mjög mikill krókur fyrir fjölda manna að fara þangað til þess að komast yfir ána. Er því mikil umferð yfir hana á dragferjunni. Býst jeg við, að hv. deildarmenn hafi ekki á móti þessum styrk og að þeir sjái það, að hjer er ekki nema um sanngjarna kröfu að ræða. Finst mjer það æðikynlegt, að hv. fjvn. Nd. skyldi ekki taka þennan styrk upp, því að í nefndinni voru þó menn, sem voru öllum aðstæðum kunnir. (*Atvrh. MG*: Það lá engin beiðni fyrir um það). Jú, — en meiri hluti nefndarinnar stóð á móti því, að hún væri tekin upp.

Jeg skal geta þess, að jeg er ósamþykkur einni brtt. hv. fjvn., sem sje 31. brtt., við 16. gr. 17, um heimilisiðnað. Vil jeg í því efni halda mjer við niðurstöðu hv. Nd., að af styrknum sjeu greiddar 2000 kr. til ungfrú Halldóru Bjarnadóttur. Býst jeg við, að allir hljóti að viðurkenna, að hún hefir allra manna mest unnið að framgangi þessa mikilvæga máls, og er því vel makleg þessa styrks.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á brtt. þær, er hv. 1. þm. Rang. (EP) talaði fyrir. Hann gerði það ítarlega og af meiri móð en nokkur annar hv. þm. fyrir till. sínum, en mjer fanst hann komast að fremur slæmri niðurstöðu. Eftir því, sem mjer skildist á hv. þm., þá hefir vegamálastjóri lagt það til, að styrkurinn til flutningabrauta yrði hækkaður um 25 þús. kr. vegna Holtavegarins. En eftir því, sem hv. þm. upplýsti, þá hljóta þessi 25 þús. að duga svo að segja ekkert; því að hv. þm. sagði, að vegur á 4 km. kafla hafi kostað 90 þús. kr., en hjer er um 12 km. að ræða, sem þarf að endurbyggja, svo að menn geta sjeð, að 25 þús. hrökkva skamt. Jeg get ekki að því gert, að mjer ógnar slíkur kostnaður, og þó að þessum 25 þús. yrði bætt við þær 75 þús. kr., sem upphæð þessi er áætluð nú, nægði það aðeins til þess að leggja ⅓ vegarins, þá er jeg í vafa um, hvort jeg yrði með því eða móti, að jafndýr vegur yrði lagður á þessum tíma. (*EP*: Það er ætlast til, að teknar sjeu 50 þús. af þessum 75 þús. til flutningabrauta til þessa vegar). Það er þá hætt við, að það verði rýrt viðhald-

ið á öðrum brautum. Jeg skal endurtaka það, að jeg er mjög óánægður með þessa till., meðal annars af því, að þó að vegir ef til vill þurfi að vera dýrari í þessum hjeruðum en öðrum hjeruðum landsins, þá er tíminn til slíkra vegagerða mjög óhentugur nú. En jeg skal játa það, að jeg tel nauðsynlegt að gera svo við veginn austur, að bílar geti farið um hann.

Halldór Steinsson: Jeg á brtt. á þskj. 394, sem jeg kemst ekki hjá að segja nokkur orð um. En áður en jeg minnist á þær, vildi jeg fara nokkrum orðum um fjárlagafrv. eins og það kom frá hv. Nd. og brtt. hv. fjvn. þessarar hv. deildar.

Því verður ekki neitað, að hv. Nd. og hv. fjvn. þessarar deildar hafa afgreitt fjárlagafrv. með allmiklum sparnaðarblæ. Og má með sanni segja, að aldrei hafi þing og stjórn síðastliðin 15 ár gert sjer meira far um að spara en einmitt nú. En þrátt fyrir það verður sparnaðurinn, þegar að er gætt, hvergi nærri heilsteyptur, því að um marga liði frv. eins og það kom frá hv. Nd. og marga þá liði, er hv. fjvn. þessarar deildar hefir sett inn í frv., verður ekki annað sagt en að þar gæti sparnaðarandans lítið. Hinsvegar má segja það um ýmsar smáupphæðir, er bæði hv. Nd. og hv. fjvn. þessarar deildar hafa felt niður, að þó að þær sjeu litlar, þá eru þær bráðnauðsynlegar, margar þeirra, og eiga ekki að komast inn undir sparnaðarrammann.

Áður en jeg minnist á brtt. mínar, vildi jeg fara nokkrum orðum um einstaka liði fjárlagafrv. Vildi jeg þá fyrst minnast á búin á Vífilsstöðum og Kleppi. Þykir mjer það mjög einkennilegt, að tekjurnar af búum þessum, hvoru um sig, skuli ár eftir ár vera jafnmiklar, sem sje 2000 kr. Er það sjerstaklega einkennilegt þegar þess er gætt, hversu misjafnlega árar á þessu landi. Jeg er ekki í neinum vafa um, að tölur þessar eru falskar, og þætti mjer því vænt um, ef hæstv. stjórn gæti gefið upplýsingar um það, hví verið er að setja þær í fjárlögin ár eftir ár.

Þá hefir Búnaðarfjelagi Íslands og Fiskifjelagi Íslands verið gerður allhár styrkur; hefir stjórnin áætlað 140 þús. kr. til Búnaðarfjelagsins, en 150 þús. til Fiskifjelagsins.

Hækkaði hv. Nd. hinn fyrri um 10 þús. kr., en hinn síðari um 5 þús. kr. Það er síður en svo, að jeg leggist á móti styrk til búnaðar- og fiskiveiðaframkvæmda, en reynslan hefir sýnt það, að aðeins lítill hluti þess fjár, er fjelögin hafa fengið, hefir farið til búnaðarframkvæmda eða til framkvæmda á sviði fiskiveiðanna, heldur hefir meginhluti þess farið til einstakra manna og skrifstofuhalds í Reykjavík. Með öðrum orðum, í stað þess að verja fjenu til verulegra framkvæmda, þá hefir því verið varið til skriffinsku í Reykjavík.

Þá vildi jeg minnast á 18. gr. fjárlagafrv., um eftirlaun embættismanna. Það er öllum hv. þm. kunnugt, að það hefir um langt skeið verið almenn krafa þjóðarinnar, að afnumin yrðu öll eftirlaun í landinu. Enda hefir þingið viðurkent rjettmæti þeirrar kröfu með því að afnema eftirlaunalögin. Þykir mjer því furðu gegna, er þeir hinir sömu hv. þm., sem urðu til að afnema eftirlaunalögin, koma nú með marga nýja menn á eftirlaun. Og sjerstaklega þykir mjer furðulegt, að slíkt skuli henda á þessu þingi, sem hefir ætlað sjer að spara á öllum sviðum, eftir því sem unt væri. Nú hefir hv. Nd. og hv. fjvn. þessarar deildar komið með 8—10 nýja menn á eftirlaun, og eru sumar upphæðirnar svo háar, mið-

að við lögboðinn lífeyri og eftirlaun annara embættismanna, að furðu gegnir. Ef menn vilja ganga inn á þessa braut, þá verður að minsta kosti að heimta samræmi í þessu efni. En það gætir einskis samræmis í því, að láta mann, sem aldrei eða aðeins örstuttan tíma hefir verið í þjónustu ríkisins, njóta jafnhárra eftirlauna og þá, sem hafa verið það í 30—40 ár.

Þá vildi jeg minnast á brtt. hv. fjvn. Virðist mjer hv. nefnd yfirleitt hafa gengið fulllangt um hækkun, en samt sem áður mun jeg aðeins verða á móti 5—6 brtt. hennar. Það er þá fyrst aðstoðarlæknirinn á Ísafirði. Hefir þar lagst lítið fyrir kappann. Hefir hv. fjvn. klipið 300 kr. af því, sem hv. Nd. lagði til, að lækninum yrði veitt. Stjórnin vildi láta hann hafa 2300 kr., hv. Nd. lækkaði það niður í 1800 kr., en nú hefir háttv. fjvn. þessarar hv. deildar fært upphæðina niður í 1500 kr. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt, þá var læknir þessi skipaður 1907, með 800 kr. árslaunum. 1919 voru laun hjeraðslækna hækkuð, og ef laun þessa manns hefðu verið hækkuð að sama skapi, sem rjett hefði verið, þá hefðu þau orðið 1500—1600 kr., auk dýrtíðaruppbótar. Hæstv. fráfarandi stjórn skildi einnig, að þetta var rjett og miðaði upphæð sína við það. Er ekki hægt að neita því, að manni þessum er með till. hv. nefndar sýnt mjög mikið ranglæti. Hvort embætti hans er óþarft eða ekki, kemur málinu ekki við, því að hann á heimtingu á að vera í því á meðan það er ekki afnumið. Aðalatriðið er það, að læknir þessi fær ekki þau laun, sem hann á heimtingu á, samanborið við hjeraðslækna landsins.

Þá hefir hv. fjvn. lagt það til, að veittar yrðu 15 þús. kr. til sjúkraskýlis og læknisbústaðar í Borgarfjarðarhjeraði. Virðist mjer hv. fjvn. með þessu hafa gengið inn á ranga braut, og tel jeg, að hyggilegra hefði verið að halda fast við stefnu hv. Nd. í þessu efni. Hefði að mínu viti verið rjettara að tiltaka ákveðna upphæð til sjúkraskýla alment, en láta svo ríkisstjórnina úthluta fjenu eftir tillögum landlæknis og eftir því, sem ástæður lægju til í hvert skifti. Sú aðferð, að veita styrkinn í hvert sinn einhverju ákveðnu hjeraði, eins og hv. fjvn. hefir nú lagt til, leiðir til þess, að háð verður sífelt kapphlaup á þingi um þennan styrk. Það virðist óneitanlega margt benda til þess, að brýn nauðsyn sje fyrir hjerað það, sem um er að ræða, að koma upp sjúkraskýli, en þó hygg jeg, að nauðsynin sje þar ekki meiri en víða annarsstaðar. Ef landlæknir og landsstjórn álíta nauðsynlegt að koma upp sjúkraskýli í þessu hjeraði frekar en í öðrum hjeruðum landsins, þá mundi því engu síður verða veittur þessi styrkur til þess, þó að ákveðin væri viss upphæð, sem stjórnin ætti að fara með. Get jeg því ekki — þrátt fyrir fögur ummæli háttv. 1. landsk. þm. (SE) um þennan lið — greitt honum atkvæði.

Þá kem jeg að brtt. mínum. Fyrsta brtt. er við 12. gr. 13. í fjárlagafrv., um styrk til utanferða hjeraðslækna til þess að afla sjer nýrrar læknisþekkingar. Á undanförnum þingum, alt frá 1907, hafa verið veittar í fjárlögum 3000 kr. í þessu skyni, en nú hefir stjórnin felt styrkinn niður af óskiljanlegum ástæðum. Jeg þarf ekki að taka það fram, að það eru fáar vísindagreinar, sem tekið hafa jafnstórkostlegum framförum á síðustu árum sem læknisfræðin. Hafa hjeraðslæknar ekki átt kost á að kynnast nýungum á þessu sviði eins mikið og æskilegt væri fyrir þá, sem njóta hjálpar þeirra. Eru flestir þeirra ekki svo efnum búnir, að þeir geti styrklaust farið úr embættum sínum, þó ekki

sje nema eitt ár, og kostað auk þess mann til þess að gegna embættinu í fjarveru sinni — og sjálfan sig erlendis. Styrkur þessi hefir hingað til borið mjög góðan árangur, enda er það alment álit þjóðarinnar, að svo sje. Jeg vona því, að hv. deild taki þessari brtt. vel. Jeg hefi ekki farið fram á meira en 2000 kr., en það er hið minsta, sem jeg álít, að hægt sje að komast af með í þessu skyni. Jeg hefði vitanlega kosið, að upphæðin yrði meiri; en jeg sá mjer þó ekki fært að fara hærra eins og sakir standa.

Þá er það 2. brtt. mín, við 12. gr. 13. lið, um geitnalækningar, að fyrir 2000 kr. í frv. komi 2500 kr. Hefir tvö síðastliðin þing verið veittur styrkur til þess að lækna þennan sjúkdóm, en sá styrkur hefir nú verið feldur niður af hæstv. landsstjórn. Er mjer sú ráðstöfun óskiljanleg. Eins og hv. þm. mun kunnugt, þá er sjúkdómur þessi ekki óalgengur hjer á landi. Samkv. skýrslum hjeraðslækna var tala geitnasjúklinga fyrir 1½ ári um 50—60, sem þó mun of lágt reiknað, því að sjúklingar þessir felast oft fyrir læknunum; þeir fá oft ekki vitneskju um þá fyr en seint og síðar meir. Fyrir 1½—2 árum hóf Læknafjelag Íslands baráttu gegn sjúkdómi þessum með tilstyrk ríkissjóðs. Árangurinn hefir orðið svo góður, að telja má víst, ef áframhaldið verður jafngott, að sjúkdómurinn þekkist hjer ekki eftir örfá ár. Sjúkdómur þessi er mjög hvumleiður, þó að honum fylgi ekki miklar líkamlegar hvalir, því að sjúklingarnir eru skoðaðir sem nokkurskonar „paria" í þjóðfjelaginu, fyrirlitnir af öllum og eiga sjer ekki uppreisnarvon, þangað til þeir hafa fengið lækningu á sjúkdómnum.

Hjer er bæði um mannúðar- og menningarstarfsemi um leið að ræða. Þá ber og á það að líta, að læknishjálp er veitt þessum sjúklingum ókeypis. Styrkurinn hefir verið veittur til þess að greiða dvalarkostnað sjúklinganna meðan þeir njóta læknishjálparinnar; hefir þessi styrkur numið ⅗ hlutum af dvalarkostnaði þeirra. Jeg fer aðeins fram á óverulega hækkun, um einar 500 kr. Áður hafa verið veittar til þessara lækninga 3000 kr., og sparast því dálítið fje við mína till., sem fer ekki fram á nema 2500 kr.

Næsta brtt. mín bætir nýjum lið við í fjárlögin, 1000 kr. til fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna, til styrktar hjúkrunarnemum. Jafnhá upphæð, veitt í sama augnamiði, hefir staðið í fjárlögunum undanfarin ár, en háttv. Nd. hefir í þetta sinn felt þessa fjárveitingu niður. Þetta fjelag hefir það aðalmarkmið að menta íslenskar stúlkur til hjúkrunarstarfa, koma þeim fyrir í spítölum í Reykjavík, og er ætlast til, að þær sjeu þar við nám í tvö ár. Fyrstu þrjú missirin hafa þær nokkurt kaup og frían dvalarkostnað hjer, en síðasta árshelminginn er þeim ætlað að ganga til sjúklinga hjer í bænum utan spítalanna, og njóta þær þá engra fríðinda, nema ef einhver styrkur hefir verið veittur fjelaginu úr ríkissjóði til styrktar þeim á þessum hluta námstíma þeirra. Þetta er því bæði þarfleg fjárveiting og auk þess er trygging fyrir því, að hún komi að notum, er styrkurinn er aðeins veittur síðast á námstímabilinu. Er þetta að mun skynsamlegri fjárveiting en þegar veittar eru þúsundir króna til utanferða, þó að sagt sje, að nota eigi það fje til hjúkrunarnáms erlendis, því margir styrkþegarnir hafa aldrei komið þar í spítala, eða ef þær hafa stundað nám þar, hafa þær ílenst þar og aldrei komið hingað aftur. Það er því algerlega öfug stefna að veita fje til utanferða handa hjúkrunarnemum. Auk þess er engin ástæða til að

styrkja þær erlendis, því þá fá þær kaup við spítalana, alt að 75—100 kr. um mánuðinn, og því fje, sem til þess hefir verið varið, hefir því verið algerlega á glæ kastað.

Þá kem jeg að brtt. minni við 14. gr. B. X a og b, um verslunarskólana báða, verslunarskóla Íslands og samvinnuskólann. Stjórnin hafði ætlað báðum þessum skólum 3000 kr. hvorum um sig í fjárlögunum, en fyrir einhverskonar kepni og reipdrátt í hv. Nd. komst þessi upphæð upp í 5000 kr. til hvors skólans fyrir sig, og hefir háttv. fjvn. ekki fundið ástæðu til að hrófla við því. *(Atvrh. MG*: Það var komið upp í 6000 kr. í Nd.). En hvað sem því líður, kom þó fram till. í Nd. um að lækka þetta aftur niður í 3000 kr., en það var felt. Jeg stend líklega einn uppi hjer á þingi með þá einkennilegu skoðun, að jeg álít skaðlaust, þó ekki einungis verslunarskólarnir, heldur ýmsir aðrir skólar, t. d. stýrimannaskólinn, legðust niður um nokkur ár. Framleiðslan á þessum sjermentuðu mönnum er orðin það alt of mikil, að það er áreiðanlegt, að fjöldi manna, sem útskrifast hefir frá þessum skólum, getur alls ekki vænst að fá neinar þær stöður, sem þeir hafa verið búnir undir að gegna, fyr en þá einhvern tíma, ef þeir ná hárri elli. Það er því áreiðanlegt, að það mundi sparast mikið fje og á mörgum sviðum við. það, að einhverjir af þessum skólum yrðu lagðir niður í bili. Það mundi sparast alt tillag úr ríkissjóði til þessara skóla, allur námskostnaðurinn, sem er allmikið fje, og auk þess mundu losna miklir vinnukraftar, þar eð allur sá fjöldi, sem þarna hefir sótt nám, yrði neyddur til að leita sjer einhverrar annarar atvinnu. Þetta kann nú að þykja svartsýni hjá mjer, en jeg get nú ekki við því gert, að jeg hefi haft þessa skoðun í seinni tíð, og í samræmi við þessa skoðun mína er það, að jeg flyt þessar brtt., en alls ekki af neinum kala til skólanna. En að jeg hefi í þetta sinn ekki komið með till. um að leggja fleiri skóla niður að sinni, eins og t. d. stýrimannaskólann, stafar af því, að það er ekki hægt að leggja lögfest embætti niður, og laun kennaranna við þann skóla yrðu því greidd úr ríkissjóði eftir sem áður, og yrði því sparnaðurinn minni.

Þá á jeg næst brtt. við 15. gr. 35, að styrkurinn til frjettastofu Blaðamannafjelagsins verði feldur niður. Þessi fjárveiting er ein af því fáa, sem ekki hefir staðið í stjfrv., en verið bætt við síðar. Stjórnin sýndi þarna meiri sparnað en þingið. *(SE*: Það var víða í frv. stjórnarinnar farið fram á meiri sparnað en þó þetta væri sparað). En þetta er þó einn af þeim mest áberandi sparnaðarliðum, sem þingið hefir tekið upp í fjárlögin. Þar sem ekki hefir áður verið varið nema mjög lágri upphæð í þessu skyni til verslunarráðsins, sje jeg ekki, að ástæða sje til að styrkja þetta með svo gífurlega hárri upphæð, en legg því til, að þetta verði annað tveggja alveg felt niður eða lækkuð fjárveitingin niður í 2000 kr.

Þá á jeg aðeins eftir eina brtt., við 16. gr. 3, að aths. við styrkinn til búnaðarfjelaganna falli niður. Aths. leggur það til, að styrkurinn skuli ákveðast og miðast við sameiginlegar framkvæmdir innan fjelaganna. Áður var styrkurinn veittur samkvæmt dagsverkatölu, sem unnin höfðu verið, án tillits til, hvort það voru sameiginlegar framkvæmdir eða einstakir menn, sem höfðu int þær af hendi. Jeg tel það verða mundu mjög óheppilegt, ef

þessi aths. fær að standa óhögguð. Hún mundi verða til þess að draga úr atorkusemi manna. Fátækir bændur mundu hennar vegna síður ráðast í framkvæmdir í jarðabótum. Þó að styrkurinn hafi jafnan verið lágur, hefir hann þó ávalt verið til uppörvunar mönnum að fást við jarðabætur og aðrar búnaðarframkvæmdir, en þessi uppörvun hverfur, ef aths. fær að standa. Það hefir átt að smeygja inn svipaðri aths. og þetta við þennan lið fjárlaganna á tveimur undanförnum þingum, og jeg segi það, þessari háttv. deild til sóma, að þessi aths. hefir strandað hjer í bæði skiftin, og vona jeg, að hún fari sömu leið nú sem áður.

Þá hefi jeg ekki fleiri brtt. að flytja, en um leið og jeg lít yfir ýmsar þær brtt., sem aðrir hv. þm. hafa hjer borið fram, verður fyrir mjer uppvakningur einn neðan úr háttv. Nd. Mig minnir, að það væri háttv. 1. þm. Árn. (MT), sem bæri á örmum sínum inn í þá háttv. deild háaldraða sæmdarkonu, sem verið hafði ljósmóðir um ein 50 ár. En það tókst nú ekki betur fyrir honum en það, að þessi góða, gamla kona sálaðist í örmum hans þar í deildinni. Nú þurfti því að blása inn nýjum lífsanda, og hefir háttv. 1. þm. Árn. fengið til þess tvo fíleflda landsk. þm., og bera þeir nú júbil-ljósmóðurina hjer inn í þessa háttv. deild. Nú hefi jeg aldrei efast um það, að þessi aldraða og góða kona er alls góðs makleg, en jeg vil aðeins geta þess, að þetta er hvergi nærri því að vera einsdæmi. Jeg minnist þess, að til er í mínu læknishjerað yfirsetukona, sem hefir haft þau störf á hendi um 51 ár, og get jeg tekið það fram um leið, að hún hefir verið mjög góð ljósmóðir. Jeg hefi starfað með henni sem læknir um 25 ár og get jeg sagt það, að jeg hefi ekki þekt aðrar betri. Og áður en jeg fór til þings nú í vetur, komu ýmsir vinir og kunningjar þessarar konu til mín og spurðu mig, hvort jeg treystist ekki til að útvega henni styrk úr ríkissjóði, þar sem hún er nú öldruð orðin og getur ekki starfað lengur, en er illa efnum búin. En jeg svaraði því, að jeg sæi mjer þetta ekki fært, nema ef það kæmu fram og yrðu samþyktar svipaðar styrkbeiðnir úr öðrum áttum. En verði þessi till. samþykt, tel jeg mjer skylt að koma fram með brtt. um þetta við 3. umr., því með allri virðingu fyrir þessari góðu gömlu júbilljósmóður, tel jeg þá konu, sem jeg nú nefndi, engu síður styrks maklega en hana.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það voru ummæli háttv. þm. A.-Húnv. (GÓ), sem gáfu mjer tilefni til þess að kveðja mjer hljóðs; annars hefði jeg varla tekið til máls í þetta sinn.

Hv. þm. A.-Húnv. gat ekki felt sig við brtt. fjvn. við 16. gr. 17, um styrkinn til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga, og skal jeg nú skýra það mál nokkru nánar.

Til er fjelagsskapur, sem nefnist Samband íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga, og eru 3 menn í stjórn fjelags þessa hjer í Reykjavík, en 2 á Akureyri. Í síðustu fjárlögum hafði Sambandi ísl. heimilisiðnaðarfjelaga verið veittar 10 þús. kr., eins og sambandið hafði farið fram á, og taldi stjórn fjelagsins það góðs vita, er þingið tók svo vel undir málaleitun þess. En svo kom það í ljós, að hv. fjvn. Nd. hafði bundið við nafn 2600 kr. af upphæð þessari. Þetta taldi stjórn Sambands ísl. heimilisiðnaðarfjelaga mjög illa ráðið og fór fram á það á síðasta þingi, að þetta

yrði lagað. Í ár kom fram samskonar styrkbeiðni frá sambandsstjórninni. Í fjárlagafrv. stjórnarinnar mun styrkurinn hafa verið færður niður í 6000 kr., en ekki bundið styrkveitinguna við neinn annan en sjálft sambandið, nema 600 kr., sem áttu að ganga til handavinnuskóla á Akureyri, yrði honum haldið áfram. Fjvn. Nd. breytti þessu þannig, að 2600 kr. eru bundnar við nafn, og verður þá lítið eftir til skifta milli þeirra tveggja aðilja sambandsins, Heimilisiðnaðarfjelags Norðurlands og Heimilisiðnaðarfjelags Íslands. Hv. fjvn. Ed. skildi það einnig, að lítið yrði gert fyrir jafnlitla upphæð og 4400 kr. eru, og sýndi háttv. fjvn. Ed. þá samgirni að láta sambandið halda þessum 6 þús. kr. óskertum til sinna umráða, en kom fram með brtt. um nýjan lið í fjárlögunum, 1200 kr. til Halldóru Bjarnadóttur. Nú er það svo langt frá mjer að telja frk. Halldóru Bjarnadóttur ómaklega að fá þann styrk, sem þingið telur sjer fært að veita henni. En jeg verð að taka það fram, að starfssvið sambandsins er svo stórt og að það hefir styrkt svo mörg námsskeið, bæði hjer í Reykjavík, á Akureyri og víðsvegar um sveitir landsins, og tel jeg, að þau námsskeið hafi öll komið að meiri eða minni notum. Yrði þá lítið í hlut, ef fjelögin bæði hefðu ekki meiru fje yfir að ráða en 4400 kr. Jeg gerði mig því ánægða með brtt. hv. fjvn. Ed. og taldi, að Samband heimilisiðnaðarfjelaganna gæti vel unað því, þótt styrkurinn væri lægri en í fyrra, ef það aðeins hefði óbundnar hendur um þessa 6000 kr. upphæð. Þess vegna lögðum við til, að frk. Halldóru Bjarnadóttur væru veittar 1200 kr. sem viðurkenning fyrir það gagn, sem hún hefir unnið þessu máli. Hefir hún starfað með áhuga við ýmsa skóla, t. d. á Akureyri og við kennaraskólann, þar sem hún hefir fasta stöðu, og á sjerstökum námsskeiðum í þágu heimilisiðnaðarins, en jafnan þegið laun fyrir þessi störf sín. Er þetta alls ekki sagt til þess að draga úr því, sem hún hefir gert í þessu efni. En jeg verð enn á ný að taka það fram, að það má á engan hátt skerða fje það, sem sambandið hefir handa á milli til útbreiðslu heimilisiðnaðar, bæði norðan lands og sunnan. Þá vil jeg geta símskeytis, sem nýlega hefir borist mjer í hendur og sýnir það, hvaða afstöðu stjórn sambandsins þar nyrðra hefir tekið í þessu máli. Með leyfi hæstv. forseta skal jeg leyfa mjer að lesa skeytið:

„Lýsum yfir megnri óánægju á samþykt Nd. um ráðstöfun styrksins til fjelaganna, þar sem stór hluti styrksins er bundinn við nafn Halldóru Bjarnadóttur. Teljum algerlega óviðunandi, að þriðjungur styrksins sje nafnbundinn henni, og 600 kr. skólastyrk óverjandi.“

Svo mörg voru þau orð þaðan, og læt jeg svo úttalað um þetta mál.

Ingvar Pálmason: Jeg hefi hingað til dregið mig í hlje fyrir hinum eldri og reyndari þm., en það má vera, að jeg hafi ekki unnið við það, er háttv. deild nú er þreytt orðin, og jeg fái því ekki vakið athygli hennar sem skyldi við mínu máli. Jeg ætlaði mjer að víkja fáeinum orðum að nokkrum liðum í brtt. háttv. fjvn., ekki af því, að jeg telji mig svo mjög færan um að bæta úr verkum hennar, heldur af því, að jeg hefi að ýmsu leyti ekki getað orðið henni sammála. Það er þá fyrst brtt. fjvn. um landhelgisgæsluna; ekki svo mjög af því, að jeg sje ósamþykkur till. fjvn. um hækkunina á þessum lið, en jeg er ekki allskostar ánægður með þá aths., sem liðnum fylgir frá hv. nefnd. Það er aðeins vegna þess,

sem jeg hefi hjer áður í þessari hv. deild í umr. um annað mál lýst yfir, að jeg væri mótfallinn fyrirkomulaginu á þessum lið og þeirri stefnu, sem þar kemur fram. Og þó jeg nú á þessu þingi sjái mjer ekki annað fært en að ganga inn á þessa braut, vil jeg þó slá þann varnagla, að jeg tel mig óbundinn af þessu eftirleiðis. Jeg hefi aðeins gengið inn á þetta sem bráðabirgðaráðstöfun að þessu sinni.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að fjárveitingunni til jarðskjálftarannsókna. Það er ekki um brtt. sjálfa, sem jeg þó tel óvíst, að jeg geti fylgt, en það er í sambandi við það, sem fram hefir komið hjer í umræðunum, að jeg vildi gjarnan fá upplýst eitt atriði. Það hefir verið sagt, að landskjálftamælirinn væri hjer að láni, en jeg hefi fyrir mjer orð kunnugs manns, sem fullyrðir, að hann sje gjöf frá Dönum. Ef þetta síðara er rjett, hví er það þá notað sem keyri á þingið til fjárveitingar, að mælirinn sje að láni, — að hann verði tekinn frá okkur, verði hann ekki starfræktur? Sje það satt, að hann sje lánaður okkur, verður eitt af tvennu að starfrækja hann eða skila honum aftur; reynist það rjett, að mælirinn sje aðeins að láni, verð jeg sennilega með þessari fjárveitingu, en aftur á móti ef það er rjett, að mælirinn sje okkar eign, þá tel jeg enga brýna nauðsyn að starfrækja hann á meðan fjárhagurinn er svo þröngur sem nú.

Þá eru ekki margir aðrir liðir, sem jeg finn mjer skylt að lýsa afstöðu minni til; mun það sjást við atkvgr., hverju jeg fylgi.

Þá kem jeg að brtt. á þskj. 376, um 1000 kr. styrk til hjónanna í Hítardal. Forsendurnar fyrir þessum styrk eru þær, að þessi hjón hafa barist áfram með 10 börn, og er þá ætlunin sú, að forða þeim með þessu frá að þurfa að leita sveitarstyrks. En ef ástæða er til að veita þessum hjónum 1000 kr. styrk, vegna þess að þau eiga 10 börn, hversu miklu meiri ástæða er þá ekki til að veita þeim hjónum styrk, sem eiga þetta 12, 15 og alt upp í 20 börn? Jeg býst við, að í flestum hjeruðum landsins megi finna hjón, sem líkt stendur á fyrir og þessum, og fleiri heimili, sem berjast í bökkum. Í minni sveit eru til dæmis 3 heimili með 13—15 börn. Svona má víst telja í flestum sýslum landsins. En verði nú þessi styrkur veittur, þá er jeg þess fullviss, að fleiri slíkar beiðnir muni á eftir fara, og þá er misrjetti beitt, ef þeim er neitað, úr því einu sinni hefir verið gengið inn á þessa braut. En það er áreiðanlega ofætlun fyrir ríkið að hugsa til að verja allar þær fjölskyldur frá því að leita sveitarstyrks. Og það væri ekki einu sinni rjettlátt að miða slíkar styrkveitingar sem þessar við 10 eða 11 börn. Það getur nefnilega oft verið eins mikil ástæða til að veita fjölskyldum styrk, sem ekki hafa nema 8 börn. Jeg skal viðurkenna, að það er lofsverður áhugi, er sveitungar þessara hjóna hafa sýnt í því að útvega þeim þennan styrk. En sje það rjett haft eftir, að ein prófastsfrú hafi varið 1000 kr. til ferðalags til Reykjavíkur og dvalar hjer í því augnamiði, þá verð jeg að segja, að því fje hefði verið betur varið, hefði það farið beint til hjónanna í Hítardal. Og þó sárt sje að neita þessari beiðni, þá er það líka sárt að gera svo miskunnarverk, að mörgum öðrum sje með því órjettur ger. Fjölyrði jeg svo ekki frekar um þetta, en vænti, að hv. þdm. sje ljós orðin afstaða mín í þessu máli.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara út í fleiri liði á þskj. 376. Þeir eru þannig vaxnir, að jeg get látið mjer nægja að sýna afstöðu mína við atkvgr.

Á þskj. 394 á jeg 3 brtt., sem jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um. Er sú fyrst, að jeg legg til, að hækkaður verði styrkur til Fiskifjelags Íslands úr 55 þús. kr. upp í 65 þús. kr. Jeg hafði nú hugsað, að enginn háttv. þm. væri þeirrar skoðunar, að þetta fjelag væri ekki mjög nauðsynlegt og í alla staði þess vert að fá ríflegan styrk. Því furðaði mig á því, að háttv. þm. Snæf. (HSteins) virtist álíta, að bæði styrkur til þessa fjelags og eins til Búnaðarfjelags Íslands væri of hátt áætlaður, og rökstuddi hann þá skoðun sína með því, að því er virtist, að fje þessu væri illa varið og lenti mest í skrifstofukostnaði. Jeg vil ekki deila um þetta við háttv. þm., en mjer liggur nærri að álíta, að hann muni lítt hafa rannsakað allar aðstæður áður en hann feldi þennan dóm. En það stendur svo vel á, að jeg hefi í höndum skýrslu Fiskifjelags Íslands, og er þá hægt að ganga úr skugga um, hvort það sje satt, að alt að helmingi styrktarfjárins fari til launa embættismanna fjelagsins. Að vísu er það rjett, að altaf hlýtur nokkru fje að vera varið til starfsmanna og erindreka fjelagsins, og er það mjög eðlilegt, þegar þess er gætt, að fjelagið er ennþá tiltölulega ungt og ekki búið að ná þeirri fótfestu, sem það þarf, úti um landið, og verður því að gera mikið til þess að breiða það út á fjelagslegum grundvelli. En það er auðvitað, að sú starfsemi gefur ekki af sjer neinn beinan peningalegan hagnað fyr en síðar meir. Það er nú svo, að til stjórnar fjelagsins, starfsmanna þess, erindreka og ferðakostnaðar þeirra er alls varið um 20 þús. kr., og verður ekki annað sjeð en að í þessu efni sje eins varlega farið og hægt er. Og það eru alveg ótrúlega miklar verklegar framkvæmdir, sem eftir fjelagið liggja þessi ár, sem það hefir starfað. Auk þess hefir það tekið þá föstu og sjálfsögðu stefnu að leggja árlega nokkurt fje í varasjóð, og er hann nú um árslokin orðinn ca. 80 þús. kr. En nú stendur svo á, að eftir fjárhagsáætlun þingsins mun alt útlit fyrir, að á yfirstandandi ári og eins á árinu 1925 verði að skerða þennan sjóð til mikilla muna, ef halda skal áfram nauðsynlegum framkvæmdum og styrkurinn til fjelagsins verður ekki hækkaður talsvert frá því, sem hann er í fjárlagafrv. Til að bæta leiðir og lendingar er áætlað, að fari 18 þús. kr. 1925 og 15 þús. 1926, og til utanfara 2500 kr. hvort árið. Þá hefir Fiskifjelag Íslands haldið uppi mótornámskeiðum, og er búist við, að lagt verði til þeirra 6 þús. kr. hvort árið, 1925 og 1926. Er þetta mjög mikill og góður liður í starfsemi fjelagsins og getur komið að hinu mesta gagni. Auk þess hefir fjelagið hugsað til að koma upp sjómannanámskeiði, og er það mjög nauðsynlegt fyrir skipstjóra- og stýrimannaefni, því það er ekki nóg að kunna sína stýrimannafræði til hlítar, ef alla þekkingu brestur þegar til hins verklega kemur; en reynslan hefir verið sú, að það er undantekning ef menn frá stýrimannaskólanum kunna nokkuð að ráði í verklegri sjómensku. Gæti námskeið sem þetta gert mikið til að bæta úr þeim annmörkum. Á Austurlandi hafa slík námskeið verið haldin undanfarin ár og borið auðsýnilegan og mikinn árangur.

Enn fremur má geta þess, að áætlað er, að 4500 kr. fari til annara styrkveitinga,

svo sem til nýrra fiskverkunaraðferða o. s. frv. Efast jeg ekki um, að gott megi af því leiða, ef hægt verður að halda slíkum tilraunum áfram.

Þá vil jeg ennþá minnast á eitt atriði, sem í mínum augum er alls ekki lítilsvert. Á jeg þar við klaktilraunir. Hingað til hafa fiskveiðar okkar eingöngu verið rányrkja, og eru að verða einhver mesta rányrkja, sem við þekkjum, síðan botnvörpungarnir komu. En klakið er ofurlítið spor í áttina til að halda við þessum atvinnuvegi, sem svo margir meðal okkar þjóðar hafa lífsuppeldi sitt af. Og þó þessi viðleitni sje enn ekki komin svo langt hjá okkur, að við sjeum farnir að klekja út þorski, þá er silunga- og laxaklakið alls ekki lítilsvert. Tel jeg það hinn mesta heiður fyrir fjelagið, að hafa hafist handa í þessu efni, og má því teljast vel borgið í höndum þess. Mun það verja alt að 4 þús. kr. árlega næstu 2 árin í þessu skyni.

Þá kem jeg að öðrum mikilsverðum lið í starfsemi fjelagsins, og er það söfnun aflaskýrslna. Hefir forsómun í þessu efni oft komið okkur í koll. Fjelagið hefir undanfarið reynt nokkuð til að bæta úr því, en söfnunin raunar gengið nokkuð seint, en fjelagið mun alls ekki hugsa sjer að láta þar staðar numið. Er það engum vafa undirorpið, að það er eitt mesta nauðsynjamál fyrir sjávarútveginn að geta fengið, helst mánaðarlega, nokkurnveginn ábyggilegar skýrslur um, hvað mikið sje af fiski til í landinu, svo hægt sje að haga sölu fiskjarins og öðru eftir því.

Jeg hefi nú í fám orðum leitast við að upplýsa, hvernig fjelagið verði styrk sínum, og vænti jeg, að flestir verði sammála mjer um það, að fjelagið hafi furðu miklu til vegar komið með honum. En úr því jeg fór á annað borð að minnast á andann í ræðu hv. þm. Snæf., þá get jeg ekki annað en minst ofurlítið á annað atriði, sem honum viðkemur. Brtt. þessa hv. þm. hníga allar að læknisfræði og heilbrigðismálum. Þetta finst mjer lofsvert, því þetta er hans svið; þar hefir hann sjerþekkingu og þar á hann að vera. En þegar jeg nú viðurkenni, að hann beri meira skyn á slíkar fjárveitingar en jeg, þá ætlast jeg líka til, að hann geti hugsað sjer þann möguleika, að jeg hefði nokkru meiri reynslu og þekkingu í þeim efnum, sem sjávarútveginn snerta, en hann og hans stjettarbræður. Jeg hefi, eins og áður er tekið fram, viljað hækka styrkinn til Fiskifjelags Íslands um 10 þús. kr. Það er auðvitað ekki nema von, að mönnum, sem ekki bera mikið skyn á þessar sakir, finnist lítil sparnaðarviðleitni birtast í þessu. En ætli það sje ekki svo, að það sje jafnan nokkurt álitamál, hvað sje rjettur og sannur sparnaður. Nú er það líka svo, að í fjárlagafrv., eins og það kom frá háttv. Nd., er gert ráð fyrir, að fjelagið kosti eftirleiðis útgáfu Almanaks íslenskra fiskimanna, og það er ekki síst með tilliti til þessa, að jeg hefi farið fram á þessa hækkun til fjelagsins. Hvað sú útgáfa kostar, veit jeg raunar ekki, en líklegt þykir mjer, að það nemi að minsta kosti 7—8 þús. kr., ef hún á að vera vel af hendi leyst; tel jeg fulla þörf á, að hún verði fullkomnari en hingað til. Mjer er kunnugt um, að í almanakið vantar skip og báta, sem bygðir hafa verið á síðari árum, en aftur ýms skip og bátar tekin þar upp, sem um árabil hafa verið úr sögunni. Að öllu þessu athuguðu verð jeg að vona, að hv. deild muni fallast á till. mína, og vil jeg þá líka vænta þess, að

hv. þm. Snæf. misvirði það ekki við mig, þó jeg sjái skyldu mína í því að standa á verði um sjávarútveginn eins og hann um læknisfræðina.

Áður en jeg sný mjer frá þessu, vil jeg minna hæstv. stjórn á það, að til er sjóður, sem heitir Fiskiveiðasjóður. Í reglugerð hans er svo ákveðið, að honum skuli varið til að veita lán til skipakaupa og útgerðar. Nú er það alkunnugt, að mikið af honum hefir lent í höfninni í Reykjavík, og mun það lán hafa verið veitt með lítilli heimild. Um þetta fje þyrfti að losa sem allra fyrst. Það er mjög nauðsynlegt, að lánssjóður þessi verði ekki festur á þessum stað.

Þá vil jeg víkja að hinum 2 brtt. mínum. Eru þær báðar við 18. gr. Fer hin fyrri í þá átt að hækka fjárveitinguna til Stefáns Stefánssonar póstafgreiðslumanns á Eskifirði. Fjárveiting þessi er ellistyrkur. Á þessum lið fjárlaganna eru margir póstafgreiðslumenn og ekkjur þeirra. Flestar eru þessar fjárveitingar smáar, 200—300 kr., nema ein, 1200 kr., til Friðriks Möllers. Hann hefir gegnt störfum í þjónustu landsins milli 30—40 ár og rækt þau með heiðri og sóma, enda hefir þingið viðurkent það með því að veita honum 1200 kr. styrk árlega í viðurkenningarskyni. Líkt er um mann þann, sem jeg sæki um styrk fyrir. Hann hefir verið póstafgreiðslumaður í 30 ár, fyrst á Fáskrúðsfirði og síðan á Eskifirði, þangað til hann ljet af störfum við síðustu áramót. Hann tók við á Eskifirði af Friðrik Möller og hefir verið þar rúm 20 ár. Maður þessi er mjög hniginn að aldri og á aldraða konu. Hann er sömuleiðis mjög eignalítill og á lítillar hjálpar von hjá börnum sínum. Hann á tvo sonu, mjög góðum hæfileikum búna, en að sama skapi heilsuveika. Annar þeirra hefir verið hjer í Reykjavík á annað ár til lækninga, og raunar fengið nokkra bót meina sinna, en þó ekki meira en svo, að hann verður að hafa sjerstakan útbúnað í sæti sínu í skrifstofu þeirri, sem hann vinnur í. Hinn dvaldi rúmt ár erlendis sjer til heilsubótar, en sökum fjárskorts gat hann ekki öðlast þá heilsubót, sem annars hefði mátt vænta. Heilsa þeirra beggja er því á mjög völtum fæti. Verð jeg því að vænta, að úr því að hv. þing telur skyldu sína að veita þessum manni ellistyrk, þá sjái það sjer fært að hafa hann ekki lægri en jeg hefi farið fram á. Það virðist ekki nema rjettmætt, að þessi maður væri styrktur svo, að hann þyrfti ekki að leita til sveitar, en það er óumflýjanlegt, ef styrkurinn er ekki nema 300 kr. Tvö örvasa gamalmenni lifa ekki á því. Og þessi fjárveiting, sem ætluð er Friðrik Möller, og hin, sem ætluð er Stefáni Stefánssyni, eru ekki samræmanlegar. Að vísu hefir Möller verið lengur í þjónustu hins opinbera, en hann á við ólík kjör að búa, þó jeg skuli ekki fara í samanburð á kringumstæðum þessara manna. Kringumstæðum Stefáns hefi jeg lýst að nokkru og fullyrði, að sú lýsing er rjett, enda treysti jeg hv. deild til að bera ekki brigður á það. Að lokum skal jeg aðeins geta þess, ef það kynni að hafa einhver áhrif, að þessi till. er alls ekki af því fram komin, að þessi maður sje stefnubróðir minn; það er hann alls ekki. Þetta er því hvorki flokksmál eða venslamál, heldur aðeins rjettlætismál, og vona jeg þess vegna, að háttv. deild samþykki till.

Þá kem jeg að þriðju og síðustu brtt. minni, sem er líka við 18. gr., þar sem jeg legg til, að fjárveitingin til Þorsteins Gíslasonar falli niður. Eins og hv. þdm. vita, er þessi fjárveiting komin inn nú í hv. Nd. og sem viðurkenning til Þ. G.

sem skálds. Það sje fjarri mjer að draga úr því, að þessi maður eigi fulla viðurkenning skilið; en jeg vil sem fyr gæta jafnrjettis. Að vísu er jeg ekki bær um að dæma skáldskap, en þegar menn nú sjá sjer fært að taka þennan mann upp í fjárlögin, þá dettur mjer í hug, hvort við gerum ekki einhverjum öðrum órjett með því að setja hann hjá. Jeg dreg ekki dul á það, að sá maður, sem jeg sveigi hjer sjerstaklega að og tel, að kenni misrjettis. ef Þ. G. er veittur styrkur, en hann settur hjá — það er Einar Benediktsson. Jeg ætla mjer ekki að fara í jöfnuð á þessum mönnum, en það legg jeg óhikað undir úrskurðarvald hv. deildar, að munurinn er ekki meiri en það, að þar sem annar er, þar eiga báðir að vera.

Jeg játa, að mjer er ekki óljúft, að Þ. G. fái að standa, en fari svo, sje jeg mjer ekki annað fært en að koma við 3. umr. með brtt. um, að Einar Benediktsson fái líka 2 þús. kr. styrk.

Jeg skal ekki þreyta hv. deild meira, en jeg treysti því, að hún að athuguðu máli sjái sjer fært að greiða að minsta kosti tveim fyrri brtt. mínum atkv., hvernig sem fer um þá þriðju.

Sigurður Eggerz: Jeg á eina brtt. með hv. 5. landsk. þm. (JJ), sem jeg mintist ekki á í fyrstu ræðu minni, af því að þá hafði hv. fyrri flm. hennar ekki enn talað. Brtt. er um júbil-ljósmæðurina.

Það vill nú oft vera svo, þegar menn vilja koma einhverju fyrir kattarnef, að vísað er til þess, hve hættulegt fordæmi það kunni að vera. Hæstv. forseti (H-Steins) notaði þetta mjög; sagði hann, að þessi till. gæti orðið til þess að draga konu úr hans kjördæmi einnig inn í fjárlögin. En ef við lítum á 18. gr. fjárlaganna, þá verður fyrir okkur margskonar fólk, kennarar, póstmenn, rithöfundar, að jeg nú ekki tali um embættismannaekkjurnar, og í hvert skifti, sem eitthvað af þessu var sett inn, var vitanlega skapað fordæmi, og þó er nú svo, að aldrei hafa allir úr þessum flokkum verið teknir. Síður en svo. Þingið hefir sem sagt treyst sjer til að gera upp á milli þeirra og aðeins tekið þá, sem síst máttu setjast hjá. Eins viljum við flm., að farið sje að hjer. Við leggjum til, að kona, sem gegnt hefir í 50 ár mjög þýðingarmiklu opinberu embætti, sem ætíð hefir búið við fátækt, en þjónað embætti sínu með sjerstakri atorku og skyldurækni, sje tekin inn í fjárlögin. Og við stöndum ekki einir uppi flm. með þessa till. Jeg varð var við það, þegar jeg var staddur á Eyrarbakka í sumar, að það var einróma álit allra, að þessi kona væri þessi 50 ár búin að vinna hjeraðinu óvenjulegt og ómetanlegt gagn og ætti fylstu viðurkenningu skilið. Og jeg verð líka að segja það, að það, sem hefir sjerstaklega gert það að verkum, að jeg tók að mjer að flytja þessa brtt. ásamt hv. 5. landsk. þm., var það, hvernig mjer leist á konuna sjálfa. Jeg vona það hneyksli engan, — þessi kona er nú 75 ára, — en jeg játa, að hún vann hjarta mitt við fundi okkar á Eyrarbakka. Fyrir þá, sem lifa inni á krókastigum „diplomatiunnar", er það hressandi viðbrigði að hitta svona konu, sem talar eins djarflega og hún gerði. Og einmitt í samtalinu við hana komst jeg að raun um, með hve miklum djarfleik og dugnaði hún hefði unnið lífsstarf sitt.

Og svo jeg víki aftur að fordæminu. Hið háa Alþingi þarf sannarlega ekki að vera hrætt við að styðja yfirsetukonu, sem búin er að vinna í 50 ár. Það er ekki nema góðra gjalda vert að gera það. Vel má vera, að konan, sem hæstv. forseti tal-

aði um, eigi líka að koma inn í fjárlögin, en mjer er nær að halda, að ef hún væri annar eins skörungur og þessi, þá myndi hæstv. forseti ekki hafa hikað við að koma strax með hana, þó ekkert fordæmi væri. (*HSteins*: Við sjáum til við 3. umr.).

Menn verða að gæta þess að hengja sig ekki um of í meginreglurnar; alt, sem er óvenjulegt, hlýtur að brjóta þær og koma í bág við fordæmin. Og jeg ætla, að það sje beinlínis hinu háa Alþingi til heiðurs að viðurkenna hið langa og þýðingarmikla starf þessarar konu. Og jeg vona líka, að hæstv. forseti styðji brtt. Mjer finst, að það væri í fullu samræmi við dugnað hans við að styðja læknastjettina, því yfirsetukonur heyra undir hana að nokkru leyti.

Jeg kemst ekki hjá því að minnast á brtt. um Árna Theódór Pjetursson. IIv. 5. landsk. þm. var mjer sammála um hina brtt., en síðar en svo um þessa. En jeg vil benda hv. 5. landsk. þm. á það, að ekki er verið að deila um, hvort það væri rjett, að maðurinn fjekk styrkinn eða ekki. Landsstjórnin gerði það að ráðum mentamálanefndar. En aðalatriðið er það, að maðurinn er búinn að fá loforð fyrir 500 kr. á ári, þangað til hann fær annað starf. Það má vel vera, ef þetta mál kæmi fyrir dómstólana, að þeir dæmdu svo, að fjárlögin væru ekki bindandi nema fyrir eitt ár. En ef við lítum á þetta frá sjónarmiði mannsins sjálfs, hvernig á hann þá að líta öðruvísi á en að þetta sje beint ákveðið loforð um það, að hann fái eftirlaunin þangað til hann fái starfið? Það er nú líka talið svo, að sje einhver settur í 18. gr., þá eigi næsta þing að láta hann standa. En þegar svona er, að beinlínis er sagt: „Þú skalt fá eftirlaun þangað til þú færð starfið," þá sje jeg ekki, hvernig þingið fer að breyta þessu. Og jeg verð að líta svo á, að hv. fjvn., sem jeg hefi hrósað svo mikið í dag, hafi alls ekki athugað þetta loforð.

Þegar jeg skipaði kennara í stað þessa manns konu, sem heitir Viktoría, þá leit jeg svo á, að maðurinn fengi 500 kr. á ári; annars hefði jeg ef til vill skipað hann. Jeg vona, að hv. þd. geri sjer þetta ljóst. Er rjett, að þingið haldi loforð sín eða ekki? Og jeg hygg, að það verði síst til að halda við heiðri Alþingis, að það rjúfi heit sín. Og því vona jeg, að háttv. fjvn. sjái sjer fært að taka brtt. sína aftur.

Jeg er mjög sammála hæstv. forsrh. (J-M) um veðurathuganastöðina og get að mestu vísað til þess, sem jeg sagði áður um það mál. Jeg vil aðeins enn benda á það, að þetta er alstaðar talið mikið menningaratriði. Og það myndi vekja ótrú á okkur, ef við færum að leggja stöðina niður. Það þarf að vera samband á milli landanna um þetta. Ef eitt landið gengur úr skaftinu, þá fækkar möguleikunum fyrir að spá rjett. Okkar veðurfræði er nú mikill styrkur að veðurskeytum frá Grænlandi. Menn verða að gera sjer ljóst, að það er afarþýðingarmikið fyrir þjóðina, að við getum fullkomnað þetta sem best, svo veðurspárnar rætist sem oftast. Það getur bjargað mörgum mannslífum oft og einatt, ef viðvaranir koma um stórviðri, sem í aðsigi eru. Og er margsýnt annarsstaðar, hve mikla þýðingu veðurspárnar hafa.

Að því er snertir kennarann við mentaskólann, þarf jeg ekki annað en vísa til fyrstu ræðu minnar, þar sem jeg sagði, að jeg hefði aðeins lofað honum stöðu í eitt ár, en ekki bundið það frekar. Ástæðurnar til þess, að jeg gaf loforðið, voru áskoranir frá rektor skólans og ýmsum fleiri, bæði innan og utan skólans,

Mjer þótti leiðinlegt, að hv. 2. þm. S.-M. (IP) skyldi mæla gegn því, að Hítardalshjónin fengju þennan litla styrk. Og jeg skildi hv. þm. svo, að húsfreyjan á Staðarhrauni hefði eytt 1000 kr. í þessu skyni. Jeg mintist á það við hv. 2. þm. G.-K. (BK), hvort hann hefði viðhaft slík orð. En hann kvaðst hafa sagt, að kærleikur hennar væri meira virði en 1000 kr. Og það er vissulega satt. En vitanlega hefir ferðin kostað hana mjög lítið.

Hjer á aftur að draga fram fordæmið. Jeg er ekki hræddur við það. Þá þyrfti að standa eins á, að eins mikil fátækt væri fyrir hendi, eins mörg börn. En ef svo væri, teldi jeg fjeð ekki eftir, sem þingið legði til slíkra heimila.

Jeg vildi óska, að hv. 2. þm. S.-M. hefði átt tal við húsfreyjuna á Staðarhrauni. Hún lýsti svo vel heimilislífinu og hvernig foreldrarnir leggja að sjer til að forða börnunum frá fátæktarstimplinum. Því enn er það svo, þó það ekki ætti að vera, að það er skoðað sem mikill blettur að þiggja sveitarstyrk. Og öll barátta foreldranna gengur í þá átt að forðast, að sá blettur falli á fallega drengjahópinn. Jeg hefi svo mikla samúð með þeim, að jeg vildi glaður greiða 10 atkv. með þessum styrk, ef jeg ætti þau. Því hverjir leggja meiri skerf inn í þjóðarbúið en þessi hjón, og hverjir eiga meiri styrk skilinn en þeir, sem berjast fyrir slíkum barnahópi? Og þjóðin gæti vel risið undir þessum styrk, þó hann væri tífaldur. Jeg vona því, að hv. þd. mæti þessu með samúð.

Sigurður Jónsson: Jeg er víst sá eini þm. í þessari hv. þd., sem á enga brtt. og þarf því ekki um slíkt að tala. Jeg gæti að vísu talað fram og aftur eins og aðrir um till. hv. fjvn. og hv. þm., en jeg ætla að sleppa því að mestu og láta atkvæði mitt eitt ráða, því jeg held, að þessar löngu og — maður má ekki segja það — leiðinlegu ræður breyti lítið atkv. manna.

Já, jeg sagði „að mestu", því það er ein brtt., sem hv. 1. landsk. (SE) ber mjög fyrir brjósti, sem jeg verð að drepa á. Hv. 1. landsk. þm. kvað till. borna fram af því að þessi umrædda ljósmóðir hefði unnið *hjarta* sitt. En því minnist jeg á þetta, að jeg ætla að fylgja hæstv. forseta (HSteins) í því, að koma með samskonar brtt. um ljósmóður í mínum hreppi við 3. umr., ef þessi verður samþykt. Sú ljósmóðir hefir starfað í 54 ár, og jeg skil ekki í því, hvernig hv. þdm. fara að amast við henni, ef þeir taka þessa á arma sína. Jeg ætla því að búast við, að þessi brtt. verði feld hjer í deildinni.

Björn Kristjánsson: Háttv. 1. landsk. þm. (SE) hefir að mestu leyti tekið af mjer ómakið við að tala um till. hv. fjvn. um að fella niður styrkinn til Árna Th. Pjeturssonar. En af því að ýmsir hv. þdm. eru nýir og ókunnugir þessu máli, vil jeg rekja sögu þess, og þá fyrst lesa upp þskj. 179 frá 1922. Þar stendur svo:

„Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að rannsaka mál Árna Theodórs Pjeturssonar kennara og rjetta hlut hans, að svo miklu leyti, sem hann reynist órjetti beittur."

Þetta er þá till. hv. fjvn. 1922, og nú fer þessi rannsókn fram. 1923 skýrir svo stjórnin mentamn. Nd. frá niðurstöðunni, en hún var sú, að maðurinn hefði ekki unnið til þess að hann væri sviftur kennaraembætti, sem hann hafði gegnt í 30 ár.

Í umsögn sinni um 18. gr. fjárlaganna fer fjárveitinganefnd neðri deildar svofeldum orðum um þessa fjárveitingu til

Árna Theódórs Pjeturssonar (sjá Alþt. 1923, A. bls. 458):

„Loks er nú að því komið, að bundinn verði endi á mál Árna Theodórs Pjeturssonar. Nefnd sú, er rannsakaði mál hans samkvæmt ályktun Alþingis, ályktaði, að rjett mundi að veita honum einhver lítil eftirlaun, eða hærri upphæð í eitt skifti fyrir öll. Mentamálanefnd deildarinnar leggur það til, að eftirlaun hans verði ákveðin 500 kr. á ári. Fjárveitinganefndinni finst nauðugur einn kostur að taka tillögu þessara nefnda til greina, og ber því fram breytingartillögu um það efni. En jafnframt vill hún skora á stjórnina að beita sjer fyrir það, að Árni fái sem fyrst aftur kennarastöðu eða svipaða stöðu, svo að hann þurfi ekki að sitja lengi á eftirlaunum.“

Þetta er niðurstaða stjórnarinnar og nefndanna, að manninum eigi að bæta upp uppsögn hans, ekki fyrir eitt eða tvö ár, heldur með fullkomnum eftirlaunum, þangað til honum væri veitt álíka góð kennarastaða. Jeg skal ekki segja um, hvernig þetta færi fyrir dómstólunum, en þetta er að minsta kosti siðferðileg skylda. Eins og háttv. 1. landsk. þm. sagði, skiftir það engu máli, hvort maðurinn er þessa verðugur eða ekki. Hjer er um bindandi samning að ræða. Jeg vona, að deildin fallist á röksemdir mínar í þessu máli. Jeg vildi hjer einkum upplýsa málið fyrir nýjum þingmönnum.

Jónas Jónsson: Jeg held, að jeg verði að byrja þar, sem hv. 2. þm. G.-K. (BK) hætti, á þessu fræga Árna Theodórs-máli, sem hefir í mörg ár legið fyrir hverju þingi. Hv. 1. landsk. þm. (SE) virtist líta svo á þetta mál, að ríkið væri skuldbundið til að greiða þessi eftirlaun, en bæði hann og hv. 2. þm. G.-K. töldu þó vafasamt, að Árni ynni fyrir dómi. Ef það er nú svo, að dómstólarnir úrskurðuðu málið á þennan hátt, sem mjer finst líklegast, sje jeg enga ástæðu til að þingið sinni þessum eftirlaunakröfum (*BK*: Þá á að svíkja manninn um þau). Þar sem engu er lofað, er ekkert svikið. Þá var talað um, að engu máli skifti hjer, hvort sakir þessa manns væru miklar eða litlar. Það er alkunnugt, að þessi maður er óreglumaður og óhæfur kennari, og bætir það í engu hans málstað, þótt víðar sje eins ástatt og öðrum sje hlíft, er líkt er ástatt um, og svipað hafi jafnvel mátt segja um menn, er hafa starfað við háskólann.

Hv. neðri deild mun líka ætla sjer að taka þennan mann út af fjárlögunum. Jeg get í því efni minst á mann, sem þótt-ist vera fær um að semja orðabók og tróð sjer inn á þingið í því skyni að fá styrk til þeirrar starfsemi, sem hann líka fjekk. Þetta er erfitt verk og á fárra færi, enda er víst um það, að það er hvergi unnið á sama hátt og hjer, og ættu þeir, sem um það efast, að geta haft gott af að kynna sjer vinnubrögð Englendinga við Oxford-orðabókina til að sannfærast með samanburði um ágæti Jóhannesar Lynge.

Þá skal jeg með nokkrum orðum minnast á tillögur okkar hv. þm. Vestm. (J-Jós). Það er annaðhvort óskiljanleg gleymska eða blátt áfram ranglæti hjá hv. sjútvn. að hækka ekki laun fiskimatsmannsins í Vestmannaeyjum, sem starfsbræðra hans. Þetta liggur svo í augum uppi, að ekki þarf að fjölyrða um það. Hin till. okkar fer fram á að hækka styrkinn til dr. Helga Pjeturss. Það gleður mig mjög að vita það, að hv. 2. þm. G.-K. (BK) er þessu fylgjandi, og jeg vona, að svo sje um fleiri. Jeg lít svo á, að

þing og stjórn eigi að gera sjer mannamun. Á hverjum tíma eru ekki uppi með þjóðinni nema fáir afburðamenn. Og hvað sem menn segja annars um dr. Helga Pjetursson, þá er víst, að hann er einn af þessum afburðamönnum. Rit hans eru lesin með áhuga um land alt, og hvort sem þau hafa vísindalegt gildi eða ekki, þá er þó víst, að þau hafa spámannlegt gildi, sem mun geymast eftirkomendunum, þegar enginn snefill er eftir af lífsstarfi margra presta og sýslumanna og annara embættismanna, sem eru dýrir á fóðrum ríkissjóðs. Vjer eigum nóg af dægurflugum, sem vjer borgum fyrir mikið fje, og því meiri ástæða er til að sýna viðurkenningu í verki þessum manni í lifanda lífi, þar sem hann er einn af þeim fáu, sem eitthvað hefir að gefa niðjunum.

Þá skal jeg minnast lítið eitt á hv. þm. Snæf. (HSteins). Hann kom hjer fram sem sparnaðarmaður, þar sem ekki snerti stjett hans. Hann talaði um utanfararstyrk lækna. Jeg hefði nú fyrir mitt leyti haft löngun til að krefjast hins sama hjer fyrir mína stjett, enda mun þörfin síst meiri hjer. Það er alkunnugt, að sumir læknar hjer hafa 10—20 þús. kr. í laun á ári fyrir læknisvitjanir sínar. Einn af læknum landsins, og einn af þeim helstu, hefir lýst yfir opinberlega, að hann hafi getað farið í langferð til annara landa fyrir fje, er hann hafi grætt á sölu óleyfilegra áfengislyfseðla, og jeg veit, að hv. þm. Snæf. muni vera kunnugt, að fleiri læknar leggi fyrir sig verslun af þessu tægi, enda er útlit fyrir, að það sje allarðsöm atvinna, eftir frásögn þess læknis, er jeg gat um áðan. Að vísu veit jeg, að það eru, sem betur fer, margir læknar, sem ekki afla sjer tekna á þennan hátt. — En læknar eru yfirleitt best settir allra embættismanna. Jeg vil geta þess í þessu sambandi, að mjer er kunnugt um, að einn bóndi varð síðastliðið sumar að greiða 400 kr. fyrir læknishjálp við fótbrot. Jeg held að mjer sje óhætt að fullyrða, að margir læknar hafi ágætar tekjur og að ummæli hv. þm. Snæf. fyrir þeirra hönd sjeu barlómur einn, og vil því leggja til, að till. sje feld.

Þá var sparnaðurinn ekki á háu stigi hjá þessum hv. þm. er talað var um aðaðstoðarlækninn á Ísafirði. Hann á að hafa í árslaun 1800 eða 2000 kr., þótt öllum sje kunnugt, að hann hefir þar ekkert að gera. Þessu embætti vill þessi mikli sparnaðarmaður halda við, einmitt er fram eru komnar tillögur um niðurlagningu óþarfra embætta. Hins vegar hefir hv. þm. Vestm. sýnt fram á það, að þörf sje á aðstoðarlækni í Vestmannaeyjum, og um það er jeg honum samdóma. Jeg vil því leggja til að flytja aðstoðarlækninn frá Ísafirði til Vestmannaeyja.

Þá skal jeg minnast á þá till. hv. þm. Snæf., að leggja niður tvo opinbera skóla, samvinnuskólann og verslunarskólann. Hann virtist langa til að leggja stýrimannaskólann niður líka, en hafði þó ekki kjark til þess. Helstu röksemdir hans voru þær, að hvorki væri þörf á fleiri kaupmönnum nje samvinnumönnum. Í sambandi við þetta má minnast á mentaskólann. Styrkur til hans hefir farið síhækkandi undanfarið; hefir hækkað úr 20 þús. kr. upp í 120 þús. kr. á einum mannsaldri, þrátt fyrir það, þótt allir viðurkenni, að þessi mikla aðsókn sje hvorki holl fyrir þjóðina nje nemendurna. Nýjum kennaraembættum hefir verið bætt við í sífellu, og ekki gott að sjá, hvar verður látið staðar numið. Þeir menn, er þaðan útskrifast, eru síður en svo hæfari til algengra starfa

en aðrir menn. Hjer gæti því verið ástæða til að athuga, hvort ekki væri hægt að spara nokkrar þúsundir.

Nú stendur svo á um þessa skóla, að annar þeirra er ætlaður kaupmönnum, en hinn samvinnumönnum. Jeg hefði nú vel getað skilið það og það hefði alls ekki komið mjer á óvart, þótt þessi hv. þm. hefði komið fram með tillögu um að fella niður allan styrk til samvinnuskólans. En þessa tillögu hans fæ jeg ekki skilið. — Verslunarskólinn á að ala upp innlenda mentaða kaupmannastjett. Þeir, sem eru á móti samvinnufjelögum og innlendum kaupmönnum, hljóta að vera að vinna fyrir erlenda verslunarstjett. Það hafa nýlega komið fram gögn, er varpa skýru ljósi yfir þetta. Eitt af blöðum landsins, flokksblað þessa hv. þm., er eign útlendra kaupmanna og kostað af þeirra fje. Þessa till. er því ekki hægt að skýra á annan hátt en þann, að hv. þm. Snæf. vilji láta þessa dönsku kaupmenn hafa hjer tögl og hagldir á verslunarsviðinu, eins og þeir ráða hjer yfir útgáfu dönsku blaðanna hjer í bænum. Þetta er eina skýringin, og hún er meira að segja mjög góðgjörn og bygð á fylstu rökum.

Annars get jeg látið þennan hv. þm. vita það, að samvinnumenn mundu halda áfram skóla sínum, þótt þeir væru sviftir opinberum styrk til þess. Skólinn er stofnaður til að veita þeim körlum og konum þekkingu, er áhuga hafa á fjelagsmálum. Aðrar þjóðir, eins og Danir og Englendingar, hafa fyrir löngu sjeð nauðsyn þessarar fræðslu. Í Englandi nema um 60 þús. manna árlega í skólum og á námskeiðum samvinnumanna. Og einn merkur Englendingur sagði, að danska smjörið væri svo gott, af því að það væri blandað þekkingu og mannviti.

Ef athuga ætti áhrif samvinnustarfseminnar á líf almennings hjer á landi, gæti verið lærdómsríkt t. d. fyrir hv. þm. Snæf. að hann tæki sjer ferð á hendur til Eyjafjarðar, Þingeyjarsýslu, Fljótsdalshjeraðs eða Austur-Húnavatnssýslu og bæri saman byggingarnar og alla afkomuna þar við það, sem maður sjer á vissum stöðum í hans eigin kjördæmi. Hefi jeg hvergi á Íslandi komið, þar sem byggingar eru eins hörmulegar og einmitt þar. Fólkið er kúgað og haldið niðri í eymd og fátækt af erlendri einokunarverslun. Mjer er minnisstætt, er jeg var þar eitt sinn á ferð með útlendingi fyrir ellefu árum. Við komum á bæ einn og urðum að skríða inn í moldarkofana um dyr, sem voru lítið hærri en hjer er undir borðið. Jeg er ekki að áfellast fólkið, — það er fórnarlamb einokunarinnar, — miklu heldur hv. þm. Snæf. Í hans kjördæmi eru menn nú að byrja að skilja mátt fjelagsskaparins í verslun og öðru. Svo kemur hv. þm. fram með ósk um það að svifta þessa menn og aðra þeirri mentun og þekkingu, sem helst gæti orðið til af lyfta þeim úr fátækt og basli og undan kúgun erlends valds.

Tveir af lærisveinum mínum, ungir menn, starfa nú að samvinnuverslun í kjördæmi hv. þm. Á þeim stað var verslunin svo hörmuleg þegar kaupfjelagið byrjaði, að hinir gömlu, dönsku einokunarkaupmenn urðu t. d. að lækka mjöltunnuna um 10—11 kr. Hverju var þetta að þakka? Þeirri þekkingu, sem hv. þm. Snæf. vill útrýma úr landinu. — Einn ráðherra hefir haldið því fram, að í sumum sveitum — þar með kjördæmi hv. þm. Snæf. — væri þannig ástatt, að nauðsyn bæri til að reka þar landsverslun með nauðsynjavöru í svo sem 20 ár, til þess að

fólkið væri ekki kúgað og pínt og þrýst niður í sárustu örbirgð.

Að síðustu vil jeg benda á það, að þessir tveir skólar, sem hv. þm. vill svo feginn eyðileggja, ef hann gæti, þeir kosta ríkið eitthvað um 10 þús. kr. Hvaða skólar á landinu eru tiltölulega jafnódýrir? Þeir eru engir. Kvennaskólinn í Reykjavík, sem er með ódýrustu skólum landsins, hann kostar helmingi meira en báðir þessir skólar til samans. Ríkisskólar, svo sem Eiðaskólinn og Blönduósskólinn, kosta þrefalt meira. Því er það dálítið kynlegt, þegar sparnaðarmennirnir vilja helst leggja niður ódýrustu skólana, sem til eru í kaupstöðum hjer á landi, — skóla, sem ekki starfa lengur en svo, að nemendur eru líkamlega óskemdir eftir. Þetta eru skólarnir, sem starfa sjerstaklega að því að veita borgurum landsins almenna fjelagslega fræðslu, til þess að gera þá færari í baráttu sinni við útlenda kaupmannavaldið, sem Lögrjetta í gær hefir lýst svo ískyggilega.

Jeg vil taka það fram, að jeg óskaði ekki eftir að halda hjer ræðu til að hafa áhrif á atkvæði manna. Mjer stendur á sama, hvort hv. þm. Snæf. sigrar við þessa atkvgr. eða ekki. Aðeins vildi jeg ekki láta það ómótmælt, að þessi sami hv. þm., sem vill spara nokkur þúsund við uppeldi, sjer ekkert á móti því að eyða fje í alóþarfan embættismann, dæmdan brotamann af hans stjett, — ekkert á móti því, að halda uppi mentaskólanum í því formi, sem hann er, þar sem hann kostar sexeða sjöfalt við það, sem var fyrir mannsaldri. Flm. tillögunnar hlýtur að hafa skrítnar hvatir til að bera fram svona tillögu. Sennilegasta skýringin er, að hann sje að vinna fyrir útlenda fjármálavaldið, sem Lögrjetta lýsti svo fagurlega í gær. Enda mun útlenda verslunin á Snæfellsnesi drjúgan hafa stutt hv. þm. Snæf. til kosninga í haust.

Eggert Pálsson: Klukkan er nú þegar orðin 12, komin helgi, og hátíðisdagur byrjaður. Ætti því ekki að halda umr. lengur, ef hægt væri að komast hjá því, en allra síst er það viðeigandi að fara að deila eða kastast hjer á hnútum.

Jeg þarf ekki að vera langorður. Þessar tvær till., sem jeg hefi borið fram, hafa ekki mætt neinum andmælum. Það er aðeins till. frá hv. fjvn., sem snertir mikillega mitt kjördæmi, sem sje 9. töluliður, um hækkun fjárveitingarinnar til viðhalds flutningabrauta úr 75 þús. kr. upp í 100 þús. Hún hefir mætt mótmælum nokkrum úr hörðustu átt, — frá manni úr sjálfri fjvn, hv. þm. A.-Hún. (GÓ). Háttv. þm. virtist ekki kannast við neina örðugleika við flutningabraut þessa frekar öðrum. Hann hefir farið einu sinni yfir Holtin að sumarlagi, og er vitaskuld, að hægt er að komast það klaklaust þegar þurt er um. En ef hann ætti leið um Holtin í rigningatíð á vordegi eða að hausti til, efast jeg um, að alt gengi slysalaust fyrir honum í fólksflutningabíl, hvað þá ef hann færi með vörubíl. Það hefir margsinnis komið fyrir, að vegur þessi hefir orðið með öllu ófær. Verður þá að beita ýmsum brögðum til að ná vögnunum upp úr hvörfunum, bæði með því að bera alt af þeim og enda fá hesta til að draga þá upp.

Jeg hefi heyrt hæstv. fjrh. lýsa því yfir í báðum deildum þingsins, að brýn þörf væri á að endurbæta þennan veg, og það sem allra fyrst og algerlega á ríkisins kostnað. Tók hann það skýrt fram, að vegur þessi liggur á ákaflega vondum stað. Auk þess var hann illa gerður í upphafi, enda var þekking manna til þeirra

hluta komin þá skamt á leið. Skömmu eftir að vegurinn hafði verið lagður sýndi hann sig sem hrein og bein vegleysa. Þingið hefir viðurkent þörfina á verulegum endurbótum og þegar hafist handa til að gera hann að virkilegum vegi. En til þess þarf vitanlega mikið fje, og altaf verið gert ráð fyrir því. Hefði jeg búist við, að hv. þm. A.-Húnv. hefði kynt sjer kostnaðaráætlun yfir verkið, og það því fremur, sem hann á sæti í fjárveitinganefndinni. Veit jeg ekki betur en að verkfræðingur hafi áætlað endurbyggingu vegarins um 200 þús. kr. En af þessu er búið að leggja fram um 90 þús. kr. í þá 4 km., sem búnir eru. Ef hætt væri við framhaldsviðgerð á veginum, yrði hann engum manni til gagns og þessum 90 þús. kr. sem á glæ kastað. Það er alveg óhugsanlegt að gera nokkuð við gamla veginn á þeim næsta 4 km. kafla með eintómum ofaníburði. Það er reynsla fyrir því. Ekkert er þar til að bera ofan í nema foksandur, er fýkur mjög, er um þornar. Vegagerðinni verður því að halda áfram með sömu aðferð og byrjað hefir verið á, þangað til komið er yfir verstu torfærurnar. Ef jeg vissi, að nú ætti að hætta við alt, þegar búið er að leggja 60 þús. kr. úr ríkissjóði móti 30 þús. kr. frá sýslunni, lægi mjer við að segja, að þing og stjórn skyldi hafa skömm fyrir. En jeg vil firra þing og stjórn þessari skömm. En það verður ekki gert með öðru móti en að endurbyggingunni sje haldið áfram sleitulaust. Ef ekkert er aðgert meira en nú er búið, má segja, að hlutaðeigandi sveitir sjeu útilokaðar úr mannfjelaginu. Það gagnar ekki austursveitunum, þó gerður sje vegur austur að Þjórsá og afbragðsgóður 4 km. kafli í miðjum Holtum, ef kviksyndi er svo þar á milli.

Það er misskilningur hjá háttv. þm., að aðeins þessar 25 þús. ættu að fara í Holtin og ekki meira. Tilætlunin var, að eitthvað talsvert — jeg hugsa megnið — af þeim 75 þús., sem standa í frv., gengi til þess. En það hefði reynst svo lítið fje, að verkinu hefði ekkert gengið áfram með því móti. Þess vegna væri það hrein og bein ráðleysa að hækka ekki styrkinn. Verkfæri eru til austur frá til vinnunnar, og mundu þau aðeins grotna niður, ef þau eru ekki notuð. En með því að hækka styrkinn koma þau að notum, og þessi ófæra, sem Holtin eru, verður því fyr bætt, hlutaðeigendum til gagns og landinu til sóma.

Jeg þykist ekki þurfa að fjölyrða frekar um þetta, en geng að því vísu, að menn sjái, við alvarlega íhugun, að hjer er um bráða nauðsyn að ræða, og hiki ekki við að greiða þessari brtt. atkvæði sitt, þrátt fyrir ummæli hv. þm. A.-Húnv.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Það er nú orðið nokkuð áliðið og skal jeg ekki tefja tímann lengi. Jeg tek undir það með háttv. þm. A.-Húnv., er hann kvað leiðinlegt að hlusta á þessar umræður. En jeg tel ástæðu til að þakka hæstv. stjórn og svo þingmönnum, hvernig tekið hefir verið undir till. nefndarinnar. Hún hefir fengið talsvert lof, en lítið verið fundið að till. hennar. Sjálfsagt er það eðlilegt, að sumar till. hafa sætt nokkrum andmælum, en það dregur ekki úr gleði nefndarinnar yfir því, hvernig þeim er yfirleitt tekið.

Hæstv. fjrh. benti á það, að ekki væri jöfnuður enn fenginn á fjárlagafrv. og að dýrtíðaruppbótin væri of lágt reiknuð í frv. Því miður er þetta rjett. Ennfremur er síðasti liður í 22. gr., ef hann verður samþyktur, kominn útgjaldamegin í fjár-

lög. Jeg ber kvíðboga fyrir því, að svo kunni að fara, að upphæðin verði greidd, úr því heimild er til. Í fjárlagafrv. er ekkert tillit tekið til verðtolls, sem þingið hefir nýlega samþykt lög um. Fjvn. mun við 3. umr. taka þennan tekjuauka til yfirvegunar og mun bera sig saman við hæstv. fjrh. (JÞ) um, að hve miklu leyti sje ástæða til að taka tollaukann til greina í fjárlagafrv.

Þá vil jeg minnast nokkrum orðum á þær till. nefndarinnar, sem andmælum hafa sætt. Skal jeg ekki endurtaka það, sem jeg hefi sjálfur sagt eða aðrir; álít nóg, að það komi á einum stað í Þingtíðindunum. Vil jeg stuttlega skýra frá afstöðu fjvn. Ein till. nefndarinnar er um að lækka laun aðstoðarlæknisins á Ísafirði. Vildi jeg einungis benda á það, að launalögin minnast ekki einu orði á þennan mann. Upphæðin — 1500 kr. — er nærri tvöföld við það, sem hefði átt að gilda fyrir hann, jafnvel þó fylsta dýrtíðaruppbót væri reiknuð.

Hæstv. dómsmálaráðherra (JM) efaðist um, að nefndin hefði valið rjetta leið með því að ákveða sjúkraskýlastyrkinn til vissra hjeraða. Í því efni skírskota jeg til þess, sem jeg hefi áður sagt, sömuleiðis hv. 5. landsk. þm. (JJ).

Um hækkun á fjárveitingu til flutningabrauta get jeg upplýst það, að með þessari upphæð, sem í frv. stendur, væri ekki hægt að halda við þeim flutningabrautum, sem koma undir ríkissjóð með nýju vegalögunum. En Holtaveginn þarf að bæta og sömuleiðis veginn hjeðan og austur.

Út af ummælum hæstv. forsrh. um það, hvernig skilja bæri styrkinn til námskvenna, er því að svara, að nefndin gekk út frá lögákveðnum styrk til ljósmæðraefna og reiknaði sömu dýrtíðaruppbót sem annarsstaðar, 45 kr. á hverja námsmey og 50% dýrtíðaruppbót. Upphæðina miðaði nefndin við það, að í skólanum yrðu ekki fleiri en 12 námsmeyjar, sbr. frv. um það efni, sem er á ferð gegnum þingið.

Hvað snertir styrkinn til Jóhannesar L. L. Jóhannssonar til samningar orðabókar, skírskota jeg til ræðu minnar. Háttv. 5. landsk. þm. vildi halda því fram, að maðurinn væri með öllu óhæfur til starfsins og það í sjálfu sjer einskis nýtt. Þessu mótmæli jeg eindregið og skoða þessi ummæli háttv. þm. sem hvern annan órökstuddan sleggjudóm.

Jeg skal upplýsa út af ummælum háttv. 2. þm. S.-M. (IP), að forstöðumaður löggildingarstofunnar tjáði fjvn., að landskjálftamælirinn væri eign þýsks fjelags; hefði það haft á orði að taka hann burt vegna þess, að engin athugun hefði verið gerð. Þá er veðurathuganastyrkurinn. Fjvn. Nd. hefir búist við, að 35 þús. kr. myndu ekki nægja. Við álítum, að halda megi í horfinu, án þess að slíta samböndum við útlendar stöðvar, með því að hækka upphæðina nokkuð.

Till. um styrk til hjónanna í Hítardal hefir ekki sætt andmælum nema úr einni átt. Þessi hjón hafa átt 10 sonu á 13 árum. Fordæmið gildir því ekki annarsstaðar en þar, sem eins er ástatt.

Að því er snertir aths. við styrkinn til Árna Th. Pjeturssonar, sem allmikið hefir verið rifist um og andmælt hefir verið af hv. 1. landsk. þm. (SE) og hv. 2. þm. G.-K. (BK), þá vil jeg taka það fram, að mjer virðist þeir hafa misskilið hana, því að þar er tekið fram, að styrkurinn sje aðeins þangað til stjórnin veiti honum aftur starf hans eða annað álíka, sem liggur beinast við eftir athugasemdinni, að eigi að gerast á næsta ári, en úr því að það hefir ekki verið gert, getur

tæplega komið til mála að láta styrk þennan standa lengur.

Síðustu brtt. nefndarinnar á þskj. 376 tekur hún aftur til 3. umr., eftir tilmælum hæstv. atvrh.

Þá hefir fjvn. gert skriflega brtt. við XIII. brtt. á þskj. 394, frá hv. 5. landsk. þm. (JJ), og vænti jeg, að hæstv. forseti leyfi henni að komast að, þó að hún sje seint komin fram, því að hún er beint skilyrði fyrir því, að nefndin geti fallist á tillöguna.

Þá skal jeg snúa mjer að brtt. einstakra háttv. þm. á þskj. 394, og er það um þá fyrstu (I 1) að segja, að nefndin sjer sjer ekki annað fært en að vera á móti henni, ekki fyrir þá sök, að hún telji það ekki gott og blessað, að læknar fari utan og afli sjer nýrrar læknisþekkingar, heldur vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs. Um 2. lið hennar hafa nefndarmenn óbundin atkvæði, og sömuleiðis um 3. lið hennar, um styrkinn til íslenskra hjúkrunarkvenna.

Um till. hv. 1. þm. Rang. (EP) undir tölulið II,1 hefir nefndin einnig óbundnar hendur. Samræmisins vegna gat meiri hl. nefndarinnar ekki fylgt till. þessari, sem er um að veita Guðmundi Guðfinnssyni 1500 kr. styrk til augnlækninganáms erlendis, því að svo stendur á, að í síðustu fjárlögum fjekk annar ungur og efnilegur læknir styrk til framhaldsnáms í annari grein læknisvísindanna, sem er engu þýðingarminni, og sækir og um framhaldsstyrk, er nefndin hefir fjárhagsörðugleikanna vegna ekki sjeð sjer fært að taka upp. Einnig leit meiri hl. nefndarinnar svo á, að maður, sem búinn væri að sitja alllengi í embætti, hlyti að eiga hægara um vik en fátækur kandidat. Enda mun G. G. ljúka námi hvort sem hann fær styrk þennan eða ekki, eða að minsta kosti var ekki hægt að fá annað út úr brjefi því, er hv. flm. till. las upp.

Að því er snertir brtt. undir III. tölulið, þá er nefndin á móti þeim öllum, því að hún telur ekki hægt að finna betri lausn á því máli en hv. Nd. komst að.

Þá hefir nefndin óbundnar hendur um brtt. IV,1, um aukinn styrk til Flensborgarskólans. En hún þykist hafa bætt skólanum upp það, sem hv. Nd. kleip af fjárveitingunni til hans, þar sem í skólanum mun vera um 60 manns, og er óhætt að gera ráð fyrir, að 20 greiði skólagjald, sem er 150 kr. af hverjum. $20 \times 150 = 3000$, sem renna eiga í skólasjóð.

Um skólann í Bergstaðastræti (IV,2) hefi jeg aldrei heyrt annað en að hann væri mjög góður og þarfur, og mun jeg greiða atkv. mitt með fjárveitingunni til hans, en annars hafa allir nefndarmenn þar óbundin atkvæði.

Hið sama er að segja um V. brtt. Nefndin viðurkennir, að stúlka þessi hafi unnið gott starf og hefði gjarnan viljað láta hana fá styrk þennan áfram, en þar sem í síðustu fjárlögum var veittur styrkur til leikfimiskenslu fyrir utanbæjarpilta, og sá hinn sami maður, sem hafði kenslu þá á hendi, sótti einnig um styrk þennan nú og nefndin sá sjer ekki fært að veita hann, finnur hún ekki frekar ástæðu til að veita stúlku þessari styrk til leikfimiskenslu fyrir utanbæjarstúlkur. Enda ekki rjett að gera upp á milli karla og kvenna í því efni.

Um VI. brtt. hefir nefndin óbundnar hendur.

Um VIII. brtt. hefir nefndin sömuleiðis óbundnar hendur, því að hún hefir ekki getað orðið þar sammála. Nokkur hluti hennar leit svo á, að þær tekjur, sem

með tímanum myndu aukast við sendingu frjettaskeytanna út um land, mundi vega á móti þessum styrk. En hinsvegar verður því ekki neitað, að slík frjettaskeyti eru bæði til skemtunar og fróðleiks fyrir þjóðina. Telja því nokkrir nefndarmenn, að rjett sje að veita þennan styrk.

Aftur á móti mælir öll nefndin með 2. lið þessarar brtt.

Með VIII. brtt. getur nefndin ekki mælt, og liggja þar til að mestu hinar sömu ástæður og hv. þm. Snæf. (HSteins) tók fram.

Um IX. breytingartillöguna hefir nefndin óbundnar hendur, en vill geta þess, að þessi liður er kominn inn í frv. eftir tillögum sjávarútvegsnefndar Nd., og skilur fjvn. ekki, hvernig á því stendur, að þessir fiskiyfirmatsmenn hafa ekki einnig verið teknir með, en telur þó líklegt, að sjútvn. hafi eitthvað haft fyrir sjer.

Þá hefir nefndin óbundnar hendur um X. brtt. og sömuleiðis um varatillöguna.

Sömuleiðis mælir nefndin með 1. lið XI. brtt., en hefir óbundnar hendur um hinn síðari.

Þá er nefndin á móti tillögunni um styrk til júbil-ljósmóður Þórdísar Símonardóttur. Henni dettur ekki í hug að bera brigður á það, að þessi heiðurskona sje styrksins fyllilega makleg. En hún óttast, að slík styrkveiting myndi draga marga dilka á eftir sjer. Aftur á móti lítur nefndin svo á, að þau sveitarfjelög og sýslufjelög, sem notið hafa starfskrafta þessarar ágætu konu, ættu að veita henni á gamalsaldri dálítinn lífeyri, og vil jeg því leyfa mjer að skjóta því til flm. tillögunnar að fá hv. 1. þm. Árn. (MT) til þess að útvega konu þessari styrk þennan frá sýslufjelögunum fyrir austan.

Um XIII. brtt. hefir verið talað áður, og eins og tekið hefir verið fram, kom nefndin ekki með tillögu um að veita eftirgjöf á vöxtum, og leggur því til, að það sje felt úr tillögunni.

Sem að líkindum ræður hefir nefndin óbundnar hendur um síðustu brtt. á þskj. 394, þar sem flm. er einn af nefndarmönnunum. Nefndinni þótti leiðinlegt, að geta ekki borið hana fram sem sína, en hún treystist ekki til þess, af ótta við, að svo margar slíkar tillögur myndu koma á eftir.

Læt jeg svo máli mínu lokið.

Einar Árnason: Aðeins örfá orð út af þeim umræðum, sem hjer hafa orðið um ljósmæður. Það hafa verið haldnar allhátíðlegar ræður um ljósmóðurina á Eyrarbakka. Þó jeg þekki ekkert konu þessa, efast jeg ekki um, að hún sje í alla staði mjög heiðvirð kona og eigi alt gott skilið hjá sveitungum sínum. En þó að hún síðastliðið sumar hafi *unnið hjarta* hv. 1. landsk. þm. (SE), eins og hann orðaði það, get jeg ekki lagt svo mikið upp úr því, vegna þess, að það er alt undir því komið, hve mikið þarf til að vinna hjarta hv. þm. Það, sem jeg vildi nú segja í þessu sambandi, er það, að mjer finst ekki eðlilegt, að gleymt sje þeirri ljósmóðurinni, sem er ljósa tveggja núverandi þingmanna, nefnilega háttv. 2. þm. Rang. (KlJ), sem er aldursforseti Nd., og mín. Er það nú kona háöldruð, fullra 90 ára. En því miður man jeg ekki fyrir víst, hve lengi hún var ljósmóðir, en víst er, að það var kringum 50 ár. Annars skiftir það ekki svo miklu máli, hvort það var einu eða tveimur árum ofar eða neðar. Skal jeg svo ekki lengja umræðurnar frekar. Jeg vildi aðeins gera deildinni aðvart um þetta, vegna þess, að verði þessi

tillaga um ljósmóðurina á Eyrarbakka samþykt, verður naumast hjá því komist að taka þessa gömlu fátæku konu með.

Sigurður Eggerz: Jeg hefi enga ástæðu til að þakka hv. fjvn. fyrir undirtektir hennar í þessu ljósmóðurmáli. Annars er það merkilegt, hvernig hv. deild hefir snúist í þessu máli, þar sem hún, sjer til lítils sóma, hefir gert það að hreinu fíflskaparmáli og gert alt, sem hún hefir getað, til þess að eyðileggja það. Það lítur helst út fyrir, að hv. deildarmenn meti ekki mikils störf þessara kvenna. En jeg fyrir mitt leyti skal játa, að jeg met þau mikils og tel þau mikilsverð, já, svo mikilsverð, að jeg teldi það ekkert hneykslanlegt, þó að ein ljósmóðir fengi styrk á ári úr hverjum fjórðungi.

Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) taldi það ekki mikilsvert, þó að ljósmóðir þessi hefði unnið hjarta mitt. Um það skal jeg ekki deila. En hitt er víst, að hún hefir ekki aðeins unnið mitt hjarta, heldur og fjölda mörg önnur. Annars er það alt annað en skemtilegt, hve sumum hv. deildarmönnum er mikið áhugamál að koma þessum litla styrk fyrir kattarnef. Og vel mættu þeir geyma fyndni sína til annara þarfari hluta. En auðvitað ræður hver sínum gerðum, og síst öfunda jeg þá af stórvirki því, sem þeir eru nú að vinna með hinni óstöðvandi fyndni sinni, og vart mun þá dreyma vel í nótt, er þeir hafa tekið ellistyrkinn frá öldruðu heiðurskonunni.

Jóhann Jósefsson: Aðeins örfá orð út af þeim orðum hv. frsm., að fjvn. hefði ekki athugað þær ástæður, er lágu til grundvallar fyrir því, að sjávarútvegsnefnd Nd. hækkaði laun þriggja yfirfiskimatsmannanna af fimm. Jeg hefi átt tal við tvo úr nefndinni, og sagði annar þeirra, að það hefði verið farið eftir stærð umdæmisins, en hinn sagði, að miðað hefði verið við embættisaldur. Eftir þessu verð jeg að líta svo á, að sú grundvallarregla, sem nefndin hefir bygt á, hljóti eitthvað að vera á reiki. Annars lít jeg svo á, að vel mætti fara eftir fiskmagni því, sem gengur í gegnum hendurnar á hverjum þeirra, og árið 1923 var það sem hjer segir:

Í Vestfirðingafjórðungi ...	28	þús. skp.
– Vestmannaeyjum	26	— —
– Austfirðingafjórðungi ..	20	— —
– Norðlendingafjórðungi ..	16	— —

Jeg held því, að hjer sje, að minsta kosti ekki hvað Vestmannaeyjar snertir, ekki svo miklu sem munar, að rjett hafi verið af sjútvn. að gera svona mikið upp á milli þessara manna. Ætti því þessi hv. deild að bæta úr þessu misrjetti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 376,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

8.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 376,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 376,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 376,4 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 376,5 a samþ. með 13 shlj. atkv.

— 376,5 b samþ. með 13 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 376,6 samþ. með 8:4 atkv.

— 376,7 samþ. án atkvgr.

— 376,8 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JJ, SE, BK, EÁ, GÓ, HSn, IHB.

nei: IP, JJós, JM, SJ, EP, HSteins.

Brtt. 394,I 1 feld með 8:3 atkv.

— 394,I 2 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 394,I 3 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 394,II 1 (aðaltill.) samþ. með 9 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 376,9 samþ. með 8:4 atkv.

— 376,10 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 376,11 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 394,II 2 samþ. með 8:5 atkv.

— 376,12 a samþ. með 13 shlj. atkv.

— 376,12 b samþ. með 11 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

Brtt. 376,13 samþ. með 10:2 atkv.

— 376,14 a samþ. með 10 shlj. atkv.

— 376,14 b samþ. með 10 shlj. atkv.

— 376,15 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 376,16 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 376,17 samþ. með 8:1 atkv.

— 394,III 1 (aðaltill.) feld með 11:3 atkv.

— 394,III 1 (varatill.) feld með 10:3 atkv.

— 394,III 2 (aðaltill.) feld með 9:2 atkv.

— 394,III 2 (varatill.) feld með 10:2 atkv.

— 376,18 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 376,19 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 376,20 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 394,IV 1 samþ. með 8:5 atkv.

— 376,21 a samþ. með 8:1 atkv.

— 376,21 b samþ. með 12 shlj. atkv.

— 394,IV 2 feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, BK.

nei: EÁ, EP, GÓ, IP, JJ, SE, SJ, HSteins.

Brtt. 376,22 samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 394,V samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JM, SE, BK, EP, HSn, IHB, JJós, HSteins.

nei: JJ, SJ, EÁ, GÓ, IP, JóhJóh.

14. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

Brtt. 376,23 samþ. með 8:3 atkv.

— 376,24 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 376,25 samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GÓ, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, SE, BK, EP, HSteins.

nei: IP, JJ, SJ.

Brtt. 376,26 samþ. með 10:1 atkv.

— 376,27 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 394,IV samþ. með 10 shlj. atkv.

— 376,28 samþ. með 9:1 atkv.

— 376,29 samþ. með 11:1 atkv.

— 394,VII 1 (aðaltill.) feld með 10:1 atkv.

— 394,VII 1 (varatill.) samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, HSn, JJós, JJ, SE, SJ, BK, EP, HSteins.

nei: EÁ, IHB, IP, JóhJóh, JM.

15. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 394,VII 2 samþ. með 8:2 atkv.

— 376,30 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 394,VIII feld með 8:4 atkv.

— 394,IX samþ. með 9 shlj. atkv.

— 376,31 a samþ. með 8:4 atkv.

— 376,31 b samþ. með 9 shlj. atkv.

— 394,X (aðaltill.) feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SJ, BK, EP, IHB, JJós, JM.

nei: JJ, EÁ, GÓ, HSn, IP, JóhJóh, HSteins.

Brtt. 394,X (varatill.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 376,32 samþ. með 9 : 3 atkv.
— 376,33 a samþ. með 12 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, SE, SJ, BK, EÁ, GÓ, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, HSteins.
nei: EP, IP.
Brtt. 376,33 b samþ. með 11 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
17. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 376,34 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 376,35 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 376,36 samþ. með 8 : 4 atkv.
— 376,37 samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SJ, EP, EÁ, GÓ, HSn, IHB, IP, JóhJóh, JJ.
nei: SE, BK, JJós, JM, HSteins.
Brtt. 394,XI 1 feld með 9 : 4 atkv.
— 394,XI 2 feld með 9 : 4 atkv.
— 394,XII feld með 10 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JJ, SE, EP.
nei: HSn, IHB, IP, JóhJóh, JM, SJ, BK, EÁ, GÓ, HSteins.
18. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Afbrigði um skriflega brtt. frá fjvn. (verður þskj. 405), við brtt. 394,XIII, leyfð og samþ. í e. hlj.
Brtt. 405 samþ. í e. hlj.
— 394,XIII, svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
20. gr., með þeim breytingum, sem á eru orðnar öðrum greinum frv., samþ. með 12 shlj. atkv.
21. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 394,XIV feld með 10 : 4 atkv.
22. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 376,38 tekin aftur.
23. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 406, 417, n. 418, 422, 434).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg skal reyna að ganga á undan með góðu eftirdæmi og vera svo stuttorður, sem unt er, þegar jeg nú vil gera nokkra grein fyrir brtt. fjvn. á þskj. 417. Fyrst hefir hún leyft sjer að gera þrjár brtt. við tekjukafla fjárlaganna. Hin fyrsta þeirra er við 2. gr. 14. lið, um að hækka áætlaðar tekjur af stimpilgjaldi upp í 600 þús. kr. Jeg þykist vita, að allir háttv. deildarmenn viti, að þessi hækkun er fram komin vegna verðtollslaganna, sem þingið hefir nýlega samþykt, en ekki hefir fyr verið tekið tillit til í fjárlagafrv. En eins og kunnugt er, á að innheimta þann toll sem stimpilgjald, og er því ekki nema eðlilegt, að tekið sje tillit til þessa tolls, með því að hækka tekjuáætlunina, sem því nemur, er búast má við, að hann gefi í aðra hönd.

Þegar verðtollsfrv. var til umræðu í hv. Nd., voru þar gefnar þær upplýsingar, að innflutningur þeirra vörutegunda, sem þá var gert ráð fyrir að tollurinn næði til, hefði numið um 10 milj. kr. árið 1921. Þar sem tollurinn er 20%, hefði hann átt að nema 2 milj. kr., ef gera hefði mátt ráð fyrir sama innflutningi. En þá var strax gert ráð fyrir því, að tollurinn sjálfur myndi draga til helmings úr innflutningnum, svo að tekjurnar af honum næmu í hæsta lagi 1 milj. kr., og það var sá tekjuauki, sem búist var við mestum, þegar frv. kom fyrir þessa hv. deild. En hjer voru gerðar verulegar breytingar á frv., eða svo miklar, að óhætt mun að fullyrða, að þær hafi rýrt tekjuaukann, sem það hafði í för með sjer, fast að helmingi þess, sem áður var

hann áætlaður. Nefndin vill nú fara varlega í áætlunum sínum og áætla tekjuaukann vegna verðtollsins 300 þús. kr. Sumir hv. nefndarmenn vildu meira að segja fara enn varlegar í sakirnar og gera aðeins ráð fyrir 200 þús. kr. tekjuauka, vegna þess, að nú er aðflutningsbann á miklum hluta þeirra vörutegunda, sem tollurinn nær til. En nefndin bjóst við, að því hærri sem tekjur ríkissjóðs vegna verðtollsins væru áætlaðar, því minna gerði hæstv. stjórn að því að hefta innflutning, því að það liggur beint við, að stjórnin reyni að gæta þess, að ríkissjóður fái þær tekjur, sem honum eru áætlaðar í fjárlögum.

Ef þingið nú áætlar, að verðtollurinn gefi ríkissjóði 300 þús. kr. tekjur, þá geri jeg ráð fyrir, að hæstv. stjórn beiti ekki meiri innflutningshöftum en svo, að hún sje viss um, að ríkissjóður fái þessar tekjur.

Önnur brtt. nefndarinnar við þennan kafla er sú, að hækka áætluð skólagjöld upp í 20 þús. kr. Þetta skólagjald kom fyrst til sögunnar árið 1923 og náði þá aðeins til lægstu deilda þeirra skóla, en það á annað borð náði til. Eftir upplýsingum, sem nefndin hefir aflað sjer hjá ríkisfjehirði, nam gjald þetta fyrsta árið samtals 6850 kr.

Þegar þess er gætt, að gjaldið náði aðeins til neðstu deilda skólanna og að nú bætast næstneðstu deildirnar við, með tiltölulega jafnmörgum nemendum, má áætla, að gjaldið nemi í ár 13—14 þús. kr. Árið 1925 bætist ekki aðeins þriðja deildin við hvern skóla, sem verður gjaldskyld, heldur er gert ráð fyrir, að gjaldið nái þá einnig til lærdómsdeildar mentaskólans. Auk þess er það hækkað úr 100 kr. upp í 150 kr. fyrir innanbæjarnemendur. Er því ekki of hátt reiknað að ætlast til, að það gefi 20 þús. kr. tekjur, jafnvel þó gengið sje út frá því sem sjálfsögðu, að undanþágur frá því verði framvegis veittar, ef skilyrði fjárlaganna eru fyrir hendi.

Þriðja brtt. er um, að áætlaður arður af hlutafjáreign ríkissjóðs í Eimskipafjelagi Íslands falli niður. Eftir öllum upplýsingum um hag fjelagsins og frv. þeim, sem fyrir þinginu liggja, um að undanþiggja það opinberum gjöldum og styrkja það á ýmsan hátt, þá sýnist lítils arðs að vænta úr þeirri átt, og er það því aðeins að villa sýn að færa hann tekjumegin.

Næst er að minnast á brtt. nefndarinnar við 13. gr. C. 1. a., um að lækka styrkinn til Esju úr 180 þús. kr. niður í 150 þús. kr. Ástæðan til þessarar brtt. er sú, að stjórn Eimskipafjelagsins hefir skrifað atvinnumálaráðuneytinu brjef, þar sem hún gerir till. um, að strandferðum Esju verði breytt þannig, að þær byrji í öndverðum aprílmánuði og haldi áfram fram í nóvember. Þá fari skipið til útlanda og liggi þar í þurkví til 15. mars, en haldi síðan til Reykjavíkur, til þess að hefja strandferðirnar á ný. Gert er og ráð fyrir því, að mestur hluti skipshafnarinnar verði sendur hingað heim á meðan skipið er erlendis, en verði síðan sendur út aftur í byrjun marsmánaðar. Stjórn Eimskipafjelagsins áætlar, að við þessa tilhögun sparist um 54 þús. kr. Aftur á móti býst hún við því, að veita þurfi Goðafossi um 10 þús. kr. styrk til þess að halda uppi strandferðum yfir vetrarmánuðina, og að sparnaðurinn verði þannig samtals um 44 þús. kr.

Hæstv. stjórn hefir lagt þessa tillögu Eimskipafjelagsins fyrir samgmn. þingsins, og hafa þær fallist á þær. Sömuleiðis hefir hæstv. atvrh. (MG) fallist á þær,

og sama er að segja um fjvn., og hefir hún því leyft sjer að bera fram þessa tillögu.

Næsta brtt. nefndarinnar er um, að kennaralaun háskólans lækki um 7000 kr. Ástæðan er sú, að nú er búist við því, að prófessorinn í hagnýtri sálarfræði verði, áður en fjárlög þessi ganga í gildi, skipaður landsbókavörður og hverfi því frá háskólanum. Telur nefndin því rjett að lækka kennaralaunin sem næst þeirri upphæð, sem hann annars myndi fá sem kennari. Í samræmi við þessa brtt. ber nefndin svo fram aðra, um að núverandi landsbókavörður fái hækkuð lögmælt eftirlaun, þegar hann lætur af embætti.

Þá er brtt. um að hækka náms- og húsaleigustyrk til stúdenta við háskólann hjer um 3000 kr., eða upp í 13 þús. kr. Nefndin sá sjer ekki fært að fara hærra, þó að hún hinsvegar viðurkenni, hversu afarerfitt stúdentar eiga með að komast af, og þó að hjer sje um mjög verulega niðurfærslu að ræða frá því, sem nú er. Árið 1923 var þessi náms- og húsaleigustyrkur 18 þús. kr., en í núgildandi fjárlögum 21 þús. kr. Þó að þessi till. nefndarinnar verði samþykt, þá er hjer um verulega lækkun að ræða. Jafnframt vil jeg geta nokkurs aths. um þennan styrk, sem sje að ætlast er til þess, að 12500 kr. komi úr sáttmálasjóði í þessu skyni. Fjvn. er því að vísu samþykk, að eftir skipulagsskrá sjóðsins ráði háskólaráðið því eitt, hvernig tekjum hans er varið. En hinsvegar vill nefndin slá því föstu, að ekkert það ákvæði finnist í stofnskrá sjóðsins, sem sje því til fyrirstöðu, að stúdentar sjeu styrktir af honum, heldur þvert á móti; það er í fullu samræmi við stofnskrána. Það er því undir stjórn sjóðsins, háskólaráðinu, komið, hvort stúdentar fá þenna styrk. Við háskólann eru nú um 100 stúdentar, og af þeim eru í ár 76 styrkþegar. Það er því ekki há upphæð, sem kemur í hlut hvers. Nefndin er annars þeirrar skoðunar, að frekar beri að veita eldri en yngri stúdentum styrk þennan, en hefir þó ekki treyst sjer til að setja ákveðnar reglur þar að lútandi. Það er ilt fyrir menn að þurfa að hætta námi að afloknu stúdentsprófi, en þó er enn meiri röskun á lífsbraut þeirra, sem þurfa að hætta eftir tveggja til þriggja ára háskólanám. Jeg vil vona, að háttv. deild samþykki því þessa hækkunartill., því að hún verður að teljast mjög sanngjörn. Það eitt kann að vera athugavert við hana, að hún gangi ekki nógu langt.

Íslenskir stúdentar við erlenda háskóla, sem nú munu vera um 25, fá nú 1200 kr. danskar hver, og nam styrkur þessi síðastliðið ár yfir 30 þús. kr. Nú er ekki meiningin, að styrkur þessi verði áætlunarupphæð, heldur fari ekki fram úr 12000 kr. samtals, samkv. till. hv. Nd. Sjá því allir, að hjer er mjög þrengt að kjörum þessara stúdenta, og er spurning, hvort margir þeirra verði ekki að hætta námi, ef svo langt verður gengið. Hv. Nd. hefir, að dómi nefndarinnar, farið of langt í því að skera styrk þennan við neglur sjer, og væntir hún þess, að hv. deild geti að minsta kosti fylgt till. sinni um 3000 kr. hækkun á þessum lið.

Þá hefir nefndin lagt til, að laun við Þjóðskjalasafnið verði færð úr 13 þús. kr. niður í 6750 kr., sem eru byrjunarlaun þjóðskjalavarðar með dýrtíðaruppbót. Það er nú búist við því, að embætti þetta verði veitt núverandi aðstoðarskjalaverði, en það embætti verði aftur á móti ekki veitt. Við þá ráðstöfun sparast þannig um 6000 kr.

Í sambandi við þetta vill nefndin leggja til, að ætlað verði til aðstoðar við safnið

1500 kr., í stað 1000 kr., sem nú er í frv. Er ekki nema sanngjarnt að ætla þjóðskjalaverði dálítið meiri aðstoð framvegis við að búa um skjöl en hingað til hefir verið, þar sem hann verður hjer eftir eini fasti starfsmaður safnsins, í stað tveggja áður.

Þá vill nefndin lækka styrkinn til Hannesar Þorsteinssonar um 500 kr., niður í 1500 kr. Stafar þessi till. ekki af því, að nefndin viðurkenni ekki vísindastarfsemi þessa manns, heldur af hinu, að búist er við því, eins og jeg tók áður fram, að hann taki nú við þjóðskjalavarðarembættinu og hafi því minni tíma til vísindaiðkana sinna en áður.

Þá leggur nefndin til, að liðurinn I, b. í 18. gr. frv. verði hækkaður um 200 kr. Ástæðan er sú, að í tilsk. frá 31. maí 1855, sem var enn í gildi þegar Hannes sál. Hafstein dó, var gengið út frá því, að börn embættismanna fengju 100 kr. styrk. En þrátt fyrir það hefir ennþá farist fyrir, að þau tvö börn hans, sem enn eru í ómegð, hafi fengið nokkurn slíkan styrk, líklega vegna þess, að kona hans var dáin á undan honum. Hinsvegar hefir Íslandsbanki lagt börnum þessum til 1000 kr. styrk hvoru í virðingarskyni við minningu föðurins. Nú hefir fjárhaldsmaður þeirra farið þess á leit, að börnin fengju þennan lögboðna styrk, 100 kr. hvort, frá þeim tíma, er faðir þeirra dó, og hefir hæstv. stjórn mælt með því. Fjvn. lítur svo á, að sjálfsagt sje að verða við þessari málaleitun, og leggur því til, að liðurinn verði hækkaður um 200 kr., en vill þó jafnframt láta þess getið, að hún ætlast til, að börnin fái lögmæltan styrk frá dánardægri Hafsteins sál., þó að styrkurinn hafi ekki verið tekinn upp í fjárlögum fyr en nú.

Þá kemur nýr liður, sem jeg reyndar gat um áðan, að veita Jóni Jacobson landsbókaverði 3000 kr., ef hann lætur af embætti. Eins og jeg hefi áður sagt, er í ráði, að svo verði, og hefir hv. mentamn. lagt eindregið til, að honum verði veitt þessi eftirlaun, og hefir fjvn. fallist á það.

Þá hefir nefndin gert tvær brtt. við 19. gr., og er sú fyrri þeirra skipulagsbreyting. Nú á gr. í frv. að vera í tveim liðum, en er aðeins í einum lið. Nefndin lætur hann óbreyttan að öðru leyti en því, að ákvæðið um að veita Ólafi J. Hvanndal greiðslufrest á viðlagasjóðsláni sje fært úr þessari grein og flutt til 21. gr. frv.

Hin brtt. við 19. gr. er sú, að áætla 100 þús. kr. fyrir væntanlegri hækkun dýrtíðaruppbótar embættismanna. Nefndinni hefir borist erindi frá hæstv. fjrh. (JÞ), þar sem hann skýrir frá því, að hann hafi látið hagstofuna reikna út dýrtíðaruppbótina fyrir árið 1925, eins og hún yrði eftir því verðlagi, sem var í aprílmánuði í ár. Komst hagstofan að þeirri niðurstöðu, að samkv. núgildandi verðlagi yrði hún 59⅓%, en í fjárlagafrv. er hún nú áætluð 50%. Hæstv. fjrh. þykir ótækt, að þessi dýrtíðaruppbót verði í fjárlögum áætluð lægri en líkur eru til, að hún verði í raun og veru, og hefir því lagt til, að vegna þessarar hækkunar verði 168 þús. kr. áætlaðar í einu lagi í 19. gr. frv., þar eð ekki sje gerandi að skifta hækkuninni niður á allar þær gr. frv., sem hún nær til. Nefndin er honum sammála um þetta atriði, og eins um hitt, að taka beri tillit til hækkunarinnar, en vill áætla hana 100 þús. kr.; jafnvel þó að gera megi eins vel ráð fyrir henni hærri þegar til kemur, þá er þó ekki víst enn, hversu miklu hækkunin nemur. Ræður nefndin því hv. deild til að samþykkja sína brtt. heldur en till. hæstv. fjrh., þó að það

skifti í sjálfu sjer ekki miklu máli, þar sem hjer er um áætlunarupphæð að ræða.

Annar liður 21. gr. fer í þá átt, að klæðaverksmiðjunni Álafossi verði veittur afborgunarfrestur af láni sínu. Verksmiðjan var áður, eins og kunnugt er, eign Sigurjóns Pjeturssonar og Einars bróður hans. Þeir hafa nú framselt bú sitt til gjaldþrotaskifta, en kona Sigurjóns hefir fengið verksmiðjuna framselda. Hefir hún komist að samningum við Íslandsbanka, og er því líklegt, að verksmiðjan geti haldið áfram að starfa, ef henni verður veittur þessi afborgunarfrestur. Fyrverandi stjórn var með þessu og núverandi hæstv. stjórn einnig, og því hefir fjvn. komið fram með þessa brtt.

Þá hefir komið fram beiðni frá Guðmundi sýslumanni Björnssyni, þess efnis, að fastákveðið verði, hvernig honum beri að greiða vexti af viðlagasjóðsláni hans. Voru vextirnir fyrst ákveðnir 6%, en þá voru bankavextir 8%. Var tilætlunin sú, að vextir af láni hans skyldu vera 2% undir venjulegum bankavöxtum. Bankavextir fóru um eitt skeið niður fyrir 8%, en engu að síður var hann krafinn um 6% vexti. Vegna þessa fer sýslumaðurinn nú þess á leit að fá fastákveðið um þetta atriði. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir mælt með beiðni hans, og því hefir fjvn. komið með þessa brtt. Nú sem stendur eru útlánsvextir bankanna hjer 8%, og meðan svo er hefir þetta enga „praktiska" þýðingu, en lækki þeir aftur, þá hefir brtt. sín áhrif, og þess vegna er mál þetta borið fram.

Þá á fjvn. ekki fleiri till. að þessu sinni, en um aðrar brtt. ætla jeg ekki að tala nú. Ef brtt. um að hækka tekjukaflann um 317 þús. kr. ÷ 5 þús. kr. verða samþyktar, aukast áætlaðar tekjur um 312 þús. kr. Sparnaðartill. nefndarinnar nema í alt 45 þús. kr. Hinsvegar hefir nefndin orðið að leggja það til, að tekinn yrði upp stór útgjaldaliður, sem sje 100 þús. kr. til viðbótar við dýrtíðaruppbótina, en aðrar hækkanir nefndarinnar nema 6000 kr. Ef brtt. þessar verða samþyktar, en ekki aðrar, þá fer fjárlagafrv. út úr þessari háttv. deild með töluverðum tekjuafgangi. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um brtt. að sinni.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg get sem við 2. umr. þessa máls látið í ljós ánægju mína yfir brtt. hv. fjvn., sem mjer virðist gæta mjög hófs um útgjaldatill. sínar. Að því er snertir aðaltill., um hækkun á stimpilgjaldinu úr 300 þús. kr. upp í 600 þús. kr., þá verð jeg að segja, að það er ekki hægt fyrirfram að ráða í, hversu mikið verðhækkunartollurinn muni gefa af sjer. Það kemur áður en lýkur í ljós, að það mun draga úr vilja manna til innflutnings, að vörurnar sjeu þannig tollaðar, enda hafa margir látið það í ljós við mig, að þeir mundu ekki hafa útvegað sjer vörur, ef þeir hefðu fyrirfram vitað um tollinn. Sýnir það ljóslega, að hann muni draga úr innflutningsvilja manna. Hvernig þetta muni verða árið 1925, er ómögulegt að segja neitt um. Jeg fyrir mitt leyti tel þetta gjald mjög óvissan tekjustofn. Verði tekjurnar af honum litlar, þá er það vitanlega af því, að tollurinn hefir dregið úr innflutningnum, og var þetta einmitt annar tilgangurinn með þessum tolli. Jeg álít ekki rjett að áætla verðhækkunartollinn hærri en 200 þús. kr., en hefi þó ekki á móti því, að hann verði settur 300 þús. kr. Jeg mun verða að fara fram á það,

að innflutningurinn verði ekki að öðru leyti svo heftur, að tekjuáætlun fjárlaganna fái ekki staðist, því stjórnin hlýtur að líta svo á, að það sje skoðun þingsins, að hún verði að sjá um það, að áætlanir fjárlaga standist, að svo miklu leyti sem það er á stjórnarinnar valdi. Tvær af till. hv. fjvn., brtt. 2. við 14. gr. og brtt. 1. við 15. gr., fara fram á það að setja í fjárlögin lögmælta launaupphæð með lægri tölu en þeim, sem koma út samkvæmt gildandi lögum. Skal jeg geta þess, að við meðferð fjárlagafrv. í hv. Nd. var slíkum till. vísað frá með forsetaúrskurði. Þó að eg geti þessa hjer, þá skal jeg taka það fram, að jeg álít ekki, að þetta hafi verið rjett, og jeg minnist ekki á þetta í því skyni að beina því að hæstv. forseta þessarar hv. deildar, að fara eins að. Geri jeg ráð fyrir, að till. fái að komast til atkvæða.

Þá vildi jeg minnast á brtt. mína um, að dýrtíðaruppbótin verði hækkuð um 168 þús. kr., í stað þess að hv. nefnd hefir áætlað hana 100 þús. kr. Það er svo um útgjaldaliði fjárlaganna, að jeg álít sjálfsagt að hafa vaðið fyrir neðan sig og áætla þá ríflega, þegar ekki felst í því hvöt til neinnar eyðslu. Hinsvegar er það varhugavert að áætla liðina háa, þegar það getur freistað til eyðslu. Dýrtíðaruppbótin 1925 er lögmælt og verður borguð út, hvort sem hún verður hærri eða lægri en till. Því er rjett að tiltaka svo háa upphæð, að hún verði nægileg. Ef miða á dýrtíðaruppbótina við vöruverð í byrjun aprílmánaðar, þá þarf 168 þús. kr. í viðbót. Meðan það er ekki vefengt, þá verður að setja liðinn með fullri upphæð. Og eins og sakir standa er ekki hægt að benda á neinar líkur fyrir því, að dýrtíðin lækki á næstu tímum. Hitt álít jeg algerlega óleyfilegt, að setja áætlunaruppliæðina niður einungis vegna þess, að það sje hugsanlegt, að reyndin sýni lægri útkomu í október en nú. Sú aðferð er gagnstæð því að hafa vaðið fyrir neðan sig. Það væri jafnvel forsvaranlegt að áætla upphæðina hærri en nú er gert, því að þó að útgjöldin yrðu lægri en áætlunin, þá kæmi það ekki að sök, þar eð vitanlega yrði ekki greitt meira en útgjöldin nema. Jeg hefi því borið fram þessa brtt. til þess að gefa hv. deild tækifæri til að ákveða þennan lið eftir rjettum reglum.

Þá vildi jeg skýra hv. deild frá því, að jeg hefi rjett í þessu sent til prentunar viðaukatill. við 22. gr. frv., er fer fram á það, að stjórninni verði veitt heimild til að selja 3 húseignir, sem landið á. Er það gamla símastöðin á Akureyri og 2 hús í Reykjavík, nr. 3 við Bröttugötu og nr. 10 við Aðalstræti. Á Akureyri hefir verið keypt nýtt hús fyrir síma- og póststöð, og er því ekki þörf á gamla húsinu. Að því er snertir húsin í Reykjavík, þá skal jeg geta þess, að ef ríkissjóður á að eiga þau áfram, þá mun það kosta allmikið fje að halda þeim við. Mun því hentast að selja þau nú. Það má vera, að stjórnin hafi heimild til að selja þessi hús án þess að sjerstakt lagaboð komi til, en okkur hefir þó þótt rjettast að fara þessa leið.

Um till. hv. þingmanna mun jeg geyma mjer að tala, þangað til flutningsmenn hafa gert grein fyrir þeim.

Jónas Jónsson: Jeg vildi leyfa mjer að segja nokkur orð um brtt. þær, sem jeg er riðinn við, og auk þess aðrar till. á þskj. 417.

Jeg vildi þá fyrst taka það fram, að jeg hefi ekki sannfærst af rökum hv. frsm.

fjvn. (JóhJóh) um verðtollinn. Tel jeg það ekki ná nokkurri átt að áætla hann svo lágt. Hv. þingdeildarmenn vita það allir, að það hefir eiginlega verið felt í hv. Nd. að hafa nokkur innflutningshöft á óþarfa varningi. Um það mál hefir verið samþykt till. frá einum hv. þm., sem er lengst frá því að vilja hafa nokkur höft. Því hefir verið haldið fram, að hægt sje engu að síður fyrir hæstv. stjórn að banna mikið af innflutningi slíkra vara, þrátt fyrir yfirlýsingu hv. Nd. Jeg verð að halda því fram, að það verði erfitt, þó að sá hæstv. ráðherra, sem hlut á að máli, vildi gera það, þar sem yfirlýstur vilji Nd. liggur fyrir um það atriði í neikvæða átt og stuðningsmenn hæstv. ráðherra hafa komist að þeirri niðurstöðu, að beina því til hæstv. stjórnar að banna ekki innflutning á öðru en bláberasta óþarfa. Jeg fæ ekki betur sjeð en að hæstv. stjórn verði að taka tillit til þessa vilja. Auk þess hefir þessi vilji komið skýlaust fram í blaði því, sem stjórnað er af stuðningsmönnum hæstv. ráðherra. Út frá þessum forsendum álít jeg það víst, að innflutningurinn verði mikill. Er það því spá mín eftir öllu útliti, að í stað 300 þús. kr. megi áætla um 800 þús. til miljón kr. Skal jeg benda á það, að því hefir verið haldið fram, að gjaldið af þeim örfáu vörutegundum, sem ályktað hefir verið að undantaka, mundi nema mörgum þúsundum króna. Ef það er rjett, hvernig í ósköpunum á þá alt hitt að vega svo lítið? Verðtollurinn hlýtur að komast upp í 800 þús. til eina miljón, og vil jeg leyfa mjer að gratulera hæstv. fjrh. (JÞ) með þeim tekjuauka.

Þá vildi jeg minnast á brtt. hv. þm. Snæf. (HSteins) um sjúkraskýli og læknabústaði. Vil jeg endurtaka það, sem jeg sagði um það mál við 2. umr. fjárlagafrv., að jeg tel heppilegri þá leið hv. fjvn. að veita styrkinn á nafn og ljúka við skýlið í Borgarfirði, því að það verðskuldar þennan styrk. Enda má búast við, að á slíkum stöðum, þar sem hverir eru, sje hægt að koma upp skýlum og læknabústöðum, sem verði tiltölulega ódýrir í rekstri fyrir landið. Er jeg því á móti þessari till. Jeg álít einnig, að það sje heppilegast, að þingið sjálft ráði því, hvar sjúkraskýli eru reist, svo að stjórnin losni við það að klípa styrk þennan sundur milli stuðningsmanna sinna. Jeg veit það, að menn í Vestur-Skaftafellssýslu búast við því, að byrjað verði á sjúkraskýli þar, ef till. þessi verður samþykt.

Þá vildi jeg minnast á aðra brtt. sama hv. þm., um styrk til utanferða hjeraðslækna. Það er vitanlega mjög æskilegt, að læknar fari utan og fullnumi sig í grein sinni. En mjer þætti gaman að heyra skýringu hv. þm. á því, hvernig á því stendur, að einmitt læknarnir, sem eru best launaðir embættismenn landsins, skuli vera svo mjög styrksþurfar.

Í undanförnum fjárlögum hefir staðið styrkur til berklaveikrar konu, en var feldur í Nd. Jeg hefi leyft mjer að fara fram á, að konan fái að halda þessum 500 kr. Það er alkunna, hvernig ástand hefir skapast hjer í sambandi við berklavarnalögin. Þjóðfjelagið sjer fyrir sjúklingum, jafnvel þó að þeir sjeu ekki smitandi. Þessi kona er ekki fær um erfiðisvinnu, en getur þó hjálpað til við ljett störf. Smástyrkur myndi bjarga henni frá neyð. Jeg játa það, að það er ekki auðvelt fyrir landið að taka að sjer marga sjúklinga á þennan hátt. En þegar landið hefir tekið þá að sjer sem slíka, þá er ekki rjett að kasta þeim út á klakann, þegar eytt hefir verið vegna þeirra fje um svo langan tíma.

Jeg leyfi mjer að koma með brtt. við 14. gr. B. XVIII 1, um sundkenslu. Það eru þrír eða fjórir skólar fyrir fullorðið fólk hjer, sem styrktir eru af ríkisfje, sem full ástæða er að hvetja til að nota laugarnar. Kvennaskólinn, verslunarskólinn, samvinnuskólinn og jeg held vjelstjóraskólinn hafa hingað til verið útilokaðir, þ. e. a. s. námsfólkið hefir ekki haft ókeypis sundkenslu. Jeg sje enga ástæðu til að gera þennan mun á skólum og flokka þá eftir því, hvort þeir eru ríkisskólar eða styrktir af ríkisfje.

Það er ekki enn búið að tala fyrir till. um hækkun til samningar orðabókar. En jeg verð að lýsa því yfir, svo sem við fyrri umr., að jeg get ekki skoðað þennan styrk annað en eftirlaun handa öldruðum manni. Munu flestir líta þannig á, þeir er vel til þekkja. En hinsvegar eru 6 þús. kr. óeðlilega há eftirlaun. Hv. flm. vil jeg benda á það, að töluverðar líkur eru á því, að upphæðin verði lækkuð aftur í hv. Nd. enn meir en við 2. umr., ef farið verður að hækka hana hjer upp í 6 þús. kr.

Um styrkinn, sem 15. gr. ræðir um til Hannesar Þorsteinssonar, get jeg sagt það, að jeg álít, að 1 þús. hefði átt að nægja. Þessi maður hefir tekið að sjer forstöðu skjalasafnsins og fær þar með launahækkun.

Þá hefi jeg fyrir tilmæli manna á Ísafirði flutt brtt. um styrk til hafskipabryggju. Mjer hefði aldrei komið til hugar að flytja þessa till., ef um bein peningaútlát fyrir ríkissjóð væri að ræða. Það væri ósamræmi í því að veita 55 þús. til mannvirkis í einum kaupstað á þessum niðurskurðartímum. Þannig stendur á fyrir Ísfirðingum, að bærinn ætlar að byggja hafskipabryggju. Hann getur það, ef hann þarf ekki að endurborga gamalt hallærislán til ríkissjóðs. Á síðustu árum hefir það orðið torsótt fyrir ríkið að innkalla hallærislán, og það er álit mjög margra þingmanna, að eins muni fara um þetta lán. Jeg leyfi mjer að bera það undir hv. deild, hvort hún telji ekki rjett að leyfa að leggja endurborgun af þessu láni í hafskipabryggju. Því einhverntíma kemur til ríkisins kasta að uppfylla eldri lög um styrk til hafnarbóta á Ísafirði. Hygg jeg rjettast að verða við beiðni Ísfirðinga. Það er ekki ánægjulegt að hindra framkvæmdir, sem þurfa að gerast sjerstaklega nú í atvinnuleysinu. Þess vegna legg jeg eindregið með, að frv. verði samþykt.

Um fjárveitingu til Jóns Jacobson landsbókavarðar vil jeg taka fram, að við í mentmn. höfum eftir atvikum mælt með, að eftirlaun yrðu honum veitt. Mjer er þó ekki óblandin ánægja að greiða atkv. með þessum lið. En jeg er sannfærður um, að hin eftirsóknu og mjög nauðsynlegu mannaskifti við landsbókasafnið mundu ekki verða framkvæmd að öðrum kosti. Jeg hefi áður minst á það í hv. deild, að þar sem sannanlegt er, að hið megnasta ólag á rekstri bókasafnsins hefir átt sjer stað um nokkur ár, er það í sjálfu sjer ekki viðkunnanlegt að setja á eftirlaun forstöðumann þess, sem reynst hefir óhæfur í stöðu sinni. Spurningin er þá: Hvað þá um hina góðu og trúu þjóna þjóðfjelagsins, þegar þeir eru orðnir gamlir? Hverju á að launa þeim? Jeg veit, að í till. felst ranglæti gagnvart öðrum starfsmönnum, sem verða sumir hverjir að búa við hörð kjör eftir langa og dygga þjónustu. En þar sem ekki má treysta aðhaldi stjórnarinnar, eru engin önnur ráð en annaðhvort að þola óhæfa starfrækslu eða

þá að „kaupa út“ hina miður hæfu starfsmenn.

Brtt., sem jeg flyt við 18. gr. II,e 12, var feld við 2. umr. í þessari hv. deild. Jeg verð að skilja það á þann veg, að hún hafi þótt of lág. Það er ekki algengur siður að hækka till. eftir að þær hafa verið feldar einu sinni, en jeg þóttist hafa ástæðu til þess að þessu sinni. Jeg hefi aflað mjer upplýsinga um þennan mann, og vil jeg sjerstaklega benda þeim hv. þingmönnum, sem hafa haldið með Árna Th. Pjeturssyni — sem sannanlegt er, að ekki hefir staðið vel í stöðu sinni —, jeg vil benda þeim á það, að hjer er kennari, sem starfað hefir dyggilega í 35 ár undir erfiðum kringumstæðum; hefir verið farkennari og oft hjá þeim, er bágast áttu í sveitinni, þar sem verst fór um hann. Þegar maðurinn er orðinn gamall og heilsulaus, bíður hans ekkert nema sveitin. Með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa upp vottorð sóknarprestsins á Patreksfirði. Hann segir:

„Hjermeð votta jeg undirritaður, að Guðmundur Björnsson, fyr bóndi á Botni í Tálknafirði, leysti með stakri alúð og kostgæfni af hendi barnakenslustarf á þeim árum. Hepnaðist honum sjerstaklega oft afburðavel að kenna tornæmum börnum, sem aðrir voru oft uppgefnir við og jafnvel var álitið ókennandi.

Patreksfirði, 4. febr. 1924.

Magnús Þorsteinsson,
(sóknarprestur).“

Þeir, sem fengist hafa við kenslu, vita, að einmitt í því felast yfirburðir kennara, að honum takist sæmilega við tornæmu nemendurna, því það er vandalítið að kenna hinum gáfuðu. En aðeins þeir, sem eru fæddir kennarar, geta kent með góðum árangri þeim, sem lítið er gefið. Jeg tek vottorðið sem merki þess, að maðurinn sje verður þessara 200 kr.

Þá vil jeg þakka hv. fjvn. fyrir það að hafa bæði nú og við 2. umr. stutt að því að veita Ólafi Hvanndal greiðslufrest á afborgunum af viðlagasjóðsláni.

Þá kem jeg að c-lið í sömu till., sem ákveður sjerstaklega lága vexti af viðlagasjóðsláni sýslumannsins í Borgarnesi (Guðmundar Björnssonar). Jeg get ekki litið sömu augum á þennan lið sem hinn síðastnefnda. Sýslumanni gekk erfiðlega að herja út lánið í fyrstu. En nú hefir hann bygt sjer óþarflega stóra höll þarna í Borgarnesi. Jeg tel ekki vel ráðið fyrir landið að lána fje í einstaks manns bústað og fara síðan að gefa eftir vexti manni í ágætri stöðu. Þetta finst mjer sannarlega vera að bera í bakkafullan lækinn.

Skal jeg svo ekki að þessu sinni fjölyrða frekar um þennan lið.

Björn Kristjánsson: Jeg á nokkrar brtt. á þskj. 417. Sú fyrsta er um skólagjöld, við 14. gr. B. VII. að þau verði lækkuð úr 150 kr. niður í 100 kr. Er jeg hræddur um, að það komi sjer heldur illa fyrir nemendur, verði skólagjöld hækkuð um 50%, þar sem dýrtíð er með mesta móti og alt útlit fyrir, að hún magnist enn á næsta ári. Þó að ríkissjóður þurfi tekna með, verður einnig að líta á hitt, hversu afarörðugt það er að sækja skóla undir slíkum kringumstæðum. Ef skólagjöld hækka svona mikið, óttast jeg, að það leiði til þess, að þeir, sem völdin hafa, gefi eftir meira og minna af þeim. Þá verður hækkunin aðeins kák og tekjur vaxa ekkert við hana. Mjer finst í alla staði ósanngjarnt að hækka skólagjöldin, og hefi því leyft mjer að skjóta brtt.

um það efni undir dóm hv. þingdeildarmanna. Það væri verjanlegt að hækka gjöldin, ef verð á nauðsynjum væri að falla, en nú er það þvert á móti.

Næst er brtt. við 14. gr. B. XIV 3, um að liðurinn orðist svo: „Til lýðskólans í Bergstaðastræti 600 kr.“ Kemur þessi liður í staðinn fyrir þann, sem hv. Nd. setti inn í fjárlagafrv. við 3. umr. aðeins með 14 atkv. Þá var skólinn í Bergstaðastræti feldur úr frv., en stóð þó í stjórnarfrv. með 1000 kr. Hann hefir notið styrks frá þinginu síðustu 5 ár. Jeg vildi því bera undir hv. deild, hvort ekki væri tilhlýðilegt að veita styrk þessum skóla, sem starfað hefir alt frá 1909, heldur en að taka upp í fjárlög nýjan skóla, sem enginn þingmaður þekkir deili á. Að vísu er lítilfjörlegur styrkur nefndur til þessa nýja skóla; hann smeygir aðeins litlafingrinum inn í þetta skifti, en trúað gæti jeg, að hann færði sig upp á skaftið síðar meir. Verði þessi brtt. mín feld, legg jeg til, að allur liðurinn verði feldur burt.

Skólanum þarf jeg ekki að lýsa nú; jeg hefi gert það við 2. umr. og gat þess þá, hversu mikill elju- og áhugamaður skólastjórinn er og vandaður maður í alla staði. Það hefir ekki lítil uppeldisleg áhrif að nema hjá ágætum mönnum.

Þá kem jeg að brtt. við 15. gr. 15, um að færa launaupphæð sjera Jóhannesar L. L. Jóhannssonar úr 5 þús. kr. upp í 6 þús. kr.

Eins og menn muna, var Jóni heitnum Ólafssyni á sinni tíð falið að safna til og semja íslenska orðabók. En þegar hann var látinn, sóttu tveir menn 1917 um til Alþingis að mega halda starfi hans áfram, þeir Björn Bjarnason frá Viðfirði og sjera Jóhannes L. L Jóhannsson, báðir þektir miklir íslenskumenn. Niðurstaðan varð, að báðum þessum mönnum var falinn starfinn með 4000 kr. launum hvorum.

Þegar þeir fóru að athuga það, sem Jón Ólafsson hafði samið, sáu þeir, að á þeim grundvelli gátu þeir ekki bygt, sem hann hafði lagt. En Björns frá Viðfirði naut ekki lengi við, því hann dó fyrir jól 1917. Þá var Jakob Smári ráðinn í hans stað, og unnu feðgarnir saman um að búa til nýjan grundvöll, eða grundvöll þann, sem hv. 5. landsk. þm. lýsti svo ömurlega við 2. umr. Sjera Jóhannes er sem sje í óvinahóp hans. Hv. 5. landsk. þm. sagði, að í þennan grundvöll eða þetta sýnishorn hefði vantað 1000 orð; vísindamaður hjer hefði fundið það út í hendingskasti. En vitanlega er ekki hægt að ætlast til, að í sýnishorni á *fyrirkomulagi* á orðabók sjeu öll orð, sem þar gætu staðið. Öll orðin í orðabók geta ekki komið fram, eins og gefur að skilja, fyr en alt handritið er fullgert, að búið er að lesa *allar bækur, rit og orðabækur*, sem er efniviðurinn í orðabókina. En það tekur mörg ár og er venjulega margra manna verk erlendis, og skifta þeir þá með sjer verkum að lesa bækurnar og safna orðunum.

Samvinna feðganna varð stutt, því að Jakob Smári var skipaður íslenskukennari við mentaskólann 1920. Síðan hafa þeir sjera Jóh. L. L. Jóhannsson og Þórbergur Þórðarson unnið að starfinu hvor í sínu lagi, svo langt sem nú er komið, en Þórbergur vann einnig að tilbúningi sýnishornsins af orðabókinni, sem sent hefir verið víða um lönd og fengið skýlausa viðurkenningu.

Sjera Jóhannes hafði verið prestur í 30 ár og orðið að ala önn fyrir fjölda af börnum, og safnaði við það skuldum. 1920 var launalögunum breytt, svo nú myndi hann hafa 3000 kr. laun, auk dýr-

tíðaruppbótar og borgunar fyrir aukaverk. Honum mundi því nú líða mun betur efnalega sem prestur í sveit með sinn barnahóp en að hafa 6 þús. kr. hjer á mölinni, sem eru í raun og veru tæpra 3 þús. kr. virði. Erlendis er slíkum mönnum veitt ókeypis skrifstofa, hiti, ljós, nauðsynlegar bækur o. s. frv. En þetta verður sjera Jóhannes að leggja til sjálfur. Ekki er hægt að áætla það minna en 1000—1500 kr. virði, og skerðast þá launin. Þess utan þarf hann að afborga gamlar skuldir. Ef til vill má segja, að þingið hafi reist sjer hurðarás um öxl, þegar það stofnaði þetta embætti, og fráleitt hefðu menn lagt út í að stofna það nú á þessum sparnaðartímum. En nú er það einu sinni gert. Verslunin var gerð við sjera Jóhannes, og verslunarsamningana verður að halda. Og sjálft Alþingi má ekki bregðast sínum viðskiftamönnum, þótt því kunni að vera hagur að því í svipinn.

Launin, sem upphaflega var samið um 1917, voru 4000 kr., en þá var mynt landsins ekki farin að falla neitt. Samkvæmt samningum þingsins við prestinn ætti hann því að fá dýrtíðaruppbót, 52%, eða 2080 kr. Svo má búast við, að verði enn dýrara að lifa næsta ár. Flutningsmenn hafa því ekki farið fram á dýrtíðaruppbót meiri en 50%, eða alls 6 þús. kr. Hann á áreiðanlega sama rjett á uppbót og allir aðrir starfsmenn ríkisins.

Jeg treysti hæstv. stjórn og hv. deild til að fallast á það, að við þetta verk, sem hann var ráðinn til — og honum gefið tilefni til að segja af sjer embætti, sem honum mundi nú líða betur við —, sje hann ekki ofhaldinn af 6 þús. kr.

Svo er örlítil brtt. við 23. gr. — Jeg skal taka það fram, að vegna misskilnings er hv. 1. landsk. þm. (SE) talinn meðflm. minn að þessari till.; en svo á ekki að vera, heldur flyt jeg till. einn. — Í greininni stendur: „Bankastjórninni er ennfremur heimilt að greiða til veðdeildarinnar af öðru fje bankans", o. s. frv. — Jeg legg til, að orðið „öðru" falli burt, vegna þess að veðdeildin hefir altaf verið sjerstök stofnun, þó henni hafi verið stjórnað af Landsbankanum. Meira þykist jeg ekki þurfa að skýra þá brtt.

Ingvar Pálmason: Jeg á aðeins eina brtt. á þskj. 417. En jeg skal taka það fram, að þó jeg kæmi ekki með brtt. við stimpilgjaldið, þá var það ekki af því, að jeg teldi þann lið ekki alt of lágt áætlaðan; síður en svo. Jeg er viss um, að hann er alt of lágt áætlaður, verði ekki beitt hinum ströngustu innflutningshöftum til þess að draga úr innflutningnum. En í því trausti, að stjórnin setji slík höft og beiti þeim kröftuglega, hefi jeg látið hjá líða að koma með brtt. við þennan lið.

Þá vil jeg lítið eitt minnast á VIII. brtt. á þskj. 417. Jeg gat ekki sannfærst af ræðu hv. 2. þm. G.-K. (BK), að hjer væri um nokkurskonar verslunarsamning að ræða, og því bæri nauðsyn til að borga manni þessum eins og um hefði verið samið. Hvort svo er, að hjer sje um samning að ræða, veit jeg ekki og óska eftir fræðslu í því efni frá hv. þm. Ef nú svo er, að hjer sje um samning að ræða, þá vantar upplýsingar um það, hvort báðir aðiljar hafi haldið hann, því að það er sjálfsagður hlutur, að því aðeins er samningurinn í fullu gildi, að báðir aðiljar hafi við hann staðið. Um það atriði vildi jeg mega vænta upplýsinga frá hv. 2. þm. G.-K. Annars skal jeg játa, að jeg lít annan veg á þetta mál en þessi hv. þm. Jeg tel, að hjer geti ekki verið um neinn

verslunarsamning að ræða, heldur hafi þingið, þegar starf þetta var stofnað, ákveðið að verja fje til undirbúnings íslenskrar orðabókar, en hve mikið það yrði, færi eftir því, hvað þingið sæi sjer fært í það og það skiftið.

Hvernig sá undirbúningur hefir verið af hendi leystur, sem þegar er búið að verja fje til, veit jeg ekki með vissu, en ýmislegt virðist benda á, að hann sje ekki sem best úr garði gerður; að minsta kosti sagði hv. 5. landsk. þm. (JJ) við 2. umr. fjárlaganna, að sá kafli, sem búinn væri, yrði að teljast mjög ófullkominn. Þetta vildi háttv. 2. þm. G.-K. (BK) fóðra með því, að byrjun sú, sem komin er, væri aðeins sýnishorn. En úr því að þetta er aðeins sýnishorn, sem búið er að vinna af þessu verki, sem þegar hefir verið varið til fleiri tugum þúsunda, virðist ekki úr vegi að fara að athuga, hvort verkið alt muni, eftir því að dæma, ekki verða svo dýrt, að ókleift verði að leggja frekar út í það að sinni. Jeg hefi enga löngun til að ganga á rjett sjera Jóhannesar, og jeg er meira að segja fús til að veita honum sæmileg eftirlaun, en að veita honum meira fje til að vinna að orðabók þessari, með ekki meiri árangri, tel jeg vafasamt að rjett sje.

Viðvíkjandi því, að maður þessi hafi verið tekinn úr prestsembætti, er það að segja, að jeg veit ekki betur en að hann hafi með fúsum vilja sótt um starfa þennan.

Þá skal jeg snúa mjer að brtt. háttv. þm. Vestm. (JJós) um 10 þús. króna fjárveitingu til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndum, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar frá. Jeg mun ekki leggjast á móti brtt. þessari, þótt jeg telji vafasamt, að hún sje til annars en að sýnast, því að jeg býst við, að 20 þús. krónur annarsstaðar frá verði hvergi fáanlegar. Mjer dylst þó ekki, að af þessu gæti orðið mikið gagn, ef hægt yrði að koma því í framkvæmd þannig, að uppfylt yrði skilyrði það um 20 þús. króna framlag annarsstaðar frá. En þar sem feld var við 2. umr. fjárlagafrv. tillaga frá mjer um 10 þús. kr. hækkun á styrknum til Fiskifjelagsins, er fyllilega ljóst, að frá því fjelagi er ekki hægt að vænta styrks í þessu skyni, þar sem líka fjárveitingin til þess er mjög skorin við neglur. Sje jeg því ekki, hvaðan hægt er að fá þessar 20 þús. krónur, nema ef ske kynni þá helst frá bönkunum, en fyrir því er engin vissa. Jeg er því í vafa um, hvort jeg geti fylgt þessari tillögu, ef ekki koma þá því skýrari upplýsingar um, að fje þetta, sem til vantar, sje fáanlegt, því að jeg lít svo á, að kák í þessum efnum sje þýðingarlaust.

Þá á jeg eina brtt. á þskj. 417; er það áframhald af tilraun til þess að reyna að fá hækkaðan styrkinn til Stefáns Stefánssonar póstafgreiðslumanns. Kringumstæðum þessa manns lýsti jeg við 2. umr. fjárlaganna, eftir því, sem mjer var frek ast unt. Vona jeg því, að háttv. deild samþykki þessa hækkun, því að það ætti öllum að vera ljóst, hve lítils virði einar 300 krónur eru fyrir tvö gamalmenni til að lifa af. Þyrfti slíkur styrkur, ef hann ætti að nægja, að vera ekki minni en 3000 krónur, og nægir þar um að benda til VIII. brtt. á þskj. 417.

Þá er XVI. brtt. á þskj. 417, frá hæstv. fjrh. (JÞ), um 168 þús. króna fjárveitingu vegna væntanlegrar hækkunar á dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins. Eftir því, sem mjer skildist af ræðu háttv. frsm. fjárveitinganefndar, hjelt jeg, að háttv. fjvn. hefði tekið tillit til þessarar verðstuðulshækkunar í tillögu sinni á þskj.

417, XVII. II, og jeg mun því greiða atkv. á móti till. hæstv. fjrh., en aftur á móti fylgja till. fjárveitinganefndar, af því að jeg hygg, að hún sje á rökum bygð. Aðstöðu mína til hinna annara brtt. mun jeg sýna með atkvæði mínu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg á tvær brtt. á þskj. 422, sem jeg vildi segja um nokkur orð. Á fyrri tillögunni stendur þannig, að vegamálastjóri hefir bent á, að óhjákvæmilegt yrði að byggja brýr á árinu 1925, sem annars myndu falla. Vitanlega hefir stjórnin heimild til þessa samkvæmt brúalögum, en hún vill láta taka upp í fjárlögin upphæð í þessu skyni, því að hún vill komast hjá að þurfa að borga nema sem minst, sem ekki stendur í fjárlögum, þó að aðrar lagaheimildir sjeu til fyrir því.

Þó nú aldrei nema tillaga þessi verði ekki samþykt, kemur þetta fje til útborgunar eigi að síður, því að það liggur í augum uppi, að ekki getur komið til mála að láta brýrnar falla, því að þá verða vegirnir ófærir. Er því ekki nema til þess að svíkja sjálfan sig að neita tillögu þessari samþykkis.

Hið sama má segja um III. brtt. á þskj. 422. Er þar farið fram á fjárveitingu, sem óhjákvæmilega verður að borga og leiðir af lögunum um skipulag kauptúna og sjávarþorpa. Því máli er svo langt komið, að þegar er búið að mæla í nokkrum kauptúnum. En skipulagsuppdrættina vantar, og er mikils virði fyrir kauptúnin að fá þá, því að fyr en þeir koma verður verkið ekki að fullum notum. Er því mikill áhugi hjá stjórnum þeirra bæjarfjelaga, sem mælt hefir verið hjá, að fá uppdrætti þessa sem fyrst, því að það hefir ekki svo litla fjárhagslega þýðingu, að það skipulag, sem verða á, komist á sem fyrst, svo að húsin sjeu ekki bygð eins og skögultennur sitt í hverja áttina, og það jafnvel fyrir götur, sem leggja þarf um bæina. Vona jeg því, að tillaga þessi verði samþykt, þar sem erfitt verður að komast hjá að greiða fje í þessu skyni, þó að það verði ekki veitt í fjárlögum.

Út af þeim ummælum háttv. 5. landsk. þm. (JJ), að innflutningshöftin yrðu ekki framkvæmd öðruvísi en eftir þeim orðum, sem háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefði haft fyrir tillögu sinni, vil jeg taka það fram, að þau verða ekki framkvæmd öðruvísi en samkvæmt þeirri yfirlýsingu, sem stjórnin var búin að gefa áður. Geta því ummæli háttv. 3. þm. Reykv. engu breytt að því leyti.

Jóhann Jósefsson: Það mun hlýða, að jeg segi nokkur orð um brtt. mína á þskj. 417, XI, um 10 þús. króna fjárveiting til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum.

Fyrir þinginu liggur brjef, sem undirskrifað er af öllum bankastjórum beggja bankanna, þar sem þeir mælast til þess, að þingið veiti fje í þessu skyni. Skal jeg ekki þreyta háttv. deild með því að lesa upp umrætt brjef, en geta má þess, að þar er kveðið ríkt á um, að nauðsyn beri til, að slíkur erindreki verði skipaður.

Í fyrra varð samkomulag um það milli beggja bankanna, Fiskifjelagsins og stjórnarráðsins sem fjórða aðilja, að sendur var maður til Spánar, til þess að athuga þar markaðshorfur o. fl. Því að það liggur í augum uppi, að Miðjarðarhafslöndin eru þau lönd, þar sem við höfum einna mestra hagsmuna að gæta,

og má segja, að það sje nær því óforsvaranlegt af þingi og stjórn, að hafa ekki haft þar að minsta kosti einn fastan erindreka, því að þess hefði verið full þörf, og það jafnvel þótt þeir hefðu verið hafðir þar margir, því að svo mikil nauðsyn hefir oss verið betri sambanda, þar sem óhætt má segja, að við sjeum orðnir alt að 100 árum á eftir tímanum í að fylgjast með á þessum sviðum. Og ef við höldum nú áfram „að fljóta þannig sofandi að feigðarósi", er mikil spurning, hvort okkur yrði ekki hægt frá í þessum löndum af duglegri keppinautum.

Það er aldrei nema satt, að við urðum fyrstir til að koma fiskverkuninni í sæmilegt horf, en þess megum við ekki ganga duldir, að eins og við lærum af öðrum þjóðum, þá læra og aðrar þjóðir af okkur, það sem af okkur verður lært, og geta þannig orðið okkur hættulegir keppinautar. Hafa nú Norðmenn ekki látið á því standa að læra af okkur fiskverkun, og hafa þeir lært hana svo, að nú segja kunnugir menn, að mismunurinn á norskum og íslenskum fiski sje orðinn sáralítill og sje altaf að minka. Áður var norskur fiskur 5—10 pesetum neðar en íslenskur, en mun nú orðinn nær því alveg jafn. Það er því til þess að svíkja okkur sjálfa að ganga fram í þeirri blindu trú, að enginn geti komið með jafngóðan fisk á markaðinn og við. Þó við höfum nú kannske betri skilyrði að sumu leyti til þess að verka fisk en t. d. Norðmenn, þá höfum við þeim mun verri samgöngur og verri upplýsingarstarfsemi, sem er lífsnauðsynleg í samkepninni. Að fylgjast með, hvað gerist í þessum efnum, er því alveg óumflýjanlegt, og eina leiðin til þess er sú, að hafa erindreka í neyslu-hjerðunum, til þess að vita, hvernig varan þarf að vera til þess að hún líki.

Svo nákvæmt eftirlit í þessum efnum hafa Norðmenn, að í miðjum marsmánuði síðastl. vita þeir, hve mörg skippund af fiski búið er að senda út hjeðan í febrúarlok og hvert sá fiskur hafi farið. Þeir hafa svona góðar gætur á keppinautunum.

Þetta mál, sem hjer er um að ræða, er ekkert nýtt, því að fyrir löngu hefir verið komið auga á hina miklu nauðsyn, sem á því er að hafa erindreka í Miðjarðarhafslöndunum, og meira að segja höfum við haft erindreka þar um tíma, eins og flestum mun kunnugt, og hygg jeg, að maður sá, sem það starf hafði á hendi, hafi haft mjög glögt auga fyrir því, sem gera þurfti, og bera skýrslur hans þess ljósan vott. En starf þetta var þá mjög misskilið; var það gert að blaðamáli, kallað „tildurherrann" o. fl., þrátt fyrir það, þó að það væri beinlínis hagsmunamál fyrir mikinn hluta þjóðarinnar. Því að það er beinlínis lífsnauðsyn að hafa erindreka í þessum löndum, sem athugar, hvað gerist í þessum efnum og sendir skýrslur jafnóðum til landsins.

En á hitt vildi jeg minnast, að almenningur hefir ekki haft nærri nógu greiðan aðgang að skýrslum þeim, sem erindrekinn hefir gefið. Þær hafa alls ekki verið birtar almenningi jafnóðum, heldur hafa þær verið geymdar þangað til þær hafa verið orðnar svo gamlar, að þær hafa mátt kallast forngripir, þegar almenningur hefir fengið innihald þeirra. Ef slíkar skýrslur eru geymdar í stjórnarráðinu eða verslunarráðinu, eða öðrum slíkum stöðum, í 2—3 mánuði áður en þær eru birtar, þá eru þær orðnar langt á eftir tímanum

og koma að litlum notum, móts við það, sem annars hefði orðið; skýrslurnar þarf að birta minst vikulega. Það er skylda stjórnarinnar að sjá um, að skýrslur um markaðshorfur og verð fáist nógu oft og sjeu þegar í stað birtar, og skýrslurnar eiga að sendast í símskeytum, til þess að þær komi nógu fljótlega. Því aðeins er hægt að hafa not af upplýsingum þeim, sem skýrslurnar veita mönnum, að með þær sje farið svipað því, sem hjer er sagt, en ekki eins og hingað til hefir við gengist. Það er sem sje lítil huggun fyrir okkur, þó við lesum eftir 4—5 mánuði, hvernig markaðshorfur hafi verið suður í Spáni og hvernig best hefði verið að haga fisksölunni á þessum og þessum tíma. En stjórnin hefir alls ekki gætt skyldu sinnar í þessu efni, og mjer finst því alls ekki hafa verið nægjanlega mikill gaumur gefinn, hve mikla þýðingu tíðar og ábyggilegar markaðsfregnir hafa fyrir þennan atvinnuveg.

Svo er annað atriði, sem mjer finst mjög athugavert. Það hefir verið rætt um það í blöðunum, og kemur líka fram í skýrslu erindrekans sjálfs, að það hefir verið nokkur tregða á því hjá stjórninni að veita þessum manni erindisbrjef, svo sýnilegt væri, að hann væri ekki neinn privatnjósnari, heldur sendimaður hins íslenska ríkis. Jeg vildi því gjarnan fá upplýsingar um það, hvernig á þessari tregðu hefir staðið og hvaða hættu stjórninni hefir fundist það hafa í för með sjer að veita manni þessum erindisbrjef. En það er sýnilegt, að það hlýtur að hafa verið mjög mikill bagi fyrir manninn að hafa ekkert erindisbrjef.

Hv. 2. þm. S.-M. (IP) mintist á þessa brtt. og sagðist efast um, að hann treysti sjer til að fylgja henni. Mjer koma þau orð háttv. þm. nokkuð undarlega fyrir, þar eð hann er að nokkru leyti fulltrúi fyrir sjávarútveginn og virðist yfirleitt hafa mikinn áhuga á þeim málum. Landið flutti út síðastliðið ár um 257900 skippund af saltfiski, og mjer finst því undarlegt, ef það borgar sig ekki að verja 10—12 þúsund krónum á ári til þess að útvega framleiðendunum nauðsynlegar upplýsingar um markaðshorfur fyrir þessa vöru. Ef það mál er ekki þess vert að veita þess vegna nokkurt fje, þá veit jeg ekki, til hvers hægt er að segja að borgi sig að verja fje. Fiskútflutningurinn gefur svo miklar tekjur í ríkissjóð, að ekki er nema sanngjarnt, að nokkru fje sje varið til þess að fá sem best verð fyrir fiskinn. Útflutningsgjaldið var 1922 rúmar 800000 krónur, og það var mest af fiski.

Hv. 2. þm. S.-M. var í vafa um, hvaðan það fje ætti að koma, sem þyrfti í viðbót við þessar 10 þús. krónur, sem ætlast er til að ríkissjóður leggi fram. Í því sambandi vil jeg taka það fram, að jeg mundi alls ekki átelja stjórnina fyrir það, þótt hún greiddi meira fje í þessu skyni en ætlast væri til í fjárlögunum, og þar að auki býst jeg við, að hægt væri að fá fje annarsstaðar frá. T. d. býst jeg við, að bankarnir mundu fáanlegir til að leggja fram fje til slíks erindrekstrar, því að jeg geri ráð fyrir, að þeir hafi búist við því þegar þeir leituðu til þingsins um að maður yrði sendur, að leitað yrði til þeirra með að leggja fram eitthvert fje í þessu skyni, eins og áður hefir átt sjer stað. Annars má ekki skilja orð mín svo, að jeg vilji að sem mestu sje eytt í þennan erindrekstur, því að jeg álít einmitt, að ekki þurfi að eyða mjög miklu fje, og mjer finst ekki ólíklegt, að sendiferðir þær, sem áður hafa verið farnar, hafi verið óþarflega dýrar. En þótt

svo væri, þá sannar það alls ekki, að það sje neinn óþarfi fyrir okkur að hafa einn erindreka í landi, sem tekur á móti mestum hluta aðalútflutningsvöru okkar.

Jeg get auðvitað ekkert sagt um, hvern ig fara muni um þessa brtt. í háttv. deild, þó þetta virðist vera sjálfsagt mál, en mjer virðist það væri óverjandi af mjer sem sjávarútvegsmanni að láta hjá líða að gera tilraun til að fá þingið til að veita fje til þessa bráðnauðsynlega erindrekstrar.

Þá vil jeg minnast nokkrum orðum á 17. lið 16. greinar fjárlagafrumvarpsins, um styrk til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga.

Þegar hv. fjvn. hafði fjárlagafrv. til meðferðar, fjekk hún beiðni frá ungfrú Ástu Sighvatsdóttur um styrk til þess að halda uppi kenslu í vefnaði. Jeg sje, að háttv. nefnd hefir lagt það til, að Samband íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga veiti ungfrú Ástu einhvern styrk. Þetta finst mjer altof óákveðið, og því alveg lagt á vald Sambandsins, hvern styrk ungfrú Ásta fær. Ungfrú Ásta hefir unnið mjög þarft verk, því þessi skóli, sem hún hefir haldið uppi, hefir gert stúlkum mjög hægt fyrir með að afla sjer fræðslu í vefnaði. Um gagnsemi slíkrar fræðslu þarf ekki að eyða neinum orðum, því allir vita, hve nauðsynlegt það er fyrir stúlkur að kunna slíkt þegar þær eru orðnar húsmæður, auk þess, sem slík kunnátta kemur í veg fyrir mikil útlend vefnaðarvörukaup, og hjer er því um eina grein íslensks iðnaðar að ræða.

Nefndin hefir ekki komið fram með neina ákveðna tillögu um styrk til ungfrú Ástu, en hefir þó fyllilega viðurkent, að hún ætti styrk skilið, með því að leggja til, að Samband heimilisiðnaðarfjelaganna legði fram einhvern styrk handa henni, og nefndin ætlar heimilisiðnaðarfjelögunum 6000 kr.

Háttv. neðri deild ætlaði heimilisiðnaðarfjelögunum 6000 kr., og þar frá átti að draga 2000 kr. handa Halldóru Bjarnadóttur, en það fór þó svo, að Halldóra fjekk sjerstakan styrk, og hefir því ólíkt betri aðstöðu en ungfrú Ásta. Þess vegna leyfi jeg mjer að bera hjer fram skriflega brtt., þess efnis, að Samband heimilisiðnaðarfjelaganna greiði henni 1200 kr., með því skilyrði, að hún haldi uppi kenslu í vefnaði ekki skemur en 6 mánuði. Það er miklu ákveðnara og betra fyrir ungfrú Ástu að eiga þennan styrk vísan. Jeg tel víst, að háttv. fjvn. fallist á þessa brtt. mína, þar eð hún hefir viðurkent, að Ásta sje fyllilega styrks verð, og jeg vona, að háttv. deild fallist líka á þessa brtt. mína, því það má búast við, að þessi gagnlegi skóli verði að leggjast niður, ef hann fær engan styrk.

Sigurður Eggerz: Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg gleðst mjög yfir brtt. þeirri, sem hv. þm. Vestm. (JJós) hefir komið með um að veita 10 þús. kr. til markaðsleitar í Miðjarðarhafslöndunum. Eins og kunnugt er, þá fór svo síðastliðið ár, þegar fisksalan var komin í öngþveiti, að bankarnir sneru sjer til ríkisstjórnarinnar og fóru fram á, að erindreki væri sendur til Spánar, til þess að greiða fyrir fisksölunni. Bankarnir buðust til að greiða helminginn af kostnaði við þessa sendiför, en ¼ skyldi Fiskifjelagið greiða, en ríkissjóður ¼ kostnaðarins. Stjórnir bankanna stungu upp á Gunnari Egilson til þess að fara þessa för, því þær töldu hann færastan til þess að annast slíkan erindrekstur. Stjórnin fjelst á þessa uppá-

stungu bankastjórnanna, og gerði því, ásamt bönkunum, bráðabirgðasamning við Gunnar Egilson um förina, er skyldi gilda þangað til þing kæmi saman. Það varð töluvert umtal um þessa sendiför. Einkum var hún gerð að umtalsefni í einu blaði hjer og talsvert fundið að því, að Gunnar Egilson skyldi sendur. Þeim árásum var að mestu beint að mjer, enda þótt þessi för væri ráðin af okkur báðum ráðherrunum í samráði við bankana, enda óhjákvæmilegt að verða við óskum bankanna í þessu, og mundi engin stjórn eftir þeim ástæðum, sem fyrir lágu, hafa neitað að taka þessar tillögur bankanna til greina.

Háttv. þm. kvartaði undan, að þær skýrslur, sem komu frá sendimanninum á Spáni, hafi ekki verið birtar svo fljótt og oft, sem skyldi. Jeg tók svo eftir, að hann ætti þar við fyrri sendiför Gunnars Egilsonar til Spánar. Jeg veit ekki, hvernig hefir verið farið með þær skýrslur, sem komu þá frá sendimanninum, en jeg hygg, að þær skýrslur, sem komu frá honum í síðari sendiförinni, hafi verið birtar jafnóðum, því þær voru altaf sendar verslunarráðinu jafnharðan og þær komu.

Jeg get fyllilega fallist á, að það er rjett, sem háttv. þm. hjelt fram, að slíkar skýrslur þyrfti að birta öllum almenningi. Háttv. þm. kvartaði undan því, að þessi sendimaður hefði ekki verið gerður opinber verslunarræðismaður. Jeg hygg, að háttv. þm. eigi þar aðallega við fyrri sendiför Gunnars Egilsonar. Þá stóð svo á, að það var laust konsúlsembætti í Genúa, og það var til þess ætlast, að Gunnar Egilson tæki við því, en þá kom upp ágreiningur milli dönsku stjórnarinnar og íslensku stjórnarinnar um það, hvort hann skyldi skipaður sem danskur eða íslenskur ræðismaður. En áður en gert yrði út um þennan ágreining, tók Alþingi til sinna ráða og feldi niður fjárveitingu til þessa sendimanns, og tel jeg, að það hafi verið mjög óráðlegt.

Jeg er háttv. þm. algerlega sammála um, að það sje alveg óhjákvæmilegt að hafa sendimann til þess að gæta hagsmuna okkar í Miðjarðarhafslöndunum. Það er líka í fullu samræmi við alt, sem jeg hefi haldið hjer fram á þingi, þegar um slíkt hefir verið að ræða. Enda er jeg þess fullviss, að hjer er ekki um sparnað að ræða, heldur hygg jeg, að það sje fullkomin vanræksla að hafa ekki erindreka í Miðjarðarhafslöndunum til þess að gæta hinna miklu hagsmuna þjóðarinnar þar.

Og það gladdi mig því sannarlega að sjá þessa brtt. frá háttv. þm. Vestm., því það virðist bera vott um, að um stefnubreytingu sje að ræða í þessum málum. Og jeg skal taka það fram, að mig furðar stórum á því, að slík tillaga sem þessi skyldi ekki koma frá hæstv. stjórn.

Jeg sje, að hæstv. fjrh. horfir hissa á mig, rjett eins og hann minti að jeg væri í stjórn ennþá. (*Fjrh. JÞ*: Núverandi stjórn lagði ekki fjárlagafrumvarpið fyrir þingið). Það veit jeg vel, en hefði jeg verið áfram við stjórn, þá hefði jeg borið fram slíka brtt. Hæstv. fjrh. er vel kunnugt um, að það leið ekki langur tími frá því þing kom saman og þangað til nýir menn vildu brjótast til valda, því hæstv. fjrh. tilkynti þegar í þingbyrjun, að hann sjálfur og hans menn væru reiðubúnir til að taka við stjórn. Jeg get því ekki skoðað það nokkra vanrækslu af fyrverandi stjórn,

þó að hún, er hún fór frá völdum, væri ekki búin að bera þessa tillögu fram í þinginu. Það, sem jeg kvíði aðallega fyrir, er að þessi tillaga verði látin kafna undir fargi tekjuhallans.

Jeg lasta hæstv. fjrh. alls ekki neitt fyrir að hafa afhjúpað tekjuhalla fyrri ára. Þeir tekjuhallar voru oss að vísu kunnir áður, því þeir komu í ljós í vaxandi skuldum fyrri ára, enda sjest skuldahæðin tilfærð í hverjum landsreikningi, svo það er aðeins greinileg sundurliðun hallanna, sem mætti segja að væri ný, en ekki sjálf upphæð ríkisskuldanna, sem öllum hefir verið ljós. Sem sagt, jeg lasta engan fyrir það, þótt hann bendi fast á hallana, það hefi jeg gert sjálfur. En mjer finst hæstv. fjrh. hafa bygt sjer hásæti úr þessum tekjuhöllum, og úr þessu hásæti vill hann banda frá sjer sumum jafnvel allra nauðsynlegustu útgjaldaliðum þjóðarinnar. (*Fjrh. JÞ*: Jeg hefi alls ekki sagst mundu verða á móti þessari tillögu). Það stendur alveg eins á með þennan erindreka og sendiherraembættið í Kaupmannahöfn. Þar á að nota tekjuhalla fyrri ára til þess að brjóta dýrmætt vopn úr höndum þjóðarinnar, — vopn, sem þjóðin hefir eignast fyrir fjölda margra ára baráttu.

Annars gleður það mig, að hæstv. fjrh. greip fram í fyrir mjer og kvaðst ekki mundu verða á móti þessari brtt.

Úr því jeg fór að minnast á þetta, vona jeg, að hæstv. forseti áfellist mig ekki, þó að jeg í örfáum orðum minnist á nokkur atriði í fjárhagsmálum vorum.

Tekjuhallar á árunum 1917—1922 hefir hæstv. núverandi fjrh. (JÞ) gert að væri 12 milj. kr., þar með taldar afborganir af lánum frá þeim árum, en sem hæstv. fjrh. vill ekki draga frá; þær nema 2 milj. kr. Eftir eru þá 10 milj., því jeg tel að sjálfsögðu, að afborganirnar eigi að dragast frá.

Því hefir óspart verið haldið fram, að hallar liðnu áranna hafi orsakast af ljettúð þings og stjórnar. Verður það að vísu ekki af borið með öllu. En á hitt ber að líta engu síður, að á þessu tímabili hafa nærfelt allar þjóðir rekið búskap sinn með tekjuhalla. Hjá þeim öllum hefir ljettúðar gætt eins og hjá oss. Eitt atriði í málinu er órannsakað, í hverju ljettúðin var fólgin. Og þeir, sem hæst hrópa um ljettúðina, ættu auðvitað að færa rök í þessu máli. Vitanlega hefir á þessum árum — en þó sjerstaklega á stríðsárunum — verið miklu fje varið til dýrtíðaruppbótar o. s. frv. Þær ráðstafanir voru skoðaðar óhjákvæmileg afleiðing hinna vondu tíma. Og í raun og veru eru þeir fáir, sem neita því, að nauðsynlegt hafi verið að gera þessar ráðstafanir. Verklegar framkvæmdir hafa og verið eigi alllitlar á þessum árum, og má um þær segja, að rangt hafi verið að ráðast í ýmsar þeirra, þar sem tekjur ríkissjóðs hrukku eigi til fyrir þeim. En auðvitað verður því ekki neitað, að þessar framkvæmdir eru eign, sem til er í landinu, auk þess sem þær hafa veitt mikla vinnu. Leiti maður að ljettúðinni í ýmsum kostnaði við starfrækslu ríkissjóðsbúsins, — og þar mun ljettúðarinnar helst að leita, — þá kemst maður að einkennilegri niðurstöðu. Þetta þing hefir verið eitt hið sparsamasta þing þessarar þjóðar. Sama sem ekkert er veitt til verklegra framkvæmda, en þó eru gjöldin á næsta fjárhagsári áætluð um 8 milj. kr. Þetta sýnir, hve örðugt það hefir reynst að minka útgjöldin við rekstur ríkisbúsins. Enda hafa þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til þess að fækka embættum, ár eftir ár strandað á ótal skerjum. Utan af landi

heyrist megnasta óánægja yfir því, hvað skrifstofur hjer sjeu dýrar, t. d. skrifstofur lögreglustjóra og bæjarfógeta. En eftir fengnar upplýsingar er bætt einum manni við í skrifstofu bæjarfógeta. Þegar sparnaðurinn er ekki meiri hjá hinu sparsama þingi, þá bendir það á, að ljettúð fyrverandi þinga og stjórna sje ekki alveg eins mikil og hefir verið látið klingja. Því til þess hefðu þó vítin átt að vera, að varast þau. En sannleikurinn mun nú vera sá, að aðalljettúð þinganna undanfarið hefir verið fólgin í því, að landinu hefir ekki verið sjeð fyrir nægum tekjuaukum.

Jeg hefi í ræðu, sem jeg hjelt í háttv. neðri deild, skýrt frá, hvaða tekjuaukar voru samþyktir á umræddu tímabili; sjerstaklega bendi jeg á það tímabil, þegar jeg var fjármálaráðherra, frá 1917 til 1920, en á því tímabili voru aðaltekjuaukarnir samþyktir. Jafnframt skýrði jeg frá því, hvað miklir örðugleikar voru á því að koma þessum tekjuaukum í gegnum þingið. Jeg benti enn á, að þegar jeg ljet af fjármálastjórn 1920, eða árið eftir, þá var skattalöggjöfin endurskoðuð, en sú endurskoðun leiddi til þeirrar niðurstöðu, að tekjurnar minkuðu um 400 þúsund krónur, í stað þess, að þörf var á að auka þær. Þetta mætti auðvitað kalla ljettúð, en erfitt er stundum að sjá slíka hluti fyrir.

Þá vil jeg lítið eitt minnast á afskifti fyrverandi stjórnar af fjármálunum.

Þegar Magnús Jónsson tók við fjármálastjórninni 1922, gat enginn búist við, að hann kæmi með skattafrv. á því ári. Sá fjármálaráðherra, Magnús Guðmundsson, sem verið hafði næstur á undan honum, lýsti því yfir í ræðu áður en hann fór frá, að gjaldþol þjóðarinnar væri orðið svo lítið, að ekki mætti bæta á hana meiri sköttum. Þetta sýnir meðal annars, hvernig þá var litið á aukningu skattanna. Þar sem nú bæði var nýbúið að endurskoða skattalöggjöfina og þar sem fyrverandi fjármálaráðherra hafði haldið því að þinginu, að ekki mætti auka skattana, þá var ekki við því að búast, að Magnús Jónsson kæmi með mikið af nýjum tekjuaukum. Það var ekki hljóð í þinginu fyrir þeim, enda komst verðtollsfrumvarp hans heldur ekki í gegnum þingið. Jeg vil nú á engan hátt neita því, að Magnús Jónsson leit of bjart á fjárhaginn á árinu 1923, en á því ári ljet hann af fjármálastjórninni, en Klemens Jónsson tók við henni, og benti hann þinginu þá þegar á, að örðugt væri orðið um fjárhaginn. Þegar leið á árið bar stöðugt meira og meira á þessum örðugleikum. En til þess að gera nánar grein fyrir þeim, verður að líta eitt augnablik aftur í tímann.

Þegar jeg fór frá fjármálastjórn árið 1920, átti ríkissjóður 6 milj. kr. inni í landsversluninni. Auk þess hafði jeg rjett áður en jeg fór frá sem fjármálaráðherra tekið 3 miljóna innanlandslán, sem var með öllu óeytt. Magnús Guðmundsson gat því meðan hann var fjármálaráðherra komist yfir hina miklu tekjuhalla á þeim árum með því að grípa til framantaldra 9 miljóna, þegar ríkissjóði var fjárvant. Auk þess fjekk ríkissjóður 1½ miljón af enska láninu, sem hann tók. Þess vegna var aldrei á þessum tímum, þrátt fyrir tekjuhallana, að ræða um neina fjárþröng fyrir ríkissjóð. Aftur á móti þegar kemur fram á árið 1923, þá eru miljónirnar farnar og þá verður þáverandi fjármálaráðherra, Klemens Jónsson, að halda sjer aðallega að árstekjunum, sem reyndust of litlar. Þegar hjer var komið málum, var alt gert, sem unt var, til að spara, bæði

með því að draga úr nauðsynlegum framkvæmdum og á annan hátt. Hvað eftir annað ræddi stjórnin við bankana um hinar örðugu horfur, og það var sameiginlegt álit stjórnarinnar og þeirra, að það yrði algerlega að snúa inn á nýjar brautir í fjármálum vorum.

Þegar jeg var í útlöndum, meðal annars til þess að styðja að lántöku fyrir Landsbankann, skýrði jeg bæði enskum og dönskum fjármálamönnum frá því, að íslenska stjórnin væri ákveðin í því að fylgja hinni ýtrustu sparnaðarstefnu á öllum sviðum, og hún mundi ekki láta sjer nægja, að enginn tekjuhalli yrði á fjárlögunum, heldur mundi hún berjast fyrir því, að tekjuafgangur yrði á þeim. Þetta segi jeg aðeins til að sýna, að fyrv. stjórn leit sömu augum á fjárhagshorfurnar og nauðsynina á að rjetta fjárhaginn við og hæstv. núverandi stjórn. Till. hennar í síðasta fjárlagafrumvarpi eru einnig í samræmi við stefnu þessa þings.

Þegar rætt er um 10 miljóna króna hallann, þá verður auðvitað að skoða þann halla í sambandi við alla viðskiftaveltu þjóðarinnar. En það er auðsætt, að ein einasta sveifla upp á við í framleiðslu þjóðarinnar getur skapað meiri árlegan tekjuafgang á öllum ársbúskap þjóðarinnar heldur en framangreindir fjárlagahallar nema til samans, eins og líka ein sveifla niður á við getur skapað stærri skuld heldur en umrædd upphæð nemur. Þó að það sje mikilsvert að halda fjárhag ríkisins í horfinu, skiftir það samt margfalt meiru, að framleiðsla og viðskiftalíf þjóðarinnar sje í góðu lagi, því ef svo er, er enginn vandi að sjá ríkissjóði borgið.

Þó að til dæmis fjárlagafrumvarp þetta verði afgreitt hallalaust, jafnvel með tekjuafgangi, geta sveiflurnar í viðskiftalífinu haft þau áhrif, að mikill tekjuhalli yrði á fjárlögunum, þrátt fyrir alla varúðina. Ef krónan t. d. fjelli að mun, þá eru allar áætlanir einskis virði. Þótt mikils virði sje að hafa tekjuhallalaus fjáriög, þá er þó aðalatriðið, að viðskiftalíf þjóðarinnar og framleiðsla hennar sjeu í góðu lagi. Og í þeim dyrum stendur *öll alvaran*.

Báðir bankarnir hafa litið svo á og skýrt fyrverandi og núverandi stjórnum frá því, að þeir væru mjög hræddir um vaxandi örðugleika í viðskiftalífinu, og þeir hafa bent á, að eitthvað alvarlegt þyrfti að gera til þess að rjetta þjóðina úr þeirri kreppu. En á þessu sviði sje jeg ekki, að neitt hafi verið gert. Jeg skal játa, að jeg hefi verið ákaflega lítið fylgjandi höftum, en satt að segja, þegar jeg athuga ástandið, á jeg erfitt með að sjá, að aðrar leiðir sjeu til til þess að rjetta krónuna heldur en að draga úr innflutningnum. En þetta mætti gera með því að banna innflutning ákveðinna vara algerlega.

Jeg verð að segja nú eins og jeg sagði er jeg var fjármálaráðherra og var að reyna að koma hinum og þessum lögum gegnum þingið, sem barist var á móti vegna hinna og þessara „principa“: ríkissjóðinn vantar peninga, jeg verð að kasta „principunum“ fyrir borð.

Í sambandi við fjárhaginn er rjett að taka fram, að útlit er nú fyrir mjög góðan afla, og mun ekki veita af því, því fyrir viðskiftalífið alment hefir ekkert verið gert enn, en öllu varpað í forsjónarinnar hönd, enda er það sjálfsagt sterkasta höndin.

Mjer þótti rjett að gera í fáum atriðum grein fyrir afstöðu minni til fjárhagsmálanna. Jeg vil undirstrika það, að aðalstefnuskrá fyrv. stjórnar var að

stöðva hallann. Hún reyndi að spara á fjárlögum eins og hún áleit mögulegt. Og jeg verð að líta svo á, að fjárlögin, sem nú eru að komast í gegnum þingið, sjeu ávöxtur af sparnaðarstefnu fyrverandi stjórnar. En jeg vil taka fram, að fyrverandi stjórn hefir einnig lagt tekjuaukafrumvarp fyrir þingið, sem nú er orðið að lögum og líkur eru fyrir, að gefi miklar tekjur. Sú fjármálapólitík, sem þingið fylgir í sparnaðaráttina, er fjármálapólitík fyrv. stjórnar, og er gott að vita, að hún hefir verið tekin til greina.

Um brtt. okkar hv. 2. þm. G.-K. (BK), um launauppbót til Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, get jeg látið nægja að vísa til hinnar skýru greinargerðar háttv. 2. þm. G.-K. Jeg er ósammála hv. 5. landsk. (JJ) um, að fjárhæð þessa beri að skoða sem eftirlaun. Eins og kunnugt er, starfar sjera Jóhannes að samningu orðabókarinnar samkvæmt því, sem samið var við hann upprunalega. Hann var tekinn úr prestsembætti og fengið þetta starf, og býr nú hjer með stórri fjölskyldu sinni. Hvernig á hann að geta rækt starf sitt og sjeð fyrir fjölskyldu sinni fyrir þau smálaun, sem hjer er að ræða um? Jeg sje ekki ástæðu til að fara að mæla frekar með till., en vona, að háttv. deild fallist á, að hún er sjálfsögð sanngirniskrafa.

Þá er önnur brtt., sem háttv. mentmn. hefir flutt. Hún er um það, að próf. Sigurði Nordal verði veittar 2000 kr., og auk þess 1000 kr. í verðstuðulsuppbót, til ritstarfa. Skal jeg láta þess getið, sem jeg tók fram í hv. Nd., að meðan jeg var í stjórn þessa lands, þá komu til mín ýmsir mentamenn og aðrir og báru sig mjög illa yfir að eiga að missa þennan góða fræðimann úr landi, og kviðu því mjög, að hann tæki boði Norðmanna, og báðu um, að reynt væri að halda honum áfram við háskólann. Jeg skal játa það, — og vera sammála blaði hjer í bænum, sem telur mig lítinn lærdómsmann — og jeg skal fúslega játa það, að jeg er ekki bær um að meta lærdóm próf. Sigurðar Nordals. En annað get jeg metið, og það eru hinir framúrskarandi hæfileikar hans. Hann er einn með hinum ágætustu ræðumönnum hjer. Er jeg sannfærður um það, að fengi hann kennarastól í Kristjaníu, myndi hann vekja mikla eftirtekt með hinum ágætu hæfileikum sínum, og að þessu leyti geri jeg ráð fyrir, að honum mundi sjálfum hagur í að taka norska boðinu. En annað mál er það, hvað mikill hagur okkar andlega lífi er að því að missa hann úr landi. Áskoranir hafa komið frá háskólanum og stúdentaráðinu um að veita prófessornum styrk til ritstarfa, svo að hann sjái sjer fært að vera hjer áfram í landinu.

Mjer er sjerstök ánægja að mæla með fjárveitingu þeirri, sem hjer er um að ræða. Sjerstaka rækt ætti að leggja við fræðigrein þá, sem Sigurður prófessor Nordal kennir við háskólann, því yfir höfuð ættum við að geta vænst þess, að háskóli vor gæti sjerstaklega unnið sjer vísindaviðurkenningu í íslenskum fræðum yfir höfuð. Og skemtilegt væri það, að þessi hlið háskóla vors væri svo fullkomin, að hún vekti athygli hins mentaða heims á háskóla vorum.

Það er eftirtektarvert, að aðrir kennarar við háskólann, sem hafa lítil laun, óska eftir, að próf. Sigurði Nordal verði veitt uppbót. En kröfurnar um, að Sigurður Nordal verði hjer kyr heima fyrir, koma úr fleiri áttum. Ýmsir alþýðumenn

hjer óska einnig að halda honum hjer heima. Og má heldur ekki gera of lítið úr þeim kröfum.

Þessa fjárveitingu má ekki skoða í sambandi við launakjör annara kennara háskólans, heldur verður að skoða hana í sjerstöku ljósi; því ljósi, sem jeg hefi nú verið að reyna að varpa yfir hana. Hjer er um þjóðarmetnað að ræða og þess vegna hefi jeg gerst meðflytjandi till.

Það er loks ein gr. fjárlaganna, sem jeg hefði gjarnan viljað koma með brtt. við; en mjer líst svo á, að það hefði ekki þýtt mikið. Jeg á þar við sendiherra landsins í Kaupmannahöfn. En jeg lít svo á, að ef sendiherralögin verða ekki afnumin, þá hafi stjórnin óbundnar hendur og geti sett mann í stöðuna með sömu launum og nú eru, þó að núverandi sendiherra segi af sjer, og þrátt fyrir ákvæði fjárlaganna.

Nú er áliðið þingtímans í þetta sinn, en jeg vildi óska, að hið síðasta, sem jeg legði til málanna á þessu þingi, mætti verða það, að leggja góð orð inn fyrir sendiherraembættinu, þó að svo virðist sem það sje ekki vinsælt nú orðið.

Til þess hefir þjóð vor barist árum saman og einarðlega fyrir sjálfstæði sínu, að hún færi sjer það í nyt, þegar hún loks hefir náð því. En ef fela á annari þjóð að fara með öll utanríkismál vor, án nokkurrar íhlutunar frá vorri hálfu, þá verður lítið úr því, sem barist var fyrir. En þó að þetta þing virðist ekki vilja skilja þetta mál, þá munu sannarlega koma ný þing, sem kunna að taka það rjettum tökum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg átti ekki von á því, að háttv. 1. landsk. (SE) færi við þetta tækifæri að halda langa varnarræðu fyrir fjármálastjórn ráðuneytis hans og þeirra þinga, sem þá áttu sæti. Jeg er því illa við því búinn að rökræða við hann einstök atriði þessu máli viðkomandi, enda álít jeg þýðingarlítið að fara langt í þær sakir að sinni.

Háttv. 1 landsk. byrjaði á því að beina ákúrum til núverandi stjórnar fyrir það, að hún hafi ekki borið fram brtt. við fjárlögin um fjárveitingu til sendimanns í Miðjarðarhafslöndunum, og bar hann það fyrir sig, að bankarnir hefðu æskt þessa. Þessu er því að svara, að þessi stjórn hefir ekki samið fjárlagafrv., og er því ekki sanngjarnt að ætlast til þess, að hún geri brtt. um ný ákvæði, nema nýjar ástæður gefi tilefni til þess. En mjer er ekki kunnugt um, að neitt nýtt hafi komið fram í þessu máli síðan stjórnarfrv. til fjárlaga var samið, sem breytt gæti skoðun manna á því. Mun jafnvel hafa verið enn brýnni ástæða til að hafa sendimann þar suður frá á meðan fiskverðið var lágt og sala fiskjarins gekk illa, en þannig stóð einmitt á þegar fyrv. stjórn var að semja fjárlagafrv. Það var líka svo að heyra, sem hv. 1. landsk. fyndi þetta með sjálfum sjer, því að hann gat þess upp úr þurru, að hjer væri ekki um vanrækslusynd af hálfu fráfarandi stjórnar að ræða. Þessi yfirlýsing var alveg óþörf, því að enginn hefir ásakað þá stjórn í þessu efni, en hitt er annað mál, að það situr síst á honum að ámæla núverandi stjórn út af þessu máli, og enda er alveg þarflaust að gera þessa till. háttv. þm. Vestm. (JJós) að aðkastsefni, því að engin mótmæli hafa komið fram gegn henni frá stjórnarinnar hálfu.

Þá vildi háttv. 1. landsk. verja það, að stjórn hans hafi ekki lagt tekjuaukafrv.

fyrir þingið 1923, en gat þó um leið rjettilega um eitt slíkt frv., sem hafði verið felt. Og það var ekki nema eðlilegt, að það væri felt, eftir hugsanagangi þess meiri hluta, sem þá rjeði, og það jafnvel þó að frumvarpið væri borið fram af stjórn, sem studdist við þennan meiri hl. Auk þess hafði þingið afsökun í þessu efni, þar sem var yfirlýsing þáverandi fjármálaráðherra, Magnúsar Jónssonar, um, að tekist hefði að stöðva tekjuhalla ríkissjóðs á árinu 1922. Virtist því svo, sem ekki væri ástæða fyrir þingið að samþykkja ný tekjuaukafrv.

Háttv. 1. landsk. lýsti því yfir, að fjármálastefna fyrverandi stjórnar hafi verið hin sama, sem núverandi stjórn ætlaði sjer að fylgja.

Jeg skal ekki rengja það, að stjórn hans hafi viljað fylgja þeirri stefnu; en það verður jafnframt að segja sannleikann eins og hann er; henni hefir þá mistekist að fylgja stefnunni, sem sje þeirri, að stöðva tekjuhalla ríkissjóðs, en grynna í þess stað á skuldunum. Dæmin eru deginum ljósari: Árið 1922 var tekjuhallinn 2,6 milj. kr., þrátt fyrir yfirlýsingu Magnúsar Jónssonar, þáverandi fjármálaráðherra, og síðastliðið ár mun tekjuhallinn hafa verið um 2 milj. kr. En það er þessi stefna, sem núverandi stjórn vill fyrir hvern mun ekki fylgja lengur. Það verður að sýna sig, hvernig henni tekst þetta; en henni er ekki nægilegt eingöngu að hverfa frá þessari tekjuhallabraut, heldur líka reyna að rjetta eitthvað við. (*SE*: En tveir ráðherrarnir eiga langt starf að baki sjer frá tekjuhallaárunum). Núverandi stjórn er nýtekin við og á eftir að sýna, hverju hún fær áorkað.

Þá sagði hv. 1. landsk., að þjóðarbúskapurinn væri í lagi, ef verð innfluttrar vöru væri minna en verð útfluttrar, eða að minsta kosti, að greiðslujöfnuður við útlönd ætti sjer stað. Þetta er í raun inni rjett. En það má þó ekki nota þennan sannleika til þess að kasta skugga á hinn, sem er engu veigaminni, að þessari niðurstöðu verður ekki náð, nema því aðeins, að skilyrði fyrir henni verði til. Og fyrsta skilyrðið til þess er, að fyrirtæki þau, sem starfrækt eru í landinu, starfi hallalaust, og þá fyrst og fremst sjálfur ríkissjóðurinn. Því að rekstrarhalli á sjerhverju fyrirtæki innanlands skapar fyrir sitt leyti óhagstæðan greiðslujöfnuð við útlönd.

Þegar bóndi tapar á búi sínu, og enda þótt tap hans gangi til heimafólksins, þá kemur fram greiðsluhalli hjá heimilinu í heild, ef fólkið eyðir kaupi sínu, eins og oftast vill verða. Það eyðir þá eignum bóndans. Hið sama gildir um búskap landsins í heild, og það er því fyrsta skylda þingsins að vaka yfir því, að búskapur sá, sem það veitir forstöðu, ríkisbúskapurinn, sje rekinn hallalaust. Það duga heldur ekki neinar þvingunarráðstafanir til þess að framkalla greiðslujöfnuð við útlönd, ef stóru fyrirtækin innanlands eru rekin með halla. Það er að vísu rjett hjá hv. 1. landsk., að ef miklar sveiflur verða á atvinnulífi þjóðarinnar niður á við, þá verður af því hinn mesti tekjuhalli. En einmitt þetta ætti að reka enn fastar á eftir mönnum að fara varlega í áætlunum sínum við samningu fjárlaganna, bæði að áætla tekjurnar heldur lægri og gjöldin aftur á móti hærri heldur en máske frekast má búast við, að þau verði.

Þá sagði háttv. 1. landsk., að þing og stjórn hefðu enn lítið sem ekkert gert til þess að ráða bót á stóru málunum, sem hann kallaði. Jeg verð nú að segja, að eftir ummælum hans um fjármálastefnu

fyrv. stjórnar, þá hefði mátt búast við því, að hún hefði lagt fyrir þingið ákveðnar tillögur til úrlausnar stóru málunum, sem vitanlega eru fjármálin.

Það er ekki sanngjarnt að ætlast til þess, að þingið geti, hinn stutta tíma sem það á setu, ráðið þessum málum til lykta undirbúningslítið, ef landsstjórninni þykir ekki ástæða til að leggja sinn skerf til slíks undirbúnings. En jeg verð nú að segja, að háttv. 1. landsk. hefir gert of lítið úr starfi því, sem þingið hefir unnið að þessum málum.

Það þarf ekki annað en benda á þær leiðrjettingar á rekstri þjóðarbúsins, sem þingið hefir gert og eru fyrstu skilyrði þess, að hagur ríkissjóðs verði rjettur við. Það hefir og verið talað um að hefta innflutning til landsins, og við verðum að játa, að allmyndarlegar ráðstafanir hafa verið gerðar í þá átt, og á fyrverandi stjórn sinn þátt í því. Innflutningshöft allvíðtæk hafa verið sett, þó að þar sje farið lengra í einstökum atriðum en rjett er til frambúðar. Meiri hluti þingsins hefir fallist á þessa stefnu og stjórnin lýst því yfir, að hún muni hindra innflutning eftir því, sem fjárhagur ríkissjóðs leyfir. En í þessu efni dugir ekki að loka augunum fyrir hag ríkissjóðs, að svo miklu leyti, sem hann byggist á tollum af aðfluttri vöru. Jeg get því ekki fallist á, að dómur hv. 1. landsk. um starfsemi þingsins sje rjettur, þegar hann segir, að það hafi kastað öllu í hendur forsjónarinnar. Að vísu má segja, að alt líf vort sje í forlaganna eða forsjónarinnar hendi, en þingið hefir gert sína skyldu, gert það, sem í þess valdi hefir staðið. Þó að enn sjeu einstaka atriði óútkljáð, þá er svo langt til þingloka, að enn er mögulegt að koma fram þeim málum, sem annars er unt að samþykkja án sjerstaks undirbúnings milli þinga, því það verður að segjast, að slíks undirbúnings hefir þingið ekki notið sem skyldi frá hendi fyrverandi stjórnar.

Þá vil jeg fara nokkrum orðum um örfáar brtt. frá einstökum hv. þm. Þær eru í raun og veru aðeins tvær, sem mjer finnast svo stórfeldar, að ástæða sje fyrir mig að andmæla þeim.

Fyrst er það þá XII. brtt. á þskj. 417, frá hv. 5. landsk. (JJ), sem jeg vil gera að umtalsefni. Samskonar tillaga var feld í hv. Nd. og var þar gerð sú skýra grein fyrir því, að hjer er um það að ræða að gera þar hafskipabryggju, sem einna best er höfn á landinu og þar að auki önnur mjög myndarleg bryggja til fyrir. Jeg skal nú ekki segja, að þessarar nýju bryggju kunni ekki að vera nein þörf, en þar sem þinginu hefir þótt nauðsyn bera til, bæði vegna fjárhags ríkissjóðs og þjóðarinnar, að fella niður allar verklegar framkvæmdir, sem ríkið annars lætur inna af hendi, þá er það jafnframt skylda þingsins að heimta það af Ísfirðingum, að þeir einnig skjóti byggingu þessari á frest, þar sem hún er ekki heldur svo aðkallandi. Er það beinlínis í samræmi við þá stefnu þingsins, að hindra sem mest aðflutning til landsins, því að vitanlegt er, að mestur hluti kostnaðar við slíkar byggingar liggur í erlendu efni.

Hin till. er um 3000 kr. styrkveitingu til Sigurðar prófessors Nordals, undir X. lið á sama þskj.

Ef skoða mætti, sem ætlast væri til þess, að þessi styrkur væri veittur í eitt skifti fyrir öll, þá hefði þetta atriði verið svo smávægilegt, að jeg hefði ekki sjeð ástæðu til þess að gera það að um-

talsefni. En jeg heyri það á röksemdum hv. 1. landsk., sem talað hefir fyrir þessari till. af hálfu háttv. mentmn., að með þessu sje nefndum prófessor gefinn ádráttur um árlega launaviðbót til hans sem þessari upphæð nemur, kr. 2000 með dýrtíðaruppbót. Ef svo er, þá vil jeg benda á, hverjar afleiðingar það hefir á för með sjer að halda inn á þessa braut, sem sje þær, að hætt er við því, að margir embættismenn komi á eftir með kröfu um samskonar launaviðbætur. Nú stendur svo á, að dýrtíðaruppbót embættismanna er lægri heldur en dýrtíðaruppbót sú, sem flestir aðrir borgarar þjóðfjelagsins hafa orðið aðnjótandi, miðað við launakjör fyrir stríð. Dýrtíðaruppbót embættismanna er nú 52% af launaupphæðinni, og lægri af hæstu laununum, en á öðrum sviðum þjóðlífsins hefir kaupgjaldið hækkað enn meira, t. d. mun það nú vera hjer í Reykjavík upp og ofan þrisvar til fjórum sinnum hærra en það var fyrir stríð. Að vísu hefir því verið haldið fram, sem mun vera rjett, að embættismenn ríkisins hafi fengið hækkuð stofnlaun sín með launalögunum 1919. Hefi jeg heyrt, að þá hækkun mætti telja um 25% frá því, sem áður var. Ef það er rjett, og ef ennfremur má gera ráð fyrir því, að dýrtíðaruppbótin verði 60%, þá mun láta nærri, að launin hafi tvöfaldast á móts við það, sem þau voru 1914. En eins og jeg tók áður fram, þá hefir kaup og laun alls almennings í landinu að minsta kosti þrefaldast á sama tíma, og meira í ýmsum greinum.

Nú er það alveg auðsjeð og vitanlegt, að eina leiðin til þess að geta haldið launum embættismanna svo mikið niðri, er sú, að hins ýtrasta rjettlætis og samræmis sje gætt að því er launakjörin snertir innan þess sviðs, sem löggjafarvaldið á yfir að segja, svo að ekki verði hægt að byggja kröfur um launahækkun á skírskotun til ósamræmis innan þessa sviðs.

Ef einum manni er veitt hækkun slík sem þessi, þá er hætt við, að aðrir komi á eftir og biðji um hækkun. Og það er enginn efi á því, að svo fer, ef vjer veitum þessum embættismanni þá hækkun, sem hjer er farið fram á, og þá veit jeg ekki, hverju þingið á að svara öðru en því, að fella burtu þessa hækkun, sem það væri búið að veita, því að jeg býst ekki við, að næsta þing sjái sjer fært að hækka laun embættismanna yfirleitt svo, að samsvari þessari viðbót. Ef vjer ættum að geta hækkað við þennan embættismann án þess að hækka jafnframt við aðra, þá yrði að standa alveg sjerstaklega á um hann. Því hefir verið haldið hjer fram, að svo sje. Jeg viðurkenni það fyllilega, að þessi maður sje hæfileikamaður og alls góðs maklegur, en slíkt má segja um svo fjöldamarga aðra.

Þá hefir því verið haldið fram, að verkefni þessa manns sje svo þýðingarmikið, að hann hafi sjerstöðu vegna þess. Jeg veit vel, að það starf, sem þessi maður vinnur, er mikils vert, en svo er um svo marga aðra. Jeg viðurkenni fyllilega, að fornbókmentir vorar eru ein hin allradýrmætasta eign, sem við eigum, en menn verða að gæta þess, að þær bókmentir eru eitt, og ritstörf nútíðarmanna um þær eru alt annað. Þau ritstörf eru ekki nándarnærri eins þýðingarmikil. Jeg vil einnig benda á það, að til eru ýmsir menn, sem telja annað þýðingarmeira en fornbókmentir okkar. Jeg skal í því sambandi benda á, að margir kristnir menn, bæði hjer á landi og annarsstaðar, telja biblí-

una miklu þýðingarmeiri bókment en fornsögur okkar. Frá sjónarmiði þeirra manna væri því engu minni nauðsyn, ef fram kæmi afburðamaður á því sviði, að veita honum sjerstakan styrk til þess að rita um þau fræði. Þannig mætti lengi halda áfram að telja. Það getur altaf verið álitamál, hvað þýðingarmest sje. En ef til þess kæmi, að veita ætti einhverjum embættismönnum launauppbót, þá verður þing og stjórn að skera úr því, hvaða störf sjeu þýðingarmest og hverja menn vjer megum síst missa, og það verður ókleift verk. Ef vjer lítum yfir embættismannahóp þjóðarinnar, þá verðum vjer þess brátt varir, að þeir eru fjöldamargir ómissandi, því skarð þeirra hvers um sig myndi vandfylt, ef þeirra misti við. Ef vjer því ættum að veita einhverjum embættismönnum launahækkun sökum verðleika þeirra, þá er hætt við, að vjer kæmumst ekki hjá að veita hana flestum eða öllum embættismönnum vorum.

Jeg hefi talið mjer skylt að segja þessi aðvörunarorð, þó að mjer hinsvegar þyki mjög leiðinlegt að þurfa að mæla á móti þessum manni, því að jeg kann vel að meta bæði hann sjálfan og starf hans.

Jónas Jónsson: Jeg verð að leyfa mjer að segja hjer nokkur orð, og ætla jeg þá fyrst að snúa mjer að hv. þm. Vestm. (JJós).

Hann flytur hjer brtt. um að eyða 10 þús. kr. til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum. Jeg er háttv. þm. sammála í ýmsum aðalatriðum þessu viðvíkjandi, og mundi hafa stutt þessa brtt. hans, ef líkur væru fyrir því, að gagn yrði að slíkri fjárveitingu. En svo er ekki. Jeg vil líka benda á það, að þessi upphæð er að áliti kunnugra manna of lítil, ef hún á að koma að notum, því viðfangsefnin eru mikil. En upphæðin er samt of stór til þess að kasta henni út fyrir ekki neitt. Þeir menn, sem hafa fisksöluna á hendi hjer á landi, velta stærri fjárhæðum en aðrir landsmenn. Þeir ættu sjálfir að geta kostað erindrekstur í Suðurlöndum. En reynslan sýnir, að fisksalan fer ár eftir ár í handaskolum hjá þessum mönnum, af því að þeir standa á svo lágu menningarstigi, að ekki sýnist hyggilegt að eyða miklu fje þeirra vegna. Dæmin eru deginum ljósari um framferði þessara manna á undanförnum árum og hver áhrif fjármálastefna þeirra hefir haft á þjóðarbúskapinn.

Árið 1920 voru veittar 20000 kr. til sendimanns til Genúa. Í þá stöðu var valinn maður að nafni Gunnar Egilson. Sá maður hafði mjög lítið fengist við slík mál. Hann var ekki alinn upp í starfinu og mun hafa haft miklu minni þekkingu á því en t. d. hv. þm. Vestm., sem mun vera óvenjulega vel kunnugur fisksölu. Þessi maður sat nokkuð lengi í Genúa, en þau mistök urðu við þessa sendiför, að hann fjekk aldrei sitt erindisbrjef. Hann taldi sig hafa fengið loforð um erindisbrjef sem sendimaður frá þáverandi stjórn (Jóns Magnússonar), en stjórnin hafði brigðað það loforð. Þegar hann fór hjeðan, fjekk hann loforð um að fá erindisbrjefið í Kaupmannahöfn, og síðar fjekk hann loforð um, að hann skyldi fá það í Hamborg, og svo koll af kolli á leiðinni suður á bóginn, en aldrei fjekk hann brjefið, og förin varð því til lítils eða einskis.

Hver getur nú sagt um, hvort gagn yrði að þessari fjárveitingu nú? Það er sami forsætisráðherra nú og þá var, og sami maður mun ætlaður til fararinnar. Og hver getur búist við, að það sje

til nokkurs að kasta fje í sömu mennina og eyddu fyrir nokkrum missirum 40—50 þús. kr. til einskis?

Jeg krefst þess að fá nú að vita, hvers vegna Gunnar Egilson fjekk ekki erindisbrjef. Og jeg krefst þess ennfremur að fá að vita, hvort það sje rjett, að það liggi í stjórnarráðinu hreint kærubrjef frá sendimanninum yfir þessari meðferð, og ef svo er, þá finst mjer rjett, að þingmenn fengju að sjá það. Jeg vona, að hæstvirtur forsætisráðherra, sem þá sat að völdum og sem er við völd einnig nú, skýri frá þessu.

En til hvers er að senda mann suður í lönd fyrir fiskkaupmenn, sem standa á svo lágu menningarstigi, að þeir hafa ekki haft mannrænu í sjer til þess einu sinni að læra spönsku, svo þeir væru færari um að komast í samband við þá þjóð, sem kaupir langmest af fiski vorum, og kynna sjer markaðshorfur þar. Og þeir hafa heldur ekki haft framtakssemi til þess að setja upp eina einustu skrifstofu á Spáni til að annast söluna. En sömu menn hanga oft mánuðum saman í Kaupmannahöfn til þess að versla við danska fiskkaupmenn, sem græða stórfje á því að vera milliliðir milli þeirra og Spánverja. En þessir sömu menn verja engu til þess að setja sig í samband við fiskkaupmennina á Spáni, þótt eðlilegast væri, að þeir hefðu sjálfir sendimenn þar syðra, eins og norskir fiskkaupmenn. Norðmenn hafa kjark til þess að fara suður á Spán til þess að kynna sjer markaðshorfur þar. Þeir eru þar með nefið niðri í öllu og kynna sjer alt, sem lýtur að starfi þeirra, og þess vegna gengur þeim betur fisksalan. Eðlileg leið hefði verið, að fiskkaupmenn hefðu haft fjelagsskap með sjer um slíkan erindrekstur. Þannig fara samvinnubændur að. Þeir hafa skrifstofur bæði í Englandi og Danmörku og selja þar sjálfir afurðir sínar, og fara ekki fram á neinn styrk úr ríkissjóði til þess. En þetta geta fiskkaupmennirnir íslensku ekki, af því að þeir eru ekki nógu þroskaðir til þess.

Á árunum 1920—1921, þegar sendimaður var hafður í Miðjarðarhafslöndunum til þess að greiða fyrir fisksölunni, þá hefði mátt búast við því, að fiskkaupmenn mundu hafa vit á að nota hann og hefðu snúið sjer til hans viðvíkjandi fisksölu þar syðra. En það var ekki því að heilsa. Þeir trúðu honum ekki. Þeir sögðu, að hann væri í venslum við tvö togarafjelög hjer í bæ, og því gætu aðrir ekki treyst honum. Svona er það ætíð með fiskkaupmenn hjer og útgerðarmenn. Þeir tortryggja hver annan. Þeir kunna ekki að vinna hver út af fyrir sig og þeir kunna ekki að vinna saman, og þegar landið ætlar að hjálpa þeim og lætur þeim í tje mann, þá þora þeir ekki að nota hann. Svo tortryggir eru þeir og lítt þroskaðir í starfi sínu. Og þegar skipuð var hjer útflutningsnefnd 1918, sem í voru 2 fiskkaupmenn, Thor Jensen og Ólafur Benjamínsson, þá gerðu útgerðarmenn sig svo digra að setja nefnd til þess að hafa „kontrol" með útflutningsnefndinni, sökum þess að þeir tortrygðu hana. Svo tortryggir eru þeir, að þeir þora ekki að hafa neitt skipulag á sölunni. Það hefir verið rætt um að undirlagi Landsbankans, hvort ekki mundi mögulegt að mynda frjáls samtök meðal fiskútflytjenda til þess að koma skipulagi á fisksöluna. En þeir þora ekki að hafa fjelagsskap. Þeir trúa ekki hver öðrum og þeir játa það sjálfir.

Jeg vona því, að hv. þm. sjái, að á meðan íslenskir fiskkaupmenn standa á svona lágu stigi, að þeir hafa einu sinni

ekki mannrænu í sjer til þess að mynda hring og kunna alls ekki að vinna saman, þá sje ekki til mikils fyrir ríkið að verja fje til þess að reyna að hjálpa þeim. Þegar þeir eru búnir að sýna, að þeir kunni að vinna saman og að þeir sjeu yfirleitt starfi sínu vaxnir, þá vil jeg gjarnan vera með að veita þrefalda þessa upphæð, eða þó meira væri, til þess að greiða fyrir fisksölunni.

En við skulum nú athuga nokkuð nánar, hvernig ástandið er nú hjá fiskkaupmönnunum. Það er þannig, að þeir eru flestir háðir einum Englendingi, manni, sem ekki er hægt að segja, að hafi farið neitt sjerlega vel með fje það, sem hann hefir fengið til meðferðar hjer, eða gefið mikla ástæðu til að ætla, að honum væri trúandi fyrir stærra pundi. Yfirleitt má segja, að öll fisksalan sje í hinni mestu óreiðu, og þetta lagast ekki fyr en íslenskir fiskkaupmenn sjá, að þeir verða að standa saman. Ef samþykt væri þáltill. hv. 2. þm. S.-M. (IP) um skipulag á sölu sjávarafurða, þá mætti kippa þessu í lag. Það væri ekki mikið fyrir ríkið að hafa skrifstofu, eina eða fleiri, suður á Spáni, ef lag væri á þessum málum, og mætti vænta þess, að gagn yrði að því. Og jeg vona, að háttv. þm. sjái, að eina ráðið er að leggja ekki of mikið í hendur fisksalanna, eins og þeir eru nú, — gera þá að vissu leyti ómynduga um söluna, svo þjóðin bíði ekki óbætanlegt tjón af fáfræði þeirra. Jeg vona eftir þessa skýringu, að hv. þm. taki það ekki illa upp fyrir mjer, þótt jeg geti ekki greitt atkvæði með þessari brtt. Jeg vil gera alt til þess að fiskurinn seljist sem best, en jeg get ekki sjeð, að nokkurt gagn geti orðið að þessari fjárveitingu með því fyrirkomulagi, sem nú er á fisksölunni.

Jeg vil svo nota tækifærið til þess að biðja hæstv. forsrh. að gefa skýringu á því, hvernig á því stóð, að ekki var skipaður fastur ræðismaður í Genúa á árunum 1920—21, og hvað var því til fyrirstöðu, að hann fengi sitt erindisbrjef.

Háttv. þm. Vestm. benti á, að bankarnir hefðu beðið um þessa fjárveitingu. Jeg skal þó taka það fram, að þingið hefir ekki gert alt, sem bankarnir hafa beðið um. Bankarnir báðu t. d. báðir um innflutningshöft og það kom fram í háttv. Nd. frv. um innflutningshöft á nokkrum vörutegundum, en það var drepið þar með rökstuddri dagskrá frá stjórnarflokknum, og þar með var innflutningshöftunum komið fyrir kattarnef. *(Fjrh. JÞ:* Þetta er ekki rjett). Þingtíðindin og bókun Nd. sýna, að þetta er rjett.

Þá mintist hæstv. fjrh. á hafskipabryggjuna á Ísafirði og mælti á móti þeirri brtt., en hann hrakti alls ekki það, sem jeg hefi haldið fram, að till. eykur ekki útgjöld landssjóðs raunverulega. Enda barðist einn af stuðningsmönnum hæstv. fjrh. fyrir þessu máli í Nd.

Þá hefir hæstv. fjrh. mælt á móti brtt. mentmn. um að láta prófessor Sigurð Nordal fá styrk til ritstarfa. Jeg get vel skilið það, þó slíkt kæmi fram hjá hæstv. fjrh., því hann lagði mikla áherslu á það fyrir kosningarnar í haust, að hann vildi leggja heimspekisdeildina við háskólann niður, og á þinginu hefir hann viljað færa hana til og setja hana í samband við aðra deild, svo það er skiljanlegt, að hann sje á móti þessu og öðru, sem miðar að því að tryggja líf í þessari deild háskólans. Það hefir líka heyrst, að það hafi verið gert að flokksmáli í fhaldsflokknum að koma þessu máli þannig fyrir, að engin kensla yrði í íslenskum fræðum, sem prófessor Sigurður Nordal kennir nú. Vel má vera, að þeir erlendu mangarar,

sem styðja stjórnina með blaði sínu, vilji íslenskuna feiga. Og ef svo er, þá er skiljanlegt, að hæstv. fjrh. beitir sjer gegn því, að kensla verði framvegis í móðurmálinu við háskólann.

Sökum þess að þessi mótmæli hafa komið fram frá hæstv. fjrh., get jeg ekki látið vera að fara nokkrum orðum um þetta mál frá almennu sjónarmiði.

Í vetur varð það kunnugt meðal manna hjer í bænum, að háskólinn í Kristjaníu hefði boðið Sigurði Nordal prófessorsembætti með mjög góðum launakjörum, og var talið líklegt, að hann mundi þiggja það. Þá var það að ýmsir menn, sem hafa áhuga fyrir íslenskum fræðum, ljetu þá skoðun sína í ljósi við stjórnina, að þeir álitu það mikið tap fyrir menninguna í landinu, ef prófessor Nordal færi burt.

Þá mun kenslumálaráðherrann hafa snúið sjer til prófessors Sigurðar Nordals og spurt hann um, hvort hann mundi ekki fáanlegur til þess að vera kyr hjer við háskólann. Prófessorinn mun hafa gefið það svar, að það væri erfitt fyrir sig, því hann hefði ekki þau launakjör, að hann gæti starfað að rannsóknum sínum eins og hann þyrfti og vildi, en kvaðst hins vegar gjarnan vilja vera kyr. Það væri því eingöngu vegna hinna óhagstæðu ytri skilyrða, að hann ætlaði sjer að fara.

Síðan hefir verið mikið rætt um þetta, og í Nd. kom fram þáltill. um, að stjórnin skyldi semja við prófessor Nordal um að vera hjer áfram við háskólann. En þá leit hæstv. forsrh. svo á, að hann gæti ekki gert neinn samning samkvæmt þál.-till., því að fjrh. liti svo á, að hann væri ekki skyldugur til að greiða neitt samkvæmt slíkum samningi.

Stúdentar skrifuðu til þingsins brjef, þar sem þeir fóru mjög eindregið fram á það, að þingið sæi um það, að Nordal yrði kyr hjer við háskólann. Og við, sem erum í mentmn., höfum gerst svo djörf að bera fram brtt. þá, sem hjer liggur fyrir.

Mjer skildist á einum hv. þm. í Nd., sem líka er starfsmaður við háskólann, að hann og margir kennarar þar yrðu að sinna allskonar aukavinnu til að geta lifað. Þessi sami maður hafði vísindastyrk fyrir fáum árum; þingið leit þá svo á, að vert væri að losa þennan fræðimann frá matarstriti, svo hann gæti unnið á sínu sviði. Og jeg veit ekki betur en að hæstv. stjórn hafi greitt atkv. með styrk til eins af dósentunum við háskólann til að vinna að þýðingu á erlendu skáldriti. Sá styrkur er uppbót á launum. Jeg segi þetta af því að mjer skildist á hæstv. fjrh., að það væri einhver ósvinna að fara fram á launauppbót handa nafnkendum fræðimanni, sem er einn af starfsmönnum háskólans. Vitaskuld eru rithöfundalaun af þessu tægi ekki annað en einskonar uppbót. Allir, sem til þekkja, vita, að prófessorar í sumum greinum við háskólann hafa miklar aukatekjur, t. d. læknar. Læknir við háskólann, sem væri í jafnmiklu áliti í læknisfræði og Sigurður Nordal er í málfræði, mundi hafa stórkostlega „praksis", líklega svo skifti tugum þúsunda á ári. Lögfræðingur eins og Einar Arnórsson hlýtur að hafa miklar aukatekjur fyrir störf sín sem lögfræðingur. En þegar kemur að íslenskri sögu og málfræði, er ómögulegt fyrir fræðimenn okkar að snúa vísindum sínum í peninga. Nýlega er komin út sagnfræðibók eftir Pál Eggert Ólason, feiknaverk, og bregður skörpu ljósi yfir íslenska sögu, — er sem ótæmandi brunnur fyrir lestrarfúsa menn og alla þá, sem stunda íslenska sagnfræði,

En slík bók gefur höf. engar aukatekjur. Það er meira að segja ómögulegt að láta útgáfu slíkrar bókar bera sig. Hvernig hefði farið, ef höf. hefði orðið að sinna tímakenslu til að draga fram lífið? Í raun og veru er það alrangt að bera saman aðstöðu málfræðings og sagnfræðings við aðra vísindamenn við háskólann, eins og lögfræðinga og lækna, sem geta haft stórmikil aukalaun í viðbót við embættistekjurnar.

Hvað ætli hæstv. fjrh. þekki marga starfsmenn íslenska, kennara, presta, lækna eða aðra, sem útlendar þjóðir bjóða til sín með vildarkjörum til þess að taka þátt í vísindastarfsemi hjá þeim? Jeg veit ekki um neinn annan en Sigurð Nordal. Að vísu eigum við marga mjög góða embættismenn og fræðimenn. En það eru fáir, sem tekst það að lyfta sjer svo hátt yfir fjöldann með gáfum og þekkingu, lyfta sjer upp yfir þá einangrun, sem þjóðin skapar, svo að erlendar þjóðir gefi því gaum. Til þess þarf Íslendingur að hafa mikla yfirburði. Slíkt álit annara þjóða á íslenskum vísindamanni er einsdæmi. Þetta er höfuðröksemdin á móti hæstv. fjrh. Nálega enginn af okkur hinum er eftirsótt útflutningsvara. Engin útlend þjóð hefir kept um okkur hæstv. fjrh., að báðum ólöstuðum, og svo er um flesta.

Jeg vil minna á tvö dæmi, sem brjóta í bága við sparsemina í þessari hv. deild. Í fyrra átti jeg þátt í, að skáldinu Einari Kvaran var veitt launauppbót. Háttv. deild sýndi þá, að hún skildi, að það er óhæfa að halda ágætt skáld á 3000 kr. launum, en hafa svo heilan hóp ljelegra starfsmanna á miklu hærri launum. Fyrir fáum dögum bárum við hv. þm. Vestm. (JJós) fram tillögu um að veita einum af okkar mestu gáfumönnum, dr. Helga Pjeturss, launauppbót. Af sömu ástæðum vil jeg leggja með því að sleppa ekki núverandi prófessor í íslensku burt úr landi. Jeg vil gera afbragðsmönnum okkar það fært að starfa í landinu, en skera niður liðljettingana.

Jeg vil taka það fram, af því að það er ef til vill orðið flokksmál að flæma íslenskuprófessorinn úr landi og sumir munu halda, að við, sem erum á móti því, höfum gert það að flokksmáli okkar megin, en svo er ekki. Jeg býst við, að þessir þrír menn, Einar Kvaran, dr. Helgi Pjeturss og Sigurður Nordal, sjeu allir annaðhvort ópólitiskir eða í andstöðu við Framsóknarflokkinn, að því leyti sem kemur til þátttöku í opinberum málum. Frá mínu sjónarmiði skiftir engu um stjórnmálaskoðanir slíkra manna. Víngarður þeirra er í listum og vísindum, en ekki í stjórnmálabaráttunni. — Jeg leyfi mjer að gera þær kröfur til háttv. þm., að þeir blandi ekki pólitík inn í þessi mál.

Það hefir verið af ýmsum mönnum og blöðum hnýtt í mig fyrir að vera „jafnaðarmaður“. Flokksbræður mínir virðast ekki bera neinar brigður á, að jeg fylgi þeim að málum. En svo mikið er víst, að jeg er ekki sá jafnaðarmaður, að jeg vilji ekki gera mun á kaupi manna eftir dugnaði og hæfileikum. Jeg vil, að þeim afbragðsmönnum, sem okkar þjóð stendur mikill sómi af, sje borgað meira en meðalmönnum.

Jeg vildi óska, að hæstv. fjrh. væri það nálægt, að hann heyrði mál mitt. Íhaldsstjórnin og stuðningslið hennar þarf ekki að hræðast að heyra nefndar 10 þús. kr. handa merkum vísindamanni. Hæstv. forsrh. hefir skipað bankastjóra við Ís-

landsbanka með 20000 kr. launum, en í viðbót önnur 20 þús. kr. í dýrtíðaruppbót. Undirgjaldkeri Landsbankans, sem enga sjerþekkingu hefir, fær kringum 10 þús. kr. Forstjóri áfengisverslunar ríkisins hefir 18000 kr. laun. Eftir því, sem mjer er kunnugt, hafa bæjarfógeti og lögreglustjóri ekki lakari laun en meðalbankastjóri, eða um 25 þús. kr. Þannig eru nóg dæmi til, að sjerstaklega duglegum mönnum í vandasömum stöðum eru borguð óvenjuleg laun.

Hæstv. forsrh. ber fram till. hjer í dag um að halda við háskólann manni, sem hefir verið í fjárlögum nokkur ár, eftir að hv. Nd. var búin að fella liðinn niður. Jeg get vel skilið, að hæstv. forsrh. vilji ekki sem kenslumálaráðherra láta rýja háskólann starfskröftum. En að þessum manni alveg ólöstuðum verða menn að játa, að það er ekki sambærilegt, hvað mikill skaði yrði að því, vísindalega og bókmentalega, þótt hann flytti burt, eins og hinn fyrnefndi. Jeg vil þá spyrja hæstv. forsrh., hvort það er rjett, sem heyrst hefir, að það sje flokksmál í Íhaldsflokknum að styðja að brottför prófessorsins; ennfremur hvað hæstv. forsrh. hugsar sjer gagnvart háskólanum og hvort við í mentmn. megum ekki vænta stuðnings hans og hann sje okkur frekar þakklátur fyrir að vilja halda við svo virðulegri stofnun, sem stendur undir hans stjórn. Alment er litið svo á, og það líklega með rjettu, að fari próf. Sigurður Nordal hjeðan, höfum við engan til að skipa hans sæti um óákveðinn tíma. Nokkrir stúdentar í norrænudeild háskólans vita þá ekki, hvað þeir eiga að gera. Álít jeg því ekki ósanngjarnt, að við í mentmn. fáum skýringu hjá hæstv. forsrh., sem málið heyrir undir, hvað hann hugsar sjer að gera; hvort hann álítur það borga sig að leggja niður íslenskukenslu við háskóla hins „fullvalda ríkis". En vitanlega byggist fullveldi okkar fyrst og fremst á íslenskri tungu; það er fyrsta einkenni fyrir okkar þjóð, og þjóðernið hefir vakið rjettinn til sjálfstæðis.

Þá vil jeg víkja að því, sem háttv. 1. landsk. (SE) tók fram svo skarplega. Það eru ekki prófessorar og stúdentar ein göngu, heldur fólkið úti um landið, sem les bækur og hugsar nokkuð, sem vill alls ekki missa prófessor Sigurð Nordal og metur starfsemi hans og embætti mikiu þýðingarmeira en ýms þau, sem þingið hefir verið að skapa öðruhvoru. Jeg vil skjóta því til hæstv. fjrh., að jeg man ekki betur en að hann á síðasta þingi mælti fram með að stofna embætti til eftirlits með bönkum og sparisjóðum, sem nú er launað með 16000 kr. Jeg veit, að þegar hæstv. fjrh. athugar þetta, mun hann sjá, að hann hefir verið á þessari braut, að borga vandasömustu embættin svo, að hægt væri að skipa þau úrvalsmönnum.

Hvers vegna vill fólkið fyrir engan mun missa þennan mann? Af því að í bókum hans, ræðum og greinum finnur það yl og ljós, sem það kann að meta, en sem það þykist ekki verða vart við nema hjá sárfáum öðrum. Það má vel vera, að ólærðir menn úti um landið hafi þroskaðri og fágaðri smekk fyrir bókmentir heldur en verkfræðingar, eins og t. d. hæstv. fjrh. Þau ritverk metur fólk mest, og það með rjettu, sem eru þess eðlis, að vísindamenn hjer og erlendis og greindir alþýðumenn úti um landið vilja lesa þau og eru hrifnir af. Þeir höfundar eru mestir, sem tala í einu svo, að bæði vitringar og greindir menn lítt skólagengnir dást að sameiginlega. Þannig eru bækur próf. Sigurðar Nordals. En jeg þykist vita, að þó að

hæstv. fjrh. sje ekki mjög gefinn fyrir bókmentir, hafi hann þó heyrt getið um Carlyle eða Ruskin og viti, hvað slíkir höfundar hafa að þýða fyrir sína þjóð. En á borð við þá er óhætt að meta próf. Nordal fyrir þessa þjóð.

Þá eru nokkur orð út af aðalmótbáru hæstv. fjrh., sem sje að hann bjóst við, að aðrir embættismenn kæmu á eftir með uppbótarkröfur. Skyldi hann ekki muna, hvernig fór 1919? Þá kom embættismannastjettin nálega öll „organiseruð", heimtaði sín laun og fór allgeyst. Fletti maður upp í umr. t. d. ræðu frsm. launanefndar, núv. þm. V.-Húnv., sjer maður glögt, að þingið hefir verið kúgað til að hækka launin. Það er viðurkent, hvað átti að gera í launamálinu, þó ekkert hraun hefði runnið niður af Hjalla í Ölfusi þá. Verkfallshótun vofði yfir og þingið ljet kúgast. Við fáum launakröfur á næsta þingi án tillits til þess, hvernig við höfum gert við þennan eina mann, sem tvær þjóðir keppa um. Hæstv. fjrh. þarf ekki að óttast, að það verði margir slíkir, svo hann getur verið rólegur með sinn sjóð vegna þess. Jeg býst að minsta kosti ekki við, að gert verði stórt fjárboð í okkur hæstv. fjrh., hversu sem okkur kann að líða hjer.

Viðvíkjandi því, að ekki sje hægt að halda starfsmönnum með svona launauppbót, vil jeg minna hæstv. fjrh. á atriði, sem gæti orðið honum að gagni í sinni stöðu að athuga. Í mörg ár hefir póstmeistarinn hjer í Reykjavík haft 4 þúsund krónur á ári fram yfir hin lögmæltu embættislaun sín. Þetta hefir verið látið óátalið, en öllum er það kunnugt. Jeg álít, að hæstv. fjármálaráðherra ætti að reyna að spara á þessum stað. Þarna er ilt fordæmi. Staða póstmeistara er ekki svo vandasöm. Margir mundu vera færir um að gegna henni og fúsir til þess fyrir venjuleg laun.

Þá sagði hæstv. fjrh., að fornbókmentir okkar væru dýrasti þjóðarauðurinn. Þar er jeg honum sammála. En heldur þá hæstv. ráðherra, að það hefði borgað sig fyrir þjóðina að svelta svo höfunda fornbókmentanna, að þeir hefðu þurft að hröklast af landi burt, mennina, sem skrifað hafa hin ódauðlegu verk? Jeg held ekki.

Það er einmitt þetta, sem Sigurður Nordal er svo dýrmætur fyrir. Hann er frumlegur rithöfundur, sem áreiðanlega á eftir að auðga bókmentir okkar enn meir en hann þegar hefir gert með ágætum verkum.

Alveg á sama hátt og hæstv. fjrh. starfar að því að auka grasið í Flóanum, eins er hjer verið að reyna að auka hinn andlega gróður í landinu.

Jeg vænti því, að hæstv. fjrh. sjái, að það, sem mentamálanefndin er að gera hjer með tillögu sinni, er hliðstætt því, sem hann er að starfa að í Flóanum, aðeins flutt yfir á andlega sviðið; og eins og hann hefir trú á því, að þau störf hans verði til þess að efla grasræktina í Flóanum og jafnframt hina tímanlegu auðlegð Flóamanna, eins hefir mentamálanefndin óbifanlega trú á því, að tillaga hennar, með því að halda prófessor Sigurði Nordal heima, verði til þess að efla hina andlegu auðlegð þjóðarinnar í heild sinni, og jafnframt, að það síðar meir verði talið eitt hið besta verk, sem unnið hafi verið í þágu íslenskra bókmenta. Og má í þessu sambandi minna á hina fornu Grikki, sem annaðhvort gerðu við sína bestu menn að drepa þá á eitri eða reka þá í útlegð. Þessi fornfræga og gáfaða þjóð hafði

nefnilega þann skaplöst, að kunna ekki að meta sína ágætustu menn fyr en þeir voru fallnir frá. Hjer er svipað að eiga sjer stað; það er verið að velta því fyrir sjer, hvort borga eigi öðrum eins ágætismanni og Sigurði Nordal ritlaun, sem svara ⅓ af launum eins undirbankagjaldkera eða $^1/_{13}$ af launum eins bankastjóra, sem nú gerir ekkert annað en skemta sjer erlendis.

Þá var hæstv. fjrh. að mæla með núverandi stjórn sem sjerstaklega hæfri til þess að stöðva hinn stöðuga tekjuhalla, sem hefir verið á rekstri þjóðarbúsins nú undanfarin ár. En hann gætti þess ekki, að sá, sem er höfuð þessarar stjórnar, var og höfuð þeirrar stjórnar, er sat að völdum, er tekjuhallinn byrjaði að myndast. Þeirrar sömu stjórnar, sem bjó út fjárlögin fyrir 1920 og 1921. Jeg er því alveg hissa á, að hæstv. ráðherra skuli geta talað svo digurbarkalega og hreykt sjer svona hátt. Það er alveg eins hjákátlegt og agnarlítið drengkríli, sem tæplega stæði út úr hnefa, hreykti sjer upp á hundaþúfu og segðist vera stór og mikill maður, stærri og sterkari en Sigurjón Pjetursson. Þetta er þvert ofan í allan veruleika. Hallinn á fjárlögunum 1922 varð til undir stjórn hæstv. núverandi forsrh. (JM) og samverkamanns hans, núverandi atvinnumálaráðherra (MG). Þeir ljetu viðgangast, að fjárlög væru samþykt með 2 milj. kr. tekjuhalla og í þeirra stjórnartíð sköpuðust hinir miklu fjárhagslegu örðugleikar, og skal jeg nefna 4 atriði, sem skýra þetta hrun. Er þá fyrst, að innflutningshöftin voru rifin niður á þinginu 1921, og ber enginn meiri ábyrgð á því en núverandi fjrh. Hann gerði mest að því að koma þeim fyrir kattarnef. Hann var þá í fararbroddi kaupmanna, og reif því niður þá byrjun, sem núverandi samverkamenn hans höfðu verið með til að reisa og telja má hinn eina ljósgeisla í stjórnarferli þeirra, því að þar voru þeir óneitanlega komnir á rjetta leið. Og þegar búið var að reka þá út af þessari rjettu braut af kaupmönnum og braskaralýð, með núverandi hæstv. fjrh. í broddi fylkingar, misti þáverandi stjórn við þessar aðfarir fylgi allra þeirra, sem báru fyrst fyrir brjósti velferð þjóðarinnar. Það voru kaupmenn, sem eyðilögðu höftin 1921, einungis kaupmenn og braskarar; þeir þurftu að græða, þótt eyðslan feldi krónuna og setti ríkið á vonarvöl. Þeir höfðu þá sömu slagorðin eins og hæstv. fjrh. hefir nú. Þeir sögðu: Það má ekki banna innflutning frekar en svo, að við getum fengið nægilegar tekjur og nægileg laun.

Jeg er nú hræddur um, að hæstv. fjrh. standi á Dettifossbrúninni og honum geti orðið hún býsna hál, því að ennþá styðst hann við þá menn, sem áður rifu niður innflutningshöftin og hröktu núverandi samverkamenn hans út af rjettri leið.

Þetta eitt út af fyrir sig býst jeg við, að sje stærra atriði fyrir fjárhag landsins en þótt láta eigi einn ágætismann fá 3000 kr. ritlaun, til þess að hann geti lifað og starfað fyrir þjóð sína.

Þá er annað atriðið, þegar þeir menn, sem stóðu að Íslandsbanka, neyddu þáverandi stjórn til að taka enska lánið, sem er hinn dýrasti og versti baggi, sem þjóðinni hefir verið bundinn og sem aldir og óbornir munu súpa hið beiska seyði af. Það skyldi því engan undra, þó að því sje ekki tekið vel, þegar þessir menn, sem sóað hafa fje landsins fyrir hagsmuni nokkurra gæðinga sinna, vilja reka einn okkar mesta andans mann úr landi fyrir smávægilegan sparnað.

Þá er þriðja atriðið, þegar bankastjór-

arnir báðu um í vetur, að skipuð yrði gjaldeyrisnefnd. En það rak sig á hagsmuni kaupmannastjettarinnar og slagorð þeirra: „Frjálsir menn í frjálsu landi". Er því búið að láta frumvarpið um nefndarskipun þessa liggja í Nd. í mestallan vetur, síðan þing byrjaði, þrátt fyrir það þó að einn bankastjóranna þykist geta sannað, að fleiri miljónir hafi tapast út úr landinu vegna lággengisins. Og engum er þessi dráttur og eyðing málsins meira að kenna en hæstv. fjrh. Það getur því enginn annað en hlegið að því, þegar þessir menn, sem kæft hafa frv. um gjaldeyrisnefndina og ekkert gert til þess að koma í veg fyrir miljónatap á þessum lið, þykjast af sparnaðarástæðum verða í nafni sparseminnar að drepa íslenskukensluna við háskólann.

Þá er fjórði liður. Þegar hæstv. fjrh. þykist vera að hugsa um hag ríkissjóðs, með því að leyfa innflutning á óþarfa, er hann líklega fremur að hugsa um hag kaupmanna eins og áður. Jeg er ekki í minsta vafa um það. Það hefði mátt segja annað, ef hæstv. fjrh. hefði getað beygt sig undir hinn sterka þjóðarvilja, að gera tilraun til að rjetta gengið við með sterkum innflutningshöftum og gjaldeyrisnefnd. En því fór fjarri. Jeg hefi minst á þetta hjer af því, að hæstv. fjármálaráðherra vill drepa andlega lífið í landinu í nafni eyrishagnaðarins, um leið og hann og hans flokkur hefir sett þjóðina á vonarvöl, kastað miljónum á glæ, sumpart með því, sem þeir hafa gert til tjóns, og sumpart með því, sem þeir hafa látið ógert að gera til gagns.

Jeg vona, að þessi upprifjun verði til þess, að hæstv. fjármálaráðherra gæti framvegis meira hófs, er hann í nafni grútarskaparins vill kefja andlegt líf, og eins í gorti sínu og sjálfhælni um fjármálavisku þá, sem búin er að koma landinu á kaldan klakann.

Jeg vil þá að síðustu beina einni fyrirspurn til hæstv. stjórnar og allra stuðningsmanna hennar. Er hún út af því, sem hinn fyrverandi ritstjóri aðalmálgagns þeirra hefir nýlega upplýst í blaði sínu. (*Forseti HSteins*: Þetta kemur fjárlögunum ekkert við). Það skal koma fram á sínum tíma. (*Forseti HSteins*: Jeg víti þingmanninn og leyfi honum alls ekki að fara að ræða þetta mál hjer). Viðkvæmt mun þetta mál stjórninni og fylgifiskum hennar. En það skal koma fram, þótt síðar verði, því að það kemur þjóðinni við, hvort útlendir menn sjeu að leggja undir sig þing og stjórn landsins.

Forsætisráðherra (JM): Háttv. 5. landsk. (JJ) var með ýmsar fyrirspurnir til stjórnarinnar, og satt að segja skildi jeg ekki sumar af þeim. Jeg skal þó þegar svara einni þeirra, enda þótt í raun og veru sje óþarfi að taka hana til greina. Hún var út af sendimanninum til Spánar og síðar til Genúa. Hv. þm. (JJ) spurði, að því er mjer skildist, hvers vegna Gunnar Egilson hefði ekki verið skipaður ræðismaður í Genúa. Hann hefði nú ekki þurft að spyrja að þessu, hefði hann lesið þingtíðindin 1921. Þá var málið mikið rætt. Þegar þessi maður fór hjeðan, bjóst hann við að verða skipaður, enda var í upphafi ætlast til þess af þinginu. En er til kom, var lagður misjafn skilningur í 7. gr. sambandslaganna um það, hvort hann ætti þá að vera íslenskur eða danskur embættismaður. Vjer vildum skoða hann sem íslenskan. En hvorki þingið nje stjórnin vildu halda þessu til streitu, enda hefði það að líkindum orðið að koma fyrir gerðardóm. Þetta hefði háttv. 5. landsk.

átt að geta sagt sjer sjálfur, enda hefir alt í þessu máli verið gert með fullu samþykki þingsins.

Jeg hefi aldrei sjeð kærubrjef þau, er háttv. 5. landsk. talar um, hvorki fyr nje síðar. Ef til vill hafa komið fram kvartanir yfir að vera ekki skipaður ræðismaður, en alls ekki yfir því að hafa ekki umboð. Það fjekk hann frá Kaupmannahöfn. Það er sjálfsagt satt, að erindisbrjef hafi hvorki verið í mörgum eða stórum liðum. Starfssvið þessa manns varð líka að skapast smátt og smátt, ef framhald átti að verða á dvöl hans þarna.

Þá hefir háttv. 5. landsk. haldið því fram, að maðurinn hafi verið illa til þessa fallinn. Það get jeg ekki fallist á, enda hygg jeg, að þeir, sem vit hafa á, telji hann einmitt vel til þessa fallinn, þótt háttv. 5. landsk. geri það auðvitað ekki. Það er nú einu sinni hans hugsunarháttur, að skoða alla verslunarmenn sem einhverjar lægri verur, en jeg veit, að háttv. þm. Vestm. (JJós) tekur af mjer ómakið að svara honum því viðvíkjandi. (*JJ*: Jeg hefi sannað þetta um fiskkaupmennina). Háttv. 5. landsk. sannar aldrei neitt. Allar hans röksemdir eru öfgar og sleggjudómar, ef ekki annað verra. Hans skoðun á verslunarstjettinni er sú, að hún eigi engan annan rjett að hafa en að vera sett undir fjárráð. Hann talaði um, að það væri hneyksli, að fiskkaupmennirnir kynnu ekki spönsku. Jeg skal ekkert segja um kunnáttu þeirra í því máli, en jeg hygg, að hægt sje að komast af á Spáni án þess. Hitt er beinlínis ósatt, að þeir komi aldrei til Spánar. Annars er ekki vert að vera að lengja umræður út af ummælum háttv. 5. landsk. (*JJ*: Jeg átti hjer eina fyrirspurn um íslenskukensluna við háskólann). Já, háttv. 5. landsk. átti margar og óskiljanlegar fyrirspurnir. Hann spurði um fjárveitinguna til kennarans í íslenskri tungu við háskólann og virtist áfella mig fyrir að vera henni fylgjandi, af því að einn flokksbróðir minn hefði farið hörðum orðum um þennan mann í Nd. Þetta er nú alls ekki satt. Í nál. því, er hjer kemur til greina, er aðeins sagt, að kensla hans gæti komið að meira liði annarsstaðar, og jeg get varla skilið þau ummæli á þann hátt, sem háttv. 5. landsk. vill vera láta. Annars er þetta útúrdúr, þar sem háttv. 5. landsk. veit hjer ekkert, hvað hann er að fara.

Þá spurði hann, hvort það hefði verið gert að flokksmáli Íhaldsflokksins að veita ekki próf. Sigurði Nordal launahækkun. Það hefði í sjálfu sjer ekkert verið á móti því að gera það og fleira að flokksmáli, því að satt að segja finst mjer of mikið los á atkvæðagreiðslu manna um ýms mál. En þetta hefir ekki verið gert. En það hefir víst verið gert að flokksmáli hjer af Framsóknarmönnum

Þessi háttv. þm. (JJ) spurði, hvernig færi um kensluna í íslenskum fræðum við háskólann, ef próf. Sigurður Nordal færi. Jeg býst nú við, að þá kæmu dagar og þá kæmu ráð og að maður kæmi í manns stað, eins og háttv. 5. landsk. sagði um annað tilfelli hjer. Hvað ætti að gera, ef — sem vonandi kemur ekki fyrir í bráð — ef þessi maður fjelli frá? Jeg hygg, að vjer myndum reyna að halda uppi íslenskukenslunni samt.

Jeg skal ekki segja um það, hvort rjett er að veita þessa launauppbót, en jeg get ekki skilið, að próf. Sigurði Nordal komi að miklu gagni aðrar eins ræður og hv. 5. landsk. flytur fyrir þessari hækkun. Slíkar ræður hljóta að vera hverjum manni bjarnargreiði.

Þá mintist háttv. 5. landsk. á höftin,

og reyndi þar að gera upp á milli vor ráðherranna. Jeg skal ekki fara langt út í það, þar sem þessi háttv. þm. er búinn að tala tvisvar og má því aðeins gera stutta athugasemd. Háttv. þm. (JJ) var að hæla tveim af oss ráðherrunum fyrir að vera með höftum 1920. Þetta ár voru gefin út bráðabirgðalög, sem komu fyrir þingið 1921. Í Nd. voru þessi bráðabirgðalög feld með 22 shlj. atkv. (*JJ*: Það sýnir, hve kaupmenn voru sterkir). Það sýnir, hve Framsóknarmenn voru sterkir. Eftir voru heimildarlög, sem bönnuðu innflutning á ýmsum vörum. 1922 tekur stjórn Framsóknarflokksins við. Henni kom aldrei til hugar að nota sjer þessi höft. (*JJ*: Það var hætt að beita þeim áður).

Jeg hefi rifjað þetta upp til að sýna fram á, að hvorugur getur ásakað annan í þessu efni. Og í hreinskilni sagt, þá hefi jeg ekki mikla trú á þessum höftum, þótt sjálfsagt sje að framfylgja þeim, er þau eru komin á.

Þegar helst hefðu þau mátt að gagni koma, voru allir á móti þeim, jafnt Framsóknarmenn og aðrir. Jeg vil ekki þar með segja, að ekki geti orðið eitthvert gagn að innflutningshöftum úr þessu, en sem sagt hefi jeg ekki trú á þeim.

Þá skal jeg snúa mjer að hinum ýmsu brtt. Jeg skal ekki tala langt mál um brtt. háttv. fjvn., en þakka henni, að hún hefir tekið eins og hún hefir gert í till. mínar um laun þjóðskjalavarðar og eftirlaun landsbókavarðar.

Jeg vil þá snúa mjer að brtt. minni. Hún er komin fram af því, að jeg tel þing og stjórn hafa miklar skyldur við þann mann, dr. Alexander Jóhannesson, sem kennir íslenska málfræði við háskólann. Á þinginu 1919 komu tilmæli frá fjvn. um, að þessi maður væri ráðinn við háskólann og látinn afsala sjer stöðu, sem hann hafði á hendi fyrir þýska ríkið. Var svo gerður við hann einskonar þegjandi samningur um, að hann yrði við háskólann sem kennari í íslenskri tungu. Hann hefir haft dósentslaun og hafði ástæðu til að byggja á því, að hann hjeldi þessu áfram. Það er því að minni skoðun hrein brigðmælgi, ef fjárveitingin á að falla niður, fyrir utan það, að hann má ekki missa sig frá háskólanum. Vænti jeg þess, að háttv. deild geti fallist á þessa tillögu mína, en annars skal jeg ekki orðlengja frekar um þetta atriði, þar sem það er mjög kunnugt, bæði hjer í þessari hv. deild og í hv. Nd. Jeg býst við, að allir muni geta fallist á, að nauðsynlegt sje að halda uppi kenslu í íslenskri málfræði við háskólann, og lofi þessu því að standa fyrst um sinn.

Ingibjörg H. Bjarnason: Mjer þykir hlýða að segja nokkur orð um tillögu mentmn. á þskj. 417, um ritstyrk til Sigurðar prófessors Nordals. Að vísu hefir allmikið verið rætt um þetta, og býst jeg ekki við að segja neitt nýtt, en jeg vildi aðeins undirstrika, að jeg er alveg samdóma því, er háttv. meðnefndarmenn mínir hafa sagt. Það var enginn ágreiningur í nefndinni um það, að hjer bæri að taka tillit til einhvers, sem er ekki hversdagslegt. Skal jeg ekki þreyta hv. deild á langri tölu um nauðsyn Sigurðar prófessors Nordals fyrir háskólann og heimspekideildina, og nægir mjer í því efni að vísa til erindis heimspekideildarinnar, sem nefndinni barst og jeg skal nú lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Erindi háttvirtrar mentamálanefndar Ed., dags. 15. þ. m., um prófessor Sigurð

Nordal, var lagt fyrir fund heimspekisdeildar í dag, og er álit deildarinnar á þessa leið:

Deildin telur það stórtjón fyrir kenslu na í íslenskum bókmentum hjer við háskólann og fyrir bókmentir vorar, ef prófessors Sigurðar Nordals missir hjer við, og það því fremur, sem hún sem stendur veit ekki völ á neinum þeim, er fylt gæti skarð það, er yrði við burtför hans frá háskólanum. Vill deildin því mæla hið besta með því, að Alþingi geri það sem þarf til þess, að prófessor Sigurður Nordal verði áfram í embætti sínu.

Þetta var samþykt í einu hljóði.

Fjarverandi: prófessor Sigurður Nordal og dócent Bjarni Jónsson frá Vogi.

Guðm. Finnbogason
p.t. deildarforseti".

Jeg vil leyfa mjer að vísa til þessa skjals, því að jeg er ekki bær um að dæma um þetta atriði. En um nauðsyn Sigurðar Nordals fyrir sálnagróður þessarar þjóðar, og það ekki síst ungu sálnanna, hefi jeg mína skoðun, og er hún bygð á nautn þeirri, sem jeg og fleiri eiga fyrirlestrum hans að þakka. Þar fer saman á óvenjulega háu stigi skarpskygni augans að aðskilja ólík efni og safna því saman, sem líkt er og skylt, skáldlegt flug, dýpt hugsana, mýkt málsins og látleysi. Hygg jeg, að jeg geti fengið marga til að taka undir þessa lýsingu mína á hæfileikum Sigurðar Nordals sem kennara í móðurmálinu. Þetta eigum vjer á hættu að missa úr landi frá lítt ruddum akri. Þó að auðið væri að fá annan mann — því að jafnan kemur maður í manns stað — þá er miklu slept. En sem betur fer eigum vjer kost á að halda þessum óvenjulega „vekjara". Verðið er 2000 kr., að viðbættri dýrtíðaruppbót, eða alls 3000 kr. Jeg skal ekki taka að mjer að meta gildi hans eða annara mætra manna í krónum. En jeg trúi því ekki, að menn láti þetta tækifæri ónotað. Væri auðvelt að benda á ekki fáa, heldur allmarga útgjaldaliði, sem mjög orka meira tvímælis en þessi.

Það er talið gott að flytja út dautt kjöt og fisk, enda verður gæfan oss sennilega góð í því efni þetta árið. En að flytja út lifandi anda, sennilega einn af þeim fáu, sem eru ómissandi fyrir sálir þessa lands, vil jeg ekki styðja með atkvæði mínu. Mentmn. er skipuð mönnum úr ólíkum flokkum og kennir þar allra pólitiskra grasa. Þó hefir nefndin orðið einhuga um það að mæla sem best með þessari fjárveitingu.

Jeg skal svo ekki lengja mál mitt um þetta. Jeg tók frekar til máls til þess að leggja áherslu á, að nefndin er öll sammála í þessu efni og fylgir tillögunni fast, heldur en af því, að jeg ætlaði að segja eitthvað nýtt, sem áður hefir ekki komið fram.

Fjármálaráðherra (JÞ): Háttvirtur húskross þessarar deildar, 5. landsk. þm. (JJ), hjelt rúmlega klukkustundar ræðu fyrir kvöldverð og beindi máli sínu allmjög til mín. Jeg ætlaði lengi fram eftir ræðunni ekki að taka til andsvara, og ritaði jeg því fátt af því, er hann sagði, hjá mjer, enda þótti mjer það svo lítt markvert, að jeg taldi það ekki þess virði. En í niðurlagi ræðu sinnar kom hann með nokkur atriði, er mjer þykir rjett að svara, og vil jeg því um leið víkja að einstöku atriðum, er jeg hefi fest mjer í minni af þeim langa lopa, sem fyrri hluti ræðu hans var.

Út af launabótinni til Sigurðar Nor-

dals beindi hann því til mín og ýmsra annara, að við hefðum samþykt ýms hærri starfslaun en hjer er farið fram á. Hv. þm. mintist á laun gjaldkeranna við Landsbankans, en það hittir mig ekki, því að jeg greiddi atkv. gegn því frv. í fyrra, þar sem mjer var ljóst, að altof mikið ósamræmi var milli launakjaranna í því frv. og þeirra launa, sem allmörgum starfsmönnum ríkisins eru borguð. Þá mintist hv. þm. á stöðu eftirlitsmanns með bönkum og sparisjóðum, og taldi hann, að jeg hefði átt öðrum mönnum meiri þátt í því að koma því máli fram. Þetta er ekki rjett. Jeg hefi áður skýrt frá afskiftum mínum af þessu máli, en þau voru á þá leið, að jeg tók frv. til flutnings frá hæstv. þáverandi stjórn, til þess að spara fyrirhöfn og fje, sem það hefði kostað að koma frv. á framfæri sem stjórnarfrv., og var þessu yfirlýst þá þegar. (*SE*: Þetta er rjett).

Jeg skal nú geta þess, hver aðalorsökin er til framkomu þessa frv., því að hún er runnin frá háttv. 5. landsk. þm. Hann hafði sem sje bæði utan þings og innan verið um margra ára skeið með árásir á Íslandsbanka, til þess að gera hann tortryggilegan. Var þetta gert í þeim yfirlýsta tilgangi að eyðileggja þessa þjóðþrifastofnun og velta henni um koll. (*JJ*: Hvar er því lýst yfir?) Það er auðvelt að benda á það. Út af þessum árásum, sem altof margir meðal almennings lögðu trúnað á, kom fram tillaga á síðasta þingi um að framkvæma alveg óvenjulega rannsókn á bankanum. Af hinum skynsamari mönnum var lagst á móti þessari tillögu með miklum rökum, aðallega þeim, að mikil hætta gæti af því stafað fyrir þessa stofnun, viðskiftamenn hennar og landið í heild sinni, ef gripið væri til svo óvenjulegrar ráðstöfunar sem þeirrar, að fyrirskipa þingrannsókn á bankann. Tillagan var því feld. Hinsvegar vildu menn sýna það í verki, að tilgangurinn væri ekki sá, að hafa á móti eftirliti með peningastofnunum vorum, ef það væri framkvæmt á þann hátt, að ekki þyrfti að vakna ástæðulaus tortrygni við það. Þetta var aðalástæðan til þess, að þáverandi forsrh., háttv. 1. landsk. þm. (SE), vildi leggja fyrir þingið tillögu um, að þetta eftirlit væri framkvæmt á eðlilegan hátt, og er það orsökin til þess, að frv. um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum kom fram og var samþykt. Hafi það verið ástæðulaust, er engum frekar um að kenna en hv. 5. landsk. þm.

Þá benti háttv. þm. á það, út af tillögunni um fjárveitingu til Sigurðar Nordals prófessors, að aðrir menn hefðu fengið styrk til ritstarfa, og er það rjett. Það hefir jafnan verið talið viðeigandi hjer á landi, þegar vel metnir menn hafa verið í ver launuðum stöðum en aðrir embættisbræður þeirra, en hafa þótt maklegir jafnhárra launa sem þeir, er hærra stóðu í stiganum, að veita þeim þá viðbótarlaun með því að samþykkja fjárveitingu til þeirra í fjárlögum til ritstarfa. Hefir þetta komið fram við dósenta í háskólanum, þegar svo hefir staðið á, að þeir hafa þótt maklegir sömu launa sem prófessorar. Öðru máli gegnir að bæta laun þeirra, sem eru í hæsta launaflokki, og gæti þó átt við, ef aldraður maður kæmi í þann flokk og byrjaði með lægstu launum. En engu af þessu er til að dreifa hjer. Það er talað um, að verið sje að hrekja þennan mann úr landi. Með hverju? Hvað hefir honum verið gert? Ekki annað en að veita honum á unga aldri, og að vísu að maklegleikum, prófessorsembætti við

háskólann. Jeg get ekki gert mjer í hugarlund, að það sje sama sem að hrekja manninn úr landi.

Hitt getur komið fyrir, að sumir mætir menn verði útflutningshæfir einhverntíma á æfinni, þó að háttv. 5. landsk. þm. telji hvorki sig nje mig til þeirra. Hann veit auðvitað um sjálfan sig, hvort hann er útflutningshæfur, en um mig veit hann ekki. Jeg get þá sagt honum það, að jeg hefi verið og er ennþá útflutningshæfur, þó að jeg standi í því efni ekki á sporði okkar ágæta verkaða þorski. Jeg hefi rekið atvinnu við verkfræðingsstörf um nokkurt skeið, einnig erlendis, og mundi jeg hafa getað fengið meiri atvinnu þar, hefði jeg ekki haft eins mikið að gera heima fyrir og jeg gat sint. Er því óvarlegt fyrir háttv. þm. að fullyrða slíkt um aðra en sjálfan sig.

Þá kem jeg að því, sem gaf mjer eiginlega tilefni til að virða hv. 5. landsk. þm. svars, en það eru þau 4 atriði, sem hann kom með í niðurlagi ræðu sinnar. Byrjaði hann stórt og endaði smátt, gagnstætt þeirri reglu, er góðir ræðumenn fylgja. Mundi það kallað í lærðra manna hóp öfugur „climax", og þykir ósniðug niðurröðun. Segi jeg þetta háttv. þm. til leiðbeiningar.

Hv. þm. byrjaði alldigurbarkalega að tala um það, að jeg hefði unnið óþarft verk og ilt, er jeg átti þátt í niðurrifi innflutningshaftanna árið 1921. Hafi jeg verið verkfæri í höndum kaupmanna, felt gengi íslensku krónunnar, ásamt ýmsum öðrum ummælum af svipuðu tægi, sem jeg vona, að skrifararnir hafi náð og lesa megi á síðan í þingtíðindunum. Jeg tel það oflof að eigna mjer mestan þátt í þessu verki, en get þó ekki þykst við það. Til þess að sýna, hvílíkt nauðsynjaverk það var, skal jeg nokkuð lýsa afstöðunni þá, sem að vísu má lesa í þingtíðindunum 1921, sem háttv. 5. landsk. þm. hefir ekki haft fyrir að lesa, eins og hæstv. forsrh. (JM) benti rjettilega á í síðustu ræðu sinni.

Svo stóð á síðari hluta febrúarmánaðar og fyrri hluta marsmánaðar 1921, þegar þingið var nýlega tekið til starfa, að þá voru víðtæk innflutningshöft, sem náðu meðal annars til allrar nauðsynjavöru og sett höfðu verið með bráðabirgðalögum árið áður, þegar forystumenn þjóðarinnar þá þóttust sjá fyrir, að velmegunartíminn væri á enda, vöruverð fór hækkandi, kaupgeta almennings var óbiluð og kaupvilji mikill, eins og jafnan, þegar verð á vörum fer hækkandi. Frá þessu var skýrt á þingi 1921, og sætti það engum aðfinslum. En þá var alt breytt orðið. Þá var byrjað verðfall erlendis, meira en nútímamenn hafa lifað nokkru sinni. En í landinu voru til æðimiklar birgðir af vörum hjá kaupmönnum og kaupfjelögum. Verðlag hjelst því óbreytt hjer á landi, sem ekki var óeðlilegt, þar sem mikið var til af dýrum birgðum, en nýjar vörur komust ekki að. Um sama leyti var hagur aðalframleiðenda þannig, að þeir sáu sjer ekki fært að halda áfram atvinnurekstri sínum, vegna mikillar verðlækkunar á íslenskum afurðum erlendis, nema framleiðslukostnaður lækkaði að mun. Barst þinginu mjög ákveðin áskorun frá Fjelagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda um að nema innflutningshöftin á nauðsynjavörum úr gildi, svo að verðlækkun sú, sem orðin var á erlendum markaði, gæti einnig notið sín hjer. Þá stóð á samningum um kaup verkamanna, og vildu atvinnurekendur fá það lækkað, en þeir báru það fyrir sig, sem von var, að þeir gætu ekki gengið að lægra kaupi meðan verð á nauðsynja-

vörum lækkaði ekki. Var þá öllum ljóst, að svo búið mátti ekki standa lengur, er togaraflotinn lá allur hjer á höfninni og komið var fram í marsmánuð. Þá var óverjandi að halda höftum á nauðsynjavörum og koma þannig í veg fyrir, að framleiðslan gæti haldið áfram. Var því horfið að þessu ráði, að afnema höftin. Í nefndinni, sem um þetta mál fjallaði, áttu sæti nokkrir flokksmenn háttv. 5. landsk. þm., svo sem háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ), og var þar enginn ágreiningur um, að þetta þyrfti að gera.

Nú er auðið að dæma um það, hvort árangurinn af afnámi innflutningshaftanna var sá, sem ráð var gert fyrir og vera þurfti. Og tilganginum var náð. Það má sjá með því að athuga verð á nauðsynjavöru fyrir og eftir þennan tíma. Jeg hefi gert samanburð á verði nokkurra vörutegunda í janúarbyrjun og júlíbyrjun. Það er ekki auðvelt að taka byrjun aprílmánaðar til samanburðar, því að höftin voru afnumin 31. mars, og kom verðlækkunin ekki í ljós strax, þó að sumir kaupmenn lækkuðu vöruverð sitt þegar í stað og seldu sjer í óhag, í þeirri von, að þeir ynnu það upp á nýju vörubirgðunum. Af því að þetta hefir oft borið á góma, skal jeg lesa nokkrar tölur upp úr Hagtíðindum:

Hveiti nr. 1,	jan.	1,60	pr. kg.	júlí	1,18
Hafragrjón	—	1,25	„ „	—	0,88
Melís	—	3,54	„ „	—	1,75
Smjörlíki	—	3,64	„ „	—	2,86

Kol í janúar kr. 200.00 smálestin, 1. apríl kr. 140,00 og 1. júlí kr. 160,00, en fram að nýári höfðu þau verið seld fyrir 300 kr. smálestin. Landsverslun átti þá miklar kolabirgðir, og var verið að reyna að hlífa henni við tapi. Var aðflutningsbanni á kolum framfylgt svo strangt, að togarar, sem fóru með ísvarinn fisk til Englands, fengu ekki að flytja kol hingað heim og setja á land.

Jeg fer hjer rjett með það, hvaða ástæður hafi verið fyrir því, að höftunum var haldið svona lengi og ekki var slakað á þeim fyr en þingið heimtaði það. Stjórninni hraus hugur við því tapi, sem verslunarstjettin í heildinni, kaupmenn og kaupfjelög, mundu bíða á vörubirgðum sínum; og vitanlega var það tap mjög mikið. En ekki vorum það við, sem afnema vildum höftin, sem hjer ráku erindi kaupmanna. Nei, það voru sjálfir haftamennirnir.

Verðlækkunin nam 27% á fyrri hluta ársins 1921. Og sú verðlækkun kom nokkru fyr vegna þess, að höftin voru afnumin, heldur en annars hefði orðið. Togaraútgerðin fjekk 60 kr. tilslökun á verði á hverju kolatonni, eða nálega eins mikið og kol hafa kostað síðan. Ummæli hv. 5. landsk. um þetta atriði eru fáfræðin einber.

Næsti liður í ræðu hv. þm. voru togarakaupin 1919. Jeg veit ekki hvað fyrir honum vakti að blanda þeim inn í þessar umræður. Það er ekki mjer viðkomandi, og engum í núverandi stjórn.

En háttv. þm. hefir ekki viljað láta þetta tækifæri ónotað til þess að sýna skilningsleysi sitt um fjármál þessa lands. Það er öllum kunnugt, að mestur hluti stríðsgróðans svo kallaða er tapað fje. Svo að segja það eina, sem enn þá sjest og ekki er tapað fje, er það, sem varið var til þess að kaupa togarana 1919 og 1920. Þó þessi skip væru keypt á dýrum tíma, og rekstur þeirra þess vegna hafi orðið eigendunum erfiður, þá hafa kaupin á þeim hepnast yfirleitt vel fyrir þjóðfjelagið. Aðeins tveim togur-

um hefir orðið að sleppa, af því að fjelagið, sem keypti þá, hafði ekki mátt til að halda þeim. Þó mistist einungis annað þessara skipa úr landi, en tapið var ekki tilfinnanlegt, að því leyti, að það lenti mest erlendis. Um hina togarana er það að segja, að þar sem nú sjest annars ekkert eftir af stríðsgróða landsmanna, hvorki mannvirki nje annað, þá standa þó togararnir eftir sem okkar besta hjálp og stoð. Þeir munu skila því fje, sem í þá hefir verið lagt, og þeir veita fjölda manna atvinnu. Og á þeim byggjast vonirnar um fjárhagslega viðreisn landsins, fremur nokkru öðru, byggjast á því, að þeir muni geta, þrátt fyrir kreppuna, lagt landinu til talsvert fje, fyrir utan það, sem í þá hefir verið lagt. Þetta sjá allir nú. Og þó þunglega liti út fyrir útgerðinni á tímabili, þá mun nú ekki hægt að benda á annan stríðsgróða, sem betur hefir verið varið en þessum, sem lagður hefir verið í þessi fullkomnustu framleiðslutæki okkar.

Þegar fáfræðin harmar niðurfall innflutningshaftanna árið 1921, þá er það flónskan ein, sem harmar togarakaupin 1919.

Þriðja atriðið hjá hv. 5. landsk. var gjaldeyrisnefndin. Jeg verð að segja það, að ef það mál er eins mikilsvert eins og hv. þm. virtist gera sjer í hugarlund, þá ætti hann að beina ásökunum sínum til fyrverandi stjórnar, fyrir að hafa ekki undirbúið málið og lagt fyrir þingið í frumvarpsformi.

Þetta hefir hún ekki gert, og jeg er ekkert að áfellast hana fyrir það. Nú hefir frumvarp í þessa átt verið borið fram af öðrum og liggur fyrir þinginu. Frumvarp þetta er enn ekki komið úr nefnd, en því hefir þó verið fullkomlega sint. Jeg vil ekki nota þetta tækifæri til þess að segja neitt um afstöðu mína til þess máls. En hafi háttv. 5. landsk. þm. ætlað að beina til mín ásökunum vegna afstöðu minnar í þessu máli, þá er það hvorki af fáfræði eða flónsku, heldur framhleypni eintóm, því hann veit ekkert, hver mín afstaða verður.

Þá sagði háttv. þm., að frv. um innflutningshöft hefði verið drepið hjer í þinginu. Jeg veit ekki til þess, að neitt frv. hafi hjer komið fyrir þingið um höft á innflutningi nauðsynjavöru. En hefði það komið fram, þá átti það skilið að falla. Hitt er öllum kunnugt, að heimildarlög um innflutningshöft á óþörfum varningi hafa verið hjer í gildi síðan árið 1920, og það mun hvergi vera tíska að setja tvenn lög um sama efni af tómri fordild. Þess vegna var hjer drepið frv., sem gekk í sömu átt og hin gildandi heimildarlög, sem sjálfsagt var. Annars skal jeg nota þetta tækifæri til þess að skýra frá skoðun minni á innflutningshöftum almennt. Jeg get tekið undir með hæstv. forsrh. hvað höftin snertir. Jeg hefi enga trú á þeim. Jeg held, að það sje ekki rjett stjórnmálastarfsemi að stjórna þannig til lengdar, að beita þurfi þvingunarráðstöfunum. Þó játa jeg, að það geti verið nauðsynlegt um stundarsakir. Og jeg tel, að eins og nú er ástatt hjer á landi, þá geti það verið rjett að beita slíkum ráðstöfunum; því fyrir mistök á fjármálastjórninni hjer á landi yfirleitt hafa hjer haldist við orsakir, sem skapað hafa möguleika fyrir meiri innflutningi en útflutningi. Þetta ástand er óheilbrigt og getur ekki þrifist til lengdar. Og engin fjárstjórnarstefna gagnvart þessu er heilbrigð önnur en sú, að nema þessar orsakir burt. En þessar orsakir eru, eins og

jeg hefi tekið fram í öðru sambandi, aðallega þær, að atvinnufyrirtækin hafa verið rekin ár eftir ár með halla. En sjerhver slíkur rekstur hefir óhjákvæmilega í för með sjer of mikinn innflutning til þeirra manna, sem að þessum atvinnurekstri standa. Það verður að fást viðurkenning fyrir því, að í þessu er engin stefna önnur, sem komið geti málinu í rjett horf, en sú, að sjá til þess, að engin fyrirtæki starfi með tapi ár eftir ár. En þetta tekur tíma, og jeg álít, að það sje rjettmætt, meðan verið er að koma þessu í lag, að beita þvingunarráðstöfunum til þess að hindra innflutning, helst á þeim tegundum, sem menn frekast mega án vera. Og besta aðferðin í þessu efni er einmitt sú, sem þingið nú hefir fallist á: að setja allháan verðtoll á miður nauðsynlegar vörur. Það eru bestu innflutningshöftin.

Þó álít jeg rjett að beita öðrum innflutningshöftum við hliðina á þessum, til þess að varna of miklum innflutningi, meðan einhverjar leifar af orsökunum til hans kunna að vera ódrepnar.

Jeg veit, að mín skoðun á þessu atriði er mjög ólík skoðunum háttv. 5. landsk. þm., því eftir því, sem jeg veit best, þá er öll hans stjórnviska í því innifalin að beita á öllum sviðum þvingunarráðstöfunum. En sagan sýnir, að alt slíkt drepur sig sjálft, ef það stendur lengi. Og engin stjórn fær staðist nema sú, sem styður alla góða fjelagslega krafta þannig, að þeir fái haldið þjóðfjelaginu og málefnum þess í rjettu horfi án þvingunar. Og verkefni ríkisvaldsins er að halda niðri þeim eyðingaröflum, sem upp kunna að koma og orsaka það, að hinir góðu kraftar fái ekki notið sín. En það á ekki að þurfa að beita þvingun við friðsama og rjettsýna borgara.

Hv. 5. landsk. þm. sagði í seinni hluta ræðu sinnar alldigurbarkalega, að hann ætlaðist til þess, að jeg leyfði mjer ekki oftar þetta eða hitt. Áður talaði hann um sjálfbyrgingsskap, sem fram kæmi hjá mjer, með fleiru, sem jeg get tekið sem hrós, úr því það fram gengur af hans munni. Jeg hefi nú svarað ræðu hans að því leyti, sem hún var svara verð. En jeg geri ráð fyrir því, að hann leyfi sjer að halda öllu fram óbreyttu eins og það hefði aldrei verið rekið ofan í hann.

Jeg vil þó gefa honum ofurlitla bendingu, sem gæti verið til bóta, ef háttv. þm. breytti eftir henni. Eins og kunnugt er, skrifar hann stundum í blað nokkurt, og setur þá gjarnan undir skrif sín þar annaðhvort J. J. eða tvær stjörnur. Jeg hefi nú hjer að framan nefnt þrjú einkenni á hugsuninni í þrem köflum ræðu hans, og byrjuðu þau öll á f. Nú vildi jeg stinga upp á því við hann, hvort hann vildi ekki setja hjer á eftir þrjú f í stað tveggja stjarna undir ritsmíðar sínar.

Frsm. samgmn. (Jóhann Jósefsson): Við þessa 3. umræðu fjárlaganna þykir mjer rjett, fyrir hönd samgmn. þessarar hv. deildar, að gera stuttlega grein fyrir þeim tillögum, sem nefndin hefir leyft sjer að gera um úthlutun á styrk til flóabáta. Þegar hv. samgmn. í Nd. gerði sínar tillögur um þennan styrk, þá var hann nokkru lægri heldur en hann varð síðar, því við 3. umr. fjárlaganna í neðri deild var hann hækkaður úr 60 þús. upp í 70 þús. kr. Við höfum því átt hægra með að komast frá skiftunum heldur en samgmn. í háttv. Nd., enda sýndi það sig, að hún gat ekki orðið á eitt sátt, hvernig skifta bæri styrknum. Aftur hefir samgmn. hjer orðið á einu máli. En það kemur í ljós, þegar öll þrjú nál. eru borin saman, að

báðir nefndarhlutar í Nd. og nefndin hjer álíta, að undanfarið hafi of miklum styrk verið varið til Borgarnesferðanna. Það er því einróma tillaga að lækka hann talsvert, í hlutfalli við aðra slíka styrki. Hvað Ísafjarðarbátinn snertir, þá fer nefndin í Ed. einskonar meðalveg milli nefndarhlutanna í háttv. neðri deild.

Um styrk til Breiðafjarðarbáts erum við sammála meiri hluta samgmn. í hv. Nd., en minni hlutinn þar vill, að sá styrkur sje miklu hærri. Þá er Skaftfellingabátur. Nefndin sá ekki annað fært en að leggja til, að styrkurinn til þess báts yrði hækkaður talsvert. Það er vitanlegt, að Skaftfellingar hafa langmesta þörf á flóabát, sem styrktur sje af opinberu fje. Þegar lækka átti flóabátastyrkinn eftir að Esja var keypt, þá var það gert með tilliti til þess, að hafnir landsins fengju þá svo góðar og greiðar samgöngur, að ekki væri þörf á að styrkja flóabáta eins mikið og áður. En nú hafa Skaftfellingar og Rangæingar, eins og kunnugt er, ekkert gagn af ferðum Esju, og því er rjettmætt, að þing og stjórn láti styrkinn til þeirra halda sjer. Samt höfum við ekki treyst til að leggja til, að Skaftfellingur fengi meira en 15 þús. kr. Þó hefir hann aldrei haft áður lægra en 16 þús. kr., og þó altaf orðið halli á rekstri hans, sem skiljanlegt er, þar sem oft ganga 4—6 vikur í hverja ferð hans, því að oft þarf svo lengi að bíða eftir leiði á sandana.

Þá sá nefndin sjer ekki annað fært en að taka upp nokkra styrki, sem ekki voru teknir með í háttv. Nd. Þessir styrkir eru til ferða á Rangársand, í Grímsey og Hvalfjörð. En ef Rangæingar geta komið sjer saman við stjórn Skaftfellings um ferðir á sandinn, þá höfum við ekkert á móti því, að sýslunefnd Rangárvallasýslu ráðstafi styrknum þannig, ef það sýnist heppilegra heldur en að hafa sjerstakan bát.

Loks vil jeg geta þess, að þar sem bátanöfn eru nefnd í nál. og sett í sviga aftan við styrkhæðina, þá er það ekki ætlun nefndarinnar, að það beri að skilja þannig, að styrkurinn skuli bundinn við þessa báta, heldur er þetta aðeins sett til frekari glöggvunar á því, við hvaða ferðir er átt.

Þá vil jeg líka geta þess, þó það standi ekki í nál., að nefndin ætlast til þess, að Flateyjarbátur fái tiltölulegan hluta af styrknum til Breiðafjarðarbáts, sem svari því, er hann hefir áður fengið. Þá hefi jeg ekki fleira að segja fyrir hönd samgmn.

Þá vildi jeg fara nokkrum orðum um brtt., sem jeg á á þskj. 417. Hún hefir sætt nokkuð hvössum mótmælum frá hv. 5. landsk. þm. (JJ) og órjettmætum, að mjer þótti. Og jeg hygg, að háttv. deild geti ekki tekið þau mótmæli til greina.

Það má vel vera, að upphæð sú, sem jeg geri tillögu um, að veitt verði í þessu skyni, sje helst til lítil, en jeg sá mjer ekki fært að fara lengra. Jeg held líka, að með uppfyltu skilyrðinu um tvöfalt framlag annarsstaðar frá megi talsvert gera í þessa átt. Annars voru öll mótmæli háttv. 5. landsk. þm. gegn þessari fjárveitingu bygð á algerðum misskilningi á starfsemi erindrekanna. Hann talaði um það af svo litlu viti og þekkingu, að auðheyrt var, að hann ber ekki hið minsta skyn á fisksölu og sjávarútveg og er algerlega óvitandi um, hvað fyrir hann þurfi helst að gera. Og satt að segja ætlaðist jeg ekki til þess, að hann hefði vit á þessum hlutum. Hann er skólamaður og „idealisti“ og sjálfsagt vel heima í ýmsum bóklegum fræðum, en ber hins vegar nauðalítið skyn á „praktiska“ hluti. En

þá er það líka óviturlegt af honum að halda, að hægt sje að taka mark á því, sem hann segir um þau efni. Það kom líka fljótt í ljós hjá honum, að það, sem hann var í raun og veru á móti, var stjettin, sem tillaga mín varðaði aðallega, verslunar- og útvegsstjettin. Öll sú mikla andúð hv. þm., sem hann nú fjekk kærkomið tækifæri til að láta í ljós, beindist að henni og að því, á hversu lágu menningarstigi sú stjett stæði.

Nú skal jeg færa nokkur rök fyrir því, sem jeg sagði áðan um þekkingarleysi hans á þeim sökum, sem hann virtist helst telja sig bæran að dæma um. Hann mintist á, að við hefðum haft sendimann á Spáni, og er það auðvitað rjett. En svo spyr hann þessarar spurningar: Notaði þá nokkur þennan sendimann? Þetta sýnir ljóslega, hversu þekkingarleysi hans í þessum efnum er takmarkalaust og hversu sljór og vanþroskaður skilningur hans er, þegar hann heldur, að erindrekinn á Spáni hafi átt að notast sem einskonar verslunarumboðsmaður eða milliliður við fisksöluna. En nú get jeg frætt hann á því, að það var aldrei tilætlunin með sendimann okkar á Spáni, að hann ætti að hlaupa erindi mín og annara til að selja fisk. Starfsemi slíkra sendimanna er í alt öðru fólgin. Þeir eiga að rannsaka ástandið alment, kynna sjer markaðshorfur á hverjum tíma, en eiga alls ekki að vera erindrekar fyrir neinn sjerstakan, hvorki kaupfjelög, kaupmenn eða útgerðarmenn. En þessi hrapallegi misskilningur veldur andstöðu háttv. þm., að sleptri lönguninni til að skamma útvegsmenn og verslunarmenn, og vænti jeg þess, að hann átti sig nú eftir að jeg hefi gefið honum þessar upplýsingar í málinu. Það ætti líka að vera hverjum manni auðskilið mál, að það er heppilegt að hafa einn opinberan umboðsmann á þessum stöðum, því eðlilega myndi til dæmis spanskur maður, sem vildi leita sjer upplýsinga um fiskbirgðir hjer, betur trúa orðum hans en til dæmis orðum einhvers sjerstaks kaupmanns, sem kynni að dvelja á Spáni. Er það jafnan svo, að menn fara frekar eftir því, sem menn í opinberri stöðu segja, heldur en „privat"-menn, sem hafa máske hagsmuna að gæta í sambandi við það mál, sem um er að ræða.

Hv. sami þm. talaði líka mjög um það, að ekki væri mikið gerandi fyrir útvegsstjett þessa lands. Það má vel vera, að eftir hans mælikvarða hafi hún ekki mikinn „kultur" til að bera, en þó að minni hyggju svipaðan eins og menn alment í þeirri stjett og stöðu. Þeir eru raunar ekki úr hans skóla, og hafa því farið í lífinu á mis við þann „kultur", sem þar ríkir og sem jeg fæ ef til vill síðar tækifæri til að víkja að. Þá sagði háttv. sami þm., að útvegsmenn hefðu tortrygt útflutningsnefndina 1919. Jeg þarf varla að taka það fram, að þetta er, eins og alt annað, sem hann sagði viðvíkjandi þeirri nefnd, staðlaust fleipur. En sammála get jeg verið honum í því, að heppilegt væri, að verslunarmenn og framleiðendur kyntu sjer sjálfir Spán og Miðjarðarhafslöndin, en það er varla við því að búast, að hver og einn, sem framleiðsluna stundar, geti tekið sjer ferðir á hendur í því skyni.

Loks kom svo háttv. 5. landsk. þm. að þjóðráði sínu, því, að taka öll ráð af útvegsmönnum og gera þá ómynduga. Á það að vera í samræmi við „kultur" þeirra að dómi háttv. þm. Jeg hefi altaf verið þeirrar skoðunar, að það sjeu lítil bjargráð í því, að gera þessa menn eða aðra menn í þjóðfjelaginu ómynduga, og þótt sjálfur háttv. 5. landsk. þm. fengi vald til þess, sem mjer hvorki kemur til

hugar að spá nje óska, þá býst jeg við, að hann myndi fljótt komast að raun um, að það yrði hvorki til happa nje heilla fyrir hann eða þjóðina. Hefir þetta verið reynt í einu landi, Nýfundnalandi, og gafst það svo þar, að stjórnin neyddist til að veita þessum mönnum myndugleikann aftur og fella allar þvingunarráðstafanir úr gildi innan 12 mánaða eftir að byrjað var að beita þeim. Eitthvað svipuð gæti jeg hugsað mjer, að reynslan yrði hjer.

Að því er erindrekann á Spáni snertir, þá skal jeg ekki um það dæma, hvort hann hefir verið eins fullkominn og æskilegt hefði verið eða ekki. En hinu hefi jeg haldið fram, að stjórnin hafi ekki að undanförnu gert nóg til þess að gera tilkynningar frá sendimönnum sínum heyrinkunnar, og brýndi jeg fyrir henni að hafa nákvæmara eftirlit með því eftirleiðis, að tilkynningar þeirra gætu komið mönnum að notum. Og það eru miklu síður hinir stærri fiskkaupmenn, sem gagn hafa af því, heldur en allur sá hluti þjóðarinnar, sem sjávarútveg stundar. Þótt háttv. 5. landsk. vilji nú slá því föstu, að landsmenn hafi ekki hingað til haft neitt gagn af erindrekanum á Spáni, þá er sú staðhæfing ekki nema blaður út í loftið. Mjer er kunnugt um það, að í þeim tillögum frá erindrekanum, sem fyrir liggja, er svo margt nýtilegt, að ef þær væru notaðar eins og mætti, þá væri þar með langsamlega uppborinn kostnaðurinn, sem tillaga mín hefir í för með sjer.

Það er því ekki þess vegna fyrst og fremst, að háttv. 5. landsk. þm. hafi til brunns að bera nokkra þekkingu á þessum efnum, að hann mælir í móti tillögu minni. Hann er heldur ekki kunnur að því að hafa lagt sig í líma til að vera þessum atvinnuvegi til gagns. Sannleikurinn er sá, að honum hefir fundist, að nú væri tækifærið fyrir sig til að sparka í þá, sem atvinnu stunda við sjávarsíðuna, enda hefir svo virst, að hann oft og tíðum sælist eftir að kasta hnútum til þeirra. Jeg skal ekkert um það segja, af hvaða hvötum það er gert, en jeg þori þó að fullyrða, að það er ekki í þökk þeirra manna, sem hann telur sig fulltrúa fyrir. Því það, að róa að því öllum árum að ala á ríg milli bænda og útvegsmanna, verður síst til þess að auka frið nje hagsæld, og eru þeir menn óþarfir í landinu, sem að því stuðla.

Sigurður Jónsson: Það er ekki gustuk að auka umræður mikið frá því, sem orðið er. Hefir þessi dagur verið gerður að eldhúsdegi, og skal jeg engu þar við bæta.

En satt að segja furðaði mig á því, þegar jeg sá þskj. 417, hvað þar var mikið af brtt. Kom mjer til hugar, að ef fjárlögin ættu eftir að koma á ný fyrir deildina, þá myndi brtt. enn rigna. Um flestar er það svo, að jeg get látið mjer nægja að sýna með atkvæði mínu, hvernig jeg lít á þær, en vil aðeins með örfáum orðum minnast á tvær eða þrjár af þeim.

Háttv. þm. Snæf. (HSteins) sækir enn um styrk til sjúkraskýla og læknisbústaða. Hjelt jeg, að þessi brtt. myndi ekki rísa upp aftur frá 2. umr. Var hv. deild þar búin að láta í ljós vilja sinn í því máli. Mun jeg ekki fremur geta fylgt þessu nú en þá. Þá hjelt jeg líka, að óþarfi væri að fara að koma hjer fram með beiðni um 55 þús. kr. til hafskipabryggju á Ísafirði. Virðist það vel geta beðið. Jeg hefi sjálfur farið þar um nokkrum sinnum og veit af eiginni reynslu, að hægt er að leggjast þar að bryggju.

Þá kem jeg að þskj. 422. Þar býst jeg ekki við að geta greitt atkvæði mitt með breytingartillögu frá hæstv. forsrh. (JM), um 5600 kr. til Jóhannesar Lynge orðabókarhöfundar. Hjelt jeg, að það væri útrætt mál.

Annars skal jeg efna það, sem jeg lofaði, að stuðla ekki að því, að umræður lengist mikið. Og jeg vildi óska, að ekki þyrfti að geyma þessa umræðu langt fram á sumar.

Halldór Steinsson: Jeg á hjer 2 brtt. Er raunar óþarfi að fara að mæla með þeim hjer, því jeg hefi þegar gert það við 2. umr. Þá hreyfði enginn mótmælum nema háttv. 5. landsk. þm. (JJ), og þar sem þá var orðið áliðið nætur, svaraði jeg ekki þá, enda er það líka svo, að það er jafnan ilt verk og leiðinlegt að svara þessum háttv. þingmanni, því hann er kunnur að því að vaða um alt milli himins og jarðar og gerir sjer lítið far um að komast að aðalefni þess, sem um er að ræða. Að þessu sinni fór hann einkum út í menningarástandið í Snæfellsnessýslu, og taldi hann það standa mjög að baki því, sem ætti sjer stað í öðrum hjeruðum landsins. En jeg verð að álíta, að jeg sje bærari en hann að dæma um þetta atriði, því jeg hefi um 25 ára skeið fylgst með í því, sem gerst hefir í þessari sýslu. Og af þeirri viðkynningu dreg jeg óhikað þá ályktun, að menningarástandið þar sje síst lakara en á sjer stað annarsstaðar á landinu. Og það er að minni hyggju ekki síst því að þakka, að óheillastefna hans hefir aldrei náð að festa þar rætur, og því ekki getað eitrað út frá sjer þar. (*JJ*: Þar er þó kaupfjelag). Það er satt að vísu, að kaupfjelög hafa verið sett þar á stofn, raunar ekki fyrir tilverknað Jónasar Jónssonar eða hans nóta, en því er nú ver og miður, að flest þessi fjelög hafa lent í botnlausum skuldum og orðið að hætta starfsemi sinni, og hygg jeg, að samábyrgðarflækjan hafi átt mestan þátt í því.

Þá gerði háttv. þm. utanfararstyrk hjeraðslækna að umtalsefni. Var svo að skilja, að hann teldi þá stjett manna vera svo vel launaða, að þeir þyrftu ekki á slíkum styrk að halda, auk þess sem þeir hefðu drjúgar aukatekjur af áfengissölu. Það er ekki í fyrsta sinni, sem hann hefir reynt að koma að þessari blygðunarlausu aðdróttun, sem jeg hefi jafnan talið vera fyrir neðan virðingu mína að svara. En þegar hann dróttar þessu sama að einhverjum merkasta og besta manni í læknastjett þessa lands, þá fer skörin vissulega að færast upp í bekkinn. Þá er það ekki aðeins orðin móðgun við læknastjettina, heldur við alla þjóðina. Öfunda jeg hann ekki af þeirri sæmd, sem hann uppsker fyrir það. Hann spurði, hvers vegna læknar gætu ekki kostað utanferðir sínar sjálfir. Það kemur lítið málinu við. Það var mjög fátítt áður, að læknar færu utan, sem sýnir, að þeir hafa ekki efnalega treyst sjer til þess; en síðan byrjað var að veita þennan styrk, hefir hann verið mjög eftirspurður, enda er viðurkent, að árangurinn af þessu hefir verið mjög góður.

Hin brtt. mín fer fram á, að veittar verði 20 þús. kr. til sjúkraskýla í landinu, í stað 15 þús. kr. til eins sjúkraskýlis í Borgarfirði. Jeg tel sjálfsagðara, að heilbrigðismálastjórnin úthluti fremur þessum styrk en þingið, sem auðvitað hefir miklu síður skilyrði til að geta dæmt um það, hvar þörfin er mest aðkallandi heldur en landlæknir.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um brtt. mínar.

Sigurður Eggerz: Það er alt annað en skemtilegt fyrir annan eins friðsemdarmann eins og mig að taka til máls eftir þær ræður, sem nú hafa verið haldnar.

Jeg hefi ekki miklu að bæta við það, sem jeg sagði í dag viðvíkjandi sendimanninum til Spánar. Má vel vera, að það hefði verið rjettara af stjórninni að koma með till. um það í fjárlagafrv. En jeg hafði hugsað mjer, að betur færi á að leita fyrst samkomulags við háttv. fjvn.; taldi það sigurvænlegra fyrir framgang málsins. En hafi það verið vanræksla, að þetta kom ekki í fjárlagafrv., þá hefði mátt búast við, að hin nýja stjórn hefði bætt úr því. Annars er það auðvitað aðalatriðið, að málið nái fram að ganga, og vil jeg þá sjerstaklega láta í ljós ánægju mína yfir þeim áhuga og skilningi, sem einhver yngsti þingmaður í þessari háttv. deild, háttv. þm. Vestm. (JJós), hefir sýnt í þessu máli. Og sjálfur lít jeg svo á, að mál þetta sje svo mikils vert fyrir þessa þjóð, að mjög mikið sje gerandi fyrir það. En því miður er sá hugsunarháttur ennþá altof víða ríkjandi, að við eigum ekki sjálfir að hugsa um mál okkar út á við. En vonandi hefir háttv. deild ekki slíkan skilning á þeim málum, og er þess þá að vænta, að þessi brtt. frá háttv. þm. Vestm. fái góðan byr.

Inn á fjárhaginn alment skal jeg ekki fara langt. Jeg get að mestu vísað til þess, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni.

Fyrverandi stjórn tók við völdunum á þinginu 1922, og það var því varla við því að búast, að hún kæmi með nokkur tekjuaukafrv. þá á því þingi, og sjerstaklega, eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, þegar nýbúið var að endurskoða alla skattalöggjöfina og reynslan var ekki þá fengin fyrir, hvernig sú endurskoðun mundi reynast. Auk þess hafði fyrverandi fjármálaráðherra, Magnús Guðmundsson, lýst yfir því, að þjóðin þyldi ekki meiri skatta, og allmargir fleiri voru á þeirri skoðun.

Jeg vil ekki neita því, að fyrverandi fjármálaráðherra, Magnús Jónsson, spáði of bjart um framtíðina í byrjun ársins 1923, en hann fór frá á því þingi, en í hans stað kom Klemens Jónsson, og hann benti þegar á örðugleikana. Tekjuaukafrv. stjórnarinnar, verðtollsfrv., var felt á því þingi, og þetta sýnir, að þingið leit þá einnig of bjart á fjárhaginn, enda endurskoðun skattalöggjafarinnar svo nýafstaðin, að flestum virtist lítil ástæða til þess að fitja strax aftur upp á þessum málum. En eins og jeg hefi áður vikið að, þá fór hnúturinn að harðna þegar leið á árið 1923, og þá var ekki lengur um neinar varamiljónir að ræða, en tekjurnar reyndust of litlar. Þá fyrst var farin sú leið, ekki aðeins að spara óþarfann, heldur einnig að draga úr nauðsynlegum framkvæmdum eins og unt var.

Fyrverandi stjórn hóf þá sparnaðarstefnu í fjármálum, sem nú ríkir hjer á þingi. Það var hún, sem sneri við á hinni hálu braut. Eða hvað hefir núverandi hæstv. stjórn gert til þess að bjarga fjárhagnum annað en það, sem fyrverandi stjórn var búin að gera?

Fyrverandi stjórn lagði fram mjög gætilegt fjárlagafrv. Sömuleiðis lagði fyrverandi stjórn fram gengisviðaukafrv., til þess að afla ríkissjóði tekna, og það frv. hefir verið samþykt í þinginu. Og hvað hefir svo verið gert meira? Það hefir verið samþykt eitt tekjuaukafrv. til, sem sje frv. um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, en þetta frv. flutti ekki

stjórnin, heldur háttv. fjárhagsnefnd Nd. Og þó mjer þætti þetta frv. hart aðgöngu, þá greiddi jeg þó fyrir því og studdi að framgangi þess hjer í þinginu. Þetta frv. hefði því vitanlega verið samþykt hjer í þinginu, þó engin stjórnarskifti hefðu orðið. Jeg get því ekki sjeð, að hæstv. stjórn hafi gert neitt annað en það, sem fyrverandi stjórn hafði lagt grundvöll að.

Hjer hefir verið minst á innflutningshöft. Ekki sje jeg nú stórvirkin, sem unnin hafa verið í því máli. Frv. í háttv. Nd. var vísað til stjórnarinnar samkvæmt till. háttv. 3. þm. Reykv. (JakM), og með þeim formála, að þeinast liggur við að líta svo á, að ekki sje ætlast til að beita neinum höftum, nema þá ef til vill á óþarfa. Annars er jeg á sömu skoðun og hæstv. forsrh. og hæstv. fjrh., að innflutningshöftin sjeu neyðarúrræði. En hinsvegar sýnast mjer tímarnir nú svo örðugir, að afsakanlegt sje að grípa til neyðarúrræðanna. Og sjerstaklega virðist mjer rjett að taka tillit til þess, sem báðir bankarnir halda nú fram einum rómi, að einasta leiðin til þess að hækka gengi krónunnar sje að draga úr innflutningnum. Annars hefir bönkunum verið gefið það að sök, að þeim væri um það að kenna, hvað gengið væri lágt á íslensku krónunni.

Í þessu sambandi virðist mjer rjett að taka það fram, að bankarnir hafa báðir á síðasta ári varið stórfje til þess að halda uppi gengi krónunnar. Þetta mun nema um 700 þús. kr. hjá báðum bönkunum. Annars hefir margt og mikið verið rætt um það, hvernig laga skuli gengi krónunnar, en jeg hygg, að til þess sje aðallega ein leið, og hún er sú, að bæta fjárhag þjóðarinnar. En vissasta leiðin t" þess er að draga úr eyðslunni.

Hæstv. fjrh. hyggur, að eyðslan minki sökum verðtollsins á miður þörfum varningi, en það tel jeg mjög vafasamt. Þeir, sem nóga peninga hafa, munu kaupa vörurnar alveg eins fyrir því, þó 20% tollur sje lagður á þær. Það má því búast við, að eyðslan haldi áfram, ef árgæskan eykst og fólkið fær fje í hendur sínar til þess að eyða. Nú eru allar horfur á einmunagóðu ári, en þetta ár þarf að nota til þess að bæta fjárhaginn, en það væri raunalegt, ef ágóði ársins lenti enn á ný í eyðsluhítinni. Það væri því rjettara að stöðva eyðsluna heldur en ýta undir óhófið, og spurningin er, hvort höftin, þó leið sjeu, sjeu ekki eina leiðin.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meir um þetta, en jeg vona, að það lái mjer enginn, þó að jeg hafi viljað fara nokkrum orðum um ástandið yfirleitt og að gefnu tilefni hafi sýnt fram á, að hin nýja stjórn, sem allmjög hnýtir að þeirri gömlu, hafi ekkert gert í fjármálunum annað en það, sem byrjað var á af gömlu stjórninni.

Einar Árnason: Jeg skal ekki tefja þessar umræður lengi. Það eru aðeins tvö atriði, sem jeg vil minnast á.

Viðvíkjandi brtt. frá háttv. þm. Vestm. (JJós), um fjárveitingu til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, skal jeg strax taka það fram, að jeg get alls ekki greitt atkvæði með þeirri fjárveitingu. Í fjárlagafrv. eru 15000 kr. ætlaðar til markaðsleitar, og jeg býst við, að eitthvað af þeirri upphæð verði notað til markaðsleitar fyrir saltfisk í Miðjarðarhafslöndunum, ef það verður álitið nauðsynlegt og líkur þykja fyrir því, að það muni koma að notum. Annars finst mjer fiskframleiðendur sjálfir hugsa alt of lítið um

þetta mál, og mjer finst ekki vera nein ástæða til þess, að ríkissjóður kosti miklu til slíks, ef þeir vilja ekkert á sig leggja. Fiskframleiðendur ættu að hafa samtök með sjer til þess að koma fisksölumálinu í gott horf og þeim ætti alls ekki að vera ofvaxið að hafa skrifstofu á Spáni, til þess að afla upplýsinga um markaðshorfur og yfirleitt að greiða fyrir fisksölunni. En slíkt hafa þeir aldrei gert, og mun það vera mikið sökum þess, að þeir, sem fiskinn selja, eru ekki framleiðendurnir sjálfir, heldur menn, sem gera sjer að atvinnu að versla með framleiðsluna, og því hefir verið erfiðara að koma á nokkrum fjelagsskap eða fá þá til að leggja nokkuð fram til sameiginlegra þarfa. Nú er það svo, að það kaupsýslufjelag, sem hefir með höndum sölu á meiri hlutanum af landbúnaðarframleiðslunni, starfar að því sem umboðsmaður framleiðendanna sjálfra, og er því í þjónustu þeirra fyrir ákveðið kaup. Þetta fjelag hefir nú um allmörg ár haft umboðsmenn og fastar skrifstofur í nágrannalöndunum, sem hafa unnið ótrauðlega að því að vinna nýja markaði fyrir landbúnaðarafurðir og hækka verð þeirra. Hefir þetta skipulag heppnast ágætlega og bændurnir fengið sannvirði fyrir vörur sínar. Nú hafa framleiðendurnir sjálfir kostað þessa starfsemi erlendis án nokkurs stuðnings frá ríkissjóði. Því er ekki nema ofureðlilegt, þó spurt sje: Getur ekki sjávarútvegurinn farið líkt að; unnið í fjelagsskap að sölunni og borið kostnaðinn sameiginlega? Og jeg vil ennfremur varpa fram einni spurningu til hæstv. atvrh.: Til hvers sjerstaklega hygst stjórnin að nota þá fjárveitingu í fjárlögunum, sem ætluð er til markaðsleitar erlendis, og hver á að fá hana?

Þá get jeg ekki algerlega gengið framhjá þeim umræðum, sem hjer hafa orðið um innflutningshöftin. Hæstv. fjármálaráðherra nefndi samvn. viðskiftamála í sambandi við afnám bráðabirgðalaganna frá 1920. Hin margnefndu lög frá 8. mars 1920 urðu til þess, að þáverandi hæstv. stjórn setti bráðabirgðalög um innflutningshöft 15. apríl 1920 og skipaði viðskiftanefnd. Sú stjórn mun hafa talið sig hafa heimild til þess í rökstuddri dagskrá, sem samþykt var þá í þinglokin.

Á þingi 1921 kom fram frv. um aðflutningsbann á óþarfavarningi, og átti það frv. að vera til staðfestingar á bráðabirgðalögunum frá 1920. Það frv. var borið fram í hv. Nd. og var vísað til viðskiftamálanefndar þar, en þegar sú nefnd hafði haft málið til meðferðar nokkurn tíma, varð það að ráði, að tilsvarandi nefnd í Ed. gengi með henni í eina nefnd. Eins og nál. þeirrar nefndar ber með sjer, voru nefndarmenn alls ekki sammála, þó samkomulag yrði um eitt nál. Af 9 mönnum, sem skrifuðu undir nál., voru aðeins 5 á móti aðflutningshöftum og vildu afnema bráðabirgðalögin frá 1920.

Þetta frv. var rætt í hv. Nd. og var felt þar og kom aldrei til Ed., svo jeg fjekk ekki tækifæri til að segja neitt um það við umræðurnar. En háttv. þm. Borgf., sem einnig átti sæti í nefndinni, mælti eindregið með því, að stjórnin notaði heimildarlögin frá 1920, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp lítinn kafla úr ræðu, sem hann hjelt við umr. þessa máls í hv. Nd. Honum fórust svo orð í niðurlagi ræðu sinnar:

„... Að endingu vil jeg brýna það fyrir hæstv. stjórn að taka föstum tökum á þessu máli og kveinka sjer ekki, þó það komi ef til vill í bága við hagsmuni einstakra manna. Fyrst og fremst ber að líta á hagsmuni þjóðfjelagsheildarinnar, og ef hagsmunir annara rekast á hana, þá verða

þeir að lúta. Með þessum skilningi á því, hvernig heimildarlögin frá 8. mars 1920 sjeu notuð, get jeg gengið inn á, að málið sje leitt til heppilegra úrslita á þann hátt, sem nefndin leggur til.“

Jeg hefi viljað draga þetta hjer fram vegna þess, að hv. þm. Borgf. talaði hjer í umboði okkar, sem vorum í minni hluta í nefndinni. Ennfremur vil jeg geta þess, að þáverandi og núverandi forsrh. leit svo á, að aðflutningshöft væru nauðsynleg. Honum fórust meðal annars þannig orð við umr. málsins:

„... Mín persónulega skoðun er sú, að rjettast hefði verið að halda innflutningshöftum í engu minni mæli en nú eru þau. Og jeg hygg, að það mundi hafa komið í ljós einmitt enn betur, að þau væru heppileg, ef þeim hefði verið haldið í gildi enn þetta ár. Þau nutu sín auðvitað ekki í byrjun. Það dylst engum, að oss ríður mest á því að forðast að kaupa frá útlöndum annað en það, sem beint er bráðnauðsynlegt, en ónauðsynlegur varningur eru ekki einungis þær vörur, sem aldrei er þörf á, heldur og nauðsynjavörur fram yfir þörf.“

Það kemur því greinilega fram, að minni hl. nefndarinnar vildi halda höftunum, en bæði minni hl. nefndarinnar og minni hl. þingsins varð að beygja sig fyrir þunganum, sem á móti var, og með því að beygja sig gátu þeir bjargað lögunum frá 8. mars 1920. Jeg hefi viljað taka þetta fram sökum þess, að jeg hafði ekki tækifæri til að segja neitt um þetta mál, þegar það var á ferðinni í þinginu 1921, og sökum þess, að jeg heyri því svo oft haldið fram, að öll nefndin hafi verið með afnámi innflutningshaftanna og viðskiftanefndarinnar, en svo var alls ekki.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get gerið skammorður. Ástæðan til þess, að jeg stóð upp, var sú, að hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) spurði, hvort stjórnin hefði tekið ákvörðun um fjárveitingu til markaðsleitar. Það hefir hún ekki gert, sem varla mátti heldur búast við, þar sem frv. er ekki enn orðið að lögum. Jeg skal geta þess, að fyrir mjer vakir að verja að minsta kosti miklum hluta þessa fjár til markaðsleitar fyrir kjöt, því þar álít jeg mesta þörf í svipinn. Jeg held, að ekki sje unt að ætlast til, að neinu af þessu fje — alt að 10 þús. kr. — sje varið til erindreka á Spáni, og jeg býst ekki við, að stjórnin muni gera það. Þess vegna verður að samþykkja till. hv. þm. Vestm. (JJós), ef ætlunin er að hafa sendimann á Spáni. En náttúrlega verður ekkert fullyrt um það, hvort hægt sje að fá ⅔ af heildarupphæðinni annarsstaðar frá, svo sem áskilið er í till. Þó er von um, að það fáist úr banka; báðir bankarnir hafa verið þess hvetjandi, að maður yrði sendur þangað suður.

Háttv. 5. landsk. (JJ) sagði, að stjórnin hefði ekkert gert í þessum málum. Þetta er ekki rjett. Hún fór með málið til sjútvn., og skyldi hún svo láta uppi álit sitt. Varð að samkomulagi að fresta till. *(JJ*: Þetta vissi jeg ekki). Jeg ætlaði að upplýsa um þetta við 2. umr.

Þá spurði hv. 2. þm. S.-M. (IP), hvers vegna ekki hefðu verið sendar skýrslur til þingsins um þetta efni. Þær hefi jeg sent fyrir nokkrum dögum. Það hefir engin vanræksla um þetta átt sjer stað frá minni hálfu.

Hv. 1. landsk. (SE) sagði, að fjárlagafrv., sem hæstv. fyrverandi stjórn lagði fyrir Alþingi, hefði verið gætilegt, og hefi jeg ekki neitað því. En sá galli var á því, að útgjaldaliðir ýmsir voru of lágt áætlaðir. Breytingar til aukinna útgjalda,

sem þingið hefir gert, eru mestmegnis fólgnar í gætilegri áætlun. Hver, sem athugar brtt., mun komast að raun um, að flestar miða þær að því að hækka áætlanir stjórnarinnar, er sýnilega voru alt of lágar.

Viðvíkjandi höftunum sagði háttv. 1. landsk., að það, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hjelt fram, er hann mælti fyrir till. sinni um það efni, hafi verið þingvilja samkvæmt. Það er aðgætandi, að stjórnin hefir sagt frá sinni afstöðu og kunngert, hvernig ástatt er um fjármálin, að nauðsyn er á nýjum tekjum. Ekki er það óvanalegt, að menn samþykki till. af mismunandi hug. Og auðvitað gat stjórnin ekki haft neitt á móti því, að málinu væri vísað til sín. Hvar skyldi hún álíta málið betur komið en hjá sjálfri sjer? Hitt er rjett, að innflutningshöft eru neyðarúrræði. En á neyðartímum verður að grípa til neyðarúrræða. Það má segja, að út líti fyrir gott ár nú á sumum atvinnusviðum, sjerstaklega til sjávar. Annarsstaðar er útlit fyrir slæma afkomu, t. d. á Norðurlandi. Nú eru komin sumarmál og þar eru hríðar og harðindi á hverjum einasta degi.

Háttv. 1. þm. Eyf. var að minnast á nefndina frá 1921. Nál., sem hann meðal annara undirskrifaði, sýnir, að öll nefndin var sammála um að afnema lög hinnar nefndarinnar frá 1920. En hún var ósammála um það, hvort lögin frá 1920 ættu að standa. En þau stóðu og innflutningshöftunum var beitt samkvæmt þeim 1921—22 og að nokkru leyti 1923. Hv. þm. hefir skýrt rjett frá þessu, eins og hans var von og vísa.

Hv. 5. landsk. hefir í blaði sínu staðhæft, að við höfum keypt það, að fá að vera við völd, með því að afnema innflutningshöftin. Nú getur hv. þm. sjeð og heyrt af skýrslu hv. 1. þm. Eyf., að þetta er alveg rangt, þ. e. a. s. hafi hann þá ekki vitað það fyr. 1921 var mikill meiri hl. þingmanna með afnámi innflutningshaftanefndar. Það var svo sterk alda, að ekki varð móti staðið. Annars hefi jeg ekki ástæðu til annars en gleðjast yfir hv. 5. landsk.; hann hefir tekið það upp að hæla mjer fyrir framsýni og viturleik í þessu máli. Jeg ætla ekki að orðlengja um það, ekki heldur fara að kasta beinum að hv. þm. Þeim hefir verið kastað svo mörgum í kvöld, að jeg sje ekki, að hann þoli öllu meira.

Það skal athugast, að undir þessu tíu manna nál. stendur ekki einungis nafn þáverandi fjrh., heldur að minsta kosti eins eða tveggja samflokksmanna. Af atkvgr. með nafnakalli frá 1921, um að afnema lögin frá 1920, munum við sjá það, að fimm Framsóknarmenn úr nefndinni greiddu atkv. með afnámi, en fjórir á móti. Sá flokkur var skiftur um þetta mál ekki síður en aðrir.

Hv. 5. landsk. sagði, að val sendimannsins til Spánar 1920—21 hefði alveg mistekist. Jeg vil benda hv. þm. á, að stjórnin, sem hann studdi að nokkru leyti, gerði hið sama glappaskot. *(SE*: Það var ekkert glappaskot). Það ræður að líkum, að jeg fer ekki að halda því fram. Þegar hv. 5. landsk. segir, að 40—50 þús. kr. hafi verið þarna eytt til ónýtis, held jeg, að hann segi meira en hann getur staðið við. *(JJ*: Hver var árangurinn?). Þó að ekki sje hægt að benda á hann beinlínis, getur hann alt að einu verið mikill fyrir því. Það er venjulega ekki þægilegt að sýna beinan árangur slíkra sendiferða í krónutali, enda gat þingið ekki ætlast til þess í þessu tilfelli. En eins og háttv. þm. Vestm. sýndi fram á, hefir hv. 5. landsk. algerlega misskilið tilgang slíkra sendiferða.

Jónas Jónsson: Jeg ætla strax að víkja fáeinum orðum að hv. síðasta ræðumanni. Mjer var ánægja að því, að hæstv. atvrh. (MG) gat ekki bent á neinn sýnilegan árangur af sendiförinni til Genúa. Þetta er alveg eins og með „nýju fötin keisarans". Hæstv. atvrh. taldi, að jeg ætti blað hjer; líklega hefir hann átt við blaðið, sem studdi höftin allan tímann meðan þau stóðu og meðan þáverandi stjórn ekki ljet kúga sig út af rjettri leið. *(MG*: Þetta er ekki rjett). Jú, jeg er þessu kunnugur. *(MG*: Jeg les altaf blað háttv. 5. landsk.).

Vík jeg þá að hv. þm. Snæf. (HSteins). Fyrst vil jeg taka það fram, að það er siður hjá bræðraþjóð okkar, Dönum, að þingmönnum leyfist að tala um alla mögulega hluti við 1. og 3. umr. fjárlaga. Jeg segi þetta hæstv. forseta til athugunar. *(Forseti HSteins*: Við eigum ekki heima í Danmörku). Að vísu ekki, en jeg vona, að hæstv. forseti telji þetta ekki ilt fordæmi, eins og hans flokkur dansar eftir pípu danskra manna.

Hv. þm. fór að reyna að bæta úr fyrir hjeraðslækninum á Akureyri. Sannleikurinn er, að hann hefir sjálfur gefið það upp, að hann hafi grætt svo mikið á vínlyfseðlum, að hann hefði getað farið utan. Vitanlega þykir mörgum leitt, að læknirinn skyldi telja virðingu sinni samboðið að hæla sjer af slíku. Átti vel við að minnast á þetta atvik í sambandi við utanfararstyrki, af því að þessi læknir fjekk sinn utanfararstyrk, svo sem hann hefir lýst yfir. Stóryrði eru því óþörf. Jeg skal játa, að jeg býst við, að ýmsir standi honum framar í þessari atvinnugrein. Landshagsskýrslur sýna, að innflutningur meðala fer vaxandi ár frá ári. Fyrir heiðarlegu læknana er sorglegt að vera í þessari samábyrgð.

Mjer þótti vænt um, að hv. þm. Snæf. fann ekki ástæðu til að mótmæla þeirri staðreynd, að unga kaupfjelagið í kjördæmi hans hefði orðið til að bæta verslunina þar vestra. Jeg endurtek það, að þegar jeg mintist á ástandið í Snæfellsnessýslu, var jeg alls ekki að áfellast fólkið, heldur verslunarástandið þar, útlendu verslunarkúgunina, sem skapar fátækt og bágindi. Hv. þm. Snæf. mundi fá að sjá, hvaða áhrif verslun hefir á velmegun fólks, ef hann ferðaðist um þær sýslur, sem hafa notið blessunar frjálsra verslunar*samtaka* um langan aldur.

Hv. þm. Vestm. sagði margt órökstutt. Hann mætti vera mjer þakklátur fyrir það, að jeg herjaði út úr hæstv. stjórn skýringu á því, hvers vegna erindrekinn fjekk ekki erindisbrjef. Hæstv. forsrh. (JM) skýrði frá því, að Danir hefðu ekki viljað leyfa okkur að hafa ræðismann í Genúa. Hæstv. forsrh. er ekki harður maður í skiftum við bræðraþjóðina. Það er sannað mál, að sendiförin mistókst. Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja stóryrðin; þau hafa lítið sannanagildi. Þessi hv. þm. er vanur að tala skynsamlega, þegar hann hefir góðan málstað, en nú hefir út af brugðið.

Jeg benti á, að mein útvegsins væri það að hafa ekki komið skipulagi á fisksöluna. Nú mun hún vera að mestu í höndum hrings, sem breskur braskari stendur fyrir. Fiskverð er mjög misjafnt, eftir því hjá hvaða bröskurum útvegsmenn lenda. Veit jeg, að háttv. þm. Vestm. viðurkennir, að það sje óheppilegt, að þessi Englendingur hefir yfirráðin um markaðinn. Sömuleiðis hefir hann óbeinlínis orðið að játa skakkaföllin á fiskversluninni. Þau eru að kenna menningarleysi forkólfanna.

Þegar jeg tala um að reyna eitthvað

til að gera „Coplendinga“ ómynduga, þá leyfir háttv. þm. sjer að koma fram með álíka sleggjudóma og staðið hafa í dönsku málgagni — sem ekki má nefna hjer í hv. deild — um það, að jeg vildi spilla fyrir útveginum. Jeg hefi sýnt, að jeg vil greiða fyrir honum. Útvegsmenn hjer eru ekki nema fáir í sölubraskinu. Hygg jeg, að hv. þm. sje kunnugt um, að jeg hefi tekið svari Vestmannaeyinga og Þórs í blöðum, jafnvel frekar en aðrir, og það jafnvel þegar þetta fyrirtæki var sem mest óvirt og rógborið af braskaralýð landsins.

Þá sagði hæstv. forsrh. í fáum orðum sorgarsöguna um Gunnar Egilson, að hann hefði átt að verða konsúll, en aldrei náð þeirri tign. Gat hann ekki um, hvað oft honum hefði verið lofuð sú staða og svikinn um hana. Úr því hann hafði svo marga kosti, sem orð er á gert, hefði ekki spilt að gera hann að ræðismanni. Fyrst jeg er kominn út á þetta svið, leyfi jeg mjer að benda á, að það er ekki vel viðeigandi, að þessi maður, sem hefir verið erindreki í Ameríku og skuldar ríkinu stóra upphæð síðan, hann skyldi verða valinn sem sendimaður suður á Spán. Jeg hefði ekki vakið máls á þessu, ef ekki hefðu stóryrði háttv. þingmanna gefið tilefni. Veit jeg, að hæstv. forsrh. hlýtur að játa, að hvergi annarsstaðar myndi þetta geta átt sjer stað.

Viðvíkjandi prófessornum í íslensku get jeg sagt það, að jeg veit, að hæstv. forsrh. hefir fullkominn skilning á því, hvað það er óheppilegt, að hann fari frá háskólanum. Vænti jeg, að atkvgr. í kvöld sýni, að hæstv. forsrh. ber fyrir brjósti heill háskóla vors.

Hæstv. forsrh. hjelt því fram, að Framsóknarmenn hefðu eyðilagt höftin. Hæstv. ráðherra mun að sjálfsögðu kunnugt um það, að í Framsóknarflokknum og blöðum hans hafa þau haft sinn aðalstuðning. Hv. fyrv. þm. Ak. (Magnús Kristjánsson), sem var stuðningsmaður hæstv. forsrh., barðist fyrir höftunum á meðan nokkur stóð uppi. Þeir, sem höfðu mesta trú á höftunum, fóru að missa traust á stjórninni, þegar hún ljet undan síga. Varð svo mikill glundroði í þinginu, að borið var fram traust á stjórnina af mótstöðuflokki hennar. En traustleysið á stjórn Jóns Magnússonar í Framsóknarflokknum 1921 og 1922 stafaði fyrst og fremst af brigðmælgi hans í haftamálunum, er hann kastaði sjer með opnum örmum í fang spekúlantanna. Annars vildi jeg skjóta því til hæstv. atvrh. (MG), að hæstv. stjórnarforseti (JM) sagði fyrst í ræðu sinni, að hann væri á móti innflutningshöftum og hefði enga trú á þeim, en sagði þó síðar í þeirri sömu ræðu, að hann væri þeim fylgjandi. Þetta bendir ekki á, að glöggar línur sjeu um höfuðmálin í höfðum ráðherranna.

Það var rjett hjá hæstv. fjrh. að minnast ekki á stóru embættin, eins og t. d. bankastjórastöðurnar við Íslandsbanka, þegar hann var að tala um ósamræmið í launum embættismanna, og þó að hann vildi fóðra menningarfjandskap sinn með því, að hann hefði verið á móti stofnun gjaldkeraembættisins við Landsbankann, þá þýðir það ekki neitt, því að það var flokksmaður hans, sem bar það fram, og flokksmenn hans, sem komu því í gegn. Þetta hljóp hæstv. fjrh. yfir. Þá virtist hæstv. ráðherra ætla að reyna að sleppa ódýrt út af því með eftirlitsmanninn með bönkum og sparisjóðum. Þó aldrei nema hann segði, að embættið hefði verið stofnað mín vegna, þá var það víst, að það var hann, sem bar frv. fram; fyrir það þýðir honum ekkert að þræta. Ann-

ars var það ekkert nýmæli, að slíkt embætti væri stofnað, því að í Danmörku hefir verið eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum, sem heitir Green, og það var hann, sem fyrstur kom upp Landmandsbankahneykslinu. En það er ekkert nýtt hjá bræðraþjóðinni, að hún setji „kritik" á bankana, þó að eftirlitsmaður sje með þeim. Að stofnun þessa eftirlitsmannsembættis hafi verið til þess að koma í veg fyrir, að bankarnir væru „kritiseraðir" nær engri átt. Annars hefði jeg sótt um þetta embætti, hefði jeg fengið upplýsingar um það fyr, að það væri eiginlega gert fyrir mig að setja það á stofn. Harma jeg því, hve seint jeg fjekk þessar upplýsingar.

Þá sagði hæstv. fjrh., að ekki væri þörf á að veita prófessor Nordal ritlaun, af því að hann hefði 7000 kr. laun. En þess ber að gæta, að hann kom hingað á versta tíma, varð því að taka það húsnæði, sem fáanlegt var, en það var mjög óhentug íbúð og mjög dýr, svo dýr, að hann hefir orðið að borga í húsaleigu um 3000 kr. á ári. En í skatta og opinber gjöld hefir hann orðið að borga 2000 kr. Hefir hann því haft eftir til að lifa af 2000 kr., sem hann hefir líka orðið að kaupa fyrir bækur og ýms rit, sem staða hans hefir útheimt. Get jeg nú ekki búist við öðru en fjármálaspekingar landsins sjái, að þetta fje er alt of lítið fyrir vísindamann í þessari vandasömu stöðu til þess að lifa af.

Verði því ekki úr þessu bætt, hefir Nordal engin önnur ráð en annaðhvort að hrekjast af landi burt eða fara að slíta sjer út í tímakenslu, eins og t. d. hinn ágæti stærðfræðingur okkar dr. Ólafur Daníelsson hefir orðið að gera.

Jeg trúi nú ekki öðru en að forstöðumaður Flóaáveitunnar, sem er góður í reikningi, þó að bókmentaþekking hans risti ekki djúpt, hljóti að sjá, að jeg reikna hjer betur en hann.

Þar sem hæstv. ráðherra var með sinni mögnuðu fyndni að líkja sjer við þurkaðan þorsk, vil jeg skjóta því til hans, að það væri vel viðeigandi fyrir hann að hafa að fangamarki þrjú Þ, sem ættu að tákna „þurkaður þorskur Þorláksson".

Þá var hæstv. fjrh. að kalla mig húskross deildarinnar, en jeg verð mjer til mikillar sorgar að láta hann vita það, að hann er að flestra dómi ekki aðeins talinn húskross þingsins, heldur og allrar þjóðarinnar.

Forsætisráðherra (JM): Aðeins örfá orð út af ræðu hv. 5. landsk. Hv. þm. sagði, að jeg hefði aldrei verið harður í viðskiftum við bræðraþjóðina. Jeg vildi mega biðja hann að nefna dæmi, þar sem jeg hefi látið minn hlut fyrir Dönum. Jeg kannast ekki við eitt einasta. Háttv. þm. var að saka mig um, að jeg hefði ekki haldið til streitu ágreiningnum um það, hvort konsúll sá, er senda átti til Miðjarðarhafslandanna, ætti samkvæmt 7. gr. sambandslaganna að vera danskur eða íslenskur sendimaður. Jeg ljet þingið skera úr, hvort taka skyldi gerðardóm í þessu, og jafnvel sá maðurinn, sem harðastur hefir verið í þessum málum af þingmönnum okkar, vildi ekki leggja til, að út í það væri farið. Enda taldi Ragnar Lundborg, sem annars altaf heldur vorn taum, skoðun Dana rjetta í þessu efni. Það er ekki rjett hjá hv. 5. landsk., að Gunnar Egilson hafi verið svikinn um þessa ræðismannsstöðu. En það var satt, að hann bjóst við að verða skipaður.

Það er mjög óviðfeldið af hv. þm. að

vera að draga inn í þessar umræður skuldir þessa manns við ríkissjóð. Það er satt, að G. E. er talið eitthvað til skuldar, en hann heldur því fram, að hann hafi eytt því fje í þjónustu landsins.

Jeg hefði gjarnan óskað að geta haldið innflutningsnefndinni 1921. Ekki fyrir þá sök, að hún var innflutningsnefnd, heldur af því, að hún var líka gjaldeyrisnefnd. Því að jeg hefi litið svo á, að það atriði væri meira vert í starfi hennar en innflutningshömlurnar, því að jeg stend við það, sem jeg sagði áður, að jeg hefi litla trú á innflutningshöftum, en hinsvegar tel jeg sjálfsagt að halda þeim áfram fyrst um sinn, úr því að þau einu sinni eru komin á. En það, sem jeg hefi miklu meiri trú á, eru háir tollar, jafnvel töluvert hærri en verðtollur sá, sem lagður hefir verið á hinar ýmsu vörutegundir. Þessi skoðun mín getur ekki komið háttv. 5. landsk. þm. neitt óvart, því að jeg tók það fram á undirbúningsfundum undir landskjörið, að jeg teldi alla hindrun á frjálsri samkepni eiga að hverfa og öll verslunarhöft. Jeg er því á gagnstæðri skoðun við hv. 5. landsk., sem helst vill binda alla verslun og alla menn og gera helst alla ómynduga, sem standa fyrir utan Sambandið. Jeg tel það því stærsta skilyrðið fyrir hag þjóðarinnar, að athafnafrelsið fái að njóta sín.

Þá kom það mjer mjög óvart, er háttv. 2. landsk. (SJ) fór að leggjast á móti till. minni um að láta laun íslenskukennarans við háskólann standa áfram í fjárlögunum. Mjer kom þetta óvart, af því að jeg hefi þekt þennan mann sem sanngjarnan og rjettsýnan mann frá því, er við vorum á stjórn saman.

Upptökin á embætti því, sem hjer er um að ræða, eru hjá þinginu. Tel jeg því ekki rjett að svifta viðkomandi mann því, sem honum hefir verið lofað af þinginu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal segja hv. 5. landsk. (JJ) það, að það finnur enginn betur en jeg, hve óumræðilega lág laun embættismanna eru hjer, og er ekkert annað, sem getur rjettlætt það, en að það er neyðarástand, sem ríkir hjá þjóðinni. Og því verður ekki mótmælt, að eina ráðið til þess að fá menn til að sætta sig við hin lágu laun, er að gæta samræmis. Af því að hv. 5. landsk. var svo spakur í síðustu ræðu sinni, skal jeg ekki fara langt út á hana. Aðeins leiðrjetta það, er hann var að tala um, að hjeraðslæknirinn á Akureyri hefði haft miklar tekjur af vínsölu. Þetta er alveg óhæfileg og algerlega ósönn árás á þann mæta mann, því að hann hefir ekkert gert annað en að gefa lyfseðla fyrir þeim hressingarmeðulum, sem menn hafa þurft að fá úr lyfjabúðum eftir að löggjöfin breyttist svo, að þau fengust ekki í verslunum. Er því ekki nema eðlilegt, að hann hafi fengið einhverjar tekjur fyrir það. Annað hefir hann aldrei sagt. En þó að hann væri svo samhaldssamur að halda þessum peningum saman, og nota þá svo til þess, sem hann langaði mest til, en það var að fara sjer til hressingar og fræðsluauka út fyrir pollinn, er ekki hægt að saka hann um það.

Þá vildi jeg mega biðja afsökunar á því, þó að jeg tali hjer nokkur orð með einni brtt., er hjer liggur fyrir, sem þingmaður Reykvíkinga, þar sem mitt stóra kjördæmi er svo óheppið að eiga engan fulltrúa í þessari háttv. deild. Brtt. þessi er um lítinn styrk til lýðskólans á Bergstaðastræti. Jeg tel það ekki vansalaust að fella styrk til þessa skóla niður af fjárlögunum. Hann hefir að undanförnu

notið dálítils styrks frá ríkissjóði og bæjarsjóði. Og hve lítilþægur hann hefir verið, ætti að vera honum til meðmæla, svo að hann fengi styrkinn áfram. Annars tel jeg ekki samræmi í því að láta nýjan kvöldskóla hjer fá styrk, en fella hinn gamla út. Segi jeg þetta ekki til þess að spilla fyrir hinum nýja skóla, síður en svo, heldur eingöngu til að sýna fram á, að sjálfsagt sje, að þessi gamli góðkunni skóli fái að halda sínum styrk.

Björn Kristjánsson: Aðeins örfá orð út af tillögum samgöngumálanefndar. Hv. nefnd hefir nú lagt til, að Hvalfjarðarbáturinn skuli ekki fá 1925 nema 600 kr. í styrk, en hefir á þessu ári 900 kr. Aftur hefir hún lagt til, að Grímseyjarbáturinn, sem nú hefir 750 kr., skuli fá á næsta ári 900 kr. Hvernig hún getur komist að þessari niðurstöðu, er mjer óskiljanlegt. Af Hvalfjarðarbátnum hafa eftirtaldir hreppar not: Hvalfjarðarstrandarhreppur, Kjósarhreppur, Skorradalshreppur, Skilmannahreppur, Innri Akraneshreppur og framhluti Lundarreykjadalshrepps. Þó að hreppar þessir sjeu allir í Borgarfjarðarsýslu nema Kjósarhreppur, vil jeg mælast til þess við hæstv. atvrh. (MG), að hann á sínum tíma láti báða þessa báta, Grímseyjarbátinn og Hvalfjarðarbátinn, njóta hins sama styrks og þeir hafa áður haft. Jeg vænti þess, að hæstv. atvrh. sjái sjer fært að kippa þessu í lag, sem hlýtur að stafa af ókunnugleika háttv. nefndar, sem mun hafa haldið, að aðrar samgöngur en þessar bátaferðir gætu bætt þetta upp í þessu hjeraði, en svo er ekki.

Þá voru það fáein orð, sem jeg þurfti að beina til háttv. 2. þm. S.-M. (IP) og hv. 5. landsk. (JJ), þótt sá síðarnefndi hv. þm. sje nú raunar „dauður", en það var út af andmælum hans gegn dýrtíðaruppbót af fjárveitingunni til sjera Jóhannesar L. L. Jóhannssonar. Háttv. 5. landsk. taldi þetta vera að skoða sem eftirlaun, vegna þess að sjera Jóhannes starfaði nú ekkert framar. Jeg verð að mótmæla þessum orðum háttv. 5. landsk., að minsta kosti þangað til jeg heyri hæstv. stjórn, sem á að hafa eftirlit með starfsemi hans, lýsa því yfir, að hann hafi ekki leyst verk sitt vel og trúmannlega af hendi. Þessi hv. þm. hótaði því að sjá svo um, ef þessi dýrtíðaruppbót yrði samþykt hjer, að hún yrði feld niður aftur í hv. Nd. Það er þá ekki sök hv. Ed., ef honum tekst þetta. En jeg álít það tæplega vera sæmandi, að þessi fátæki fjölskyldumaður, sem vinnur baki brotnu að þessum störfum, fái ekki samskonar uppbót á launum sínum og aðrir starfsmenn ríkisins.

Háttv. 5. landsk. fór að blanda hr. Árna Theódór inn í þessa umræðu, þótt það kæmi málinu alls ekki við, og eins og vandi þessa hv. þm. er, níðir hann menn jafnt þó þeir sjeu ekki viðstaddir og fái því ekki borið hönd fyrir höfuð sjer. Hann sagði, að Árni Theódór hefði staðið illa í stöðu sinni, auk ýmislegs annars, sem hann bar á hann. Hið sanna er, að hr. Árni Theódór var um 30 ár barnakennari og ljet af því starfi með hinum besta vitnisburði frá öllum þeim, er við hann höfðu átt að skifta, eins og sjá má af Þingtíðindunum 1922.

Þá kem jeg að hv. 2. þm. S.-M. Hann spurði að því, hvort sjera Jóhannes L. L. Jóhannsson hefði „staðið í skilum" með sína vinnu. Jeg svara því, sem jeg sagði áðan, að það er stjórnarinnar að sjá um, að þeir menn vinni sín verk, sem eru í stjórnarinnar þjónustu. Meðan stjórnin

lýsir ekki yfir því, að hann hafi vanrækt verk sitt, verð jeg að álíta, að hann hafi leyst það svo vel af hendi, að vel sje við það unandi; ef svo er ekki, þá er það stjórnarinnar sök og ekki neinna annara. Þá álítur hv. þm., að af því að þessi maður hafi sótt um þetta starf, megi svifta hann því aftur umsvifalaust. *(IP*: Hann hefir alls ekki verið dreginn hingað til þessa starfs). Það er nú svo um flesta embættismenn ríkisins, að hver og einn hefir sótt um þá stöðu, sem honum hefir hlotnast, og þykir ekki hlýða að reka menn úr embættum fyrir þá sök. Það mun því gilda hið sama um þennan mann og alla aðra í opinberum stöðum. Þessi maður sótti um þetta starf og Alþingi samdi við hann um það, og er því órjett að rjúfa samninga þá, sem við hann hafa verið gerðir. Mjer finst, að sóma þingsins vegna verði þessa samningur að standa óhaggaður. Þá taldi hann þetta aðeins vera eftirlaun og át það eftir háttv. 5. landsk. En þessum hv. þm. er mjög svo gjarnt að vera sömu skoðunar og hv. 5. landsk. þm. og endurtaka hans röksemdafærslu, að jeg tel óþarft að svara þessu sjerstaklega, eða frekar en jeg hefi þegar gert.

Jeg er sjerstaklega þakklátur hæstv. fjrh. fyrir það, að hann mælti með skólanum í Bergstaðastræti, að hann fái að standa í fjárlögunum, og eins er jeg þakklátur hv. deild fyrir það, að engin rödd hefir þar heyrst á móti þessum skóla og ekki heldur nein meðmæli með því, að kvöldskóli verkamanna fái að standa. En vegna þess, að mörgum í þessari háttv. deild mun allókunnugt um þennan kvöldskóla verkamanna og ekki hefir áður verið neitt upplýst um það, hvernig hann er tilkominn, skal jeg skýra þetta dálítið nánar áður en atkvgr. fer fram. Það stendur svo á, að þessi skóli var stofnaður í vetur, 5. des. f. á., með auglýsingu í Alþýðublaðinu, og stóð skólinn eitthvað einn mánuð; síðan mun hann ekki hafa starfað. Auglýsingin, sem stóð í 288. tbl. Alþýðublaðsins, 5. des. í vetur, hljóðaði þannig:

„Takið eftir.
Kvöldskóli jafnaðarmanna.

Næstkomandi mánudag byrjar „Kvöldskóli jafnaðarmanna". Allir alþýðuflokksmenn geta fengið inntöku í skólann. Mánaðargjald kr. 3,50 greiðist fyrirfram. Væntanlegir nemendur gefi sig fram í Alþýðuhúsinu frá kl. 2—8 á morgun og næstu daga.

Fjelag ungra kommúnista."

Jeg hefi ennfremur fengið þær upplýsingar, að í þessum skóla átti að kenna íslensku, dönsku, ensku og reikning, og auk þess kommúnistafræði ýmisleg.

Nú hefir skólinn í Bergstaðastræti líka kvöldskóla, og gætu þá þessir ungu kommúnistar fengið þessa bóklegu fræðslu þar alla saman, að undanteknum kommúnismanum. Nú er það undir þessari hv. deild komið, hvort hún vill veita fje til þess að halda uppi kenslu í kommúnistafræðum, og fer atkvæðagreiðslan fram um það eingöngu. Óska jeg, að nafnakall verði viðhaft atkvgr.

Sigurður Eggerz: Jeg vil aðeins benda á það, að þessi kvöldskóli verkamanna er allur annar skóli en sá, er háttv. 2. þm. G.-K. (BK) hefir skýrt frá. Jeg mun greiða atkv. með styrk til skóla verkamanna, en kommúnistaskóla vil jeg alls ekki styrkja.

Björn Kristjánsson: Jeg hefi grenslast eftir þessu og fengið það fullkomlega upplýst, að kvöldskóli verkamanna er

þessi kommúnistaskóli og að enginn annar skóli verkamanna er til.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg tel mjer skylt að skýra frá því, samkvæmt þar um fengnum upplýsingum frá háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), að sá kvöldskóli, sem hv. 2. þm. G.-K. (BK) talaði um í ræðu sinni, er nú hættur störfum og var alt annað en þessi kvöldskóli verkamanna, sem hjer er í fjárlagafrv. Hann er að vísu ekki stofnaður ennþá, en það er í ráði, að honum verði komið á fót á næsta hausti.

Guðmundur Ólafsson: Jeg stend hjer ekki upp til þess að ræða um neinar brtt. við þetta fjárlagafrv., enda hefir lítið verið að því gert í umræðunum í dag, aðeins stöku sinnum minst á þær til þess að háttv. deildarmenn gleymdu því ekki, að þetta á að vera umræða um fjárlögin; en það er viðvíkjandi máli, sem nefnt var í umr. nú í sambandi við till. mentamálanefndar um fjárveitinguna til próf. Sigurðar Nordals, að jeg ætlaði að segja nokkur orð. Mál það, sem jeg á hjer við, var hjer til meðferðar á síðasta þingi og tók jeg þá nokkurn þátt í umr. um það, og er mjer því ekki óljúft, að það var dregið inn í þessar umr., svo jeg gæti lagt þar orð í belg. Hæstv. fjrh. (JÞ) gaf mjer þessa ástæðu, þegar hann mælti á móti till. um ritlaunin til próf. Sigurðar Nordals og taldi hana óvarlega, vegna þess að þetta gæti verið fordæmi fyrir meiri samskonar fjáreyðslu síðar. En hv. 5. landsk. (JJ) benti þá á það, að hæstv. fjrh. hefði ekki ávalt verið varfærinn í þessu efni með þær till., er hann hefði borið fram, og hefðu sumar miðað til stórra útgjalda fyrir ríkissjóð, og nefndi þá þetta mál, meðal ýmsra annara, sem jeg átti við í upphafi máls míns, — stofnun eftirlitsmannsembættisins með bönkum og sparisjóðum. Taldi hv. 5. landsk., sem rjett var, að hæstv. fjrh. hefði verið aðalstoð þessa máls á síðasta þingi, og ætti því aðalþáttinn í því, að þetta embætti var þá stofnað. En hæstv. fjrh. svaraði því, að hann hefði aðeins flutt málið fyrir beiðni þáverandi stjórnar, sem hefði viljað stofna þetta embætti til að þóknast háttv. 5. landsk. með því verki. Jeg er nú ekki svo lítillátur, að jeg geti unt hv. 5. landsk. þess heiðurs, að vera álitinn svo voldugur maður á þinginu, að hann hafi komið þessu til leiðar einn. Þessi embættisstofnun mun öllu heldur hafa átt að verða til þess að kveða niður þá óhæfu, sem talið var að við allir flokksmenn hv. 5. landsk. vildum hafa í frammi með því að leggja til, að þingnefnd athugaði Íslandsbanka. Hæstv. fjrh. sagði, að hinir skynsamari og gætnari menn í þinginu hefðu ráðið því, að þessi rannsókn, sem engin er nú orðin enn, færi fram á skynsamlegan og viðeigandi hátt, og því hefði þetta embætti verið stofnað. Það er auðvitað gott að geta farið slíkum orðum um sjálfan sig og sína flokksmenn, en reynslan hefir nú sýnt það, hve skynsamleg eða viðeigandi þessi embættisstofnun hefir verið. Embættið var látið verða ársgamalt áður en skipað var í það, en hefði maðurinn straks verið skipaður í það, mundi nú vera búið að eyða til þess 16—18 þús. kr. úr ríkissjóði. Reynslan hefir nú sýnt það, að það var álitið óhætt að láta líða heilt ár áður en maðurinn yrði skipaður, og mætti því ætla, að embættið hafi verið stofnað ári fyr en þess hafi þurft við. Hæstv. fjrh. sagði, að embættið hefði verið stofnað til þess að koma

eftirlitinu með bönkunum í eðlilegt horf; en jeg veit nú naumast, hvenær það eftirlit muni byrja, því það gæti hugsast, að dregið yrði nokkuð enn, að eftirlitsmaðurinn byrji sitt lítils verða eftirlit, og kemur því altaf betur og betur í ljós, að enginn hefir trú á, að embætti þetta komi að gagni, aðeins þurft að stofna háttlaunaða stöðu. Jeg hygg því, að þar hafi alls ekki gætni ráðið, þegar þetta embætti var stofnað. Við skulum nú athuga laun þessa eftirlitsmanns í sambandi við laun próf. Sigurðar Nordals, ef hann fengi þennan styrk til ritstarfa. Próf. Sig. Nordal mundi þá hafa alls um 10 þús. kr. laun á ári, en eftirlitsmaðurinn hefði 6 þús. kr. hærri laun að minsta kosti og ferðakostnað eftir reikningi að auki, og verða því laun hans og ferðakostnaður að líkindum alt að 20 þús. kr. Nei, það á sitt hvað við í hvort skiftið. Það má vel vera gætni, sem ræður þessa stundina, en það er aðeins breytt þvert á móti því daginn eftir, eða þá strax á næsta þingi. Þá má athuga sparnað þann, sem komið verður á við háskólann í sambandi við þetta mál. Eftir því, sem hv. Nd. hefir gengið frá háskólalagafrv., verður þó sparaður 1 fastur kennari við háskólann, og að hæstv. forsrh. (JM) hefir eigi farið þess á leit við fjvn. að taka upp laun til kennara í íslenskri tungu, þótt hann bæri nú fram brtt. um það. Falli því eitt kennaraembættið niður við háskólann, en próf. Sigurður Nordal fái þessar 3000 kr., verður samt fjárhagslegur sparnaður við þetta, og er þó ekki tekið neitt tillit til alls þess hagnaðar, sem menn búast við, að landslýður allur hafi af því, að próf. Sigurði Nordal verði haldið kyrrum í embætti sínu hjer við háskólann. Það var aðeins þetta, sem jeg vildi taka ítarlegar fram en áður hefir verið gert hjer í deildinni. Það er ekki til neins að vera að halda því fram, að þetta muni skapa fordæmi síðar meir, þó þessi laun sjeu máske ekki í fullu samræmi við annað. Það skal að vísu viðurkent, að margir embættismenn hafa alt of lág laun, en það eru og margir þeir embættismenn til hjer, sem hafa óhæfilega há laun, samanborið við allan fjölda af embættis- og starfsmönnum ríkisins, eins og áður hefir verið tekið fram. Þá hafa og allmargir embættismenn hjer í bæ, þótt allvel launaðir sjeu, aukastörf sjer til tekjuauka, sem gefa af sjer jafnvel svo þús. kr. skiftir. Fyrir þessu þarf ekki að gera ítarlegri grein, vegna þess að þetta er alkunna. Háttv. 5. landsk. þm. nefndi t. d. einn tvílaunaðan embættismann hjer í bæ, sem samkvæmt samningi við stjórnina hefði 4 þús. kr. fram yfir embættislaun sín, og hefir því ekki verið mótmælt. Það verður því ekki fremur hægt að bera sig saman við próf. Sigurð Nordal, þó þetta verði samþykt, en þennan embættismann, sem hv. 5. landsk. þm. benti á. Svo er það ennfremur að athuga, að þó þessi launahækkun sje nú samþykt til próf. Sigurðar Nordals, til þess að missa hann ekki frá háskólanum, er það ekki þar með fastákveðið, að hann hafi þetta alla sína embættistíð. Gæti vel farið svo áður en mörg ár eru liðin, að þingið leyfði sjer að fella niður þessi ritlaun, þó að nú sje þörf á að veita þau.

Um þær brtt., sem hjer liggja fyrir, ætla jeg ekki að tala neitt frekar. Það mun sjást á atkvæði mínu, hvernig jeg lít á þær.

Atvinnumálaráðherra (MG): Út af orðum hv. 2. þm. G.-K. (BK) skal jeg aðeins taka það fram, að stjórnin telur sig ekki bundna við till. samgmn., en telur sjer

hinsvegar skylt að fara eins nærri þeim og hægt er. En hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) svara jeg því, sem hann sagði um þessar 4 þús. kr. aukatekjur eins embættismanns hjer, að það er samkvæmt samningi, sem gerður var við þennan embættismann, sem er aðalpóstmeistarinn í Reykjavík, þegar hann tók við embætti, en síðan eru liðin 20 ár.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Mjer hefir orðið framsagan fyrir hönd fjvn. að mun ljettari en jeg bjóst við, þar sem allar þær brtt., sem fjvn. hafði borið fram, voru samþyktar við 2. umr. fjárlagafrv., og nú hafa heldur engar brtt. nefndarinnar sætt neinum andmælum, og væri það því ófyrirgefanlegt af mjer, ef jeg færi að lengja þessar umr., sem þegar hafa staðið yfir í 12 stundir, með því að fara að tala um brtt. nefndarinnar, sem jeg býst við, að verði samþyktar með öllum atkv. þessarar hv. deildar, og verð jeg að álíta, að fjvn. hafi tekist starf sitt vel. En eins og öllum hv. deildarmönnum er kunnugt, er skrifari fjvn. veikur og hefir ekki getað tekið þátt í síðustu fundunum. Jeg hefi því ekki annað að gera en að skýra frá afstöðu fjvn. til brtt. einstakra þm., en sumar þeirra eru svo seint fram komnar, að nefndin hefir ekki getað borið sig saman um þær.

Þá eru þær fyrstar brtt. á þskj. 417,II, frá hæstv. forseta (HSteins), og getur fjvn. með engu móti fallist á þær. Þessar brtt. lágu báðar fyrir þessari hv. deild við 2. umr. fjárlagafrv., að vísu lítið eitt öðruvísi orðaðar, en deildin hefir lagt fullnaðarúrskurð sinn á þær með því að samþykkja brtt. fjvn. Jeg skil því ekki, hvað þessi háttv. þm. ætlar fyrir sjer með því að bera nú þessar brtt. sínar fram hjer aftur, því að jeg get ekki ætlað, að hann vænti þess, að þessi háttv. deild kúvendi svo fljótt í þessu máli. Önnur brtt. þessa sama háttv. þm. fer nú að vísu fram á nokkru lægri upphæð, en nefndin getur þó ekki mælt með því, að þetta verði samþykt. Ekki af því, að fjvn. álíti það ekki vera gott og nauðsynlegt fyrir lækna að fara utan, heldur leggur nefndin á móti þessu nú aðeins vegna þess, hversu fjárhagur ríkisins er örðugur á þessum tímum, svo að spara verður alt, sem hægt er að spara, og nefndin álítur, að hægt sje að spara þessi útgjöld um svo sem 2—3 ár, án þess að verra hljótist af, og væntir þess, að læknastjett ríkisins sætti sig við þetta eins og allir aðrir hafa orðið að gera.

Næst er þá 3. brtt. á sama þskj., frá hv. 5. landsk. (JJ), og hefir nefndin þar óbundnar hendur. Þetta er sjúkrastyrkur til kvenmanns, sem áður hefir notið þessa styrks; en meiri hl. nefndarinnar sá sjer þó ekki fært að mæla með þessu, vegna þess að fyrir nefndinni lá önnur umsókn, frá manni í Dalasýslu vestur, sem þjáður er af sjúkdómi, sem þar mun vera talinn lítt læknandi, og er nefndin hrædd um, að fleiri muni á eftir koma, ef þetta verður samþykt.

Þá getur fjvn. ekki fundið skynsamlegar ástæður fyrir því, að skólagjöld sjeu lægri við Flensborgarskólann en aðra skóla í ríkinu. Þessi hv. deild hefir samþykt, að skólagjöld skuli hækkuð úr 100 kr. upp í 150 kr. fyrir innanbæjarnemendur, og álítur nefndin, að þetta geti orðið til að draga úr óeðlilegri aðsókn að skólunum en ella.

Þá hefir nefndin óbundnar hendur um næstu brtt., frá sama hv. þm. Jeg hefi heyrt, að skólinn í Bergstaðastræti sje

vinsæll hjer í bænum, og er nefndinni það ekki kappsmál, þó að þetta verði samþykt. Sama er og að segja um næstu brtt., VI., frá hv. 5. landsk. Það er aðeins spurningin, hvort ekki sje þegar orðið fullskipað í sundlaugunum, enda þótt nefndin álíti sanngjarnt, að allir skólar, sem styrktir eru af opinberu fje, njóti sömu hlunninda í þessu.

Þá hefir nefndin og óbundnar hendur um brtt. VIII á sama þskj., um hækkun á styrknum til sjera Jóhannesar L. L. Jóhannssonar. Fjvn. vildi ekki fara lengra en hún gerði till. um, og getur enda verið spursmál, hvort háttv. Nd. vill sætta sig við þessa síðari uppfærslu, þótt vera kynni, að hækkunin upp í 5 þús. kr. hefði fengið að standa óhögguð í Nd

Þá kem jeg að brtt. um að veita prof. Sigurði Nordal 2000 kr. styrk með verðstuðulsuppbót til ritstarfa. Það er talið svo, að það kosti ekki nema þessar 3000 kr. að halda þessum manni, en jeg sje ekki betur en að það kosti líka 5700 kr., sem feldar hafa verið niður til dr. Alexanders Jóhannessonar, því jeg skil ekki í því, að hv. þm. geti svo gert upp á milli þessara manna, að öðrum sje sparkað burt, en hinn keyptur til að vera kyr fyrir ærið fje. Finst mjer það helsti mikill munur, þó annar kunni að vera víðfrægari, en jeg hygg, að dr. Alexander sje og nokkuð þektur sem vísindamaður erlendis.

Hvað snertir brtt. XI, frá háttv. þm. Vestm. (JJós), um erindrekstur í Miðjarðarhafslöndunum, þá hefir hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) minst á hana, og er nefndin mjög sammála því, er hann sagði. Nefndin leit svo á, að væri stjórninni umhugað um, að slíkt yrði gert, þá gæti hún gripið til þess fjár, sem veitt er í 16. gr. 15 í fjárlögunum til markaðsleitar, og eins væri Fiskifjelaginu skylt að styðja þetta og bönkunum, sem aðallega hafa hafist handa um nauðsyn á slíku. Og nefndin leit svo á, að hefði stjórninni verið þetta áhugamál, þá myndi hún hafa borið fram slíka till. áður. *(Atvrh. MG:* Stjórnin hefir mælt með þessari till.).

Brtt. XII er nefndin eindregið á móti; hún vill á engan hátt verða til þess að hvetja Ísafjarðarkaupstað til að ráðast í slíkt stórræði á þessum tímum sem bygging hafskipabryggju er, og allra síst eftir að upplýst hefir verið, að hann getur ekki staðið í skilum við ríkissjóðinn.

Þá er brtt. XIV, frá hv. 2. þm. S.-M. (IP). Hefir nefndin óbundin atkvæði um hana. Maður sá, sem hjer ræðir um, hefir starfað lengi í þjónustu þess opinbera, en er nú orðinn aldraður og kona hans sömuleiðis. Mjer er kunnugt um, að þetta er sæmdarmaður, og mun fyrir mitt leyti greiða atkv. með þessari till.

Hinsvegar getur nefndin alls ekki fallist á brtt. XV, frá hv. 5. landsk., sem fer fram á að taka Guðmund Björnsson upp í fjárlögin með 200 kr. Helmingi lægri upphæð var feld hjer síðast, ekki af því, að nefndinni þætti hún of lág, en af hinu, að hún treysti sjer ekki til að taka upp alla aldraða kennara, þó mætir væru, og vildi því láta þennan mann sæta sömu kjörum og júbil-ljósmæðurina.

Brtt. XVI, frá hæstv. fjrh. (JÞ), er jeg persónulega hlyntur, en nefndin taldi ekki rjett að taka hana upp í fjárlögin, því óvíst væri, hver upphæðin yrði, þegar til kæmi.

Um brtt. XVIII, frá hv. 2. þm. G.-K. (BK) og hv. 1. landsk. (SE), hefir nefndin ekki annað að segja en að hún telur hana vera til bóta.

Loks hefir nefndin óbundnar hendur um allar till. á þskj. 422. Eins er um brtt.

á þskj. 434, frá hæstv. fjrh. Nefndin hefir ekki getað borið sig saman um hana, en jeg hygg, að ekkert geti verið á móti því, að stjórnin fái heimild til að selja þessi hús á Akureyri, fyrst hún þarf ekki að nota þau.

Um brtt. hv. þm. Vestm. (JJós), um sjerstaka upphæð af styrknum til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga, hefir nefndin ekki borið sig saman, en nefndin tók hana ekki upp af því, að hún vildi ekki veita ákveðnu fjelagi styrk og binda um leið hendur þess, hvernig það notaði hann. Það er ekki svo að skilja, að nefndin vilji ekki, að þessi stúlka fái styrk, enda er einn úr stjórn þess fjelags í fjvn., hv. 6. landsk. (IHB), og henni er kunnugt um, að þessari stúlku verður veitt eins mikið af fjelagsstyrknum og fært þykir hlutfallslega.

Jeg gat þess í fyrri ræðu minni í dag, að ef allar brtt. fjvn. yrðu samþyktar og aðrar ekki, þá yrði tekjuaukinn í fjárlögunum, er þau færu út úr þessari háttv. deild, 220 þús. kr.

Nú nema brtt. hv. þm. 181650 kr., og ef þær verða allar samþyktar, þá má rjett heita svo, að við skilum fjárlögunum tekjuhallalaust, og þó ekki, ef tekið er tillit til heimildarinnar um styrkinn til Eimskipafjelagsins. Og einnig má benda á það, að undir umr. hefir verið útbýtt hjer nál. um berklaveikislögin, þar sem lagt er til, að málinu sje vísað til stjórnarinnar, en þá er bert, að upphæðin, sem veitt er í 12. gr. 12 í fjárlagafrv. og er 200 þús. kr., er að minsta kosti 100 þús. kr. of lág. Og þá er knapt um, að fjárlögunum verði vísað tekjuhallalaust út úr deildinni, þó tölurnar sýni annað.

Jeg álít því rjett, að hv. deild fari sjer hægt í því að auka útgjöldin meira en það, sem fjvn. leggur til.

Jóhann Jósefsson: Út af ummælum hv. 2. þm. G.-K. (BK) um till. samgmn. um úthlutun á flóabátastyrknum skal jeg aðeins geta þess, að nefndin hefir alls ekki hallað á Hvalfjarðarbátinn samanborið við Grímseyjarbátinn. Frá fyrra ári hefir styrkurinn til Grímseyjarbátsins lækkað um 40%, en ekki nema 33% hvað snertir Hvalfjarðarbátinn.

Svo er það aðeins lítil athugasemd viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) sagði um brtt. mína, og í raun og veru hv. form. fjvn. (JóhJóh) líka. Hv. 1. þm. Eyf. hjelt því fram, að óþarfi væri að bera fram till. um sjerstaka fjárveiting til erindrekstrar á Spáni, því að í fjárlögunum væru veittar 15 þús. kr. til markaðsleitar erlendis. Nú er það upplýst af hæstv. atvrh. (MG), að stjórnin muni verja meginhlutanum af þessum 15 þús. kr. til markaðsleitar fyrir kjöt og aðrar landbúnaðarafurðir. Hafði jeg heyrt um þetta áður og sje ekkert á móti því, þar sem mjög ríður á slíku nú. En eftir að hæstv. atvrh. hefir lýst þessu yfir og um leið lýst yfir fylgi sínu við brtt. mína, verð jeg að vona, að hv. 1. þm. Eyf., og eins hv. fjvn., sjái nauðsynina á því, að mín brtt. sje samþykt, þar sem stjórnin að öðrum kosti hefir ekkert fje, sem hún getur varið til erindrekstrar á Spáni.

Jeg skal ekki þreyta hv. deild með lengri ræðu um þetta mál, enda búið að ræða það lengi. Jeg hefi gert skyldu mína gagnvart þessum höfuðatvinnuvegi og bent á þýðing þess, að slík erindi sjeu

rekin, og því er það á ábyrgð hv. deildar, hvernig hún fer með þetta mál.

Út af því, sem hv. 5. landsk. mintist á málið aftur í síðustu ræðu sinni, skal jeg geta þess, að það er ekki sprottið af misskilningi hjá mjer að brúka orðið „erindreki.“ Hann hjelt því fram, að jeg hefði vilst á orðum og að erindreki þýddi sama og verslunarumboðsmaður.

Þetta er ekki svo. Þessi maður er altaf nefndur erindreki, og í brjefi um þetta mál, sem hjer liggur fyrir og ekki er undirskrifað af færri en 6 bankastjórum, er hann altaf kallaður erindreki. Enda þurfti ekki að fara í neinar grafgötur til að finna, hvað jeg meinti með till.; jeg sagði það strax í upphafi og dró þá fram aðalatriðin í því, sem jeg ætlast til, að slíkur maður geti unnið fyrir landið. En það er því miður sama nú og áður, að hv. 5. landsk. skilur þetta ekki, og er þó búinn að tala um það þrisvar. Hann heldur, að slíkur maður yrði einkum stórútflytjendum að gagni. Það er alveg gagnstætt.

Jeg veit ekki hvernig mjer gengi, ef jeg færi í skóla hv. 5 landsk., en jeg held tæplega, að jeg gæti reynst tornæmari þar en hann er nú á það, sem jeg hefi verið að reyna að koma inn í höfuð hans í kvöld.

Slíkur erindrekstur er sannarlega ekki til ágóða fyrir Copland — það hefir verið minst á hann hjer í deildinni. Jeg er sannast að segja hissa á því, að hv. 5. landsk. skuli ekki vita, að Copland og hans nótar hafa fulla vitneskju um fiskmarkaðinn, þó við höfum engan erindreka. En það er í þágu smærri fiskeigendanna víðsvegar um landið, að upplýsingar sjeu fyrir hendi um það, hvernig markaðurinn stendur, svo þeir selji ekki fisk sinn lægra verði vegna ókunnugleika um verðið á Spáni en þeir ella mundu gera. Þeim er það til hjálpar, en ekki stórútflytjendunum; þeir hafa vissulega aðrar hjálparhellur beggja megin hafs.

Jeg skal ekki fjölyrða um þetta frekar, en af því að hv. 5. landsk. sagði, að jeg ætti að vera honum þakklátur fyrir stuðning hans við björgunarskipið Þór, þá vil jeg hjer, eins og jeg hefi áður gert annarsstaðar, við það kannast, að jeg tel hann hafa sýnt þar virðingarverðan skilning, jafnvel öðrum fremur. En hann má þó alls ekki ætlast til þess, að jeg í skjóli þess leyfi honum átölulaust og hirtingarlaust að ráðast hjer í háttv. deild á stjettarbræður mína, útvegs- og verslunarmenn, víðsvegar um land. Jeg hefi ekki gert það nú og mun ekki gera það heldur framvegis meðan jeg á hjer sæti.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 422 og 434, sem of seint var útbýtt, og um skriflega brtt., sem fram kom á fundinum (verður þskj. 439), leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 417,I 1 samþ. með 11:1 atkv.
— 417,I 2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 417,I 3 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 417,II 1 feld með 9:5 atkv.
— 417,II 2 feld með 7:5 atkv.
— 417,III samþ. með 7:6 atkv.
— 422,I samþ. með 8:3 atkv.
— 417,IV 1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 417,IV 2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 422,II feld með 8:3 atkv.
— 417,IV 3 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 417,IV 4 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 417,V 1 feld með 9:2 atkv.
— 417,V 2 (aðaltill.) feld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu *já*: IHB, JóhJóh, JM, BK, HSteins.

nei: IP, JJós, JJ, SE, SJ, EP, EÁ, GÓ.
Einn þm. (HSn) fjarstaddur.
Brtt. 417,V 2 (varatill.) feld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, EP, JóhJóh, JM, HSteins.
nei: JJ, SE, SJ, EÁ, GÓ, IHB, IP, JJós.
Einn þm. (HSn) fjarstaddur.
Brtt. 417,VI samþ. með 10 shlj. atkv.
— 417,VII 1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 417,VII 2 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 417,VIII samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JóhJóh, JM, SE, BK, EP, HSteins.
nei: IHB, IP, JJ, SJ, EÁ, GÓ.
Einn þm. (HSn) fjarstaddur.
Brtt. 417,IX samþ. með 12 shlj. atkv.
— 417,X samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁ, GÓ, IHB, IP, JM, JJ, SE, SJ.
nei: BK, EP, JJós, JóhJóh, HSteins.
Einn þm. (HSn) fjarstaddur.
Brtt. 417,XI samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JM, SE, SJ, BK, EP, IP, JJós, HSteins.
nei: JóhJóh, JJ, EÁ, GÓ, IHB.
Einn þm. (HSn) fjarstaddur.
Brtt. 439 samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÓ, IP, JJós, JJ, SE, SJ, EÁ, HSteins.
nei: IHB, JóhJóh, JM, BK, EP.
Einn þm. (HSn) fjarstaddur.
Brtt. 417,XII feld með 10:1 atkv.
— 422,III samþ. með 11 shlj. atkv.
— 417,XIII 1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 417,XIII 2 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 417,XIV samþ. með 7:4 atkv.
— 417,XV feld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JJ, SE, IP, HSteins.
nei: JóhJóh, JM, SJ, BK, EP, EÁ, GÓ, IHB.
Einn þm. (HSn) fjarstaddur.
Brtt. 417,XVII 1 I samþ. með 12 shlj. atkv.
— 417,XVI feld með 7:5 atkv.
— 417,XVII 1 II samþ. með 10 shlj. atkv.
— 417,XVII 2 a samþ. með 10 shlj. atkv.
— 417,XVII 2 b samþ. með 10 shlj. atkv.
— 417,XVII 2 c samþ. með 7:2 atkv.
— 434 samþ. með 12:1 atkv.
— 417,XVIII samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

Á 55. fundi í Nd., föstudaginn 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 440).

Á 58. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. apríl, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 440, 460, 463, 467).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það hefði ef til vill verið rjettast, að jeg tæki ekki fyrstur til máls, en það hefir verið venja, og vil jeg því ekki bregða út af henni.

Þetta frv. virðist ekki í fljótu bragði hafa tekið miklum breytingum í hv. Ed., þar sem það fór hjeðan með 178 þús. kr. tekjuafgangi, en kemur frá hv. Ed. með 170 þús. kr. afgangi. En því er þó ekki svo varið, því að hv. Ed. hefir hækkað tekjubálkinn um 322750 kr., en gjöldin um 330827 kr. Þannig hefir hv. Ed. hækkað gjöldin um þriðjung miljónar, og þó að hún hafi fundið tekjur til að vega upp á móti þessu, þá orka þær nokkuð tví-

mælis. Nefndin lítur að minsta kosti svo á, að hv. Ed. hafi gengið fulllangt í því að hækka stimpilgjaldið um 300 þús. kr., en hefir þó ekki viljað flytja brtt. um lækkun á þessum lið, enda vont að gera sjer grein fyrir, hver upphæð muni næst lagi. Það er verðtollurinn, sem á að gefa þennan tekjuauka, en það hlýtur að vera vafasamt, hve miklar tekjur verða af honum, þar sem hann er lagður á margar eða allar þær vörur, sem verða bannvörur samkvæmt yfirlýsingu hæstv. stjórnar, og í öðru lagi hlýtur hæð tollsins að draga úr innflutningnum. Nefndin telur því, að hv. Ed. hafi hjer farið á fremstu grös.

Af þessari 330 þús. kr. hækkun eru ⅔ hlutar fólgnir í 2 liðum, sem teljast mega óumflýjanlegar hækkanir. Fyrri liðurinn er hækkun á vöxtum af innlendum lánum, á annað hundrað þúsund. Nýjar skuldir höfðu fundist, svo að þennan lið hefði þurft að hækka um 140 þús. kr., en þó hefir hv. Ed. ekki farið lengra en að hækka þetta um 116 þús. kr. Hinn liðurinn, sem hækka þurfti, var dýrtíðaruppbót embættismanna. Fyrir þeirri hækkun hefir hv. Ed. gert 100 þús. kr. En á annað hundrað þúsund hefir hv. Ed. bútað niður til ýmsra útgjalda, sem telja má misjafnlega þörf, að áliti fjvn. neðri deildar.

Það virðist svo, sem hv. Ed. hafi litið á fjárhagsmál ríkissjóðsins frá nokkuð öðru sjónarmiði en þessi hv. deild. Það, sem hefir vakað fyrir oss nefndarmönnum frá því er vjer byrjuðum starf vort, er það, að eins og nú stendur sje óumflýjanlegt að taka öðrum tökum á þessum málum en undanfarið hefir verið gert. Vjer höfum flotið sofandi að þeim feigðarósi, sem vjer stöndum nú við. Fjárlögin hafa jafnan verið afgreidd með tekjuhalla, skuldir hafa safnast svo ört, að talsvert af þeim hefir týnst jafnharðan, með öðrum orðum hefir stjórnin ekki fylgst með til þess að taka alt upp í greinargerð sína, svo að nú stöndum vjer og horfum framan í þann beiska sannleika, að vjer ráðum ekki við neitt, nema vjer stöðvum og snúum við. Höldum vjer áfram, erum vjer glataðir. Það er sýnilegt, að þá munum vjer, eins og vjer höfum týnt skuldunum, týna öllu trausti á sjálfum oss til viðreisnar og glata allri ábyrgðartilfinningu fyrir því, hvernig farið er með fje ríkissjóðs.

Það hefir verið tekið fram, að ekki sje einhlítt að afgreiða fjárlögin tekjuhallalaus; það sje svo margt annað, sem taka þurfi til greina. En það er þó miklu stærri þáttur en menn ætla. Um leið og það er stöðvun á takmarkalausum útgjöldum, þá opnar það augu annara, sem til vor líta, fyrir því, að vjer sjeum að vitkast, að vjer tökum á þessum málum eins og ber að gera, eins og þjóð, sem vill og ætlar að bjarga sjer. Þetta er tvímælalaust einn þátturinn, og hann ekki lítill, í því að hækka gengi krónunnar.

Þessa afstöðu tók fjvn. þessarar deildar þegar í upphafi. Þarf jeg ekki að brýna þetta fyrir hv. deild; hún hefir fylgt þessari stefnu, og væntir nefndin þess, að hún fylgi tillögum hennar eins og áður. Þó skal jeg geta þess, að tillögur fjvn. eru ekki eins ákveðnar og áður og hún hefði kosið, því að hún hefir í ýmsu komið á móti hv. Ed. Telur hún ekki rjett að vekja stífni milli deildanna og vill því koma svo langt á móti hv. Ed., að frv. þurfi ekki að velkjast fram og aftur og komast í sameinað þing.

Jeg skal þá snúa mjer lítið eitt að brtt. nefndarinnar á þskj. 460. Fyrsta brtt., undir I, er að fella niður fjárveitingu til að reisa fangahús á Ísafirði og í Vest-

mannaeyjum, sem hv. Ed. hefir sett inn í frv. Þessi till. er flutt af meiri hluta fjvn. Svo stendur á um þessa fjárveitingu, að kvartanir hafa komið frá Vestmannaeyjum um, að brýn þörf sje á fangahúsi. Þar hafði verið eitthvert hreysi, sem selt var og rifið, og rann það fje í ríkissjóð, en aldrei hefir neitt verið lagt fram til þess að reisa húsið á ný. Á Ísafirði brann fangahúsið, en það var óvátrygt, og er því ekkert fje til þess að reisa það aftur. Fjvn. telur betra, ef unt væri að fresta þessu um nokkra hríð, þar sem húsagerð er nú dýr, en er þó ekki öll á einu máli um það.

Næsta brtt. nefndarinnar, VI,1, fer fram á að fella niður styrk til hjúkrunarnáms erlendis. Þetta er ekki stór liður, en nefndin tók í upphafi þá stefnu að fella niður alla styrki til utanferða. Við 2. umr. hjer í deildinni var samskonar styrkur til ljósmæðra tekinn af, og telur nefndin því rjett, að þessi verði einnig feldur burt. Þess má geta, að þetta á ekki að vera nein stöðvun af hálfu nefndarinnar, heldur aðeins frestun þangað til betur árar. Þá má taka þetta upp aftur, en nefndin telur þessháttar styrki ekki svo bráðnauðsynlega, að þeir megi ekki falla niður að sinni, enda samþykti þessi hv. deild það um ljósmæðrastyrkinn og sömuleiðis þennan við 2. umr. með miklum atkvæðamun.

Þá er brtt. VI,2, að styrkurinn til Guðmundar Guðfinnssonar falli niður. Að henni stendur ekki nema meiri hl. nefndarinnar. Frá því er nefndin gekk frá þessari brtt. hafa henni borist ýmsar upplýsingar, er sumir nefndarmenn vilja taka til greina, þó að nefndin taki ekki brtt. aftur.

Brtt. VI,3 fer fram á, að styrkur til Elínar Sigurðardóttur sje feldur niður. Jeg hefi áður tekið fram, hvernig fjvn. lítur á sjúkrastyrki sem þessa. Hún vill ekki skapa fordæmi, en verður ekki sannað með læknisvottorðum, að ríkissjóði beri skylda að hlaupa undir bagga í slíkum tilfellum. En verði farið að nota ríkissjóð sem einskonar líknarstofnun, munu fleiri koma á eftir, enda hefir nefndinni borist fjöldi erinda um samskonar styrkveitingar.

Þá er VIII. brtt. á sama þskj., að fjárveitingin til flutningabrauta sje lækkuð úr 100 þús. kr. í 75 þús. kr. Þessi liður hafði verið afgreiddur þannig hjeðan úr deildinni, en hv. Ed. hækkaði hann upp í 100 þús. kr. Nefndinni hafði virst, að sú upphæð, sem ætluð var í frv. stjórnarinnar til viðhalds flutningabrauta, væri allsæmileg og þyrfti ekki við að bæta, og þar sem það ráð hefir verið tekið, að öllum framkvæmdum skuli frestað, telur nefndin ekki rjett að gera undantekningu í þessu efni. Skal jeg ekki ræða frekar um þetta að sinni, enda mun síðar verða tækifæri til þess.

Brtt. VIII,2 fer fram á að lækka styrk til bifreiðaferða úr 2000 kr. í 1000 kr. Til þessa var veittur styrkur í fyrra, en stjórnin hafði gleymt að taka hann aftur upp í frv. Nefndin tók því upp 1000 kr. styrk, eftir beiðni hennar. Virtist hv. 2. þm. Rang. (KlJ), sem hjer á hlut að máli, gera sig ánægðan með þessa upphæð og flutti enga brtt. við þennan lið. Þessi styrkur var svo hækkaður í hv. Ed., en nefndin hefir leyft sjer að flytja brtt. um að færa hann aftur niður í 1000 kr. Það getur verið varasamt að hafa þennan styrk of háan. Væntanlega verður samið um ferðirnar við einn mann, en fjöldi manna keppir um þessa flutninga, og verða þeir þá vitanlega að lækka flutningsgjaldið, svo að þessi styrkur verður þeim einum til ágóða, sem stjórnin sem-

ur við. Og verði það mjög há upphæð, sem til þessa er veitt, mundi það hjálpa þeim manni svo mjög í samkepninni, að hætta væri á, að hinir fjellu úr sögunni, en að því vill nefndin ekki stuðla.

Þá leggur nefndin til í brtt. VIII,3, að launin fyrir háskólakenslu hjeraðslæknis sjeu færð niður í 1000 kr. úr 1500 kr. Jeg hafði áður við umr. hjer í hv. deild ekki minst á þennan lið sjerstaklega, og fór hann þannig í gegnum deildina. Meiri hluti nefndarinnar telur rjett að lækka þennan lið aftur í sama horf, sem hann var í áður. Þegar bæjarlæknisembættið var stofnað, var gert ráð fyrir því, að annaðhvort hann eða hjeraðslæknir tæki þessa kenslu að sjer sem kvöð á embættinu. Nú hefir það ekki verið gert, og þó að það væri samþykt, býst jeg ekki við, að eftir því yrði farið, ef samningur hefir verið gerður við hjeraðslækni, eins og sagt hefir verið, enda hefi jeg heyrt, að hann kenni alt að því eins mikið og prófessorarnir. Þetta er ástæðan til þess, að nefndin vill veita nokkra upphæð í þessu skyni.

Næsta brtt., um lagalæknisfræði, er tekin aftur.

Þá er X. brtt., um námsstyrk stúdenta erlendis. Hv. Ed. hefir hækkað hann um 3000 kr., en nefndin hefir fært hann í sama horf og áður. Jeg hefi áður gert grein fyrir skoðun nefndarinnar í þessu efni, og skal jeg ekki endurtaka það. Það vakti sjerstaklega fyrir henni, að óhugsandi væri að halda áfram að veita jafnháan styrk til náms við erlenda háskóla sem hingað til. Við því er búist, að um 40 stúdentar útskrifist á næsta ári og að margir þeirra eigi sömu kröfu til námsstyrks við háskóla erlendis sem þeir, er áður eru þangað komnir. Nefndin telur óumflýjanlegt að stöðva á þessari braut, en það verður ekki gert, nema það komi hart niður á einhverjum. Telur hún rjett, að það komi harðast niður á þeim, sem hafa verið einn vetur utan, en miðar við það, að þeir stúdentar sjeu um 10, sem hafa stundað nám 2—3 ár, og eigi þeir að sitja fyrir. En ríkissjóði er ofvaxið að taka alla á arma sína. — Það má einnig taka fram, að nú virðist ekki sjerstök vöntun á embættismönnum í þeim greinum, sem ekki er unt að nema hjer á landi. Það vill líka fara svo oft og einatt, að þegar þessir menn hafa lokið fullnaðarprófi, verða þeir embættismenn ytra eða koma hingað heim og fá enga atvinnu. Og hvorugt virðist nefndinni þannig vaxið, að rjett sje, að ríkissjóður styrki það.

Þá er jeg kominn að XIII. brtt., við 14. gr. B. III. b. 4, sem er um tímakenslu við mentaskólann. Í hv. Ed. hefir hjer verið settur inn einn kennari, sem hæstv. forsrh. hefir ráðið í haust eð var til næsta vetrar. Þótt nefndin játi, að þörf hafi kunnað að vera á að taka þennan kennara, sjerstaklega fyrir vissa sjerfræðilega þekkingu hans, þá hefir hún samt litið svo á, að um leið og þessi kennari er festur, þá sje hægt að draga úr tímakenslunni við skólann. Því fyrv. forsætisráðherra segist engan hlut hafa átt í því að festa þennan kennara til frambúðar, og hefir hans þá naumast verið brýn þörf. Nefndin hefir því komið með þessa till. um að lækka þetta tillag um 2000 kr., og vill hún með því brýna fyrir hæstv. stjórn, að ekki sje þarna fremur en annarsstaðar um skör fram eytt fje ríkissjóðs í óþarfa kenslukrafta. Að öðru leyti vill nefndin ekki hagga hjer neitt við gerðum hv. Ed.

Næst er hjer útgáfa veraldarsögu. Hefir sá liður verið settur inn í hv. Ed. Nefnd-

in hefir það sama að segja um þetta og aðra bókaútgáfu, að rjettara sje að fresta henni enn um skeið, ef úr rættist fjárhaginum og ódýrara yrði síðar. Enda sýnist mega komast af eins og verið hefir.

Næst er styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur, og leggur nefndin til, að sá liður falli niður. Hlutaðeigandi hefir haft styrk til að kenna utanbæjarstúlkum leikfimi nú undanfarið, en bæði er, að nefndinni finst ekki svo ýkjamikil nauðsyn á þessu, og auk þess þykir henni einkennilegt, að þingið veitir ár eftir ár styrk til slíkra hluta án þess nokkurn tíma að fá að sjá skýrslur um það, hvað gert hefir verið með fjeð. Það liggur ekki nein slík skýrsla fyrir nú, og er nefndin meðal annars af þeirri ástæðu eindregið á móti því að veita þetta fje.

Þá kemur næst XV. brtt., við 15. gr. 15 a og 15 b, sem er fjárveitingar til Jóhannesar Lynge og Þórbergs Þórðarsonar. Nefndin þótti nokkuð harðleikin seinast, er hún rjeðist á fjárveitinguna til þessara manna. Hefir hún því nú viljað fara hóflegar í sakirnar og hefir fært tillagið til Jóhannesar Lynge niður um 1000 kr. frá því, sem háttv. Ed. hefir ákveðið það, og Þórberg Þórðarson niður í 1000 kr.

Sömuleiðis hefir nefndin farið milliveginn að því er snertir tillagið til Helga Pjeturss. Eru till. hennar í þessu efni hinar sömu og fjvn. hv. Ed.

Þá er næst XXI. brtt., fjárveitingin til Heimilisiðnaðarfjelagsins. Í hv. Ed. var þar gerð sú breyting, að Halldóra Bjarnadóttir var sett undir nýjan lið og styrkurinn til hennar lækkaður um 800 kr. Nú vill nefndin minka styrkinn til fjelagsins um 800 kr. og færa það til Halldóru Bjarnadóttur. Nefndin lítur nefnilega svo á, að þessi kona hafi langmest aðgert í þessum efnum, og vill því ekki færa niður tillagið til hennar. Að öðru leyti get jeg látið mjer nægja að vísa til orða minna við 2. umr.

Næst kemur XXIII, Bandalag kvenna. Það er brtt. um, að sá liður verði niður feldur. Þá tillögu tekur nefndin aftur af þeim sökum, að hún hefir nýlega fengið ýmsar upplýsingar um þennan fjelagsskap, sem hún hafði ekki áður fengið, er hún kom fram með till.

Næst er liðurinn um skipulag kauptúna. Leggur nefndin til, að hann falli niður. Jeg býst að vísu við, að þetta muni sæta andmælum, en nefndin lítur svo á, að þótt hjer sje um allnauðsynlegt verk að ræða, þá megi samt auðveldlega fresta því. Það hafa nú þegar verið gerðar allar mælingar í kauptúnunum, og virðist vera hægt að vinna úr þeim án sjerstaks framlags úr ríkissjóði, þar sem vegamálastjóri hefir tiltölulega lítið fyrir stafni. Nefndinni hefir nú verið sýndur framtíðaruppdráttur af einu kauptúni landsins. Það er teikning af Bolungarvík, eins og hún á að verða í framtíðinni. Það má segja, að þar sje aðeins sjeð fyrir framtíðinni. Ekki einu sinni brimbrjótinn, þennan sögulega múrvegg, þarf að nota lengur. Þeir hafa rekið sig á tjarnarpoll neðan til í kauptúninu og hann er gerður að miðpunkti allrar framtíðarfegurðar. Hann á að verða mótorbátahöfn með öllum nýtísku byggingum og þægindum, og út frá þessu liggja svo bústaðir kaupstaðarbúa í kílómetralöngum samstæðingum.

Verkfræðingurinn, sem sýndi nefndinni þetta, taldi ekki vafa á því, að það myndi greiðlega verða grafið í gegnum malarkambinn til þess að hleypa sjó inn í tjarnarholuna. Og þó að það kynni að koma fyrir, að sjórinn í bræði sinni lok-

aði þarna aftur, þá væri hægur vandi að fara aftur að brúka brimbrjótinn! Svona á að koma því haganlega fyrir! Nú virðist ekki alveg sama, — það er að segja þeim, sem eru ólærðir, — hvort gengið er út frá með framtíðarbyggingar því, sem er ómögulegt, eða því, sem er mögulegt. En ef þeim, sem fyrir þessu standa, þykir þetta engu skifta, þá held jeg, að það væri rjett, að þeir hættu starfinu. Þó hefir nefndin ekki lagt annað til en að fella þetta að sinni, en alls ekki til frambúðar, *ef* fje á annað borð þarf til þess að lúka verkinu. En hjer myndu geta unnið að ýmsir starfsmenn ríkisins, sem ekki hafa ofboðsleg störf. Nefndin væntir því fastlega, að till. hennar verði samþykt.

Næst eru hjónin í Hítardal. Hefir nefndin lagt til, að sá liður falli niður. Þetta má að vísu virðast harðbrjósta af nefndinni, enda hefir henni þótt það sjálfri; en hún hefir hinsvegar ekki álitið tiltækilegt að fara inn á þessa leið, af ótta við, að heill hópur kæmi á eftir með samskonar beiðni. Er og þegar komin fram tillaga frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um samskonar styrk handa öðrum hjónum, á þskj. 467, og er þó ekki langt um liðið. Nefndinni myndi að vísu hafa þótt mjög ánægjulegt, ef hægt væri að gera þetta, en henni þykir það með öllu ógerlegt sökum fordæmisins, því um alt landið mun vera fólk, sem á svipaða sögu að segja. Er því nauðugur einn kostur að neita öllum slíkum beiðnum, svo framarlega sem ekki á að fara að skoða ríkissjóðinn eins og nokkurskonar sveitar- eða líknarsjóð.

Þá er hjer næst Bjarni Magnússon, sem hv. Ed. hefir veitt 800 kr. Nefndin leggur til, að sá liður falli niður. Þessi maður hefir verið fangavörður í Stykkishólmi og hefir þar fría íbúð í fangahúsinu. Er hann og ekki mikið tekinn frá öðrum störfum með þessu, og lítur nefndin því ekki á þetta sem verulegt sanngirnismál.

Þá er næst XXVI. brtt., við 19. gr., um dýrtíðaruppbót. Nefndin telur óhjákvæmilegt að hækka þann lið aftur um 68000 kr., þar sem auðsætt er, að ekki verður komist hjá að greiða þetta að minsta kosti. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir annars gert ítarlega grein fyrir þessu, og þarf jeg því ekki að fara fleiri orðum um það. Aðeins vil jeg taka það fram, að það er ekki sú allra minsta ástæða til að vera að hafa þessa áætlunarliði lægri en nokkurn veginn er fyrirsjáanlegt, að þeir muni verða; að gera það er einungis að blekkja sjálfan sig, því ekki getur hvort eð er neitt sparast við það.

Þá er næst XXVIII. Er þar fyrst till. um að fella niður greiðslufrest á afborgun og vöxtum af viðlagasjóðsláni Ólafs Hvanndals. Þykir nefndinni ekki nein nauðsyn til þess bera að veita þennan greiðslufrest.

Þá er hjer næst breyting á aths. viðvíkjandi Álafossi. Eins og menn vita, varð eigandinn gjaldþrota, og hefir ríkissjóður eignina að veði. Hafa nú komist á samningar með svofeldu móti, að eignin skuli afhent konu Sigurjóns Pjeturssonar gegn ákveðnum skuldbindingum. Hefir verið farið fram á, að gefinn væri þriggja ára frestur á afborgunum, og lítur nefndin svo á, að þetta muni vera tiltækilegt, en hefir þó breytt aths. svo, að hjer sje um heimild að ræða fyrir ríkisstjórnina, en ekki beina skyldu. Er stjórninni með öðrum orðum falið að gera það, sem henni þykir rjettast í þessu, að rannsökuðu máli.

Þá er eftir aðeins ein brtt. Hún er við-

víkjandi Guðmundi Björnssyni sýslumanni á Borgarnesi, að liðurinn falli niður. Svo stendur á, að í brjefi, dags. 4. mars 1924, hefir sýslumaðurinn farið þess á leit, að ekki verði krafist, að hann borgi 1200 kr. sem vexti af viðlagasjóðsláni, sem hann kveður sjer í rauninni ekki skylt að borga. Svo stendur þar á, að þegar hann fjekk þetta lán, þá voru vextir af bankalánum 8%, og fjekk hann lánið gegn 6% vaxtagreiðslu. Nú hafa vextir síðan lækkað niður í 7%, og með því að sýslumaðurinn lítur svo á, að tilætlunin hafi verið sú, að hann nyti þarna 2% lægri vaxtakjara en bankarnir veita, þá telur hann sjer ekki skylt að borga nema 5% af láninu. Nefndinni kemur þetta að vísu ekki neitt á óvart, því henni er kunnugt um, að þessi maður byggir á ummælum tveggja fjárveitinganefndarmanna, eins úr hvorri deild, þeirra þm. Dala. (B-J) og þm. Seyðf. (JóhJóh), og liggja hjer fyrir skriflegar yfirlýsingar þessara manna um, að þetta hafi verið tilætlunin. En aftur hafa aðrir fjárveitinganefndarmenn frá þeim tíma ekki viljað kannast við, að neitt hafi komið til tals með þetta og neita því gersamlega, að sú hafi verið meiningin. Og þótt svo hefði nú verið, þá lítur nefndin svo á, að fjvn. geti ekki skuldbundið þingið á þann hátt eða gert út um slík mál upp á eigin spýtur — hvað þá einn eða tveir menn úr nefndinni. Leggur nefndin því til, að ekki sje tekið neitt tillit til þessa, en vextirnir ákveðnir áfram 6% og innheimtir samkvæmt því.

Það eru svo ekki fleiri till., sem nefndin hefir komið fram með. Býst jeg við, að þær kunni ef til vill að þykja nokkuð einhliða og að nefndin hljóti ný ámæli fyrir hina ríku sparnaðarstefnu sína, en við það verður að sitja.

Jeg ætla ekki að fara neitt að sinni út í brtt. hv. þm., en mun bíða þangað til flm. þeirra hafa talað um þær.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi ekki mikið að segja að þessu sinni. Jeg ætla ekki að ræða neitt verulega einstakar till. hv. nefndar, en vil þó aðeins þakka henni, að hún hefir tekið upp leiðrjetting á embættislaunum vegna væntanlegrar hækkunar á dýrtíðaruppbót opinberra starfsmanna, og bætt við aftur 68 þús. kr. við þær 100 þús. kr., sem samþyktar voru í hv. Ed. Jeg er annars hissa á því, að þessi till. mín skyldi geta valdið nokkrum ágreiningi, því jeg lít svo á, að það sje hrein og bein skylda þingsins að áætla lögskipuð útgjöld með þeirra fullu hæð, eftir því sem sjeð verður, er fjárlögin eru búin til. Og það getur ekki talist sæmilegt að hafa þau lægri, í því einu trausti, að betur kunni að ráðast úr en útlitið bendir til; slíkt væri gagnstætt öllum rjettum reglum í þessu efni. Jeg vona, að háttv. deild fallist á þessa till. hv. nefndar, því hjer er ekki um það að ræða, að stofnað sje til neinna nýrra útgjalda, heldur er þetta aðeins leiðrjetting á áætlun, sem skökk var sökum þess, að sú dýrtíð, sem nú er, var ekki komin í ljós, þegar fyrverandi stjórn samdi fjárlagafrv. sitt.

Meðal lækkunartill. hv. nefndar eru hjer 2 eða 3 till., sem eru niðurfærsla á áætlunarupphæðum, og lít jeg svo á, að þær hafi engan rjett á sjer. Þar er meðal annars till. um að fella burt hækkun á viðhaldskostnaði flutningabrauta, sem inn hefir komist í hv. Ed. Er með öllu

óforsvaranlegt að fella hana burt eftir að vegalögin hafa verið samþykt eins og þau eru, því þar er um að ræða hækkun, sem nemur að minsta kosti 25 þús. kr. Að lækka þennan lið aftur er því bara að svíkja sjálfan sig. Hið sama gildir um niðurfærslu fjárveitingar til tímakenslu í mentaskólanum. Jeg sje ekki annað en það sje að svíkja sjálfan sig, þó í litlu sje, að færa þann lið niður um 2000 kr. Af þessu leiðir enga raunverulega lækkun á útgjöldunum.

Um hinar till., sem fela í sjer raunverulegar niðurfærslur útgjalda, mun jeg ekki tala margt. Það er ekki hægt annað en taka þeim vel. Og þó jeg sje ekki viss um, að jeg geti fylgt þeim öllum, þá mun jeg þó greiða flestum þeirra atkvæði mitt.

Jeg á hjer aðeins eina brtt., sem hefir verið útbýtt hjer á fundinum, og jeg vona, að háttv. deild leyfi, að hún komi hjer til atkvæða. Þessi brtt. fer fram á það að veita prestsekkju Steinunni Bjarnadóttur viðbót við eftirlaun, svo að hún hafi sömu eftirlaun og aðrar prestsekkjur. Það er ekkja sjera Sigurðar heitins Stefánssonar frá Vigur, sem hjer ræðir um.

Þá þykir mjer rjett að geta þess, að jeg hefi orðið var við það af reynslu minni sem fjármálaráðherra, að enn eru ýmsir útgjaldaliðir áætlaðir lægri í frv. en nokkrar líkur eru til, að þeir geti orðið í raun og veru. Þetta stafar af misskilningi á fjárlagafrv. frá upphafi. Háttv. fjvn. hefir leiðrjett ýmislegt, sem þannig var of lágt áætlað frá upphafi. En jeg hefi þó veitt því eftirtekt, að henni hefir sjest yfir ýmsa slíka liði. En þó jeg hafi veitt því eftirtekt, að sumir liðir sjeu enn of lágt áætlaðir, þá hefi jeg, eins og eðlilegt er, hvorki haft tíma nje kunnugleika til þess að fara nákvæmlega í gegnum frv. í þessu skyni. Og þess vegna hefi jeg ekki heldur talið rjett að koma fram með brtt. við einstaka liði frv. til leiðrjettingar á slíku. Jeg segi þetta til þess, að það komi engum á óvart, þó að umframgreiðslur verði á nokkrum liðum. Jeg skal til dæmis nefna upphæðina, sem veitt er til þess að gegna ríkisfjehirðisstörfum. Sú upphæð er nú áætluð 20 þús. kr., en árið 1923 var hún 25 þús. kr., og það er ekki sjáanlegt, að hún geti lækkað að öðru en þá kaupi fólksins, sem þar vinnur. Og þetta kaup getur ekki breyst nema eftir því sem vísitalan hækkar eða lækkar, eins og laun annara starfsmanna ríkisins. Nú hefir ríkisfjehirslan verið flutt úr húsnæði, sem kostaði 100 kr. á mánuði, í húsnæði, sem kostar 190 kr. á mánuði. Það er því auðsjeð, að fjárveitingin til þessa starfs er of lág. Líkt má segja um hagstofuna. Henni eru áætlaðar til húsnæðis, ljóss, hita og ræstingar 2000 kr., en nú er hún nýlega flutt í húsnæði, sem á að kosta 300 kr. á mánuði, auk ljóss, hita og ræstingar. Það mun að vísu verða reynt að fá þetta lækkað, en aðsjeð er, að ekki er hægt að koma leigunni niður neitt líkt því, sem áætlað er í frv.

Þá þykist jeg hafa veitt eftirtekt lið í 14. gr. A, b. III., sem er framlag til prestlaunasjóðs, 210 þús. kr. Þessi liður reynist vafalaust 30—40 þús. kr. hærri en áætlað er í frv. Jeg get ekki sagt, hvernig á þessum mismun stendur, en þessi liður er óbreyttur frá því, sem var í frv. fyrv. stjórnar.

Þá eru því miður ekki líkur til þess, að útgjöld ríkisins vegna berklavarnalaganna muni geta lækkað nokkuð frá því, sem nú er, þar sem svo virðist, sem breyting á lögum um berklavarnir muni ekki ná að ganga fram á þessu þingi. Það er því

ljóst, að upphæðin, sem til þeirra er ætluð í frv., 200 þús. kr., er alt of lág eftir undangenginni reynslu, þar sem útgjöld ríkissjóðs í þessu skyni eru nú komin upp í 300—400 þús. kr. Og við þá upphæð bætist enn samkvæmt breytingu, sem gerð var á berklavarnalögunum í fyrra, sem ljetti að nokkru þessum kostnaði af sýslufjelögunum, það sem hann fer yfir 2 kr. á hvern sýslubúa. Þessi breyting berklavarnalaganna er nú farin að verka og virðist ætla að auka útgjöld ríkisins á þessum lið enn frá því, sem áður var.

Jeg tel raunar, að ekki skifti miklu máli í sjálfu sjer, hvort slíkar áætlanir eru leiðrjettar eða ekki, úr því að ekki er hægt að vita hvort sem er, hver verður hin endanlega niðurstaða. En þegar dæma skal um það, hvort fjárlögin hafi verið afgreidd með tekjuhalla eða ekki, þá verður ekki hjá því komist að líta á það, ef það er vitað, að svona stórar gjaldaupphæðir eru of lágt áætlaðar. Og þó nú hv. Ed. telji sig hafa afgreitt fjárlögin með 170 þús. kr. tekjuafgangi, þá þarf ekki að nefna nema þennan eina lið, berklavarnirnar, til þess að sýna það, að enginn tekjuafgangur verður á fjárlagafrv. eins og það liggur nú fyrir.

Bernharð Stefánsson: Jeg á tvær brtt. á þskj. 460, sem jeg vildi minnast nokkuð á. Fyrri brtt. er við 14. gr. fjárlaganna, við námsstyrk stúdenta erlendis, og fer aðeins fram á það, að í stað þess, að frv. ætlast til, að þeir námsmenn, sem stundað hafa nám 2—3 ár, sitji fyrir styrknum, þá komi: 1—3 ár. Tillaga mín byggist á því, að þessi námsstyrkur, sem veittur hefir verið undanfarin ár stúdentum, sem stundað hafa nám við erlenda háskóla, hefir verið skoðaður sem framhald af Garðstyrknum, eða að hann kæmi í staðinn fyrir hann. En Garðstyrknum var þannig varið, að sá stúdent, sem hann hlaut á annað borð, hjelt honum í 4 ár og gat treyst á að eiga hann vísan, svo framarlega sem hann bryti ekki af sjer. Stúdentar þeir, sem hjeðan hafa farið til náms við erlenda háskóla og annaðhvort hafa þegar notið styrksins eitthvað eða fengið loforð fyrir honum, þeir hafa treyst því, að við það stæði. Og þeir mundu að sjálfsögðu ekki hafa utan farið, ef þeir hefðu ekki treyst á þetta, sumir þeirra að minsta kosti. Ef nú aths. við þennan lið í frv. er samþykt óbreytt, þá má ganga að því vísu, að þeir stúdentar, sem ekki hafa stundað nám í full 2 ár, verði algerlega sviftir styrknum, því upphæðin er ekki hærri en það, að jeg býst við því, að hún þyki ekki of mikil handa hinum, sem lengur eru búnir að njóta styrks og komnir eru lengra áleiðis með nám sitt. Það liggur því ekki annað fyrir þessum námsmönnum en að komast í óbotnandi vandræði í ókunnu landi, eða að fara heim að öðrum kosti og taka fyrir alt annað nám eða hætta alveg. En hvort heldur sem er, þá má kalla, að þessi eitt til tvö ár sjeu glötuð með öllu. En jeg álít mjög athugavert að grípa þannig inn í líf manna. Mannsæfin er ekki svo löng, að vert sje að stuðla að því, að glatist þó ekki sje nema tvö ár af þroskaaldrinum og verði að engu.

Hv. frsm. (ÞórJ) sagði um þetta, að óhugsandi væri að halda lengra á þessa braut: að styrkja alla stúdenta til náms erlendis á þennan hátt, og væri óumflýjanlegt að nema staðar. En það væri ekki hægt nema það kæmi hart niður á einhverjum. Jeg get að nokkru leyti tekið

undir þetta, en jeg er ekki sammála háttv. frsm. um það, hvar takmörkin skuli sett, og álít, að það muni ekki ríkið fjárhagslega miklu. En jeg get ekki greitt því atkvæði, að styrkurinn sje stöðvaður á þennan hátt. Jeg get fallist á það, að mönnum sje ekki hleypt út á þessa braut, þannig, að hætt sje að styrkja nýja menn til náms við erlenda háskóla, eða að minsta kosti takmarkað. En þeir stúdentar, sem fengið hafa loforð fyrir þessum styrk og byrjaðir eru að njóta hans með þeim skilningi sjálfra sín og annara, að þetta sje fjögurra ára styrkur, þeir verða mjög hart úti, ef þeir eru sviftir styrknum alt í einu. Og þannig hlýtur lífsstefna þeirra að breytast og verða öll önnur en hugsað var.

Ef nú brtt. mín verður samþykt, en upphæðin óbreytt, þá er vitanlegt, að þeir stúdentar, sem lengra eru komnir, fá minni styrk heldur en annars, ef hinir, sem skemra eru komnir, yrðu útilokaðir frá styrknum, svo sem hv. fjvn. leggur til. En jeg tel það skárra heldur en að gera þessum fáu mönnum svona feikilega rangt til. Það er ekki alveg óhugsandi, að þeir geti klofið áfram með tiltölulega minni styrk. En óhugsandi er, að fátækir menn geti komist áfram við nám sviftir öllum styrk. Það er líka hálfundarlegt, að maður, sem búinn er að stunda nám ytra í tvö ár, skuli fá styrk áfram, en fjelagi hans, sem er svo óheppinn, að hafa ekki stundað námið nema eitt ár, en er alveg eins nýtur og efnilegur stúdent, hann fær enga hjálp. Honum er gert ómögulegt að halda áfram námi. Og þó hafa þessir menn farið utan til náms síns jafnöruggir að þessu leyti. Jeg vona því, að þessi brtt. mín verði samþykt.

Þá á jeg aðra brtt. á sama þskj., við 22. gr. Tillaga þessi fer fram á það, að stjórninni sje veitt heimild til þess að ábyrgjast 300 þús. kr. lán fyrir Siglufjarðarkaupstað, til þess að koma á rafmagnsveitu.

Háttv. þdm. kann að finnast, að hjer sje farið fram á nokkuð mikið. En ef á þetta er litið með fullri sanngirni og góðvild, þá verður að játa, að hjer er ekki mikil hætta á ferðum fyrir ríkið, þó að það taki á sig þessa ábyrgð. Enda er sleginn varnagli með sjálfri till., þar sem svo er tekið til orða, að ábyrgðin komi ekki til greina nema því aðeins, að hæstv. stjórn telji fullkomlega örugt og óhætt.

Jeg vil nú með fáum orðum skýra ögn nánar frá því, hvernig á þessu máli stendur. Á Siglufirði er gömul rafmagnsveita, sem er algerlega orðin ónóg fyrir kaupstaðinn, vegna þess að vatnsaflið, sem hún er rekin með, er of lítið. Nú hefir kaupstaðurinn keypt vatnsafl í Fljótum, og er ætlunin að koma þar upp nýrri rafmagnsstöð og leggja rafmagnsleiðslu yfir Siglufjarðarskarð, sem vitanlega er nokkuð löng leið og kostnaðarsamt. Nú er það kunnugt, að það er ekki eins og peningum sje fleygt í sjóinn að koma á slíkri rafmagnsveitu, heldur er hugsað til þess, að hún geti borið sig vel og orðið auk heldur til hagnaðar fyrir bæinn. Enda eru sjerstakar ástæður fyrir hendi á Siglufirði, sem gera slíkt líklegt. Þar eru ýmsar verksmiðjur, sem sjálfsagt má selja afl til rekstrar með góðum hagnaði. Um hag bæjarins er það annars að segja, að ekki sýnist nein ástæða þess vegna að óttast það að ganga í ábyrgð fyrir hann. Samkvæmt efnahagsreikningi bæjarins frá síðustu áramótum, þá sýnist hagur hans vera góður. Skuldlaus eign hans er þar talin samtals á fjórða hundrað þús. kr., sem er alls ekki lítið, þegar þess er gætt, að þetta er lítill kaupstaður og ungur,

Jeg mun svo ekki þreyta hv. deild með öllu fleiri orðum um þessa till. En eins og jeg gat um áðan, ætti sá varnagli, sem í till. sjálfri felst, að nægja til þess, að ábyrgðin verði greiðlega heimiluð. Sjerstaklega vonast jeg eftir því, að hv. stjórnarflokkur telji með öllu óhætt, að hæstv. stjórn sje gefin slík heimild. Hann mun treysta stjórninni til þess að veita ekki ábyrgðina, ef hún telur það að einhverju leyti varhugavert fyrir ríkið. Með öðrum orðum: Þetta á ekki að kosta ríkið eyrisvirði. Ábyrgðin er aðeins gefin til þess, að kaupstaðnum sje gert mögulegt að fá lán til þessa nauðsynlega fyrirtækis. Og þó ekki sje endilega nauðsynlegt að taka tillit til þess, þá vil jeg minna á það, að ríkið hefir á undanförnum árum gengið í ábyrgðir fyrir ýms bæjarfjelög, t. d. Reykjavík. Einnig gekk ríkið í ábyrgð fyrir Akureyri, til þess að koma upp rafmagnsveitu þar. Og jeg hugsa, að þær ábyrgðir sjeu á engan hátt tryggari eða álitlegri en þessi. Og óneitanlega þætti mjer kenna misrjettis gagnvart Siglufjarðarkaupstað, ef honum yrði neitað um þetta, sem aðrir kaupstaðir hafa fengið.

Bjarni Jónsson: Þar eð mjer hefir nú ekki gefist kostur á að taka þátt í umræðum um það frv. til fjárlaga, er hjer liggur fyrir, neyðist jeg til að kveðja mjer hljóðs. Þetta er ein umræða, svo að jeg hygg, að mjer muni leyfast að tala nokkuð almennt um málið og minnast nokkrum orðum á stefnu þessa þings í fjármálum, áður en jeg tek að mæla fyrir þeim fáu brtt., sem jeg hefi flutt. Bið jeg menn að afsaka það, að jeg mun ekki verða hvassyrtur, því að mjög er jeg orðinn spaklátur og geðbetri en áður.

„Parturiunt montes et nascitur ridiculus mus“. Svo hljóðar latneskur málsháttur, er mjer þykir vel við eiga að taka mjer nú í munn. Menn þeir, sem hjer eru samankomnir, hafa allir komið hingað með hinn besta og einlægasta vilja til að bæta hag landsmanna og einkum landssjóðs. En þegar litið er yfir árangurinn af þeirra stritmikla starfi, þá getur þar eigi að líta annað en mýslu litla og vesaldarlega. Hefir hæstv. þingi eigi hugkvæmst til bjargar annað ráð en það, sem svo snýst í hendi þess, að bæði er það til óheilla landi og þjóð.

Jeg hygg, að þeim ríkissjóði muni altaf óhætt, sem á á bak við sig efnaða og vel stæða þjóð. Aftur á móti lít jeg svo á, sem því ríki sje illa farið, sem raunar á fje í ríkissjóðnum, en þjóðin er á nástrái. Mundi velgengni þess skammgóð og eigi gott um úrræði þá er fram í sækti. Hæstv. þing hefir valið hina öfugu leið, reynt að spilla hag þjóðarinnar, í stað þess að bæta hann. Hefir nurl þingsins gengið svo langt, að eigi hefir verið first að ganga á gerða samninga og virða þá að vettugi. Eru það eigi færri en sex samningar, sem þing þetta hefir rofið eða gert tilraun til að rifta, og veit jeg þó eigi, nema mjer muni hafa sjest yfir einhverja tilraun þingsins til samningsrofa.

Má þar fyrst nefna samningsrofin við dr. Alexander Jóhannesson. Við hann hafði þingið beinlínis gert samning um, að hann kendi norræn fræði við háskólann. Voru honum ákveðin dósentslaun, er hækka skyldu eftir sömu reglum og laun fastra dósenta. Einnig skyldi hann fá dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir embættismenn þessa ríkis.

Til þess að þessir samningar gætu tekist, varð hann að afsala sjer því starfi, er hann hafði á hendi. Hann var hjer starfsmaður annarar þjóðar, er greiddi honum góða borgun fyrir vinnu sína.

Kaus hann heldur að vinna sinni þjóð, einkum þar eð honum gafst kostur á að stunda þau fræði, er hann hafði lært og lagt við hina mestu alúð. Hefir hann í starfi sínu sýnt framúrskarandi dugnað og áhuga, enda mun það sannast mála, að eigi munum vjer átt hafa nú um skeið honum jafnlærðan málfræðing. Veit jeg, að margir þeirra fræðimanna, er við erlenda háskóla hafa starfað árum saman, eru honum síst lærðari, og nægir að benda á það, sem þeir erlendir menn, er best hafa vit á, segja um bækur þær, er hann hefir samið um málfræðileg efni.

Þá er tilraunin til að lækka laun hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann bein rof á samningi. Eins og allir hljóta að sjá, ber honum engin lagaskylda til að gegna þessu starfi, svo að augljóst er, að hjer er um samning að ræða. Virðist lítið samræmi í því að lækka við þennan mann, þá er nýlega hafa verið rýrðar tekjur hans með stofnun bæjarlæknisembættisins.

Næst kem jeg þá að styrknum til íslenskra stúdenta, er stunda nám við erlenda háskóla. Er þar greinilega rofinn samningur, er þing og stjórn gerði, þá er vjer gerðum samninginn við Dani 1918. Þá fjell niður Garðstyrkurinn, sem íslenskir stúdentar höfðu notið, og tók landið að sjer að sjá sjálft um sína stúdenta. Þetta eru því hrein og bein svik. Svo lítur það út, þegar það er flett sparnaðarflíkunum, svo er það og eigi fallegra þegar því er svift undan svartvængjum þinglómsins, er vofir hjer yfir mönnum og málefnum. Má það heita í meira lagi furðulegt, ef ætlast er til, að stúdentar einir greiði það gjald, er koma varð fyrir sjálfstæði vort, og hart er það, að þjóðin íslenska reynist ver sínum eigin börnum en erlend þjóð, alls óskyld, reyndist þeim.

Þá er tilraunin til að setja kaup Jóhannesar Lárusar Lynge Jóhannssonar niður úr því, sem það á að vera. Hann er beinlínis ráðinn fyrir 4000 kr. á ári, og hefir síðan á hverju þingi verið reiknuð út dýrtíðaruppbót af þeirri upphæð, og fjárveitingin síðan orðið það fram yfir 4000 kr., sem dýrtíðaruppbótinni hefir numið. Þessi maður er því ráðinn fastur starfsmaður ríkisins, og þess vegna um bein samningsrof að ræða.

Þá vil jeg minnast á ungan efnismann, sem þingið hefir reynt að svíkja við gefin loforð stjórnarinnar. Á jeg þar við Kristin Ármannsson. Hafði hann tekið próf í klassiskum fræðum og átti kost á kennaraembætti í Rípum í Danmörku. Eru þar auðvitað borguð betri laun en hjer. En þar eð þörf þótti vera starfskrafta hans hjer heima og maðurinn þykir með afbrigðum efnilegur, rjeð stjórnin af að ráða hann kennara við mentaskólann hjer. Má nú nærri geta, hvort þessi maður hefði slept embætti því, er hann átti kost á að fá í Rípum, ef hann hefði haldið, að hjer væri aðeins verið að tjalda til einnar nætur. Er hjer greinilega um að ræða svik, ef ekki beinlínis, þá óbeinlínis. *(Frsm. ÞórJ*: Það hefir alls ekki verið hreyft við þessu embætti). Jú, jeg hefi skilið það svo, sem lækkun fjár til skólans væri gerð með það fyrir augum, að þetta embætti fjelli niður. *(TrÞ*: Þetta er alls ekki rjett). Nú, jæja, þá bið jeg að afsaka. Jeg hjelt, að þessu væri svona varið, fanst það líklegt, þar sem jeg bjóst ekki við, að þingið vildi lækka fjárveitingu til skólans án þess að honum væri ætlað að draga saman seglin.

Næst er þá tilraunin til að brigða loforð við Guðmund Finnbogason háskólakennara. Sú tilraun er ekki ný. Hún hefir þing eftir þing gengið eins og grár kött-

ur með þingbekkjum. Er þó embætti þetta stofnað með lögum, beinlínis handa honum, og lögin undirskrifuð af konungi þessa ríkis. Er þá langt gengið í nurlinu, er þingið leyfir sjer annað eins og þetta. Mun þá erfitt að vita, hverju trúa skal, ef eigi má festa trú á loforð þingsins, staðfest af konungi. Mundi það eigi verða til þess að auka orðheldni í landi hjer, að þingið hjeldi áfram á þessari braut, því „hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sjer leyfist það.“ En orðheldni hefir ávalt þótt góð dygð með Íslendingum.

Þá hafa hjer fram komið till. til sparnaðar, sem í sjer fela hina mestu vanvirðu fyrir þetta land og þessa þjóð. Hygg jeg, að sá Íslendingur hefði stokkið upp á nef sjer, sem útlendingur hefði leyft sjer að hafa þau orð við, að þá er vjer hefðum eftir 70 ára baráttu náð í vorar hendur æðsta dómsvaldi í vorum eigin málum, mundum vjer þegar taka að rýra þá stofnun, er þetta vald hefði. Og hvað sparast við þetta? Fáein þúsund. Og fyrir það vilja hv. þm. brennimerkja þjóðina og rýra rjettaröryggið í landinu.

Eins er tilraunin til að limlesta og halaklippa háskólann, þessa stofnun, sem svo mjög var af vanefnum ger, en ræst hefir úr mun betur en ætla hefði mátt. En þessi stofnun ætti í raun og veru að vera svo elskuð og virt af öllum landsmönnum, að enginn vildi af því vita, að hún yrði að nokkru skert eða nokkuð það gert, sem til þess gæti orðið að hefta starfsemi hennar eða rýra heiður hennar.

En eltingaleikur sá, sem hafinn er af þinginu gegn öllum þeim, er einhver göfug fræði stunda, bendir fyllilega á það, að mjög sje nú dreginn mergur ur beinum alþjóð íslenskri — enda verður því harðari eltingarleikurinn, sem menn eru meiri vísindamenn. En allir þeir skólar, er fleyta mönnum á hundavaði handahófsins í bóklegum fræðum, eru svo friðhelgir, að eigi má drepa við þeim fingri. Hinum skal gert þröngt fyrir dyrum, þá skal halaklippa og helst drepa, hvað sem öllum menningargildum og mentum líður í landi hjer.

Einn af þeim vísindamönnum, sem notið hafa styrks til vísindaiðkana, er mjer mjög nákominn. Á jeg þar við bróður minn, dr. Helga Jónsson. Sje jeg, að þessi styrkur hefir verið feldur niður. Þykir mjer vænt um það, því að jeg vildi helst, að hann hefði aldrei fengið eyri frá ríkinu, svo að það sæist sem allra best, hve erlend þjóð hugsar meira um rannsókn landsins en vjer sjálfir. Þessi vísindamaður hefir frá annari þjóð fengið margfalt ríflegri styrki til þess að rannsaka gróður þessa lands, því til hagsbóta og velferðarauka. Er þetta ágætt dæmi þess, hvað hið íslenska Alþingi hefir glöggan skilning á gildi vísindalegra rannsókna. Þessi maður er nú orðinn 57 ára að aldri. Árum saman hefir hann ferðast um landið og rannsakað gróður þess. Á hann nú ekki eftir nema lítinn blett órannsakaðan, og í dagbókum sínum á hann margvíslegar vísindalegar athuganir, sem hann hefir gert á ferðum sínum, en ekki getað unnið úr, þar sem hann hefir orðið að vinna fyrir sjer með kenslu við skóla. Sýnir það glögglega hagsýni þingsins, að það gefur honum eigi kost þess að vinna úr safni sínu, og mun þess vegna nauður reka til að styrkja ungan mann til þessa starfs, þar sem eigi geta aðrir unnið úr lauslegum dagbókarathugunum, þó að sá, er ritað hefir, geti haft þeirra full not. Mundu nú skynbærir menn segja, að væri þing þetta

hagsýnt, gerði það eigi annað þar, er betur borgaði sig, en segja við þennan mann: Hjerna eru peningar handa þjer, svo að þú getir hætt kenslustörfum og lokið við hinar vísindalegu athuganir þínar á gróðri landsins, og ekki þurfi síðar að kosta menn til þess að vinna sama verkið.

Þetta er aðeins eitt dæmi um hina hagfeldu fjármálastefnu hæstv. þings, svo að jeg minnist nú ekki á, hve frábært það er að lækka svo styrk til veðurathugana, að ekki geti þær orðið af neinu viti. Hjer hefir vantað í veiðistöðvum landsins, að dregin væru upp merki til viðvörunar sjómönnum, þegar hætta er á ferðum. Er venjan sú í því efni að draga upp kúlu á stöng, er sjest geti úr allri veiðistöðinni. Sje óveður í nánd, er kúlan dregin niður, og að nóttunni logar ljós í henni. Veit jeg t. d., að Englendingar settu upp slíkar merkjastengur í veiðistöðvum víðsvegar um landið, eftir að slys hafði orðið á vissum stað, margir menn druknað. Hefir síðan mjög dregið úr druknunum, og er sagt, að Bretum þyki borga sig að verja nokkru fje til varnar mannslífum. Er það og ærið hart, að þing sjái eftir fáum krónum til varnar því, að hraustir synir þjóðarinnar sigli út í opinn dauðann. Og slíkt er stærri vanvirða en svo, að bætt verði fyrir það með fárra króna sparnaði.

En svo þegar allur sparnaðurinn er lagður saman, verður það eins og krækiber í ámu, sem sparast hefir. Hagur landsins stendur á engan hátt betur en áður. Hann er jafnt í lausu lofti og fyr, enda ekkert verið gert til að festa tekjurnar, sem er það eina, sem að haldi má koma. Benti jeg þó á ráð til þess, þar sem jeg lagði til, að gildi peninga væri miðað við álnir, á gamla íslenska vísu. Nefndi jeg, eftir lauslegum útreikningi, að margfalda skyldi tekjurnar með hlutfalli milli álnar líðandi árs og verðgildi álnarinnar síðustu 30 árin, sem verður hjer um bil $\frac{14}{9}$ Þetta hækkar tekjurnar mun minna en ef miðað er við gullkrónu, sem jeg hygg að fullfrekt sje að gera. Þetta kemur rjettlátlega niður á öllum framleiðendum, þar sem þeir gjalda hærri skatta að krónutali, þegar þeir fá háa krónutölu fyrir afurðir sínar. Ranglátlega kemur þá þetta ekki niður á öðrum en verkamönnum og ríkisþrælunum, sem eru verst farnir að því, að þeim hefir með lögum verið bannað að gera verkfall.

Þá hefi jeg lokið hinum almennu athugasemdum mínum um fjármál landsins og stefnu þingsins í þeim málum. Þrátt fyrir alt nurlið hefir ekkert sparast, sem teljandi sje. Þó að það sje alt lagt saman, er upphæðin ekki nefnandi. Og ekkert hefir verið gert til að festa verðgildi tekna ríkisins eða bæta gengi krónunnar, svo að í raun og veru eru vandamálin jafnóleyst og þá er þetta þing kom saman. Hagur ríkissjóðs hefir því ekki verið bættur, en mikið reynt til að gera hag almennings erfiðari en hann er nú.

Þá vil jeg minnast á brtt. þær, sem jeg hefi gert. Hefi jeg eigi getað komið fram með þær fyr, þar sem jeg hefi verið vant við látinn. Mun jeg tala um þær í þeirri röð, sem þær eru í á þskj. 460.

Er þá fyrst að nefna styrk til byggingar sjúkraskýlis og læknisbústaðar í Flatey. Jeg sje, að veita á styrk til hins sama í Borgarfjarðarlæknishjeraði, og mun sú ástæða færð fyrir þeirri veitingu, að ella muni læknirinn fara þaðan. En jeg get fullvissað háttv. þm. um það, að Borgarfjarðarhjerað mun aldrei verða læknislaust. Vel má vera, að þessi læknir

fari þaðan, en þá kemur annar í staðinn.

Öðru máli er að gegna um Flateyjarhjerað, sem er fáment og eitthvert hið erfiðasta á landi hjer. Er þaðan leiðin þangað sem sjúkrahús er yfir erfiðan sjó og skerjóttan, og á vetrum eru oft ísalög, er hefta alt samband við land mánuðum saman. Stormar og illviðri hefta þar og tíðum allar samgöngur, enda flóinn breiður og stórir sjóar sem á hafi úti. Er til næsta sjúkrahúss, sem er í Stykkishólmi, 7 vikna sjór og leiðin skerjótt og rismiklir sjóar. En það er ekki einungis Barðastrandarsýsla, sem hefir not af sjúkrahúsi í Flatey. Kjósendur mínir hafa beðið mig að gangast fyrir þessu máli hjer á Alþingi og leita um það samvinnu við háttv. þm. Barð. (HK). Býst jeg við, að það mál verði við hann auðsótt, þar sem hann mun hafa reynt að koma þessu fram hjer á þingi, enda oftar en einu sinni. En þess vegna vilja Dalamenn, að jeg vinni að þessari styrkveitingu, að af Skarðsströnd utanverðri og úr Rauðs- og Rúgeyjum er styst að leita læknis til Flateyjar. Á sumrum hefst og fólk við í Ólafseyjum og fleiri úteyjum, sem ekki eru bygðar, og er þaðan eigi ýkjalangur sjór til Flateyjar og styttra þangað að leita en til læknisins í Dalasýslu. Er þetta því áhugamál tveggja kjördæma. Lít jeg svo á, að ríkissjóður sje eign kjósenda landsins, og þá er mikill hluti þeirra æskir fjár til þess, sem nauður rekur til að fram gangi, finst mjer rjett, að orðið sje við óskum þeirra. Hirði jeg eigi um að fjölyrða meira um þessa till., þar eð jeg veit, að háttv. þm. muni veita henni fylgi sitt.

Þá er till. mín um hækkun á námsstyrk stúdenta. Hefir sá styrkur verið naumalítill, og þá er nú á að helminga hann, sje jeg eigi annað en hv. þm. sjeu að gera gys að piltunum og foreldrum þeirra. En hv. þm. mega vara sig á slíku, því að hvorttveggja mun jafnsatt, að hv. kjósendur munu eigi hirða um, að þingið spotti þá og vilja ekki að börn þeirra sjeu svelt.

Það mun hafa verið tilætlun nefndarinnar, að úr sáttmálasjóði yrði stúdentum bætt upp lækkunin. En hvers vegna bendir ekki háttv. nefnd á, að Nathan & Olsen veiti uppbótina? Hv. Alþingi hefir alveg jafnmikinn rjett til ráðstöfunar á fje Nathans & Olsens og sáttmálasjóðsins. Mundi foreldrum alls ekki hafa dottið í hug að senda sonu sína í skóla, ef þeir hefðu getað ímyndað sjer, að þingið færi svona að ráði sínu, og piltunum mundi alls ekki hafa komið til hugar að halda áfram námi. Margir stúdentar munu nú þegar skulda um 6—7 þús. og jafnvel meira, og geta menn þá gert sjer í hugarlund, hvað fyrir þeim liggur, ef þeir eiga að bæta miklu við skuldirnar og taka við jafnkauplágum embættum og eru hjer á landi. Fyrir þeim liggur auðvitað ekki annað en gjaldþrot. Nú, og þá teljast þeir auðvitað óhæfir embættismenn og fá ekki einu sinni að halda kosningarrjetti og öðrum mannrjettindum. Jeg sje ekki, að um sje nema tvent að velja fyrir háttv. þm., annaðhvort að hækka styrkinn upp í það, sem hann var, eða fella hann alveg niður.

Þá er námsstyrkur til stúdenta við erlenda háskóla. Jeg mintist áðan á það, að ríkinu bæri bein skylda til að veita stúdentum styrk, sem næmi Garðstyrknum. En jeg hefi ekkert á móti því, að athugasemdinni sje breytt þannig, að þeir stúdentar, sem fá 3. eink., skuli einskis

styrks njóta. Slíkt ákvæði var áður, og hefi jeg enga löngun til að senda út í lönd til náms ljelega námsmenn. Og oftast mun það vera, að þeir sjeu ljelegir námsmenn, sem fá mjög lág próf, og eins hitt, að ljelegir námsmenn munu oftast vera þeir lítt vitrustu, þó að undantekningar kunni að vera frá því.

Það var ákveðið af fjvn. á undanförnum þingum, að hver nemandi, sem legði stund á þá fræðigrein, er ekki fengist kensla í hjer heima, fengi 1200 kr. námsstyrk á ári, en upphæð Garðstyrksins var þá 1400 kr. árlega. Þetta var að vísu lægri upphæð en Garðstyrkurinn, en þó var þetta ákveðið með hliðsjón af honum og var til þess ætlast, að sama hlutfall hjeldist, hvort sem Garðstyrkurinn hækkaði eða lækkaði; hafði fjvn. ákveðið þennan grundvöll til frambúðar. Jeg þykist vera viss um það, að háttv. þm. muni ekki hika við að greiða þessari till. minni atkvæði. Hvað á ella að verða um þessa ungu menn, sem farið hafa út í heim í von um að þeir fengju þessar 1200 kr. árlega, og foreldrar þeirra hafa slept þeim að heiman vegna þess, að þeir treystu þessum fyrirheitum Alþingis og hugðu þess vegna, að börnunum sínum væri óhætt, en þá er alt í einu og fyrirvaralaust kipt að sjer hendinni, er hið háa Alþingi bregður þessum loforðum. Hvernig fer þá? Þessir ungu námsmenn eru ef til vill orðnir skuldugir og geta ekki komist heim þess vegna. Foreldrar þeirra eru heldur ekki þess megnugir að geta borgað fyrir þá skuldir þeirra og leyst þá þannig út. Hvernig eiga þeir þá að fara að því að bjarga börnunum sínum úr þessu ástandi? Er það tilgangurinn, að foreldrarnir verði að snúa sjer til stjórnarinnar og biðja hana að sjá um, að þessir unglingar verði sendir heim aftur á kostnað þess opinbera, þ. e. að grípa verði í þessu skyni til þess fjár, sem ætlað er til líknar nauðstöddum Íslendingum erlendis? Það er ávalt áætluð einhver upphæð í þessu skyni. Á þá þessi framtíðarvon og óskabörn íslensku þjóðarinnar að verða þannig stödd, vegna þess að Alþingi hefir brigðað heit sín við þau? Þetta kemur fyrirvaralaust yfir þessa ungu menn, sem alveg eru öllum ókunnir í erlendu þjóðfjelagi, eiga hvergi athvarf og eru óheimsvanir með öllu. Vita þeir því ekki, hvert eigi að snúa sjer eða hvað er til ráða, enda mun fátt verða þeim til hjálpar þar. Jeg er alveg fullviss um það, að ef þetta væri lagt undir atkvæði þjóðarinnar, fengi jeg $^{9}/_{10}$ hluta allra greiddra atkvæða með mjer í þessu máli í það allra minsta. Líklega miklu fleiri.

Þá á jeg næst tillögu um litla fjárveitingu til kaupa á íslenskum listaverkum. Það hefir verið draumur fjvn. að undanförnu, eins og það hefir verið minn draumur og háttv. núverandi frsm. fjvn. (ÞórJ), að hjálpinni til okkar ungu listamanna yrði þann veg fyrir komið, að verk þeirra yrðu keypt fremur en að þeir væru beint gerðir að styrkþegum. Auðvitað verður að styrkja unga listamenn meðan þeir eru við nám. Það er ekki nema sjálfsögð sanngirniskrafa, sem þeir eiga alveg á móts við hvern annan strák eða stelpu, sem eiga heimtingu á því að fá að ganga í skóla og njóta kenslunnar fyrir ekkert í hvaða skóla sem er á landinu. Því jeg tel ekki þetta litla hneykslisgjald — skólagjöldin, — sem Alþingi hefir nýlega lögleitt, en á engan rjett á sjer og á því að hverfa og mun hverfa, enda er það lítið á við annan kostnað við námið. En þegar námi listamannsins er lokið, á ekki að þurfa að tala um styrk

handa honum. Það á ekki við að gera listamönnum vorum þá skapraun að láta þá þurfa að þiggja styrki. Þegar þeir þurfa hjálpar við, á sú hjálp að koma fram í því, að verk þeirra verði keypt. Halda menn máske, að það sje óþarfafjáreyðsla að kaupa þessi listaverk meðan mennirnir eru enn ungir og miður þektir, á móts við það að kaupa þau, er höfundarnir eru orðnir gamlir menn og víða frægir? Spyrjið þá, sem þekkja til á slíkum söfnum, hvort ódýrara muni vera að kaupa listaverkin meðan listamennirnir eru ungir eða gefa tífalt eða hundraðfalt meira fyrir þau síðar, þegar þessir sömu listamenn eru orðnir frægir um heim allan. Eða mundi það verða ódýrara, sem sumstaðar hefir komið fyrir, að þurfa að leita durum og dyngjum eftir *einhverjum* verkum þessara manna, innanlands eða utan, aðeins til þess að ná í eitthvað eftir þá, og verða svo að greiða hundraðfalt gjald fyrir, ef eitthvað verður látið falt? Þeir, sem best skyn bera á þetta og til þekkja á listasöfnum, telja það vera beinlínis mikla hagsýni að kaupa listaverkin meðan höfundar þeirra eru ungir menn og fjeþurfa.

Þá kem jeg að fjárveitingu þeirri, sem mönnum er orðið svo tamt að kalla styrkveitingu, til sjera Jóhannesar L. L. Jóhannssonar. Þann lið vil jeg nú orða svo, að ekki geti út af því risið neinar deilur framvegis. Hann var ráðinn til þess að starfa að undirbúningi útgáfu á vísindalegri íslenskri orðabók ásamt dr. Birni heitnum frá Viðfirði. Nú var það ekki sök sjera Jóhannesar, að dr. Björn dó, og ekki var það heldur sök sjera Jóhannesar, að enginn var fenginn til að starfa með honum í stað dr. Björns heitins. Nei, það var sök Alþingis, sem ekki vildi veita meira fje til þess, að unnið yrði verk, sem þjóðinni gæti orðið sómi að. Það er reglulegt þjóðarskömm, að ekki er til nein nýtileg íslensk orðabók handa oss Íslendingum sjálfum. Jeg er ekki með þessu að lasta það, þó samin hafi verið orðabók í íslensku handa útlendingum, til að hafa við lestur íslenskra rita, með dönskum þýðingum (orðabók Sigfúsar Blöndals), heldur hitt, að ekkert skuli vera til handa innlendum mönnum af þessu tægi. Hví ætti ekki nú að leggja fram krafta til þess, að samin verði vísindaleg og ábyggileg orðabók með íslenskum þýðingum og skýringum, sem nothæf væri íslenskri alþýðu, er það er augsýnilegt, að við erum á þeirri leið, sem liggur til glötunar íslenskri tungu og þjóðerni? Það mun því vart seinna vænna. Hver á að finna orðin þá, er þau eru með öllu týnd? Nei, það er ekki sjera Jóhannesi L. L. Jóhannssyni að kenna, að ekki er meira unnið að þessari orðabók. Hann var tekinn úr embætti sínu um leið og laun presta voru bætt, og ef Alþingi nú vildi veita honum embætti það hið sama aftur, veit jeg, að hann mundi taka við því með þökkum. Mig undrar það mjög, er hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) heldur því fram, að sjera Jóhannes sje ekki hæfur til þessa starfs, en það er nú raunar flest, sem menn nú orðið leyfa sjer að bera á borð fyrir sakleysingjana í þinginu. Jeg vildi aðeins, að dr. Jón sál. Þorkelsson rektor, kennari minn og sjera Jóhannesar, væri hjer kominn til þess að bera vitni um það, hvort sjera Jóhannes brysti fróðleik í þessum efnum. (*Frsm. ÞórJ*: Það var ekki mín meining heldur). Jæja, ef það er þá meining hv. fjvn. að brigsla honum um, að hann sje orðinn of gamall til þess að vinna að þessu, — hann er orðinn 65

ára — ætti ekki fjvn. að lækka þessa upphæð með það fyrir augum, að hann gæti fengið sjer aðra atvinnu. Það er betra að mæla ekki svona fyrir till. sínum; þessi rök eru þeim til lítils sóma, er þau bera fram. *(Frsm. ÞórJ*: Það mega fleiri vara sig). Jú, hv. frsm. fjvn. þykist öruggur í skjóli meiri hlutans; en jeg er þess fullviss, að fleiri menn munu greiða þessari till. minni atkvæði sitt, því það er rjett, að sjera Jóhannes hafi það kaup, sem samið var við hann um, að viðbættri dýrtíðaruppbót eins og aðrir starfsmenn ríkisins, og er hann þó þeim mun ver settur en aðrir embættismenn, að hann fær enga launaviðbót með hækkandi árafjölda í starfinu, og í rauninni ætti hann ekki að vera ver settur en hver annar vísindamaður í þjónustu ríkisins, t. d. prófessorar við háskólann, en þessi launaupphæð er þó ekki nema á móts við það, sem dósentar hafa eftir fyrstu launahækkun.

Það er enn ein lítil fjárupphæð, sem jafnan hefir fengist af fjvn. að leggja með á undanförnum þingum og fjvn. hefir ávalt haldið fram þessari upphæð óbreyttri; það er styrkurinn til Þórdísar Ólafsdóttur til þess að halda uppi kenslu í hannyrðum, heimilisiðnaði og öðrum kvennafræðum í Dalasýslu. Þetta er ekki mikið fje, en hitt er furðu mikið, sem fyrir það hefir verið unnið. Þórdís Ólafsdóttir hefir mjög lagt fram krafta sína til þess að afla sjer þekkingar á þessum sviðum; hefir t. d. verið árum saman erlendis í því augnamiði, en kent hjer heima síðan. Er það auðsætt, að hún getur ekki til lengdar tekið fólk heim til sín og kent því fyrir sama sem ekkert eða styrklaust. Meðmæli með þessari styrkbeiðni og vottorð um kensluhæfileika Þórdísar Ólafsdóttur eru hingað komin frá prófasti og sýslumanni þar vestur og ýmsum fleiri þektum mönnum. Nú er einmitt meiri ástæða til að veita þetta í þágu Dalasýslu, kjördæmis míns, þar sem þetta er í rauninni eina styrkbeiðnin, sem jeg flyt fyrir mína kjósendur, og eins vegna þess, að skóli, sem þar hefir starfað að undanförnu, legst nú niður, þótt sorglegt sje til þess að vita. Get jeg látið þess getið, að skólinn legst þar niður að nokkru leyti vegna þess, að skólastjórinn hefir ekki reynst sá búmaður, sem þurfti, og var ekki fær um að hafa þá hlið af skólastjórninni í sínum höndum, en hann var ágætur kennari og er hinn mesti skaði að því fyrir hjeraðið að missa skólann þaðan, eins og að missa af þessum kennara og hinni ágætu uppfræðslu hans. Hví brosir hv. þm. Str. (TrÞ) nú svo mjög? (*TrÞ*: Er það þá máske ekki leyfilegt?) Vissulega, jú, en mjer fanst þó eitthvað sjerstakt liggja í þessu brosi háttv. þm. Hann heldur máske, að jeg geti ekki unt þessum manni, sem jeg talaði um, sannmælis, vegna þess, að hann var andstæðingur minn í stjórnmálum við síðustu kosningar í Dalasýslu. *(TrÞ*: Má jeg brosa aftur?). Já, þó háttv. þm. vilji alveg út að eyrum. En jeg vænti þess, og tel það meira að segja víst, að háttv. þingdeild samþykki þessa litlu upphæð, sem jeg var að mæla fyrir, eins og þetta hefir áður verið samþykt hjer í deildinni.

Brtt. XVII, við 21. gr. 3, á þskj. 460, um lán handa veikum bónda í Dalasýslu, hefir áður verið borin fram hjer í háttv. deild við fyrri umr. fjárlagafrv. Jeg hafði beðið hæstv. atvrh. (MG) að bera þessa till. fram fyrir mig meðan jeg lá veikur, og hæstv. atvrh. fylgdi þessari tillögu minni vel og skörulega fram, en það kom fyrir ekki. Háttv. deild þóknaðist ekki að samþykkja þetta, þótt mjer þyki það

allundarlegt. Að vísu hefði nokkur afsökun verið, ef keypt hefði verið hingað í landið gagnvermis-(diathermi-)áhald það, sem þingið í fyrra veitti fje til, og vísa hefði mátt þessum manni á til þess að leita sjer þar lækningar. En því er nú ekki að skifta; áhaldið hefir ekki ennþá verið keypt og maður þessi getur því ekki vænst þess að fá bót á veiklun sinni hjerlendis. Þetta er ungur bóndi, sem nýlega hefir reist bú, og ætti hann nú að taka þessar 2000 kr. úr búi sínu, væri búskap hans þar með lokið. Hann yrði öreigi eftir, ef lækningin mishepnaðist, og gæti þá enga von gert sjer um að vinna þetta upp aftur. Fengi hann aftur á móti þetta lán og lækningin færði honum einhvern bata, gæti hann endurgreitt lánið á 10 árum, en hjeldi þó búi sínu óskertu. Jeg vil því mæla með því, að honum verði veitt þetta lán, vegna þess að lán til þessara hluta eru ófáanleg í bönkunum. Jeg veit það og, að hjer eru svo margir bændur innan veggja í þessari hv. deild, sem munu skilja, hvílík nauðsyn þessum manni það er, að geta farið utan og fá bætur ráðnar við þessari vanheilsu sinni. Munu þeir því fúslega greiða þessu atkvæði sitt. Þó er engin vissa fyrir því, að hann geti fengið fulla lækningu, en það eru miklar líkur til þess, að það megi stöðva veikina á því stigi, sem hún er, svo maðurinn hafi þó fótavist, en annars mundi hann áreiðanlega verða að leggjast í rúmið, ef við þetta ætti að sitja, og þá engin von um, að hann yrði starfshæfur framar; en maðurinn er á besta aldri. Hjer er því aðeins til svo lítils mælst, að undarlegt væri, ef það fengist ekki, enda er auðvelt svo um þetta að búa, að áreiðanlegt sje, að þetta lán verði endurgoldið. Það mætti t. d. taka veð í búi hans og ábyrgðir góðra manna þar vestra, sem jeg efast alls ekki um, að hann geti útvegað, svo að stjórninni þættu þær gildar. Þetta er svo lítil upphæð, að ríkissjóði ætti að vera fært að veita hana, þótt þröngt sje þar í búi, er áhættan er engin á því, að ekki fáist þetta endurgreitt. Vænti jeg því, að hv. þingdeildarmenn samþykki þetta allir. Þó þeim kunni sumum að þykja svo, sem jeg hafi kent allhart hjer í deildinni stundum, er það af skoðanamismun einum sprottið, en ekki af því, að jeg hafi það mælt til neins eins sjerstaklega. Allir viljum vjer að vísu reyna að bjarga við fjárhag ríkisins, og gætu því atkvæði manna stundum fallið saman þrátt fyrir ýmisháttar skoðanamismun.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. fjvn. hefir lagt það til að lækka tillagið til flutningabrauta úr 100 þús. kr. niður í 75 þús. kr. En jeg verð nú samt að segja það, að nú eru þó dálítið breyttar kringumstæður, er búið er að samþykkja það, að ríkissjóður taki að sjer viðhaldið á hjerumbil öllum flutningabrautum landsins. Nú hefir það verið áætlað, að þetta viðhald muni verða ríkissjóði sem næst 20 þús. kr. árlegur kostnaðarauki. Það lætur því nærri, að þessar 25 þús. kr., sem hv. Ed. ætlaði til Holtavegarins, en fjvn. nú hefir felt niður, gerðu lítið meira en að hrökkva fyrir þessum aukna viðhaldskostnaði, þó að alls engu fje verði varið til Holtavegarins. Jeg vænti því þess, að háttv. fjvn. falli frá þessari till. sinni, en lofi þessum lið að standa óhögguðum. Það mun sýna sig, að það verður ekki mikið afgangs, þó að þessar 100 þús. kr. fái að standa, og það gæti þó jafnvel komið til þess, að einhverjar umfram-

greiðslur ættu sjer stað. Það er ekkert vit í því að halda ekki vegunum við. Það er það dýrasta af öllu, sem fyrir getur komið, ef vegirnir eru látnir drafna niður af umhirðuleysi. Það er auk þess hin mesta nauðsyn á því að endurbyggja Holtaveginn, enda þótt jeg ætlist ekki til, að það verði gert á næstu 1—2 árum. En það verður bráðlega óhjákvæmilegt að taka fyrir og endurbyggja kafla og kafla á hverju ári. En meðan það er ekki gert og af því að lítt fáanlegur er þar ofaníburður að gagni, er þeim peningum, sem til viðhalds þessa vegar verður varið, algerlega kastað á glæ. Þó einhverju sje slett ofan í verstu kaflana, dugir það ekki lengur en til næstu stórrigningar og er þá óðar orðið að ófæru aftur, og þetta verður svona þangað til vegurinn verður endurbygður og fenginn er ofaníburður, sem dugir. Það er því aðeins til þess að svíkja áætlanirnar í fjárlögunum, ef fjárveitingin til flutningabrauta verður lækkuð. Jeg veit vel, að háttv. fjvn. ætlast til, að áætlanir hennar standist nokkurn veginn, en þetta verður þó að athuga, er jeg nú hefi sagt. Þá hefir og hv. fjvn. gert sjer lítið fyrir og felt burt fjárveitingu, sem inn var sett í fjárlagafrv. í hv. Ed., um skipulag bæja og kauptúna. En um þetta hefir það áður verið tekið fram, að það eru til lög fyrir þessu, og þó að ekki verði veitt til þess í fjárlögum, er vafasamt, hvort hægt verður að komast hjá að greiða eitthvað í þessu skyni. Jeg get ekki lofað því, að ekkert verði greitt fyrir þetta. Í allflestum kaupstöðum landsins er þegar búið að leggja allmikið í kostnað til uppmælinga o. fl., en þar vantar skipulagsuppdrætti til þess að hægt verði að haga framkvæmdum öllum í kaupstöðunum samkvæmt því skipulagi, sem nefndinni er ætlað að sjá um. Jeg hefi fengið símskeyti frá Akureyri, Hafnarfirði, Ísafirði og brjef frá borgarstjóranum hjer í Reykjavík, og alstaðar er lögð áhersla á að fá þessa skipulagsuppdrætti sem allra fyrst, vegna þess að það standi ella á því, að ekki verði gerðar áætlanir um götur, holræsi, byggingar o. fl., og er því svipað um þessa fjárveitingu að segja og um tillagið til flutningabrautanna, að það verður aðeins til þess að svíkja áætlanirnar á fjárlögunum, ef þetta verður felt niður. Bæirnir eru búnir að leggja svo mikið fje í þetta, að það er hart fyrir þá að geta ekki fengið skipulagsuppdrætti til þess að geta haft full not af þeim peningum, sem þeir hafa lagt fram. Jeg sje ekki ástæðu til þess að lengja tímann með því að lesa upp þessi símskeyti og brjef, en háttv. frsm. fjvn. getur fengið þessi plögg hjá mjer, er hann vill, enda þykist jeg vita, að engir hv. þingdeildarmenn væni mig um, að jeg hafi ekki fengið þau.

Þá vildi jeg segja aðeins nokkur orð út af ummælum hv. þm. Dala. (BJ) um stúdentastyrkinn. Hv. þm. kvartaði um það, hvað hv. fjvn. væri smámunaleg í þessu efni og vill, að styrkurinn til stúdenta sje látinn halda sjer eins og hann er í stjórnarfrv. En í rauninni er háttv. nefnd hjer rausnarlegri en hv. þm. sjálfur, því fyrir hans 12 þús. kr. úr ríkissjóðnum vill hún láta koma 12500 kr. úr sáttmálasjóðnum, og er það síst verra fyrir stúdentana, sem má á sama standa, hvaðan gott kemur. Hv. þm. Dala. kvað það sama að vísa stúdentunum á sáttmálasjóðinn og til Nathans & Olsens. Það væri þó undarlegt, ef sáttmálasjóðurinn stæði þeim ekki öllu nær; að minsta kosti má hv. þm. vanda betur rökin, ef hann ætlar sjer að sýna fram á, að svo sje. Eins og menn vita, er talsvert af þessu

fje sáttmálasjóðsins ætlað til utanfara prófessoranna við háskólann hjer og til útgáfu vísindabóka. Er því fult samræmi í því, að fjárveitingar til þessa úr sáttmálasjóðnum falli niður um stundarsakir, úr því að feldar hafa verið niður tilsvarandi styrkveitingar af Alþingi. Væri það í rauninni heldur hart, ef háskólaráðið neitaði að láta fjeð af hendi, svo vant sem ríkissjóðurinn er nú við látinn annarsstaðar og aðframkominn. Það er o; fjarri því, að hjer sje nokkuð djúpt tekið í árinni. Fje það, sem háskólanum hlotnast árlega í vöxtu af háskólasjóðnum, nemur 55 þús. kr., og ætti hann þá vel að geta lagt af mörkum þessar 12500 kr. í þessu skyni.

Það var annars eitt atriði, sem upplýstist á stúdentafundinum í gærkvöldi, sem jeg vildi nú drepa á; það er, að öllum stúdentunum er veittur jafn styrkur, hvort sem um er að ræða dugnaðarmenn eða slæpingja. Þetta er alt annað en það, sem Alþingi ætlaðist til í upphafi. Það ætlaðist til þess, að styrkurinn færi eftir dugnaði og hæfileikum, því ella kemur hann auðvitað ekki að gagni nema að nokkru leyti. — Jeg skal þó taka það fram, að fari svo, að ómögulegt verði að fá þennan styrk úr háskólasjóðnum, þá vil jeg vinna að því, að stúdentarnir fái þennan styrk annarsstaðar að. En jeg vil, að háskólinn leggi hjer af mörkum eins mikið og hann getur; hann verður að taka tillit til fjárhags ríkisins. Prófessorarnir verða að láta leggjast niður utanfarir sínar nokkurn tíma og skifta því fje milli stúdentanna. Yrði það á meðan þessir erfiðu tímar standa yfir, og verður það vonandi ekki lengi. Hv. þm. Dala. sagði, að þingið hefði engin yfirráð yfir háskólasjóðnum. Það er nú svo. Jeg býst nú við, að ef í odda skærist milli þess og háskólans, að reyndin yrði önnur, — en vonandi er, að ekki komi til þess. Enn vil jeg bæta því við, að eitt af ætlunarverkum þessa sjóðs er einmitt að styrkja stúdenta, og er því í rauninni ekki verið að fara hjer fram á annað en það, sem skipulagsskrá sjóðsins heimilar.

Jeg hefði viljað, að háttv. fjvn. hefði látið halda sjer styrkinn til stúdenta erlendis eins og hann var samþyktur í hv. Ed. Þótt ekki yrði veittur neinn styrkur nýjum stúdentum, þá yrði samt erfitt að láta þennan styrk duga, sem hv. nefnd hefir fallist á. Hitt get jeg fallist á, að rjett sje að sporna við, að svo margir leggi inn á þessa braut og undanfarið. Nú eru eins margir stúdentar við nám erlendis eins og þegar háskólinn var stofnaður, og er áreiðanlegt, að margir þeirra geta ekki gert sjer neinar vonir um að fá starfa hjer á landi. Er það áreiðanlegt, að það er bæði þjóðinni fyrir bestu og þeim, sem farnir eru út á þessa braut, að eitthvað sje gert til að hefta þessa óeðlilegu framleiðslu stúdenta og kandídata.

Ágúst Flygenring: Jeg á hjer litla brtt., sem jeg vildi gera lítillega grein fyrir. Hún fer ekki fram á nein aukin útgjöld, heldur aðeins breytt orðalag á liðnum. Liðurinn ræðir um, að Árna Theódór Pjeturssyni kennara sjeu veittar 500 kr. á ári í eftirlaun, og skal jeg nú gera lítið eitt nánar grein fyrir þessu. Svo stendur á, að þessi maður þóttist órjetti beittur, er veitt var barnakennaraembættið á Vatnsleysuströndinni. Hefir hann leitað til stjórnarinnar til að fá rjetting sinna mála og síðan til Alþingis 1922, og fór hann fram á, að sjer yrðu veittar 1000 kr. á ári í skaðabætur eða 8000 kr. í einu lagi. Var þessi beiðni

hans rökstudd með vottorðum frá hreppsnefnd, skólanefnd og sóknarpresti, sem mæltu hið besta með manninum. Hann hafði því ólastanleg spil á hendi, enda var það samþykt í báðum deildum á þessu þingi, að rjett væri að rannsaka málið. Á næsta þingi var svo endi bundinn á málið með því, að nefnd sú, sem hafði það til meðferðar, lýsti yfir því, að ekki yrði með neinu móti komist hjá að veita manninum eftirlaun þar til hann fengi annan starfa. Lagði mentmn. þess þings til, að honum yrðu veittar 500 kr. og var það samþykt og tekið upp í fjárlög. Fyrverandi stjórn hefir nú tekið upp þessa fjárveitingu, en sú breyting hefir verið gerð á í hv. Ed., að hnýtt hefir verið aftan við liðinn, að þetta skuli vera lokagreiðsla. Jeg legg nú til, að þetta falli burt, en í staðinn komi, að þessi eftirlaun skuli veitt þangað til maðurinn hafi fengið annan starfa. Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Jeg vona, að hv. deildarmenn skilji, að þar sem tvö þing, hvort á eftir öðru hafa samþykt þetta, þá sje þar um bindandi loforð að ræða. Er það og víst, að ef þingið vill ekki láta þessa fjárveitingu af hendi, þá mun jeg gera kröfu til hennar á annan hátt, og er jeg ekki í neinum vafa um, að jeg muni fá þá kröfu uppfylta. Jeg legg ríka áherslu á, að gerð verði breyting á þessu, og ætti það að vera auðsótt, þar sem hjer er aðeins um það að ræða, að þingið standi við loforð sín. Er jeg því viss um, ef hv. þdm. vilja líta á þetta mál með almennri rjettlætistilfinningu, að þeir muni greiða atkv. með því.

Klemens Jónsson: Umr. hafa nú verið svo á víð og dreif, að jeg vona, að jeg megi gera nokkrar almennar aths., sem snerta þó að vísu fjárlögin.

Hæstv. fjrh. (JÞ) gat um það um daginn, að eitt af hans fyrstu verkum sem fjármálaráðherra hefði verið að ávísa 127 þús. kr. til síma, sem ekki hefði verið veitt nein heimild til í fjárlögunum 1923, að undanteknum 20 þús. kr., sem ætlaðar hafi verið til þessa. Hæstv. fjrh. fórust þannig orð, að hv. þm. hafa hlotið að ganga að því sem gefnu, að hjer hafi verið brúkaðar rúmar 100 þús. kr. alveg utan við fjárlögin, en þetta er þó engan veginn þannig.

Í fjárlögunum fyrir 1922 voru veittar til símalagninga alls það ár 150500 kr. Staurarnir til línubygginga voru keyptir þá um sumarið og fluttir á línusvæðin næsta vetur á eftir, eins og vant hefir verið, enda varla hægt að flytja staurana á sumrin. Til þessara kaupa var varið liðugum 46 þús. kr., sem voru færðar til útgjalda það ár, en verkið sjálft var ekki framkvæmt fyr en 1923, og kemur þá til útgjalda. Það kostaði eftir skýrslu landssímastjóra liðugar 114 þús. kr., sem altsvo hafa verið borgaðar út nú. Af þessu sjest, að hjer er hvorki um umframgreiðslu eða óheimila greiðslu að ræða.

Jeg hefi gert grein fyrir þessu aðeins til að leiðrjetta misskilning, er ella hefði getað átt sjer stað meðal hv. þm.

Jeg hefi heyrt, að hv. frsm. hafi haft þau ummæli, að týnst hafi einhverjar ríkisskuldir í minni stjórnartíð. Jeg veit sannast að segja ekki, við hvað hv. þm. á með þessu. Skýrslurnar um skuldir landsins, sem prentaðar eru í athugasemdum við fjárlagafrv., fjekk jeg hjá ríkisbókhaldinu, og þær hljóta að vera rjettar. Aðra skýrslu fjekk jeg frá Landsbankanum, um skuldir til hans, og get jeg ekki ímyndað mjer, að hún sje röng. Auk þess las skrifstofustjórinn prófarkir af fjárlagafrv. með athugasemdum, og honum

hlýtur þó að vera allra manna kunnugast um allar skuldir ríkissjóðs, og mundi hann þá vafalaust hafa tekið eftir því og bent á það, og það því fremur sem við töluðum um skuldirnar, og í samráði við hann slepti jeg einum tveimur smáskuldum, sökum þess, að þar var aðeins um bráðabirgðalán að ræða; átti t. d. annað lánið, til kirkjujarðasjóðs, að borgast á þessu vori. Hefir þetta verið gert áður og ekki að fundið, enda hefi jeg áður við umr. fjárlaganna skýrt frá þessu. Það er því algerlega rangt, að nokkur skuld hafi týnst hjá mjer.

Hæstv. fjrh. (JÞ) gat um það, að hv. fjvn. hafi leiðrjett ýmsa pósta í stjórnarfrv., bæði tekjur og gjöld. Hæstv. ráðherra hefði þá um leið átt að geta þess, að jeg hafði sjálfur gefið bendingar um margar, ef ekki flestar, af þeim leiðrjettingum. Jeg tók fram þegar í byrjun þings, að breyta yrði ýmsum tekjuliðum, og hefir þetta síðan verið margtekið fram. Sömuleiðis, að ýmsir gjaldaliðir myndu of lágt áætlaðir. T. d. lagði jeg áherslu á, að hækka yrði 7. gr. (afborganir og vaxtagreiðslu erlendra lána) svo miklu munaði, sökum þess, að gengi íslensku krónunnar hefði hrapað svo niður síðan fjárlagafrv. hefði verið samið. Þetta tók hv. fjvn. Nd. ekki til greina, og hafði sjálf ekkert tekið eftir þessu, en nú hefir hv. Ed. hækkað þann lið um 200 þús. kr. Er þó ekki einu sinni víst, að þessi upphæð hrökkvi til, ef krónan skyldi halda áfram að falla. Yfirleitt er það ekki mögulegt fyrir neina stjórn að áætla fjárlög svo, að engu skakki — allra helst á slíkum tímum, sem nú standa yfir. Þetta eru alt kallaðir áætlunarliðir — og þeir eru það líka sannarlega.

Hæstv. fjrh. nefndi sjerstaklega 2 liði, sem hann hjelt, að myndu reynast of lágt áætlaðir; þeir eru kostnaður við ríkisfjehirði og hagstofuna. Að því er snertir hinn fyrnefnda, þá vakti það fyrir mjer. að spara mætti þar eina stúlku. Jeg hefi átt tal um þetta við ríkisfjehirði, og var hann að vísu á móti því, en það er nú svo um húsbændur á skrifstofum yfirleitt, að þeir eru altaf á móti, að undirmönnum þeirra sje sagt upp. Jeg er viss um, að þarna mætti vel spara. Ef þetta hefði verið gert, þá hefði mín áætlunarupphæð verið rjett. Jeg hafði og ekki búist við, að húsaleigan yrði hærri þar, sem skrifstofan er nú, heldur en áður, því það er auðvitað á valdi ríkisstjórnarinnar, hve mikla húsaleigu hún vill greiða bankanum, því það var ósamið af mjer.

Að því er snertir hagstofuna, þá er húsaleigan þar líka alt of há, en það er einnig þar á valdi ríkisstjórnarinnar að ákveða hana eins og henni sýnist, en í báðum tilfellum er hjer um svo smáar upphæðir að ræða, að ekki er orð á hafandi.

Þá drap hæstv. fjrh. á berklavarnirnar. Jeg er sammála honum um, að ef ekki verða gerðar neinar breytingar á þeim lögum, þá verður þessi upphæð — 200 þús. kr., — sem þar er áætluð, alt of lág, eins og jeg líka hefi sjálfur margtekið fram. Er jeg hissa á, að hv. fjvn. skuli ekki hafa tekið þetta neitt til athugunar, því auðsætt er, að þingið ætlar ekki að láta breytingu á þessum lögum ná fram að ganga; að minsta kosti leggur nefndin á móti því, og auk þess er nú orðið svo áliðið þings, að litlar líkur eru til, að lög um þetta yrðu afgreidd, þótt meiri hluti merðist með því. Það er því áreiðanlegt, að þörf er á að breyta þessum lið — allra helst ef menn ætlast til,

að hv. Ed. samþykki fjárlagafrv. eins og það verður afgreitt hjeðan í dag. Viðvíkjandi því, sem hæstv. fjrh. gat um, að framlagið til prestlaunasjóðs mundi reynast of lágt, þá getur það vel verið. Jeg fjekk upphæðina hjá hlutaðeigandi skrifstofu. Hæstv. ráðherra mun fljótt komast að raun um, að hann getur ekki rannsakað allar tölur sjálfur.

Hv. 2. þm. Skagf. (JS) sagði í gær, að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og jeg vildum helst fara með allan ríkissjóðinn austur fyrir fjall og austur á fjörðu. Að því er mig snertir, þá hlýtur hv. þm. að hafa mismælt sig, því að jeg hefi ekki komið fram með nokkra styrkbeiðni fyrir kjördæmi mitt og ekki eina einustu brtt. við fjárlögin. Hv. fjvn. hefir aftur á móti að ýmsu leyti farið vel með Suðurlandsundirlendið, og kann jeg henni þakkir fyrir. En nú virðist hún ætla að taka sinnaskiftum. Þannig leggur nefndin nú til að fella burt viðbótarstyrk til Guðmundar læknis Guðfinnssonar, er hv. Ed. hefir samþykt. Þetta þykir mjer illa farið. Honum var í fjárlögum í fyrra veittur 2000 kr. styrkur til þess að nema augnlækningar erlendis; var þá gert ráð fyrir, að hann yrði eitt ár við þetta nám, og við það var upphæðin miðuð. En nú hefir stjórn Læknafjelags Íslands, með brjefi dags. 5. febr. þ. á., tilkynt honum, að hún samkvæmt reglum um sjerfræðinga, sem samþyktar voru á fundi fjelagsins síðastliðið vor, yrði að heimta 1½ árs námstíma til þess að geta viðurkent hann sem sjerfræðing í þessari grein. Námstíminn er í nefndri reglugerð ákveðinn 2 ár fyrir augnlækna, en vegna þess, að maður þessi hafði verið svo lengi læknir og sjerstaklega lagt stund á skurðlækningar, hefir honum verið ívilnað þetta í tímalengdinni. Fer hann því fram á að fá samsvarandi styrk þetta ½ ár, en sjer sjer ekki fært að halda áfram námi sakir fátæktar að öðrum kosti. Og mjer er kunnugt um það, eftir upplýsingum frá nákunnugum mönnum, að hag þessa manns er svo farið, að hann getur ekki haldið áfram náminu án þess að fá viðbótarstyrk. En jeg tel það mjög illa farið, ef þessi góði og duglegi maður verður að hverfa frá námi áður en hann er fullnuma, og komist því ekki hjer að sem sjerfræðingur. Og það því fremur, sem það er kunnugt, að full þörf er á því, að fleiri en einn maður kunni þessar lækningar hjer á landi. Er að vísu einn sjerfræðingur í þessari grein hjer í Reykjavík; jeg þekki hann ekki, og má vel vera, að það sje hæfur maður, en hann er þó ekki nema einn, og jeg hygg, að það sje heppilegra bæði fyrir bæjarbúa og alla landsmenn, að þessir læknar sjeu tveir og geti kept hvor við annan. Getur það og verið þeim sjálfum til góðs.

Jeg vænti því, að hv. deild felli ekki niður þann styrk, sem hv. Ed. lagði til þessa manns, heldur láti hann standa þrátt fyrir till. hv. fjvn.

Þá vil jeg minnast á styrkinn til flutningabrauta, en sje ekki þörf á að fara um hann mörgum orðum, því bæði hæstv. atvrh. og hæstv. fjrh. hafa sýnt fram á, að hækkun hans hlýtur að verða bein afleiðing af vegalögunum, sem samþykt voru hjer í gær. Hæstv. fjrh. kvað þau hafa verið samþykt illu heilli; jeg vona, að það reynist þvert á móti. Vitanlegt er, að talsvert af fjenu hlýtur að ganga til Holtavegarins, sem er í mínu kjördæmi og öllum ber saman um, að gera þarf bráðar breytingar á og gera nokkurn hluta upp af nýju á ríkisins kostnað, og það hefir hæstv. fjrh. líka fyllilega viðurkent.

Þriðja atriðið, sem jeg vildi minnast

á, snertir líka mitt kjördæmi. Það er bifreiðastyrkurinn. Háttv. frsm. sagði, að jeg hefði verið mjög ánægður yfir þeim styrk og ekki óskað eftir neinni breytingu á honum. Það er rjett, að mjer þótti vænt um styrkinn, sem af vangá hafði ekki verið tekinn upp í fjárlagafrv. En jeg man ekki eftir, að jeg hafi látið nein orð falla í þá átt, að jeg væri fyllilega ánægður með hann. Og að sjálfsögðu þykir mjer vænna um, að 2 þús. kr. sjeu veittar til þessara ferða heldur en aðeins 1 þús. kr., því vitanlega hefir fólkið meira gagn af því, að styrkurinn sje hærri, svo ferðirnar geti orðið þess fleiri. Mjer er kunnugt um, að þessar ferðir komu að mjög miklu gagni síðastliðið sumar, og almenningur mundi mjög sakna þess, að úr þeim drægi. Og ferðir þessar koma og Reykvíkingum að gagni ekki síður en mönnum á Suðurlandsundirlendinu. Jeg vænti því, að sú upphæð, sem hv. Ed. hefir tekið upp í þessu skyni, haldist, en brtt. hv. fjvn. verði feld, því jeg býst ekki við, að það þýði að fara bónarleið að hv. fjvn. og biðja hana að taka till. aftur.

Eitt atriði vildi jeg enn benda á, sem hæstv. atvrh. hefir líka talað um. Það eru skipulagsuppdrættirnir. Hvað eftir annað hefir verið talað um það á þessu þingi, að maður mætti á engan hátt svíkja sjálfan sig í neinu, og því væri um að gera að taka með öll fyrirsjáanleg gjöld sem tekjur, svo ekki kæmu fram umframgreiðslur. Nú er það vitanlegt, eins og hæstv. atvrh. gat um, að til eru lög fyrir þessu, og svo framarlega sem fram koma óskir, eins og líka þegar er komið á daginn að muni koma fram, í þessu efni, þá sje jeg ekki, hvernig stjórnin fer að skella skolleyrum við þeim; nema ef sú aths. væri sett í fjárlögin, að fresta framkvæmdum á þessu sviði árið 1925. Jeg sje ekki, að stjórnin geti t. d. neitað að halda áfram uppdráttum, sem þegar er byrjað á. Og að áhugi er í kaupstöðunum fyrir því að halda þessu áfram, sýna símskeytin, sem drepið var á áðan. Annaðhvort verður því að veita sjerstaka upphæð til þessa, eins og hv. Ed. hefir gert, eða þá að setja þá aths. í fjárlögin, að þessu skuli frestað um eitt ár. Jeg sje ekkert á móti því, að svo sje gert; þetta þolir bið ekki síður en margt annað, sem dragast verður. En viðkunnanlegast er að gera annaðhvort, svo ekki sje brotin sú regla, sem altaf er verið að brýna fyrir okkur, að taka tillit til allra útgjalda, sem fyrirsjáanleg eru.

Jón Kjartansson: Það er ein brtt., sem jeg á hjer á þskj. 460 og jeg vil fara um nokkrum orðum. Hún er um styrk til sjúkraskýla og læknisbústaða og er í fullu samræmi við það, sem þessi hv. deild gerði í því máli við 3. umr. fjárlaganna. Hv. Ed. breytti þessu og hefir bundið styrkinn við sjerstakt sjúkraskýli, sem sje það, sem hv. fjvn. hjer mælti með, sjúkraskýlið í Borgarfirði.

Jeg er enn á þeirri skoðun, sem jeg hefi altaf haldið fram, að ekki sje hægt að gera upp á milli þeirra fjögra læknishjeraða, sem sótt hafa um styrk í þessu skyni. Jeg veit heldur ekki, hvort það er meining hv. fjvn., að þörfin sje brýnust þarna, heldur hafi þær fremur kosið að taka eitt skýlið út úr og veita því fullkominn styrk, í stað þess að veita fleirum nokkurn hluta. Jeg er ekki þessarar skoðunar, því ef nauðsynin er sú sama á fleiri stöðum, þá er það hin rjetta stefna, sem hæstv. forsrh. (JM) var mjer og fleirum sammála um hjer við 3. umr., að

veita ákveðna upphæð, svo fleiri hjeruðum sje gert fært að byggja. Sjeu hjeruðin mörg, sem þessa þarfnast, geta þau vitanlega ekki fengið fullan styrk í einu, en samkv. brtt. minni ætlast jeg til þess, eins og hv. deild var áður sammála um, að þessum hjeruðum sje gert fært að byrja að byggja, þó styrkurinn dreifist á 2—3 ár. Jeg skal ekkert segja um það, hversu mörg hjeruð gætu komið upp skýlum, ef þau fá ekki þegar allan styrkinn, en jeg get sagt það um Mýrdalshjerað, sem jeg ber mest fyrir brjósti, að það getur strax hafist handa, fái það einhvern styrk. Það er ákveðið af þeim, sem hlut eiga að máli, að byggja skýlið á næsta ári, og eins og áður hefir verið skýrt frá, er nú búið að safna til þess 25—30 þús. kr. innanhjeraðs, sem að mestu eru innborgaðar. Er því ekki annað sjáanlegt en að undirbúningurinn þarna sje svo góður, sem á verður kosið. Hafi hv. fjvn. eitthvað að athuga við áætlun þá, sem gerð hefir verið um skýlið, þá er frá mínu sjónarmiði ekkert á móti því, að stjórnin lagfæri hana, því það er ekki nema gott og æskilegt, að skýlið yrði ódýrara en áætlað er.

Af þessum ástæðum, að jeg hefi ekki viljað gera upp á milli þessara fjögra læknishjeraða, sem sótt hafa um þennan styrk, hefi jeg flutt þessa till., í stað þess að koma fram með till. um sjerstakan styrk til Mýrdalshjeraðs, eins og hv. þm. Dala. (BJ) hefir borið fram viðvíkjandi Flateyjarhjeraði. Og af því mjer virtist hv. deild líta svo á við 3. umr., að veita bæri vissa fjárhæð í þessu skyni og láta hv. landsstjórn og heilbrigðisstjórn um að skifta henni milli hjeraðanna, eftir því, hve vel málið væri undirbúið hjá hverju fyrir sig og þörfin brýnust, og jeg vænti því, að till. mín verði samþykt.

Jeg verð að telja það óforsvaranlegt, ef Mýrdalshjerað verður látið sitja á hakanum, svo það verði síðast af þessum hjeruðum og verði að bíða eftir skýlinu 4—5 ár. Jeg hefi haft tækifæri til þess bæði við 2. og 3. umr. að lýsa erfiðleikunum þarna eystra á þessu sviði. Mýrdalsbúar verða næstum undantekningarlaust að leita á náðir læknanna í Síðu- og Rangárhjeraði, ef nokkuð kemur fyrir, og hefir það gífurlegan kostnað í för með sjer, og oft ekki nægilegt, því þeir læknar eru vitaskuld fyrst og fremst bundnir við sín hjeruð. En sem betur fer hafa þeir þó oftast tekið því greiðlega að koma í Mýrdal, þegar á hefir þurft að halda. En eins og jeg hefi áður tekið fram, hefir ekki tekist enn að fá ungan, góðan lækni í Mýrdalinn, því þar eru fáir íbúar og lítil von um „praksis", og því von, að fáa fýsi þangað, ef þeir fá ekki læknislaun. En læknir sá, sem nú er, hefir hinsvegar skuldbundið sig til þess að fara undireins og skýlið er komið upp. Trúi hv. deild ekki þeim orðum mínum, sem jeg tel hana ekki hafa ástæðu til að vefengja, þá liggur fyrir yfirlýsing um það frá sýslumanninum í Vík. Þessi maður er líka orðinn roskinn og búinn að vera mjög lengi í embætti, og því von, að hann fari að segja af sjer.

Af því að málið liggur svo fyrir, að erfitt er að gera upp á milli hjeraðanna, hefi jeg borið fram varatill., ef þessi till. verður ekki samþykt, um að styrkurinn til Borgarfjarðarhjeraðs falli niður. Jeg verð að líta svo á, að þetta sje skoðun deildarinnar, að veita ákveðna upphæð til sjúkraskýla, og treysti jeg því, að hv. þm. Dala. taki sína till. aftur, þegar hann hefir kynt sjer málavexti frá 2. og 3. umr. fjárlagafrv.

Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum

um þetta, en treysti því, að háttv. fjvn. vilji fallast á till. mína um að orða styrkveitinguna þannig.

Jeg ætla ekki að fara neitt út í aðrar brtt., en vildi aðeins taka það fram, hvort jeg hefði ekki skilið ummæli hæstv. atvinnumálaráðherra (MG) um stúdentastyrkinn rjett á þann hátt, að ef ekki fengist fje úr sáttmálasjóðnum, ættu stúdentar ekki að gjalda þess. Jeg tók það fram áður við 2. eða 3. umr., að erfitt myndi að fá fje til stúdenta þaðan, og jeg býst við, að ekki sje hægt að knýja sáttmálasjóðinn til þess að leggja neitt af mörkum. Og hafi jeg skilið hæstv. atvrh. rjett, eiga stúdentar ekki að gjalda þess, þó háskólaráðið taki illa í málið. Tel jeg það vel farið. Þó er jeg auðvitað langt í frá að hafa á móti því, að hæstv. stjórn reyni þessa leið, ef hún er fær.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg á enga brtt. við fjárlögin að þessu sinni og ætla heldur ekki að gera nema þrjár brtt. annara að umtalsefni, og það aðeins lítillega.

Það er hjer brtt. á þskj. 460 um styrk til Guðmundar Guðfinnssonar, sem h 2. þm. Rang. (KlJ) mun að vísu hafa minst á, en jeg veit ekki, hvað hann hefir mælt fyrir henni, því jeg var ekki viðstaddur, en mjer er sagt, að hann hafi mælt á móti því, að styrkurinn fjelli niður.

Þessi maður hefir nú stundað nám í Vínarborg eitt ár. Hann hefir þurft að leggja mikið í kostnað og hefir þar að auki þungt heimili hjer heima, og má því geta nærri, hvort ekki muni vera erfitt fyrir hann að standa straum af útgjöldunum bæði heima og utanlands. Svo er ástatt annars, að ekki er til nema einn sjerfræðingur hjer á landi í þessari grein. En „hætt er einu auga", og falli hann frá, er enginn til að taka við.

Þótt sá maður, er nú stundar þessar lækningar hjer, haldi þeim áfram, hygg jeg, að engin vanþörf sje á öðrum slíkum lækni í viðbót. Starfið er vandasamt og allmikið, og þar að auki er núverandi augnlæknir svo dýr á lækningar sínar, að ekki virðist rjett, að hann sje hjer einn um hituna. Annað, sem mælir með styrkveitingu þessari, er það, að þessi maður hefir reynst mjög góður og skyldurækinn læknir. Hann hefir lengi verið læknir á Rangárvöllum og getið sjer hinn besta orðstír. Og jeg hygg, að hv. þm. V.-Sk. (JK) geti líka borið um, hve mikils góðs Skaftfellingar hafa notið af hjálp hans, og sama vitnisburð mun sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu geta borið honum. Jeg vona því, að hv. deild felli eigi niður þann styrk, sem hv. Ed. samþykti þessum manni til handa, því að of langt má fara í sparnaðinn, þótt góður sje.

Þá vil jeg minnast á brtt. á þskj. 460, VIII,1, um flutningabrautir. Þetta mál er áður rætt, og skal jeg því ekki fjölyrða um það nú, en vona, að hv. deild sjái, að ógerningur er að lækka þennan lið.

Þá er önnur brtt. á þskj. 460, VIII,2, um styrk til bifreiðaferða austanfjalls. Hjer í deildinni voru samþyktar 1000 kr. í þessu skyni. Hv. Ed. hækkaði þessa upphæð upp í 2000 kr., en hv. fjvn. þessarar deildar vill lækka upphæðina aftur niður í 1000 kr. Þetta er að mínu áliti alls ekki sanngjarnt, og gat háttv. frsm. (ÞórJ) ekki sannfært mig um það. Hann sagði, að nefndin hefði búist við, að þessi styrkur rynni til eins manns og gerði honum fært að setja fargjöld svo niður, að öðrum væri gert ókleift að halda uppi ferðum þessum. Fyrst og fremst er nú líklegra, að þessi styrkur rynni til tveggja

en eins. Sá maður, sem haldið hefir uppi bifreiðaferðum í Laugardal, Grímsnesi og Tungum, myndi vafalaust fá þennan styrk á móti þeim, er heldur uppi ferðum um syðri hluta sýslunnar. Þá kemur og annað hjer til greina, nefnilega það, að sá eða þeir, er styrk þennan hljóta, eru bundnir við áætlunarferðir, hvort sem flutningurinn er mikill eða lítill. Aðrir fara ekki þessar ferðir, nema þeir eigi vísan ágóða af þeim. Mjer er kunnugt um, að sá maður, er naut þessa styrks í fyrra, taldi sig ekki hafa grætt á ferðunum. En hjeruðin munar mikið um þessa upphæð, og eiga hana líka skilið, þar sem þau njóta einskis góðs af strandferðastyrknum, nema ef til vill austurhluti Rangárvallasýslu. Jeg veit, að hv. deild sjer rjettmæti þessa máls, og get jeg því lokið máli mínu að sinni.

Sveinn Ólafsson: Jeg á hjer aðeins eina litla brtt. í þetta skifti og skal ekki vera langorður um hana. En áður en jeg kem að henni, vildi jeg minnast á nokkrar aðrar brtt. Um brtt. fjvn. er það að segja, að jeg er sammála nefndinni um þær flestar og mun fylgja þeim yfirleitt. Þó mun jeg ekki geta ljeð sumum þeirra atkv. mitt, og að minsta kosti er ein svo undir komin, sem jeg kem síðar að. Nefndin hefir andmælt uppfærslu vegafjárveitingar, sem getið er í 8. brtt. á þskj. 460, til viðhalds akbrauta og vega. Á þetta hefir verið minst hjer áður, og þarf jeg því engu þar við að bæta. En víst er um það, að illa kemur sjer að lækka þá upphæð jafnframt og vegalögin eru afgreidd.

Þá var önnur brtt. frá nefndinni, sem mjer kom illa, á þskj. 460, VI,2, þar sem lagt er til að fella niður styrk til Guðmundar Guðfinnssonar læknis til augnlækninganáms. Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) og hv. 2. þm. Árn. (JörB) hafa minst á þessa brtt. áður og báðir tekið í sama streng.

Það vill svo til, að jeg hefi, bæði í vetur og stundum áður, tekið að mjer að annast um fjárreiður sjúklinga, er hafa komið hingað til að leita sjer lækninga, og greiða götu þeirra með láni eða á annan veg, ýmist hjá augnlækni eða öðrum. Jeg er því dálítið kunnugur taxta læknanna og hefir reynst hann býsna hár hjá núverandi augnlækni. Þess vegna hygg jeg brýna þörf á samkepni í þessari grein. Jeg skal geta þess, að mjer var fyrir skömmu sýndur reikningur frá honum til greiðslu fyrir lítilfjörlega læknisaðgerð á auga, og var hann 160 kr. að upphæð. Aðgerðin fárra mínútna verk og vitjun sjúklings 5 sinnum á eftir. Til samanburðar skal jeg geta þess, að nýlega galt jeg öðrum lækni 90 kr. fyrir holskurð og læknishjálp í 7 vikur við annan sjúkling, mjög veikan. Jeg sje ekkert á móti því að nefna hjer nöfn, og læknir sá, sem hjer ræðir um, var prófessor Guðmundur Magnússon. Jeg tel rjett að gera þennan samanburð, til þess að mönnum skiljist því betur, hversu holt er einræði um þessar augnlækningar.

Jeg vona, að hv. deild fallist á að veita Guðm. Guðfinnssyni styrk þennan. Þörfin á öðrum augnlækni er brýn, en fátækt og örðugar heimilisástæður meina mönnum — einkum úr fjarlægum sveitum — að leita sjer læknishjálpar hjer; en tíðari mundu ferðir augnlæknis, ef tveir væru. Hv. fjvn. hefir að líkindum ekki verið nægilega kunnug málinu, og vona jeg því, að hún taki þessa brtt. sína aftur, eða að hún verði feld að öðrum kosti.

Jeg get leitt flestar aðrar brtt. hjá mjer, enda hefir verið minst á margar

þeirra af öðrum. Þó er ein brtt. á þskj. 463, sem ástæða er til að geta. Hún er frá hv. 2. þm. Reykv. (JBald) og fer fram á að hækka stimpilgjaldsliðinn úr 600 þús. kr. upp 1100 þús. kr. Líklega er þetta of mikil hækkun, en þó er jeg ekki viss um það. Mig rekur minni til þess, að í fjhn. var talið saman, hve miklu sá 20% verðtollur, er hjer var lögfestur, mundi nema, miðað við innflutning 1922, og var gert ráð fyrir 2 miljónum. Af því að nefndin bjóst við innflutningshöftum á sumum tollvörum, var áætlað, að upphæðin gæti rýrnað um helming. Líklega er óvarlegt að áætla jafnmikinn innflutning og 1922. En hitt dylst engum, að þessi áætlun, sem gerir aðeins ráð fyrir 300 þús. kr. aukningu stimpilgjalds vegna verðtollsins, fer alt of skamt. Hjer er því um eitt af tvennu að gera, *að* annaðhvort er áætlunin alt of lág, eða *að* stjórnin hefir hugsað sjer að banna innflutning á miklum hluta tollvaranna. Jeg myndi hafa greitt þessari brtt. hv. 2. þm. Reykv. atkv., ef mjer hefði ekki þótt upphæðin fullhá þar. Jeg hygg, að 800 þús. kr. mundu vera nærri sanni. Í þeirri upphæð er innifalið stimpilgjaldið fasta eftir lögunum frá 1921, og upphæð þess var í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar áætluð 300 þús. kr. Jeg væri nú ánægður yfir þessari lágu áætlun, ef jeg vissi, að meining stjórnarinnar væri sú, að hefta innflutning í svo stórum stíl, sem þetta bendir til. En það efast jeg um, og þætti því rjettara að hækka áætlunina, svo að hún verði sanni nær, enda litu fjárlögin þá betur út.

Þá kem jeg að brtt. minni á þskj. 467. Hún fer fram á, að í stað þeirra 1000 kr. fjárveitingar, er hjónunum í Hítardal er ætluð, komi 1400 kr., er skiftist jafnt á milli þeirra og annarar fjölskyldu austur á landi. Hjónin í Hítardal er mjer sagt, að eigi tíu börn í ómegð. Hin hjónin eiga fimtán börn, og er aðeins eitt komið yfir fermingu. Jeg hefði ekki komið fram með þessa till, ef fordæmið hefði ekki verið gefið með fjárveitingunni til hjónanna í Hítardal. En úr því að hún er fram komin og þörf hjónanna eystra er jafnvel meiri en þar, á brtt. mín fullkominn rjett á sjer.

Fyrir tveim dögum símaði jeg til oddvita í sveit þessara hjóna og bað hann að senda mjer staðfest símskeyti um tölu barnanna og aðrar ástæður fjölskyldunnar. Jeg hefi ekki fengið svar hans ennþá, hvað sem veldur. Má vera, að því valdi símaslit.

Þessi fjölskylda hefir ekki þegið af sveit ennþá, hefir ekki viljað gera það, og barist fyrir lífinu með fágætum dugnaði. Til þess að þessi fjölskylda væri ekki neydd til að leita á náðir sveitarinnar, tóku tólf bændur sig saman í haust leið um að klæða sitt barnið hver. Þetta er dæmi, sem sýnir, hvernig þessi fjölskylda þreytir róður við erfið lífskjör, og frá mínu sjónarmiði skoðað er barátta hennar verð fylstu viðurkenningar og rjettnefnt afreksverk.

Það var einhver hjer að tala um, að nefna mætti ótal dæmi af þessu tægi og væri ekki gott að segja, hvar yrði staðar numið, ef lagt væri út á þá braut að veita slíka styrki sem þessa. Jeg held, að þessi dæmi, eins og jeg hefi nefnt, sjeu ekki mörg, þótt þau kunni að vera nokkur. Að minsta kosti er þetta heimili hrein undantekning þar, sem jeg þekki til.

Fari svo, að mín till. verði feld, mun jeg greiða atkv. með till. fjvn. um, að styrkurinn til hjónanna í Hítardal falli niður. Þörfin er sjáanlega ennþá meiri hjá þeim manni, er jeg ber hjer fram á

bænarörmum, og hefir hann háð þá baráttu, að í mínum augum er hann hreint og beint afreksmaður.

Jeg vil beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann beri till. mína undir atkv. á undan till. nefndarinnar, þar sem jeg get ekki ákveðið mig gagnvart henni að öðrum kosti. Mun jeg að sinni ekki teygja tímann lengur, og lýk því máli mínu.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vildi hjer minnast á 1. brtt. á þskj. 460. Hv. Ed. samþykti að veita 16 þús. kr. til að byggja fangahús í Vestmannaeyjum og á Ísafirði.

Á báðum þessum stöðum hafa verið fangaklefar. Hegningarhúsið á Ísafirði brann fyrir skömmu, sem kunnugt er. Í Vestmannaeyjum er heldur ekkert fangahús sem stendur.

Jeg þarf ekki að tala um nauðsyn þessa máls. Það liggur í augum uppi, að þar, sem margt fólk flykkist saman, eins og einkum í Vestmannaeyjum, getur oft komið upp óróa, svo að fangahús sje óhjákvæmilegt.

Um fangahús í Vestmannaeyjum var áætlun fyrir hendi, og var þar gert ráð fyrir, að húsið kostaði 11 þús. kr., en sú aths. fylgdi með, að með ákveðnum breytingum, er vel mátti gera, mætti komast af með undir 2000 kr. minna. Háttv. þm. Vestm. (JJós) taldi þó engan vafa á, að 8000 kr. mundu ná langt, ef enn meira yrði sparað. Á Ísafirði liggur að vísu engin áætlun fyrir, en vonandi verður sama upphæð nægileg þar.

Þessi fangahús eru nauðsynleg, og því verður að leggja áherslu á að koma þeim upp, enda þótt þau verði ef til vill ekki sem fullkomnust. Jeg skal ekki orðlengja um þetta, en vona, að háttv. deild greiði þessari fjárveitingu atkv.

Jeg ætla mjer ekki að minnast mikið á einstakar brtt. Jeg hefi þegar minst á styrkinn til sjúkraskýla. Jeg álít, að það sje rjettast að veita þann styrk í einu lagi, án þess að binda hann við nokkur sjerstök hjeruð, heldur ákveði stjórnin hverju sinni, hversu honum skuli varið.

Þá skal jeg taka það fram, að jeg álít, að styrkur til stúdenta sje yfirleitt um of skorinn við neglur sjer, og mjer finst háttv. fjvn. ganga of langt í því að lækka hann. Jeg skal ekki fara fleiri orðum um styrkinn til stúdenta við háskólann hjer. En jeg vil taka það fram, að styrkur til stúdenta, sem eru við nám erlendis, má alls ekki vera lægri en hann er áætlaður í frv. nú, jafnvel ekki lægri en hann var í frv. stjórnarinnar upphaflega. Því þessir stúdentar missa samt styrk, sem þeir hafa treyst, að þeir fengju, og sem þeir hafa haft fulla ástæðu til að ætla, að þeir fengju. Þeir hafa ástæðu til að treysta því, að þeir fái í 4 ár styrk, sem samsvari Garðstyrknum, svo það er frá þeirra sjónarmiði gabb, ef þeir fá þennan styrk ekki áfram. Annars hafði jeg vonast eftir, að hv. fjvn. ljeti að minsta kosti sitja við það, sem hv. Ed. gerði í þessu máli, og jeg vona, að þessi hv. deild geri það.

Hvað snertir fjárveitingu til tímakenslu við mentaskólann, þá skal það tekið fram, að jafnvel 15000 kr. er of lágt, en hitt skiftir ekki miklu máli, hvort upphæðin er 13000 eða 15000 kr., því að hvorttveggja er aðeins áætlunarupphæð.

Hins vegar tel jeg það alls ekki vel ráðið að fella niður styrk til þess að gefa út kenslubók í veraldarsögu. Það er þegar byrjað á því verki, og þeir, sem

að því hafa unnið, verða illa úti, því þeir hafa treyst því að fá fjárveitingu í því skyni, og það er mjög nauðsynlegt að fá veraldarsögu á móðurmálinu. Jeg vona því, að háttv. deild sjái sjer fært að lofa þessari fjárveitingu að standa.

Þá leggur hv. fjvn. til, að styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur fyrir leikfimiskenslu falli niður. En mjer finst alls ekki rjett að fella þennan styrk niður, því að hann hefir staðið í mörg ár og borið ágætan árangur.

Jeg skal líka taka það fram, að mjer finst það hart að skerða svo styrk til Jóhannesar L. L. Jóhannssonar eins og hv. fjvn. hefir gert. Mjer hefði fundist rjettast að láta 6000 kr. standa. Það hefir verið minst á það hjer í deildinni, að þetta væru eftirlaun, en það er alls ekki rjett. Það eru starfslaun. Þessi maður var tekinn úr embætti sínu til þess að starfa að íslenskri orðabók. Jeg hefði ekki getað fundið að því, þó laun hans hefðu verið lækkuð eitthvað, en það er ekki rjett að lækka þau eins mikið og hv. fjvn. hefir gert. Þau hefðu gjarnan mátt standa eins og hv. Ed. ákvað þau. Mjer finst og algerlega óþarft að vera að klípa 200 kr. utan úr styrknum til Þórbergs Þórðarsonar. Mjer finst hann hefði gjarnan mátt standa eins og hann var ákveðinn í hv. Ed.

Þá vil jeg minnast nokkuð á brtt. á þskj. 463, III, um að lækka svo mjög styrk til Hannesar Þorsteinssonar. Þar finst mjer nokkuð langt gengið. Sá styrkur hefir verið veittur í mörg ár, og allir, sem til þekkja, munu vera sammála um, að styrkurinn hafi borið mjög góðan árangur. Þessi maður er líka farinn að eldast og hefir sannarlega unnið fyrir því að fá að halda styrknum áfram. Og þó að gert sje ráð fyrir því, að hann fái launahærra embætti en hann hefir haft, þá er þess að gæta, að hann byrjar þar með lægstu byrjunarlaunum. Jeg hygg, að brtt. þessi sje komin fram sökum þess, að flm. hennar búist við, að þessi maður muni fá hærri laun en hann fær. Mjer finst, að það verði að taka tillit til hins mikilhæfa vísindamanns, meira en gert er með þessari brtt.

Jakob Möller: Jeg get verið þakklátur þeim hv. þm., sem hafa mælt á móti brtt. hv. fjvn. á þskj. 460, VI 2, um að fella niður styrk til Guðmundar læknis Guðfinnssonar til augnlæknisnáms erlendis. Það er ekki sökum þess, að það sje borið fram af mjer, heldur sökum þess, að jeg er því eindregið fylgjandi, að hann fái að halda þeim styrk, sem síðasta þing veitti honum, og þá var það vitanlegt, að honum mundi ekki nægja eitt ár til þessa náms síns, og hann hefir treyst því, að hann fengi að halda þessum styrk á meðan hann væri að ljúka því. En meðmælin með þessum styrk til Guðmundar Guðfinnssonar eru um leið meðmæli með brtt., sem jeg flyt um samskonar styrk til Skúla læknis Guðjónssonar, til þess að ljúka heilbrigðisfræðinámi erlendis. Jeg veit ekki, hvort umsókn um þennan styrk hefir legið fyrir hv. fjvn. þessarar deildar. (*TrÞ*: Jú). Fyrst svo er, skil jeg ekki í, af hvaða ástæðum nefndin hefir ekki lagt til, að þessi styrkur yrði veittur eins og í fyrra. Það líta margir svo á, að einn augnlæknir gæti dugað, og við höfum hjer einn augnlækni. Það má vel vera, að svo sje, en jeg vil þó ekki taka í sama streng og þeir menn, sem því halda fram, því jeg hygg, að það væri gott að hafa augnlæknana fleiri en einn, svo nokkur samkepni

gæti átt sjer stað á þessu sviði, og því vil jeg, að Guðmundi Guðfinnssyni sje veittur kostur á að ljúka námi sínu

En í þeirri grein læknisfræðinnar, sem Skúli Guðjónsson er að læra, eigum vjer engan sjerfræðing, en það er þó mjög nauðsynlegt, og þess vegna voru honum veittar 1800 kr. í fyrra. Hann sótti þá um 5000 kr. í eitt skifti fyrir öll, því hann vissi, að hann þurfti tvö ár til námsins, því til þess að vera viðurkendur sjerfræðingur í einhverri grein læknisfræðinnar er nauðsynlegt að stunda þá grein sjerstaklega í 2 ár eftir að hafa lokið venjulegu embættisprófi í læknisfræði. Og það er enginn vafi á því, að Skúla Guðjónssyni voru gefnar fylstu vonir um, að hann fengi að halda þessum styrk áfram, enda hefði engin meining verið fyrir hann að byrja á þessu námi, ef svo hefði ekki verið. Hann er líka fátækur maður og hafði stundað langt og dýrt nám og hafði nýlokið prófi þegar hann sigldi til þess að stunda sjerfræðinám sitt. Þau efni, sem hann kann að hafa átt einhverntíma, voru auðvitað gengin til þurðar fyrir löngu, og þessi styrkur, sem hann fær, nægir auðvitað hvergi nærri. Hann verður því að fá meira fje með lánum. Og hann segir, að sjer sje hrein og bein lífsnauðsyn að halda styrknum áfram, því annars verði hann að hætta námi, og er þá öllu því fje, sem hann hefir til þess varið, á glæ kastað og einnig styrk þeim, sem þingið veitti honum í fyrra.

Hann hefir undanfarið stundað nám í Þýskalandi og hefir nú þegar lokið við einn þátt fræðigreinar sinnar, og hann segir, að ef hann hefði haft nóg fje, þá hefði hann getað hagað því námi þannig, að það hefði orðið honum til miklu meira gagns, því hann hefir unnið að rannsóknum, sem hann hefði með nægu fje getað framkvæmt þannig, að þær ættu við staðhætti hjer, og hann harmar það mjög að geta það ekki.

Hjer er því miklu spilt, en jeg vona, að hv. deild láti sjer það að varnaði verða, svo hún eyðileggi ekki alt saman með því að svifta hann styrknum.

Þó Skúli Guðjónsson hafi þegar lokið við einn þátt náms síns í Þýskalandi, þá á hann þó eftir tvo þættina, sóttvarnarhygienu og húsa-hygienu, og annan þáttinn ætlar hann að stunda í Danmörku og hinn í Englandi. Það er öllum kunnugt, að hús eru bygð hjer yfirleitt í blindni að því leyti, er við kemur heilbrigðisfræðilegum kröfum, jafnvel þannig, að líf- og heilsutjón getur af hlotist fyrir þá, sem í húsunum búa. Þeir, sem kunnugir eru hjer í bænum, vita, að þess eru mörg dæmi. Það er því mjög mikilsvert að fá sjerfræðing, sem geti leiðbeint mönnum í þessu efni. Sama má segja um hina grein sjerfræði hans. Menn eru hjer yfirleitt mjög ófróðir í þeim efnum. Einstöku læknar lesa að sjálfsögðu ýmislegt í þeirri fræðigrein heima hjá sjer, en þeir hafa samt sem áður ekkert tækifæri til þess að kynnast af eigin sjón því nýjasta, sem gert er í þeim efnum annarsstaðar.

Það munu máske einhverjir segja, að við höfum lengi komist af án sjerfræðings í þessari grein og við getum eins komist af nokkur ár enn án hans á meðan fjárhagurinn er svo þröngur. En þá er þess að gæta, að við höfum þegar byrjað á að styrkja mann til þessa náms, og spurningin er því um, hvort við eigum að kasta á glæ því fje, sem bæði ríkissjóður og hann sjálfur hefir til þess kostað, og fara svo eftir nokkur ár að senda nýjan mann til þess að byrja á þessu námi með nýjum kostnaði, því jeg efast ekki um, að þó styrkveiting þessi verði feld nú, þá

mundi síðar horfið að því ráði að láta einhvern stunda þessa fræðigrein. En þar eð styrkveiting þessi var samþykt á þinginu í fyrra, hefi jeg ekki að svo stöddu ástæðu til að efast um, að svo verði einnig á þessu þingi, þegar hv. þm. hafa fengið nauðsynlegar upplýsingar í málinu.

Jeg hefi dirfst að bera fram eina brtt., sem ef til vill má segja, að snerti mig nokkuð, þar eð jeg fer fram á, að styrkur til blaðamannafjelagsins til þess að halda uppi frjettastofu verði hækkaður upp í 4 þús. kr.

Hv. Ed. hefir lækkað þennan styrk frá því, sem samþykt hafði verið hjer í þessari hv. deild, svo að hann er nú í fjárlagafrv. aðeins 2000 kr., en sú niðurfærsla er alveg sama og að fella styrkinn alveg niður. Blaðamannafjelagið rjeðist í þetta fyrirtæki í þeirri von að fá styrk til þess úr ríkissjóði. Fjelagið vonaðist eftir að fá 6 þús. kr., því það er eiginlega það minsta, sem hægt er að komast af með, og með minni styrk en 4 þús. kr. er ómögulegt að halda frjettastofunni uppi. Jeg vona því, ef hv. deild finst þetta fyrirtæki þess vert að styrkja það, þá taki hún skrefið fult og veiti því þessar 4 þús. kr., því alt annað er sama og að fella þessa styrkveitingu með öllu, og þá verður frjettastofan lögð niður og hætt við að haga þessu starfi eins og ætlað var og lýst var hjer við 2. umr. fjárlaganna. En þetta fyrirtæki á að vera að miklu leyti í þágu atvinnuveganna og getur að ýmsu leyti orðið þeim að liði, t. d. með því að flytja fregnir um markaðshorfur o. fl. o. fl.

Þá á jeg eina brtt. enn, og hún er þess efnis að hækka laun landlæknis fyrir kenslu við ljósmæðraskólann úr 1000 kr. í 1500 kr. Eins og kunnugt er, hefir landlæknir undanfarið haft meiri laun fyrir þennan starfa sinn. Þau munu hafa verið mest 2000 kr. Í fjárlagafrv. stjórnarinnar var þessi upphæð ákveðin 1500 kr., en hv. fjvn. lækkaði upphæðina niður í 1000 kr. En eins og kunnugt er, hefir starfið nú verið aukið, því námstími í ljósmæðraskólanum hefir verið lengdur. Það var tekið fram í umræðunum um ljósmæðraskólann, að það væri ekki ætlast til þess, að kenslulaun við hann hækkuðu. En með þessari brtt. er alls ekki farið fram á slíkt, heldur aðeins farið fram á það, að þau sjeu látin standa í stað. Námstími við ljósmæðraskólann hefir verið lengdur úr 6 upp í 9 mánuði. Starf landlæknis við hann hefir því verið aukið um ⅓. Eðlilegast hefði verið, að launin hefðu hækkað sem því svaraði; að minsta kosti hefði verið ástæða til þess, að þau væru látin standa í stað. En hv. fjvn. fer þveröfugt að. Hún lækkar launin að sama skapi sem starfið eykst. En úr því þingið lítur svo á, að landlæknir eigi að fá þóknun fyrir þennan starfa sinn, þá virðist það ekki ná nokkurri átt, að hún lækki þegar starfið eykst. Því hefir stundum verið haldið fram af einstökum mönnum, að þetta væri embættisskylda landlæknis, en þingið hefir aldrei treyst sjer til að halda slíku fram. Það sjá því allir, að það er helber fjarstæða að lækka þetta nú, enda mun landlæknir fastlega hafa búist við því, þegar frv. um ljósmæðraskólann kom fram, að þóknun hans yrði hækkuð.

Þegar hv. fjvn. kom fram með þessa lækkun hefir hún væntanlega búist við, að starfið yrði það sama og það hefir verið, því lenging kenslutímans var þá ekki endanlega samþykt í þinginu, svo jeg hygg, að nefndin vilji alls ekki leggjast móti þessari brtt. minni nú, þegar afráðið er, að starfið skuli aukið.

Þá er önnur brtt. um að greiða hjeraðslækni 1500 kr. fyrir kenslu hans við háskólann. Hann kennir þar aðra aðalgrein læknisfræðinnar, og er starf hans eins mikið og öðrum kennurum háskólans eru greidd fyrir full prófessorslaun.

Hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) sagði, að ætlast væri til, að þessi kensla væri kvöð á hjeraðslækni. Er þetta þó hvergi ákveðið með lögum. Má þó að vísu líta svo á, að þetta starf sje kvöð á honum, er honum eru aðeins greiddar 1500 kr. fyrir það. Tekur það frá honum miklar tekjur, sem hann ella mundi geta haft af lækningastarfsemi. Raunar hygg jeg, að lækkunartill. hv. fjvn. sje þýðingarlaus og að honum verði greitt eins og áður, hvað sem ákveðið verður í fjárlögum nú. Býst jeg við, að hæstv. stjórn treystist ekki til annars en að taka þessa greiðslu upp í aukafjárlög.

Þá er styrkveitingin til stúdenta. Lít jeg svo á, að ríkissjóður sje skuldbundinn til að greiða stúdentum, sem við erlenda háskóla nema þær greinar, sem ekki eru kendar hjer, styrk, sem samsvari Garðstyrk, í fjögur ár. Margir hv. þm. hafa og látið sömu skoðun í ljós, og hygg jeg, að slíkt verði að standa. Tel jeg því víst, að till. hv. þm. Dala. (BJ) verði samþykt. Að lækka upphæðina frá því, sem hv. Ed. ákvað, kemur ekki til mála. Verður hún að skoðast sem áætlunarupphæð.

Um námsstyrk stúdenta hjer vil jeg undirstrika það, að hv. fjvn. hefir ekki ætlast til, að sá styrkur yrði lækkaður neitt frá því, sem nú er og ákveðið var í fjárlagafrv. hæstv. stjórnar. Hv. fjvn. hefir aftur á móti ætlast til, að eitthvað af upphæðinni yrði greitt annarsstaðar frá. Má þó telja óvíst, að hægt verði að fá nokkurt fje annarsstaðar frá. Er það óverjandi að minka námsstyrkinn um helming án þess að nokkrar reglur sjeu settar um það, hvernig honum skuli þá úthlutað, svo að hann megi koma að nokkru gagni. Jeg neita því ekki, að stúdentaframleiðslan er óþarflega mikil. Vil jeg þó ekki taka undir með þeim mönnum, sem mest harma hve náms- og fróðleiksfýsn manna vex; mjer er það í sjálfu sjer gleðiefni. En það má vel vera, að ríkinu sje það ofvaxið að styrkja alla stúdenta til náms. Þetta er mikið vandamál, sem jeg vænti, að hv. stjórn athugi vel og undirbúi fyrir næsta þing. Allar þær leiðir, sem stungið hefir verið upp á að halda, eru mjög varasamar og geðjast mjer ekki að þeim. Næst liggur að fara eftir prófi, þegar styrkur er veittur. Þó eru prófin enginn óskeikull kvarði á hæfileika manna. Oft kemur það fyrst í ljós, er stúdentinn kemur í háskólann, til hvers hann er nýtur. Yfirleitt er það reynsla manna, að góðir vísindamenn hafa ekki fengið nein fyrirtakspróf í undirbúningsskólunum. Þeir eru vanalega einhæfir menn. Ef styrkurinn væri einungis miðaður við prófin, er hætt við því, að miðlungsmennirnir yrðu best úti, en að mörg bestu vísindamannsefnin eyðilegðust. Einnig er það ískyggilegt að leggja styrkveitinguna í hendur kennaranna. Hjer er stórkostlegt vandamál, sem vel þarf að athuga áður en fullnaðarákvörðun verður tekin. Býst jeg við því, að önnur leið finnist ekki betri en að miða styrkveitinguna við efnahag nemendanna, og veita hann einungis þeim, sem fátækastir eru.

Mjer þykir leitt að sjá till. hv. þm. N.-M. (ÁJ) um að fella niður ritlaun til prófessors Sigurðar Nordals. Þessi till. hefir áður verið rædd hjer í hv. Nd. Kom þá í ljós, að meiri hluti þdm. er því fylgj-

andi, að lagt verði nokkurt fje af mörkum til þess að fá haldið prófessor Nordal við háskóla vorn. Væri æskilegt, að ekki þyrfti að eyða fleiri orðum í það mál. Kemur það undir atkv. hv. þdm. og þykist jeg sjá fyrir örlög þessarar tillögu. Annars vil jeg benda á, að við fyrri umr. þessa máls hjer í hv. Nd. fjellu orð um, að mjög óviðkunnanlegt væri, að menn seldu ættjarðarást sína fyrir fje. Þessi ummæli eru í fylsta máta órjettmæt. Ef prófessor Sigurður Nordal gengur að þessum boðum, er fórn hans mikil. Þó að honum yrði greidd þessi upphæð, sem hjer er farið fram á, eru laun hans þó mun lægri en þau, sem honum eru boðin í Kristjaníu. Hann tapar því bersýnilega við skiftin. Hjer er einnig aðeins um eins árs fjárveitingu að ræða. Hann tekur áhættuna, og hefir reynslan sýnt, að sú áhætta er gróflega mikil — nú orðið.

Árni Jónsson: Jeg byrja þar, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hætti. Jeg vil strax geta þess, til þess að fyrirbyggja misskilning, að þessi ummæli, að umræddur maður vildi selja ættjarðarást sína, eru ekki eftir mjer höfð. *(JakM*: Rjett). Jeg hefi ekki breytt skoðun í þessu máli. Stefna þessa þings hefir verið sú, að takmarka öll útgjöld ríkissjóðs eins og unt er. Hafa jafnvel allar verklegar framkvæmdir ríkissjóðs verið stöðvaðar. Hefir einnig verið höggið allnærri stofnunum, sem ýmsir telja vera hyrningarsteina þjóðfjelagsins, háskólanum og hæstarjetti. Stingur það því einkennilega í stúf við það, sem á undan er gengið, er menn, sem gert hafa sitt til þess að skerða hæstarjett og veikja rjettaröryggið í landinu, nú vilja stórhækka laun þessa eina embættismanns. Jeg hefi áður lýst yfir þeirri skoðun minni, að þegar um laun embættismanna er að ræða, beri ekki að miða við það, sem tíðkast annarsstaðar, heldur verði þau að miðast við okkar eigin getu. Þetta er mjög varhugaverð leið, sem þeir menn vilja halda, sem fara fram á launahækkun til próf. Nordals. Leiðir hún af sjer klíku- og bitlingapólitík. Er það einnig mjög eftirtektarvert, að á sama tíma og verið er að hlaða undir próf. Nordal, er öðrum kennurum háskólans ýmislega ráðstafað, að þeim fornspurðum og þvernauðugt, og þeir hraktir frá háskólanum. Má t. d. nefna dr. Alexander Jóhannesson, og er jeg þar fyllilega sammála hv. þm. Dala. (BJ). Dr. Alexander er merkur vísindamaður og líklega lærðasti málfræðingur, sem við eigum hjer nú. En rit hans eru ekki við alþýðuhæfi og ekki eins aðgengileg almenningi og rit próf. Nordals. Hjer er hart að gengið, er hann er tekinn og borinn fram á altari hins. Jeg hefi áður lýst yfir því, að háskólanum er mikill hnekkir að missa þennan mann. Býst jeg ekki við því, að þeim mönnum, sem vilja hrekja hann frá háskólanum, gangi þar til umhyggja ein fyrir þeirri stofnun.

Einnig hygg jeg, að próf. Nordal mundi geta haldið áfram ritstörfum sínum, þótt hann starfaði við erlendan háskóla. Eru þess mörg dæmi, að Íslendingar, sem dvalið hafa langvistum erlendis, hafa haft mikil áhrif á alþýðumentun okkar. Má nefna Þorvald Thoroddsen. Hefir enginn Íslendingur á síðari tímum verið jafnmikið lesinn og hann. Þegar rætt er um launakjör próf. Nordals hjer og laun þau, sem honum eru boðin ytra, verður jafnframt að líta á það, hve mikið fæst fyrir hverja krónu á hvorum stað. Próf. Nordal hefir gefið út bók um Snorra Sturluson, Völuspá og er nú með sýnishorn ísl. bókmenta. Fyrir þessar bækur

hefir hann fengið styrk úr sáttmálasjóðnum. Mjer er sagt, að sá styrkur nemi ekki minna en 3—4 þús. kr. Einnig hefi jeg frjett, að hann hafi fengið frían forleggjara að bókum sínum, en aðrir hafa orðið að borga með þeim, jafnvel svo mikið, að styrkurinn hrökk ekki til.

Jeg tek undir með hv. 3. þm. Reykv. um styrkveitingu til Skúla V. Guðjónssonar læknis. Skúli V. Guðjónsson er óvenjulega áhugasamur og duglegur. Efnahagur hans er sjálfsagt bágborinn, og er hann vafalaust stórskuldugur. Styrkur sá, sem honum hefir verið veittur, kemur ekki að hálfum notum, nema hann fái hann áfram, enda hefir Læknafjelagið ákveðið, að til þess að læknir fái að stunda hjer sjergrein í læknisfræði, skuli hann hafa numið hana í að minsta kosti 2 ár.

Þá er till. um að fella niður styrkveitingu til útgáfu veraldarsögu handa mentaskólanum. Menn þeir, sem að þessari útgáfu vinna, eru sögufróðir og vel ritfærir. Tel jeg illa farið, ef við eigum lengur að notast við kenslubækur á erlendum tungum, þegar annars er kostur. Hefir það ill áhrif á tungu vora og læðast úr þeim erlend orð og orðskrípi inn í alþýðumál vort. Treysti jeg því fastlega, að þessi till. verði feld.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi leyft mjer að flytja nokkrar brtt., sem jeg kemst ekki hjá að minnast nokkuð á. Fyrsta brtt. mín, á þskj. 463, fer í tekjuáttina. Jeg vil sem sje hækka áætlunina í 2. gr. 14 úr 600000 kr. í 1100000 kr. Svo stendur á þessari brtt., að mjer virtist hv. Ed. hafa farið skemra í hækkun sinni á þessum lið en rjett væri. Þegar verðtollsfrv. kom fram hjer í hv. deild, var í nefndaráliti fjárhagsnefndar jafnvel gert ráð fyrir því, að tekjurnar af þeim tolli yrðu ekki minni en 1 milj. kr. á ári, en brtt. mín gerir ekki ráð fyrir meiri hækkun á stimpilgjaldinu, sem þessi tollur er fólginn í, en 800 þús. kr. frá því, sem var í frv. stjórnarinnar. Nú eru að vísu margar af þessum vörutegundum bannaðar í bili, en þegar litið er á, hvað gerst hefir síðan frv. um verðtollinn kom fyrst fram, má búast við, að tollurinn verði miklum mun hærri en þá var gert ráð fyrir. Það er kunnugt, að hæstv. stjórn hefir lýst yfir, að hún ætli að beita höftum eftir því, sem fjárhagur ríkissjóðs leyfði. Og tveir hæstv. ráðherrar hafa lýst yfir, að þeir hafi enga trú á höftum, þó að þeir geri ráð fyrir, að þau verði að standa fyrst um sinn. Má því búast við, að mjög bráðlega komi ný reglugerð um bann gegn innflutningi, sem sje að einhverju leyti frábrugðin þeirri, sem nú gildir, sennilega á þann hátt, að það skuli lagt undir úrskurð stjórnarinnar, hvað leyft skuli að flytja inn í hvert sinn, eða þá að sumt, sem nú er bannað, verði ekki heft með öllu. Eftir því sem meiri hluta hæstv. stjórnar hefir farist orð, má við því búast, að fastlega verði haldið til ríkissjóðsins og að meira verði um hann hugsað, en minna um höftin. Jeg tel rjett að taka það fram í fjárlögunum, hve miklum tekjum má gera ráð fyrir af þessum tolli, og hygg jeg, að brtt. mín sje ekki fjærri sanni, en þó má vera, að hún áætli heldur lágt. Jeg viðurkenni að vísu, að breytingar hafa verið gerðar á verðtollsfrv., sem draga nokkuð úr þeim tekjum, sem gert var ráð fyrir í upphafi, en þegar litið er til yfirlýsinga hæstv. ráðherra, má búast við, að talsvert langt verði gengið í því að láta verðtollinn ná til sem mests af vörum og banna síður innflutning. Hygg jeg því mjög sanngjarnt að áætla þennan lið eins og brtt. mín fer fram á.

Þá hefi jeg flutt aðrar brtt., er miða til útgjalda. Við 2. umr. hjer í hv. deild flutti jeg tillögu um að veita 5000 kr. til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Rvík. Lýsti jeg þá starfsemi þessa sjóðs og hve miklu fje væri varið úr honum árlega til þess að styrkja þá menn, sem verða fyrir slysum eða veikindum. Var vel tekið í þetta af mörgum hv. þm., þó að engin tillaga mín um styrk til þessa sjóðs yrði þá samþykt. En ýmsir ljetu í ljós við þá umræðu, að þeir mundu geta fallist á að samþykkja einhverja lægri fjárhæð en jeg fór þá fram á. Ber jeg því fram þessa tillögu með enn lægri upphæð, í þeirri von, að menn geti fallist á að samþykkja hana, svo hóflega sem hjer er farið. Sjóður þessi er nú um 100 þús. kr., og er vöxtum hans varið árlega til styrktar mönnum, sem verða fyrir slysum og veikindum. Auk vaxtanna fær sjóðurinn tillög frá ýmsum fjelögum, sem nema hálfum tekjum hans, eða rúmlega 2000 kr. Vænti jeg þess, að hv. deild samþykki þessa fjárveitingu, og það því fremur, sem þingið hefir talið slysatryggingarmálið hið mesta nauðsynjamál, þó að sjerstök lög um það hafi ekki verið samþykt ennþá.

Þá kem jeg að brtt. minni á þskj. 463, við 16. gr. 41, en það er nýr liður um að veita 500 þús. kr. til lögheimilaðra framkvæmda í atvinnubótaskyni. Jeg þykist sjá fram á hið megnasta atvinnuleysi, að minsta kosti í kaupstöðum, eins og 2 síðustu árin. Það hefir komið í ljós 2 undanfarin ár hjer í Reykjavík, að jafnvel þegar mest atvinna er hjer á vetrum, komast ekki nándarnærri allir verkamenn að störfum. Nú um vertíðina í vetur eru það ekki minna en 200—300 manns, sem verða að ganga frá án vinnu á hverjum morgni. Þegar til lengdar lætur getur ekki hjá því farið, að þessir menn verði að leita fátækrastyrks úr sveitarsjóði, eða það opinbera verður að fylla í skörðin, þar sem atvinnurekstur einstakra manna nær ekki til. Atvinnutæki einstaklinganna eru yfirleitt ekki það mikil, að þau nægi öllum, sem þurfa atvinnu. Nú eru allar horfur á því, að næsta sumar taki algerlega, eða því sem næst, fyrir alla húsagerð hjer í bænum, sem hefir verið allmikil síðastliðin sumur og veitt fjölda manna atvinnu. En af því leiðir, að allur fjöldi iðnaðarmanna, trjesmiða og steinsmiða, sem hafa haft atvinnu við húsagerð, bætist í hóp atvinnuleysingjanna.

Menn hljóta því að sjá, að það væri ekki að ástæðulausu, að ríkissjóður hjeldi uppi einhverjum atvinnubótum, til þess að draga úr atvinnuleysinu. Bæjarfjelagið hefir viðurkent að nokkru leyti á síðustu árum skyldu sína til þess að sjá mönnum fyrir atvinnu. Hefir það látið vinna ýms verk, sem að vísu voru nauðsynleg, en þó hefði mátt fresta. Er það beinlínis gert í sparnaðarskyni, því að auðsær sparnaður er að því að veita mönnum atvinnu við nauðsynlegar framkvæmdir, í stað þess að láta þá ganga vinnulausa og veita þeim svo fátækrastyrk úr sveitarsjóði. Síðastliðið sumar hafði Reykjavíkurbær 2 allstór verk með höndum, sem gáfu töluverða atvinnu. Bæjarsjóður ljet gera nýja vatnsleiðslu og svo þurfti að gera við hafnargarðinn, sem brotnaði í fyrravetur. Nú eru engar líkur til svipaðra framkvæmda á sumri komanda, bærinn lætur lítið af hendi rakna í því skyni, og í gildandi fjárlögum er ekki gert ráð fyrir, að ríkissjóður ráðist í neinar framkvæmdir.

Nú er stjórninni með lögum heimilað að ráðast í ýmiskonar verk, sem hún getur látið framkvæma þegar er hún hefir fje

til þess. Skal jeg minna á lög um húsabyggingar ríkisins, þar sem meðal annars er gert ráð fyrir, að reistur verði landsspítali og geðveikrahælið stækkað. Til þessa hefir stjórnin heimild, auk brúarsmíða og vegagerða eftir þar til settum lögum. Eftir tillögu minni er lagt undir stjórnina, hvað hún vill ráðast í og hvernig hún telur heppilegast að verja þessum 500 þús. kr. Þá er nokkru af þeim tekjuauka, sem þingið hefir tekið, sumpart af fátækasta lýðnum, með verðstollslögunum, varið til að hjálpa fátæklingum. Það er enginn vafi á því, að þau lög, verðtollslögin, auka dýrtíð í landinu, sem legst þyngst á þá, sem úr litlu hafa að spila, og er því sanngjarnt, að nokkru af því fje sje varið til þess að ljetta undir með þeim.

Jeg tel sjálfsagt, að þessi tillaga verði samþykt, og auðvitað ætti hæstv. stjórn að vera ljúft að mæla með henni. Hún hefði þá heimild í fjárlögum, ef hún neyddist til að ráðast í einhverjar framkvæmdir, sem annars þyrfti aukafjárveitingar til. Ætti hæstv. stjórn því að taka þessari tillögu fegins hendi.

Þá hefi jeg enn flutt brtt. á þskj. 481, við 22. gr. II, þar sem ræðir um heimildir fyrir stjórnina. Vil jeg gera breytingu á þeim lið, sem heimilar stjórninni að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60 þús. kr. styrk. Þegar þessi liður komst inn í fjárlögin fyrir þetta ár, hugði jeg, eftir orðalaginu að dæma, að einungis væri um það að ræða að setja inn upphæð, sem aldrei væri ætlað að greiða. Þessi heimild ætti einungis að sýna keppinautum fjelagsins, ef í harðbakka slægi, að það ætti vísan stuðning ríkissjóðs. Nú hefi jeg heyrt, að styrkur þessi hafi verið greiddur þegar í ársbyrjun, og má því gera ráð fyrir, að hann verði einnig greiddur að ári, þó að liðurinn sje orðaður eins og nú er. Þetta finst mjer ekki geta gengið ár eftir ár, að ríkissjóður leggi fjelaginu styrk og fái ekkert í staðinn. Hefir mjer því komið til hugar, að í stað þessa mætti koma heimild til þess að verja alt að 60 þúsundum króna til hlutabrjefakaupa í fjelaginu. Tel jeg þetta rjetta leið til þess að hjálpa fjelaginu til þess að komast yfir mestu erfiðleikana, ef það er í fjárhagsvandræðum, enda er algengt, að fjelög auki hlutafje sitt, þegar svo stendur á. Og því fremur ætti að velja þessa leið, sem fjelagið greiðir engan arð af þessum hlutabrjefum frekar en hluthöfum sýnist. Auðvitað eru heldur engir vextir greiddir af styrknum, ef hann fær að standa, — því það er gjöf — en mjer þykir einkennilegt að veita fjelaginu slíkan styrk sem þennan. Ríkissjóður mun nú eiga ekki allfáa hluti í fjelaginu, og sje jeg ekkert á móti því að auka við þá eign, ef fjárhagur fjelagsins er erfiður. Einhver skaut því að mjer, er tilrætt varð um þetta, að rjettast væri, að ríkið tæki forgangshlutabrjef, en jeg taldi það ekki eiga við. Jeg vil ekki líta svo svart á ástæður fjelagsins, að jeg örvænti um hag þess, en það liggur beint við, ef krafist er forgangshlutabrjefa.

Jeg leyfi mjer að vænta þess, að hv. deild fallist á þessa tillögu. Þetta hefði átt að gera í fyrra, í stað þess að veita stjórninni heimild til þess að greiða fjelaginu styrk. Úr því verður ekki bætt, þar sem styrkurinn hefir verið greiddur fjelaginu, en nú er tækifærið til þess að samþykkja ekki beina styrkveitingu, heldur hjálpa fjelaginu yfir erfiðleikana með því að kaupa hluti í því. Vilji fjelagið ekki þiggja stuðning í þessari mynd, gefa út

ný hlutabrjef, ef engin liggja óseld hjá fjelaginu, þá nær það ekki lengra. Þá er fjelagið ekki svo hjálparþurfi sem látið er, ef það vill ekki vinna til að gefa út ný hlutabrjef, sem ríkissjóður kaupi. Það er sæmileg leið, en hitt er hálfgerð ölmusa, að veita fjelaginu styrk með þeim ummælum, sem nú standa í frv.

Þá vildi jeg minnast stuttlega á eina brtt. hv. fjvn. á þskj. 460, XV,2, um lækkun á styrknum til Þórbergs Þórðarsonar. Háttv. nefnd hefir verið iðin við að fella þennan styrk í burt eða lækka hann. Tókst það, illu heilli, við 3. umr. hjer í hv. deild, en hv. Ed. hefir í þetta sinn bjargað málinu, svo að nú er styrkurinn 1200 kr. Nú vill hv. nefnd aftur lækka hann um 200 kr. Ef öllu á að bjarga með þessu, mun ekki ofsögum sagt, að fjárhagurinn sje erfiður. Jeg hygg, að verði enn klipið af þessum styrk, fáist hlutfallslega minna fyrir það fje, sem til þessa er veitt, heldur en ef upphæð hv. Ed. er látin standa. Það er sýnilegt, að maðurinn getur gefið sig miklu minna að þessu starfi, ef svo er skorið við neglur sjer, sem hv. nefnd ætlast til. Þetta munar ríkissjóð engu, en getur verið dálítill stuðningur fyrir þennan mann og gert honum ljettara að vinna það nauðsynjaverk, sem hann hefir með höndum.

Jeg vil að lokum leyfa mjer að spyrja hæstv. stjórn, hvernig hún hugsi sjer að koma því fyrir, sem um ræðir í 16. gr. 16. Þar eru veittar 10000 kr. til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að, og kom þessi liður inn í hv. Ed. Mig langar til að fá vitneskju um það hjá hæstv. stjórn, hvernig hún hugsar sjer framkvæmdir á þessu og hvaðan tvöfalt fjárframlag á að koma. Vænti jeg þess, að hæstv. atvrh. (MG) geti skýrt frá þessu við þessa umr.

Bjarni Jónsson: Það eru nokkur orð utan dagskrár, sem jeg vildi leyfa mjer að skjóta fram. Hæstv. forseta og háttv. þingmönnum er kunnugt, að jeg sit nú í fyrsta sinni á þingmannabekk um langa hríð, sökum þess, að jeg er nýstaðinn upp úr legu. Treysti jeg mjer því ekki til að taka fjárlaganótt, svo sem venja er. Hinsvegar á jeg allmargar brtt. og vildi gjarnan geta tekið þátt í umræðunum, og vildi jeg því leyfa mjer að mælast til, að málið verði tekið út af dagskrá og umræðunni frestað til morguns. Vænti jeg þess, að menn afsaki, hvort sem þeim er betur eða ver við tillögur mínar, að jeg vil gjarnan taka þátt í umræðum og nota þingmannsrjett minn, þó að jeg treysti mjer ekki að sitja lengur nú að sinni.

Forseti (BSv): Mjer þykir mjög sanngjarnt að verða við tilmælum hv. þm. Dala. (BJ), en hins vil jeg þó geta, að jeg hefi fengið erindi tvö frá allmörgum hv. þm., þar sem þess er óskað, að umræðum sje lokið í kvöld, en heyrst hefir mjer, að atkvgr. mætti þó gjarnan bíða morguns. Mjer væri engin óþökk í því, að umræðum yrði lokið á nótt, en ef atkvgr. verður frestað til morguns, hygg jeg, að það muni ekki þurfa að tefja þingið, þó að þá verði einnig nokkrar umræður. Ef hv. þm. er umhugað, að málinu verði lokið sem fyrst, vænti jeg þess, að þeir verði samtaka forseta um það, að umræður verði ekki langar á morgun. Þeir eru 14, sem hafa skorað á mig að halda áfram í nótt þangað til umræðum er lokið, en mjer heyrist þó á

sumum, að þeir muni ekki halda þessu til streitu.

Klemens Jónsson: Jeg er einn þeirra, sem skrifað hafa undir fyrnefnda áskorun, en að heyrðum ástæðum háttv. þm. Dala. (BJ) get jeg fallið frá henni fyrir mitt leyti. *(MJ*: Jeg sömuleiðis).

Pjetur Ottesen: Það hefir verið hnitmiðað þannig niður, að þó fjárlögin fari í sameinað þing, getur þingi orðið slitið um næstu helgi, ef umræðum um þetta mál er lokið í kvöld eða nótt. Þó að atkvgr. ein bíði morguns, ætti það að geta náðst alt að einu. Ef teygist mikið úr umr. á morgun, sem gera má ráð fyrir að verði, þá er mjög hætt við því, að ekki verði náð því takmarki að ljúka við fjárlögin um næstu helgi og að þingið lengist þar af leiðandi um nokkra daga. Hinsvegar skal jeg viðurkenna, að nokkrar ástæður eru fyrir þessari ósk hv. þm. Dala. (BJ), en það er samt sem áður leitt að þurfa að lengja þingið af þessum sökum. En þar sem sumir hv. þm. eru þegar gengnir frá áskorun sinni, þá en nokkurn veginn sýnilegt, að það nær fram að ganga.

Halldór Stefánsson: Jeg var einn af þeim, sem höfðu skrifað undir áskorun um að ljúka þessum umræðum í kvöld, en það var áður en hv. þm. Dala. (BJ) kom með ósk sína, og skal jeg því falla frá áskoruninni að mínu leyti.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg geri ráð fyrir því, að við hv. þm. Dala. (BJ) þurfum enn að tala saman, og þykir mjer leitt að meina honum það. En jeg get líka sagt, að jeg er ekki vel frískur, en skyldi þó leggja það á mig að vera hjer í kvöld. En þar sem gera má ráð fyrir, að þessum umræðum verði frestað til morguns úr því sem komið er, þá vildi jeg skjóta því til hæstv. forseta (BSv), hvort hann gæti ekki komið því svo fyrir, að fundurinn gæti byrjað í fyrramálið, svo að hægt væri fremur að afgreiða fjárlögin um næstu helgi, þótt þau kæmust í sameinað þing.

Jakob Möller: Jeg vil aðeins geta þess, að fjhn. hefir ákveðið að halda fund í fyrramálið klukkan 10. Hún á ennþá ólokið við stórmál, sem þarf að afgreiða, og jeg býst ekki við, að miklar líkur sjeu til þess, að þinginu verði slitið fyrri en eitthvað kemur frá nefndinni um það.

Forseti (BSv): Jeg verð þá, úr því sem komið er, að líta svo á, sem það sje vilji hv. deildar, að umr. sje frestað, og tek jeg því málið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. apríl, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 440, 460, 463, 467, 480, 481, 485).

Halldór Stefánsson: Jeg ætla aðeins að gera grein fyrir till. okkar Norðmýlinganna um niðurfelling á styrk til Hannesar Þorsteinssonar. Eins og menn vita, hefir honum verið veitt umfangsmikið embætti og aðstoðarmannsembættið verið numið úr gildi. Eru því engin líkindi til þess, að hann geti unnið að því, sem styrkurinn er ætlaður til. En ef mönnum fyndist að ske kynni, að hann gæti sint starfinu lítilsháttar, fluttum við einnig varatillögu. Af þessum ástæðum teljum við sjálfsagt að fella niður þessa fjárveitingu, og í raun og veru að mestu leyti aðeins formsatriði, þar sem telja má ólíklegt, að starfið verði unnið, eða þó a. m.

k. bagalítið eða bagalaust, þótt það falli niður að sinni.

Hæstv. forsrh. (JM) gat þess í ræðu í gær, að þessi maður (Hannes Þorsteinsson) hefði vel unnið fyrir því fje, sem honum hefir verið veitt að undanförnu í þessu skyni, og í þessari brtt. okkar liggur heldur alls ekki neitt, sem gefur það í skyn, að hann hafi ekki gert það; þarf því ekki að ræða það heldur nú, heldur hitt, að ástæður allar eru nú orðnar svo breyttar, að það eru engar líkur til þess, að hann geti unnið að þessu lengur svo nokkru nemi. Honum er nú ætlað að fara með störf, sem tveir menn hafa unnið að undanförnu. Þess vegna álít jeg þetta vera mestpart formsatriði, að fella þessa fjárveitingu niður og búa þess, að einhver komi fram, sem vill taka þetta starf að sjer og til þess er fær og tíma og ástæður hefir til þess að gefa sig við því starfi. Kemur þá fyrst til álita, hvort rjett sje að veita aftur í fjárlögum fje til þessa.

Hákon Kristófersson: Jeg á hjer litla brtt., sem heldur er ekki ókunnug hjer í deildinni, því að jeg hefi borið hana hjer fram áður, en ekki svona háa upphæð eins og nú er farið fram á. Þegar jeg flutti þessa brtt. í fyrra skiftið, gerðu sumir háttv. þdm. gaman úr því, hversu nægjusamur jeg væri, og úr því að háttv. Ed. gaf mjer þetta tækifæri til þess að bera hana hjer fram öðru sinni, sá jeg ástæðu til að hækka hana lítið eitt. Það má vel segja um þessa brtt. mína hvað ríkissjóð snertir eins og karlinn sagði, „hún gerir hvorki til nje frá.“ Jeg hefi mælt hjer fyrir þessari brtt. áður og fer jeg því ekki að endurtaka það aftur að þessu sinni, en það var meðferð hv. Ed. á þessari brtt. minni, sem jeg ætlaði að víkja að fáum orðum. Það er eftirtektarvert um hv. Ed., að hafi hún ekki verið á undan hv. Nd. um bruðlunarsemi á fje ríkissjóðs, hefir hún áreiðanlega ekki verið þar á eftir henni. Raunverulegar hækkanir hv. Ed. á útgjöldum ríkissjóðs hafa numið rúmum 100 þús. kr. Eiginlega mætti segja, að hækkunin næmi rúmlega 200 þús. kr., en ef dregnar eru frá 100 þús. kr., sem af vangá höfðu ekki verið settar inn í frv. hjer í Nd., en áttu þar að vera, verður hækkunin samt, sem Ed. hefir gert á frv., 100 þús. kr. Auk þess, sem háttv. Ed. hefir ekki getað sjeð sjer fært að samþykkja þær verulegu sparnaðartillögur, sem hjer höfðu verið samþyktar, fanst henni helst það horfa til umbóta á hag ríkissjóðs að leggjast á þennan gamla og heiðarlega barnakennara, sem jeg hafði viljað hlynna svolítið að.

Það hefði nú mátt búast við því, að hv. Ed. hefði þó sýnt einhverja viðleitni til sparnaðar, eftir að hafa hækkað þannig útgjöldin, en eftir samviskusamlega leit finn jeg ekki, að það hafi átt sjer neinn stað þar, nema ef finna mætti einhver sambærileg tilfelli við þessa brtt. mína, að veist hafi verið að einstökum mönnum. Það er eftirtektarvert, að þeir sömu menn, sem lagt hafa á móti þessari lítilfjörlegu upphæð, sem jeg fór fram á, flytja eða eru meðmæltir till. um útgjöld, sem skifta tugum þúsunda króna. Þessa bruðlunarsemisákæru þurfa ekki þeir að taka til sín, sem ekki voru svo smásmuglegir að vera á móti þessari smávægilegu upphæð, sem jeg fór fram á, að yrði veitt þessum manni. Þessi maður, sem slitið hefir starfskröftum sínum á því að stunda barnakenslu á hinum þjóðnýtasta grundvelli, var valinn til þess að verða fyrir

áreitni þeirrar þingdeildar, sem sumir — máske í skopi — hafa kallað höfuð þingsins; en sje þessi deild höfuð þingsins, er það höfuð varla of fult af sanngirni, ef dæma skal eftir verkum hennar. Nei, það eru sömu sjúkdómseinkennin, sem koma fram í háttv. Ed. og alstaðar annarsstaðar, annarsvegar bruðlunarsemi á fje ríkissjóðs, en á hinn bóginn aftur smámunasemi, eltingaleikur og áreitni við einstaka menn. Jeg legg svo þessa litlu brtt. mína undir dóm hv. deildar og vænti þess, að hjer verði henni sýnd hin sama góðvild nú og í hið fyrra skiftið, er hún var hjer á ferðinni. Jeg skal annars geta þess, að mjer þætti það leitt, sem þó má búast við að komi fram, — það er ekki nema eftir öðrum vinnubrögðum háttv. Ed., — að fjárlögin yrðu að fara fyrir sameinað þing vegna þessarar litlu brtt. minnar einnar saman.

Jeg finn ástæðu til þess að þakka hv. þm. Dala. (BJ) fyrir brtt. hans á þskj. 460, IV, um fjárveitingu til sjúkraskýlis í Flatey á Breiðafirði. Sumir hafa haldið, að hv. þm. Dala. hafi tekið upp þessa till. vegna tilmæla um það frá mjer, en svo er þó ekki. Hann kom til mín og spurði mig, hvað jeg hefði gert til þess að fá þessu framgengt, vegna þess, að hann hafði sjálfur fengið áskorun frá kjósendum sínum í Dalasýslu, sem vitja læknis út til Flateyjar, um þetta. Jeg þarf ekki að fara að taka það upp aftur hjer, af hvaða ástæðum það var, að hv. Nd. lagðist á móti till. minni um þetta, en tók þann upp, að veita 20 þúsund kr. alls til slíkra framkvæmda á einum 2 eða 3 stöðum. Háttv. Ed. fann auðvitað ástæðu til þess að klípa af þessari sjálfsögðu fjárveitingu, en það sætir mikilli furðu, að þessi háttv. deild skuli leyfa sjer að gera þetta og kalla það af sparnaðarástæðum gert, en fjölgar þó embættum á ýmsan veg og allskonar bruðlunarsemi á mörgum sviðum. Þannig hefir t. d. hv. Ed. viljað leggja fram fje til aukinnar starfrækslu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík. Það er að vísu síður en svo, að jeg telji þetta alveg ónauðsynlegt, en jeg tel þess þó varla meiri þörf en að tryggja líf og heilsu almennings. Þá liggur og fyrir þinginu till. til þál. frá tveimur háttv. þm. í Ed. um byggingu landsspítalans, og er þar hið sama uppi og í öðrum till. háttv. Ed., að þar er ekki um neitt smáræði að tefla. Mjer dettur ekki í hug að segja, að þetta sje alveg rangt hjá hv. Ed., en landsspítalinn á engan meiri rjett á sjer en sjúkraskýlin úti um land; þau eiga að hafa sama rjett og Reykjavík. Þeir sömu háttv. þm., sem þetta bera fram, geta þó verið þektir fyrir að leggjast á móti samskonar tilmælum og alveg eins nauðsynlegum, aðeins af því að þau tilmæli hafa komið frá mönnum, sem heima eiga víðsvegar úti um land. *(JBald*: Það er heldur farið að fækka mönnum hjer í deildinni). Jeg átel það ekki, þó að gestirnir fari, ef aðeins heimamenn geta haldist við á heimilinu. Annars hefir háttv. þm. Dala. (BJ) mælt svo vel fyrir þessari till., að jeg treysti mjer alls ekki að bæta neitt þar um, en vildi aðeins benda á þetta ósamræmi í atferli háttv. Ed. í þessu máli, eins og í mörgum öðrum, t. d. er lagst er á móti sjálfsögðum nauðsynjamálum eins og þessu, líklega aðeins af því, að þau viðkoma meira öðrum hjeruðum landsins en Reykjavík.

Jeg sje á þskj. 468 till. frá samgöngumálanefnd Ed., og af því að á það var minst í Ed. í sambandi við þetta mál, býst jeg ekki við, að hæstv. forseti telji mig fara um of út fyrir efni það,

sem hjer skal rætt, þó jeg fari nokkrum orðum um þetta atriði. Þó að þessi till. sje fram komin og að samgmn. Nd. hefir enn ekki athugað hana til hlítar, býst jeg ekki við, að hæstv. stjórn skoði þessa till. sem fullnaðarúrskurð í þessu máli. Að þessi till. er nú fram komin, býst jeg við, að stafi af því, að það þarf að semja um styrkinn til Faxaflóabátsins (Suðurlands) og Djúpbátsins fyrir næstu áramót, en jeg býst við, að fullnaðarákvæði um allar aðrar styrkveitingar geti beðið til næsta þings. Jeg get tekið það strax fram, að eftir þeirri stefnu, sem tekin hefir verið í þessu máli, er jeg algerlega mótfallinn því, að 5000 kr. verði veittar til Hornafjarðarbátsins, og jeg geri ráð fyrir, að meiri hluti samgmn. Nd. verði mjer sammála í þessu. Jeg vildi aðeins skjóta þessu fram, til athugunar fyrir hæstv. stjórn, til þess að hún bindi sig ekki um of við þessa till. Að vísu sagði einn mikilsmetinn háttv. þm. nýlega, að stjórnin ætti ekki að binda sig um of við till. samgmn. Nd., en jeg býst við, að þetta megi með jafnmiklum rjetti segja um sömu nefnd í hv. Ed. *(PO*: Nei, miklu síður). Miklu síður, segir háttv. þm. Borgf., en jeg held, að hann hafi alls enga ástæðu til þess að kvarta undan samgmn. Nd.; við höfum ávalt reynt eftir bestu getu að verða við óskum hans kjördæmis. Öll ummæli háttv. þm. Borgf. þessu viðkomandi voru órökstuddir sleggjudómar.

En mjer dettur það í hug í sambandi við styrkina til sjúkraskýlanna, að það er alleinkennilegt, að það er hið sama virðulega Alþingi, sem gerir þannig við þau, en samþykkir miklar aukningar á þjóðvegunum; en þrátt fyrir alla þá virðingu, sem jeg ber fyrir glöggskygni og þekkingu hæstv. fjrh. (JÞ) á þeim málum, er það þó trúa mín, að kostnaðurinn við vegina muni fara langt fram úr 25 þús. kr. á næsta ári, eins og hann gerði ráð fyrir. En það er eftirtektarvert, að þetta sama Alþingi veitir minni upphæð til þess að tryggja líf og heilsu almennings og að á þessu sama þingi er því og hreyft að fella niður berklavarnalögin að meira eða minna leyti, sem þó má nærri segja um, að líf allrar þjóðarinnar liggi við, að fái að standa óhögguð; og jeg verð að segja, að það er betra þó ríkið yrði að bera kostnaðinn af sjúkravist eins af hverjum tíu, sem gætu kostað sig, heldur en að níu af hverjum tíu gyldu þess, sem ekki gætu kostað sig af eigin ramleik. Það má enginn skilja þessi orð mín svo, að jeg álíti þessa sparnaðarviðleitni þingsins sprottna af öðrum ástæðum en þröngum hag ríkissjóðs, en jeg vil benda aðeins á þetta til þess að sýna fram á, að það skortir samræmið í gerðum hins háa Alþingis.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) talaði í gær fyrir till. sinni um hækkun stimpilgjaldsins um ½ milj. kr., og vildi hann láta verja þeim 500 þús. kr. til atvinnubóta. Samkvæmt allri starfsemi þessa hv. þm. í bæjarfjelagi Reykjavíkur, var það ekkert undarlegt, að þessi till. kæmi fram frá honum, enda er það í samræmi við ýmsar aðrar till. hans. Eftir þessu ætti þá ríkissjóður að fara að gefa sig við atvinnubótum í Reykjavíkurbæ. Hann sagði, að á hverjum morgni yrðu 200—300 atvinnulausra manna að halda heimleiðis aftur eftir árangurslausa leit eftir vinnu. Jeg dirfist alls ekki að rengja þessi orð frá svo merkum þm., en hvað sannar þetta annað en að það er of margt fólk í þessum bæ, miðað við þann atvinnurekstur, sem hjer á sjer stað; en jeg býst við, að þetta eigi sjer og stað í svipuðum hlutföllum í öðrum kauptúnum landsins. Ef þetta

kæmist á, að ríkið færi að skifta sjer af atvinnubótum, yrði eðlilegasta afleiðingin af því sú, að menn mundu síður beita sjer til þess að leita sjer atvinnu utanbæjar. En ef þetta er rjett, sem hann nú hefir sagt, að of margt fólk sje saman komið í þessum bæ, er það þá ekki í samræmi við frv., sem þessi sami háttv. þm. hefir flutt um breytingu á sveitarstjórnarlögunum, í þá átt, að ekki megi flytja fólk úr öðrum landshlutum, sem styrkþurfar hafi orðið í þessu bæjarfjelagi, burt hjeðan á þess framfærsluhjerað, án þess að samþykki þurfalinganna sjálfra komi til. Þessi háttv. þm. (JBald) benti á það, að hin nýsamþyktu verðtollslög hefðu aukið dýrtíðina í bænum, og því ætti ríkið að hlaupa undir bagga með verkafólkinu. Jeg er samþykkur hv. þm. í því, að verðtollslögin hafa aukið dálítið á dýrtíðina í landinu; en þau voru samþykt til þess að hlaupa undir bagga ríkissjóðs, er var allhallur, og ef það á að taka þetta fje frá ríkissjóði til atvinnubóta, yrði lítið úr hjálpinni við ríkissjóð.

Það hefir verið frv. hjer á ferðinni í þessari hv. deild um bygðarleyfi. Jeg verð að líta svo á, að ekki hafi verið mjög almennur áhugi á því, að þetta frv. gengi fram, úr því að það er ekki komið lengra en það er ennþá. En jeg mundi telja það ekki óverulegan þátt í því, að ráðið yrði fram úr atvinnuleysinu hjer og annarsstaðar, ef banna mætti bygðarleyfi. Jeg veit sem sje ekki til þess, að neitt sje gert til þess að stemma stigu fyrir fólksflutningi til bæjanna úr sveitunum, heldur sje þar tekið tveim höndum við hverjum sem er. Þrátt fyrir hinn mesta velvildarhug minn til verkalýðsins, sje jeg mjer þó alls ekki fært að verða með þessari till. hv. 2. þm. Reykv. af þeim ástæðum, sem jeg nú tók fram. Hann mintist og á það, að bæjarfjelagið hjer hefði látið vinna ýmisleg verk til atvinnubóta, og sýnist mjer sjálfsagt, að bæirnir geri það; þetta sama er oft gert af hreppsfjelögum úti um land, en auðvitað í ofursmáum stíl, enda er þar sjaldan af miklu að taka til þeirra hluta. Jeg hefði sem sagt gjarnan viljað hafa getað greitt atkv. með þessari till. hv. 2. þm. Reykv., en vegna hins erfiða fjárhags sje jeg mjer það þó ekki fært; enda er mjer ekki grunlaust um, að í sumum tilfellum geti þetta orðið til ills eins. Það gæti vel hugsast, að þetta dragi úr tilraunum manna að útvega sjer atvinnu annarsstaðar. Í annan stað get jeg búist við því, að þessi tillaga sje ein af þeim, sem fluttar eru án þess að búist sje við árangri.

Jeg held svo, að jeg láti óáreittar brtt. á þskj. 460 og eins frá öðrum háttv. þm., að öðru leyti en því, sem jeg tek afstöðu til þeirra með atkv. mínu, og mun jeg því ekki tala neitt sjerstaklega um þær. Enda vil jeg ekki stuðla til þess, að fjárlagafrv. komist ekki frá deildinni á þessari nóttu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hafði hugsað mjer að gera nokkrar athugasemdir út af ræðu hv. 2. þm. Rang. (KlJ) í gær, sem mjer þá vanst ekki tími til að svara. En fyrst vildi jeg þó víkja nokkrum orðum að tveim brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Er þá fyrst sú á þskj. 463, um að hækka áætlunina um stimpilgjaldið. Jeg skal ekki vera margorður um þetta, en vænti þess aðeins, að hv. deild sýni ekki þá ljettúð að samþykkja þá hækkun, því þó ástæða væri til að gera það, ef með því fengjust auknar tekjur í aðra hönd, þá er því ekki að heilsa hjer. Þetta 20% stimpilgjald á aðfluttum vörum verður nefnilega mjög

óviss tekjustofn. Þykir mjer öllu líklegra, að það verði fremur til þess að draga úr innflutningi heldur en að færa tekjur. Áætlunin hefir líka verið hækkuð úr 300 þús. kr. upp í 600 þús. kr., og álít jeg, að þar sje eins langt farið og forsvaranlegt er, svo framarlega sem þingið vill áætla varlega tekjuhlið fjárlaganna. Jeg get ekki heldur fallist á brtt. frá sama hv. þm. um 500 þús. kr. framlag í atvinnubótaskyni. Það nær ekki nokkurri átt, þegar búið er að samþykkja niðurlagningu allra verklegra framkvæmda, sem hægt er að komast af án í bili. Að samþykkja þetta væri því alger mótsetning við aðrar gerðir þingsins. Enda hygg jeg, að þessi brtt. sje fram komin frekar til þess að sýna skoðun hv. flm. á þessum málum heldur en að hann ætlist til, að þetta verði gert.

Þá vil jeg enn minnast á brtt. sama hv. þm. viðvíkjandi heimildinni til að greiða h/f Eimskipafjelagi Íslands 60 þús. kr. sem uppbót fyrir þau stimpilgjöld, sem það greiðir í ríkissjóð. Þetta fjelag á erfiða aðstöðu í samkepninni við önnur skipafjelög, þar sem það hagar ferðum sínum fyrst og fremst eftir þörf landsmanna, og heldur þannig uppi, sjer til skaða, vöruflutningum milli útlanda og hinna smærri hafna. Er það fjelag því alls góðs maklegt og ekki nema sjálfsagt, að ríkissjóður veiti því nokkurn styrk í þessu skyni. Eins og fjárhag þess er komið, er ekki einu sinni hægt að ætlast til, að það geti haldið þessu áfram án hjálpar frá ríkinu, eða geti að öðrum kosti staðist samkepnina. En að láta fjelagið borga þennan styrk með hlutabrjefum er alls ekki rjett. Það mætti vel verða til þess, að hlutabrjefin lækkuðu í verði, og kæmi það þá niður á fjelaginu, m. ö. o., fjeð yrði tekið af því sjálfu. Fjelagið á heldur ekki að auka hlutabrjef sín nema það um leið eignist verðmæti, sem beri það uppi. Að gefa út aukin hlutabrjef til að standast rekstrarkostnaðinn er ekki forsvaranlegt, og það er síst rjett af löggjafarvaldinu að þvinga neitt fjelag til að ganga inn á þá hættulegu braut.

Þá vil jeg með nokkrum orðum víkja að fáeinum atriðum í ræðu hv. 2. þm. Rang. (KlJ) frá í gær. Er þá fyrst það, sem jeg hafði gert að umtalsefni, að ávísað var 127 þús. kr. 1923 til símalagninga, lið, sem áætlaður var í fjárlögum 1923 með 20 þús. kr. Jeg deildi ekki á þáverandi stjórn fyrir þetta, en krafði landssímastjóra um heimildir hans fyrir þessu. Nú kveður hv. þm. þessu svo varið, að fjenu hafi verið varið til að ljúka við símalagningar, sem fje hafi verið veitt til 1922, en ekki hafi verið lokið við á því ári. En væri þetta svo, þá hefðu átt að vera um 100 þús. kr. eftirstöðvar af þessum lið það sama ár, 1922, en það var ekki. Fjárveitingin til nýrra símalagninga það ár mun hafa verið notuð til fulls, og þó orðið nokkrar umframgreiðslur. Þessi skýring mun því tæpast vera rjett. Er mjer nær að halda, að þetta stafi fremur af því, að lagðar hafi verið aðrar símalínur samkvæmt símalögum eða á annan hátt.

Þá gerði hv. þm. að umtalsefni hækkunina á 7. gr. fjárlaganna. Er þar um að ræða fje, sem áætlað er, að fari til vaxtagreiðslu af lánum ríkisins. Í meðferð þingsins hefir þessi liður hækkað um 216 þús. kr., og er það sem næst því — og þó öllu lægra — sem jeg hafði gert grein fyrir, að þyrfti í þessu skyni eins og nú standa sakir. Hv. þm. vildi gera grein fyrir þessum mismun þannig, að hann taldi hann stafa af gengismun vaxta af erlendum lánum. En svo er það ekki. Pundið var í

stjórnarfrv. reiknað á 30 kr. hvert og dönsk kr. á 115 aura íslenska. Þeim grundvallartölum hefir ekki verið haggað og engum athugasemdum hreyft við það, því þó gengið sje óhagstæðara nú, þá er engin ástæða til að ætla, að svo verði 1925. Nei, hækkunin, sem um er að ræða, og sem komin er inn í frv., stafar einvörðungu af innlendum lausaskuldum, sem munu nema um 3700000 kr., en ekkert er áætlað fyrir vöxtum af þeim skuldum í frv. stjórnarinnar. Hv. þm. gat þess, að hann hefði lagt til grundvallar skýrslu um skuldirnar frá ríkisbókhaldinu, en það er ljóst, að sú skýrsla er ófullkomin, því þar eru ekki nær því allar skuldir taldar með.

Þá talaði hv. sami þm. um það, að stjórninni væri innan handar að fá lækkaða húsaleigu fyrir skrifstofur ríkisins í Landsbankahúsinu, að minsta kosti svo, að samsvaraði byggingarkostnaði. En nú er það svo, að Landsbankinn hefir lagt til grundvallar kostnaðinn við bygginguna, er hann ákvað húsaleiguna, og telur sig víst ekki geta fært hana niður. Það væri því fremur, ef hægt væri að neyta samanburðar á húsaleigu annarsstaðar. Annars hefði það verið æskilegt, úr því að til stóð, að þessar skrifstofur fengju húsnæði í húsinu, að stjórnin hefði samið um húsaleiguna áður en skrifstofurnar fluttu þangað inn.

Viðvíkjandi skýrslunni um laun presta vildi jeg að lokum geta þess, að láðst hefir að taka með í reikninginn, að prestlaunasjóður greiðir líka laun prófasta. Einnig virðist vanta eftirlaun og ellistyrk presta, sem nú mun nema um 20 þús. kr. Hefir sjest yfir að taka það til greina, og vildi jeg grípa tækifærið til að benda á þessa skekkju.

Magnús Jónsson: Jeg á XIX. brtt. á þskj. 460. Er þar farið fram á, að veittar verði 900 kr. til útgáfu Laga Íslands. Fjárveiting í þessu skyni hefir áður verið hjer til umræðu, en náði þá ekki fram að ganga. Nú hefir upphæðin verið færð niður. Það er samróma álit allra þeirra manna, sem um þessi efni hafa eitthvað að segja, að það sje mjög nauðsynlegt, að þessu verki sje haldið áfram, og þarf ekki að fjölyrða um það. Hins hefi jeg aftur orðið var, að þessi styrkur muni eiga erfitt uppdráttar vegna þess, að feldar hafa verið niður eða lækkaðar fjárveitingar til annara hliðstæðra útgáfna, svo sem til Alþingisbóka og Fornbrjefasafnsins. Og það er ekki nema eðlilegt, að þegar feld er niður útgáfa slíkra verka, þá svipist menn líka um eftir fleiri, er hægt væri máske að komast af án. En jeg tel það ekki viturlega ráðið, þó einhver lítilfjörlegur sparnaður megi af hljótast, að höggið sje á þann þráðinn, sem helst þarf að halda áfram að spinna smátt og smátt. Á það er líka að líta, að þegar hefir talsverðu verið varið til að undirbúa þetta verk, en að hinu leytinu ekki um svo mikla fjárupphæð að tefla, að ríkissjóð geti munað um það til nje frá. Vona jeg, að hv. deild fallist á þetta.

Það má gera ráð fyrir, að það sje vanþakklátt verk að fjölga mikið brtt. við fjárlagafrv. En jeg get þó ekki látið hjá líða að geta þess, að jeg hefði óskað, að till. hv. þm. Dala. (BJ) um að hafa námsstyrk stúdenta óbreyttan hefði náð fram að ganga. Það er nú ljóst orðið af umræðum um málið, að það hefir ekki verið til þess ætlast, að stúdentar biðu tjón við lækkunina, heldur hefir þess verið vænst, að sáttmálasjóðurinn legði á móti af sínu fje. En nú er það svo, að fje er þar ekki

fyrir hendi. Og með því einu móti að láta háskólaráðið víkja alveg frá stefnu sinni og gefnum loforðum, mætti ná örlítilli upphæð, en sem alls ekki gæti fylt skarðið. Jeg vildi óska, að hv. þm. vissu eins vel og við, sem eigum að úthluta þessum styrk, hversu þægilegt það er að skifta honum milli þessara manna, sem flestir eru algerlega eignalausir og sumir allmikið skuldugir. Jeg held því, að seinast megi grípa til þess að spara á þessum lið. Hjer er heldur ekki um neina hækkun að ræða, heldur aðeins um það, að halda styrknum eins og hann hefir verið undanfarið. Gæta verður þess líka í þessu sambandi, þegar verið er að leggja nýjar byrðar á sáttmálasjóð, að með gengisfalli ísl. krónunnar er hann í raun rjettri orðinn helmingi minni en hann var í upphafi.

Jeg sje, að hjer er komin fram till. um að fella niður ritstyrk próf. Sigurðar Nordals. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þetta, en jeg vil minna hið háa Alþingi á það, að það hefir alveg nýlega gengið inn á þá braut að veita styrk til ritstarfa manni, sem þó hann sje allgott skáld og lipur rithöfundur, kemst ekki nálægt próf. Sigurði Nordal á bókmentasviðinu. Hitt væri jeg ekki ánægður með, ef hann ljeti þennan styrk ginna sig til að hafna ágætri stöðu, sem honum býðst annarsstaðar. Er ein ástæðan til þess, að jeg segi þetta, sú, að jeg er ekki viss um nema loforðinu yrði brugðið eftir stuttan tíma, og sæti hann þá eftir með lakari kjör. Fylgja styrknum úr hv. Ed. (frá hv. þm. A-Húnv.) nokkurskonar loforð um að kippa styrknum burt eftir nokkurn tíma. Jeg vil því, að styrkveitingin sje algerlega óháð því, hvort próf. Nordal sest að í Noregi eða dvelur áfram hjer heima. Er það vel, að hann hljóti styrkinn sem viðurkenningu fyrir ágætt bókmentastarf þau árin, sem hann var hjer heima.

Ennfremur er komin brtt. um að færa niður styrkinn til Jóhannesar L. Lynge um 1000 kr. frá því, sem samþykt var í hv. Ed. Það má ef til vill segja sem svo, að vel sje gert við þennan mann, þótt hann fái ekki nema 5000 kr., en jeg kysi þó heldur, að brtt. yrði feld og að hann fengi að halda þessum 6 þús. kr. Þeir, sem þekkja til kringumstæðna þessa manns, vita vel, að hann getur ekki komist af með minna. Og það er jeg sannfærður um, að svo framarlega sem fjárhagur ríkisins er ekki algerlega ófær, þá hefir Alþingi aldrei nema sóma af að veita þennan styrk.

Loks kem jeg þá að gömlum kunningja mínum, þar sem er eftirgjöf af viðlagasjóðsláni til Ólafs Hvanndals myndamótara. Jeg hafði áður farið fram á, að honum yrði gefin eftir afborgun af láninu og vaxtagreiðsla næstu 5 árin. Af þessu hefir nú verið klipið, svo það nær aðeins til afborgunar af láninu og aðeins um 3 ára skeið. Er þess nú að vænta, að hv. deild lofi till. fram að ganga, eftir þann holdskurð, sem á henni hefir verið gerður. Það er alveg víst, að það yrði síst happ að því, að þessi starfsemi legðist niður í landinu, svo senda þyrfti fje út í hvert sinn, sem prenta þyrfti hjer myndir. En það er svo hjer sem annarsstaðar, að þessi iðn á erfitt uppdráttar.

Af því að jeg hefi orðið var við það, að tvennar sögur hafa farið af því, hvað gerst hafi í fjvn. þegar viðlagasjóðslánið var veitt til sýslumannsbústaðarins í Borgarfirði, og því hefir verið haldið fram, að nefndin hafi ákveðið, að vextirnir skyldu vera 2% lægri en bankavextir, skal

jeg geta þess, að jeg sat þá í nefndinni og man alls ekki að svo væri. Sjest það líka, að nefndin ákvað alls ekki þá rentu, sem inn komst í fjárlögin. Nefndin lagði sem sje til, að vextirnir væru 5%, en svo kom fram till. frá þáverandi fjármálaráðherra um að hækka rentuna af þessu og öðrum lánum upp í 6%, og varð sú niðurstaðan. Þessi renta var þá ekki miðuð við bankana, heldur nokkurskonar slumpareikningur. Jeg hefi í sjálfu sjer ekkert að athuga við þetta mál, en taldi rjett, að þetta kæmi fram.

Hjer liggja fyrir tvær brtt. við áætlunarupphæðir, sem í rauninni gera ekkert til fyrir hag ríkissjóðs. Það er till. frá hv. fjvn. um að hækka gjöld til berklaveikisvarna um 100 þús. kr. og till. frá hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um að hækka stimpilgjaldið um ½ milj. kr.

Jeg er nú sammála hv. samþm. mínum (JBald) um það, að þetta gjald muni ekki verka svo mikið sem innflutningshöft, að tekjurnar af því verði ekki meiri en gert er ráð fyrir, en á hinn bóginn fellst jeg á, að gott sje að áætla alt varlega. Þó má ekki takmarka áætlunina svo mikið vísvitandi, að fjárlög, sem hv. þm. þykjast vissir um að verði tekjuhallalaus, líti út eins og tekjuhalli sje vegna of varlegrar áætlunar á tekjuhlið. Varfærni í þessu efni er altaf mikilsverð, en þeirri reglu að fara varlega má þó ekki fylgja sjer til skaða, svo óhug valdi hjá þeim, sem utan við eru og sjá, að fjárlögin eru afgreidd með tekjuhalla, þó hann sje aðeins á pappírnum í raun og veru. Getur að því verið lánstraustsspilling. Jeg tel því rjett að fella báðar þessar till., og jafna þær að nokkru hvor aðra.

Upphæðin til berklavarna hefir nú verið hækkuð um helming frá því, sem hún var í stjórnarfrv., og þó að berklaveikislögunum verði ekki breytt, er ekki víst, að framkvæmdin verði svo dýr sem menn ætla, enda hefir hv. allshn. afgreitt málið með þeirri áskorun til hæstv. stjórnar, að hún reyni að draga það sem hægt er úr kostnaðinum.

Sigurjón Jónsson: Það eru aðeins nokkur orð viðvíkjandi fyrstu brtt. fjvn. á þskj. 460. Hv. frsm. nefndarinnar (ÞórJ) lýsti yfir því, að nefndin væri klofin í þessu máli og að brtt. væri komin frá meiri hl. nefndarinnar. Hv. frsm. lýsti skoðun meiri hl. — eins og hans var von og vísa — þó að hann sje sjálfur í minni hl. Mjer fanst því sjálfsagt, að einhver okkar þriggja, sem erum í minni hl., lýsti afstöðu okkar.

Þessi styrkur til fangahúsa í Vestmannaeyjum og á Ísafirði, sem hv. Ed. tók upp, er að okkar dómi mjög nauðsynlegur og við fáum ekki sjeð, hvernig hið háa Alþingi fær neitað þessum stöðum um hann.

Á hvorugum staðnum er nú nokkurt hús til að geyma í þá menn, sem rjettvísin verður að sjá um, eða til þess að setja þá menn inn í, sem lögreglan álítur nauðsynlegt, að sjeu ekki á almannafæri.

Á báðum stöðum, í Vestmannaeyjum og á Ísafirði, er talsvert miklu fje varið til lögreglustarfa, og það er kynlegt, að jeg ekki segi hlægilegt, að þegar lögreglan vill banna einhverjum manni að vera á almannafæri, þá skuli hún ekki hafa neitt húsaskjól handa honum. Það eina, sem hægt væri að koma með á móti þessu, er það, að leigja mættí hús í þessu skyni. En það hefir reynst ómögulegt í Vestmannaeyjum, og hefir staðið í miklu stríði um þetta þar, því enginn vill láta hluta af sínu húsi til þessa. Í Vestmannaeyjum var fangaklefi áður fyrri, en hann var

seldur og peningarnir, sem inn komu fyrir hann, runnu í ríkissjóð. Á Ísafirði brann fangahúsið, eins og kunnugt er, í vetur, og var það óvátryggt, svo ekki er um það að ræða, að þaðan komi peningar til að byggja nýtt fangahús fyrir.

Annars verða þessar 16 þús., sem hv. Ed. tók upp til þessa, ekki taldar eyðslufje, heldur verða þær lagðar í þessar húseignir. Og þó þessi hús verði ekki bygð 1925, má ganga að því vísu, að það muni kosta ríkissjóð talsvert að koma þessum húsum ekki upp. Því það er ómögulegt hjá því að komast, að fangar þeir, sem rjettvísinni ber að sjá um, verði þá sendir eitthvað eða reynt að bæta úr húsleysinu með því að leigja einhver skýli, ef hægt er. Þetta eru fjölmenn fiskiþorp, sem eins og kunnugt er þurfa oft á lögregluvaldi að halda, og er það brýn nauðsyn að hafa hús þar, sem hægt er að stinga mönnum inn í.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta; jeg hefi nú lýst því, hvað vakti fyrir okkur 3 nefndarmönnum, sem ekki vildum fella þennan styrk niður.

Jeg hefi enga ástæðu sem fjárveitinganefndarmaður að tala um aðrar brtt., sem hv. frsm. kemur til að tala um, en jeg vil aðeins drepa á eina brtt., II. á þskj. 460, sem ekki mun vera búið að tala fyrir enn. Það er styrkurinn til aðstoðarlæknisins á Ísafirði. Jeg vil geta þess eins, að jeg heyrði af tilviljun rætt um þetta mál í hv. Ed. og varð þess var, að sá hv. þm., sem hana hjelt, hv. 5. landsk. þm. (JJ), hefir ekki fengið rjettar fregnir af þessum manni. Það er svo rjettsýnn þm. og grandvar í tali sínu, að orð hans hefðu ekki fallið eins og þau gerðu, ef hann hefði fengið rjettar fregnir af aðstoðarlækninum. Óhlutvandir menn hafa hjer látið þm. hlaupa með ósannan söguburð. Því þessi aðstoðarlæknir er góður læknir og mikilsmetinn af öllum, sem honum hafa best kynst á Ísafirði. Annað skal jeg ekki um þetta segja.

Pjétur Þórðarson: Jeg skal fara fljótt yfir sögu. Jeg vil láta í ljós viðurkenning mína á starfsemi hv. fjvn. fyrir stefnufestu hennar í fjármálum, og því fremur er jeg fús til að gera þetta, sem jeg mun standa með henni í flestu, ef hún kveinkar sjer ekki undan hinum þunga áfellisdómi hv. þm. Dala. (BJ). Þó ber nokkuð á milli mín og nefndarinnar, sjerstaklega þær brtt., sem hún hefir borið fram viðvíkjandi því, sem hv. Ed. hefir breytt í fjárlagafrv.

Annars skal jeg taka það fram, að jeg get farið mjer hægt, ef hv. þm. kjósa heldur að hafa aðrar umr. jafnframt eða vera fjarverandi. Það, sem helst ber á milli mín og hv. fjvn., er það, að mjer finst hún ekki hafa verið fyllilega samkvæm sjálfri sjer, þar sem hún hefir ekki tekið með töluvert háa upphæð, sem háttv. Ed. setti inn í fjárlagafrv. Mjer finst, að það hefði verið fyllilega í samræmi við stefnu nefndarinnar, að hún hefði lækkað þennan lið að nokkru eða lagt til, að hann fjelli niður. Á jeg hjer við 16. lið 16. gr., um styrk til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum.

Jeg get ekki sagt, að mjer og hv. fjvn. beri mikið á milli að öðru leyti, og jeg er, eins og jeg hefi þegar tekið fram, fús til að fylgja henni á hinni þröngu sparnaðarleið, því jeg lít svo á, að sparnaðurinn verði að fara þröngan veg hjer á hinu háa Alþingi, og mun jeg þó feta hann með nefndinni, þó jeg verði að játa, að jeg hika við að fylgja henni, ef hún fer

svo ógætilega um þessa þröngu leið, að hún kynoki sjer ekki við að stíga ofan á farlama gamalmenni og óvita börn, sem fyrir henni kynnu að verða. Með þessu á jeg við það, að mjer þykir hv. fjvn. nokkuð nærfærin um að skilja ekkert eftir af því, sem hv. Ed. setti inn, ein: og t. d. 38. lið 16. gr.

Jeg verð líka að segja það, að mjer finst nefndin ekki hafa tekið neitt tillit til þess, með hve miklu atkvæðamagni einstakir liðir hafa verið samþyktir í hv. Ed. Mjer finst þetta varhugavert, þegar auðsjeð er, að ýmislegt hlýtur að verða komið undir samkomulagi beggja hv. deilda að síðustu, og því virðist sem taka verði tillit til, með hve miklu atkvæðamagni hver fjárveiting er samþykt í hvorri deild.

Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um þessa styrkveitingu til Hítardalshjónanna. En jeg efast um það enn, að öll hv. fjvn. sje óskift með því að fella þennan lið niður, og það sama er að segja um hv. deild. Jeg vænti þess, að hv. þdm. sýni, að vel má veita þennan styrk án þess að þingið komist í nokkra klípu, og felli því till. hv. fjvn.

Jeg mun ekki fara í neinn samjöfnuð eða vekja upp deilur um einstaka liði, sem nú eru orðnir fastir í fjárlögunum, en ef vel er aðgætt, þá hygg jeg, að þar sje ýmislegt, sem í raun og veru hefir ekki meira siðferðilegt gildi til að standa þar ár eftir ár heldur en þessi styrkur að standa þar í eitt skifti. Það eru svo margar fjárveitingar, sem þegar eru viðurkendar, en hafa ekkert lagagildi, heldur standa ár frá ári vegna siðferðilegs og rjettlætisgildis, sakir sanngirninnar í því að láta þær standa. En jeg verð að segja það, að það, sem hv. Ed. samþykti með 12:2 atkv. að veita í þessu efni, megi skoða sem vitnisburð um rjettlætis- og siðferðistilfinning þeirrar hv. deildar, og muni svo fara, að hv. þm. hjer muni láta atkvæði sín falla í sömu átt.

Jeg skal svo ekki segja meira um þetta.

Af till. einstakra hv. þm. vil jeg aðeins leyfa mjer að minnast á tvær.

Sú fyrri er á þskj. 460 og er frá hv. þm. Dala. (BJ), um styrk til að reisa sjúkraskýli og læknisbústað í Flatey á Breiðafirði. Þrátt fyrir sparnaðartal og sparnaðarhug hv. fjvn. Ed. og Nd. get jeg ekki vel áttað mig á því, hvernig þær sjá sjer ekki fært að leggja meira fje til þessara stofnana heldur en gert hefir verið. Jeg get ekki áttað mig á því, þar sem fyrir liggja umsóknir frá 4 hjeruðum í þessu skyni og það er viðurkent, að ríkissjóði ber að leggja fje til þessa. Því það er viðurkent fyrir löngu og verður ekki hægt að kippa að sjer hendinni um fjárframlög í þessu efni, heldur verður að halda þeim áfram í stærri eða smærri stíl.

Jeg hygg nú, að það sje sanngjarnt og ekki erfitt að verða við 2 þessum umsóknum að fullu eða mestu leyti, og að það, sem þarf í þessu efni, myndi vinnast, ef tvær slíkar fjárveitingar yrðu veittar á ári. Mjer finst þessi till. hv. þm. Dala. hafa svo mikinn rjett á sjer, að ekki sje laust við, að það særði rjettlætistilfinning manna, ef hún næði ekki samþykki hv. deildar. Jeg veit að vísu, að erfitt er að gera upp á milli hjeraðanna, og jeg er ekki fær um að gera það, en mjer finst það fremur lítill útgjaldaauki, þó að 2 hjeruðum væri sint í þessu efni. Vil jeg því leyfa mjer að mæla með þessari till. við þá menn ekki síst, sem hafa líka rjettlætismeðvitund og jeg.

Loks skal jeg aðeins leyfa mjer að

minnast á fyrri till. á þskj. 467, frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Jeg ætla aðeins að láta það í ljós, að jeg hefði ekki misvirt það, þó að hann og aðrir hefðu fylgt hv. fjvn. í því að skera niður styrkveitinguna til Hítardalshjónanna. En þessi aðferð til að koma þessari fjárveiting út af fjárlagafrv. finst mjer ekki hæfa eða samsvara þeirri göfugmannlegu aðferð við að leggja með eða móti einhverju máli, sem jeg hefði búist við, að sá hv. þm. (SvÓ) myndi beita. Og jeg verð að segja það, að þó þessi till. komi fyr til atkvæða en till. hv. fjvn. um að fella styrkinn niður, get jeg ekki greitt henni atkvæði. Jeg myndi undir engum kringumstæðum hafa farið eins að, og jeg get ekki litið svo á, að slík till. sje fyllilega samboðin þeirri meðvitund, sem ætti að ráða, þegar menn leggja eitthvað til í fjárveitingum. Á jeg við, að ef einhver flytti fjárveitingartill. og mjer virtist jeg hafa jáfnan rjett til að flytja aðra eins, þá myndi mjer ekki detta í hug að flytja hana, ef jeg væri andvígur því, að hin till., sem ætti jafnan rjett á sjer, væri flutt af öðrum.

Jeg verð því að lýsa því yfir, að þótt þessi till. verði borin fram á undan till. hv. fjvn. um að fella niður styrk til hjónanna í Hítardal, þá mun jeg greiða atkv. móti þessari till. samt sem áður.

Klemens Jónsson: Jeg skal ekki vera langorður, enda þýðir lítið fyrir okkur hæstv. fjrh. að vera að karpa um þau atriði, sem við höfum báðir minst á; þau eru í rauninni fremur smávægileg. En mjer fanst, að jeg yrði að leita umsagnar landssímastjóra viðvíkjandi umframgreiðslunni, er hæstv. fjrh. mintist á, og jeg fjekk skýrslu frá honum, sem jeg birti í gær. Hann skýrði svo frá, að vanalegt væri að kaupa þá símastaura á haustin, sem nota ætti árið eftir, svo að í raun og veru kemur kostnaðurinn niður á tvö árin. Þessa gætti ekki svo mjög meðan fjárhagsárið náði yfir 2 ár, en ber meira á því síðan fjárhagstímabilið nær einungis yfir eitt ár. Þessari reglu hefir verið fylgt frá því fyrst var farið að leggja síma, að staurar og efni er keypt á haustin, en verkið unnið árið eftir.

Þá skal jeg minnast á hækkunina á 7. gr. Hæstv. fjrh. vildi halda því fram, að hún stafaði af lausum innanlandslánum. En það er nú einu sinni svo, að einn ráðherra getur ekki haft nefið niðri í öllu. Hann hefir sína undirmenn, er hann verður að treysta á, og sem vinna sín ákveðnu störf. Frá ríkisbókhaldara komu í des. nákvæmar skýrslur um lán ríkissjóðs, og hafa vextir verið reiknaðir eftir þeim. Jeg hefi ekki dregið þar út nema tvær upphæðir, lán úr kirkjujarðasjóði og aðra, er jeg man ekki hver var, og námu þær ekki nálægt 3 miljónum. Önnur þeirra var 120 þús. kr., en hin eitthvað lægri; áttu báðar að borgast í ár, og koma því fjárlagafrv. fyrir 1925 ekkert við. Ef hjer er um einhverjar misfellur að ræða, eru þær ríkisbókhaldinu að kenna. Jeg býst við, að skýrslan finnist í stjórnarráðinu, ef þess gerist þörf, þótt jeg viti það ekki upp á víst. Hitt er satt, að genginu á þessum lánum rjeði jeg. Að því er gjöldin til prestlaunasjóðsins snertir, þá vil jeg taka það fram, að þegar fjárlögin voru undirbúin 1922, kom hver ráðherra fram með sína till. og ræddu síðan frv. í sameiningu. Nú voru ráðherrarnir ekki nema 2 og annar fjarverandi aðallega þann tímann, sem undirbúningur stóð á, og varð jeg því að snúa mjer til skrifstofunnar. Hjer varð því að byggja þessa till. á skýrslum frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Jeg er ekki svo kunnugur í

því ráðuneyti, sem jeg er ekki í sjálfur, að jeg geti vefengt tölur, sem þar eru fengnar.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg skal ekki vera langorður, enda er það ekki margt, sem jeg þarf að svara.

Jeg skal fyrst víkja að þeirri athugasemd hæstv. fjrh. (JÞ), sem hann gerði við þá till. fjvn., að lækka fjárveitingu til flutningabrauta úr 100 þús. kr. niður í 75 þús. kr.

Hann sagði, að þetta væri ógerningur vegna vegalaganna nýju. Nefndin átti tal við vegamálastjóra um þetta, sem taldi þetta nægilega hátt, þar sem mundi mega hlaupa upp á ýmsar smáupphæðir, sem ekki yrðu notaðar að öllum líkindum, t. d. 10 þús. kr. til áhaldakaupa. Önnur ástæðan er sú, að þetta fje er alls ekki ætlað til nýbygginga, heldur aðeins til viðhalds. Hæstv. fjrh. hefir nú að vísu lofað hv. 2. þm. Rang. (KlJ) nýbyggingu á Holtaveginum, enda er slíkt engin ný bóla, þegar Suðurland á í hlut. *(PO*: Að minsta kosti austanfjalls). Um Norðurland er alt öðru máli að gegna. Þar er jafnvel það efni, er þangað hefir verið flutt í slíku skyni, flutt aftur í burtu með ærnum kostnaði fyrir ríkissjóð. Nefndin leggur því til, að till. verði samþykt. Það er meira að segja ástæða til að ætla, að eitthvað af þeirri upphæð, sem hún leggur til, geti orðið afgangs, er til kemur. — Jeg hefi lítið fleira að segja um athugasemdir hæstv. fjrh. Hann á hjer brtt. viðvíkjandi styrk til prestsekkju einnar. Við því er ekkert að segja, og jeg býst við, að nefndin sje þessu sammála, enda þótt hún hafi ekki borið sig saman um það. En vafasamt þykir mjer, hvernig hinn framliðni eiginmaður hennar hefði litið á þessa lítilfjörlegu 150 kr. fjárveitingu, ef hann hefði verið ofanjarðar.

Þá mintist hæstv. fjrh. á liði, sem vantaldir væru í fjárlögunum, til prestsekkna, berklavarna, ríkisfjehirðis o. fl. Þetta er víst alt rjett, enda tekur nefndin tillit til þess. Auk þessa má telja víst, að aðrar upphæðir, um 50 þús. kr., sjeu vantaldar, en nefndin gerði sjer ekki ljósa grein fyrir þessu, einkum þar sem hún bjóst við, að hæstv. fjrh. kæmi með brtt., sem þó hefir ekki orðið úr.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) kom fram með brtt. um, að stúdentar, sem eru við nám erlendis, nytu þar námsstyrks í 1—3 ár. Annars heyrðist mjer skoðun hans beinast í þá átt, að kippa ekki styrknum af neinum, en láta hann heldur vera lægri til hvers einstaks. Nefndin hefir heldur viljað fara hina leiðina, að kippa styrknum af þeim, er ekki hafa verið lengur en eitt ár, því að öðrum kosti mundi hann skiftast á milli svo margra, að hann yrði að engu liði. Þetta er harðræði, það skal jeg viðurkenna, en svo mætti segja um margt fleira, enda er ekki um gott að gera.

Þá átti hv. 2. þm. Eyf. aðra till., um að ríkið ábyrgðist 300 þús. kr. lán til að reisa rafstöð á Siglufirði. Fyrst og fremst leggur nefndin á móti þessu af því, að hún telur nógar ábyrgðir á baki ríkissjóðs nú þegar. Í öðru lagi er ekki getið neinnar tryggingar fyrir láninu, enda þótt svo hljóti að vera ákveðið. Í þriðja lagi er efnahagur bæjarins ekki svo glæsilegur, að hægt sje að ganga inn á till. þessa.

Svo er talið, að allar eignir bæjarins nemi 130 þús. kr., sem er þá rúmur þriðjungur þeirrar upphæðar, sem bærinn vill láta ríkið ábyrgjast.

Þá skal jeg loks snúa mjer að hv. þm.

Dala. (BJ). Hann byrjaði á að kvarta yfir því, að hann væri orðinn svo geðgóður, að það væri tæplega vansalaust fyrir hann. (*BJ*: Jeg var ekki að kenna neinum um það). Jeg bjóst nú ekki heldur við því, að það væri af því að hann hefði komið nálægt portum hins æðsta dómstóls. (*BJ*: Það var af því að mjer lá illa rómur).

Hann byrjaði á að tala um mannval þingsins, en niðraði þó þeim niðurstöðum, er þetta mannval hafði komist að, og gat jeg því ekki skoðað þessi orð hans annað en skop. En hitt mátti lesa út úr orðum hans: Það sjest á störfum þingsins, að jeg hefi ekki verið við. Hann talaði sjerstaklega um meðferð þingsins á fjárlögunum; sagði, að þar hefði verið skorið niður og nurlað, ekkert verið gert til þess að bæta hag ríkissjóðs, en margt til að spilla hag landsmanna. Þetta voru hans óbreytt orð. (*BJ*: Alt rjett haft eftir mjer, og alt rjett, sem jeg sagði). Jeg veit, að það sjer hver skynbær maður, að öflugur ríkissjóður hlýtur altaf að vera sú stofnun, er fyrst og fremst getur rjett við þjóðarhaginn. Þetta hefir þingið viljað gera. Til að gera ríkissjóð öflugan, hefir verið treyst á gjaldþol skattþegnanna á fremsta hlunn. En þegar ríkissjóður hefir tekið það af gjaldþegnunum, sem hægt er, hvernig á þá að hjálpa ríkinu öðruvísi en með honum? Með lánum, býst jeg við að hv. þm. Dala. segi, eins og fyr. Einhverntíma kemur þó að skuldadögum, og í öðru lagi eru lán nú ófáanleg. Bankarnir hjer hafa lagt meira kapp á að leggja fje í húsaskrokka hjer í Reykjavík heldur en að efla framleiðsluna, enda þótt það sje aðalatriðið. Ríkið verður því að flýja á náðir gjaldþegna sinna. En til þess að halda í horfinu með því móti, verður að beita hörku, fella niður óþörf útgjöld og fresta öðrum meðan hægt er, og þetta er það, sem þingið hefir reynt. Og jeg býst við, að hv. þm. Dala. verði að fallast á, að þetta var eina leiðin, sem fær var. Að minsta kosti hefir hann ekki bent á aðra betri.

Þessi hv. þm. talaði um sex svikaþætti, er spunnir hefðu verið á þessu þingi, og snerta þeir þessar fjárveitingar: Til dr. phil. Alexanders Jóhannessonar, til stúdenta erlendis, til Kristins Ármannssonar, til Guðmundar Finnbogasonar, til Jóh. L. L. Jóhannssonar, og þar að auki talaði hann um háskólahalaklipping og ýmislegt fleira.

Hv. þm. Dala. hefir nú áður talað um, að þingið efndi illa orð sín. Stóryrði sitja jafnan illa á vitrum mönnum. Jeg skal nú að nokkru athuga þessar staðhæfingar hv. þm. Dala. Þá kem jeg fyrst að dr. Alexander Jóhannessyni. Hann hefir um tíma haft laun í fjárlögum, en aldrei gegnt föstu embætti. Það veit hver maður, að fjárlögin hljóta altaf að vera breytileg og hver liður þeirra út af fyrir sig. Árið 1921 kom fram frv. um að gera þetta embætti dr. Alexanders Jóhannessonar að föstu embætti. Þetta frv. var felt þá með 15 atkv. gegn 10. Þingið lagði þá sinn dóm á þetta mál. Þingið sýndi með þessu, að það vildi ekki festa þetta embætti, maðurinn skyldi gegna þessu starfi meðan fje væri veitt til þess í fjárlögum, en lengur ekki. Þessi var vilji þingins.

Þá mintist hv. þm. Dala. á brigðmælgi við stúdenta við erlenda háskóla. Það hefir vitanlega engu verið lofað af þingsins hálfu, að þessir stúdentar skuli fá styrk í 4 ár, þó að mjer sje kunnugt um, að þeir hafa skilið það svo. Jeg býst ekki við, að jafnvel hv. þm. Dala. vilji slá því föstu, að ríkissjóður sje skyldur að halda

áfram á þessari leið, hversu margir sem stúdentarnir verða. Næsta ár geta þeir verið orðnir 60, og þá ætti að verja 72 þús. kr. úr ríkissjóði til að styrkja þá. Þetta er alveg óhugsandi. Þessi straumur heldur áfram, og frá nefndarinnar sjónarmiði er ekki vit í öðru en að stöðva hann, og heldur fyr en síðar. Auðvitað verður að beita hörðu til þess, og kemur þetta verst niður á eins árs stúdentum, til þess að hinir geti fengið samskonar upphæð sem áður. Þetta er kallað ranglæti gagnvart stúdentum. En höfum vjer þá engar skyldur gagnvart þjóðinni? Hagur ríkissjóðs var á þann veg síðastliðið sumar, að stöðva varð allar framkvæmdir. Hæstv. fjrh. lýsti yfir í vetur, að þá væri í fjárhirslunni fje til tveggja daga. Ef það er ekki skylda vor gagnvart þjóðinni að stöðva á þessari braut og ef það á ekki að ganga fyrir stúdentum, þá er jeg ekki með. Nefndin vill ekki drepa þjóðina fyrir einstaklingana, heldur vill hún að stúdentarnir dragist fremur aftur úr fyrir þjóðina.

Það er eitt, sem ætti að gera hv. þm. Dala. trúaðan á það, að hjer eru ekki svik af hálfu þingsins. Hann er í lögjafnaðarnefnd. Í fyrra lækkaði þingið styrkinn til þessarar nefndar, og taldi hv. þm. þá svikin loforð þings og stjórnar. (*BJ*: Hjer er um laun að ræða, en ekki styrk). Jeg bið fyrirgefningar á því, að jeg hefi mistalað mig, enda efast jeg ekki um, að nefndin vinni fyrir kaupi sínu. Nefndin ljet ekki við þetta sitja, heldur leitaði til dómstólanna. Nú hefir dómsúrskurður sýnt, að hv. þm. Dala. hefir farið þarna með staðlausu stafi, og hið sama er um alla þessa liði. Hann mundi fá sömu útreið fyrir hæstarjetti um hvern sem væri af þessum liðum. Ætti þetta að hafa kent hv. þm. að tala gætilega um þessa hluti. Það má þó vera, að hv. þm. geti fundið ráð til þess að jafna það upp, sem hæstirjettur hefir dæmt af nefndarmönnum. Jeg hefi sjeð reikninga nefndarinnar frá síðasta fundi, og virðist ekki mikið dregið úr kostnaðinum. (*BJ*: Jeg hefi enga reikninga sent).

Í þessu sambandi get jeg ekki stilt mig um að minnast á brtt. nefndarinnar um að fella niður þá athugasemd, sem hv. Ed. setti við vaxtahæðina af viðlagasjóðsláni Guðmundar sýslumanns Björnssonar í Borgarnesi. Í því máli hefir hv. þm. Dala. gefið vottorð um það, að fjvn. neðri deildar hafi litið svo á, að sýslumaður hefði þann rjett, sem hann telur sig hafa. Skal jeg leyfa mjer að lesa upp kafla úr þessu vottorði:

„Nefndin vildi greiða fyrir honum sem best og ákvað að veita honum 60 þús. kr. lán. En þar sem hver banki gat gert honum sama drengskaparbragð um lánið, ákvað nefndin að lána honum fjeð fyrir lægri vexti, og tiltók 6%. Eðli málsins og öll tildrög þess benda að sjálfsögðu til þess, að ætlun nefndar og þings hafi verið sú, að hann borgaði jafnan 2% lægri vexti en bankar taka á hverjum tíma.“

Það er eins og hv. þm. vilji láta í ljós, að nefndin hafi verið í kapphlaupi við bankana um að gera þessum manni greiða. Nú hafa 2 hv. þm., sem áttu þá sæti í nefndinni, hv. 4. þm. Reykv. (MJ) og hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), vottað, að það hafi aldrei borið á góma í nefndinni, að vextirnir skyldu vera 2% lægri en bankavextir. Þá er einkennilegt, að vottorðið nefnir 6%, því að nefndin gerði tillögu um 5%, en þáverandi fjrh. ákvað 6%, og við það sat. Hjer virðist ekki tekið nærri sjer að fara dálítið á svig við sannleikann,

og þannig er nú tilkominn einn svikaþátturinn, sem hv. þm. nefndi. Hvort hyggur nú hv. þm. Dala., að betur standi að vígi í þessu máli, þingið eða hann sjálfur með þetta vottorð. (*BJ*: Jeg mintist ekki á brugðin loforð við Guðmund sýslumann Björnsson, en það er gott, að hv. frsm. bætir nýju við). Hv. þm. hefir talið alt, sem þessu kemur við, svik af hálfu þingsins. Á sama hátt má rekja alt í sundur, sem hv. þm. bar fram. Það er sama hvar niður er borið, alstaðar er jafnlítið byggjandi á ummælum hans.

Í þessu sambandi mintist hv. þm. á þinglóminn, sem breiddi út vængina hjer í hv. deild, væri altaf að berja sjer, skera niður og klípa af. Það er ef til vill ilt að vera þinglómur, en þá má kalla hv. þm. Dala. allsherjar vísindalóm. En hann vantar stjelið til að stýra sjer með innan um allar staðhæfingarnar, svo að þær verði sannfærandi og sannar.

Þá gat hv. þm. um veðurspárnar og átaldi nefndina fyrir vitskort, er hún hefði ekki ákveðið miklu stærri upphæð. Í sambandi við þetta gat hann þess, að nú þyrfti að koma upp viðvörunarkerfi um alt land, til þess að vara menn við, er sjó sækja, þegar illviðri færu í hönd. Nefndin lækkaði upphæðina í samráði við forstöðumann þessarar stofnunar. Nú hefir hún verið hækkuð aftur og nefndin látið það afskiftalaust, enda tók hún fram, að hún mundi ekki leggjast á móti hækkun, ef mikil nauðsyn væri á henni. En hitt, um viðvörunarkerfið, hygg jeg ekki tímabært. Veðurspárnar eru ennþá svo óáreiðanlegar, að óhugsandi er að leggja út í slíkt nú þegar. Reynslan hefir sýnt, að þær hafa ekki staðist. Hv. þm. hugsar sjer, að kúlur verði dregnar á stöng í öllum verstöðvum, þegar illviðri fara í hönd. Nú eru veðurspárnar oft vitlausar, eins og jeg gat um, og gæti það því einatt komið fyrir, að óveðursmerki væri gefið og allir sjómenn gintir í land áður en þeir kæmu á miðin, þó að besta sjóveður hjeldist. Hverju skiftir það? Hjer er einnig um stórfje að ræða. Þetta má ekki komast á fyr en spárnar eru orðnar nokkurn veginn öruggar, en það á langt í land. Býst jeg við, að nefndin hafi íhugað þetta mál betur en hv. þm. Dala.

Hv. þm. kvað lítið hafa verið gert til að festa gildi peninganna. Hann hefir aldrei haft hugmynd um eða haldið því fram, að styrking ríkissjóðs væri um leið styrking á genginu. En hann hefir trú á öðru, sem sje því, að reikna alt í landaurum. Jeg veit ekki, hvað hann hefir fyrir sjer í því, að það geti bætt gengið. En hitt mun honum frekar ganga til, að við það hækkuðu laun allra starfsmanna ríkisins að mun, því að dýrtíðaruppbótin hefir ekki staðið í rjettu hlutfalli við verðlagið. Sagði hv. þm. ýmislegt í þessu sambandi, sem jeg get hlaupið yfir, endurtók ummæli sín, að þingið sviki gefin loforð og gerði landinu skömm.

Þá er að minnast á sjúkraskýlin. Hv. þm. taldi Flateyjarhjerað standa til þess að fá jafnsnemma styrk úr ríkissjóði sem önnur hjeruð. Jeg hefi haldið því fram áður, en þá var hv. þm. Dala. ekki viðstaddur, að þetta hjerað ætti mikla sanngirniskröfu á slíkum styrk, ef sjúkrahúsleysi ylli því, að enginn læknir fengist í hjeraðið, þar sem mjög er erfitt að ná til annara lækna. En þetta mál er mjög illa undirbúið. Taldi nefndin varhugavert að leggja til, að ríkissjóður veiti styrk til sjúkraskýla fyr en fjárreiður hjeraðsins eru svo góðar, að örugt má telja, að skýlið komist upp. Vjer höfum dæmi úr Ár-

nessýslu, sem ætti að vera töluvert lifandi. Þar hefir stórfje verið lagt fram, en sjúkrahúsið er ekki komið upp ennþá. — Þar, sem nefndin hefir lagt til að veita fje í þessu skyni, hefir málið verið komið í svo gott horf, að örugt var um, að nægt fje væri til þess að framkvæma verkið. Jeg skal ekki gera að umtalsefni, hvort rjettara er að veita stjórninni ákveðna upphæð eða ákveða beinlínis, að Borgarfjarðarhjerað skuli njóta þessa styrks, eins og hv. Ed. hefir gert. Sú tillaga kom í upphafi frá nefndinni. Jeg vil ekki gera þetta að ágreiningsatriði, þó að nefndin haldi fram sinni tillögu og þyki hún rjettust.

Hv. þm. kom næst að námsstyrk stúdenta, sem nefndin hefir ekki fært niður, en þó gert nokkra breytingu á. Það er ekki rjett, sem hv. þm. segir, að nefndin hafi lækkað styrkinn, heldur lagði hún til, að háskólaráðið legði fje úr sáttmálasjóði til móts við ríkissjóðsstyrkinn. Þetta gerði nefndin í góðri trú. Hæstv. forsrh. (JM) átti tal um þetta við mig, og kvað hann sennilegt, að það mundi geta orðið, eða eitthvað á þá leið; man jeg ekki, hvort hann komst ákveðnara að orði. Rektor háskólans fór fram á það við nefndina, að hún tæki brtt. sínar um þetta efni aftur til 3. umr., þar sem háskólaráðið ætlaði að halda fund um þetta leyti. Nefndin hafði því ástæðu til að telja það nokkurn veginn víst, að háskólaráðið mundi ganga að því að veita einhverja ákveðna upphæð. Þó að upphæð sú væri allhá, sem nefndin tiltók, var ekki fjærri henni að færa hana eitthvað niður, hefði háskólaráðið komið eitthvað á móti nefndinni, sem hún taldi sterkar líkur á. En er háskólaráðið kemur saman, þverneitar það að leggja eyri af mörkum og bar það fram sem aðalástæðu, að þingið hefði engin ráð yfir sjóðnum. Virðist hálfger metnaðarbragur vera á framkomu háskólaráðsins í þessu máli, og mun það ekki hafa íhugað það sem skyldi. Það er von, að hv. þm. Dala. ræski sig við því, að háskólaráðið skuli ekki vilja styrkja námsmenn, sem þó er beinlínis verkefni sjóðsins samkvæmt skipulagsskránni. Eru ekki stúdentar námsmenn? *(BJ*: Eins og t. d. verslunarskólanemendur). Jeg slæ því föstu, að stúdentar eru námsmenn. *(BJ*: Ekki allir námsmenn). Það má vera, að þeir sjeu ekki allir góðir námsmenn, og sje það ástæðan til þess, að háskólaráðið vilji ekki styrkja þá. *(BJ*: Fleiri eru námsmenn en stúdentar). En háskólaráðið treystir þeim ef til vill betur til að hafa gagn af styrknum, ef ríkissjóður leggur hann fram.

Undanfarið hefir háskólaráðið veitt ritlaun fyrir vísindalegar ritgerðir. Hv. þm. Dala. veit líklega flestum betur, hve há þau eru, en jeg hefi heyrt, að þau sjeu nokkuð há. Sumar af þessum ritgerðum eru sjálfsagt góðar, en aðaleinkenni þeirra er, hve langar þær eru, og kemur mönnum í hug, að það stafi af því, að ritlaunin eru miðuð við arkatölu. Hv. þm. Dala. kann auðvitað að meta, til hve mikilla þjóðþrifa þessar ritgerðir eru og hvort þarflegra er að verðlauna þær en að styrkja unga námsmenn. Jeg býst við því, að hann muni fallast á skoðun nefndarinnar, að ekki væri óheppilegra að veita úr sáttmálasjóði styrk til stúdenta heldur en greiða þessi ritlaun.

Annars er margt, sem segja mætti um stúdentafjölgunina. Hún er áreiðanlega orðin mikið alvörumál. Það er óhugsandi, að ríkissjóður hafi bolmagn til að styrkja stúdenta framvegis svo sem verið hefir; þeir eru orðnir svo margir. Og þessi fjölgun er ekkert undarleg. Sumir af lærðu

mönnunum, sem tala mest um hæstarjett, háskóla og vísindi, hafa komið þeirri skoðun inn hjá ungum námsmönnum, að þessi leið sje sjálfsögðust og öruggust til þess að komast áfram í landinu. Þetta er óheppilegt, að mínu áliti. Það er orðinn svo mikill fjöldi, sem fer þessa leið og lítur niður á hinar óæðri stjettirnar, að það verður til að losa um þjóðfjelagsskipulagið. Vinnuskiftingin verður öfug. Það vantar menn til að vinna algenga vinnu, en þessir menn fást ekki til þess; eru svo of margir um þá atvinnu, sem þeir hafa búið sig undir að stunda, og hafa ekkert að gera. Jeg sje ekki fram á annað en að þessi yfirfylling muni verða til þess, að ofhlaðið verður á annað borðið á þjóðarfleytunni, svo að hún hlýtur að taka inn sjó eða jafnvel sökkva. Þetta er því mikið alvörumál. Hv. þm. Dala. þykist auðvitað hafa bent á, hvernig megi gera tilraun til að stöðva þennan straum. En það er áreiðanlega ekki einhlítt. Þetta er komið inn í hugsunarháttinn, og honum þarf að breyta.

Það er ekki sjaldgæft að heyra hv. þm. Dala. tala um, hvernig þingið er skipað; bændurnir, sem þar sitji, hafi ekkert vit á æðri mentun. (*BJ*: Hvenær hefi jeg sagt það?). Hv. þm. hefir oft haldið því fram, að bændur hafi ekki vit á þeim málum. (*BJ*: Sko sannleikann). Þetta hefir líka heyrst utan þings og sjálfsagt ekki langt á að minnast. Gæti jeg ef jeg vildi tilfært ummæli ýmsra þessara svokölluðu lærðu manna, sem sýna mjög litla virðingu fyrir hinum lægri stjettum. Það má veiða menn með þessu. (*BJ*: Þetta er hauga-, og svo það, sem ekki má segja). Þeir líta á þetta ekki ósvipað því, sem veiðimenn, er ná í ánamaðkinn á öngulinn, til þess að beita honum. Þarna er ýtt við yngri mönnunum og þeir varaðir við þessari stjett á þingi og hinum óupplýstari stjettum. Þetta er beitan; með þessu er veiðin dregin að landi.

Hv. þm. gat þess, að hægt væri að biðja Nathan & Olsen um fjárframlag til stúdenta með eins miklum rjetti og hægt væri að ætlast til þess af sáttmálasjóði, að hann legði þeim til styrk nokkurn. Það má vel vera, að hægt væri að biðja nefnt firma um einhvern styrk í þessu skyni, en jeg býst varla við því, að það telji sjer skylt að veita hann. En jeg vil minna hv. þm. á það, sem hæstv. atvrh. hefir sagt, að vegur myndi vera til þess að láta sáttmálasjóðinn hlýða þessu ákvæði, að greiða stúdentum þann styrk, sem nefndin hefir ætlast til. Enda er jeg viss um það, að stjórn sjóðsins muni verða við þessum tilmælum, þegar til kemur. Hjer er sem oftar verið að þrýsta ríkissjóði til þess að láta sem allra mest af hendi rakna, þó að aðrir sjóðir hafi til þess enn betri aðstöðu.

Jeg hefi skrifað það eftir hv. sama þm., að margir stúdentar væru svo skuldugir, að þeir fái ekki undir risið, og að að þeim steðji eyðilegging, ef ríkissjóður hlaupi ekki undir bagga þeim til bjargar. Ef svo er ástatt, þá eru litlar líkur til þess, að námsstyrkur sá, sem stúdentar venjulega fá, komi þeim að verulegu liði, mörgum hverjum. Annars datt mjer í hug dæmi, sem sýnir, að enda þótt stúdentar sjeu oft skuldugir, þá komast þeir áfram þrátt fyrir það. Árið 1918 var jeg í fullveldisnefnd með hv. þm. Dala. Einu sinni þegar hann kom á fund í nefndinni bað hann okkur meðnefndarmenn sína um að geta okkur til, hvað hann hefði verið að gera rjett áður en hann kom á fundinn; en enginn okkar gat get-

ið upp á því. Jú, hann hafði verið að borga síðustu skuld sína frá stúdentsárunum. Og hvernig? Með því að taka nýtt lán. Þetta sýnir, að hann hefir komist áfram og að skuldir þessar hafa ekki orðið honum að fótakefli. Jeg þykist vera viss um, að þær hafa í engu stöðvað framgang hans eða starfsemi á neinu sviði. Og svo mun vera um fleiri duglega stúdenta. Skuldirnar munu út af fyrir sig hafa tiltölulega lítil áhrif á lífsferil þeirra, þó að altaf sje betra að vera laus við þær. Það kann að hafa verið rangt af mjer að nefna þetta dæmi, en jeg hefi á engan hátt sagt frá því hv. þm. til lasts, heldur til þess að sýna, að skuldirnar hafa ekki orðið honum til fyrirstöðu. En hitt er skiljanlegt, og það skýrir, hvernig afstaða hv. þm. er oft hjer á þingi, að þetta hefir gert hann of örlátan, þegar komið hefir til að veita öðrum styrki. Það vill oft verða svo, að menn verða fullörlátir, þegar um það er að ræða að koma í veg fyrir, að aðra skorti það, sem þá hefir sjálfa áður vanhagað um. Þetta er ekki nema mannlegt.

Þá er dálítið athugaverð till. sama hv. þm. viðvíkjandi styrknum til ísl. stúdenta erlendis, sem hann vill miða við Garðstyrk, að frádregnum 200 kr. Þetta hefir það í för með sjer, að styrkurinn á að greiðast í dönskum krónum, og er það, út af fyrir sig, ekki svo lítil hækkun frá því, sem nú er lagt til í frv.

Jeg get þessa, ef svo skyldi vera, að einhverjir hv. þm. hafi ekki gefið þessu atriði gaum.

Þá mintist hv. þm. á styrk til listaverkakaupa og vjek þar máli sínu einkum til mín og sagði, að það væri draumur okkar, að landið gæti keypt listaverk. Það er rjett, að jeg hefi sagt og segi enn, að það er rjettara fyrir landið að kaupa listaverk en að veita þennan svokallaða listamannastyrk. En ef hv. þm. vill fá mig til þess að ljá þessari till. sinni atkv., þá verður hann jafnframt að bera fram aðra, um að afnema listamannastyrkinn, og skal jeg fús til þeirra skifta, ef hann vill. Það er engan veginn rjett að styrkja menn þannig áður en þeir eru orðnir nokkrir listamenn, og á því að afnema þann styrk. Það er miklu betra, að landið kaupi sæmileg listaverk, þó að jeg álíti nauðsyn þess heldur ekki svo mikla, að hún verði ekki að hverfa fyrir nauðsyn ríkissjóðs. Þessi listaverkakaup getum við talað saman um, þegar „góðu árin" koma, og má vel vera, að við getum þá tekið höndum saman í þessu efni. — Annars sagði hv. þm., að það væri „praktiskt" fyrir landið að kaupa nú þessi listaverk, því að þau gætu orðið þúsund sinnum dýrari síðar. Jeg held nú samt, að við getum beðið rólegir með kaupin þess vegna. Flest þeirra listaverka, sem til mála gæti komið að kaupa, eru víst ekki svo dýrmæt, að nokkur hætta sje á því, að þau þúsundfaldist í verði þangað til við höfum efni á að kaupa þau.

Þá kom hv. þm. að Jóhannesi L. L. Jóhannssyni og þóttist nú heldur en ekki hafa tangarhald á mjer, vegna þess, að jeg hafði látið orð hníga í þá átt, að maður þessi væri víst ekki fullkomlega hæfur til þess að gegna því starfi, sem honum eru greidd laun fyrir. Jeg býst samt við því, að ekki verði talið fjarri öllum sanni, þó að nefndin ætlist til þess, að sjera Jóhannes geti starfað jafnframt eitthvað lítilsháttar að einhverju öðru en undirbúningi orðabókarinnar. Háttv. þm. saknaði þess mjög, að ekki væri hægt að

kveðja látinn mann, dr. Jón Þorkelsson, til vitnisburðar um hæfileika þessa manns og sína. Vera má, að þeir hafi verið aðrir og betri til þessa starfa, þegar dr. Jón sál. þekti hann, þar sem hann var þá ungur og í fullum lífskrafti, en þó svo væri ekki, þá ætti það engin goðgá að vera, þó að álitið væri, að hann sje ekki fullstarfhæfur nú á þessu sviði, mikið á sjötugsaldri, en gæti þó nokkuð aðhafst á öðrum sviðum. Vil jeg nú nefna dæmi nokkurt, þar sem þessa manns hefði sjálfsagt getað notið við. Það er ótrúlegt, að enginn hafi gegnt grískudósentsembætti hv. þm. Dala. allan þann tíma, sem hann lá veikur nú á dögunum, — svo mikils hefi jeg altaf metið þetta starf hv. þm., að það mætti ekki niður falla um langan tíma, — og býst jeg einmitt við því, að til þess starfa hafi sjera Jóhannes verið valinn maður. Og svona mun um fleiri störf, sem hann gæti gegnt, eftir hæfileikum hans að dæma. Þá er það og alkunna, að það hvílir bæði menn og skepnur að skifta um starf. Það mun því ekki fjarri sanni, þó að mjer yrði á að segja, að sjera Jóhannes gæti starfað að öðru jafnhliða orðabókarstarfanum.

Þá kem jeg að styrk til Þórdísar Ólafsdóttur, til þess að halda uppi kenslu í hannyrðum og heimilisiðnaði. Jeg skal játa, að jeg er lítið kunnugur þessari styrkveitingu, en hinsvegar hefi jeg heyrt, að kvenmaður þessi hafi dvalið hjer í Reykjavík í vetur og sömuleiðis síðastliðinn vetur, en nefndinni hefir skilist, að kenslan ætti að fara fram vestur í Dalasýslu. *(BJ*: Það er líka meiningin). Já, nefndin skildi það líka svo, en þar sem aldrei hafa legið fyrir neinar skýrslur um starfsemi þessarar konu, þá er nefndin að svo stöddu á móti þessari till. hv. þm. En geti hann aftur á móti upplýst, að hún hafi unnið að þessari kenslu, bæði í vetur og eins síðastliðinn vetur, þá skal jeg ekkert um það segja, nema sumir nefndarmenn kunni að fallast á till., þó að þeir sjeu nú á móti henni.

Þá er eftir að minnast á síðustu brtt. hv. þm. Dala., um lánsheimild handa sjúklingi vestur í Dölum, til þess, að hann geti leitað sjer heilsubótar erlendis. Það hefir áður legið fyrir frá honum brtt. sama efnis, en hún var feld í þessari hv. deild. Upphæð lánsins er lítil, aðeins 2000 kr., svo að landssjóður ætti að geta veitt það, ef hann á annað borð væri nokkurs megnugur. En það er annað atriði í sambandi við þetta mál, sem sje, að það sýnist eiga að vera auðvelt fyrir mann þennan að fá lánið í hvaða peningastofnun sem er, gegn þeim tryggingum, sem í boði eru, og ætti því að vera óþarfi fyrir hann að leita til ríkissjóðs í þessu skyni. Auk þess sýna læknisvottorð þau, sem lánsbeiðninni fylgja, engan veginn, að víst sje, að maðurinn fengi bata, og jafnvel ekki einu sinni stöðvun sjúkdóms síns, þó að hann fari utan. Í einu þeirra er þó gefið í skyn, að hugsanlegt sje að stöðva sjúkdóminn, og það hjer á landi. Þegar nefndin nú sá, að ekki var víst, að dómi lækna, að manninum kæmi lánið að fullum notum, þannig, að hann fengi bót meina sinna, ef hann kæmist utan, og þegar þess hinsvegar er gætt, að hann ætti að geta fengið lánið annarsstaðar, þá taldi hún ekki rjett, að lagt yrði inn á þá braut, sem samþykt till. beinir til. Hv. þm. gat þess, að ef keypt hefði verið áhald það, gagnvermir, sem talað var um á síðasta þingi, þá hefði verið hægt að stöðva sjúkdóminn hjer. Fjvn. veit ekkert um það, hvers vegna það var ekki gert — og þýðir því ekki að ásaka hana um það. Þá hefi jeg

lokið við hv. þm. Dala. og kem næst að hæstv. atvrh. Hann vildi ekki, fremur en hæstv. fjrh., færa niður þá upphæð til viðhalds vega, sem hv. Ed. hefir samþykt. Mjer kom þetta mjög á óvart, því að hann átti áður sæti í fjvn. og hafði þá álitið nóg í lagt að ákveða upphæðina 75 þús. kr., með því að taka fult tillit til vegalagafrv. þess, sem þá lá fyrir þinginu. (*Atvrh. MG*: En síðan hefir það frv. verið samþykt). Já, að vísu, en hæstv. atvrh. áleit þá, að þessi upphæð væri nóg upp á að hlaupa, þó að vegalagafrv. næði samþykki, ef ekki yrði ráðist í nýjar vegalagningar, sem ekki ættu rjett á sjer. Og nefndin verður að telja það órjett mjög að hlaupa eftir hverri beiðni hjer sunnanlands um nýbyggingu vega, jafnhliða því, sem svikist er um árlega að vinna fyrir ákveðnu tillagi til vega víða á Norðurlandi.

Þá mintist hæstv. atvrh. á kauptúnamælingar og skipulagsuppdrætti og gat í því sambandi um mörg símskeyti, sem borist hefðu þessu viðvíkjandi. Jeg gat nú ekki sannfærst af þessu, því að mjer var það fullkunnugt, að fyrir lágu kröfur um þessa uppdrætti frá kauptúnum og kaupstöðum víða um land. Hinsvegar álítur nefndin, að full tök sjeu á því að vinna að einhverju leyti úr þeim mælingum, sem þegar hafa verið gerðar, þar sem kunnugt er, að vegamálastjóri, sem unnið hefir að þessu verki, mun hafa mikið minna að gera í náinni framtíð en hann hefir haft undanfarið. Ennfremur er eins ástatt um aðstoðarmann húsameistara, sem búast má við, að taki laun framvegis og líklegt er, að hafi lítið að gera. Má því ætla, að hægt verði að halda verki þessu eitthvað áfram, þó að ekki sje veitt fje til þess sjerstaklega í fjárlögum.

Þar fyrir utan lítur nefndin svo á, að þetta sje ekki svo bráðnauðsynlegt verk, að ekki megi bíða eitt ár eða svo.

Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) gat um styrkinn til Árna Theódórs og breytingu þá, sem hv. Ed. hafði gert á honum. Jeg hefi áður tekið fram, að nefndin hefir óbundin atkvæði í þessu máli, og þarf því ekki að fara frekar út í þá sálma.

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hneykslaðist á því, að jeg hafði kastað því fram, að svo liti út, sem eitthvað af skuldum ríkissjóðs hefði týnst. Sagði hann, að enginn hefði leyft sjer að bera brigður á það, að ríkisbókhaldið væri í lagi. Nú hefir hann nýlega átt orðastað um þetta atriði við hæstv. fjrh., og virtist mjer þá, sem hann vildi kenna ríkisbókhaldinu um það, að hann hefði ekki vitað nákvæmlega um skuldir ríkissjóðs á meðan hann var fjrh. Enda er það ljóst, að í einhverju hefir bókhaldinu yfirsjest, þar sem þingið hefir nú í fjárlagafrv. hækkað vexti af innlendum lánum um 216 þús. kr. frá því, sem upphaflega var gert ráð fyrir í stjórnarfrv. því, sem hann sjálfur lagði fyrir þingið. Það sýnist ekki vera fullkomið ríkisbókhald, ef ráðherra á annað borð leitar til þess, sem getur ekki farið nær hinu rjetta um skuldir ríkissjóðs en svo, að á þriðja hundrað þús. kr. muni í vöxtunum einum.

Sami hv. þm. mintist á styrkinn til Guðmundar læknis Guðfinnssonar. Jeg get látið þess getið f. h. nefndarinnar, að meiri hl. hennar vildi fella þennan styrk niður, en minni hl. ekki, vegna þess, hversu sjerstök þörf er á því að fá hingað annan augnlækni til, og svo vegna hins, að nýir erfiðleikar hafa bæst við síðan Guðmundur byrjaði sjerfræðinám sitt.

Þá mintist hv. þm. og á bifreiðastyrk-

inn og skipulagsuppdrættina, og var hann það sanngjarnari en hæstv. atvrh., að hann sagði, að þeir þyldu bið 1—2 ár enn. Er áreiðanlega hægt að taka þau ummæli til greina.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) talaði líka um bifreiðastyrkinn og vildi halda honum í því formi, sem hv. Ed. hafði samþykt, sem eðlilegt er, þar sem það er einkum kjördæmi hans, sem nýtur styrks þessa. Nefndin er nú samt þeirrar skoðunar, að hann sje fullhár eins og hann er nú í frv., og liggja til þess ástæður, sem jeg hefi talað um áður.

Þá kem jeg að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Hann talaði fyrst um stimpilgjaldið, og þótti honum of vægt í sakirnar farið að áætla ekki hækkun þess nema 300 þús. kr. vegna verðtollsins. Jeg held, að hann hafi ekki rannsakað mál þetta nógu rækilega. Hæstv. fjrh., sem hefir kynt sjer málið betur en aðrir eiga tök á, hefir látið uppi það álit, að hv. Ed. hafi áætlað þessar tekjur fullhátt, og hefir hann getið þess við fjvn., að nóg myndi að áætla þær ekki nema 200 þús. kr., vegna þess, að innflutningsbann yrði á mörgum þeim vörutegundum, sem tollurinn næði til. Jeg veit ekki, hvort hv. 1. þm. S.-M. vill ætlast til þess, að ekkert innflutningsbann verði notað; en ef svo er, þá væri rjettara að áætla verðtollinn hærri.

Hv. þm. sagði, að fjhn., sem bar verðtollsfrv. fram, hafi áætlað tekjur af því 2 milj. kr. Þetta mun ekki vera rjett. Að minsta kosti minnist jeg þess ekki, að hafa heyrt gert ráð fyrir meiri tekjuauka vegna tolls þessa en 1½ milj. kr., eins og það var upphaflega úr garði gert frá hendi háttv. fjhn. En þegar þess er nú gætt, að innflutningur verður mikið takmarkaður og að enginn veit, hversu tollurinn sjálfur dregur mikið úr innflutningi, og enn það, að í meðförum þingsins á frv. fjell mikið undan verðtollinum af því, sem fjhn. ætlaðist í fyrstu til, þá er ekkert spursmál, að áætla verður tekjur þær, sem hann gefur ríkissjóði, mjög gætilega. Og þó nú að þessi liður yrði færður upp um segjum 100 þús. kr., þá er ekkert unnið við það í sjálfu sjer; síður en svo. Það yrði aðeins til þess, að nýjar útgjaldatill. kæmu fram undir umr., sem þá næðu ef til vill frekar samþykki. Frá þeirri hlið sjeð væri kannske mjög athugavert að hækka þessa tekjuáætlun, en það kemur reyndar ekki til greina hjer, því að upphæðin er nægilega há eins og hún nú er.

Þá mintist hv. þm. á till. þá, sem hann hefir steypt saman við till. hv. þm. Mýra. (PÞ) á þskj. 467. Hann hefir gefið hjer saman tvenn hjón, og það sýnir strax, að fljótlega vill bætast við slíkar styrkveitingar, eins og nefndin bjóst við, þegar hún leggur til, að styrkur til hjónanna í Hítardal verði feldur niður. En hv. þm. Mýra. fór reyndar strax fram á hjónaskilnað og vill alls ekki láta sín hjón, Hítardalshjónin, vera í neinu samfjelagi við hjón hv. 1. þm. S.-M. Skildist mjer, að hann vildi meina, að sín hjón hefðu miklu meiri þörf fyrir slíkan styrk heldur en hjón hv. 1. þm. S.-M. Það er nú svo. En þó er því ekki að leyna, að fleiri eru krakkarnir, sem hjón hv. 1. þm. S.-M. eiga. En nú er spurningin: Hvorum þessara þm. á að trúa, þegar þeir togast þannig á? Hv. 1. þm. S.-M. sagði, að óvíða á landinu væru hjón, sem ættu fleiri börn en þau, sem hann sækir nú um styrk fyrir. Það má vel vera, En hjón með 10 börn eru mjög víða um alt land, sem betur fer. Mun óhætt að fullyrða, að í hverri sveit sjeu dæmi slíks, t. d. veit jeg þess þrjú dæmi í mínum hreppi. Ef því gengið

verður inn á þessa braut, sem hv. Ed. hefir gert, þá verður straumurinn óstöðvandi og erfitt mun þinginu reynast að gera upp á milli þeirra styrkbeiðna, sem munu berast því svipaðar þessum. Nei, það eru sveitarfjelögin og hjeruðin, sem hjer eiga að hlaupa undir bagga — þó ekki með sveitarstyrk — en ríkissjóð á að láta þar fyrir utan.

Hæstv. forsrh. mintist á ýmsa liði, en þar sem hann er nú ekki viðstaddur, þá get jeg leitt hjá mjer að tala um þá, með því líka að jeg hefi minst á þá áður. Hann drap á fangahúsin, stúdentastyrkinn, tímakenslu mentaskólans o. s. frv. Hafði hann lítið við það að athuga, þó að fjárveitingin til tímakenslunnar yrði lækkuð dálítið, og er það í samræmi við það, sem jeg hefi áður haldið fram.

Að því er snertir styrkinn til útgáfu veraldarsögunnar, þá hefi jeg áður getið þess, að nefndin er þeirrar skoðunar, að slá megi því verki á frest. Mun vera hægt að komast af án þess fyrst um sinn, eins og hingað til, og enda er ekki ólíklegt, að dráttur á þessu geti orðið til þess, að ríkissjóði verði útgáfan ódýrari síðar.

Hann mintist á styrkinn til leikfimiskenslu og kvað illa farið, að hann væri feldur niður. Það gerði nefndin aðallega af því, að engar skýrslur um kensluna hafa verið lagðar fyrir þingið; það þótti nefndinni óviðfeldið, og einnig leit hún svo á, að hjer væri ekki um svo brýna nauðsyn að ræða, að ekki mætti fella styrkinn niður.

Jeg held það sje ekki fleira, sem jeg þarf að minnast á, og vænti þess, að jeg þurfi ekki að segja neitt frekara, því þó hv. þm. Dala. segi sitt af hverju, tek jeg það vel upp fyrir honum eins og oft áður.

Þó eru nokkrir punktar, sem jeg verð lítillega að minnast á. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) mintist á styrkinn til Skúla Guðjónssonar læknis. Jeg verð að segja, að nefndin lagði á móti þeim styrk. Hv. þm. gat þess, að brýn nauðsyn bæri til að styrkja hann, svo að hann gæti fullnumað sig í þessum fræðum; ennfremur sagði hv. þm., að hjer væru bygð hús án alls heilbrigðiseftirlits. (*JakM*: Þetta er ekki rjett). Jeg hefi þetta skrifað hjá mjer. Jeg veit, að hann ætlast til, að þau yrðu fullkomnari, en jeg held að engin umkvörtun hafi komið um, að því sje ábótavant. Annars ætla jeg ekki að mæla sjerstaklega á móti till., en læt hv. deild alveg ráða.

Blaðamannafjelagið hefir nefndin áður átt till. um, svo jeg þarf ekki að lýsa afstöðu hennar nú.

Þá mintist hv. þm. lauslega á landlækni og ljósmæðraskólann. Jeg get sagt honum, að jeg hefi altaf verið með þeirri styrkhækkun. Hvað snertir hjeraðslæknirinn, held jeg að ekki verði hjá því komist að greiða þessa upphæð, að samningarnir sjeu þannig úr garði gerðir, að hann eigi heimtingu á henni. Enda álít jeg, að meta megi störf þessa hjeraðslæknis til jafns við störf prófessora við háskólann. Öðru því, sem hv. þm. mintist á, hefi jeg áður svarað.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) á brtt., og bera þær vott um fínan stjórnmálamann. Hann hefir hækkað einn tekjulið á móti fjárveitingunni, sem hann leggur til. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir talað um þessa liði; finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um þá. Nefndin lítur svo á, að það sje óhugsandi að framkvæma það, sem hann leggur til. Það er ilt til þess að vita, að í Reykjavík skuli safnast saman svo mik-

ill fjöldi manna til að ganga hjer atvinnulausir mestan hluta ársins. Þetta leiðir til þess, að öll verkalaun hljóta að hækka meira en heilbrigt er. Framleiðslan úti um land getur alls ekki borið sig með því kaupgjaldi. Með þessari gífurlegu fólkssöfnun á einn stað er verið að raska okkar þjóðskipulagi. Jeg hygg, að þetta ólag eigi sinn sterka þátt í að halda peningum okkar niðri. Fyr en þetta lagast geta menn ekki búist við, að krónan hækki að ráði. Ef ríkissjóður færi nú að veita sjerstakt fje í atvinnubótaskyni, finst mjer skörin færast upp í bekkinn. Jeg held, að taka verði til einhverra annara ráða. Úti um landið verða menn að fresta nauðsynlegum framkvæmdum af því að vinnukraftinn vantar. En hjer situr fjöldi manns með höndur í vösum; ómögulegt er að nudda þessu fólki burt úr Reykjavík, fá það í vinnu út um land með þeim kjörum, sem þar er hægt að bjóða.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) mintist á Ólaf Hvanndal. Hann er talsvert iðinn við till. sína. Nefndin leggur enn á móti henni, eftir fengnar upplýsingar frá sama stað og áður. Þetta er tiltölulega lítill styrkur og gæti ekki bjargað manninum, ef því væri að skifta. Álít jeg það mest fyrirtekt af hv. þm. að halda þessu áfram meðan nokkur kostur er á að koma með brtt.

Hv. þm. Mýra. (PÞ) var eini maðurinn, sem hældi nefndinni töluvert, — en hann tók það líka alt saman aftur. Hann sagði meðal annars, að hún gengi á örvasa gamalmennum og ómálga börnum. Betra hefði það verið minna og jafnara hjá hv. þm. Þetta kannast jeg alls ekki við fyrir nefndarinnar hönd. Í stað þess að koma með sannanir neinstaðar frá, fór hann með miklum krafti að ákveða hjónaskilnað frá hv. 1. þm. S.-M., af því hann einn hefði rjett til þessa styrks. Jeg ræð hv. þm. til að snúa sjer til hlutaðeigandi sveitarfjelags, en lofa ríkissjóði að eiga sig. Þar á það best við. Með þessu vill nefndin ekki segja, að það sje ekki mannúðarverk að hjálpa þessu fólki, heldur hitt, að það sje ekki rjett eða gerlegt að skella þessu á ríkissjóð.

Þá vil jeg lofa hv. þm. Dala. að skamma mig talsvert án þess jeg búist við að svara honum frekar.

Bjarni Jónsson: Jeg vil minna menn á það, að í ræðu minni í gær var jeg meinlaus að því leyti, að jeg beindi ekki skeytum mínum til nokkurs manns. Jeg fann að því, hvernig niðurstaðan er orðin af þeim góða vilja, sem þessir ágætu menn hefðu komið með til þingsins; en jeg beindi því ekki að neinum sjerstökum, enda veit jeg ekki, hvernig hver þingmaður hefir greitt atkvæði um hin og þessi mál, þar sem jeg hefi verið fjarstaddur. En jeg sje niðurstöðuna. Fjárveitinganefnd nefndi jeg ekki, en hjer má ef til vill segja máltækið: Veit hundur hvað jetið hefir. Varð jeg hissa á, hvað mikilli reiði hv. frsm. (ÞórJ) hefir safnað við mig. Hann hefir bókstaflega borið á mig lygi og annað þvílíkt. Hann hefir verið að segja frá því, hvað jeg hafi talað við hann fyrir mörgum árum, og það á þann hátt, sem ekki er vant að gera á opinberum mannfundum eða þjóðþingum. Þetta hefir mjer komið undarlega fyrir, með því að jeg hefi ekki unnið til þesskonar hluta. En mest verð jeg hissa, þegar jeg sje, að hv. fjvn. hefir orðið svo reið við mig, að hún leggur á móti alveg sjálfsagðri lánbeiðni handa sjúkum manni. Þó ekki sje ugglaust um, að honum batni, er þó

von um að stöðva sjúkdóminn á því stigi sem er. Þegar hv. fjvn. finnur upp á að láta frsm. sinn segja, að þetta lán megi fá í hvaða peningastofnun sem er, þá verð jeg að segja, að hún er ekki vönd að sínum sannleika. Það vita allir á þessu landi, að það er ekki hægt að fá þesskonar lán í nokkurri peningastofnun hjer á landi. Það er frágangssök. Þeir um það, hvort þeir vilja láta saklausan mann gjalda mín, en jeg býst ekki við, að allir hv. þm. geri það.

Þá vil jeg minnast á styrkinn til Þórdísar Ólafsdóttur. Hún fjekk styrk fyrir nokkrum árum og var hv. fjvn. falið að bera hann fram. En hann var feldur á síðasta ári, og þess vegna hefir hún ekki unnið að þessu starfi í ár. En fyrir það ár, sem hún hafði styrkinn, hefir þing og stjórn haft skýrslu, og gæti hv. frsm. kynt sjer hana. Vona jeg, að að því athuguðu sjái nefndin ekkert á móti því að fallast á styrkinn.

Hv. frsm. mintist á, að jeg hefði talað um marga liði, þar sem brigðmælgi hefði komið fram af þingsins hálfu. Reyndi hann að hrekja staðhæfingu mína, en gat það ekki. Þinginu er sem sje skylt að standa við þá samninga, sem stjórnin gerir. Þegar stjórnin hefir samið við einstakan mann, þá eiga þeir samningar að standa. Þannig var samið við dr. Alexander Jóhannesson. Hann afsalaði sjer launuðu starfi og tók að sjer kenslu í málfræði við háskólann upp á sömu launakjör og dósentar, að hann fengi sömu aldursuppbót og dýrtíðaruppbót eins og þeir. Þetta er samningur, sem á að standa þangað til hann hefir brotið hann af sjer. Það er áreiðanlegt, að væri leitað um þetta til dómstóla í því landi, sem dómstólar eru, mundi landið verða dæmt til að standa við sinn samning. Annars gat hv. frsm. ekki hrakið neitt af þessu. En hann fór að tala um sýslumanninn í Borgarnesi; jeg hafði ekki nefnt, að verið væri að svíkja hann. Jeg vissi, að nefndin gekk út frá 2% lægri vöxtum hjá honum en alment gerist, þó að jeg myndi ekki hvort það voru 5 eða 6%.

Jeg get bent á fleiri dæmi um, að þingið hafi brugðist gefnum loforðum. Fyrir nokkru samdi eitt þingið við smið hjer í bænum, sem var launaður eftirlitsmaður við byggingar hjá bæjarstjórn, samdi við hann um að taka að sjer aðstoðarstörf hjá húsameistara ríkisins og veitti honum 7 þús. kr. í laun. Þessir samningar voru sviknir strax á næsta ári.

Í fjárlögum var það ákveðið fyrir nokkrum árum, að Árni Th. Pjetursson skyldi fá 500 kr. (árlega) þangað til stjórnin veitti honum jafngott starf og hann hafði áður. Nú er samþykt að breyta þessu. Þó er það loforð Alþingis prentað í sjálfum fjárlögunum.

Þá kem jeg að þeirri speki hv. frsm., að þingið geti ómögulega skuldbundið sig nema eitt ár í senn. Hvernig stendur á því, að við keyptum handrit Jónasar heitins Jónssonar dyravarðar og ákváðum fyrstu afborgun, aðra og þriðju? Engum manni datt í hug að svíkja um afborganir. (*Frsm. ÞórJ*: Þetta var ákveðið alt í sama skifti). Nú er verið að kaupa handrit frá Jóni Jónssyni sagnfræðingi, einn hluta þetta ár og annan hluta hitt árið o. s. frv. Áreiðanlega skuldbindur þingið sig til útborgana í framtíðinni, enda eru ekki dæmi til þess, að nokkur, sem kemst inn í 18. gr. fjárlaganna, hafi verið tekinn burtu þaðan nema dauðinn hafi tekið hann. Þar ákveður eitt þing mönnum æfilanga fjárveiting.

Jeg hefi sýnt fram á, að þegar þingið hefir gefið ákveðin loforð, er því skylt að

efna þau; enginn dómstóll í heimi — nema ef til vill hjer — myndi vera svo sljóskygn að dæma á annan veg. Við erum ekki hjer til að játa, að alt sje rjett, sem dæmt er; hver má hafa sína skoðun. (*TrÞ*: Er verið að ráðast á hæstarjett?). Jeg er ekki að tala um neinn rjett. Hefir nokkur heyrt mig nefna nokkurn rjett? Jeg var ekki að tala um rjett, jeg var að tala um órjett. (*TrÞ*: Hv. þm. sagði, að hvergi nema hjer yrðu dæmdir svo vitlausir dómar). Ef til vill, sagði jeg; hvort það verður gert, getur hv. þm. sagt sjer sjálfur.

Hv. frsm. hefir ekki hrakið neitt af því, sem jeg hefi sagt um brigðmælgi frá þingsins hálfu, að hún hefir þrásinnis átt sjer stað. Jeg þekki engan hættulegri blett á nokkru löggjafarþingi en þann, að ganga á bak orða sinna og gefa öðrum það fordæmi. Jeg gleymdi í gær að geta þess atriðis, sem helst mætti benda öðrum þjóðum á, hvaða aumingjar hjer væru að verki, og það er sendiherramálið. Þingið vill leggja niður okkar eina sendiherra fyrir nokkrar þúsundir, sem þó er óvíst, að sje hægt að spara við þetta.

Þó hv. frsm. vilji bera brigður á það, sem jeg sagði um veðurathuganirnar, þá kemst hann ekki upp með það. Það er ósatt, að veðurspárnar sjeu svo óákveðnar, að þær geti ekki orðið til hjálpar. Það hefir hv. þm. fengið úr sinni eigin smiðju. Í mörgum löndum koma þær að ágætum notum, og svo mun verða hjer á landi, þegar hin væntanlega stöð kemst upp. Hann reiknar þá ekki meira vert að bjarga mannslífum. (*BL*: Það getur eins orðið öfugt). Þetta kann auðvitað að vera, ef veðurspáin er skökk. Jeg lít á þetta sem öryggisráðstöfun, sem leiði ávalt til góðs. Þegar kona Gísla Súrssonar barði manninn niður með lurk, álitu margir það Gísla til skaða, en þó mætti ekki setja þá reglu, að það væri altaf til skaða.

Þá var eitt, sem hv. frsm. hjelt fram, að jeg hefði ekki talað af einlægni, þegar jeg taldi þessa upphæð smávægilega. Jeg get fullvissað hann um, að svo var. Þeim góðu herrum, sem fara með fjármálin, þyrfti að fara að skiljast það, að fjárhagurinn verður ekki bættur með eintómri þröngsýni, með því að grína í aurana, en gleyma þúsundunum. Hitt gat hv. frsm. ekki sagt nema með vondri samvisku, að jeg hefði aldrei verið viðstaddur. Jeg var viðstaddur í byrjun þings. Þá hjelt jeg ræðu um fjármálin og benti á, hvert skyldi halda, og hv. þm. var frjálst að fara eftir því, hefðu þeir viljað. Hv. frsm. getur sjálfsagt reiknað það út, að jeg, $^1/_{28}$ hluti deildarinnar, mundi ekki hafa ráðið um niðurstöðu allra mála. Það sagði hann rjettilega, að ríkissjóður væri fyrir þjóðina, en þjóðin ekki fyrir ríkissjóð. Aðeins að hann hefði í tillögum sínum fylgt þessu fram og munað, að ríkissjóður var þjóðarinnar eign, sparisjóður hennar eða banki, sem hún getur notað þar, sem aðrar peningastofnanir komast ekki að eða eru ekki nógu greiðviknar. Lánsstofnanirnar verða auðvitað að fara eftir vissum reglum um lán sín. En sjóður þjóðarinnar getur lagt fram fje, lánað það eða gefið, eftir vild. En að ríkissjóður sje sjóður þjóðarinnar, virðist hvorki hv. fjvn. nje hv. deild hafa gert sjer ljóst. En það á að sálga þjóðinni til þess að koma upp sjóðnum, eins og þjóðin væri til fyrir hann, en hann ekki fyrir þjóðina. Hjer er verið að draga úr framleiðslu landsins til þess að auka sjóðinn, í stað þess að efla framleiðsluna, því að með því móti bætist hagur þjóð-

arinnar mest. Það er vafalaust gott að eiga sjóð. Og hann gæti orðið mikill, ef hann yrði lagður á vexti og þjóðin gæti beðið eftir því í langan tíma að mega skerða hann. En jeg hygg, að viturlegri sje sú leið, að verja því fje, sem til er, til þess að efla með framleiðsluna, og þar með afkomu alþjóðar.

Hv. frsm. mintist á styrkinn til stúdenta. Hann gat þess, að það hefði ekki verið ætlun nefndarinnar að lækka hann, en engu að síður hefir hún lækkað hann um helming. Vildi hv. nefnd skipa öðrum sjóði, sem Alþingi hefir ekkert vald yfir, að leggja jafnmikið af mörkum til stúdentanna. Hv. frsm. sagði margt kynlegt í því sambandi. Hann sagði meðal annars, að það væri hægt að neyða háskólaráðið til þess að leggja fram helming fjárins. Ennfremur hjelt hv. frsm. því fram, að samkvæmt reglugerð sáttmálasjóðsins væri það meðal annars verkefni hans að styrkja íslenska stúdenta. En í reglugerðinni er hvergi talað um stúdenta sjerstaklega, heldur námsmenn yfirleitt. Stúdentar eru að vísu námsmenn, en það eru einnig allir aðrir, er nám stunda. Og háskólaráðið ákvað að láta ekki aðra fá styrk úr sjóðnum en þá, er hefðu lokið kandídatsprófi hjer og vildu fara utan til framhaldsnáms. Sjóðurinn er ekki stærri en það, að hann getur ekki tekið að sjer stúdenta alment, auk þessara kandídata og annara, sem hann samkvæmt reglugerðinni verður að sjá um. Má þar til dæmis nefna útgáfu vísindarita. Verði stúdentum veittur styrkur úr sjóðnum, þá yrði að hætta slíkri útgáfu. Og það er enginn vafi á því, að leggi sjóðurinn fram þennan helming styrksins til stúdenta nú, þá verður hann látinn leggja fram báða helminga næst. Eftir því, sem hv. frsm. og þeir, sem honum fylgja um þetta mál, hafa talað, þá er enginn vafi á því, að það getur orðið verra fyrir háskólann að hafa þennan sjóð heldur en engan. Og það er einnig verra fyrir stúdenta, því að það verður til þess eins, að styrkurinn til þeirra lækkar. Þar sem landssjóður er til vegna þjóðarinnar, þá er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að þeir fái styrk úr honum, því að þeir eru brot af þjóðinni engu síður en aðrir, og feður þeirra og mæður eru það líka og hafa lagt sinn skerf í þennan sjóð og eru kjósendur; og það verða þessir stúdentar einnig á sínum tíma.

Hv. frsm. sagði, að háskólasjóðurinn greiddi kennurum skólans ritlaun fyrir þær bækur, er þeir rita, en svo er ekki. Hann veitir aðeins styrk til útgáfu vísindarita kennaranna, en greiðir engin ritlaun. Væri gaman að vita, hvaða tilberi hefir veitt hv. frsm. þessa fræðslu. Flestir þeir styrkir, sem veittir hafa verið úr sjóðnum til bókaútgáfu, hafa verið svo litlir, að þeir, sem hafa fengið styrk, hafa orðið að bæta við hann úr vasa sjálfs sín og hafa ekki fengið það endurgreitt, nema ef um alþýðlegar bækur hefir verið að ræða. Þá hafa þeir fengið $^1/_{20}$ hluta eða svo. Þó segir hv. frsm., að þeir teygi að óþörfu úr ritgerðunum til þess að fá sem mest fyrir þær. Þó að jeg ef til vill verði rengdur í þessu, sökum þess að jeg starfa við skólann, þá skal jeg taka það fram, að jeg er ekki háskólinn, en hefi leyft mjer að tala um þetta sökum þess, að það er enginn hjer viðstaddur af hlutaðeigandi mönnum til þess að bera blak af háskólanum. Er það hart, að hv. frsm. skuli leyfa sjer, hjer á hinu háa Alþingi, að bera slík brigsl sem þessi á háskólann.

Þess ber einnig að geta, að þessi sjóður er ekki stór, sem sjá má af því, að renturnar eru ekki nema 50 þús. kr. á ári. Hv. frsm. sagði, að við, sem vildum veita fje til vísinda og lista, reyndum þar með að innræta þjóðinni, að sem flestir ættu að ganga þennan veg. En jeg hefi aldrei látið slíka skoðun í ljós, því jeg hefi einmitt um tugi ára varað menn við að ganga þá braut, sem jeg tel versta veg, sem hægt sje að ganga í þessu landi. Er það von að jeg líti svo á, þegar sjálfur háskólinn er svívirtur í umræðum á Alþingi. Og jeg veit, að hver sá maður, er verið hefir í þjónustu þessa lands, ræður engum, hvorki ungum nje gömlum, að ganga þá braut, því það er bæði vanþakklátt og illa launað. Þar sem hv. frsm. leyfir sjer að bera það á borð fyrir menn, að jeg hafi gert lítið úr viti og skilningi bænda, þá eru það ósannindi, því jeg er kunnur að því um tugi ára að hafa haldið því fram í stúdentahóp, að bændur beri meira skyn á skáldskap en við hinir svonefndu lærðu menn, og við það þori jeg enn þá að standa, hvernig sem bændur hjer á þingi reynast. Þá hneykslaði það hv. frsm. mjög, að jeg hjelt því fram, að það væri ilt fyrir stúdenta að skulda mikið að námi loknu. Jeg held því þó fram ennþá, að sje vont fyrir menn að koma með 6—7 þús. kr. skuld á bakinu frá prófborðinu, og eiga svo að þjóna landinu, sem vanþakkar alt og launar illa. Þá sagði hv. frsm. sögu af sjálfum mjer. (*Frsm. ÞórJ*: Jeg ætlaði ekki að meiða hv. þm. með þeirri sögu. Það er rjett, mjer gramdist heldur ekki saga hans. En úr því farið var að minnast á þetta, þá skal jeg taka það sem dæmi máli mínu til stuðnings, að þegar jeg varð kandídat, þá skuldaði jeg svipaða upphæð og jeg mintist á áðan, sem sje 6—7 þús. kr., og loksins eftir 24 ár varð jeg að greiða síðustu skuldina með nýju láni. Og menn skulu ekki ætla, að þetta hafi verið vaxtalaust öll þessi ár og hafi ekki verið mjer byrði, þó að jeg ef til vill hafi borið það betur en margur annar. Enda hefi jeg átt betra með það en margir, því fáir hafa verið vinsælli en jeg, enda þótt jeg hafi oft verið stórorður hjer á þingi.

Þá mintist hv. frsm. á styrkinn til listamanna. Í því sambandi vil jeg taka það fram, að ekki má blanda saman fjárveitingu til þess að kaupa listaverk og námsstyrk. Því fullnuma listamenn á að styrkja með því að kaupa af þeim verk þeirra, en þá, sem eru að læra, á að styrkja til náms, því að þeir eiga ekki minni heimtingu á námsstyrk en þeir, sem geta gengið í alla skóla landsins og notið þar kenslu endurgjaldslaust. Vona jeg því, að till. mínar um listastyrk verði samþyktar og að hv. frsm. greiði þeim atkvæði. Jeg ætla mjer ekki að tala jafnlengi og hv. frsm., enda hefi jeg ekki eins mörgu að svara sem hann, og jeg get ennfremur slept að svara mörgu, sem hann sagði í reiði sinni.

Hv. nefnd hefir lagt það til, að styrkur til hjúkrunarnáms verði feldur niður, en jeg vænti þess, að hv. nefnd taki aftur þá till. sína, er hún hefir heyrt, hvernig á stendur. Hjer er ekki um utanfararstyrk að ræða, heldur aðeins lítinn styrk til hjúkrunarkvenna, sem lokið hafa námi hjer, en eiga um tíma að ganga í sjúkrahús til þess sjerstaklega að læra meðferð á tæringarsjúklingum. Er styrkur þessi aðallega ætlaður hjúkrunarkonum, sem dvelja til sveita, og er ekki nema sanngjarnt að veita hann, þegar þess er gætt, að hjúkrunarkonur þessar fá ekkert kaup meðan þær dvelja í sjúkrahúsunum. En erlendis fá slíkir lærlingar húsnæði, mat og kenslu ókeypis, og jafnvel eitthvert kaup. Jeg skal taka það fram, að einn af

merkustu læknum landsins bað mig um að tjá hv. þm. þetta, og vænti jeg, að hv. fjvn. haldi ekki till. sinni til streitu, er hún hefir heyrt boðskap þennan.

Jeg vil geta þess, að þó jeg hafi borið fram till. um stúdentastyrkinn eftir beiðni og í nafni háskólaráðsins, þá geri jeg það einnig af sannfæringu minni, því jeg veit, að hjer er satt og rjett skýrt frá að því er snertir háskólasjóðinn.

Jeg gæti sagt ýmislegt um aðrar brtt. hv. nefndar, en jeg hirði ekki um að vera að karpa við hv. frsm. um þær. Jeg vona, að jeg hafi ekki meitt hv. frsm. í orðum mínum. Það er þó eitt atriði, sem jeg vildi minnast á, og það er styrkurinn til Jóhannesar Lynge Jóhannssonar. Hv. frsm. sagði það í gær, að maður þessi væri ekki fær um að inna þetta starf af hendi, sem hann hefir unnið að undanfarið og notið styrksins fyrir. Hygg jeg vafasamt, að hv. frsm. geti talað um þetta, og hlýtur hann því að hafa þetta eftir öðrum. Jeg bið því hv. þingmenn að virða þessi orð hv. frsm. að vettugi, þar til hann hefir nefnt heimildarmann sinn, og væri gott, að hann gerði það, svo hægt væri að ná í þann sannleikspostula, svo honum líðist ekki að rægja þannig saklausa menn. Það má segja um hann eins og skáldið segir:

Þjer má vera þungleikið,
þegn, í tuski hörðu.
Stærri höfum stykkjum við
steypt á bera jörðu.

Það hefir verið brotin höggormstönuin úr þeim, sem meinlausari hafa verið en þessi rógberi.

Tryggvi Þórhallsson: Það voru aðeins örfá orð um nokkrar till.

Jeg er einn af þeim hamingjusömu eða óhamingjusömu mönnum, sem eiga sæti í fjvn., og er jeg mjög ánægður með að eigi hlut í þeirri óþökk, er nefndin hefir hlotið fyrir starf sitt hjá hv. þm. Dala. (BJ). Hann átaldi mig fyrir það í gær, að jeg brosti, en þó sat jeg á mjer að brosa í lengstu lög. Annars finst mjer eina rjetta svarið við ræðum hv. þm. sje að brosa að þeim. Og yfirleitt finst mjer þessi innreið hans í þingið nú mjög brosleg.

Jeg vildi aðeins víkja að örfáum till. Skal jeg þá fyrst minnast á stúdentastyrkinn. Er till. fjvn. um hann tilraun til þess að fá sáttmálasjóðinn til þess að leggja fram fje í þessu skyni. Það var fyrir 2 dögum haldinn fundur hjer í bænum um þetta mál, og lýsti þá einn af prófessorum háskólans yfir því, að hann ætlaði sjer að fá styrk úr sáttmálasjóðnum til þess að gefa út bók um axarsköft þingsins. En jeg get ekki neitað því, að mjer finst þarfara að styrkja stúdenta en að eyða fje í útgáfu slíkra bóka. Jeg vil beina því að hæstv. landsstjórn, að hún gangist fyrir því með oddi og egg, að háskólaráðið leggi fram af sáttmálasjóði helming á móts við landssjóð til styrktar stúdentum.

Styrkur sá, 4 þús. kr., er fjvn. þessarar hv. deildar lagði til, að yrðu veittar til frjettastofu blaðamanna, hefir í hv. Ed. verið lækkaður niður í 2 þús. kr. En það er ómögulegt fyrir frjettastofuna að komast af með svo lítinn styrk. Því hefir hv. 3. þm. Reykv. (JakM) borið fram till. um að laga þetta aftur, og styð jeg þá till. Þetta er þörf starfsemi, sem hefir þýðingu, ekki eingöngu fyrir blaðamenn, heldur og allan almenning, og fje það, sem landssjóður veitir fyrirtækinu, kemur til hans aftur, því það mun mest alt fara í símskeytakostnað. Önnur till. var á ferðinni hjer á dögunum, þáltill. frá 3. þm. Reykv. (JakM) og hv. þm. V.-Ísf.

(ÁÁ), um það að skora á landsstjórnina að semja við próf. Sigurð Nordal um að vera kyr við háskólann. Þessi þáltill. var samþykt hjer í hv. deild við fyrri umr., en hæstv. fjrh. (JÞ) hefir ekki álitið sjer skylt að greiða fje eftir þál., og því hefir það ráð verið tekið að setja í fjárlögin upphæð í þessu skyni. Var það samþykt í hv. Ed. Nú bera hv. þm. N.-M. (ÁJ og HSt) fram brtt. um það, að liðurinn falli burt. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þessa till. Um mál þetta var mikið rætt í hv. Ed. Aðeins vil jeg víkja að höfuðatriðunum í ræðu hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ). Kvað hann það stinga í stúf að veita fjárveitingu í þessu skyni, þegar reynt væri að spara á öllum öðrum liðum. Jeg játa fullkomlega, að það er rjett, að þetta stingur í stúf. En jeg vil halda því fram, að það sje engu að síður rjettmætt, að í þessu efni stingi í stúf, því að í þúsund ár Íslandsbygðar hefir það stungið í stúf, hve mikla rækt Íslendingar hafa lagt við þjóðleg fræði, og það er mesta hrósunarefni Íslendinga til þessa. Allan þennan tíma hefir þjóðin lagt alveg sjerstaka rækt við þjóðlegar fræðiiðkanir, og er þetta því eðlilegt og sjálfsagt framhald af fortíð okkar. Jeg hefi ekki hlífst við að skera niður á öðrum sviðum á þessu þingi, en þegar um þessi innlendu fræði er að ræða, sem við fyrst og fremst eigum að þakka sjálfstæði okkar, þá vil jeg ekki beita hnífnum. Þessi maður, sem hjer er um að ræða, er flestum öðrum betur fallinn til þess að veita mönnum hvatning í því að iðka íslensk fræði, og fyrir því megum við ekki með neinu móti missa hann. Það hefir verið gert á þessu þingi, sem jeg harma stórlega, að skera niður smáfjárveitingar, sem styrktu þjóðlegar fræðiiðkanir, t. d. styrk til Sögufjelagsins, til útgáfu Alþingisbóka, Fornbrjefasafnsins og Jarðabókar Árna Magnússonar. Hjer við bætist svo, að okkar aldursforseti í þeim fræðum, dr. Jón Þorkelsson, er nú dáinn. Það hefir því sneiðst ærið um á þessu sviði, þótt við hrekjum Sigurð Nordal nú ekki í burtu. — Það er því í rauninni harla lítil ástæða fyrir hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) að kvarta um, að hjer stingi í stúf, þótt við viljum halda þessum manni. Við eigum að meta íslenskar fræðiiðkanir meira en alt annað hjer á landi, og jafnvel á þeim tímum, sem við spörum alt, sem sparað verður, þá verðum við á því sviði að feta trúlega í fótspor feðranna.

Það var svo ein fyrirspurn, sem jeg vildi víkja til hæstv. stjórnar, og þá helst til hæstv. forsrh. (JM), sem að vísu er nú ekki við frekar en vant er, því þótt hann sje ekki sjerlega stefnufastur maður, þá hefir hann á þessu þingi sýnt frábæra stefnufestu í því að láta sem sjaldnast sjá sig í þessari hv. deild. — Jeg vænti þess þó, að hinir hæstv. ráðherrarnir beri honum ummæli mín. — Þessi fyrirspurn mín snertir frv., sem jeg bar fram í þessari hv. deild 22. febr. á þessu þingi, og var þess efnis að leggja niður sendiherrann í Kaupmannahöfn, en að ákveða skuli í fjárlögum hvers árs, hvort sendiherra skuli hafa. Það er nú rúmur mánuður síðan þetta frv. fór frá þessari hv. deild, og hefi jeg ekki sjeð neitt bóla á því síðan. Jeg hefi fengið grun um það, að það eigi að svæfa það í hv. Ed. Jeg verð að æskja yfirlýsingar hæstv. stjórnar um það, hvað hjer sje á seiði. Að minsta kosti mun hún geta sagt, hvort meiningin muni vera að svæfa málið. Er það meining hæstv. stjórnar að láta þetta fara fram hjá þinginu og veita svo fje til þessa utan fjárlaga? Jeg hefi talsverða löngun til að fá að vita þetta, og jeg hygg, að svo sje um fleiri, því jeg veit, að það er sterkur

þingvilji með því, að fje verði ekki veitt til sendiherrans.

Skal jeg svo ekki teygja umr. frekar að þessu sinni.

Bernharð Stefánsson: Jeg hefði ekki talað nú að þessu sinni, ef jeg hefði ekki þurft að leiðrjetta misskilning, sem að nokkru leyti kann að vera mjer sjálfum að kenna. En úr því að jeg er nú staðinn upp, þá vil jeg um leið minnast á 2 brtt., sem jeg hefi komið fram með. Að því er snertir fyrri brtt., þá vil jeg minna á það, að hv. frsm. fjvn. hefir haldið því fram, að úr því að ekki sje hægt að veita öllum stúdentum, sem nám stunda erlendis, þann styrk, sem um munaði, þá sje betra að veita hann færri, og þá þeim, sem eldri væru við námið ytra. Þetta getur verið alveg rjett, þegar einungis er litið á málið frá hagsmunasjónarmiði ríkisins. En á hitt verður líka að líta, þann órjett, sem nýsigldum stúdentum væri ger með þessu, sem farið hafa utan með sama sem loforð fyrir 4 ára styrk. Það væri hin mesta óorðheldni við þá, að svifta þá með öllu styrknum. Því hefir verið haldið fram, að takmarka þurfi tölu þessara lærðu manna. En það á bara ekki að takmarka hana á þennan hátt, að bregða alt í einu fæti fyrir þá menn, sem þegar eru komnir út á þá braut, heldur á að takmarka hitt, hve mörgum sje hleypt út á hana. — Þannig var það t. d. um till. um að takmarka tölu námsmanna í mentaskólanum, sem jeg greiddi atkvæði með. Það datt víst engum í hug þá að gera neinar ráðstafanir til að reka þá, sem þegar voru komnir í skólann, heldur til að hindra of mikið aðstreymi að skólanum af nýjum mönnum.

Þá kem jeg að síðari brtt., sem er um ábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað til að byggja rafstöð. Jeg heyrði því miður ekki, hvað hv. frsm. sagði um þetta atriði, en jeg kom inn í því, að hann var að minnast á það, að hagur þessa bæjar væri ekki góður, og því ekki glæsilegt að ganga í þessa ábyrgð. Benti hann meðal annars á, að skuldlausar eignir bæjarins væru ekki nema fyrir ⅓ af þeirri upphæð, sem farið væri hjer fram á í lægsta lagi. Jeg veit nú ekki, hvort það hefir verið mismæli hjá mjer eða að hv. þm. hafi misheyrst. Hafi mjer orðið mismæli, þá skal jeg nú leiðrjetta það og upplýsa, að skuldlausar eignir Siglufjarðar eru talsvert hærri en þessi upphæð, eða samtals 368102 kr. Þegar svo hjer við bætist, að einhver talsverð eign verður þó í þessu fyrirtæki, þá er það auðsætt, að hættulaust er með öllu að ganga í þessa ábyrgð. Bærinn á skuldlausar eignir fyrir meira en þessari upphæð, þótt fyrirtækið sje ekki tekið með, og ætti þetta því að vera fullkomlega örugt. Auk þess fer till. mín ekki fram á að skuldbinda ríkissjóðinn til þessa, heldur að heimila það, ef ríkisstjórnin telur það óhætt. Býst jeg við, að meiri hluti þings muni telja sjer óhætt að treysta á stjórnina í þessu efni.

Verði Siglufirði neitað um þetta, þá verð jeg að segja, að þar væri hann beittur hinum mesta misrjetti, því ýmsir aðrir kaupstaðir landsins hafa fengið slíkar ábyrgðir, þótt hærri væru og ekki tryggari. Skil jeg ekki í því, ef þeir, sem áður hafa setið hjer á þingi og greitt atkvæði með slíkum ábyrgðum, færu nú að leggjast á móti þessari. Í því fjárlagafrv., sem hjer liggur fyrir, er meira að segja ábyrgð handa Húsavíkurhreppi, og hefir hún verið samþykt hjer í deildinni. Veit jeg þó ekki, hvort hv. fjvn. hefir kynt sjer svo nákvæmlega, hvort sú ábyrgð muni vera öllu tryggari. Þar er að vísu um

lægri upphæð að ræða, en þar er líka talsvert minna fjármagn og færra fólk. Jeg vona nú, að hv. nefnd sjái sig um hönd og greiði atkvæði með þessari brtt.

Jón Baldvinsson: Hæstv. fjrh. lagði á móti till. minni um að hækka stimpilgjaldið og kallaði það hreinustu ljettúð, ef hún yrði samþykt. Hann gerði þó ekki minstu tilraun til að hnekkja rökum mínum, enda hefði honum gengið það illa, því það er með öllu ómótmælanlegt, að hv fjhn. gerði ráð fyrir miklu meiri tekjum í nefndaráliti sínu heldur en áætlað er í frv. Þegar málið hefir nú skýrst við ýmsar yfirlýsingar hæstv. ráðherra, þá hlýtur að verða farið mjög vægt í að beita innflutningshöftum, og verður verðtollurinn við það hærri. Jeg er þess fullviss, að svo verði aldrei dregið úr innflutningnum, að verðtollurinn komi ekki til að nema 700—800 þús. kr. Það er að vísu oft svo, að þegar vörur hækka í verði, þá dregur úr kaupunum — en aðeins í bili. Þegar frá líður fara menn að venjast verðinu og byrja að kaupa aftur. Og þó að kaupþol almennings sje lítið, þá er jeg viss um, að þessar tekjur nást að minsta kosti. Frá þessu sjónarmiði er því ekkert að hafa á móti till. minni. Hitt er raunar satt, að það er engu tapað, þótt liðurinn sje ekki hækkaður, en þó mun það vera föst regla, sem ekki ætti helst að víkja frá, að reyna að hafa fjárhagsáætlanirnar sem næst sanni.

Þá mælti hæstv. fjrh. líka á móti till. minni um framlag til atvinnubóta. Kvað hann hart, ef slík till. yrði samþykt, eftir að skornar hefðu verið niður allar verklegar framkvæmdir af fjárlögunum. En það er einmitt verið að flytja þær hjer inn aftur, en bara í einu lagi. Stjórnin kæmi auðvitað til að ráða því, að hverju yrði helst starfað; hvort það yrði að Flóaáveitunni eða einhverju öðru, sem atvinnu veitir, er í till. ekki tekið fram; og nóg eru verkefnin fyrir hendi. Talað hefir verið um að reisa hjer landsspítala og einnig þarf að stækka geðveikrahælið á Kleppi. Yfirleitt er alstaðar nóg til að starfa og þetta er svo rúmt orðað, að það liggur algerlega í valdi stjórnarinnar, hvaða framkvæmdir hún velur.

Þá andmælti hæstv. fjrh. brtt. minni á þskj. 481 og taldi, að hjer væri aðeins að ræða um fjárhæð, þar sem Eimskipafjelagi Íslands væri endurgoldið skipagjald til ríkissjóðs. En þó svo sje, þá er það í því formi, að ætla má, að það komi ekki til útborgunar, ef menn vissu ekki, að hagur fjelagsins er erfiður. En jeg tel illa farið að veita Eimskipafjelagi Íslands styrk, sem líkist meira fátækrastyrk en nokkru öðru. Þá verð jeg að álíta, að betra sje að kaupa hluti í fjelaginu, sem þessari upphæð nemur, og sje það tekið fram, að brjefin borgist með nafnverði. Hæstv. fjrh. sagði, að styrkur þessi væri greiddur fjelaginu til þess að bæta því halla af strandferðum þeim, sem það hjeldi uppi. Það er rjett, að Eimskipafjelagið hefir verið mjög lipurt við landsmenn í því að senda skip sín á smáhafnir kringum land. En það var líka tilgangurinn með stofnun fjelagsins, að það bætti úr samgöngunum á þennan hátt. Nú hefir fjelaginu orðið mikill kostnaður að því að halda uppi þessum samgöngum. En eigi á annað borð að borga því fyrir strandferðirnar, þá ætti sú fjárveiting að vera á öðrum stað í fjárlögunum og í öðru formi en hjer er hún. Þá er rjett að flytja hana undir þá grein, sem við á, og orða þannig, að hún sje greidd fyr-

ir þær strandferðir, sem fjelagið lætur framkvæma. Hæstv. fjrh. taldi ekki forsvaranlegt að gefa út ný hlutabrjef nema nýtt verðmæti kæmi í staðinn, ráðist yrði í nýjar framkvæmdir, sem þetta hlutafje gangi til. Þetta er ekki rjett. Það má sjá það daglega í erlendum blöðum, að fjelög, sem eru hálfilla stödd, reyna að bjarga sjer með því að fá nýtt hlutafje til þess að geta haldið áfram starfsemi sinni og komist yfir örðugleikana. Mörg hlutafjelög taka það auk heldur til ráðs að gefa út forgangshlutabrjef, sem eru meira virði en almenn hlutabrjef. Þetta er ekki talið óforsvaranlegt. Það er aðeins venjulegt úrræði, þegar fjelög eru í fjárþröng, og jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, að Eimskipafjelag Íslands megi vel við það una að fá þetta fje í rekstur sinn og láta ríkið hafa í staðinn hlutabrjef. Auðvitað er betra fyrir hluthafana að fá þetta sem beina gjöf. En jeg sje ekki, að ríkissjóður sje svo vel stæður, að hann sje fær um að gefa slíkar gjafir. Jeg verð því að halda fast við það, að það sje fullkomlega forsvaranlegt að haga þessu eins og jeg hefi lagt til, bæði fyrir ríkissjóð og Eimskipafjelagið. Og það því fremur, sem ekki þarf að svara vöxtum af hlutafjenu nema eftir því, sem hluthafafundur telur fært að samþykkja, og það verður auðvitað ekki greiddur neinn arður nema hagur fjelagsins leyfi.

Þá hafa tveir hv. þm. gert að umtalsefni till. mína á þskj. 463,IV, um fjárveiting til lögheimilaðra framkvæmda í atvinnubótaskyni, og hafa þeir báðir talað vinsamlega um hana. Hv. þm. Barð. (H-K) var mjer sammála um það, að hjer væri um nauðsyn að ræða, þó hann raunar sæi sjer ekki fært að greiða till. atkv. Honum þótti líka undarlegt, að jeg skyldi vera því mótfallinn að takmarka þann mannfjölda, sem hingað sækti til Reykjavíkur. En jeg skal þá játa það hreinskilnislega, að jeg hefi ekki komið auga á neitt ráð til þess að hefta innflutning manna hingað til bæjarins. *(PO*: Frv. um bygðarleyfi!). Það er nú svo. Jeg álít slík ákvæði ekki hentug þar, sem eins hagar til og hjer á okkar landi, þar sem menn hljóta að flytja sig milli ýmsra landshluta í atvinnuskyni eftir árstíðum. Hingað til Reykjavíkur kemur fjöldi manna í atvinnuleit á vetrarvertíð. En aftur flytur mikill fjöldi Reykvíkinga burt yfir sumarmánuðina, júní—september. Það er dálítið erfitt að setja skorður við þessari atvinnuleit. Og jeg býst við því, að það hafi lengstum verið svo, að menn hafi flutt sig milli hjeraða eftir því, sem atvinna hefir gefist á ýmsum tímum árs, og svo mun lengst verða. Sem sagt, hv. þm. Barð. játaði, að atvinnuleysið væri mikið böl fyrir þjóðina. En jeg verð að segja það, af því að mjer virtist þessi hv. þm. líta svo á, að till. mín ætti eingöngu við atvinnubætur hjer í Reykjavík, að það er alls ekki ætlunin. Það er atvinnubrestur víðar á þessu landi, eins og þessi hv. þm. tók fram, og það er algerlega lagt í vald hæstv. stjórnar, hvar þessu fje er varið til framkvæmda í atvinnubótaskyni.

Þá mintist hv. frsm. á þessa till., og jeg býst kannske við því, að hann muni greiða atkvæði á móti henni. En annars talaði hann með svo miklum skilningi um atvinnuleysið og alt það mál, að jeg hefi ekki heyrt það á öðrum stað betur rakið. Það er einmitt eins og hann sagði, að gengi peninga okkar verður ekki lagað fyr en ráðin er bót á atvinnuleysinu í landinu. Það er ef til vill stórfeldast hjer í Reykjavík, en jeg skal þó ekkert um það fullyrða. En jeg er honum alger-

lega sammála um það, að það er atvinnuleysið, sem fellir gildi íslensku krónunnar. Enda eru menn nú alment komnir til viðurkenningar um þetta víða um lönd. Þetta er líka mjög eðlilegt. Menn þurfa að lifa og eyða, þó að ekkert verðgildi komi í staðinn. Og því meira og langvinnara, sem atvinnuleysið er, því meiri eyðslan og því ver standa peningarnir.

Orð eru til alls fyrst. Og nú hefir það verið viðurkent af tveim mikilsmetnum þingmönnum, að hjer sje böl, sem bæta þarf. Og þá er sjálfsagt að hefjast handa og reyna að ráða bót á því á hvern þann hátt, sem vænlegt þykir. En sjálfsagt verður ekki hægt að benda á neitt eitt, sem úr atvinnuleysinu bæti. Menn hafa líka talað um ýms ráð í þessu skyni; þannig hefir allmikið verið um það rætt hjer í Reykjavík að reyna að auka jarðrækt kringum bæinn, og veita mönnum þannig atvinnubót að styðjast við, jafnhliða eyrarvinnu eða sjósókn. Á þennan hátt er sýnilega hægt að bjarga ögn við. En sú hjálp kemur seint, og aldrei, ef ekki verður byrjað á framkvæmdum. En til þess þarf fje, bæði til þess að byggja skýli yfir fólkið og byrja að rækta landið, þó ekki sje meira. Þetta er eitt ráðið til þess að gera mönnum lífvænt og bæta úr atvinnuleysinu. En eins og hv. frsm. sagði, þá er þetta kannske nokkuð þungt í vöfum. Enda ræður af líkum, að ekki verður í einum svip bætt úr þeirri ógæfu, sem að steðjar. Þá hefir verið talað um fleira til bóta í þessu efni, svo sem það að setja á stofn fólksráðningarskrifstofu, þar sem fólki væri bent á atvinnu þar, sem hana væri að fá, svo það gæti flutt sig þangað. En slík skrifstofa er þýðingarlítil meðan ekkert er annað gert en bíða eftir því, að atvinnurekendurnir komi og biðji um menn.

En úr því menn eru nú komnir til viðurkenningar um það, að hjer sje um reglulegt þjóðarböl að ræða, þá datt mjer í hug að stinga upp á því, fyrst hv. þm. telja málið svona mikilsvert, hvort þeir geti ekki fallist á það, að skipuð sje milliþinganefnd til þess að gera till. um að ráða bót á atvinnuleysinu. Jeg vildi fyrir mitt leyti fúslega vinna að hverri tillögu, sem fram kæmi í þessa átt. Bændur kunna nú kannske að segja, að nóg sje að gera fyrir fólkið úti um land. Og það er satt, að oft getur verið erfitt að fá menn til vinnu úti um land, en það er þá af því, að menn komast ekki að heiman, erfiðar og dýrar ferðir og oft um stutta vinnu að ræða, sem aftrar því, að menn fáist. Svo kvarta bændur yfir því, að kaupgjaldið sje of hátt. En þess ber að gæta, að kaupgjaldið verður að vera hátt, þar sem sá tími, sem atvinnan stendur, er svo stuttur, sem raun er á. Það er svo um þá, sem í heimskautalöndunum búa, að þeir verða á 2—3 mánuðum að afla sjer vetrarforða. Eins verða verkamenn hjer að fá á 3—4 mánuðum yfir sumarið það kaup, sem þeim nægi til að lifa allan þann tíma, sem þeir eru atvinnulausir. Ef það tekst ekki, þá er auðvitað, að leita verður á náðir sveitarsjóðs. Og þegar þannig gengur til lengdar hjer í Reykjavík t. d., þá endar það þannig, að sá, sem hlut á að máli, er sendur heim á sína sveit, og hún krafin um þann kostnað, sem af manninum hefir leitt í dvalarsveitinni. Þetta er í sjálfu sjer mjög alvarlegt mál og jeg vænti, fyrst menn hafa komið auga á þetta, þá komi öllum saman um það, að gera verði einhverjar

ráðstafanir til þess að ljetta af slíkum vandræðum. Jeg er viss um, að því verður mjög vel tekið, ef virkileg viðleitni er sýnd á því að bæta úr atvinnuskortinum. En ef alt er látið standa eins og nú er, þá er langlíklegast, að það endi með því, að allur þorrinn leiti á náðir sveitarsjóðanna, og þegar sveitarsjóðina þrýtur, þá til ríkissjóðs. En það hefir verið svo lítill skilningur á þessu máli, að hv. alþingismenn auk heldur hafa ekki viljað sjá skýrslur um atvinnuleysi í kaupstöðum nje láta safna slíkum skýrslum. Þó er vitanlegt, að í öllum siðuðum löndum eru heil ráðuneyti, sem ekkert gera annað en að sinna slíkum málum. Þar er safnað skýrslum um atvinnulausa menn, og þessar skýrslur eru gefnar út vikulega þar, sem þessum málum er vel fyrir komið, svo einlægt sje hægt að fylgjast með því, hvernig ástatt er í þessu efni. Þó vildu menn hjer hvorki heyra nje sjá þegar jeg bar fram tillögu um þetta. En nú þykir mjer horfa betur, fyrst menn eru þó farnir að sjá, hve alvarlegt þetta ástand er. Og þætti mjer þá allmikill árangur af tillögu minni, þó hún yrði ekki samþykt, ef hún gæti leitt til þess, að atvinnuleysismálið yrði tekið upp hjer á þingi og reynt á einhvern hátt að ráða á því bót, t. d. ef þingið skipaði nefnd til þess að gera tillögur um það, hvernig þessu eigi að haga. Mjer þætti vænt um að heyra frá hæstv. stjórn, hvernig hún tekur í þetta mál, ef sú leið yrði farin. En þá teldi jeg mikinn árangur orðinn af till. minni.

Pjetur Þórðarson: Jeg gleymdi því þegar jeg gerði aths. í dag að tala um aðra brtt. á þskj. 462. Það er síðasta till. fjvn. og er þess efnis að fella niður einn lið, sem hv. Ed. setti inn í fjárlagafrv., um vaxtakjör af láni til Guðmundar Björnssonar sýslumanns í Borgarnesi. Það hefir verið talað um það hjer við þessa umræðu, að þessi maður hafði gert sjer vonir um það að fá einhverja lækkun á vöxtunum af þessu láni og bygt þá von sína á ummælum fjárveitinganefndar, þegar um þetta lán var samið. Jeg skal ekkert um það segja, hvort þessar vonir hafa verið bygðar á rjettmætum ástæðum eða ekki, enda mun litlu máli skifta, hvernig á það er litið. En mjer finst þessi till. hv. Ed. eiga mikinn rjett á sjer og öll sanngirni mæla með því, að hún fái að standa, því eins og kunnugt er, fjekk þessi maður 60 þús. kr. lán úr viðlagasjóði til þess að byggja sjer hús, er hann varð húsnæðislaus eftir brunann í Borgarnesi 1920. Vitanlega voru vextir þá háir, enda gert ráð fyrir því, að þeir yrðu háir, miðað við það, sem venja er um slík lán. Nú hafa bankavextir hækkað í svipað horf og þegar um þetta lán var samið í fyrstu, og sýnist ekki nema sanngjarnt, að þessi liður fái að standa, þar sem ekki er farið fram á meira en að vextirnir verði 2% lægri en bankaútlánsvextir. Fari svo, að vextir lækki á því ári, sem fjárlögin gilda, þá er ekki svo mikil áhætta fyrir ríkið, að ástæða sje til þess að neita þessum manni um vaxtalækkun þess vegna. Jeg held, að það væri miklu frekar ástæða til þess að óska eftir því, að bankavextir lækkuðu, og væri þá ríkissjóður betur settur eftir en áður, hvað sem þessum lið líður. Vildi jeg vekja athygli á þessu, af því að ekki hefir verið minst sjerstaklega á till. fjvn. um að fella niður það; sem hv. Ed. hefir lagt til í þessu efni. Vænti jeg, að hv. deild felli till. hv. fjvn. og lofi liðnum

að standa óbreyttum, þar sem ekki er um nema 500—600 kr. að ræða að þessu sinni, og fer lækkandi.

Úr því að jeg er staðinn upp, ætla jeg að svara fáeinum orðum því, sem háttv. frsm. nefndarinnar sagði í minn garð í síðustu ræðu sinni. Var sumt af því rangfærslur og útúrsnúningar, og leyfi jeg mjer að senda til baka þá fullyrðingu, að jeg álíti, að till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um styrk til hjónanna eystra eigi engan rjett á sjer. En þetta sagði jeg aldrei og hitt ekki heldur, að engin till. nema mín ætti rjett á sjer. En nú vill líka svo til, að jeg á hjer enga till., og er það því líka rangfærsla að kalla till. mína till. Þessi till. um styrk til Hítardalshjónanna er frá fjvn. hv. Ed., sem flutti hana með forseta Sþ. í fararbroddi. Auk þess studdu till. forseti Ed., núverandi og fyrverandi forsætisráðherra og svo allir smærri postularnir. Finnist hv. frsm. ekki neins virðandi álit 12 þm. í hv. Ed., þá er ekkert við því að segja, en hann þarf ekki að eigna mjer till. En jeg hefði haldið, að einmitt hv. frsm. metti nokkurs álit þeirra manna, sem studdu málið mest og best í Ed. Annars held jeg, að jeg nenni ekki að vera að elta ólar við hv. frsm, og býst jeg við, að hann hafi haft mesta skemtun sjálfur af ummælum sínum. Og þeirri skemtun vil jeg ekki svifta hann.

Þá er till. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um hækkun á áætlun stimpilgjalds á vörum þeim, sem verðtollslögin ná til. Hefði jeg haft mikla tilhneigingu til að fylgja þeirri till., ef hv. þm. hefði ekki farið eins frekt í sakirnar og farið fram á minni hækkun. Annars hafa bæði háttv. flm. till. og hv. 1. þm. S.-M. tekið fram um hana það, sem um hana þarf að segja. Ætla jeg svo ekki að lengja frekar umr. um þessar till.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg á hjer aðeins eina litla till. og raskar hún að engu fjárhæðum frv. og er sparnaðartillaga að því leyti, að lagt er til, að tvö óþörf orð falli niður. Vænti jeg þess, að hún verði samþykt, þar sem liðurinn er sannari eftir en áður, þó að í smáu sje. En svo er kveðið á um fjárveitingu til dr. Helga Pjeturss, að hún skuli vera til jarðfræðirannsókna. Dr. Helgi hefir engin laun annarsstaðar frá og er með öllu frjáls um það, hvernig hann ver fjenu, enda mun ekki kleift að ferðast langt til jarðfræðirannsókna, þegar ekki er af meiru að taka. Munu menn mega vera vissir um, að hann ver því þannig, að fult gjald kemur fyrir, þó að eigi verði það í krónum talið. Finst mjer því rjettara, að í fjárlögum standi ekkert um það, hversu skuli varið fjenu, þar sem þetta er veitt dr. Helga til lífsuppeldis, svo að hann geti unnið að áhugamálum sínum svo sem honum sjálfum sýnist.

Þá hefi jeg lofað hv. þm. Vestm. (JJós) að fara nokkrum orðum um till. hv. fjvn. um að fella niður fjárveitingu til fangahúsbyggingar í Vestmannaeyjum. Svo sem allir vita, eru eyjaskeggjar nú orðnir 3 þúsund og á vertíðinni dvelja þar alt að 4 þúsund manns. Auk þessa er þar ekki lítill ágangur af útlendingum, og er því auðsætt, að ilt muni að komast af án fangahúss. Menn munu segja, að hægt sje að leigja herbergi til þess að geyma í fanga. En mundu ekki fáir verða til að leigja herbergi í húsum sínum fyrir þann lýð, er ekki þykir hæfur á götum úti? Nú vill svo til, að landið seldi það fangahús, sem þar var áður, en hefir ekkert

látið í staðinn, þrátt fyrir ítrekaðar óskir eyjabúa. Mun ekki vanþörf á fangahúsum bæði í Eyjum og á Ísafirði — með allri virðingu fyrir hv. kjósendum hv. þm. Vestm. og Ísaf.

Næst skal jeg minnast á styrkinn til stúdenta við erlenda háskóla. Hæstv. atvinnumálaráðherra hefir nú á fundinum lýst yfir, að hvernig sem alt snúist, þá skuli stúdentar við háskóla Íslands einskis í missa. En svo erfitt sem stúdentar, er lesa hjer við háskólann, eiga, þá er þó enn meiri vorkunn þeim, sem lesa við erlenda háskóla. Hingað til hefir verið svo ákveðið, að þeir skyldu fá 1200 kr. á ári í 4 ár, og er það beint loforð frá þinginu til þeirra, sem þegar hafa byrjað nám erlendis. Tel jeg því rjett að samþykkja till. hv. þm. Dala. (BJ). Um till. hv. 2. þm. Eyf. (BSt), að í stað 2—3 ár komi 1—3 ár, er það að segja, að hún er sjálfsögð, því ef styrkurinn væri aðeins bundinn við þá, sem nám hafa stundað 2—3 ár, þá væru það bein svik við þá stúdenta, sem sigldu til erlendra háskóla í haust. Breytingin má ekki komast í gildi fyr en á hausti komanda. Annars vil jeg geta þess, að jeg tel nauðsynlegt, að komið verði skipulagi á þessi mál. Ætti háskólaráðið helst að ráða þar mestu um, enda væri það vel viðeigandi, að það yrði ekki aðeins háskólaráð fyrir þá stúdenta, er lesa hjer heima, heldur einnig fyrir hina, sem nám stunda við erlenda háskóla, það, er nauðsynlegt má telja fyrir vort þjóðfjelag.

Þá er brtt. nefndarinnar um að lækka styrkinn til Þórbergs Þórðarsonar um 200 kr. frá því, sem hv. Ed. hefir gengið frá honum. Hv. frsm. virtist halda, að fjvn. í Ed. hefði ekki flutt till. um hækkun styrksins til Þórbergs, en það er rangt. Það var einmitt fjvn. Ed., sem flutti till. Og þar sem hv. fjvn. mun sem minst vilja hreyfa við gerðum systur sinnar í hv. Ed., þá vænti jeg, að hún taki till. sína aftur. *(PO*: Hvenær hefir nefndin sagt það?). Hv. frsm. nefndarinnar sagði, að nefndin hafi miðað till. sínar um Þórberg Þórðarson og Jóhannes L. L. Jóhannsson við till. fjvn. Ed.

Jeg ætla ekki að minnast þeirra niðurskurðartill., sem jeg er fylgjandi. Háttv. fjvn. tekur af mönnum ómak af því. En fyrir liggja nokkrar hækkunartill., sem erfitt er að mynda sjer skoðun um, t. d. þrjár tillögur, sem fara fram á styrk til sjúkrahúsbygginga. Ástæðan fyrir einni er sú, að verði sjúkrahúsið ekki bygt, þá missi hjeraðið lækni sinn; annari, að það losni ekki við lækninn, nema sjúkrahúsi verði komið upp, og þeirri þriðju, að það fái alls engan lækni, nema sjúkrahús verði reist. Þetta má nú samt þola, en þá fyrst varð jeg undrandi, þegar jeg heyrði einn hv. þm. segja, að hann greiddi atkv. með styrk til prófessors Nordals í þeirri von, að hann færi af landi burt eftir sem áður. Auðvitað erum við flm. till. þakklátir hverjum þeim, sem vill stuðla að því, að hún nái fram að ganga, en jeg vil ekki, að neinn gangi þess duldinn, að tilgangur okkar með henni er sá, að prófessor Nordal fari alls ekki af landi burt. Þennan styrk á ekki að veita vegna erlendrar menningar, heldur íslenskrar. Það er misskilningur, að hann verði okkur að jafnmiklu gagni, hvort sem hann dvelur hjer á landi eða erlendis. Prof. Sigurður Nordal er líklegur til að skrifa margt, er ekki verður þýtt til fulls, en slíkir rithöfundar verða aldrei að fullu gagni annari þjóð en þeirri, sem hefir alið þá og þeir dvelja með. Viðfangsefni sín hljóta menn og nokkuð að velja eftir því, hvar þeir hafast við. Er því ljóst,

að Nordal verður okkur svo best að fullu gagni, að hann dvelji hjer heima. Er hann einn af þeim fáu rithöfundum, sem ágætir mega heita. Kann jeg þá ekki að þekkja klassiskar bókmentir, ef sum af hans ritum eru ekki með þeim blæ. Það er og rangt, að öðrum prófessorum við háskólann sje gert rangt til með þessu. Flestir hinna prófessoranna munu hafa einhver aukastörf með höndum, og ekki þurfa þeir að verða rangeygðir af öfund, þó að Alþingi reynist rjettsýnt um Nordal. Hitt er satt, að þetta stingur nokkuð í stúf við aðrar till. hjer í þinginu, en sú er hin rjetta braut, að vera þeim vel, sem mesta hafa verðleika, en ekki eyða fje til þess, sem er tildur eitt og óþarfi.

Ágúst Flygenring: Jeg vildi aðeins gera athugasemd við till. háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) um, að styrkur til Eimskipafjelagsins skuli greiðast með hlutabrjefum, sem sjeu forgangshlutabrjef. Virtist mjer hann halda því fram, að sama væri, hvort styrkurinn væri veittur á þennan hátt eða þannig, að ekkert gjald kæmi fyrir. *(JBald*: Nei, alls ekki). En hv. þm. ætti að vita, að ekki er krafist forgangshluta, nema um sje að ræða hjálp við stofnanir, sem komnar eru að gjaldþroti. En um þetta er alls ekki að ræða, heldur aðeins augnabliksörðugleika, sem meðal annars munu stafa af afborgunum og vöxtum af hollenska láninu. Styrkurinn verður að skoðast sem ívilnun frá landinu fyrir það, að fjelagið siglir á smáhafnir, sem öðrum fjelögum þykir ekki borga sig að láta skip sín koma á. Er auðvitað leiðinlegt, að fjelagið skuli ekki sjá sjer fært að komast af hjálparlaust. En þetta er ekki nema eðlilegt. Strax og fjelagið hafði eignast fyrstu skip sín byrjaði reiptogið milli Norðlendinga og Sunnlendinga, og vildu hvorirtveggja fá skipin inn á hverja smáhöfn. Er því ekki þess að vænta, að fjelagið gæti orðið gróðafyrirtæki og varð ekki við betra búist en að halli yrði ekki í rekstrinum. En bæði Bergenska fjelagið og Sameinaða gufuskipafjelagið hafa grætt stórfje. Vita líka allir, að íslensku skipin eru dýrustu skip, sem sigla hjer austur um haf.

Þá er till. hv. sama þm. um 500 þús. kr. til atvinnubóta. Veit jeg, að hv. þm. muni sjá, að slík till. nær ekki nokkurri átt, því að þótt þetta fje væri látið í tje, mundi það ekki bæta hið minsta úr. Fyrir opinbert fje er venjulega unnið eitthvað það, sem alls ekki borgar sig, og benda má t. d. á Öskjuhlíðarfarganið og annað slíkt, sem landið hefir ráðist í. Vil jeg segja, að betra sje að veita fátæku fólki beinan styrk en að leggja út í að láta vinna að framkvæmdum, sem engin skilyrði hafa til að gefa nokkurn arð. Er það aðeins til að halda kaupgjaldi svo háu, að enginn vill leggja hönd á plóginn af einstökum athafnamönnum. Hjer þarf engrar nefndar við og allir vita, af hverju atvinnuleysið stafar, sem annars vilja athuga það. Á sveitirnar þýðir ekki að minnast í þessu sambandi, þar sem það er auðvitað, að sveitabændur geta alls ekki borgað 14 kr. á dag. Atvinnuleysið verður að bæta á skynsamlegan hátt, og það verður ekki bætt með öðru en því, að verkin, sem unnin eru, borgi sig. Það þýðir ekkert að segja: þetta kaup vil jeg fá, ef ekki borgar sig að láta vinna fyrir það kaup. Og það er ekki mikið vit í að telja mönnum trú um, að betra sje að fá vinnu einn dag í viku og fá 14 kr. en að hafa vinnu 6 daga vikunnar og fá 50 kr. Það er ekki

svo, að þetta verði læknað með peningum einum, heldur verður lækningin að koma og á þann hátt, að breytt verði um skipulag og hugsunarhátt í verkalýðsfjelögunum. En það er einmitt, að hugsunarhætti verkalýðsins hefir verið beint í öfuga átt við það, sem rjett var og sjálfsagt, og er það einmitt þessi hv. þm. (JBald) og aðrir „leiðtogar alþýðu", sem hafa afvegaleitt verkamennina þannig. Þetta veit hv. þm. sjálfur mjög vel, eins og það einnig er á vitorði alls almennings, enda þótt fáir hafi haft djörfung til að benda leiðtogum verkalýðsins á þennan beiska sannleika. Jeg vildi helst ekki hafa þurft að taka þetta fram, en úr því að hv. þm. gaf mjer ástæðu til þess, þá gerði jeg það, ekki síst fyrir þá sök, er hann með eggjandi glotti viðurkennir það, að atvinnuleysið sje ekki af vinnurekendunum einum að kenna; það er alveg rjett hjá hv. þm.; sökin liggur ekki síður hjá hinum málsaðiljanum. Það hefir nýlega verið valdboðið, að verkamönnum skuli greitt hærra kaup, og samtímis er hrópað hátt um það á Alþingi að verja ½ milj. kr. til þess að hækka kaupið. Jeg vildi gjarnan geta átt tal við hv. þm. um þetta. Hjer þarf engrar milliþinganefndar við. Alþingi getur, ef það vill, fyrirskipað þetta.

Jón Auðunn Jónsson: Það kendi nokkurs misskilnings hjá háttv. frsm. fjvn., er hann talaði um skipulagsuppdrættina, og skal jeg skýra þetta með fáum orðum að því leyti, sem það snerti uppdrættina frá Bolungarvík; en yfir höfuð virtist mjer hv. frsm. gera mjög lítið úr störfum skipulagsnefndarinnar. En þannig liggur í þessu máli, að ýmsum mönnum í Bolungarvík hafði dottið í hug, að þar mætti gera sæmilegustu höfn án þess að leggja mjög mikið í kostnað. Mál þetta er ennþá alveg órannsakað og jeg býst ekki við, að í náinni framtíð verði gert annað í þessa átt en að fá það rannsakað nánar, hvort þetta mundi vera framkvæmanlegt. Þegar bygginganefnd þorpsins átti tal við hreppsnefndina um þetta mál, varð það að samkomulagi, að gerðir skyldu skipulagsuppdrættir með tilliti til þessarar hafnargerðar, og þar sem nefndin sá, að mjög óverulegar breytingar þurfti að gera á skipulagi þorpsins í sambandi við þetta hafnarstæði, var afráðið, að gerðir skyldu tveir uppdrættir. Var fyrri uppdrátturinn fremur gerður til þess að sýna, að nefndin hefði nákvæmlega gengið frá þessu verki, en hann var sýndur fjvn. án þess að málið væri skýrt fyrir henni á annan hátt. En þó gerðir væru tveir uppdrættir af þessu, var þó sýnt, að ekki þurfti að breyta nema einni götu í þorpinu, ef þetta hafnarstæði verður notað, eins og fyrirhugað er í framtíðinni. Þess vegna var ákveðið að ráðast ekki í neitt, sem riðið gæti í bág við þessar framkvæmdir síðar meir.

Það er og víst, að hreppsnefndir í kauptúnum og flest slík bæjarfjelög bíða eftir skipulagsuppdráttum hjá sjer. Það er mjög erfitt að byggja í þröngbýlum bæjum, eins og t. d. á Ísafirði, án slíkra uppdrátta, því menn vilja ógjarnan brjóta í bág við þá. Ef ekki á alveg að fella þetta verk niður, hygg jeg, að það verði nauðsynlegt að áætla eitthvert fje í fjárlögum til þess að unnið verði að þessum uppdráttum. Þetta er sjerstaklega nauðsynlegt fyrir Ísafjarðarkaupstað, sem hefir lítið af byggingarlóðum, og væri það bænum mjög bagalegt, ef það yrði að fresta því um fleiri ára skeið að leyfa mönnum að byggja.

Ýmsir háttv. þingdeildarmenn hafa lagt

á móti því, að bygð verði fangahús í Vestmannaeyjum og á Ísafirði. En jeg held það sje illverjandi að draga svo úr rjettarörygginu í landinu, að lamaðar verði framkvæmdir lögregluliðsins t. d. með því, ef fangahús brenna, að leyfa ekki, að þau verði bygð upp aftur. Einkum getur það orðið tilfinnanlegt að hafa ekki fangahús í bæjum, þar sem mikið er um útlenda sjómenn, sem oft gera ýms spell og usla í bænum. Jeg vil annars spyrja hæstv. stjórn, hverjir það eru, sem eiga að líta eftir vátryggingu opinberra bygginga, hvort það er stjórnin sjálf, sem á að sjá um slíkt, eða bæjarfógetar og sýslumenn. Jeg tel það óforsvaranlegt, að þar sem er skylduvátrygging á hverjum kofa í bæjunum, að opinberar byggingar skuli geta brunnið óvátrygðar. Hefðu þeir, sem þessa hafa átt að gæta, gert skyldu sína, hvort heldur það er stjórnin sjálf eða bæjarfógetinn á Ísafirði, hefði þessi fjárbeiðni aldrei þurft að koma hjer fram, því það er enginn vafi á því, að fangahúsið á Ísafirði hefði mátt endurbyggja fyrir vátryggingarupphæðina, eins og flest önnur hús, sem brenna vátrygð.

Jón Baldvinsson: Mjer kom dálítið á óvart þessi gusa frá hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), því að jeg þóttist alls ekki í þessari síðustu ræðu minni hjer í kvöld hafa gefið tilefni til þess, að hv. þm. talaði eins og hann nú gerði. Í fyrsta lagi verð jeg, ef jeg nokkuð fer annars að athuga þessa ræðu hv. 1. þm. G.-K., að leiðrjetta herfilegan misskilning hans viðvíkjandi brtt. minni um hlutabrjefakaupin, þ. e., að ríkið kaupi hlutabrjef af Eimskipafjelagi Íslands. Einkum tel jeg nauðsynlegt að leiðrjetta þennan misskilning hv. þm., ef svo ólíklega skyldi hafa til tekist, að einhverjir aðrir hv. þingdeildarmanna hefðu skilið orð mín á sama veg og hann. Jeg hefi verið svo heppinn að vera búinn nú þegar að fá þessa ræðu mína í hendur, skrifaða af einum hinum ágætasta innanþingsskrifara deildarinnar, sem hefir ritað niður orðrjett ummæli þau, sem jeg viðhafði, er jeg mintist á þessi hlutabrjefakaup. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp þennan kafla úr ræðu minni eins og innanþingsritarinn hefir gengið frá honum, svo tekinn verði af allur vafi á því, hvernig mjer hafi farist orð um þetta efni:

„Einhver skaut því að mjer, er tilrætt varð um þetta, að rjettast væri, að ríkið tæki forgangshlutabrjef í fjelaginu, en jeg taldi það ekki eiga við. Jeg vil ekki líta svo svart á ástæður fjelagsins, að jeg örvænti um hag þess; en það liggur beint við, ef krafist er forgangshlutabrjefa.“

Þannig hljóða þá þau orð, sem innanþingsskrifari deildarinnar hefir tekið upp eftir mjer, en hv. 1. þm. G.-K. bölsótast móti þessari brtt. minni vegna þess, að þar sje aðeins átt við forgangshlutabrjef, með öðrum orðum, að jeg geri ráð fyrir því, að fjelagið sje að fara á höfuðið. Jeg hefi nú sýnt fram á, hversu miklar ástæður þessi háttv. þm. hafði til þess að ærast út af orðum mínum um forgangshlutabrjefin, en þá hafði hann ekki heldur meira fyrir sjer í því, sem hann mælti til mín út af atvinnuleysinu. Þau ummæli hans eru bygð á samskonar misskilningi og nú hefir verið skjalfest hjer í deildinni um hlutabrjefakaupin. Jeg hefi ekki tíma til þess að taka alt það til athugunar og andsvara, sem hv. þm. fór með, en það voru mestmegnis staðlausir stafir. Jeg vil aðeins segja hv. 1. þm. G.-K. það, að ef hann sjer fram á það

með fullri vissu, að hann sjálfur þurfi ekki nema aðeins að mæla fram ein tvö orð eða þrjú til þess að öllu atvinnuleysi verði blásið á braut, þá er hvorki hann sjálfur nje almenningur yfir höfuð á flæðiskeri staddur. Jeg er þess fullviss, að hv. þm. yrði mjög eftirsóttur víðsvegar utan úr heimi. Menn eiga við mikið atvinnuleysi að stríða í ýmsum löndum, t. d. Englandi, Frakklandi, Danmörku og í óteljandi stöðum öðrum úti um allan heim, og mundi því mjög verða leitað á náðir þessa hv. þm. til þess að bæta úr atvinnuleysisbölinu, ef það yrði alment vitað, að hann rjeði svo auðveldlega við það. En jeg verð að skilja það sem algerðan skort á velvilja af hans hálfu til hinnar íslensku þjóðar, er hann ekki bætir neitt úr atvinnuleysinu hjer, ef hann veit jafnágætt ráð við því og hann lætur. En mjer fanst kenna allmikillar gremju og kulda hjá hv. þm. til verkalýðsfjelaganna hjer á landi. Jeg gaf enga ástæðu til þess í ræðu minni og viðhafði engin þau orð, sem hann eða aðrir atvinnurekendur þurftu að stökkva upp á nef sjer fyrir. Jeg gaf engum sökina sjerstaklega. Þá varð og vart nokkurrar mótsagnar í ræðulokin hjá þessum hv. þm., sem reyndar er ekki óvenjulegt um hann, er hann komst svo langt, að hann viðurkendi, að atvinnuleysið væri *ekki eingöngu* atvinnurekendum að kenna, en þá þó að nokkru. Þetta var þó dálítil viðurkenning algengra sanninda, og eina glóran í ræðu hans, því að öðru leyti stönguðust röksemdirnar hjá hv. þm. eins og hrútar á haustdegi.

Þjetur Ottesen: Jeg þarf að leiðrjetta það, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði, er hann mælti með styrk til þessara þriggja sjúkraskýla, er hann tók þó ekki upp í rjettri röð; en jeg hugsa þó, að við höfum báðir haft hinar sömu heimildir fyrir okkur. Það var áðan skotið seðli til mín, þar sem þetta var alt ritað á, og jeg hygg, að það sje rjettast, sem þar stendur, en það er svona:

„Um sjúkraskýlin: *Vestur-Skaftfellingar* þurfa að fá sjúkraskýli til þess að losna við lækninn sinn. *Borgfirðingar* þurfa að fá sjúkraskýli til þess að halda sínum lækni. *Flateyingar* þurfa að fá sjúkraskýli til að fá lækni til sín í hjeraðið."

En fjárveitinganefnd hefir þrætt hinn gullna meðalveg í þeim till., sem hún hefir gert um þetta mál, og er það eftirbreytnisvert fyrir þessa hv. þingdeild.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg get þess fyrst, að fyrir stuttu hafði hæstv. fjrh. kvatt sjer hljóðs, en nú hefir hann síðan látið strika sig út af ræðumannalistanum. Jeg get þess næst, að jeg hafði borið fram ákveðna fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvort það væri tilgangur stjórnarinnar að láta þingið setjast á frv. um sendiherrann og veita fje utan fjárlaga til þessa óþarfa embættis. Jeg get þess loks, að ef jeg hefði ekki kvatt mjer hljóðs nú, þá hefði umræðu verið slitið. Er því deginum ljósara, að stjórnin hefir ætlað að láta hjá líða að svara fyrirspurninni og hæstv. fjrh. beinlínis stekkur frá því. Jeg get ekki dregið aðra ályktun af þessu en þá, að hann vilji komast hjá því að svara. En jeg endurtek þessa fyrirspurn mína hjer með og bæti við: Er hjer um kaupskap að ræða milli stjórnarinnar og hv. þm. Dala. (BJ)? Jeg gæti hugsað mjer, að um slík hrossakaup væri að ræða milli þessara tveggja stuðningsflokka stjórnarinnar, Íhaldsflokksins og flokks hv. þm. Dala., að jeg tel líklegt, að hv. þm. Dala. hafi leyft stjórninni að sitja áfram við völdin, en að stjórnin hafi lof-

að þm. Dala. að láta sendiherrann vera óhreyfðan í Kaupmannahöfn. (*BJ*: Jeg er ekki svo verslunarfróður, að jeg skilji, hvað hv. þm. Str. á við; líklega þarf til þess samvinnuskólaþekkingu). Aðrir munu skilja, þótt hv. þm. Dala. þykist ekki skilja.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal gjarnan segja hv. þm. Str., hvers vegna jeg ljet strika mig út af ræðumannalistanum. Fyrirspurn hv. þm. Str. snerti sem sje alls ekki mig, heldur hæstv. forsrh., og því bar mjer ekki að svara þessu fremur en mjer sýndist. (*TrÞ*: Forsætisráðherra er hjer aldrei viðstaddur). Það er einmitt það; jeg hafði tekið trúanlegt það, sem hv. þm. Str. hafði sagt, um að hæstv. forsrh. væri þá ekki viðstaddur, og því ljet jeg rita nafn mitt á ræðumannalistann, en um leið og hv. þm. Str. var að enda ræðu sína, mætti jeg hæstv. forsrh. í dyrunum á herbergi stjórnarinnar hjer við hliðina á þingsalnum. Hafði því hæstv. forsrh. verið þar inni og heyrt á ræðu og fyrirspurn hv. þm. Str. Fann jeg því enga ástæðu til að fara að svara þessari fyrirspurn hv. þm. Str., er jeg varð þess var, að hæstv. forsrh. mundi hafa heyrt á ræðu þm. Str., og ljet því strika nafn mitt út, þar eð jeg taldi víst, að hæstv. forsrh. mundi svara þessu, er honum ynnist tími til. Annars álít jeg, að hv. þm. Str. hafi enga heimild til þess að bera fram spurningar til stjórnarinnar með það fyrir augum, að stjórnin svari þeim þegar í stað, um leið og spurningarnar eru bornar upp. Stjórnin getur haft alt öðru að sinna þá stundina, eða þarf máske að leita sjer einhverra upplýsinga áður. Jeg get t. d. vel hugsað mjer, að hæstv. forsrh. hafi nú alt öðru að sinna en að gegna hv. þm. Str. Enda mun svo vera; jeg sje, að hæstv. forsrh. er nú farinn hjeðan. En jeg skal gjarnan segja hv. þm. Str. það, sem jeg veit frekast. Jeg hefi t. d. enga hugmynd um það, hvort frv. hv. þm. Str. kemst klakklaust gegnum Ed. Jeg á ekki sæti í þeirri hv. deild, en hefi ærnum störfum að gegna hjer, til þess að jeg geti leyft mjer að eyða tíma í að grenslast eftir slíku, enda stendur það öðrum nær en mjer, t. d. hv. flm. frv. sjálfum, þm. Str. (*TrÞ*: Jeg veit um afstöðu míns flokks. — *BJ*: Á hv. þm. nokkurn flokk?). Jeg hefi yfir höfuð ekki grenslast neitt um þetta mál og veit ekkert um það, að það eigi að fara á bak við þingið í því að skipa mann í þessa stöðu, þó ekki sje fje veitt til þess í fjárlögum. Jeg þykist jafnvel mega fullyrða, að það sje alls ekki tilgangurinn að skipa mann í þessa stöðu, er Sveinn Björnsson verður leystur frá embætti, sem mun verða eftir líðlega einn mánuð, samkvæmt ósk Sv. B. sjálfs. Jeg hygg þvert á móti, að það sje fyrirhugað að rækja þessi mál á þann hátt, sem til er ætlast í fjárlögum fyrir næsta ár.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg ætla mjer ekki að lengja umræðurnar að þessu sinni. Að vísu hefði jeg haft gaman af að verja nokkrum tíma til þess að svara hv. þm. Dala. Hann fór allgeyst og var oft harðorður mjög; en jeg ætla ekki að fara til þess, en mun halda fram fornri venju og læt jeg vígin mætast, og legg því hvorttveggja að jöfnu; ætla jeg ekkert að metast um þetta við hv. þm. og mun ekki reyna að gera upp okkar í milli í þessum efnum. Hv. þm. Dala. hjelt því fram viðvíkjandi ummælum mínum um eina brtt., sem hann bar fyrir brjósti, að

jeg hefði misskilið hann, en jeg held það hafi ekki verið svo. En jeg viðurkenni, að jeg hefði ekki átt að skýra frá orðum, sem hann hafði við mig mælt eitt sinn og ekki komu þessu beint við. Það er rjett, jeg hefði ekki átt að nefna þetta, en hv. þm. Dala. misvirti þetta ekki við mig, og kom þetta sjer því ekki eins illa og annars hefði mátt verða; enda erum við ekki vanir að gera mikið úr því, þótt stundum hrjóti eitthvert harðyrði okkar á milli í þingdeilum.

En hvað lánsheimildina til þessa sjúka manns í Dalasýslu snertir, þá er það rjett, að það var ekki tekið fram neitt um tveggja ára afborgunarfrest. (*BJ*: Og ekki heldur um 6% vöxtu). Það er nú víðar hægt að fá lán með þeim kjörum. (*BJ*: Hvar? Jeg vildi gjarnan fá að vita það!). Jú, t. d. hjá sparisjóð. Jeg veit, að það hefir tíðkast hjá Sparisjóð Húnavatnssýslna. (*BJ*: Vill hv. þm. veita mjer lán þaðan með þeim kjörum, ef jeg sæki um það?). Jeg hefi engin umráð yfir Sparisjóði Húnavatnssýslna, en jeg teldi það þó ekki ólíklegt, að þetta yrði látið falt gegn góðri tryggingu. (*BJ*: Jú, það svíkur engan þessi hjálpin). En jeg tók og aðrar ástæður fram gagnvart þessu. Fjvn. hefir áður sýnt fram á, að hjer er stofnað til talsverðrar óvissu. Það er mikil spurning um það, hvort ekki ætti að krefjast skýlauss læknisvottorðs um það, hvort ekki mundi geta átt sjer stað, að lækningatilraunirnar yrðu árangurslausar við þennan mann. (*BJ*: Læknirinn getur auðvitað ekkert fullyrt um þetta). En er þá fullreynt, að ekki megi lækna þennan mann hjer á landi? (*BJ*: Læknirinn hefir tjáð mjer, að líklegt hefði verið, að maðurinn fengi nokkra bót hjer, ef „diathermi"-áhaldið hefði verið keypt hingað til landsins). Hv. þm. talaði og um brigðmælgi þingsins við ýmsa menn, og þýðir ekki að vera að karpa um það, en að því er snertir safn dr. Jóns Aðils, er það engin sönnun fyrir þessu; þar var samið um jafnar afborganir, og er það alt annað en ýmsar fjárveitingar í fjárlögunum, sem enginn veit um, hve lengi eiga að standa þar.

Þá drap hv. þm. á einn stóran lið, sem jeg get ekki gengið fram hjá að nefna. Það er satt, fjvn. varð þar ekki sammála, og jeg viðurkenni, að hv. þm. Dala. hefði getað orðið þar fjvn. góður liðsmaður, ef lagt hefði verið til um það, að spara þennan stóra lið, og hefði þá orðið minna um ýmislegt það, sem hv. þm. kallar krukk, er nefndin hefir gert. Það er barnafræðslan, sem jeg á við. Eins og jeg hefi sagt, varð nefndin ekki sammála um það atriði, og töldu þeir í nefndinni, sem gjarnan hefðu viljað draga úr þessum gífurlega fræðslukostnaði, vonlaust um, að því yrði komið við eða fengist samþykt af þinginu. En þar munum við hv. þm. Dala. og jeg hafa verið sammála.

Háttv. þm. átaldi það, sem jeg hafði látið mjer um munn fara viðvíkjandi vísindaritgerðum háskólakennaranna, t. d. að þær væru úr hófi langar. Mjer hafði skilist, að þeir fengju ritlaun sín greidd úr sáttmálasjóði, en nú hefir hæstv. fjrh. (JÞ) upplýst, að þau hafa verið greidd úr ríkissjóði. (*Fjrh. JÞ*: Jeg átti við Árbók háskólans). Annað var þá er þessi sjóður var stofnaður. Jeg minnist vel þeirra mörgu faguryrða, bæði háttv. þm. Dala. og annara, um, hversu mikið sáttmálasjóðurinn mundi geta sparað útgjöld úr ríkissjóði til styrktar stúdentum, og það er vitanlegt, að það mætti spara ríkissjóði ýmisleg útgjöld þar að lútandi

með þessu fje. Tekjur sjóðsins eru engin smáupphæð; líklega nú um 60 þús. kr. árlega. Þá talaði hv. þm. um það, að hann hefði varað hina ungu námsmenn við að leggja upp á lærdómsbrautina. Jeg ætla alls ekki að efa það, en árangurinn hefir þá orðið sáralítill. (*BJ*: Veit hv. þm., hversu margir hafa hætt við fortölur mínar?). Nei, en hafi hv. þm. nefnt þetta við alla þá, sem hann hefir haft undir höndum sem kennari, er áreiðanlegt, að þeir eru margir, sem ekki hafa tekið mark á orðum hans. Hann segist og vera kunnur að því að rífast um þetta í hóp stúdenta, og eins um hitt, að hann hafi haldið bændastjettinni fram. Getur vel verið; en það sýnir aðeins, að það hafa verið fáir, sem hafa viljað taka orð hans til greina.

Þá mintist hv. þm. Dala. á hjúkrunarnemastyrkinn og bjóst við, að nefndin hefði misskilið þá till. Það má vel vera, því að nefndin gerði ráð fyrir, að það væri utanfararstyrkur. Það má því vera, að styrkur þessi eigi að vera handa hjúkrunarkonum, sem starfa innanlands. Hvernig nefndin lítur á þetta nú, get jeg ekki sagt, því að hún hefir ekki rætt málið á þessum grundvelli.

Þá mintist hv. 2. þm. Eyf. (BSt) á, út af ábyrgð ríkissjóðs fyrir Siglufjarðarkaupstað, að misskilningur hefði verið um eignir kaupstaðarins, því að þær væru 368 þús., en ekki 130 þús. Jeg tek þetta vitanlega trúanlegt, en jeg vil benda hv. þm. á, að það er annað, sem vantar í tillöguna, en það er, að hún ber ekki með sjer, að trygging sú, sem ríkissjóður þarf að fá fyrir ábyrgðinni, sje nægjanleg.

Þá var hv. þm. Mýra. (PÞ) gramur yfir því, að jeg hefði snúið út úr fyrir sjer. Þetta er ekki rjett hjá háttv. þm. Jeg sneri ekkert út úr fyrir honum. Þá gat hann líka þess, að það hefði verið fríður flokkur í hv. Ed., sem samþykt hefði tillögu þessa, og taldi upp forseta deildarinnar, forseta Sþ., núverandi forsrh. og fyrverandi forsrh. Það er satt, að þetta er fríður flokkur; jeg neita því ekki. En hv. þm. gat ekki sannað, að þetta væri ekki varhugavert fordæmi, en fyrir það eitt er nefndin á móti tillögunni, því að hún telur, að í sjálfu sjer sje það mikið mannúðarverk að styrkja slíkt fólk. Það er því hreinasti misskilningur að leggja þann skilning í ummæli mín, að jeg hefði verið að snúa út úr fyrir honum. Jeg taldi slíka fjárveitingu hættulegt fordæmi, sem sýndi sig líka fljótlega, er hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) kom strax með önnur hjón, er eins stæði á fyrir. Háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) mintist á skipulagsuppdrættina. Sagði hann, að meðal annars væri búið að gera uppdrátt af Bolungarvík, og skildist mjer helst, að sá uppdráttur, sem nefndinni var sýndur, væri einn af fleirum, sem búið væri að gera, og helst nokkurskonar sýnishorn eða varauppdráttur. Býst jeg við, að seint verði bygt eftir þessum uppdrætti, og hefði því án efa vel mátt dragast að gera hann. Það er satt, að vegamálastjóri hefir þetta mjög á oddinum og sækir það fast. En jeg lít svo á, að ekki sje skaði skeður, þó að það dragist nú fyrst um sinn að gera þessa skipulagsuppdrætti. Enda held jeg, að nægir starfskraftar sjeu til þess, þótt ekki sje farið að veita fje sjerstaklega í þessu skyni.

Bernharð Stefánsson: Jeg vil aðeins geta þess út af því, sem hv. frsm. sagði viðvíkjandi ábyrgðinni fyrir Siglufjörð, að tillaga mín er eins orðuð eins og ábyrgðarheimild fyrir Akureyri, sem þingið á sínum tíma sá ekkert athugavert við

að samþykkja. Getur það því alveg eins samþykt þessa ábyrgðarheimild, því að það er stjórnarinnar að ganga frá tryggingunni.

ATKVGR.

Brtt. 463,I feld með 16:2 atkv.
— 460,I feld með 15:6 atkv.
— 460,II samþ. með 16:11 atkv.
— 485 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 460,III (aðaltill.) feld með 17:8 atkv.
— 460,III (varatill.) feld með 15:8 atkv.
— 460,IV feld með 18:7 atkv.
— 460,V feld með 14:11 atkv.
— 460,VI 1 samþ. með 18:6 atkv.
— 460,VI 2 feld með 16:5 atkv.
— 460,VI 3 samþ. með 18:6 atkv.
— 460,VII samþ. með 15:11 atkv.
— 460,VIII 1 feld með 15:11 atkv.
— 460,VIII 2 samþ. með 17:7 atkv.
— 460,VIII 3 samþ. með 15:8 atkv.
— 460,VIII 4 tekin aftur.
— 460,IX feld með 15:8 atkv.
— 460,X feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KlJ, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, BL, HStef, HK, IngB, JAJ, JS.

nei: JÞ, JörB, MG, MJ, MT, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BJ, JakM, JBald, JK, BSv.

Brtt. 460,XI feld með 16:5 atkv.
— 460,XII samþ. með 16:9 atkv.
— 460,XIII 1 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 460,XIII 2 samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, MT, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, BSt, HStef, HK, IngB, JAJ, JS, MG.

nei: TrÞ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BL, JakM, JBald, JK, JÞ, JörB, KlJ, BSv.

Brtt. 463,II feld með 18:5 atkv.
— 460,XIII 3 samþ. með 17:4 atkv.
— 460,XIV 1 feld með 19:6 atkv.
— 460,XIV 2 feld með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, BL, JakM, JBald, JK, JÞ, MJ, MT, PÞ, BSv.

nei: ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, HK, IngB, JAJ, JS, JörB, KlJ, MG, PO, SigurjJ, SvÓ, TrÞ.

Brtt. 460,XV 1 samþ. með 15:8 atkv.
— 460,XV 2 samþ. með 18:5 atkv.
— 463,III (aðaltill.) feld með 14:9 atkv.
— 463,III (varatill.) samþ. með 15:7 atkv.
— 460, XVI feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞórJ, ÁJ, BL, HStef, HK, JAJ, JK, JÞ, MG, MT, PO, SigurjJ.

nei: ÁF, ÁÁ, BSt, IngB, JakM, JBald, JS, JörB, KlJ, MJ, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 460,XVII samþ. með 18:6 atkv.
— 460,XVIII samþ. með 20:1 atkv.
— 460,XIX feld með 15:10 atkv.
— 460,XX samþ. með 16:5 atkv.
— 460,XXI 1—2 samþ. með 21:1 atkv.
— 460,XXII feld með 16:9 atkv.
— 460,XXIII 1 tekin aftur.
— 460,XXIII 2 samþ. með 16:9 atkv.
— 460,XXIII 3 samþ. með 18:5 atkv.
— 467,I feld með 19:3 atkv.
— 463,IV feld með 20:2 atkv.
— 480 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 460,XXIII 4 samþ. með 17:4 atkv.
— 460,XXIV samþ. með 19:3 atkv.
— 460,XXV feld með 14:11 atkv.
— 460,XXVI samþ. með 22 shlj. atkv.
— 460,XXVII samþ. með 16:9 atkv.
— 460,XXVIII 1 samþ. með 17:4 atkv.
— 460,XXVIII 2 samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 467,II samþ. með 16:4 atkv.
— 460,XXIX feld með 17:5 atkv.
— 481 feld með 16:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 1. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 500).

Á 61. fundi í Ed., laugardaginn 3. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Síðan ein umr. um fjárlagafrv. fór fram í hv. Nd. hefir fjvn. átt fund með sjer og athugað þær breytingar, sem hv. Nd. hefir gert við frv., og hefir orðið ásátt um að koma ekki fram með neinar brtt. við það, heldur leggur nefndin til, að hv. deild samþykki það óbreytt. Nefndinni er ekki kunnugt um, að neinar brtt. komi frá einstökum þm., en ef svo væri, mundi nefndin leggja á móti þeim.

Jeg vil svo skýra hv. deild frá þeim breytingum, sem gerðar hafa verið við frv. í hv. Nd.

Tekjuafgangur á fjárlagafrv. var 170-662,95 kr., þegar það fór frá þessari hv. deild, en nú er hann aðeins 14704,61 kr. eftir breytingar þær, sem hv. Nd. hefir gert við frv. Tekjuafgangurinn hefir því lækkað mikið, en það er alls ekki af því, að það hafi verið bætt við ónauðsynlegum liðum, heldur hafa ýmsir áætlunarliðir verið hækkaðir af rjettmætum ástæðum, þó að fjvn. þessarar hv. deildar sæi ekki ástæðu til að hækka þá eftir þeim upplýsingum, sem fyrir henni lágu.

Hv. Nd. hefir eftir tillögu hæstv. fjrh. hækkað upphæð þá, sem ætluð er til hækkunar á dýrtíðaruppbót embættismanna, upp í 168 þús. kr. úr 100 þús. kr., og hefir nefndin ekkert við þá breytingu að athuga.

Hv. Nd. hefir gert þá breytingu við 12. gr. 4. lið, að hún hefir hækkað laun aðstoðarlæknisins á Ísafirði úr 1500 kr. upp í 1800 kr. Fjvn. Ed. lætur sjer fátt um þessa breytingu finnast, en vill þó ekki fara að hleypa fjárlögunum í Sþ. vegna hennar, einkum þar eð um svo lítilfjörlega upphæð er að ræða.

Þá hefir hv. Nd. gert breytingu við 12. gr. 12. lið. Hún hefir hækkað styrkinn til berklalækninga upp í 300 þús. kr. Það hefir verið útbýtt hjer í deildinni skjali frá nefnd þeirri, sem hefir berklavarnalögin til athugunar, þar sem hún leggur til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar. Fjvn. Ed. vissi, að liður þessi mundi vera of lágur eins og hann var þegar hún hafði fjárlögin fyrst til meðferðar, en hún sá ekki ástæðu til þess að hækka hann, sökum þess, að þá voru líkur til þess, að frv. um breytingu á berklavarnalögunum yrði að lögum, og þá hefði þurft miklu minna fje í þessu skyni. En eins og nú standa sakir telur nefndin hækkun þessa rjettmæta. Jeg skal geta þess, að upphæð þessi var í stjórnarfrv. áætluð aðeins 100 þús. kr., og var það sökum þess, að gert var ráð fyrir breytingu á berklalöggjöfinni.

Þá hefir hv. Nd. felt niður úr 12. gr. styrk til hjúkrunarnema. Nefndin hafði ekki lagt til, að sá liður væri tekinn upp í fjárlögin, en það var þó samþykt; og nefndin telur það illa farið, að styrkur þessi skyldi feldur niður, því það er einmitt mjög nauðsynlegt að styrkja hjúkrunarnema hjer heima, því þeir hafa engin hlunnindi eins og þeir hjúkrunarnemar, sem læra utan lands, en hinsvegar mjög mikil nauðsyn, að einhverjar hjúkrunarkonur fái

fræðslu, sem á við íslenska staðhætti. Einnig hefir hv. Nd. felt í burtu sjúkrastyrk til Elínar Sigurðardóttur, sem hafði verið samþyktur hjer í þessari deild.

Þá hefir hv. Nd. tekið upp í fjárlögin styrk til Skúla Guðjónssonar læknis, til heilbrigðisfræðináms erlendis, og telur nefndin það eðlilega afleiðingu af því, að Ed. samþykti viðbótarstyrk handa Guðmundi Guðfinnssyni lækni, til augnlækninganáms erlendis. Þetta er líka lokastyrkur, svo það er alls ekki ætlast til þess, að hann haldi áfram.

Þá hefir Nd. lækkað styrk til bifreiðaferða austur um sveitir um helming, úr 2000 kr. niður í 1000 kr., og getur nefndin ekki átalið það neitt sjerstaklega.

Hv. Nd. hefir gert breytingu við 14. gr. B. I. b., lækkað launin til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann úr 1500 kr. niður í 1000, og tel jeg það mjög illa farið. Hjeraðslæknirinn á því að kenna erfiðustu námsgreinina við læknadeild háskólans fyrir einar 1000 kr. Hann vinnur því fullkomið prófessorsstarf við háskólann, og þó eru embættislaun þessa manns og styrkur sá, sem hann fær til háskólakenslunnar samanlögð ekki eins hár og lægstu prófessorslaun við háskólann. Jeg tel þetta líka mjög ómaklegt, því þessi maður er mjög vel hæfur til síns starfs og starfið er vandasamt, en hann hefir altaf gegnt því með frábærri alúð. Og að klípa af þessum litla styrk er sama og að neyða hann til þess að hafa þeim mun meiri „praksis“. En auðvitað verður það á kostnað háskólans, sem mun bíða tjón af því. Þess vegna tel jeg mjög illa farið, að upphæðin var lækkuð. Við 14. gr. II. a. hefir hv. Nd. gert þá aths., að stúdentar þeir, sem hafa stundað nám í 1—3 ár, í staðinn fyrir 2—3 ár, skuli ganga fyrir. Álít jeg þessa breytingu til bóta. Þessi fjárlög koma í gildi árið 1925. Þeir, sem sigldu í fyrra, hafa ekki hugmynd um þá breytingu, sem nú á sjer stað. Þess vegna er ekki rjett að útiloka þá.

Þá hefir Nd. fært niður upphæðina til tímakenslu og prófdómenda úr 15 þús. kr. niður í 13 þús. Þetta er áætlunarupphæð, svo að það er mikið spursmál, hvort um nokkurn sparnað er að ræða. Auðvitað vill hv. Ed., að sparað verði það, sem hægt er á þessum liðum, en hinsvegar verður að greiða þessi gjöld, hvort sem þau standa í fjárlögum eða ekki.

Hv. Nd. hefir felt niður liðinn um styrkinn til útgáfu veraldarsögu handa mentaskólanum, sem var till. frá fjvn. þessarar hv. deildar. Verður hún að telja þetta illa farið. Verður það til þess, að kenslubók á íslensku í þessum fræðum kemur seinna út en ella, og verður þá að notast við kenslubækur á erlendum málum. Auk þess mun höfundunum hafa verið veittur talsverður ádráttur um styrk til þessa á árinu 1924.

Næsta breyting á frv. er við 14. gr. XVIII; feldur niður styrkurinn til frk. Ingibjargar Guðbrandsdóttur. Sú upphæð var sett inn hjer í hv. deild, en ekki eftir till. fjvn., svo að nefndin fer ekki að fjargviðrast út af því.

Þá er lækkuð borgunin til sjera Jóhannesar L. L. Jóhannssonar og Þórbergs Þórðarsonar, hins fyrnefnda í 5 þús. kr., en hins síðarnefnda niður í 1000 kr. Hvað snertir sjera Jóhannes, er þetta sama upphæðin og hv. Ed. lagði til að skyldi vera; hefir hún því ekkert út á breytinguna að setja, og sættir sig eftir atvikum við styrk Þórbergs. Hinsvegar þykir nefndinni meira máli skifta, að styrkur Hann-

esar Þorsteinssonar til að semja æfisögur var færður niður úr 2 þús. kr. í 500 kr. í hv. Nd. Hv. Ed. vill engan þátt eiga í því að kasta skugga á starfsemi þessa manns, sem hún veit, að er hverjum manni iðnari og betur fallinn til að semja æfisögur lærðra manna; og þótt honum verði veitt þjóðskjalavarðarembættið, mun hann samt verja meiri tíma en sem svarar þessum 500 kr. til þeirra starfa. Nefndin vill láta það í ljós, að það er ómaklegt, að maðurinn fjekk ekki að halda þeim 1500 kr., sem hv. Ed. ætlaði honum. Þá er dr. Hjelgi Pjeturss. Styrkurinn til hans er færður niður. Er það nokkuð í samræmi við Jóh. L. L. Jóh. Styrkurinn var ekki hækkaður eftir till. fjvn. Ed., svo að hún sá ekki ástæðu til að koma með brtt. Hún setur sig ekkert á móti því að gefa frjálst, hvernig styrknum sje varið. Till. í 36. lið, upphæð til frjettastofu blaðamannafjelagsins, hefir verið hækkuð aftur. Það var lækkað í hv. Ed. Jeg átti ekki þátt í till. um niðurfærslu styrksins og hefi þess vegna ekki meira um þetta að segja. Styrkurinn, sem var veittur hjer til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga, var að upphæð 6 þús. kr., en hv. Nd hefir lækkað hann niður í 5200 kr., eða um 800 kr. Þeirri upphæð hefir hún bætt við Halldóru Bjarnadóttur, til að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar. Nefndin lítur svo á, að hv. Nd. hefði ekki þurft að klípa af styrknum til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga, þó að hún hefði viljað gera betur til frk. Halldóru Bjarnadóttur en hv. Ed., sjerstaklega þegar þess er gætt, að búið var að hnýta við styrkinn því ákvæði, að af honum skyldi greiða 1200 kr. styrk til að halda uppi kenslu í vefnaði í Reykjavík ekki skemur en 6 mánuði. Ekki taldi þó nefndin ástæðu til að setja fjárlögin í Sþ. fyrir þessa breytingu. Þá er feld burt fjárveiting til skipulags þorpa og kauptúna, sem sett var inn í hv. Ed. eftir brtt. frá hæstv. atvrh. (MG). Loks feldi hv. Nd. niður tvo liði af þessari gr., 1 þús. til hjónanna í Hítardal og 800 kr. til Bjarna Magnússonar, sem hvorttveggja var sett inn í fjárlög í hv. Ed. Nefndinni þykir leitt, að hv. Nd. skyldi hafa í fjárlögum ráðist á Hítardalshjónin með sína tíu sonu, og álítur sig hafa betri málstað, þó að hinsvegar telji hún það ekki nægja ástæðu til að setja fjárlögin í Sþ.

Loks hefir hv. Nd. sett Guðmund Björnsson kennara með 150 kr. eftirlaun; sá liður var feldur hjer við 3. umr. Getur orkað tvímælis, hvort sá liður sje heppilegur, en hjer er um smáupphæð að ræða.

Eins og jeg gat um, hækkaði hv. Nd. dýrtíðaruppbótina úr 100 þús. kr. í 168 þús. kr., eða eins og hagstofan hefir reiknað hana út, ef ástand hjeldist það sama í Reykjavík og hefir verið það sem af er þessu ári. Voru skiftar skoðanir um það í fjvn. hv. Ed.

Þá hefir hv. Nd. bætt inn í 21. gr. 2000 kr. láni til Tómasar Kristjánssonar, bónda á Höskuldsstöðum í Laxárdal, til að leita sjer heilsubótar erlendis, gegn þeirri tryggingu, sem ríkisstjórnin metur gilda. Lánið er veitt til 12 ára, gegn 6% vöxtum og er afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Það getur orkað tvímælis, hvort rjett sje að taka þennan eina mann út úr fjöldanum og veita lán úr ríkissjóði. En ástæður hans eru mjög bágar, og vill nefndin því ekki deila á hv. Nd. út af þessu. Liðurinn um greiðslufrest á afborgunum af viðlagasjóðsláni Ólafs Hvanndals var feldur

niður. — Hv. Nd. gat ekki fallist á, hvernig reikna skyldi vexti af skuld Guðmundar Björnssonar sýslumanns í Borgarnesi. Jeg lít svo á, að báðar þessar breytingar í hv. Nd. hafi verið órjettmætar. Þegar sýslumanninum var veitt viðlagasjóðslánið, var gengið út frá því, að hann skyldi borga 2% lægri vexti en útlánsvexti bankanna. Prentmyndastofa Ólafs Hvanndals er talin nauðsynleg. Hann mun eiga fyrst um sinn erfitt með að greiða afborganir af láninu; tel jeg því ekki rjett gert að neita honum um þessa ívilnun.

Þegar litið er á fjárlagafrv. í heild, held jeg, að megi óhætt treysta því, að það sje svo úr garði gert, að komi ekki nein ófyrirsjáanleg óhöpp fyrir, muni landsreikningurinn fyrir árið 1925 ekki sýna neinn tekjuhalla. Gert er ráð fyrir, að tekjurnar sjeu svo varlega áætlaðar, að þær muni síst reynast rýrari en áætlað er. Hinsvegar eru útgjöldin svo ríflega áætluð, að varla má búast við, að þau fari að mun fram úr áætlun. Tel jeg, að þetta þing hafi stigið hið heppilegasta og nauðsynlegasta spor með því að samþykkja fjárlagafrv. sem ábyggilegast, þannig, að ríkisbúskapurinn beri sig á því ári, sem fjárlögin gilda fyrir.

Sigurður Eggerz: Háttv. fjvn. hefir lagt til, að fjárlögin verði ekki látin fara í sameinað þing. Jeg sje því, að mjer þýðir ekki að koma með þær brtt., sem jeg mundi telja rjettmætar, þar sem jeg efast ekki um, að hv. nefnd hafi meiri hluta í deildinni. Jeg verð þó að minnast á meðferð hv. Nd. á hjeraðslækni Jóni H. Sigurðssyni. Hjeraðslæknirinn gegnir prófessorsembætti við háskólann samhliða embætti sínu og hefir fengið 1500 kr. fyrir það. Hv. Nd. telur sjer nú sæma að klípa 500 kr. af þessari upphæð, og þó er þessi maður að allra dómi sjerstaklega vel vaxinn starfi sínu. Bar á því strax, er hann stundaði nám í Danmörku, að hann hafði sjerstaklega vísindahæfileika. Og nú ljúka allir einum munni upp um það, að hann sje sá færasti maður í þessari grein, sem við eigum. Þetta vill nú hv. Nd. launa á þann hátt, sem nú er fram komið.

Þá er annað atriði. Jeg tel mjög illa farið, að brtt., sem kom fram í hv. Nd. um hækkun stúdentastyrksins, var feld. Jeg álít, að þeim hluta æskulýðs þessa lands hafi verið sýndur alt of mikill kuldi, alt of mikið skilningsleysi, með því að kippa af þeim þessum styrk, sem þeir hafa treyst á. Jeg skil vel, með hvaða hugarfari stúdentar líta á þetta, og við allir, sem höfum gengið þessa braut, ættum að skilja örðugleika þá, sem lagðir eru í götu stúdentanna með þessari framkomu. Jeg vildi leyfa mjer að skjóta því til hæstv. stjórnar, hvort hún sæi ekki einhver ráð til þess að bæta úr þessu. Og því fremur finst mjer ástæða fyrir hana að gera það, þar sem jeg get ekki sjeð annað en að hún hafi sýnt tómlæti í þessu máli.

Af því að hjer er nú verið að kveðja fjárlögin, vil jeg minna á, hvernig farið var með dr. Alexander Jóhannesson, að hann var sviftur stöðu sinni við háskólann. Finst mjer það bera vott um hörku hjá Alþingi og alllítinn skilning; því maðurinn hefir fengið hálfgert ef ekki algert loforð fyrir þessum launum og hefir búið sig undir að helga líf sitt vísindunum. Þegar hann er búinn að vinna nokkur ár, er þeim kipt af honum. Er manni þessum sýnd mikil óbilgirni. Má vera, að ýmsar slíkar misfellur stafi nokkuð af því, að hv. Nd. hefir ekki átt neina áhugamenn í mentamálum í fjvn. Þyrfti að hugsa fyrir

því á næsta þingi. Fer jeg svo ekki fleiri orðum um þetta, en það verð jeg að segja, að jeg hefði skilið miklu ánægðari við fjárlögin, ef mentamönnum vorum hefði verið sýnd meiri samúð og skilningur.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get ekki kannast við það, að stjórnin hafi sýnt tómlæti viðvíkjandi stúdentum. Jeg hefi að vísu ekki farið mörgum orðum um það mál, en bæði í þessari hv. deild og þó sjerstaklega í hv. Nd. þóttist jeg reyna að leggja lið, sjerstaklega stúdentum erlendis. Það er mikið harðræði sýnt bæði stúdentum hjer við háskólann, en þó sjerstaklega stúdentum við nám erlendis. Þeir hafa farið hjeðan til annara landa beinlínis upp á loforð um styrk. *(SE*: Alveg rjett). Má nærri því segja, að hjer sje um hreint og beint gabb að ræða. Ef til vill er ekki hægt að segja svo mikið gagnvart stúdentum hjer, en það verð jeg að segja, og leggja sjerstaka áherslu á, að þingið hefir að minni hyggju ekki fyllilega gætt sóma síns að því er stúdenta erlendis snertir. Sama gildir hvað snertir dr. Alexander. Jeg talaði ekki mikið um það atriði hjer í hv. deild, af því að mjer var kunnugt um, að hún hefði eiginlega óskað þess, að fjárveitingin stæði, og var það af hreinum misskilningi, að hún komst ekki inn hjer. Það hefði þó að líkindum ekki haft neitt að þýða, vegna hv. Nd., en það var í raun og veru skylda hv. Ed. að gera hreint fyrir sínum dyrum. Jeg kveð það harðara að orði en hv. 1. landsk. (SE), að maður þessi er gabbaður á þann hátt, sem jeg veit ekki dæmi til.

Hjeðan af verður ekkert gert til að bæta úr þessu með fjárlögum. Jeg skal láta þess getið, sem og hv. frsm. fjvn. mintist á, að tímakenslufjeð, sem veitt er til mentaskólans, var lækkað í hv. Nd. um 2 þús. kr. Er það áætlunarupphæð; virðist mjer lækkunin vera of mikil og hætt við, að á þurfi að halda meira en 15 þús. kr., auk heldur meira en 13. Vitanlega verður þó reynt að halda svo sparlega á, sem frekast er unt.

Jónas Jónsson: Að vissu leyti er það óþarft að standa upp, af því að bæði hv. frsm. (JóhJóh) og hv. 1. landsk. (SE) hafa mælt fyrir þeirri till., sem jeg er svo djarfur að bera fram. Hún er um 500 kr. hækkun til Jóns Hjaltalíns læknis.

Eins og tveir háttv. þm. hafa tekið fram, er hjer eiginlega ekki um peningaspursmál að ræða, heldur „æruspursmál.“ Jeg hefi talað við samstarfsmenn mína í mentamálanefnd, og vorum við öll sammála um, að þessu þyrfti að hreyfa. Þau einu hugsanlegu mótmæli gegn þessu eru þau, að þetta leiddi til fundar í Sþ. Hjer er að ræða um það, hvort eigi að misbjóða heiðri eins góðs starfsmanns, sem af öllum er viðurkendur. Þessi maður vinnur við háskólann fyrir lægri laun en aðrir fastir starfsmenn þar. Þegar þess er gætt, að ef maðurinn tæki þetta sem persónulega móðgun við sig, gæti það orðið háskólanum að meira tjóni en sem svarar 500 kr. Jeg tek það fram, að mjer er þeim mun ljúfara að koma með þessa brtt., þar sem hlutaðeigandi maður er einn af þeim fáu læknum hjer í bænum og víðar, sem eru mjög óeigingjarnir í persónulegum skiftum við sjúklingana; það stappar nærri, að telja megi það galla á þessum manni, hve ódýr hann er. Eftir því sem mjer er tjáð, hefir hann þann sið að senda engum manni reikning; borga honum því ekki aðrir en þeir, sem

hafa svo mikla sómatilfinningu að koma sjálfir. Maður getur skilið, að þessi aðferð í viðskiftum sje ekki beinlínis vel fallin til að afla fjár.

Það þarf ekki að vera nema fimm mínútna fundur í Sþ. út af þessari brtt. Um verðleika mannsins verður ekki deilt. Breytni hv. Nd. í þessu atriði hlýtur að stafa af ókunnugleika eða hugsunarleysi. Jeg ber engan kinnroða fyrir það að setja fjárlögin í Sþ., eins og málavöxtum er háttað.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg ætla ekki að tala langt mál, en sem nefndarmaður í mentmn. þessarar hv. deildar vildi jeg taka í sama streng og hv. frsm. (JóhJóh) og hv. 5. landsk. (JJ) og lýsa því yfir, að jeg er algerlega samþykk till. þeirri, sem hv. 5. landsk. þm. hefir borið hjer upp, um að leiðrjetta misrjetti það og lítilsvirðingu, sem hv. Nd. hefir sýnt með því að lækka styrkinn, sem hjeraðslæknir fær fyrir kenslu sína við háskólann.

Jeg hefi það eftir starfsbræðrum hans við háskólann, að hann vinni þeirri stofnun ómetanlegt gagn, jafnvel engu minna en hinir föstu prófessorar, en þeir eru, eins og kunnugt er, með afbrigðum góðir embættismenn.

Úr því að jeg stóð upp á annað borð, þá vil jeg nota tækifærið til þess að finna að því, að hv. Nd. skuli aftur hafa breytt styrkveitingunni til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga. Jeg hefi áður fært rök fyrir því, hversu skylt sje að veita sambandi þessu styrk úr ríkissjóði, og að það hafi óskoruð umráð yfir þeim styrk, sem það fær. Get jeg og fært fram fyrir þessari skoðun ekki lakari rök en þau, að Pjetur heitinn Jónsson, fyrv. ráðherra, tók það fram þegar sambandið var stofnað, að sjálfsagt væri að veita því styrk og láta það sjálft ráða, hvernig það úthlutaði honum. Nú hefir hv. fjvn. Nd. að vísu veitt nokkra upphæð í þessu skyni, en um leið bundið mikinn hluta hennar við nafn. Þar eð jeg á sæti í stjórn sambandsins, vil jeg ekki láta þessari aðferð ómótmælt. Þingið er að vísu sjálfrátt um það, hversu mikils það metur starfsemi sambandsins og hvort það á hinn bóginn vill veita styrk til útbreiðslu heimilisiðnaðar á einhver sjerstök nöfn. En hinu verður að mótmæla, sem hv. Nd. nú hefir gert, að nokkur hluti þeirrar fjárupphæðar, sem sambandinu er veitt, sje bundinn við nöfn einstakra manna, og það því fremur, sem upphæðin í heild hefir verið lækkuð úr 8 þús. kr., eins og sambandið hafði í síðustu fjárlögum, niður í 6 þús. kr., og því minni ástæða til að rýra styrkinn enn um þriðjung á þennan hátt. Jeg verð að halda því fram, að þó að fleiri þm. eigi sæti í fjvn. hv. Nd. en fjvn. þessarar hv. deildar, þá beri engu að síður að taka til greina það, sem fjvn. þessarar hv. deildar leggur til málanna og nær samþykki hv. þdm. Við 3. umr. fjárlagafrv. í þessari hv. deild kom að vísu á elleftu stundu fram brtt. frá tveim háttv. þingmönnum um að færa styrkveitingu þessa í svipað form og hv. Nd. nú hefir samþykt. Fjvn. þessarar deildar hefir aldrei haft á móti því, að ungfrú Ástu Sighvatsdóttur væri veittur styrkur til kenslu í vefnaði, en hún áleit, að ekki kæmi til mála að klípa þann styrk með ákvæði í fjárlögum af styrkveitingunni til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga, heldur ætti það sjálft að ráðstafa öllum styrknum upp á eigin spýtur.

Jeg varð því mjög undrandi, þegar jeg sá þessa meðferð hv. Nd., og það því fremur, sem helmingur stjórnar sam-

bandsins, sá, sem situr á Akureyri, hafði sent símleiðis mótmæli gegn því, að þingið ráðstafaði fyrirfram þeim styrk, sem það veitti sambandinu. Jeg hefi viljað undirstrika þessi mótmæli hjer nú, vegna seinni tímans.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Það er rjett, sem hæstv. forsrh. (JM) sagði, að það hefði verið af misskilningi, að kennaralaun dr. Alexanders Jóhannessonar voru ekki tekin upp í frv., en í þeim misskilningi á hann sjálfur sinn þátt. En margir nefndarmenn bjuggust við því, að honum yrði alt að einu haldið við háskólann, og vænta þess því, að hæstv. stjórn sjái einhver ráð til þess, að svo megi verða. Hann heldur launum sínum til næstu áramóta, og jeg geri ráð fyrir því, að næsta þing telji ekki eftir, að honum verði veitt laun fyrir árið 1925.

Þegar jeg talaði áðan, vissi jeg ekki um hina skriflegu brtt. hv. 5. landsk. (JJ), þó að jeg hafi að vísu mælt með henni fyrirfram.

Vil jeg skjóta því til hæstv. forseta, að hann gefi 10 mínútna fundarhlje til þess að þdm., og sjerstaklega fjvn., gefist kostur á því að ráða það við sig, hvort hleypa skuli frv. til Sþ. vegna þessarar brtt.

Forseti (HSteins): Þar sem hin skriflega brtt. hv. 5. landsk. (JJ) er svo seint fram komin, gef jeg hjermeð 10 mínútna fundarhlje, til þess að hv. þdm. ræði hana og ef til vill fleiri brtt. fyrir luktum dyrum.

Fundarhlje í 10 mínútur.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Þar sem meiri hl. hv. deildar hefir óskað þess, að fjárlagafrv. fari ekki til Sþ. vegna brtt. hv. 5. landsk. (JJ), þá vil jeg leyfa mjer að óska þess, að hann taki hana aftur; en jafnframt vil jeg skora á hæstv. stjórn, að hún leiti eftir á samþykkis þingsins fyrir því að greiða hjeraðslækninum í Reykjavík 1500 kr. þóknun fyrir kenslu hans við háskólann, eins og þessi háttv. deild hafði áður samþykt. Vona jeg, að hæstv. stjórn geti orðið við þessum tilmælum mínum, og eins hv. 5. landsk., um að taka till. aftur, þegar hann hefir heyrt svör hæstv. stjórnar.

Jónas Jónsson: Mjer er ljúft að taka till. mína aftur, af því að hjer er um svo litla fjárupphæð að ræða og það er ekki peningahlið þessa máls, sem jeg óttast, heldur hitt, að niðurfærsla sú, sem hv. Nd. hefir gert hjer, geti valdið því, að umræddur læknir skoði þessa meðferð sem móðgun við sig og láti því af kenslu við háskólann; en það teldi jeg fyrir allra hluta sakir mjög illa farið.

Nú geri jeg ráð fyrir því, að þar sem um svo lága upphæð er að ræða, þá geti hæstv. forsrh. (JM) komið því til vegar, að lækninum verði greiddar 1500 kr. fyrir kenslustarf sitt árið 1925, og mun jeg taka till. mína aftur, ef hæstv. forsrh. lofar þessu.

Sigurður Eggerz: Jeg mintist á stúdentastyrkinn í fyrri ræðu minni og sagði þá, að hæstv. stjórn hefði sýnt því máli of mikið tómlæti. En jeg skal játa, og vil, að það komi fram í umr., að síðan hefi jeg heyrt, að hæstv. forsrh. (JM) hafi mælt eindregið með hækkuðum styrkveitingum til stúdenta í hv. Nd., en um þetta var mjer ekki áður kunnugt.

Jeg vildi því treysta á það, að hæstv. stjórn finni einhverja leið til þess að láta stúdentana fá jafnmikinn styrk og

gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrverandi stjórnar, því að jeg er viss um það, að ef hún finnur leið til þessa, þá muni þingið samþykkja hana eftir á, þar sem jeg þykist vita, að flestir hv. þm. hafi fulla samúð með óskum og kröfum stúdenta í þessu efni. Jeg veit, að hv. þdm. er kunnugt, að þessi afstaða mín til stúdentanna er ekki ný. Áður, þegar jeg hafði með þessi mál að gera og styrkurinn til stúdenta, sem stunda nám erlendis, var áætlaður í íslenskum krónum, leyfði jeg mjer óátalið af þinginu að borga hann út í dönskum krónum. Sömuleiðis fjekk jeg því til vegar komið í fyrra, að þeim var greidd gengisuppbót úr ríkissjóði af þeim peningum, sem þeir fengu senda hjeðan að heiman.

Mjer er sjálfum vel kunnugt um erfiðleika þá, sem stúdentar eiga við að stríða, og get tekið undir það með hæstv. forsrh., að þó að þeir, sem dvelja við háskólann hjer heima, sjeu hart leiknir eins og fjárlagafrv. er nú úr garði gert, þá eru hinir, sem stunda nám erlendis, enn harðara leiknir.

Vil jeg vænta hins besta af hæstv. stjórn, að hún reyni að bæta úr þeirri meðferð, sem stúdentar nú hafa fengið, og er jeg sannfærður um, að það verður ekki átalið síðar.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get fyllilega tekið undir tilmæli hv. frsm. (JóhJóh) að því er snertir háskólakenslu hjeraðslæknis. Þó að jeg búist ekki við, að honum verði greiddar þessar 500 kr. án heimildar, þá mun jeg gera mitt ýtrasta til, að sú heimild fáist.

Sama máli er að gegna um stúdentana. Jeg mun gera alt það, sem mjer er mögulegt, til þess að greiða úr vandræðum þeirra, og það því fremur, sem jeg er þeirrar skoðunar, að margir þeirra, sem erlendis dvelja, hafi jafnvel verið gabbaðir, ef styrkurinn verður nú af þeim tekinn.

ATKVGR.

Skriflega brtt. frv. 5. landsk. þm. (JJ) (verður þskj. 525) tekin afur.

Frv. samþykt í e. hlj. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 529).

Við atkvæðagreiðslu um fjárlagafrv. við 3. umr. í Nd. er þess getið í 692. dálki, að brtt. 261,II 4 hafi verið vísað frá samkvæmt úrskurði forseta. Rökstuddi hann úrskurð sinn með ræðu þeirri, er hjer fer á eftir, en ræðan hafði mislagst og varð því eigi prentuð á rjettum stað.

Forseti (BSv): Þá er komið að tveim liðum, sem nokkuð hafa orkað tvímælis, og get jeg ekki komist hjá því að fara um þá nokkrum orðum og fella úrskurð um, hvort þeir megi koma undir atkvæði eða ekki. Hefir margt verið rætt um þessa tvo liði frá formsins og laganna sjónarmiði, og eru mönnum rök þau í fersku minni, sem færð hafa verið á báðar hliðar. Það hefir komið berlega fram, að hjer er um allmikið vafaatriði að ræða, þar sem ýmsir lögfræðingar í hv. deild og aðrir fleiri hafa haldið fram gagnstæðum skoðunum og skarplega athuguð rök verið borin fram með og móti frá beggja hálfu. Einnig hefir umsagnar manna utan þings verið leitað, eftir því sem fram hefir komið í umræðunum, þar á meðal tveggja háskólakennara í lögum, og hafa þeir báðir látið þá skoðun í ljós um fyrra liðinn, annar afdráttarlaust, að hann sæi ekkert til fyrirstöðu því, að

hann mætti koma undir atkvæði, en hinn nokkuð óákveðnari „tilhneiging“ í líka átt. En það er ekki einhlítt að leita út fyrir þingið í þessu efni, því að einnig þar eru skoðanir manna skiftar. Jeg hefi fyrir mjer skoðun tveggja löglærðra háskólakennara, hefi átt tal við annan en lesið á prenti eftir hinn, og er þeirra skoðun gagnstæð hinna tveggja, er áður var frá skýrt. Jeg verð því að hlíta minni eigin skoðun, sem eðlilegt er, þegar svo stenst í odda milli manna um þetta atriði. Jeg verð hjer að tala að nokkru leyti í einu um báða liðina, því að margt af því, sem jeg verð að segja um fyrra liðinn, gildir einnig fyrir þann hinn síðara.

Það mun vera alment viðurkent, að fjárveitingarvaldið geti ekki breytt lögum, sem hið almenna löggjafarvald hefir sett, enda mundi það raska mjög þeim grundvelli, er lögin byggja á, og koma þannig í bága við anda stjórnarskrárinnar. Um þetta mun varla vera deilt, en á hinn bóginn hefir því verið haldið fram, að varla felist lagabreytingar í þessum tillögum. Hefir því verið haldið fram um 4. liðinn, sem ræðir um, að alþingisforsetar megi ákveða í sparnaðarskyni, að niður skuli falla prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna, að þar komi skýrt fram, að ekki sje að ræða um afnám þess atriðis í þingsköpum Alþingis, sem ræðir um þetta. Það sje í gildi eftir sem áður, en þessi athugasemd, verði hún samþykt, gildi einungis fyrir það eina ár, sem fjárlögin fyrir 1925 ná til. Það er að vísu rjett, að þá væri ekki um beint afnám laga að ræða í fjárlögum. En hjer ræðir um að upphefja gildandi lagaákvæði, og þó að vísu aðeins í eitt ár. En þá mætti upphefja ákvæði gildandi laga með fjárlagaákvæðum ár eftir ár, með því að bægja þeim frá að koma til framkvæmda. Nú er það fyrirskipað alveg skýlaust í þingsköpum, að Alþingistíðindin skuli prentuð, og er mjög ríkt kveðið að orði um það. Í 52. gr. 1. málsgr. segir svo: „Umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum um þau, *skal prenta* í Alþingistíðindunum.“ Og enn segir í næstu málsgr.: „Í Alþingistíðindunum *má ekkert undan fella*, það er þar á að standa og fram hefir komið í þinginu og gerðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sjer.“ Nú er því að vísu haldið fram, að svo megi líta á, að *frestað* væri aðeins um sinn prentun umræðupartsins, hún væri dregin en ekki feld niður. En eftir hljóðan orðanna í tillögunni á prentunin beint að falla niður, enda vansjeður sparnaður að því að fresta prentuninni í eitt ár. Má og telja það koma í bága við þingsköpin að draga í eitt ár að prenta nokkurn hluta Alþingistíðindanna, enda hefir það ekki komið fyrir síðan 1845, er þau voru prentuð í fyrsta sinn. Það er tilætlunin með prentun Alþingistíðindanna og hlýtur að vera ósk og krafa þjóðarinnar, að þau komi út svo fljótt sem auðið er, og með bættum tækjum til prentunar og greiðari samgöngum ætti að líða æ skemra þangað til þau koma fyrir almenningssjónir, og er þetta vafalaust í samræmi við tilgang laganna.

Hjer virðist einnig koma glögglega fram munurinn á fjárveitingarvaldinu og hinu almenna löggjafarvaldi. Þó að farið væri að beita fjárveitingarvaldinu til þess að afstýra framkvæmd gildandi laga, þá er það þeim mun máttarminna en hið almenna löggjafarvald, að það gæti ekki komið í veg fyrir hana nema eitt ár í senn, en það gæti þá ítrekað það ár eftir ár, eins lengi og það vildi, og væri þá

framkvæmd gildandi laga komið á þennan hátt fyrir kattarnef. Gildir þessi röksemdaleiðsla bæði um þennan lið og alment.

Það má vera, að út af þessu hafi verið brugðið áður, með því að ákveða í fjárlögum fyrir 1920 og 1921, að hækka skyldi meðlag með sjúklingum á Kleppi, sem fastákveðið er í lögunum um geðveikrahælið frá 1905. Var þetta gert á þingi 1919, og kveðið þannig á í stjórnarfrv. Það er rjett, að þetta ákvæði fjárlaganna fyrir 1920 og 1921 kemur í bága við gildandi lög. En það má fullkomlega líta svo á, að þetta hafi í athugaleysi gert verið, enda finn jeg eigi, að frekara hafi verið um það rætt, og verður ekki sjeð, að það hafi þá sætt mótmælum, meðan frv. var til umræðu, eins og menn hafi ekki tekið eftir þessu. En eins og tekið hefir verið fram í dag og sýna má í þingtíðindunum 1923, hefir framsögumaður fjárveitinganefndar þá *bent á þetta sem lögleysu* og talið, að þeir, sem hlut ættu að máli, væru ekki skyldir að hlíta þessu ákvæði fjárlaganna. Sami skilningur kemur fram í Stjórnlagafræði eftir háskólakennara einn í lögum; segir þar, að ekki sje rjett að gera breytingu á gildandi lögum með fjárlögum og stranglega varað við því.

Um fyrri tillöguna, sem hjer ræðir um, kemur það enn til greina, að hún mundi tæplega geta gengið fram, þar sem hún kveður á um atriði, sem þegar hefir verið felt hjer í hv. deild, sem er frv. til laga um að fella niður prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna, þó að tillagan nái að vísu ekki nema til eins þings, sem leiðir af því, að um lengri tíma getur ekki verið að ræða í lögum, sem gilda ekki nema um eitt ár.

Um það, hvort síðari tillagan fari í bága við lög um stofnun landhelgissjóðs Íslands, verð jeg einnig að fara nokkrum orðum, þó að málið hafi verið rætt svo mikið, að jeg muni fátt annað segja en einhver kann að hafa sagt áður. Sem kunnugt er, voru þau lög sett fyrst 1913, og tekur 4. gr. fram um tilgang þeirra, hversu sjóðnum skuli varið. Þar segir svo:

„Sjóðnum skal á sínum tíma varið til eflingar landhelgisvörnum Íslands fyrir ólöglegum veiðum, og ákveður löggjafarvaldið, hvenær hann tekur til starfa og hve miklu af fje hans skal til þessara varna varið.“

Samkvæmt þessari grein í upphaflegu lögunum mætti verja fjenu á þann hátt, er tillagan fer fram á, en þó virðist það eiga að vera ákveðið af hinu almenna löggjafarvaldi, en ekki af fjárveitingarvaldinu. En þessi 4. gr. er úr gildi numin með breytingu á nefndum lögum frá 1915, og er þar ákveðið, að greinin orðist svo:

„Sjóðnum skal á sínum tíma varið til að koma upp einu eða tveimur nýjum strandgæsluskipum, er notuð verði til að verja landhelgina fyrir ólöglegum veiðum, og ákveður löggjafarvaldið, hvenær sjóðurinn tekur til starfa og hve miklu af fje hans skuli varið til þessara varna.“

Hjer eru sett ákveðnari skilyrði en áður um það, til hvers sjóðnum skuli varið. Tilgangurinn er sá að safna fje til þess að kaupa eitt eða tvö ný strandvarnarskip, áður en tekið sje af fje hans til annars. Nú eru þau skilyrði ekki fyrir hendi, hvorki keypt eitt og því síður tvö ný strandvarnarskip, og þó að gert sje ráð fyrir að *leigja gamalt skip*, sem er eign einstaks fjelags, þá er það annars eðlis. Hitt er rjett, að þegar þessi skilyrði eru fyrir hendi, má ákveða, hve miklu af fje sjóðsins skuli varið til landhelgisgæslu. En skilyrðin eru þau, að fyrst sje til eitt skip eða tvö, og ný ákvæði fyrir hendi

af hálfu löggjafarvaldsins, áður en taka megi fje úr sjóðnum til almennra landvarna. Þetta er skilningur minn. Nú eru komnar fram brtt., er miða að því að koma í framkvæmd sömu hugsun, sem vakað hefir fyrir flm. þessarar tillögu, og einn hv. deildarmaður hefir komið með frv. í sömu átt, og virðist þá þessi hugmynd komin á heppilegri rekspöl og geta gengið fram á fullkomlega löglegan hátt.

Úrskurður minn verður þá á þessa leið:

Sakir þess, að margnefndar tillögur ganga að mínu áliti út fyrir valdsvið fjárveitingarvaldsins, yfir á svið hins almenna löggjafarvalds, og koma þannig í bága við anda stjórnarskrárinnar, mun það verða úrskurður minn, að þeim verði vísað frá.

Nær þetta nú þegar til fyrri tillögunnar undir 3. tölulið, en formsins vegna kveð jeg þennan úrskurð ekki upp um tillöguna undir 4. tölulið, fyrr en greidd hafa verið atkvæði um breytingartillögurnar við hana, og er það fyrir þá sök, að þeir, sem kynnu að vilja hanga fast í lagastafnum, gætu haldið fram, að þær mættu ekki koma undir atkvæði, ef tillögu þeirri hefði verið áður vísað frá, sem þær eiga við. En þá togun laga mætti firrast með því að bera upp brtt. áður en úrskurður er uppkveðinn um aðaltillöguna. En þessar brtt. eru brtt. á þskj. 292, en við hana hefir aftur verið afhent skrifleg brtt., og vil jeg nú leyfa mjer að leita afbrigða um þær báðar.

---

2. Fjáraukalög 1923.

Á 20. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. mars, var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923 (stjfrv., A. 99).

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 13. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (KlJ): Þetta frv. til fjáraukalaga fyrir 1923 hefir í sjer falin gjöld að upphæð kr. 46306,05 til viðbótar gjöldum þeim, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1923. Annars læt jeg mjer nægja að vísa til greinargerðar frumvarpsins, en finn enga ástæðu til þess að ræða um neina einstaka greiðslu, eða skýra frá ástæðum til hennar, en vænti þess, að það gangi til 2. umr., og legg til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til fjvn.

Magnús Guðmundsson: Jeg tók svo eftir, að hæstv. fjrh. (KlJ) legði til í ræðu sinni, að frv. yrði vísað til fjvn., en mjer skilst, að þetta frv. ætti fremur að fara til fjhn. og geri það að till. minni, að frv. verði vísað þangað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjvn. með 15 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., laugardaginn 22. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 99, n. 181).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Eins og sjest af nál., leggur fjvn. til, að frv. verði

samþykt óbreytt, en gerir þó smávegis athugasemdir við einstöku liði.

Á þinginu í fyrra fjekk fjvn. aðkast fyrir það, að hún átti hlut að því, að fjáraukalög komu fram. Hún vildi, að sem allra minstu fje væri eytt án heimildar í fjárlögum, þó að hún játi, að það geti stundum verið óumflýjanlega nauðsynlegt. Á þinginu 1922 komu engin fjáraukalög fyrir það ár, en þó greiddi stjórnin yfir 200 þús. kr. utan fjárlaga. Það kann að vera, að það hlaðist altaf mikið utan á fjáraukalagafrv., sem koma fram í þinginu, og því hafi þetta verið heppilegra. En þó vill nefndin taka fram, að stjórnin ætti sem allra sjaldnast, og helst aldrei, að greiða fje í heimildarleysi, heldur fresta þeim greiðslum þangað til þeim verður komið í fjáraukalög.

Í þessu frv. eru aðeins 2 liðir, sem nefndin vill gera sjerstaka athugasemd við, auk þeirrar heildaraðfinslu, að ekkert hefði átt að greiða.

Fyrri liðurinn er greiðsla til landlæknis upp í ferðakostnað, 1225 kr. Svo stendur á um þennan lið, að þá sat berklavarnanefndin að störfum, og fóru þá 2 nefndarmenn til útlanda, landlæknir og núverandi bæjarlæknir í Reykjavík, og eru þetta eftirstöðvar af ferðakostnaði þeirra til Svíþjóðar. Ástæður stjórnarinnar fyrir þessari greiðslu eru þær, að þáverandi dómsmálaráðherra hafi veitt ádrátt um, að þetta skyldi endurgreitt úr ríkissjóði, og í öðru lagi hafi þetta verið borið undir fjárveitinganefndir þingsins og þær ekki lagt á móti greiðslunni. Þetta telur fjvn. einskisnýta heimild. En vegna þess, að hjer virðist engin stjórn vera til andsvara, skal jeg geta þess, henni til málsbóta, að töluverð ástæða virtist vera til þess, að landlæknir færi þessa för. Þá var sem sje allsherjarberklalæknafundur fyrir Norðurlönd, og sótti landlæknir hann af hálfu nefndarinnar. Heilsuhælisfjelagið hafði lofað honum einhverri upphæð í ferðakostnað, en þetta voru eftirstöðvarnar. Hafa þær staðið þangað til nú nýlega, að upphæðin var greidd, en stöðugt verið ítrekað af landlækni um greiðslu. Þó að fjvn. telji stjórnina hafa brostið heimild til þessarar greiðslu, leggur hún þó ekki til, að upphæðin verði endurgreidd, en gerir þessa athugasemd stjórninni til eftirbreytni síðar.

Hinn liðurinn, sem nefndin víkur að, er skrifstofukostnaður húsameistara ríkisins. Á þingi 1922 var aðstoðarmaður hans feldur af fjárlögum. En í fjáraukalög fyrir 1922 setur stjórnin án heimildar skrifstofukostnað húsameistara, kr. 2549,28, en nú í þessum fjáraukalögum er sá liður kominn upp í kr. 5780,11. Með því að fella niður laun aðstoðarmanns af fjárlögum hefir þingið látið það ótvírætt í ljós, að það telji enga þörf hans. Að vísu hefir fjvn. fengið skýrslu frá húsameistara ríkisins, sem sýnir, að störf hans eru feikilega mikil. En nefndin álítur, að mikið af þessum störfum sje ekki beinlínis í þarfir ríkisins og þannig vaxin, að ríkissjóði beri engin skylda til að kosta þau, heldur þeim, sem þar eiga hlut að máli. Það eru aðallega uppdrættir að barnaskólum, fimleikahúsum, læknisbústöðum og þesshátar, sem ekki hefir áður tíðkast, að ríkið kostaði. Það er víst, að í þessum störfum liggur meira fje en ríkissjóður hefir greitt í skrifstofukostnað, og ef það verður innheimt hjá rjettum aðiljum, ætti það að hrökkva fyrir honum. Nefndin telur enga þörf á að greiða lengur aðstoðarmanni, þar sem nú hefir verið unnið að því, sem brýnust þörf var á, og meira ætti ekki að vera eftir en húsameistari getur annað einn. Nefndin telur þessa greiðslu

því óþarfa, jafnframt því, sem heimild vantar fyrir henni. Jeg skal þó taka það fram, að mjer hefir verið sagt alveg nýlega, að búast megi við, að Landsbankinn endurgreiði þessa upphæð, og mun eiga að skilja þetta svo, að uppdrættirnir að Landsbankahúsinu hafi aukið svo störf húsameistara, að hann hafi ekki getað verið án aðstoðarmanns. Ef nefndinni hefði verið kunnugt um þetta, mundi hún ekki hafa gert athugasemd við þennan lið.

Mjer hafði verið falið af fjvn. að bera upp fyrirspurn fyrir hæstv. stjórn, en jeg veit ekki hvort unt er að gera það eins og nú stendur. Hjer virðist enginn vera til andsvara, stólarnir auðir, eins og vjer sjeum nú stjórnarlausir, og tel jeg því rjett að geyma þessa fyrirspurn til 3. umr. Hún snertir erindi, sem legið hefir fyrir fjvn. og ætti að vera tekið upp í fjáraukalög fyrir 1924. Það mun því rjettast að fresta henni til 3. umr., ef þá kynni einhver að vera til andsvara. Það er leitt, að svo skuli takast til, að vjer sjeum eins og stjórnlausir nú, en vonandi raknar úr því síðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 25. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 27. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 99).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg gat þess við 2. umr. þessa máls, að fyrir fjvn. hefðu legið nokkur erindi, sem hefðu átt að heyra til fjáraukalögum fyrir 1924. Þar á meðal var erindi frá bæjarfógetanum í Reykjavík, þar sem hann beiðist þess, að greiddar sjeu eftirstöðvar af reikningi, sem hann sem lögjafnaðarnefndarmaður hafi sent stjórnarráðinu, en ekki fengið greiddan að fullu. Þessar eftirstöðvar nema 350 dönskum krónum. Í þessu erindi kom það fram, að þessi nefndarmaður hafði reiknað sjer 50 krónur á dag og auk þess 20 krónur á dag handa þeim manni, sem gegndi bæjarfógetastarfinu í fjarveru hans. Nú skildi nefndin ekkert í því, af hverju þetta erindi væri sent til hennar, því að við nánari athugun sá hún, að eftirstöðvarnar svöruðu ekki til þess, að aðeins hefðu verið borgaðir dagpeningar þessa nefndarmanns, heldur hafði og eitthvað verið greitt af þessum 20 kr. dagpeningum hins mannsins. Þetta leiddi til þess, að fjvn. fór að grenslast eftir því, hve mikið fje hinum nefndarmönnunum hefði verið greitt. Kom þá í ljós, að Einari Arnórssyni höfðu verið greiddar 3700 kr., en Bjarna Jónssyni 3300 kr., þar af hverjum þeirra 500 íslenskar krónur, hitt í dönskum krónum. Þeim hafði með öðrum orðum verið greitt meira en bæjarfógetanum, sem borgað hefir verið alls 3000 krónur, og þó hafði hvorugur þessara manna þurft að kaupa mann í sinn stað hjer heima. Auk þess hafði einn nefndarmaðurinn, Einar Arnórsson, ekki setið á þessum alþjóðaþingmannafundi í Kaupmannahöfn, því hann var um það leyti á ferð suður á Ítalíu. Nú vill nefndin gera þá fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvort þessum mönnum hafi verið greitt þetta fje samkvæmt

framlögðum reikningum eða án reikninga. Þykir nefndinni þetta kaup vera ærið hátt og vildi einnig gjarnan fá að vita, hvort um hafi verið samið, að þeir fengju 50 krónur á dag í ferðakostnað. Hitt þótti nefndinni sanngjarnt, að bæjarfógeta væri greitt það fje, sem hann þurfti að borga þeim manni, sem gegndi störfum hans þennan tíma. Nefndin hefir líka komist að þeirri niðurstöðu, að rjettmætt og sjálfsagt sje að endurkrefja það af þeirri upphæð, sem greidd hefir verið til þessara manna, sem ekki er beinlínis samið um, því samt sem áður mun ferðakostnaðurinn þykja óhæfilega hár.

Forsætisráðherra (JM): Jeg á erfitt með að svara þessari fyrirspurn hv. frsm. fjvn. (ÞórJ), því að jeg hefi ekki sjeð þessa reikninga. Jeg veit ekki heldur um það, hvort um greinilega samninga hefir verið að ræða, en býst þó við, að gert hafi verið ráð fyrir 50 kr. kostnaði á dag. Ekki man jeg heldur eftir því, hve hár reikningurinn var hjá Einari Arnórssyni, en hitt man jeg, að hann ætlaði að endurgreiða eitthvað af honum.

Annars getur fyrverandi stjórn gefið betri upplýsingar í þessu máli en jeg, þar sem hún átti um þetta að fjalla.

Klemens Jónsson: Jeg hefi ekki heldur sjeð þessa reikninga, sem hv. frsm. (ÞórJ) talar um. en jeg er hinsvegar nokkuð kunnur þessu máli. Eins og hv. þm. muna, þá var á síðasta þingi tekin af þessum nefndarmönnum sú þóknun, sem þeir höfðu haft fyrir þennan starfa. Þegar þeir svo fóru til Kaupmannahafnar í sumar, þá sneru þeir sjer áður til stjórnarinnar og spurðu hana um það, hve mikið fje mætti áætla þeim til ferðakostnaðar, og varð það að samkomulagi að ætla þeim 50 kr. á dag hverjum. Það var ekki einu orði minst á frekari borgun. Þegar jeg því síðar heyrði, að sumir nefndarmenn hefðu gert kröfu til þess, að ríkið greiddi laun þeirra manna, sem gegndu embættum nefndarmanna í fjarveru þeirra, þá taldi jeg það rangt. Þegar nefndarmennirnir lögðu af stað, fjekk hver þeirra 500 kr. í íslenskum peningum til nauðsynlegs undirbúnings og ferðakostnaðar til Danmerkur, og hitt fengu þeir síðar í dönskum krónum. Það hittist svo á, að jeg kom til Kaupmannahafnar rjett á eftir burtför þeirra þaðan. Átti jeg þá tal við menn í sendisveitinni íslensku, og þótti þeim nefndarmennirnir hafa verið nokkuð kröfuharðir. En víst er um eitt, og það er, að samkvæmt umtali við stjórnina eiga þeir ekki heimting á meiru en 50 kr. á dag. Jeg skal þó taka það fram, að eitt er, sem nokkru hefir valdið um það, að reikningar nefndarmanna urðu nokkuð hærri en gert var ráð fyrir, en það var, að þeir lögðu of snemma af stað og voru því óþarflega lengi í ferðinni. En þetta var ekki þeim að kenna, því þeir gátu ekki vitað annað en fundurinn yrði haldinn um miðjan júlí, þótt svo færi, að hann drægist fram undir miðjan ágúst. Þetta varð auðvitað til þess, að kostnaðurinn varð miklu meiri en menn höfðu gert sjer í hugarlund.

Jeg get svo ekki gefið frekari upplýsingar í þessu máli.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg gleymdi að geta þess áðan, að auk þess kostnaðar, sem jeg gat um áðan, þá hafði nefndin með sjer skrifara, sem 1000 kr. hafa verið greiddar. — Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) kvaðst ekki geta gefið frekari upplýsingar í málinu, þá vil jeg geta þess, að jeg hafði aðvarað fyr-

verandi forsætisráðherra (SE) um það, að þetta myndi nú koma til umr., svo að hann gæti gefið þeim upplýsingar, sem hjer eru til andsvara. Nú hafa ekki komið fram aðrar upplýsingar en þessi um reikning Einars Arnórssonar, að eitthvað muni verða endurgreitt af honum. Jeg lít svo á, að þessir menn eigi ekki að fá eyri meira en um var samið. Það, sem fram yfir er, á að endurgreiðast. Að minsta kosti heldur fjvn. fast við þá kröfu.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hefi aðeins sjeð reikning frá Einari Arnórssyni, og get því ekki svarað frekar í þessu máli, enda hefi jeg ekki verið aðvaraður um, að jeg yrði spurður um þetta. Jeg veit ekkert um það, hvað hinir nefndarmennirnir hafa fengið, því að auðvitað var það alt um garð gengið áður en þessi stjórn tók við. Verð jeg yfirleitt að líta svo á, að þetta mál sje mjer með öllu óviðkomandi.

Hákon Kristófersson: Nú fyrst finst mjer ástæða til að þakka háttv. fjvn. frammistöðu sína. Hjer hefir hún gert fyllilega skyldu sína, og vona jeg, að það sje fyrirboði nýrra og betri tíma í fjármálastjórn landsins. Annars gegnir það furðu, að slíkt skuli eiga sjer stað á þessum tímum, að menn búi til reikninga sem þeim sýnist, en stjórnin borgi svo brúsann. Vona jeg, að stjórnin gæti frekari sparnaðar framvegis. — Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) kvað þóknunina hafa verið tekna af þessum mönnum. Það er ekki rjett að orði komist. Þegar þessi nefnd var sett á stofn, þá var það fremur skoðuð heiðursstaða heldur en fjeþúfa. Átti jeg einmitt tal um það við hv. þm. Dala. (BJ), og gerði hann þá ráð fyrir, að launin færu ekki fram úr 500 kr. Held jeg, að yfirleitt hafi þm. þá ekki hugsað sjer, að hærri upphæð kæmi til greina. En þá fyrst kastar tólfunum, þegar þessir menn bregða á leik suður í lönd og taka þó fult kaup fyrir þann tíma, sem sú skemtiferð stendur yfir. — Það þykir mjer og undarlegt, ef svo starfhæfir menn og pennavanir geta ekki annast þessar skriftir sjálfir, heldur þurfa að hafa launaðan ritara með sjer. Vona jeg yfirleitt, að slík firn sem þessi verði ekki mörg á fjármálasviði voru. Jeg ætla ekki að fjölyrða meira um þetta, en jeg óska, að jeg megi vona, að önnur eins firn og þetta sjeu ekki látin viðgangast.

Klemens Jónsson: Það hefir aldrei verið minst á, að nefndin hefði sjerstakan skrifara, og henni engin heimild verið gefin til þess.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg vil í tilefni af þessum upplýsingum krefjast þess, að laun ritarans verði endurgreidd. (*TrÞ*: Alveg rjett).

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 99).

Á 32. fundi í Ed., laugardaginn 29. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjvn. með 10 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., fimtudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 99, n. 276).

Frsm. (Einar Árnason): Það þarf ekki langa framsögu um þetta mál. Eins og frv. ber með sjer, þá eru útgjöldin rúmar 46 þús. kr. Þó segja megi, að útgjöldin sjeu greidd af stjórninni án beinnar heimildar þingsins, þá má þó segja það um marga liðina, að þeir eru ýmist endurbætur eða viðhald á fasteignum ríkisins, sem óhjákvæmilegt var að gera. Verður að líta svo á, að stjórnin hafi altaf leyfi til þess að verja nokkru fje til þess að vernda eignir ríkisins fyrir skemdum.

Hæsti útgjaldaliðurinn er skrifstofukostnaður húsameistara ríkisins, hátt á 6. þús. kr. Fjvn. vill vekja athygli hæstv. stjórnar á þessum lið, og er hún þar sammála fjvn. hv. Nd. um það, að hún getur ekki fallist á, að það sje nauðsynlegt að greiða þennan kostnað nú, þar sem ríkið hefir nú ekki með höndum neinar byggingar svo teljandi sje. Álítur nefndin því óþarft að kosta svo miklu til þessa. Þó leggur nefndin til, þrátt fyrir þessa athugasemd, að frv. verði samþykt óbreytt.

Sigurður Eggerz: Það voru aðeins örfá orð viðvíkjandi athugasemdinni um húsameistara ríkisins. Þessi athugasemd kom fyrst fram í hv. Nd., er fjáraukalagafrv. var þar til umræðu. En þá voru stjórnarskiftin orðin, og gat jeg því ekki svarað athugasemdinni þar. Jeg vildi aðeins vekja athygli hv. deildar á því, að jeg gat þess á síðasta þingi, að stjórnin hefði ekki komist hjá því að láta húsameistara fá aðstoð við störf sín. Var meiningin, að kostnaðurinn við þá aðstoð yrði aðallega greiddur af því fje, er hann fengi fyrir ýms störf, sem hann ynni fyrir aðra en ríkið, t. d. Landsbankabygginguna. Mundi það meira en nóg til þess að greiða þennan kostnað. Skal jeg geta þess, að hv. fjvn. hefir verið afhent skýrsla um störf húsameistara. Hefir hann, eins og skýrslan ber með sjer, haft mörg störf á hendi fyrir hið opinbera, sjerstaklega samkvæmt lögum um skipun kauptúna og sjávarþorpa, og hefir farið í það mikill tími. Var því aðstoðin nauðsynleg. Eins og jeg hefi áður tekið fram, þá benti jeg þinginu í fyrra á, að það væri sjerstaklega auðvelt að fá þennan kostnað endurgreiddan, og álít jeg því ekki ástæðu til að ávíta fyrv. stjórn fyrir þetta. Jeg skal ennfremur geta þess, að jeg sagði húsameistara, að hann hefði þessa aðstoð aðeins þangað til þing kæmi saman. Hvað snertir þessar 1200 kr. til landlæknis til greiðslu ferðakostnaðar, þá get jeg vísað til hv. fjvn. og sjálfs nál. Skal jeg geta þess, að ýmsir hv. nefndarmenn hvöttu stjórnina til að greiða þetta. Sá jeg mjer því fært að gera það, og jeg hygg, að þó að hv. fjvn. hafi komið sjer saman um að átelja stjórnina fyrir þetta, þá vona jeg, að hv. deild sjái, að stjórnin gat ekki annað gert en greitt þetta.

Frsm. (Einar Árnason): Það mun vera svo, að húsameistari hafi áður haft fastan aðstoðarmann með launum í fjárlögunum, en ef jeg man rjett, þá var hann feldur niður á þinginu 1922. Mun meiningin með því hafa verið sú, að ekki kæmi annar kostnaður í fjárlögin hvað þessa starfsemi snertir en laun húsameistara eins. Hv. 1. landsk. (SE) hefir skýrt nokkuð, hverjar ástæður muni vera fyrir því, að húsameistari hefir ekki komist yfir störf sín einn. Hefir það sjerstaklega verið vegna starfa hans við Landsbankabygg-

inguna nýju. Kom það fram hjá hv. þm., að þetta mundi verða endurgreitt, og telur nefndin það vel farið. Ef einstakir menn eða stofnanir fá húsameistara til að vinna eitthvað fyrir sig, þá er sjálfsagt, að það, sem inn kemur fyrir það, fari til þess að greiða þann aukakostnað, sem að slíkum störfum leiðir. — Viðvíkjandi greiðslunni til landlæknis, þá skal jeg geta þess, að jeg minnist ekki, að hún kæmi sjerstaklega til tals hjá fjvn. Það mun upphaflega hafa verið búist við því, að kostnaðurinn við utanför hans yrði greiddur af Heilsuhælisfjelaginu, en svo hefir ekki orðið að fullu, og því hafa þessar eftirstöðvar verið greiddar úr ríkissjóði, og hefir nefndin ekkert við það að athuga.

Sigurður Eggerz: Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. frsm. (EÁ), hversu sanngjarnlega hann hefir tekið í athugasemdir mínar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., laugardaginn 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 99).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 313).

---

3. Fjáraukalög 1922.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1922 (stjfrv., A. 2).

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (KlJ): Jeg þarf ekki að fylgja þessu fjáraukalagafrv. úr hlaði með mörgum orðum. Ástæður þær, sem fyrir því liggja, má, eins og venjulegt er, finna í landsreikningnum 1922 og athugasemdum við hann, sem jeg vona, að hv. þm. hafi nú fengið.

Það eru aðeins tvö atriði, sem jeg vildi minnast á. Eins og sjest á 5. gr. d-lið, þá hefir fjárveitingin til hraðskeyta- og talsímasambands farið allmikið fram úr áætlun. Um þetta atriði skrifaði jeg landssímastjóra brjef og bað hann um upplýsingar um ástæðurnar fyrir þessu. Hann hefir nú svarað aftur í mjög ítarlegu brjefi, sem jeg hefi hjer meðferðis, og verður fjhn. að sjálfsögðu gefinn kostur á að kynna sjer það. Þó má geta þess, að aðalhækkunin liggur í því, að þessi liður hefir jetið aftur fyrir sig, ef svo má að orði kveða, þannig, að talsvert af áætlunarfjenu frá 1921 hefir ekki notast það ár, en komið til útborgunar á næsta ári, 1922.

Hitt atriðið, sem jeg vildi leyfa mjer að minnast á, er út af aths. yfirskoðunarmanna á bls. 70, gr. 34 í landsreikningnum, að rjettara hefði verið að leita aukafjárveitingar fyrir nokkrum gjöldum, sem talin eru í gr. 11, b. En þar sem m. a. sum af þessum gjöldum eru í eðli sínu lögbobin, þá fæ jeg ekki sjeð, að þetta sje rjett. Og jafnvel þó að það hafi við-

gengist áður, þá er mín skoðun sú, að þó að eitthvað, sem er rangt, hafi tíðkast, þá sje ekki nauðsynlegt að halda því áfram. En jeg beini athygli hv. fjhn. að þessu atriði, því verði hún sammála hv. endurskoðunarmönnum, verður að koma þessum upphæðum inn í frv.

Finn jeg svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um frv. þetta, en leyfi mjer að leggja það til, að því verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., föstudaginn 28. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 206).

Frsm. (Jakob Möller): Jeg hefi lítið að segja um frv. þetta umfram það, sem stendur í nál. Jeg skal geta þess, að því hefir verið hreyft við mig, að betur hefði farið á því, að þetta frv. væri látið verða samferða reikningslagafrv. Nefndin áleit, að það gerði ekkert til, þó að þetta frv. væri tekið sjerstaklega, þar sem það virtist ekki gefa tilefni til athugasemda, en það, sem kynni að þykja athugavert við landsreikninginn, færi betur á, að kæmi fram í umræðunum um hann.

Í nál. er gerð full grein fyrir brtt. nefndarinnar, og skal jeg engu við það bæta. Það verður auðvitað jafnan álitamál, hvaða umframgreiðslur eigi að taka upp í fjáraukalög og hverjum megi sleppa. Ef lagabókstafnum væri fylgt stranglega, ætti að taka upp allar umframgreiðslur, en það hefir ekki verið venja, og hefir nefndin því ekki tekið upp þá reglu. Því síður þykir nefndinni ástæða til þess, sem ekki er síður að áætla í fjárlögum fyrir stórfeldum upphæðum, sem fyrirfram er vitanlegt, að greiða verður eftir sjerstökum lögum. Í landsreikningnum er altaf allstór upphæð í sjerstakri grein, sem ekkert er ætlað fyrir í fjárlögunum. Fjhn. hefir vikið að þessu í sambandi við annað mál og skotið því til hv. fjvn., hvort ekki væri rjett að áætla í fjárlögum fyrir þessum greiðslum. Þegar svo væri komið, að öll slík gjöld væru tekin upp í fjárlög, gæti komið til álita, hvort ekki væri rjett að taka allar umframgreiðslur og gjöld samkvæmt sjerstökum lögum í fjáraukalögin. En meðan það er ekki gert, sjer nefndin ekki ástæðu til að taka þetta upp í fjáraukalög.

Annars má altaf deila um það, í hverjum tilfellum er rjett að taka upp í fjáraukalög þær greiðslur, sem eru umfram það, sem áætlað er í fjárlögum. Fyrst og fremst getur það verið deiluefni, hvaða upphæðir eru áætlunarupphæðir, og er í brtt. nefndarinnar að vísu um margar slíkar upphæðir að ræða. Yfirleitt taldi nefndin rjett, þar sem slíkur ágreiningur hafði orðið milli stjórnarinnar og yfirskoðunarmanna landsreikninganna, að fylgja því, sem lengra færi, og voru það í þetta sinn tillögur yfirskoðunarmanna. En hinsvegar verður því þá ekki neitað, að alveg eins hefði mátt taka aðrar upphæðir í lögin. — Sje jeg svo ekki þörf að gera frekari grein fyrir þessu máli.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 206,1 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 206,2.2 a—b samþ. með 18 shlj. atkv.

— 206,2.3 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 206,3 samþ. með 21 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 206,4 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 206,5 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 206,6 samþ. án atkvgr.
— 206,7 samþ. með 18 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 31. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 241).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 241).
Á 37. fundi í Ed., miðvikudaginn 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., föstudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 241, n. 412).

Frsm. (Björn Kristjánsson): Jeg hefi ekki annað um frv. að segja en að nefndin leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 241).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 473).

---

4 Hegningarlagabreyting.

Á 1. fundi í Ed., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:
Frv. til laga um breyting á 182. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 (stjfrv., A. 8).

Á 3. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Á síðasta Alþingi, þegar rætt var um frv. um varnir gegn kynsjúkdómum, hjet stjórnin því að bera þetta frv. fram. Í lögum um varnir gegn kynsjúkdómum er gert ráð fyrir þrem tegundum kynsjúkdóma, syfilis, lekanda og linsæri, en hegningarlögin gera

aðeins ráð fyrir einni: fransós. En nú er sjálfsagt að láta hegninguna ná yfir öll þrjú tilfellin, og því er frv. þetta fram komið. Vænti jeg þess, að það fái góðar móttökur og verði að þessari umræðu lokinni vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á. 11. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 71).

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg get vísað til ástæðna stjórnarinnar fyrir frv. þessu. Þar er tekið fram, að breyting þessi sje gerð vegna tilmæla, sem komu um það við umr. um lögin um varnir gegn kynsjúkdómum hjer í þinginu í fyrra.

Nefndin sá að vísu, að frv. hefði mátt vera orðað einfaldar, en með því að orðalag þess er í samræmi við orðalag hegningarlaganna yfirleitt, sá hún ekki ástæðu til að gera breytingar á frv. þar að lútandi. Sömuleiðis hefði mátt orða ákvæðnar „önnur atlot" í 2. gr. frv., en getur þó varla misskilist eins og það er, og því hefir nefndin látið það standa óhaggað og leggur til, að frv. sje samþykt óbreytt.

Forsætisráðherra (SE): Jeg þakka hv. allshn. undirtektir hennar undir frv. þetta og vona, að hv. deild samþykki það óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. í e. hlj.
2. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 13. fundi í Ed., föstudaginn 7. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 8).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. með 3. umr. í Ed. (A. 8).
Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 10. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 14. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 8).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 134).

5. Eftirlit með lyfjabúðum.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um gjald af hálfu lyfsala vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðunum o. fl. (stjfrv., A. 17).

Á 3. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Það fer fram á, að lyfjabúðirnar greiði sjálfar kostnaðinn við eftirlit með þeim. Hann nemur nú um 2500 kr. á ári, og tel jeg fulla ástæðu til, að lyfjabúðirnar kosti þetta. Jeg skal benda á, að samskonar fyrirkomulag er nú í Danmörku. Skal jeg svo leyfa mjer að gera það að till. minni, að frv. verði vísað til allshn. að umræðunni lokinni. (*JBald*: Myndi ekki fara betur á að vísa því til fjhn.?). Jeg get vel fallist á athugasemd hv. 2. þm. Reykv. (JBald), og vil því breyta till. minni í þá átt, að frv. verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., laugardaginn 1. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 61).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Í sjálfu sjer þarf jeg engu að bæta við nál. fjhn. Bæði er það, að málið er næsta einfalt og frv. líka mjög óbrotið. Frv. miðar að því, að ljett sje af ríkinu kostnaðinum við eftirlitið með lyfjabúðunum og útgáfu lyfjaskrár. Og þar sem það mun venja annarsstaðar, að lyfjabúðirnar sjálfar beri kostnaðinn af þessu að mestu eða öllu, þá fanst nefndinni rjett, að sú venja yrði líka hjer tekin upp, og hefir því fallist á frv., eins og sjá má af nál.

Nefndin hefir leitað umsagnar lyfsölustjóra um það, hvort ekki væri ástæða til að jafna kostnaðinum á hina einstöku niður eftir verslunarveltu, en hann taldi það óþarft, þar sem upphæðin, sem til þessa færi frá hverri einstakri lyfjabúð, væri svo lág, að hún myndi ekki íþyngja neinni þeirra að neinum mun.

Þá töldum vjer rjett, að þess væri getið í lögunum, að gjaldið ætti að renna í ríkissjóð og eins, að það mætti taka lögtaki. Ætlast fjhn. til, að frv. verði samþykt með þessum breytingum.

ATKVGR.

Brtt. 61,1 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 61,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., mánudaginn 3. mars var frv. tekið til 3. umr. (A. 69).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 10. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 69).

Á 12. fundi í Ed., fimtudaginn 6. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 69, n. 92).

Frsm. (Björn Kristjánsson): Eins og kunnugt er, var frumvarp það, sem hjer er til umræðu, borið fram af stjórninni, og segir í ástæðunum fyrir því, að kostnaður við eftirlit lyfjabúðanna muni ekki vera minna en 2500 kr., og þykir rjett, að lyfsalarnir beri þann kostnað. Leggur stjórnin því til, að kostnaði þessum sje ljett af ríkissjóði og lyfsalarnir sjálfir látnir greiða hann, eins og t. d. tíðkast í Danmörku.

Fjárhagsnefnd neðri deildar hefir lagað frv. þetta að því leyti, að hún hefir tekið skýrar fram, að gjald þetta renni í ríkissjóð, og ennfremur bætt því við, að það megi taka lögtaki. Jafnframt hefir hún athugað, hvort ekki væri ástæða til að hafa gjaldið mismunandi á hinum einstöku lyfjabúðum, en ekki sjeð ástæðu til þess. Leggur hún því til, að gjaldið sje alstaðar jafnt, sem sje 250 kr. á hverri lyfjabúð. Verður það því í alt 2500 kr., því lyfjabúðirnar eru nú 10.

Fjárhagsnefnd efri deildar hefir og athugað frv. þetta og komist að sömu niðurstöðu. Leggur hún því til, að hv. deild samþykki það eins og það liggur fyrir.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil aðeins þakka hv. fjhn. fyrir, hvernig hún hefir tekið í mál þetta, og vænti þess, að það gangi óbreytt í gegnum deildina.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., föstudaginn 14. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 69).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 135).

---

6. Gengisviðauki á ýmsa tolla og gjöld.

Á 7. fundi í Nd., laugardaginn 23. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka (stjfrv., A. 38).

Á 9. og 10. fundi í Nd., dagana 27. og 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., laugardaginn 1. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (KlJ): Þegar jeg samdi fjárlagafrv. fyrir 1925, þá ætlaði jeg mjer ekki að leggja fram tekjuaukafrumvörp; ætlaði að láta mjer nægja fjárlagafrv. En við nánari athugun sá jeg, að þar sem íslenska krónan fór sílækkandi í jan. og febr., þá yrði ekki hjá því komist að gera einhverja tilraun til að auka tekjurnar. Eins og ástandið er og jeg hefi lýst því í ræðu minni um fjárlögin, þá bjóst jeg við, að þingið myndi leggja fyrir mig þá spurningu, með hverju móti jeg hefði hugsað mjer að rjetta við hag ríkissjóðsins. Því það var mjer ljóst, að menn myndu sjá, að ekki yrði framvegis hægt að halda honum í horfinu með því einu að hefta allar verklegar framkvæmdir; slíkt er aðeins bráðabirgðaráðstöfun. Þessari spurningu hefi jeg nú svarað með frv. þessu. Nú getur hv. Alþingi gert hvort sem það listir, að samþykkja það eða fella. Jeg skal játa, að mjer var það hálfnauðugt að auka enn á skattabyrði almennings, því að mjer er fyllilega kunnugt um það, hve hagur almennings er vondur. En þar sem verðgildi íslensku krónunnar er altaf að falla, þá verður eitthvað af að ráða. Sparnaður sá, sem fæst við embættaniðurlagningu, er, eins og menn nú hafa sjeð, mjög seinvirkur. Það er því ekki um aðra leið að ræða en þessa, sem allar aðrar þjóðir hafa nú neyðst til að fara, að auka skattana. Skal jeg t. d. benda á Norðmenn, sem verða nú að gjalda alla opinbera skatta í gullkrónum. Þótt jeg hafi álitið það skyldu mína að auka tekjur ríkissjóðsins, þá skal jeg taka það fram, að mjer er alls ekki fast í hendi með þetta frv. Ef einhver getur bent á aðra leið, sem betri er til að ná sama takmarki, þá mun jeg fallast á hana. Jeg skal annars ekki fara út í einstök atriði frv., heldur láta mjer nægja að vísa til greinargerðarinnar. Jeg vil þó benda á það, að þótt þetta frv. verði samþykt, þá er tollur á kaffi og sykri þó talsvert lægri en víða á Norðurlöndum, einkum á Finnlandi, og sje jeg ekki betur en við ættum að geta borið það eins og þeir. Jeg vil að lokum taka það fram, að það er skylda mín sem fjrh., sem hjer ræður, en ekki nein löngun til að íþyngja fólki með þungum sköttum.

Jeg legg svo til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. fjhn.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi á undanförnum þingum komið fram með till. um að fella algerlega niður nokkra af tollum þeim, sem nú er farið fram á að hækka, og vil jeg þar nefna t. d. sykurtollinn og kaffitollinn. Voru undirtektar þm. góðar í orði og viðurkendu flestir, að þessir tollar kæmu harðast niður á fátæku fólki og að þeir væru ranglátir. En þrátt fyrir þetta náðu þessar breytingar ekki fram að ganga.

Þegar sykurtollurinn var hækkaður síðast, þá var það látið í veðri vaka, að sú hækkun væri aðeins fyrst um sinn. En sykurtollurinn stendur enn. Og nú er m. a. farið fram á að hækka hann um 25%. Það er því engin furða, þótt jeg mæli á móti því, að þetta frv. nái fram að ganga. Og jeg er ekki viss um, að hv. þm. í hjarta sínu líti svo á, að þetta verði nokkur bót fyrir fjárhag landsins í heild sinni, þótt samþykt yrði. Vel má að því gæta, að hjer er ekki einungis um þá hækkun á þessum vörum að ræða, sem tollinum nemur, heldur einnig álag kaupmanna á tollinn. Í ástæðum frv. er gert ráð fyrir tekjum af þessari tollhækkun um ½ milj. kr., eða jafnvel 700 þús. kr. Það, sem landsmenn þurfa því að borga

vegna tollsins, verður að minsta kosti 25% hærra. Og það er fátækasti hluti þjóðarinnar, verkalýðurinn, sem verður að bera meginhlutann af þessari hækkun. Jeg man eftir því, þegar núverandi stjórn tók við völdum, þá sagði hæstv. forsætisráðherra í prógramræðu sinni, að fyrsta verk stjórnarinnar myndi verða að hækka gengi íslensku krónunnar. Þetta hefir nú farið á annan veg, því að gengi íslensku krónunnar hefir stórum lækkað síðan. Má vel setja gengismálið í samband við þessa tollhækkun, því í ástæðum frv. er það sagt, að tollhækkunin sje komin fram vegna verðfalls ísl. peninga. En það verður aldrei ráðin langvinn bót á hag ríkissjóðs, ef ekki er hægt að stöðva gengi krónunnar. Og það verður ekki gert á annan hátt en með því að efla atvinnu bæði til lands og sjávar. Ef mikill hluti þjóðarinnar hefir ekkert að gera, þá verður kaupgeta hennar og gjaldþol aldrei mikið. Nei, slík ráð sem þessi tollhækkun eru einskis virði. Ef ekkert verulegt er gert til þess að stöðva verðfall krónunnar, þá verða tekjur þær, sem þannig er aflað, eins og krækiber í ámu. Þótt nú væru heimtaðir 25% hærri skattar, þá getur vel svo farið, að ríkissjóður verði í jafnmiklu hraki þegar skuldirnar falla, vegna verðfalls krónunnar. Hæstv. ráðherra (KlJ) hefir tekið til samanburðar tolla hjá nokkrum Norðurlandaþjóðum og borið það saman við þá tolla, sem við yrðum eftir þessu frv. að greiða. En sá samanburður er villandi, því þar kemur líka til greina kaupgjald í þessum löndum og kaupgeta almennings. Og svo mun í sumum þeim löndum, sem nefnd eru, vera allmikil framleiðsla á sykri, t. d. í Svíþjóð og vafalaust víðar.

Jeg mun nú greiða atkvæði á móti frv. vegna þess, að hjer er verið að taka frá þeim, sem minst eiga. Vona jeg, að hv. Alþingi láti því ekki í tje samþykki sitt. Að minsta kosti ætti fyrst að sjá um, að fólkið fengi eitthvað að gera, áður en lagðar eru á það svo þungar skattabyrðar.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg stend upp vegna sjerstaks tilefnis, sem sje út af brtt. á þskj. 67, þótt hún að vísu komi ekki nú til umræðu. Í henni er farið fram á, að þessi 25% gengisviðauki við innheimtu tolla og gjalda nái ekki til vörutolls af kolum og salti.

Ákveðinn tilgangur liggur augsýnilega bak við till. þessa, sá, að ljetta aukagjöldum af sjávarútveginum. En þótt jeg leggist ekki á móti því, vildi jeg beina því til hv. fjhn., sem væntanlega fær málið til athugunar, hvort ekki muni varhugavert að veita einstökum atvinnurekendum undanþágu frá álögum þessum. Því ef gengið væri inn á þessa undanþágubraut, mætti líta á margt annað en það, sem brtt. nefnir.

Jeg vil t. d. nefna kjöttunnurnar. Bændur þurfa nú að borga afarmikla tolla af tunnum þeim, er þeir nota undir kjöt það, sem út er flutt. Svo mætti og benda á ýmsar fóðurtegundir, svo sem kraftfóður; eins útlendan áburð til ræktunar jarðarinnar. Mætti ekki eins veita bændum undanþágu frá gengisviðaukanum á tolli þeim, er hvílir á vörum þessum, eins og sjávarútvegsmönnum á salttolli? Ef farið verður inn á þá braut, verða undanþágurnar vísast fleiri en kol og salt.

Jeg verð að líta svo á, að vörutollslögin hvíli á rjettlátum grundvelli, og sje því ekki um annað að ræða en að gengisviðaukinn gangi jafnt yfir alt og alla. Þeir, sem ekki líta svo á, hljóta að álíta, að

grundvöllurinn, sem frv. stendur á, sje rangur.

Það var aðeins þetta, sem jeg vildi beina til hv. fjhn.

Jón Þorláksson: Það er ekki hægt að segja annað um frv. það, sem hjer er fram komið, en að það sje fyllilega rjettmætt. Það var sjálfsagt, að hæstv. stjórn yrði að leggja fram eitthvert tekjuaukafrv. eins og fjárhagnum er nú komið. Er jeg henni sammála um, að eins og stendur er þess ekki að vænta, að hægt sje að ná tekjuauka, nema með aðflutningsgjaldi á aðfluttum vörum. Hitt finst mjer aðfinnsluvert, að slík frv. sem þetta sjeu látin flækjast svo lengi í þinginu án þess þau sjeu rædd eða sett í nefnd. Vitanlegt er þó, að kaupmenn og aðrir, sem verða þess vísir, að tollanna sje von, nota tímann til þess að viða sem mest að sjer af vörum þeim, sem skattarnir leggjast þyngst á, og bíður ríkissjóður við það skakka mikinn. Mjer þætti best farið, að slík frv. lægju í sem mestu þagnargildi uns þau kæmu til umræðu, og yrðu svo afgreidd í einni svipan, svo fresturinn yrði ekki misnotaður.

Annars er jeg fyrir mitt leyti hræddur um, að frv. gangi ekki nógu langt til þess að útvega þann tekjuauka, sem nú þarf til að rjetta hag landsins.

Viðvíkjandi ræðu hv. samþingismanns míns, 2. þm. Reykv. (JBald), verð jeg að segja það, að það eru ekki þeir, sem samþykkja nýjar álögur landssjóði til tekna, sem íþyngja almenningi með óbærum byrðum, heldur hinir, sem nú og fyrri beita sjer fyrir eða samþykkja ný útgjöld, sem valda því, að fjárhagurinn er eins og hann er. Þessir menn — og hv. þm. (JBald) getur stungið hendinni í sinn eigin barm, hann er ekki sístur þeirra — þeir íþyngja almenningi með því að skapa ný útgjöld fyrir ríkissjóð. Því aldrei er farið lengra í því efni að draga fje í landssjóðinn með tollum en nemur útgjöldum hans.

Jeg segi þetta til þess að enginn þurfi að hafa samviskubit af þeim, sem nú eiga að takast það leiðinlega verk á hendur að afgreiða nýtt tollafrv. til tekjuauka. Það er aðeins bein afleiðing af því, sem þingið er búið að gera áður.

Jeg tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að svo komnu. Vildi jeg óska þess, að umræðunni yrði lokið á þessum fundi, svo ekki dragist lengur að vísa málinu til nefndar.

Um það, sem hv. 2. þm. Reykv. var að tala, að bæta þyrfti gengið, hirði jeg ekki að ræða. Eitt ráðið til þess er að koma jöfnuði á tekjur og gjöld ríkissjóðs; takist það ekki, er öll viðleitni í þá átt að bæta gengið algerlega árangurslaus.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg skal fyrir mitt leyti ekki lengja umræðurnar. Jeg viðurkenni viðleitni hæstv. stjórnar um að reyna að rjetta við hag ríkissjóðs. Má vel vera, að grípa þurfi til nýrra skattaálagninga. Þó er sú leið tæpast fær nema brýn nauðsyn beri til. Nú eru gjöldin svo há til opinberra þarfa, að óviðunandi er, að þetta ástand haldist lengi. Hinsvegar er ekki annað hægt en að viðurkenna fjárhagserfiðleika ríkissjóðs. Ef mönnum lýst óhjákvæmilegt að hækka gjöld til ríkissjóðs til að verja landið fjárþroti, mun jeg í því efni teygja mig svo langt, sem mjer er auðið, en þó með því skilyrði, að hv. Alþingi sýni í öðru fylstu viðleitni til að draga út útgjöldum ríkissjóðs og geri aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að rjetta við gengi íslensku krónunnar. En jeg hygg, að ekki eigi hvað sísta sök á því, hvað peningar vorir standa illa, sú óhæfi-

lega eyðsla, sem nú viðgengst í innkaupum á vörum, sem þjóðin getur vel verið án.

Jeg ætla, að það myndi þjóðinni hollara, að ekki væri hrúgað eins miklu af ýmsum vörum inn í landið og nú er gert, og mætti jafnvel takmarka innflutning sumra vörutegunda, sem teljast til nauðsynja. Væri best, að ekkert yrði aðflutt annað en það, sem þarf til lífsviðurhalds og atvinnuveganna — alt annað hreint og beint bannað að flytja inn í landið. Ef hv. Alþingi gerir þær ráðstafanir, sem að haldi koma í þessu efni, get jeg verið með nýrri skattaálagningu, ef mönnum sýnist það algerlega óumflýjanlegt. En eigi áfram að líðast, að allskonar skrani sje hrúgað inn í landið fyrir svo skiftir mörgum miljónum króna, verð jeg á móti allri tollhækkun. Þeir, sem standa á móti innflutningshöftunum, beri þá ábyrgðina.

Að því er vikið í frv., að hækkunin á einstökum vörutegundum sje jafnvel minni en tíðkast erlendis. En eins og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) gat um, er það kaupgeta fólksins, sem líta verður hjer á, og eins það, hvað mikið er framleitt í landinu og hve mikið þarf að flytja inn. Að því leyti stöndum vjer Íslendingar verst að vígi af Norðurlandaþjóðunum; við þurfum mest á erlendum vörum að halda, og dugir því ekki að bera saman tollaupphæðina hjer og erlendis. Og gæta verður þess, að því hærri sem tollarnir eru á aðfluttu nauðsynjavörunum, því ver koma þeir efnahag þeirra manna, er mörgum hafa fyrir að sjá. Verður því að hafa fylstu varkárni í þessu efni.

Hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) talaði um, að þetta mál yrði að afgreiða fljótt, því að annars sæju kaupmenn sjer leik á borði til að flytja vörurnar áður inn í landið en frv. kæmist í framkvæmd. Jeg er því sammála, en sje ekki síður ástæðu til að taka strax til meðferðar það, sem jeg drap á um innflutning á allskonar óþarfa. Það er ekki síður nauðsyn, að það sje tekið til meðferðar en þetta mál, og hv. þm. er skylt að taka sem fyrst ákvörðun í því máli. Jeg mun því láta mjer hægt um þetta frv. þar til sjeð verður, hvernig þingið snýst í viðskiftamálunum.

Fjármálaráðherra (KlJ): Mjer kom ekki á óvart það, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði. Var mjer fyllilega kunnugt um skoðanir hans á skattamálum frá fyrri tíð, að hann vill hafa beina skatta, en enga óbeina. Hv. þm. hefir og gert tilraun til að fella sykurtollinn úr gildi, en ekki tekist, því að ríkissjóður getur ekki án hans verið. Hv. þm. sagði, að sykur- og kaffitollurinn hefðu aðeins verið settir til bráðabirgða, og eins væri um hækkanir þeirra. Er það rjett hvað hækkanirnar snertir; það var einkanlega tekið fram um þá, er á kom 1907, en svo mun ekki hafa verið um frumtollana; þeir hafa átt að standa. Og ekki hefir verið hægt að nema burtu hækkanirnar, því að útgjöld ríkissjóðs hafa altaf aukist ár frá ári, og því fremur orðið að bæta við nýjum tollum en leggja þá niður, er fyrir voru.

Hv. þm. mintist á, að stjórnin hefði lofað, er hún tók við völdum, að reyna að hækka gildi krónunnar. En öllum er það vitanlegt, að hún hefir ekki getað við það ráðið. Hv. þm. hefir ekki heldur, svo jeg viti, komið sjálfur fram með nokkur ráð til þess.

Hv. sami þm. dró í efa, hvort samanburður tollanna væri rjettur. Jeg hefi hann frá Jóni Krabbe skrifstofustjóra, og geng því að því vísu, að hann sje alveg rjettur.

Hvað það snertir, hvort kaupgeta vor

sje sú sama og nágrannalandanna, er því að svara, að kaupgeta Svía er miklu meiri, en Finna aftur engu betri, og eru þó tollar hjá þeim miklu hærri en hjá okkur, þótt frv. þetta næði fram að ganga. — Tel jeg ekki, að jeg þurfi að svara hv. þm. meiru.

Hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) tók vel í málið; honum þótti það eitt að, hvað frv. flæktist lengi í þinginu, svo að kaupmenn gætu dregið að sjer vörur í tíma. Jeg er því sammála, að æskilegast væri að slík frv. sem þetta þyrftu ekki að bíða, að vissa væri fyrir því, að hægt væri að samþykkja þau á einum degi. En hræddur er jeg um, að erfitt væri að koma því í framkvæmd eins og þingið er skipað.

Það hefir eitt sinn áður verið reynt að koma tollhækkun á að þjóðinni óvarri, en það tókst ekki. Var þó frv. það prentað á næturþeli og prófarkirnar lesnar þá — það gerði jeg sjálfur — en áður en sól var af lofti næsta dag, vissu ýmsir kaupmenn um frv., hvernig svo sem það hefir kvisast. Er mjög erfitt að halda frv. alveg leyndum áður en þau skella á.

Hv. þm. var að tala um, að ekki væri gengið nógu langt með þessu frv. til að afla tekjuauka. Það er satt, að landið þarfnast meiri tekna, ef duga skal til fulls, en hóflega verður þó að fara og ekki íþyngja mönnum um of. Mun það rjett hjá hv. 2. þm. Reykv., að þetta sjeu nógar álögur í bráðina.

Bjarni Jónsson: Jeg vil þakka hæstv. stjórn frv. þetta. Er það að mínu viti sú eina tilraun, sem komið hefir fram af viti og sanngirni til þess að afla landinu tekna. Hitt alt er barnaskapur og — það er óþarft að nefna nöfn — þau koma fram þegar tímar líða. Það er sjálfsagður hlutur, að landssjóður getur ekki tekið við öllum gengismun, að það er ekki hans að bera allan skaðann af verðfalli krónunnar. Þetta tekjuaukafrv. fer ekki fram á annað en að fá tekjurnar með því gildi, sem þær höfðu er þær voru áætlaðar. Hefði verið heppilegast, að frv. festi tekjur landsins við lög, þannig að þær skyldu ætíð gjaldast með því gengi, er þeim var áætlað. Mætti vel finna upp einhvern þann ramma á slíkt frv., sem hægt væri að færa gildið eftir. Því vitanlegt er, að altaf er reiknað með þeirri krónu, sem þá gildir er gjaldið er ákveðið, en ekki farið eftir framtíðarinnar krónu.

Jeg skil ekki þá menn, sem ætlast til þess, að landsstjórnin hlaupi hvenær sem er undir bagga með mönnum og bjargi í atvinnuleysi, en eru á móti þessu frv. Þeir geta þó ekki ætlast til, að landssjóður geti slíkt, ef hann stendur tómur, en það gerir hann, ef hann fær ekki að taka sínar lögákveðnu tekjur.

Jeg tel, að rjettast væri að margfalda tekjuupphæðirnar með álnum og meðalálnum með hlutfallinu milli líðandi árs og meðalálnar um 30 undanfarin ár; í ár er er það sem næst 14:9 (134:89). Ætti að margfalda allar tekjur landssjóðs með því. Ætti nefndin, sem um málið fjallar, að koma fram með einhverja höfuðreglu, hvernig tekjur ríkissjóðs skuli reiknaðar. Og skyldi helst annað verðmæti viðhaft en krónan, sem nú er mjög óstöðug, þótt svo líti út, sem hv. þing viti ekki af því.

Jeg leiði hjá mjer harmagrát hv. 2. þm. Árn. (JörB). Honum og hans nótum verður ekki erfitt að hrópa á Alþingi: Komdu og vertu húsbóndi á hverju heimili. Vertu húsmóðir og skamtaðu öllum mat, passaðu að skórnir krakkans míns sjeu ekki of dýrir eða fötin hans! — Hvað ætli Al-

þingi eigi að verða á endanum! En jeg held hv. þm. hafi nóg að gera annað en að hrópa slíkt; þeir geta heldur ekki einu sinnu slátrað 1—2 mönnum hvað fegnir sem þeir vilja. Hvað ætli þá yrði úr þeim, ef þeir ættu að verða húsbóndi og húsmóðir á hverju heimili; þeir þyrftu þá víst að sitja hjer meira en annaðhvert ár.

Nei, landsmenn gæta sín best sjálfir. Það þýðir ekkert að vera að banna þeim eitt eða neitt. Kýrnar jeta heldur moðið úr básunum við hliðina á sjer en töðuna í sinni jötu. Að banna mönnum eitthvað er til þess eins, að þeir sækjast mest í það. Enda vita menn, að strandlengja þessa lands er óverjandi smyglurum. Besta ráðið er að leggja hátoll á þær vörur, sem ónauðsynlegastar eru. Menn gera sjer ekki eins mikið far um að svíkjast undan tollunum eins og að ná í bannvöruna. Jeg hygg jafnvel, að landsmenn muni fljótt, án hátolla, læra að haga sjer svo, að þeir verði ekki lengur skuldugir við útlönd.

Gengi það, sem nú er, er tilbúið, en ekki það rjetta. Orsakirnar margar og margvíslegar og ekki gott að nefna þær helstu. Menn komast ekki inn í fjármál heillar þjóðar eins og þeir renna beint af augum niður brekku. Til fjármálaþekkingar þarf glöggskygni á hag manna og líferni.

Jeg skora á nefndina að gera almennan mælikvarða, sem haga skuli tekjukalli landsins eftir, svo tekjurnar verði ekki hálfu minni en ætlað var. Hvort þeir fylgja mínum tillögum er mjer sama, ef aðeins tilgangurinn næst með góðu móti.

Einn hv. þm. hneykslaðist á brtt. um að undanþiggja kol og salt þessari tollhækkun. En þessi undanþága er ekki bygð á því, sem hann ætlar, heldur á því, að kola- og salttollurinn var hækkaður til þess að vinna upp skaða, sem ríkissjóður eða landsverslun beið á verslun með þessar vörutegundir. Nú er það tjón að fullu bætt, en hækkunin helst að nokkru leyti ennþá. (*Margir*: Þessi tollhækkun er fallin niður). Nei, kolatollurinn er nú 3 kr. í stað 1 kr., og það er í óleyfi, að tollhækkunin er látin standa enn. Þetta er til þess að eyðileggja annan aðalatvinnuveg landsins að óþörfu.

Annars hefi jeg með mikilli undrun hlýtt á margar fjármálaræður hjer á þingi. Það er eins og menn ímyndi sjer, að þeir sjeu uppi á reginfjöllum eða á hafsbotni eða í iðrum jarðar, þar sem enginn getur hlýtt á mál þeirra og skilið. Þeir halda hrókaræður um fjárhaginn, að hann sje á þeim heljarþremi, að ekki sjeu nú til þau örþrifaráð, að til þeirra sje ekki nauðsynlegt að grípa til þess að rjetta hann við. Þetta segja þeir afdráttarlaust í viðurvist sendimanna annara þjóða, hrópa þetta í öll blöð, og síðan senda þeir menn til útlanda til þess að fá lán. Þetta er fjármálaviskan. Það væri afsakanlegt, ef þeim gengi til sannleiksást, en svo er ekki. Helmingurinn er skrök og helmingurinn kjósendadekur. Þessum mönnum væri sæmra að þegja.

Halldór Stefánsson: Jeg vil einungis gera örstutta athugasemd. Frv. er stutt með þörf ríkisins á auknum tekjum, og skal jeg ekki rengja, að sú þörf sje brýn. En ekkert tillit er tekið til, hvort gjaldþol almennings þolir slíkar álögur. Jeg skal játa, að rjett hugsun liggur á bak við frv. að því leyti, að tekjur ríkissjóðs hafa rýrnað mjög við lækkun krónunnar. En ef það er allur vandinn til þess að koma ríkissjóði úr kreppunni, að fara dýpra ofan í vasa almennings, þá er það viðfangsefni tiltölulega auðvelt. En geta almennings þolir það ekki, því að það

er sannast að segja, að þjóðin er nú þegar ofhlaðin sköttum. Gæslan á hag ríkissjóðs verður því fyrst og fremst að byggjast á sparnaði á því fje, sem honum hlotnast. Hvort skyldi vera meira um vert hag ríkissjóðs eða hag almennings? Hagur almennings er undirstaðan undir hag ríkissjóðs, en ríkissjóður er yfirbyggingin á hag alþýðu manna. Um leið og hag hennar er þrengt fram yfir það, sem hann getur borið, er verið að grafa undan hag ríkissjóðs. Það fyrsta, sem gera þarf til þess að bæta hag ríkissjóðs, er því að bæta almenn atvinnuskilyrði í landinu, og þá fyrst með því að ljetta byrðar almennings. Jeg tel, að menn ættu að leggja meiri áherslu á aðrar ráðstafanir til að rjetta við hag ríkissjóðs en hjer er farið fram á. Jeg vildi einnig fá að vita, hve víðtækar og róttækar ráðstafanir þingið vill gera til viðreisnar genginu, sem varðar bæði hag almennings og ríkissjóðs. Þó að reynt verði að kúga meira fje út úr alþýðu með auknum álögum, óttast jeg, að menn fari því óvarlegar með það, sem meira fje er í ríkissjóðnum.

Jón Baldvinsson: Jeg vil svara hæstv. atvrh. (KlJ), að það var rjett, sem jeg sagði, að núverandi stjórn hafi ætlað að leggja áherslu á að stöðva gengið og jafnvel hækka það. Þetta var fyrsta fyrirheitið, sem stjórnin gaf, þegar hún tók við völdum.

Hæstv. atvrh. beindi því til mín, að jeg hafi ekki gert neinar tillögur um ráðstafanir til að rjetta við gengið. En hæstv. stjórn fjekk alt þetta mál til meðferðar á síðasta þingi, og stendur hún ólíkt betur að vígi til að ráða fram úr því en einstakir þingmenn, að minsta kosti heldur en þeir, sem minst ítök eiga í þingflokkunum. Hún hefir yfirstjórn bankanna og allra peningamála landsins. Hæstv. stjórn getur ekki heimtað af einstökum þingmönnum, að þeir ráði bót á þessum vandræðum, þegar hún sjálf, með alt sitt vald, er ekki megnug um að gera neitt, sem hún þó þóttist ætla að vinna að, þegar hún tók við völdum. Hæstv. stjórn hefir ekki skýrt þinginu frá aðgerðum sínum til að bæta gengið, en gerir það væntanlega bráðlega. En þar sem það er tekið fram í ástæðunum fyrir frv., að það sje fram komið vegna gengisfalls krónunnar, verður ekki komist hjá því að minnast á gengismálið í sambandi við þetta mál.

Hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) vill ganga lengra í þessum efnum en hæstv. stjórn hefir gert, og má vera, að hann fái bráðum ástæðu til þess. Hann er í fjhn., og mun bráðlega sjást, hvaða tillögur nefndin gerir í þessu máli.

Hv. þm. var að mælast til þess, að umræðurnar yrðu ekki lengdar úr hófi fram. Þó gat hann ekki stilt sig um að gefa tilefni til frekari umræðna. Hv. þm. er sá eini, sem jeg hefi heyrt hjer á þingi gefa einstökum mönnum sök á fjárhagsástandi ríkisins. Hann beindi því til mín, að jeg væri að nokkru leyti í sökinni. Jeg skal óhræddur standa við atkvæði mitt um fjárveitingar úr ríkissjóði. En þó að jeg kunni að hafa greitt atkvæði með fleiri fjárveitingum en hv. þm., munu áhöld um, hvor okkar hefir stutt hærri fjárupphæðir og þarflegri. Jeg hygg, að jeg þoli vel þann samanburð. Jeg minnist þess, að hv. þm. átti á síðasta þingi frumkvæði að því, að hálaunað og óþarft embætti var stofnað, þó að hann kunni ef til vill að óska núna, að þetta embætti hefði aldrei orðið til. *(JÞ og KlJ*: Þetta er ekki rjett). Hv. þm. hefði ekki átt að

koma með þetta, ef honum var ant um, að umræðurnar lengdust ekki að óþörfu.

Hv. þm. Dala. (BJ) þarf jeg ekki að svara mörgu. Jeg verð þó að leiðrjetta það, er hann sagði um kolatollinn, og sje brtt. hans bygð á því, að tollhækkunin á kolum gildi enn, þá er hún bygð á röngum grundvelli. Hækkunin, sem gerð var vegna taps ríkissjóðs á kolaversluninni, er nú úr sögunni, en sú hækkun, sem hv. þm. gat um, er ennþá eldri.

Annað atriði í ræðu hv. þm. Dala. gefur ástæðu til nokkurra athugasemda. Hann taldi sjálfsagt að samþykkja þetta frv., en síðar í ræðunni vildi hann vefengja, að íslenska krónan ætti að standa svo lágt, sem hún gerir, og gaf í skyn, að gengið væri lengra en vera bæri. Ef auðið yrði að sanna þetta og kippa því í lag, getur verið, að hjer sje verið að fara fram á óþarfa tollhækkun, því að þetta frv. er einmitt bygt á verðfalli því, sem nú er orðið á íslensku krónunni. Salttollurinn er í raun og veru tollur á íslenskum saltfiski, því að langmestur hluti saltsins er notaður í fisk. Þegar nú þess er gætt, að útflutningsgjald af fiski er sexfalt við það, sem það var fyrir nokkrum árum, er það ljóst, að þessi tvöfaldi tollur hlýtur að hvíla mjög þungt á saltfisksframleiðslunni, sem er undirstaðan undir öðrum aðalatvinnuvegi landsins.

Fyrst þegar kolatollurinn var hækkaður, var það gert með nokkru tilliti til þess, að mestöll kolaverslunin var við útlendinga, Frakka og Englendinga, og sumpart í höndum þeirra; þannig greiddu þeir mikið eða mest af tollinum. En nú er þetta breytt og snýr kolatollurinn nú eingöngu að oss, hvílir á sjávarútgerðinni og kaupstaðabúum, sem bera langstærstar byrðarnar einnig af öllum öðrum sköttum. Jeg vil því benda hv. fjhn. á, að full rök liggja til þess, að þetta aukagjald eigi ekki að leggja á kol og salt.

Ágúst Flygenring: Það var út af einu atriði í ræðu hv. þm. Str. (TrÞ), sem jeg vildi gera stutta athugasemd. Hann sagði, að gera yrði ráð fyrir því, að allir tollar væru bygðir á rjettlátum grundvelli og gengju jafnt yfir alla.

Jeg hefi aðra skoðun um þetta, en skal þó ekki ræða það nánar, því að það mál liggur ekki hjer fyrir. Aðeins vil jeg taka fram, að þegar menn verða varir við misrjetti við samanburð á tollum á ýmsum vörum, er það skylda þingsins að reyna að lagfæra það. Og þegar er að ræða um jafnmikla hækkun á öllum tollum, sem hjer er farið fram á, blasir kola- og salttollurinn við. Þeir tollar eru nú svo háir í samanburði við aðra, að enginn vegur er til að hækka þá jafnt.

Jón Þorláksson: Jeg vil einungis leiðrjetta þá missögn hjá hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að jeg hafi átt frumkvæði að lögunum um skipun eftirlitsmanns með bönkum og sparisjóðum. Þetta er svo alkunnugt og svo stutt síðan það gerðist, að óþarft ætti að vera að skýra frá því aftur. Frv. var samið af hæstv. forsrh. (SE), og beiddi hann allshn. að flytja það, svo að ekki þyrfti að eyða tíma og fje í að síma konungi frv. og fá samþykki hans til að leggja það fyrir sem stjfrv. Nefndin vildi ekki sinna þessu, og ljeði jeg þá nafn mitt sem flm., til þess að spara stjórninni ómak, en ríkissjóði fje. Þessu var lýst yfir á síðasta þingi í áheyrn alls þingheims, þar á meðal hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Jeg verð að segja

það, að ekki mun mikið að marka frásagnir hans um það, sem gerist á þingi, fyrst hann er svona gleyminn á það, sem gerðist fyrir tæpu ári.

Jón Baldvinsson: Þó að laun þessa eftirlitsmanns sjeu ekki að síðustu greidd úr ríkissjóði, eykur embættið samt útgjöld landsmanna. Jeg skil ekki annað en að bankarnir og líkar stofnanir muni hafa einhver ráð til að ná þessum kostnaði aftur hjá þjóðinni.

Hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) var að reyna að hreinsa sig af stofnun eftirlitsmannsembættisins. Það er ef til vill rjett, að frv. hafi verið flutt að undirlagi hæstv. forsrh. (SE). *(Atvrh. KlJ:* Það var tekið fram í fyrra). En þar sem hæstv. stjórn leitaði til hv. 1. þm. Reykv., munu ekki margir aðrir hafa viljað verða til að flytja frv. Annars var þetta ekki aðalatriðið, hvort hv. þm. hefði átt frumkvæði að frv., heldur hitt, hvor okkar ætti meiri sök á óþarfa eyðslu á landsfje. Hann var að bregða mjer um bruðlun, og því gerði jeg þennan samanburð. En nú vill hann auðvitað þurka þetta af sjer, síðan hann komst í þetta mikla íhald.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., laugardaginn 15. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, 67, n. 114 og 119).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. 119. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): Jeg get fyrir hönd meiri hl. fjhn. verið fáorður, því að talsvert greinilega er frá málinu skýrt í nál. á þskj. 114, og býst jeg við, að allir hv. þdm. hafi kynt sjer það.

Fyrst er að geta þeirrar niðurstöðu nefndarinnar, að til þess að komast hjá tekjuhalla á yfirstandandi ári þarf að útvega ríkissjóði tekjuauka, sem nemur 1½ milj. kr. Og þar sem ráðstöfun í þessa átt getur ekki náð nema yfir þrjá ársfjórðunga, þarf tekjuaukinn að samsvara því, að hann gæfi af sjer 2 milj. kr., ef hans nyti við eitt ár, eigi hallinn að vinnast upp.

Í nál. eru einnig taldar fram tölur, sem sýna, hvernig gengisviðaukinn skiftist á tolla á munaðar- og nauðsynjavörum, og skiftist hann þá að sjálfsögðu í rjettri tiltölu við núverandi tolla þessara vara. Þar sem aðflutningsgjöldin nema nú um 3 milj. kr. á ári, þá myndi gengisviðaukinn nema ¾ milj. kr. Um ¼ af þessum upphæðum fellur á nauðsynjavörur.

Mjer er óhætt að segja það fyrir hönd alls meiri hlutans, og jafnvel hv. minni hluta líka, að okkur er óljúft að gera nokkrar hækkanir á tollinum á nauðsynjavörum, þótt jafnvel sje aðeins á pappírnum, en þar sem hinsvegar verður að líta svo á, að óhjákvæmilegt sje að afla landssjóði mikilla tekna, en menn sammála um að gera ráðstafanir til að hindra innflutning á ónauðsynlegum vörum, virðist hæpið að byggja allan tekjuaukann á ónauðsynlegum vörum eingöngu. Nefndin sá því ekki annað ráð eða leiðir en aukin aðflutningsgjöld, enda er þessi gengisviðauki ekki raunveruleg hækkun á sannvirði tollanna, heldur aðeins tilraun til þess að láta ekki ríkissjóð bíða einan tjón af þeim halla, sem gengisfallið veldur. Eins og vitanlegt er, gerir gengisfallið það að verkum, að útlendar vörur hækka um það krónutal í verði, sem

svarar gengislækkuninni, því innkaupsverð og flutningsgjöld eru reiknuð og greidd í erlendum gjaldeyri, og þegar þessi verðhækkun kemur hvort sem er fram á nauðsynjavörunum, munar minstu, hvort sá hluti verðhækkunarinnar nær og til tolla þeirra, er á vörunum hvíla, því að þessar vörur hafa hingað til verið tollaðar mjög lágt; t. d. nemur gengisviðaukahækkunin aðeins 15 aurum á hvern heilsekk af kornvöru (100 kg.). Munar mest um hann á kolum og salti.

Eins og gerð er grein fyrir í nál. og óþarft er að lýsa yfir, þá er það í sjálfu sjer ekki neitt fagnaðarerindi, að flytja eða styðja tillögu um tekjuauka fyrir ríkissjóð, þar sem hann fæst ekki nema með því, að landsmenn borgi og álögur þeirra sjeu þyngdar á einhvern hátt. Og að menn, þótt þeir viti, að landsmönnum er þegar ofþyngt með sköttum og gjöldum, ganga samt að þessu frv., þá kemur það af því einu, að brýn og bráð nauðsyn ber til að rjetta við fjárhag ríkisins. Nefndin er öll sammála um, að til frambúðar sje heppilegra að fara þá leið, að draga eins og frekast má verða úr útgjöldum hans, heldur en að leggja á nýja skatta. Og sjerstaklega vil jeg árjetta það, sem tekið er fram í nál., að til þess er ætlast, að sú stjórn, sem með völdin fer, gæti ýtrasta sparnaðar á sjerhverju sviði við framkvæmd fjárlaganna og annara laga og freistist ekki til neinnar tilslökunar í því efni, þó að einhver tekjuauki kunni að nást með þessu frv. og öðrum. En nefndinni er hinsvegar ljóst, að í fljótu bili verður ekki viðkomið slíkri niðurfærslu á útgjöldum ríkissjóðs, að komist verði hjá að auka eitthvað álögurnar, eins og gerð hefir verið grein fyrir.

Jeg hefi eiginlega ekki öllu meira að segja að svo stöddu fyrir hönd meiri hlutans, en frá mínu sjónarmiði, sem er dálítið öðruvísi en hv. meðnefndarmanna minna, get jeg bætt því við, að jeg hefði talið eðlilegra, að lengra hefði verið farið en stjfrv. gerir ráð fyrir. Jeg hefði viljað, að tollar á ónauðsynlegum vörum eða miður nauðsynlegum væru innheimtir með fullum gengismismun, eða með gullgengi. Þetta byggi jeg sjerstaklega á því, að sumir aðrir tekjustofnar landssjóðs, sem eru tilfinnanlegri fyrir menn en aðflutningsgjaldið, eru innheimtir með gullgengi. Svo er um útflutningsgjaldið, sem nú var verið að samþykkja að framlengja enn um eitt ár, en það er 1% af verði vörunnar, og hækkar því að krónutali jafnt því, sem krónan fellur. Annar stór tekjustofn er það, sem innheimtur er eftir talsvert harðari stiga en það, að hann fylgi gullverði; það er tekju- og eignarskatturinn. Eftir því sem gengið fellur, verður krónutal þessara tekna og eigna hærri en ef gullverð gengisins hjeldist. En þar sem tekjuskattur er goldinn eftir hækkandi stiga, kemur hann því þyngra niður á gjaldendunum sem gengið fjelli meira. Væri krónutalan tvöföld við raunverulegt gildið, yrði skatturinn þannig hærri en tvöfaldur, og þannig þyngri en það, sem verða myndi eftir gullvirði.

Jeg segi þetta til að benda á, að þegar það er talið mest þjá land og þjóð, hvílíkur tollur er á innfluttum vörum, þá er það skakt. Nefndin hefir sýnt þeim tollum tillátssemi, samanborið við fyrnefnda skatta, meðan ekki er einu sinni farið fram á að heimta aðflutningstollana með gullgildi.

Hinsvegar viðurkenni jeg þær ástæður, sem ýmsir nefndarmenn færa á móti því, að tollarnir sjeu hækkaðir meira, og styðjast við það, að slík hækkun á munaðarvörutollum leiddi til þess, að smyglunar-

freistnin yrði of rík. Því vel má vera, að svo færi, og hefi jeg því ekki haldið fram þessum skoðunum í því skyni, að jeg ætlaði mjer að gera brtt. við stjfrv.

En hvað nauðsynjavörurnar snertir, þá njóta þær, þó að stjfrv. nái fram að ganga, ívilnunar um toll vegna gengislækkunar þrátt fyrir það. Verður það ekki vefengt, að sykurtollurinn t. d. verður lægri raunverulega, þótt innheimtur sje með gengisviðaukanum, en þá er hann var settur upphaflega. Vörutollurinn, sem hefir verið ákveðinn síðar og þá settur með hliðsjón af dýrtíðinni, nýtur að sjálfsögðu ekki eins mikillar lækkunar, en þó nokkurrar, þar sem hann er ekki innheimtur með gullgengi.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um afstöðu hv. minni hluta, en að svo stöddu einungis taka það fram, að eftir því, sem jeg fæ skilið nál. hans, beinist hann ekki gegn því, að gengisviðauki sje lagður á munaðarvörur eða óþarfar og miður nauðsynlegar vörur, og ætti því samkv. ástæðum sínum einungis að bera fram brtt. um, að þeir 4 flokkar vörutollslaganna, þar sem nauðsynjavörurnar eru taldar, sjeu undanskildir gengisviðaukanum.

Að endingu vil jeg leyfa mjer að leggja það til, að stjfrv. verði samþykt óbreytt.

Frsm. minni hl. (Halldór Stefánsson): Jeg mun ekki tala langt mál. Mönnum er þegar kunnugt, að nefndin hefir klofnað, og get jeg að mestu leyti vísað til nál. minni hlutans á þskj. 119. Jeg vildi aðeins benda á, hver stefnumunurinn er í raun og veru. Allir eru nokkurn veginn samdóma um, að þörf er fyrir ríkið að auka tekjur sínar, en mjer virðist sem hv. meiri hluti líti of einhliða á þörf ríkissjóðs, en loki augunum fyrir getu og gjaldþoli þjóðarinnar eða einstaklinganna og ranglæti þessa skattstofns. Minni hlutinn metur þörf ríkisins ekki eins einhliða, heldur tekur tillit til ástands atvinnulífsins yfirleitt, ógreiðs hags almennings og ranglæti skattstofnsins. Hækkaðir skattar og aukin útgjöld á almenning leiða af sjer meiri dýrtíð, gera mönnum ógreiðara að bjarga sjer og auka atvinnuskortinn.

Minni hlutinn gerir ráð fyrir, að skatturinn innheimtist; tvísýnt er þó, hvort það verður að öllu leyti, en þó svo yrði, þá myndi skatturinn verka móti hag ríkissjóðs og heildarinnar, því að hann leiddi að líkindum til aukins fjárhagslegs ósjálfstæðis einstaklinganna, og þá aftur til aukinna útgjalda eða opinberlegs kostnaðar, sem honum svaraði, eða meira.

Háttv. frsm. meiri hl. (JÞ) viðurkendi, að almenningi væri þegar ofþyngt með skattaálagningum, en hv. meiri hl. virðist ganga út frá því, að einstaklingarnir sjeu sterkari en heildin. Minni hl. telur gagnstætt heildina sterkari en einstaklinginn, enda byggist allur fjelagsskapur á því, hvort sem um er að ræða einkafjelög eða ríkið sjálft eða minni deildir, eins og sýslufjelög, sveitar- og bæjarfjelög; þau hafa öll skapast til styrktar einstaklingnum.

Eins og jeg gat um í upphafi, virðist hv. meiri hl. líta of einhliða á tekjur ríkissjóðs; hann vill styrkja yfirbygginguna án tillits til, hvernig grundvöllurinn er og þó að það geti orðið til að rjúfa eða veikja grundvöllinn enn meir. Minni hl. álítur, að fyrst beri að styrkja grunninn. Í nál. á þskj. 114 vill hv. meiri hl. láta líta svo út, sem skatturinn sje lágur, með því að reikna hann sem hundraðsgjald af verði varanna. Við höfum aldrei haldið því fram, að hann væri hár, en gæta verður þess, að gjaldendum verð-

ur hann hærri en ákveðið er, því að hann hlýtur að innheimtast með nokkru álagi. Það virðist sem hv. meiri hl. gleymi því, að eins og ástandið er nú til lands og sjávar, þýða auknar álögur sama og aukið tap og skuldir og leiða til þess, að dregur úr framleiðslunni, en atvinnuleysi og fjárhagslegt ósjálfstæði eykst.

Ef þessari stefnu verður fylgt, að leggja altaf meira og meira á gjaldþol þjóðarinnar, án þess að líta á það, hvort það getur borið auknar álögur, hlýtur það að leiða til falls. Minni hl. fjhn. er engu að síður samdóma meiri hl., að vjer þurfum að auka tekjur ríkissjóðs, en við viljum að sá tekjuauki sje tekinn þar, sem gjaldþol og kaupgeta er. Það má segja, að stefna meiri hl. sje áframhald af stefnu undanfarandi tíma, þeirri, að auka álögur á þjóðinni, án þess að líta á, hvað þjóðarhagnum sje holt. Þessi stefna á drjúgan þátt í því, að þjóðarhagnum er nú komið eins illa og allir vita. Hún, ásamt gengislækkuninni, veldur mestu um það, að framleiðsla til lands og sjávar ber sig ekki.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um málið, en legg það á vald hv. deildar, hvernig hún vill með það fara. En ekki veldur sá, er varir.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þar sem jeg hefi lagt þetta frv. fyrir þingið, hefi jeg ekki ástæðu til annars en vera meiri hluta hv. fjhn. þakklátur fyrir meðferð hans á málinu. Jeg þarf því ekki að fjölyrða um málið, en verð þó að segja nokkur orð í tilefni af athugasemdum í nál. beggja nefndarhlutanna.

Meiri hl. heldur því fram, að jafnvel þótt ýtrasta sparnaðar verði gætt, muni útgjöldin á þessu ári verða mun meiri en ráð er fyrir gert í fjárlögum. Jeg get ekki sjeð, að útgjöldin þurfi að fara miklum mun fram úr áætlun, ef dregið er úr framkvæmdum. Nú er í ráði að fresta öllum framkvæmdum á þessu ári, nema nauðsynlegu viðhaldi vega, og eftir skýrslum, sem jeg hefi fengið, mun óhjákvæmilegt að vinna eitthvað að Flóaáveitunni, en sá kostnaður ætti þó ekki að fara mikið fram úr 40 þús. kr. Jeg veit ekki um annað, sem beinlínis er nauðsynlegt að framkvæma á þessu ári, og þessa upphæð mætti fullkomlega spara á öðrum gjaldaliðum.

Það er sjerstaklega einn gjaldaliður, sem er varhugaverður í þessu efni, er hv. meiri hl. minnist á, sem sje kostnaður við berklaveika menn. Það er rjettilega tekið fram í nál., að verði ekki gripið þar í taumana, mun þessi liður fara afarmikið fram úr áætlun. Þetta hefi jeg tekið fram í athugasemdum við fjárlagafrv., að verði engar sjerstakar ráðstafanir gerðar, megi til að þrefalda þann áætlunarlið. Í gildandi fjárlögum eru 75 þús. kr. áætlaðar í þessu skyni, en 100 þús. kr. í fjárlagafrv. fyrir 1925. En árið sem leið varð kostnaðurinn við þetta tæpar 280 þús. kr. og fer óðfluga vaxandi. Jeg er í engum vafa um, að hann verður fullar 300 þús. kr. á þessu ári og 400 þús. kr. á næsta ári. Berklaveikislögin eru þannig úr garði gerð, að það eru einungis örfáir menn í þessu landi, sem ekki geta komist undir þau. Jafnvel þótt menn sjeu allvel efnum búnir, geta þeir samkvæmt lögunum sent nánustu ættingja sína á heilsuhælið á kostnað ríkisins. Eftir því, sem jeg veit best, kostaði ríkið alla sjúklinga á hælinu í fyrra, nema eina 10. Af þessum 10 veitti Heilsuhælisfjelagið 3 styrk, einum 600 kr. og 2 eitthvað minna. Af hinum 7 kostaði líknarfjelag hjer í bænum einn eða tvo, svo að það voru einungis fimm,

sem kostuðu sig að öllu leyti sjálfir. Þjóðin getur ekki risið undir þessum útgjöldum, og þótt einstökum mönnum sje þungbært að kosta sjúklinga á hælinu, verða þeir þó að bera eitthvað af þeirri byrði, en nú er tekin frá þeim öll hvöt til þess. Af þessum ástæðum ljet jeg semja frv. síðastliðið haust, sem fer fram á að draga úr þessum kostnaði, og hefir það verið afhent nefnd hjer í þinginu. Vænti jeg þess, að þetta frv. komi fram sem fyrst, svo að þingið geti dæmt um það og ráðið við sig, hvort það vill gera breytingu í þessu efni.

Minni hl. hv. fjhn. er ósamþykkur tollhækkuninni af princip-ástæðum. Hann hallast að beinum sköttum, og er því eðlilega andvígur öllum tollum í sjálfu sjer, og þá auðvitað hækkun á þeim. Jeg er þeim algerlega ósammála í þessu. Þá þykir minni hl. vörutollurinn sjerstaklega órjettlátur, þar sem hann er lagður því nær jafnt á dýrar sem ódýrar vörur og kemur niður jafnt á fátækum sem ríkum. Jeg er samdóma hv. minni hl. um það, að vörutollurinn er óheppilegur, en jeg tel hann aðeins óheppilegan í þeirri mynd sem hann er í. Hann er lagður á eftir þyngd, og því algerlega af handahófi. Til dæmis er sami tollur, 30 aurar, á 50 kg. af kornvöru sem af sama þunga af tómum flöskum. Vörutollurinn ætti ekki að vera þyngdartollur, heldur verðtollur. Í 6. flokki er tollurinn t. d. 1 kr. á hvert kg., en í þeim flokki eru vörur úr silfri, gulli, platínu og gimsteinar. Ef gullsmiður flytur inn nokkur hundruð af dýrum hringum, borgar hann brot úr eyri í toll af mörg hundruð króna demantshring. Jeg er því meðmæltur að leggja háan toll á vörur, sem einungis eru luxusvörur. Af gullúri eða hring, sem kostar mörg hundruð krónur, eru nú greiddir nokkrir aurar, í stað þess, að taka mætti marga tugi króna í toll. Í þessu liggur ósanngirnin, og er eiginlega furðulegt, að vörutollurinn skyldi komast á í þessari mynd og fyrirkomulaginu ekki breytt síðar. Þegar þau lög voru fyrst á döfinni hjer á þingi, varð mikill ágreiningur um það, hvort hann skyldi reikna eftir þunga eða verðmæti, en því miður varð hitt ofan á.

Hv. minni hl. leggur áherslu á, að ríkissjóður fyrst og fremst takmarki útgjöld sín. Það eru gerðar tilraunir til þess, en það er ekki einhlítt. Svo sem jeg hefi bent á, eru liðirnir í fjárlagafrv. fyrir árið 1925 að mestu leyti lögboðin útgjöld, og hjerumbil ekkert umfram það. Ef gengi krónunnar heldur áfram að lækka, er það ljóst, að sparnaðurinn einn kemur ekki að haldi. Það er því hörð nauðsyn, sem knýr oss til að auka tekjurnar. Hv. minni hl. kveðst vilja vinna með samnefndarmönnum sínum að því að auka tekjurnar, og vona jeg, að hann geti fundið heppilegri ráð til þess, sem ganga ekki of nálægt þjóðinni. En jeg sje nú sem stendur ekki annað ráð til þess en það, sem hjer er bent á. Það mætti ef til vill breyta vörutollslögunum og gera tollinn að verðtolli, en það er ekki áhlaupaverk. Bæði tekur undirbúningur undir lagasetninguna langan tíma, og eins hin mikla breyting, sem þá yrði á framkvæmdum laganna, svo að þetta verður ekki gert á næstunni.

Jeg skal svo ekki tefja umræðurnar lengur. Það er áríðandi, að málið gangi fljótt fram, og vænti jeg þess, að háttv. deild samþykki nú frv. og að því auðnist að komast gegnum þingið.

Jakob Möller: Það var eitt atriði, sem mig langaði til að bæta við orð hv. frsm. minni hl. (HStef). Þetta frv. er kallað: „Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.“ Það er oft gott að geta fundið eitthvert orð til að rjettlæta sig, þegar komið er út á glapstigu. Þegar hjer er farið fram á að hækka tolla á nauðsynjavörum, er það látið í veðri vaka, að það sje uppbót fyrir gengislækkun. Í þessu tilfelli er þetta ekki annað en hreinasta blekking. Ríkissjóður hefir þegar fengið þessa uppbót.

Eins og hv. frsm. meiri hl. (JÞ) tók rjettilega fram, geta menn best fylgst með verðgildi krónunnar með því að bera saman vöruverð á ýmsum tímum. Þó að gengið sje lágt nú, vita allir, að vöruverð er nú lægra en á síðustu árum, en það sýnir, að þótt krónan hafi lækkað í hlutfalli við peninga annara þjóða, þá hefir verðgildi hennar vaxið í raun og veru. Ef menn athuga einstakar vörutegundir, sjá menn þetta og að ríkissjóður hefir fengið bætt verðfall krónunnar. Kol kostuðu t. d. fyrir ófriðinn 30 kr. smálestin, en nú 90 kr. Kolatollurinn var fyrir ófriðinn 1 kr., en nú 3 kr. (án „gengisviðauka“). Ríkissjóður hefir því þannig fengið bættan gengismuninn á þessum tolli, og sama er um aðrar vörutegundir. Vörutollurinn hefir verið þrefaldaður, nema í 2. flokki, þar er hann ferfaldur við það, sem áður var. Að kalla þessa tollhækkun gengisuppbót, er því einungis að slá ryki í augu almennings, því að tollar eru nú heldur hærri í hlutfalli við vöruverð heldur en þegar þeir voru settir fyrst.

Það eitt gæti rjettlætt vörutollinn, að hann væri mjög lágur í samanburði við verð vörunnar, því að þyngdartollur er annars altaf ranglátur. Nú hefir þessi tollur hækkað mjög mikið, og hafi verið hættulegt að hafa tollinn háan fyrir ófriðinn, er engu síður ástæða til þess nú að fara varlega. Jeg þykist hafa sýnt fram á, að þessi svokallaða gengisuppbót er ekki annað en órjettmæt rjettlæting á beinni tollhækkun, og þyrfti því að athuga sjerstaklega, hvort slík hækkun sje tiltækileg.

Hinsvegar heldur minni hl. því fram, að til þess að auka tekjur ríkissjóðs sje hollasta leiðin að hækka toll eingöngu á ónauðsynlegum vörum. Þessi tollhækkun nær líka til þeirra vörutegunda, og á móti þeirri hækkun get jeg ekki haft, en hefði heldur viljað láta hækka þá tolla sjerstaklega. Af þessum vörutegundum hefir ríkið einkasölu á tveimur, og hefir því verið haldið fram, að ná megi meiri tekjum af þeim með því að hækka verðið, meðan ekki væri ráðið, að ríkið slepti þeirri einkasölu. Þyrfti því að vísu engrar tollhækkunar með á þeim. Minni hl. hefir þó lýst yfir í nefndinni, að hann sje fús á að mæla með tollhækkun á öllum þessum tegundum, nema sykri. Það er að vísu rjett hjá hv. frsm. meiri hl., að sykurtollurinn hefir ekki hækkað í hlutfalli við verðið. En þar sem allir aðrir tollar hafa hækkað svo gífurlega, sje jeg ekki ástæðu til að telja eftir þessa uppbót á hinni almennu tollhækkun.

Jeg mun greiða atkvæði gegn þessu frv. aðallega af princip-ástæðum. Jeg get ekki samþykt tollhækkun á brýnustu nauðsynjavörum. Þó að svo vilji til, að þessi hækkun sje ekki tilfinnanleg á lífsnauðsynjum almennings, kemur hún þó hart niður á framleiðslunni. Það mun nærri lagi, að hún nemi 1000 kr. á hvern togara, og á almenning, sem kol notar, er þetta einnig nokkur skattur. En það er

þessi braut, sem jeg vil aðallega mótmæla, með því að vera á móti frv., að tolla lífsnauðsynjar og nauðsynlegar vörur til framleiðslunnar frekar en gert hefir verið. Sú stefna hlýtur, þegar til lengdar lætur, að auka erfiðleika landsmanna, en getur ekki ljett þeim. Hún mun auka dýrtíð í landinu, og hafa því þveröfug áhrif við það, sem til er ætlast, lækka gengi krónunnar enn meir, í stað þess að hækka það.

Það er um þetta frv. sem næsta frv. á undan, að jeg hefði kosið, að þau hefðu ekki komið til 2. umr. fyr en menn hefðu sjeð annað frv., sem fjhn. hefir í smíðum, og tel jeg þá vafalaust, að hv. deildarmönnum hefði þótt hættuminna að leggja á móti þessu frv. en nú virðist. Verði frv. samþykt við þessa umræðu, geri jeg ráð fyrir að flytja brtt. við 3. umr. um að hækka aðeins toll á munaðarvörum, en undanskilja vörutollinn. Mismunurinn á því, sem sú hækkun gæfi, og þeirri hækkun, sem þetta frv. fer fram á, yrði ekki svo ýkjamikill, sennilega um 200 þús. kr., og mun það varla hættulegt hag ríkissjóðs. Nú liggur fyrir brtt. um að undanskilja kol og salt tollhækkuninni, og mun jeg greiða henni atkv. Nái hún samþykki, verður talsvert minni munur, þó að hitt sje einnig tekið undan.

Það mun ef til vill þykja ástæðulaust að taka allar vörutollsvörur undan, enda er það ekkert aðalatriði að undanþiggja vörur í 3., 6. og 7. fl. En engin ástæða er heldur til að hafa tollhækkunina á þessum vörutegundum í tvennu lagi. Verði lagður verðtollur á þessar vörur, eins og fjhn. mun leggja til, liggur beint við að hafa þann toll þeim mun hærri, heldur en að hækka þungatollinn, sem allir viðurkenna, að sje ranglátur, þegar hann fer að hækka.

Björn Líndal: Jeg skal ekki deila um það, hvort vörutollurinn sje í eðli sínu rjettlátur eða ranglátur, en jeg skal geta þess, að jeg þekki ekkert skattafyrirkomulag, sem jeg tel fyllilega rjettlátt.

Það var hv. frsm. minni hl. (HStef), sem gaf mjer tilefni til að segja nokkur orð. Hann tók það rjettilega fram, að kaupmenn legðu því meir á vörurnar, sem tollurinn væri hærri. En það er bótin, að mestur hluti hækkunarinnar lendir í ríkissjóðnum, og þó að einhver lítill hluti hennar fari í vasa innlendra kaupmanna, virðist mjer ekki ástæða til þess að sjá ofsjónum yfir því. Það er annars einkennilegur hugsunarháttur, sem kemur fram hjá sumum mönnum, að skoða ríkissjóð sem nokkurskonar prívat miljónera, sem ganga megi að og taka peninga frá eftir geðþótta, án þess að sjá honum jafnframt fyrir nægum tekjum. En neyð sú, sem nú er fyrir dyrum, ætti vonandi að sýna þjóðinni, að þetta er ekki rjett og að fje verður ekki ausið úr þeim vasa, frekar en öðrum, nema nægilegt sje látið í hann í staðinn. Þetta skilja hv. þm. væntanlega, því að engum mun vera það ljúfur leikur að greiða atkv. með tollhækkunum, einkum eins og fjárhag þjóðarinnar er nú komið. En hjá því verður ekki komist, og getur verið mjög hættulegt að slá öllu slíku á frest til morguns.

Það er að vísu rjett hjá hv. frsm. minni hl., að grunnurinn er veikur, sem bygt hefir verið á, en um það tjáir ekki að fárast hjeðan af. Byggingin er þegar reist á grunninum, og ef hann lætur undan, hrynur öll byggingin um leið.

Það er gamalt orðtæki, að „bóndi er bústólpi og bú er landsstólpi.“ En þegar bóndinn getur ekki lengur reist sig undir þeirri byrði, sem lögð er á hann, þá verður að finna ráð til að ljetta hana til þess einmitt að gera honum kleift að bera uppi landsbúskapinn.

Og það er af þessum rökum, að jeg hefi bygt skoðun mína á frv. því, sem hjer liggur fyrir.

Ágúst Flygenring: Jeg get vel tekið undir það, að ekki sje gaman að fara nú að bæta miklum álögum á menn, eins og fjárhagsástandi manna er varið. Og mjer er ljóst, að það er lífsskilyrði fyrir hverja þjóð að fara sem varlegást í tollalöggjöf sinni og íþyngja engri stjett úr hófi fram. Áður fyr ljetu menn sjer hjer nægja að sníða sjer stakk eftir vexti og leggja ekki meira fje til ýmsra framkvæmda og fyrirtækja en fjárhagur landsins leyfði. En fyrir 10 árum tóku menn að sækja lengra. Afleiðingarnar af því verðum við nú að bera. Og vjer verðum að gera okkur það að góðu, þó að þetta sje ekki skemtileg tollstefna. Og það þykist jeg vita, að enginn maður í hv. fjhn. hefir með glöðu geði gengið að þessu frv. En við verðum allir að leggja mikið á okkur til að rjetta við fjárhag ríkisins og koma honum yfir örðugleikana. Og þó heldur yrði horfið að því að hækka beinu skattana, þá er hæpið, að þeir næðust, og myndu heldur ekki koma rjettlátlega niður.

Sigurjón Jónsson: Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) tók það fram, að hann myndi koma með brtt. við frv., þess efnis, að verðhækkunartollurinn yrði ekki látinn ná til nokkurra nauðsynjavara, svo sem kornvöru, járnvöru, kola og salts. Brtt. mín á þskj. 67 tekur upp síðustu liðina af þessum. Það, sem fyrir mjer vakir, er það, að kol og salt eru vörur, sem nær eingöngu snerta annan aðalatvinnuveg landsmanna. Á hinn bóginn kemur tollurinn á öðrum vörutegundum svipað niður á alla atvinnuvegina, eins og hv. 1. þm. N.-M. (HStef.) tók fram í sinni ræðu. En samþykkjum vjer aftur á móti verðhækkunartollinn á kolum og salti, þá er þar með lagður beinn skattur á annan hluta landsmanna. Og til að koma í veg fyrir þá ósanngirni, hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 67, og vona jeg, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja hana.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg tók ekki fyr til máls af því, að jeg beið eftir, að flm. brtt. á þskj. 67 ljeti til sín heyra og að hv. frsm. nefndarinnar vikju að henni. Jeg hefi ekki gert neina brtt. við frv. við 1. umr. þess, en eins og jeg hefi áður bent á, er eðlilegt, að ef ein vörutegund er undanþegin þessum hækkaða tolli sjerstaklega, þá muni fleiri slíkar á eftir koma, og má þá svo fara, að þinginu reynist erfitt að stemma stigu fyrir slíkum undanþágum, þegar gáttirnar eru einu sinni opnaðar.

Jeg hefi samt ekki ennþá komið fram með brtt. við frv. við þessa umræðu, því að jeg vildi fyrst sjá, hvernig hv. deild og sú nefnd, sem um málið fjallar, tæki þessari brtt. En verði þær undanþágur, sem nú eru komnar tillögur um, samþyktar, þá mun jeg koma með brtt. við 3. umræðu um að undanþiggja líka þær vörur, sem landbúnaðurinn sjerstaklega þarf á að halda, en lenda undir þessa hækkun. Geri jeg það af þeim ástæðum, að vjer verðum að ganga út frá, að

grundvöllurinn undir vörutollslöggjöf vorri sje rjettur.

Að lokum get jeg tekið undir það, að það er með óljúfu geði, sem jeg samþykki þetta frv. Fult samræmi er ekki í frv., því að ef þessi tollaukning á að vera uppbót á gengislækkuninni, þá er enginn efi á því, að aukningin er minni en sem svarar gengislækkuninni, eins og hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) tók rjettilega fram. En að vjer þurfum að fá þessa tekjuhækkun einhversstaðar frá, mun öllum geta komið saman um. Ef þessa leið á að fara, fyndist mjer því rjettara að ná fyllra samræmi, og vildi því leyfa mjer að skjóta því að hv. 1. þm. Reykv., sem er form. fjhn., hvort honum fyndist ekki ástæða til að taka þetta mál til nýrrar athugunar með hliðsjón af þessu atriði.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): Hv. frsm. minni hl. fjhn. þarf jeg ekki mörgu að svara. Og jeg vil einmitt undirstrika það, sem hann sagði, að stefna sú, sem lýsir sjer í frv., er áframhald af stefnu undanfarandi þinga, en á nokkuð annan hátt en hv. samþm. minn (JakM) vildi vera láta. Frv. er nefnilega afleiðing af því, sem gert hefir verið undanfarin ár. Stefnan hefir verið sú, að hækka útgjöldin ár frá ári, en lítið verið hugsað um það, hvaða hlutfall hefir orðið milli tekna og útgjalda. Með þessu móti hefir árlega orðið stórkostlegur tekjuhalli, og mun hann á síðasta ári ekki verða mikið undir 2 milj. kr. Þær ráðstafanir, sem þingið gerir nú, eiga því að vera síðasti áfanginn á þeirri leið, sem farin hefir verið undanfarið, eða með öðrum orðum, þær eiga að reka endahnútinn á þá stefnu.

Hæstv. fjrh. (KlJ) ljet þá skoðun sína í ljós, að útgjöldin á yfirstandandi ári myndu ekki nema eins miklu og fjhn. hefir áætlað. Það væri auðvitað gleðiefni, ef þær spár hans rættust, en fjhn. vildi ekki að þessu sinni brenna sig á ógætilegum áætlunum. Jeg býst samt við, að ef Alþingi vill samþykkja tekjuaukafrv., þá verði með því móti komið í veg fyrir tekjuhalla á árinu 1924. En hvað sem um það er, þá hefði jeg talið, að ekki væri óráð þó að einhver tekjuafgangur yrði á þessu ári. Það er hvort sem er margreynt, að ríkið getur ekki komist skammlaust af án þess að hafa nokkurt fje í sjóði. Sjerstaklega er þörfin á því oft brýn fyrri hluta árs, meðan tekjur ríkissjóðs af árinu eru enn ekki innheimtar. En slíkt fje er nú svo gersamlega gengið til þurðar, að miklir örðugleikar hafa oft verið á því að halda uppi lögmæltum fjárgreiðslum. Annaðhvort verður því að grípa til þess að taka lán í þessu skyni eða sjá svo um, að tekjuafgangur geti orðið. En hitt á auðvitað ekki að eiga sjer stað, að aflað verði ríflegs tekjuauka í þeim tilgangi, að hægt verði að halda áfram eyðslu síðari ára. Það býst jeg ekki við, að fyrir neinum vaki, heldur hitt, að fá með því móti ríkissjóðnum nauðsynlegt rekstrarfje.

Jeg skal líka taka það fram, að jeg skildi ekki orð hæstv. fjrh. þannig, að hann teldi tekjuafgang ónauðsynlegan. En fjhn. áætlaði 400—500 þús. kr. minkun á fjárlögunum. Hinsvegar þorði hún ekki að gera ráð fyrir því, að fjárgreiðslur utan fjárlaganna minkuðu, en það hafa jafnan verið þær, sem steypt hafa fjárhag ríkissjóðs. Hafa þær oftast numið meira en sem svarar tekjuhalla ársins. Því má það ekki villa menn, að fjárlögin sjálf sjeu afgreidd tekjuhallalaust. Þessar fjárgreiðslur hafa numið síðasta ár ca. 1½ milj. kr., og eru þó þar með ekki taldar eftirstöðvar af kaupverði Esju. Má vera,

að ekki verði framhald á öllum þeim greiðslum yfirstandandi ár. En jeg álít þó best að fara varlega. Það getur altaf það komið fyrir, sem færir fram óvissu útgjöldin. Þarf ekki annað en að brýr bili, sem ríkið þarf að endurreisa samkvæmt brúalögunum, eða eitthvað það komi fyrir, sem orsaki, að nýjar framkvæmdir verði óhjákvæmilegar, svo sem fyrirhleðslurnar fyrir Þverá og Markarfljót síðasta ár. Tek jeg þetta aðeins sem dæmi. En jeg vona, að fjhn. muni bera fram tillögur, sem gera það mögulegt að komast hjá tekjuhalla á yfirstandandi ári, ef þær ná samþykki þingsins.

Út af ræðu háttv. samþm. míns (JakM) skal jeg taka það fram, að mjer finst mótstaða hans gegn frv. þessu ofurskiljanleg frá sjónarmiði hans og annara, sem líta svo á, að beinir skattar sjeu betri og heppilegri en tollar. Jeg vil nú ekki fara að rökræða þá skoðun; jeg er henni, í fám orðum sagt, algerlega mótfallinn og býst enda við, að jeg geti betur rökstutt mína skoðun í því efni en hann sína, væri út í þá sálma farið.

Það er algerlega rangt, að ríkissjóður hafi fengið fullkomna gengisuppbót, miðað við tollana eins og þeir voru settir í tollögunum frá 1911, þó að þeir hafi að vísu verið hækkaðir síðan. Eða hvernig myndi ríkissjóður vera staddur, ef hann hefði fengið greidda í gullkrónum tollana frá 1911? Hann myndi alls ekki hafa komist af með það. Sannleikurinn er sá, að fjölmörgum nýjum útgjaldaliðum hefir verið bætt við síðan, og þarf ekki annað að nefna en vexti og afborganir af lánum, sem nú nema um 2 milj. kr. á ári. Alt eru það nýir liðir, og einhversstaðar verður að taka það fje, sem til þeirra fer. Og það álít jeg ekki verra að gera með hækkuðum tollum heldur en t. d. með útflutningsgjaldi eða beinum sköttum. Enn má þess geta, að sykurtollurinn hefir ekki verið hækkaður síðan 1911, og má því segja, að hann hafi lækkað um helming, miðað við gullgengi, eða um ⅔ eftir almennri breytingu vöruverðsins.

Jeg get vel gengið inn á það, sem sagt hefir verið áður, að það sje ekki með glöðu geði, að fjhn. leggur til, að álögur almennings sjeu þyngdar með þessu móti. En hversu óaðgengilegt sem það annars getur virst að hækka tollana nú, þá er oss fullljóst, að hagur ríkissjóðs krefst þess svo mjög, að ekki verður hjá því komist.

Þá er eftir að minnast á brtt. á þskj. 67, og er skemst frá því að segja, að meiri hl. fjhn. leggur til, að hún verði feld. Er það bæði, að hann álítur, að fleiri slíkar muni á eftir fara, ef þessi eina verður samþykt, og í öðru lagi fanst oss tollhækkunin, sem farið er fram á, svo hófleg, að það sje vel verjandi að láta hana ná til allra vörutegunda. Vil jeg því ráðleggja hv. deild að samþykkja frv. óbreytt, og jeg vildi ekki tefja fyrir því með því að gera við það þær brtt., sem jeg hefði þó gjarnan viljað annars láta fram koma, sbr. nál. Nú er þegar langt um liðið síðan tollhækkunartill. varð heyrinkunn, og enginn vafi er á því, að kaupsýslumenn munu nú hagnýta sjer tímann þar til frv. er afgreitt sem lög, til að viða að sjer birgðum. Því væri æskilegt, að þingið afgreiddi það hið allra bráðasta, og þá helst áður en næstu skip koma frá útlöndum. Og mjer þykir fyrir því, ef fyrirætlun hv. samþm. míns (JakM), um að koma með brtt. við frv. til 3. umr., yrði til að tefja fyrir framgangi þess. Ákjósanlegast hefði verið, að 2. og 3. umr. hefðu getað farið fram báðar sama dag. En þar sem þetta er stjórnarfrv., þá er það hennar að

sjá um allan gang þessa máls og leita hófanna hjá hæstv. forseta um að hraða því sem mest.

Jakob Möller: Til að byrja með skal jeg taka það fram, að hv. samþm. minn (J Þ) hróflaði ekki við neinu af því, sem jeg sagði um gengið, enda bjóst jeg ekki við því. Hitt er annað mál, hvort útgjöld ríkissjóðs hafa síðan 1911 vaxið hraðar en sem gengishækkuninni nemur. En það er algerlega óheimilt og hin megnasta hugsunarvilla að heimta þá hækkun á tekjunum, sem þarf til að mæta útgjaldaaukningunni, með gengisviðauka. Til að vega á móti nýjum útgjaldaliðum þarf að finna nýja tekjustofna. Og jeg held fast við það, sem jeg sagði áður, að hafi tollarnir verið hæfilega ákveðnir með lögunum 1911, þá má ekki fara lengra nú heldur en komið er, til þess að þeir verki ekki alt of tilfinnanlega á nauðsynjavörur. Tollarnir verða að vera í fullu samræmi við verðhækkunina á vörunum, en hún hefir ekki orðið sem svarar þeirri hækkun á tollunum, sem frv. fer fram á. Og einmitt þess vegna er mjög nauðsynlegt að fundnar verði nýjar leiðir til að afla tekna, en sem komi ekki eins tilfinnanlega við hag almennings.

Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) kvað flestar aðrar þjóðir hafa hækkað tolla sína líkt því, sem hjer er gert ráð fyrir. Það er satt, að ýmsar þjóðir hafa hækkað tolla sína upp í gullgengi, svo sem t. d. hefir verið gert í Noregi. En ólíku er þó saman að jafna, því tillit ber líka að taka til þess, á hverjar vörur tollurinn sje lagður. Jeg hygg, að Íslendingar sjeu einsdæmi í því efni. Við leggjum toll jafnt á allar vörur, hvort sem þær eru nauðsynlegar eða ónauðsynlegar og hvort sem þær eru tilbúnar í landinu eða ekki. Jeg veit ekki, hvort kol eru tolluð í öðrum löndum, en kunnugt er mjer um það, að í Noregi eru þau það ekki. Þar eru menn nógu gáfaðir til að sjá, hvern óhag siglingar þeirra og fiskveiðar biðu við það. Og ljeleg afsökun er það líka að tala um, að erlendar þjóðir geri þetta. Bæði er það, að þær munu fæstar leggja innflutningstoll á þann nauðsynjavarning, sem ekki er þá framleitt nægilegt af í landinu sjálfu, og þó svo væri, þá ættum vjer ekki samt að þurfa að gera okkur seka í sömu syndinni, heldur hafa nægilegt vit fyrir okkur sjálfum í þeim efnum.

Frsm. minni hl. (Halldór Stefánsson): Menn hafa orðið hjer sammála að mörgu leyti, og þó ósammála nokkuð. Menn hafa verið sammála um það alment, að tollar sjeu í eðli sínu ranglátir og það sje hart og neyðarúrræði að leggja þá á frekar en þegar er orðið. Aftur hefir menn greint á um grunninn og yfirbygginguna, getu einstaklingsins og heildarinnar. Menn viðurkenna, að grunnurinn, almenningshagurinn, sje veikur og hæpið, hvort hann þolir meiri álögur. Samt eru ýmsir, sem mæla með frv. og telja það nauðsyn fyrir ríkið. Það er vitanlegt, að hagur ríkissjóðs er líka hæpinn. En ef maður trúir því, að ríkið hafi frekar tök og úrræði til þess að fleytast yfir örðugustu tímana, þá er einsætt að taka til þeirra ráða. Það virðist miklu vænlegra, að ríkið geti fleytt sjer með fjelagsstyrk sínum og lánstrausti því, sem enn er óeytt, heldur en þeir af almenningi, sem tæpast eru staddir, og því beri að setja hjer punkt við strax. Okkur hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) ber hjer á milli, hvort setja eigi punktinn strax eða fresta því, — jeg meina þann punkt, að leggjast ekki þyngra á ofþyngdan hag almennings. Sami ágreiningur er milli mín

og hv. þm. Ak. (BL), hvort þann punkt eigi að setja í dag eða á morgun. Jeg vil setja hann í dag; byrgja brunninn áður en slys er af orðið.

Hæstv. atvrh. (KlJ) sagði, að þetta væri stefnumál fyrir minni hlutanum. Það er það að nokkru leyti, en þó ekki eins og hann hyggur. Jeg að minsta kosti fyrir mitt leyti álít, að tolla verði að hafa með beinum sköttum, eins og nú hagar. En ranglæti tollanna má ekki keyra svo úr hófi sem hjer. Það er ekki það eitt, að þungavörutollurinn kemur illa niður og er ranglátur, heldur og sú aðferð, að tolla alt með því eina takmarki að ná tekjum í ríkissjóð. Sú tollstefna er fordæmanleg, og vita þó, að fjöldi fátækra heimila líður skort á öllum sjálfsögðum lífsþægindum. Það er hart fyrir fjölskyldu með mörgum börnum að geta ekki veitt sjer neitt til framfæris, hvorki til fæðis nje fatnaðar, án þess að ríkissjóður skuli leggjast þar ofan á. Það, sem ágreiningurinn er um, er það, hvort grunnurinn þoli að veikjast meira eða ekki. Hvort draga skuli að setja punktinn þangað til grunnurinn hrynur undan byggingunni.

Jón Baldvinsson: Líklega er engin þjóð ver stödd en við Íslendingar í því tilliti, að við þurfum að flytja inn meiri nauðsynjar til lífsþarfa okkar en aðrar þjóðir. Því eru innflutningstollar ranglátari hjá okkur en öðrum og koma harðara niður. Þetta verður vel að athuga, þegar verið er að bera okkur saman við aðra í tollmálum. Framleiðslan í voru landi er svo fábreytt, að meginhluta nauðsynjavaranna verður að kaupa frá öðrum löndum.

Viðvíkjandi orðalaginu á frv. stjórnarinnar, þá finst mjer dálítið leiðinlegt, hvernig þessi tollur er á lagður. Í því virðist mjer liggja vantraust á stjórn og þingi í því, að við getum í náinni framtíð rjett við eða stöðvað gengi íslensku krónunnar. Hjer er stjórninni veitt heimild til þess að innheimta ýms gjöld og tolla með 25% álagningu meðan sterlingspund standi í 25 kr. eða þar yfir. Hjer finst mjer hæstv. stjórn hafa gefist upp við sín góðu áform, að reyna að bjarga við genginu, slept því fram af sjer og hugsa nú aðeins um það að hækka tollana, hvað sem krónunni líður. Jeg held, að við þurfum ekki að hafa slíka ótrú á íslenskum peningum. Jeg held, að þeir standi ekki svo illa í raun og veru. Og það væri ólíkt heppilegra, ef stjórnin og bankarnir gætu komið í veg fyrir gengishrunið, og þar með það, að ríkissjóður þyrfti sívaxandi tekjur vegna verðfallsins, ef svona fer fram.

Það hefir komið hjer fram, eins og jafnan, að einstakar stjettir reyna að hrinda byrðunum af sjer. Útgerðarmenn vilja skilja undan þessum lögum toll á kolum og salti til útgerðar, en láta hann svo lenda á fátækasta hluta þjóðarinnar, verkalýðnum, sem býr við atvinnuskort og fátækt, en þarf þó að nota þessar nauðsynjar. Þar á ekki að sýna miskunn. Hver hrindir af sjer; og í þá átt virtist mjer fara ræða hv. þm. Ak. (BL). Hann var að mæla á móti því, að gengið yrði lengra í því að leggja á hina efnaðri menn. En jeg sje ekki, hvar taka á skatta í ríkissjóð, ef ekki þar, sem peningarnir eru til. Þannig virðist mjer sá maður, sem hefir 20000 kr. í tekjur, betur fær um að borga 10000 kr. til ríkisins heldur en verkamaður, sem hefir 2000 króna tekjur, að borga 2 kr. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. Ak. þyki þetta órjett, en jeg lít svona á það.

Jeg mun eins og áður leggja á móti því, að þessi viðbót við tollana verði samþykt. Mjer finst það sje gert út úr vandræðum, til að taka peninga á þann hátt, sem menn ímynda sjer, að hægast sje að ná þeim, án tillits til þess, hvort það kemur rjettlátlega niður eða ekki. Mjer finst hæstv. stjórn skilja illa við, að hafa ekki reynt að rjetta gengi krónunnar, en skila svo í lokin þessu frv. um að hækka stórkostlega toll á aðfluttri vöru, sem aðallega kemur niður á fátækasta hluta þjóðarinnar.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) gaf mjer ástæðu til að standa upp. Hann tók það fram, að frv. lýsti vantrú stjórnarinnar á því, að geta stöðvað gengi krónunnar, og að stjórnin hefði brugðist loforði sínu í því efni. Jeg verð að segja, að jeg hefi ekki heyrt og veit ekki til, að komið hafi fram neitt þjóðráð í þessu efni frá einum eða neinum, til þess að stöðva fall krónunnar eða auka gildi hennar, annað en þá það að taka lán. Jeg geri líka ráð fyrir, að það hafi vakað fyrir háttv. þm., því að hann sagði, að ef stjórnin og bankarnir legðust á eitt, þá mundu þau geta stöðvað gengið. En það hlýtur að eiga við lán. Jeg verð nú að segja, að við erum svo sokknir í skuldir, að við megum ekki við því að taka enn lán. Við eigum nógu erfitt með að borga vexti og afborganir af þeim skuldum, sem fyrir eru, þó ekki sje bætt við nýju láni. Ef lánstraust þjóðarinnar við útlönd leyfir, þá er auðvitað hægt að bæta við skuldina; því neita jeg ekki. En í mínum augum er það frágangssök að auka skuldirnar eingöngu til þess að hefta fall krónunnar. Það er auðsjeð, hvernig þá fer. Meginpartur lánsins gengur strax til þess að borga skuldir bankanna og einstakra manna við útlönd, ef til vill fyrir óþarfavöru. Svo kæmi heill hópur af vörubjóðum, dönskum og norskum, til að bjóða vörur og credit á ný. Eftir gamalli reynslu mundi þetta verða notað og inn mundi streyma kynstur af óþarfavöru, sem svo yrði að borga seinna. Að nokkrum tíma liðnum væri svo lánið uppgengið og alt sæti við sama, nema landið væri að þessu leyti skuldugra en áður.

Jeg las það í Alþýðublaðinu nýlega, að það væri undarlegt, að 42 menn skyldu sitja svo lengi á Alþingi og geta þó ekki lagað það, sem háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) gæti einn lagað í einum rykk. Mjer er ekki kunnugt um, að þessi hv. þm. hafi komið fram með neitt ráð; en jeg vænti þess og veit, að ef hann hefir einhver slík patentráð, þá situr hann ekki lengur á þeim.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að stjórnin hefði ekki gert skyldu sína í gengismálinu. En jeg er viss um, að engin stjórn hefði getað stöðvað fall krónunnar, sem orðið hefir á þessu síðasta ári fyrir rás viðburðanna og óviðráðanlegra orsaka. Jeg er ekki að halda því fram, að við sjeum svo mjög miklir fjármálamenn, Íslendingar, en Danir eiga góða fjármálamenn, og þeir hafa ekki getað reist rönd við falli sinnar krónu, þrátt fyrir hinn mikla útflutning. Og þeir hafa tekið stórt gjaldeyrislán, sem nú er uppetið, án þess að koma að tilætluðum notum. Jeg get því ekki sjeð, að stjórnin eigi neitt ámæli skilið; því verð jeg að mótmæla.

Að lokum vil jeg taka undir með hv. frsm. meiri hl. (JÞ), að fari svo, að tekjuafgangur verði, þá er alls ekki meiningin, að hann verði gerður að eyðslueyri

nje varið til einhverra fyrirtækja, hversu nauðsynleg, sem þau annars kunna að þykja, heldur að það verði handbært. Það er fullkomin nauðsyn, að ríkisfjehirðir hafi meira fje undir höndum en stundum hefir verið að undanförnu.

Hákon Kristófersson: Það má með sanni segja, að það sje ógeðslegt mál, sem hjer eru til umræðu, og best að leggja sem fæst til þess. En hjer hafa orð fallið, sem jeg get ekki látið vera að lýsa minni skoðun á.

Þetta mál er komið frá stjórninni af brýnni þörf og nauðsyn, til þess að bæta fjárhag ríkisins, að sagt er. Þessu skal jeg ekki mótmæla. En þó býst jeg við, að jeg verði að vera á móti málinu í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir. Ef nú á að fara að bæta úr bruðlunarsemi þings og stjórnar undanfarin ár með því að hækka tolla um 25% á nauðsynlegum vörum, sem svo verða 40% hjá kaupmönnum, þá get jeg alls ekki ljeð því mitt fylgi. Tímarnir eru ákaflega erfiðir og krefjast sparnaðar. Og ef jeg sæi, að það ætti að spara á einhverju sviði, t. d. fræðslumálafarganið, þar sem mætti spara 300—400 þús. kr., þá stæði ekki á mjer. Í því er heilbrigð hugsun, að ljetta af slíkri byrði, þegar svo erfiðlega er ástatt eins og nú. Það má líka gera án þess, að þjóðin verði fyrir það á nokkurn hátt fyrir raunverulegum óþægindum, eða með öðrum orðum, henni alveg að skaðlausu. En það, að stjórnin kemur fram með annað eins frv. og þetta, liggur í því, að við kunnum ekki að sníða okkur stakk eftir vexti, eða höfum ekki kunnað það, en erum að apa eftir miljóna þjóðum ýmislegt, sem er okkur langt um megn.

Hv. frsm. meiri hl. (JÞ) talaði um það, að nauðsyn bæri til þess, að málið fengi fljóta afgreiðslu. Vildi víst helst láta afgreiða það frá deildinni í dag, með afbrigðum frá þingsköpum, og grundvallaði þá skoðun á því, að von væri á skipi næstu daga, fullu af vörum; en væntanleg tollhækkun næði ekki þessum vörum nema afgreiðslu laganna væri flýtt. Jeg er nú ekki beint að setja út á þetta. En jeg vil þó spyrja: Hvar er sanngirnin gagnvart þeim verslunarmönnum, sem fá vörur sínar viku eða 12 dögum seinna en þeir, sem fengu sínar vörur með Íslandi síðast? Mjer finst jeg ekki geta gert ráð fyrir, að lögin verði látin ná til þeirra vara, sem komnar eru á afgreiðslustað þegar lögin ganga í gildi. Annars eru nokkrir menn beittir rangsleitni, en gróðinn lendir hjá þeim mönnum, sem nú eru búnir að draga vörur að sjer hjer í Reykjavík. Og þess er ekki að dyljast, að vegna þess að innflutningshöft hafa legið í loftinu undanfarið, hefir vörum verið hrúgað inn og verðið þegar sett mikið upp, án þess að minsta ástæða væri til.

Háttv. þm. Ísaf. (SigurjJ) gat þess, að till. á þskj. 67, um að hækka toll á kolum og salti, kæmi að mestu niður á öðrum höfuðatvinnuveginum. Það er nú að vísu nokkuð rjett, en því má þó ekki gleyma, að hann kemur líka nokkuð niður á hinum. Mjer virðast hrein vandræði að ganga inn á brtt. engu síður en sjálft frv.

Sem sagt er jeg á móti frv. af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú greint, og af því, að jeg veit, að þessi tollhækkun kemur þyngst niður á fátækasta hluta þjóðarinnar. En gjaldþol almennings er nú svo teygt og togað þegar, að það þolir alls ekki meira.

Björn Líndal: Mjer virtist ástæða til þess að athuga nokkuð ræðu hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Hann vildi telja, að með brtt. um undanþágu á kolum og salti frá hækkuðum tolli væri verið að skjóta þeim efnaðri undan, þeim, sem gætu borgað, en leggja á þá, sem ekki gætu borgað. Honum ætti þó að geta skilist það, að því meiri álögur, sem hvíla á atvinnurekstrinum, því erfiðara er fyrir atvinnurekendur að borga kaupgjald eða auka atvinnutæki sín og veita meiri vinnu. En það er þó sannarlega ekki hægt að bera Íslendingum það yfirleitt á brýn, að þeir sjeu tregir til þess að ráðast í framkvæmdir til þess að auka framleiðsluna. Miklu fremur hefir þeim verið legið á hálsi fyrir það, að þeir færu ekki nógu gætilega.

Þá kom fram ósamræmi hjá sama hv. þm. Hann talaði um það, að með frv. væri aðeins hugsað um að taka peningana þar, sem auðveldast væri að ná í þá. En hinsvegar ætti eftir frv. að taka þá af fátæklingunum, sem ekkert ættu.

Jeg sje nú ekki, hvernig hægt er að taka fje frá þeim, sem ekkert eiga, og því síður getur mjer skilist, að auðveldast sje að taka fje þar. En hvað sem um þetta má segja, get jeg frætt hv. 2. þm. Reykv. á því, að enginn getur aflað sjer auðæfa án sparsemi, eða með öðrum orðum, án þess að eyða minna en hann aflar. En því miður er það mikill hluti þjóðarinnar, sem eyðir nær öllum tekjum sínum, og því er það nauðsynlegt og rjettlátt að ná í ríkissjóð einhverju af þessu eyðslufje, og það er ekki verra, þó að eitthvað af aurum fátækrar alþýðu í Reykjavík fari í ríkissjóðinn en að þeir lendi ella í vasa sumra leiðtoga hennar. Það skal þó tekið fram, að jeg á hjer ekki við hv. 2. þm. Reykv. Annars ætla jeg ekki að fara að verja gerðir hæstv. stjórnar, en mjer skilst þetta frv. vera tilraun af stjórnarinnar hálfu til þess að rjetta hag ríkissjóðs og að það muni jafnframt hafa bætandi áhrif á gengi hinnar íslensku krónu. Jeg lít svo á, að hvert skref, sem stigið er til þess að bæta hag ríkissjóðs, sje jafnframt skref í áttina til þess að hækka gengið.

Tryggvi Þórhallsson: Þetta er aðeins stutt aths. Þó að það sje ef til vill óviðkunnanlegt, að allir beini skeytum sínum til hv. 2. þm. Reykv. (JBald), held jeg að jeg verði að gera það líka, en það skal þó vera í allri vinsemd gert. Hv. 2. þm. Reykv. taldi það vera vandræðafálm að reyna að auka tekjur ríkissjóðs á þennan hátt; en jeg ætla þá aðeins að minna hann á, hvernig verkamenn fara að þegar líkt stendur á fyrir þeim. Er dýrtíðin eykst, koma þeir fram með skýrslur sínar til vinnuveitenda og reyna að sanna þeim með rökum, að kaup þeirra sje of lágt og þeir komist því ekki af með það. Ein helsta sönnunin upp á síðkastið hefir verið gengisfallið. Krónan hefir fallið um 25%. Við þurfum að fá 25% kauphækkun, segja verkamenn. Jeg er alls ekki að hafa á móti þessu. Þetta er algerlega rjettmætt; ef hægt er að sýna fram á, að grundvöllur sá, sem kaupgjaldið var miðað við, hefir raskast, þá eiga þeir heimtingu á breyttu (hærra) kaupi eftir því. En það er þessi sama aðferð, sem ríkissjóður viðhefur nú í þessu frv. Með þessum lögum ætlar ríkissjóður að fá þá uppbót á þeim peningum, sem menn eiga að greiða honum og sem hann hefir mist af vegna dýrtíðarinnar, — gengisfallsins. Þess vegna finst

mjer það koma úr allra hörðustu átt, er háttv. 2. þm. Reykv. fer að gagnrýna einmitt þessa aðferð ríkissjóðs.

Jón Baldvinsson: Jeg vil nota tækifærið til þess að svara hv. þm. Str. (TrÞ) straks. Hann fór að bera saman þetta frv. stjórnarinnar við aðferðir þær, sem verkamenn notuðu til þess að fá kaup sitt hækkað, en þar er því til að svara, að verkamenn grípa ekki til þessara ráða fyr en í fulla hnefana, er tekjur þeirra eru orðnar svo lágar, að þeir fá ekki komist af með þær. Og þeir ráða heldur engu um verðfall krónunnar. Stjórnin hefir alt aðra aðstöðu en þeir til þess að ráða um þetta. Þeir hafa heldur ekki svo mikil ráð á þingi, að áhrifa frá þeim gæti að verulegum mun. Og jeg minnist þess, að hv. þm. Str. gekst fyrir hrossakaupum í þingbyrjun til þess að svifta þá fulltrúa, sem í raun og veru var kosinn. Jeg segi auðvitað ekki, að hann hafi gert það móti betri vitund. (Forseti hringir).

Þá talaði hv. þm. Ak. (BL) til mín allvinsamlega, en þó gat hann ekki að því gert að fara með dylgjur nokkrar, sem ekki var hægt að henda reiður á, og ætti því hv. þm. að kveða þar ljósar að orði, svo að ekki verði um vilst, hvað hann á við. Hann reyndi á sama hátt og hv. þm. Str. að láta líta svo út, að þetta væri ósamræmi hjá mjer, er jeg sagði, að með þessu frv. stjórnarinnar væri skattur tekinn af þeim, sem síst væru færir um að gjalda hann, en svo hafi jeg sagt, að skatturinn væri tekinn þaðan, sem auðveldast væri að ná honum inn. En það er ekkert ósamræmi í þessu, ef litið er á það, sem jeg átti við með þessu, — að þessi aðferð stjórnarinnar væri auðveldust leið til þess að ná skattinum inn. Þá talaði hv. þm. Ak. margt um það, að leiðin til viðreisnar væri sparsemi, en að allur fjöldinn eyddi meiru en aflað væri. Jeg hygg nú, að verkalýður þessa lands eyði vart meiru en þörf krefur, en hitt getur vel verið, að hann eyði meiru en hann aflar, og kemur það af því, að atvinna sú, sem verkamenn hafa, gefur ekki þær tekjur, að þær hrökkvi fyrir því, sem þeir þurfa sjer og sínum til framfærslu. Það eru því aðrir en verkamenn, sem eiga þessi skeyti hjá hv. þm. Ak.

Þá kem jeg að ræðu hæstv. atvrh. (KlJ). Hann er oft allslyngur í orðasennu; en nú tók hann upp gamalt og oft viðhaft ráð, sem sumir nota, er þá brestur rök, — að finna upp á einhverju, sem aldrei hefir verið sagt eða haldið fram, til þess svo að breiða sig út yfir að hrekja það aftur lið fyrir lið. Þetta var einmitt það, sem hæstv. atvrh. gerði. Hann breiddi sig út allmjög og hrakti ástæður þeirra, sem álíta lántöku einu lausnina út úr þessu ástandi. Hvenær nefndi jeg lán? Jeg veit ekki til þess að hafa minst á það í þessu sambandi. En að því leyti, sem jeg mintist á ástæðurnar fyrir hinu lága gengi, varð honum erfiðara fyrir að hrekja þær, sem vonlegt var, og fór þar í hring utan um það mál sem honum var unt.

Hæstv. ráðherra þóttist ekki hafa orðið var við neina tillögu frá mjer til að bæta gengið. En jeg vil aðeins benda á hina ólíku aðstöðu okkar. Hæstv. ráðherra fer með fjármál landsins og hann er yfirmaður bankanna og getur kvatt þá til ráða um þessi mál, og þar að auki hefir stjórnin sjerstaklega lofað að beita sjer fyrir því að hækka gengi íslenskra peninga. En í tíð þessarar stjórnar hefir

gengi íslenskrar krónu stórlega fallið. Og fjöldi manna trúir því, að lækkun krónunnar sje alls ekki af eðlilegum ástæðum, heldur að hjer ráði hagsmunir þeirra, sem telja sig hafa hag af þessu.

Hæstv. fjrh. vill, eins og góðra gjaldkera er siður, draga sem mest fje í ríkisfjehirsluna, og skal jeg ekki lá honum það. Hann leggur fyrir þingið fjárlög með ½ miljón kr. tekjuafgangi. En svo kemur hann með þetta frv. og krefst að fá ½—¾ miljón kr. tekjuauka í viðbót. Þarna finst mjer kenna nokkurrar ágengni hjá hæstv. fjrh. og hjá þinginu, ef það samþykkir þetta frv., sem harðast kemur niður á fátækum almenningi. Hæstv. fjrh. afsakar sig með verðfalli dönsku krónunnar, það hafi verið danskir stóreignamenn, sem „spekúlerað" hafi í verðfalli hennar, og hafi það haft ill áhrif á gengi okkar krónu. Við það hafi hann aldrei getað ráðið. En er hann viss um, að slíkt hafi þurft að vera?

Hæstv. atvrh. vitnaði í grein, sem staðið hafði í Alþýðublaðinu, og þar sem farið var allloflegum orðum um mig. Mjer þykir vænt um, að hæstv. ráðherra hefir tekið eftir þessu, og eins þykir mjer vænt um hitt, sem greinin ber vott um, að jeg nýt fulls trausts míns flokks. Jeg vildi gjarnan, að aðrir gætu sagt hið sama um sjálfa sig, því að þá væri þeim ekki kipt burtu frá hinum æðstu embættum af sínum eigin flokki. En það var aðeins undanskilið í nefndri grein, að jeg ætti að fá frið til þess að vinna að þessum málum og fá völdin í mínar hendur. Jeg má ef til vill taka þetta sem loforð frá hæstv. atvrh. og flokki hans um stuðning til þess að mynda nýja stjórn, og þó það sje raunar ekki einhlítt, tek jeg þetta þó sem góða byrjun, og ætti þá heldur að vera hægara að bæta við.

Fjármálaráðherra (KlJ): Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hjelt því fram, að þegar verkamenn þyrftu að krefjast launahækkunar, væri það af því, að ilt stjórnarfar væri í landinu. Þetta er ekkert nýtt. Það er gömul og alþekt krafa, að stjórnin eigi að gera alt, og ef eitthvað ber út af, eitthvað fer öðruvísi en menn vilja eða eitthvað óvænt kemur fyrir, er það stjórninni að kenna. Jeg minnist þess, að þegar vjer vorum nýbúnir að fá innlenda stjórn hjer 1904, kom það fyrir, að bátur fórst vestanlands vegna þess að hann var ofhlaðinn. Þá var stjórninni kent um þetta,— hún hafði sem sje ekki hirt um að kenna mönnunum að synda! Jeg þakka að öðru leyti hv. 2. þm. Reykv. lofsyrði hans til mín, fyrir það hversu slyngur ræðumaður jeg sje, en hinu neita jeg, að jeg hafi barist á móti því, sem aldrei hafi verið sagt hjer í þingsalnum. (*JBald*: Jeg nefndi aldrei lán. Það var hv. 3. þm. Reykv. (JakM), sem talaði um það). Hafi hv. 2. þm. Reykv. ekki nefnt það, hlýtur hann þó að hafa meint það, því að hann hefir ekki, að minni vitund, bent á neitt annað ráð, og mátti því ætla hann sammála hv. 3. þm. Reykv. (JakM) í þessu. Ennfremur heldur háttv. 2. þm. Reykv. því fram, að það sje stjórninni og bönkunum að kenna, hversu ísl. krónan hefir fallið. Jeg get upplýst það, að Íslandsbanki hefir tapað mörg hundr. þús. kr. á gengisfallinu árið sem leið. (*JBald*: Hann hefir grætt það annarsstaðar. — *JÞ*: Landsbankinn hefir sömuleiðis tapað á því). Já, Íslandsbanki hefir tapað um 800 þús. kr. og Landsbankinn um ½ miljón kr. Jeg hygg að þessar tölur sjeu ekki fjarri sanni, og liggur í augum uppi, að bankarnir gera þetta ekki að gamni sínu. Að þeir græði þetta annarsstaðar, á öðrum sviðum, hygg jeg vera á engu bygt.

Reikningar bankanna eru ekki til fyrir síðasta ár, en jeg hygg, að gróði þeirra sje ekkert svipaður nú og hann hefir stundum verið áður, ef annars er um nokkurn gróða að ræða. Það verður hvorki stjórn ríkisins nje bankastjórnum kent um gengisfallið. Þeim hefir verið ókleift að gera við því. Þá spurði hv. 2. þm. Reykv. mig um það, hvort hann mætti eiga víst fylgi míns flokks, ef hann tæki að sjer stjórnarmyndun; en þessu get jeg ekki svarað, þar eð þetta hefir alls ekki komið til mála, og því ekki verið rætt á flokksfundum. En komi hann með áreiðanlegt og ábyggilegt ráð gegn gengislækkuninni, skal jeg lofa honum því, að þá má hann eiga mitt eindregið fylgi til þess.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): Jeg ætla mjer ekki að lengja að mun þessar umr., sem jeg vona, að nú sje bráðum lokið. En það var viðvíkjandi samlíkingu hv. frsm. minni hl. nefndarinnar (HStef), sem hann hefir nú margendurtekið, að jeg kvaddi mjer hljóðs. Jeg hygg, að þessi samlíking hv. þm., um ríkissjóð sem háa og rismikla yfirbyggingu, en almenning sem ótraustan grundvöll, sje röng og ríkissjóður ekki jafnsterkur og viðamikill eins og hv. þm. álítur. Skuldir ríkissjóðs eru nú um 20 miljón kr. umfram arðberandi eignir, og þó hann njóti ef til vill einhvers lánstrausts, mun þó vera allmjög að því krept. Það má vel vera, að almenningur standi nú ekki föstum fótum, en opinberar skýrslur sýna þó, að árið 1922 áttu um 20 þús. manna um 40 milj. kr. í sparisjóðum, eða um 200 kr. á mann, og er það sem betur fer dágóður fjárhagur, og það veit jeg, að þessar 20 þús. manna í grunninum standa betur að vígi en ríkissjóður. Það er því rangt af hv. 1. þm. N.-M. (HStef) að gera þennan greinarmun á ríkissjóði og almenningi. Hvað eru skuldir ríkissjóðs annað en skuldir landsmanna sjálfra — skuldir almennings í þessum veika grundvelli, sem hann talar svo oft um? Spurningin er aðeins þessi, — á að halda áfram að skulda og auka þar með gjaldabyrði sjálfs sín? Það er hjer, sem jeg vil setja punktinn. Jeg vil láta hætta að auka á skuldabyrði landsmanna. Þá vil jeg og segja hv. 1. þm. N.-M. og hv. þm. Barð. (HK) það, að þeir gera of mikið úr því, að þetta frv. leggi byrðarauka á hinn fátækasta hluta þjóðarinnar. Tollhækkunin kemur og niður á vínföngum, ¼ hluti vintollsins nemur um 100 þús. kr., og ekki bera fátæklingarnir þessa tollhækkun. Sama er um tóbakstollinn; ¼ hluti hans nemur öðrum 100 þús. króna og kemur vart mjög þunglega niður á hinum fátækari hluta þjóðarinnar, eða að minsta kosti ætti hver sá, sem ekki hefir ráð á að borga hina hækkuðu tolla, að fara að eins og hann Jón Þorláksson og hætta að nota alt tóbak. Næst er hækkunin á kaffi- og sykurtollinum, sem nemur alt að 200 þúsundum króna, og getur vel verið, að fátæklingar beri eitthvað af þessum gjaldaauka; en þá er því til að svara, ef þeir treysta sjer ekki til þess, ættu þeir að minka við sig kaffinautnina, og mun þeim þá betur líða á eftir, bæði hvað snertir heilsu þeirra og efnahag. Hvað sykurnautnina snertir, mun hún vera talsvert misjöfn, en jeg hygg, að þeir fátækari spari þar meira en þeir, sem efnaðri eru, og beri því minni hlutann af tollhækkuninni, en þó getur það satt verið, sem haldið er fram af þeim, sem móti eru hækkun sykurtollsins, að fátæklingar beri hann að nokkru leyti. En þegar talað er um byrðarauka fátækari hluta almennings af þessu frv., geri jeg ráð fyrir, að átt sje aðal-

lega við þær vörutegundir, sem allir nota jafnt, ríkir sem fátækir, — kornvörur og kartöflur. Af þessum vörum er nú aðflutt hjer um bil 12 þús. smálestir árlega. Vörutollur nemur því 72 þús. kr., en hækkunin 18 þús. kr. (*HK*: Það má reikna með því að hækkunin verði meiri en 25%). Jeg skal gjarnan gera ráð fyrir, að hækkunin verði eitthvað meiri á almenningi, eins og hv. þm. Barð. álítur, en jeg veit ekki til annars en að það sje alment siður að leggja mjög lítið á þessar vörur, og auk þess er fullur helmingur af þessum vörum fluttur inn af kaupfjelögum, og fer þá álagningin í sömu vasana og eiga að borga hana. En sje þessi litla upphæð, 18 þús. kr. á ári, einhverjum ásteytingarefni, sje jeg ekki annað vænna en að undanþiggja heldur þessar vörur, ef mönnum væri það þóknanlegra, og losna þannig við allar umræður um það atriði. Þetta munar ríkissjóð engu og landsmenn sjálfa ekki heldur.

Jón Baldvinsson: Það voru aðeins nokkur orð til hæstv. atvrh. Hann vill láta líta svo út, sem og er sennilegra í bili, að bankarnir tapi á verðfalli ísl. krónu og fari því ekki neðar með verð hennar en þeir sjeu til neyddir. En spurningin er aðeins: Tapa þeir á verðfalli krónunnar? Margir eru þeirrar skoðunar, að stærstu skuldunautar bankanna græði á því, og geti þannig greitt bankanum skuldir, sem ella væri vafasamt að fengjust greiddar að fullu, og verði því þannig gróði bankanna á þessu sviði hlutfallslega meiri en tap þeirra á verðfalli krónunnar. Þetta var það, sem jeg vildi, að hæstv. ráðherra tæki til athugunar.

Hákon Kristófersson: Jeg gerði ekki ráð fyrir, að hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) gengi út frá því, að till. mín væri á persónulegum rökum bygð, og furðar mig á þeim orðum hans, að ætla, að við hv. 1. þm. N.-M. (HStef) og jeg gerum þetta til þess að þóknast einhverjum. Jeg segi þá aðeins við hv. 1. þm. Reykv.: „Maður, líttu þjer nær; liggur í götunni steinn.“

Jakob Möller: Það eru aðeins nokkur orð til hv. 1. þm. Reykv. (JÞ). Hann vjek að því í fyrri ræðu sinni, að beinu skattarnir væru ekki betri en tollarnir; en í síðari ræðu sinni mintist hann á þessa 40 miljóna kr. sparisjóðseign þessara 20 þúsund manna. Jeg þykist vita, að hann hafi vel athugað, hvernig þessu sparisjóðsfje er varið. Sannleikurinn er sá, að þessar miklu sparisjóðsinneignir, sem safnast hafa mest upp meðan peningarnir voru í minstu gildi, gera erfiðara fyrir að hækka gengið. Þetta veit jeg, að hv. 1. þm. Reykv. hefir athugað alt vel og rækilega. Þarna hafa menn grætt margar verðlitlar krónur með tiltölulega lítilli fyrirhöfn, en nú er verið að erfiða við að koma þeim í meira verð en þær voru í þegar þeirra var aflað, og það er gert með því að leggja þunga tolla á lífsnauðsynjar manna, sem ekkert eiga í sparisjóðum. En væri ekki í raun og veru sanngjarnara að skattleggja sparisjóðseignirnar? Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að ekki munaði um tollhækkunina á matvörum. Jeg veit það, að þessa upphæð munar ekki svo mikið um; en þó er þarna um 25% tollhækkun að ræða, og eins og hv. 1. þm. N.-M. (HStef) tók fram, er það hjer, sem við viljum setja punktinn. Hjer viljum við setja hnefann í borðið og segja: Hingað og ekki lengra með tollhækkanir á nauðsynjavörum. Og þetta ætti að vera því ljúfara fyrir hv. 1. þm. Reykv., að falla frá þessu, sem minna

munar um upphæðina fyrir ríkissjóð. Að öðru leyti er jeg honum samþykkur í því, er hann talaði um, að við ættum ekki að vera að auka á skuldabyrði sjálfra vor með auknum skuldum ríkissjóðs.

En jeg var engan veginn að mæla með því að taka nýtt lán, heldur aðeins að vekja athygli á því, að það gæti verið vafasamt, hvort rjett væri að auka mjög skattabyrði almennings á svo erfiðum tímum, sem nú eru, til þess að *borga af* gömlum lánum. Vil jeg benda mönnum á það, að það mun mjög vafasamt, að gengi krónunnar verði rjett við með því móti. Enda er því svo varið, að ef þetta tækist, þá er mismunurinn á genginu tapað fje fyrir ríkissjóðinn. Jeg held fast við þá skoðun mína, að ekki beri á svo erfiðum tímum að leggja áherslu á það að borga af skuldum. Það verður fyrst og fremst að gæta vel að grundvellinum, en hann er gjaldþol landsmanna sjálfra. — Jeg vænti þess annars, að þegar jeg kem fram með brtt. mínar við þetta frv., þá muni hv. 1. þm. Reykv. taka vel í þær, úr því að hann er nú búinn að lýsa því yfir, að þetta muni svo litlu.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): Jeg hefi orðið að ræða till. hv. minni hl. á þeim grundvelli, sem með þeim eigi að fella stjfrv. Jeg veit ekki, hvernig jeg hefði tekið í málið, ef fram hefðu komið till. um að fella niður tollhækkunina á helstu nauðsynjavörum. En slíkar till. hafa ekki komið fram.

ATKVGR.

Brtt. 67 feld með 18:4 atkv.
1. gr. samþ. með 20:3 atkv.
2. gr. samþ. með 20:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Á 25. fundi í Nd., mánudaginn 17. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 38, 149, 150).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 149 og 150. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15:1 atkv.

Jakob Möller: Það voru aðeins örfá orð út af brtt. minni á þskj. 149.

Málið var svo mikið rætt við 2. umr. á dögunum, að jeg geng að því vísu, að menn hafi gert sjer fulla grein fyrir, hvað hjer er um að ræða. Sú er meiningin með brtt. að undanskilja vörutollinn frá gengisviðaukanum. Þessi 25% gengisviðauki af vörutollinum er áætlaður, að óbreyttum innflutningnum, að nemi 200—300 þús. krónum, en eins og frá hefir verið skýrt, þá er það meining fjhn. að koma fram með sjerstakt frv. um nýjan toll á þremur flokkum vörutollsins, þar sem aðallega er um miður nauðsynlegar eða ónauðsynlegar vörur að ræða. Þar má því fá uppbót á tekjumissi þeirra tolla, og er því eiginlega um það eitt að ræða, að undanskilja 1., 2., 4. og 5. flokk vörutollsins frá gengisviðaukanum, en í þeim flokkum eru matvörur og þær vörur, sem nauðsynlegar eru til framleiðslunnar, og auk þess trjáviður.

Brtt. er því í beinu samræmi við álit minni hluta fjhn. á því, að brýnustu nauðsynjavörurnar beri að undanskilja tollinum.

Mestu munar í máli þessu um tollhækkunina á kolum og salti. Hefir áður verið feld brtt. um að undanskilja þessar vörur

frá gengisviðaukanum, og er því máske ekki að vænta góðs fyrir þessa brtt. En jeg vil enn leggja áherslu á það, að það er hættulegt að ganga inn á þá braut að hækka aðflutningstollinn á nauðsynlegustu framleiðsluvörunum. Og er það skattafyrirkomulag óþekt um víða veröld, nema hjer, að gera slíkar vörur að skattstofni og gera landsmönnum með því erfitt fyrir að keppa í atvinnuvegum sínum við aðrar þjóðir. Og virtist nær að afnema tollana, sem fyrir eru á þessum vörum, heldur en að hækka þá.

Ennfremur er farið fram á að undanskilja sykurtollinn. Er það rjett, sem getið var um við 2. umr. málsins, að sá tollur hefir ekki hækkað eins mikið og aðrir tollar, en hjer er um svo brýna nauðsynjavöru, og þó einkum þurrabúðarmanna, að ræða, að sanngjarnt virtist að tollurinn væri ekki hækkaður. Geri jeg einnig ráð fyrir, að á annan hátt megi afla nægra tekna til þess að komast hjá tekjuhalla.

Hákon Kristófersson: Jeg á brtt. á þskj. 150. Lýsti jeg því yfir við 2. umr. fyrir skömmu, að jeg væri yfir höfuð andvígur máli þessu, en þar sem jeg býst við, að það hljóti fram að ganga að einhverju leyti, hefi jeg borið fram þessa brtt. En þar sem jeg hefi orðið þess áskynja, að hún myndi eiga erfitt uppdráttar eins og hún nú er orðuð, hefi jeg leyft mjer að afhenda hæstv. forseta (B-Sv) skriflega brtt., þar sem numin eru burt orðin „eða sykri". Ekki skal jeg dylja það, að jeg hefði frekast kosið, að brtt. á þskj. 150 hefði verið samþykt óbreytt, en jeg kýs fremur, að þetta náist en ekkert.

Er nú aðeins farið fram á að undanskilja kornvörur, og eftir því, sem háttv. frsm. meiri hl. nefndarinnar (JÞ) sagði við síðustu umr., er þar ekki um stóra upphæð að ræða, en jeg get búist við, að menn líti vingjarnlegri augum á málið, ef brýnustu nauðsynjarnar, þ. e. kornvörurnar, eru undanskildar. Vonast jeg því eftir, að hv. nefnd og hv. þdm. taki brtt. vel.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): Nefndin hefir ekki haldið fund til þess að bera sig saman um brtt. þær, sem fram eru komnar, og get jeg því ekki talað hjer fyrir hönd meiri hlutans. En fyrir mitt leyti og fleiri manna, sem jeg hefi átt tal við, get jeg sagt það, að jeg er algerlega á móti brtt. á þskj. 149, sem fellir burt, að upphæðinni til, fullan helming þeirra tolla, sem stjfrv. nær til. En hvað snertir till. hv. þm. Barð. (HK), eins og hún nú er borin fram í breyttri mynd, þannig, að hún nær aðeins til kornvaranna, þá mun jeg greiða henni atkvæði mitt. Er hjer aðeins um smávægilegt atriði að ræða fyrir landssjóð, líklega einar 15—18 þús. kr. á ári, en með því að samþykkja þessa brtt. næst viðurkenning, sem jeg vil gjarnan láta í ljós, sú, að vilja ekki hækka tollana á brýnustu lífsnauðsynjunum. En auðvitað hafa aðrir háttv. nefndarmenn óbundnar hendur í þessu, þar sem enginn fundur hefir verið haldinn um málið. En þessi er mín afstaða til brtt.

Fjármálaráðherra (KlJ): Jeg gæti að vísu sparað mjer að tala og tekið undir orð hv. frsm. meiri hl. (JÞ). Brtt. þá, sem hv. þm. Barð. (HK) hefir nú afhent skriflega, get jeg vel fallist á, af sömu ástæðum, sem teknar hafa verið fram. Brtt. á þskj. 149 voru boðaðar fyrirfram, og hljóta hv. þm. að vera undir það bún-

ir að greiða atkvæði um þær. Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð ástæðu til að undanskilja vörutollinn þessari hækkun. Svo sem tekið hefir verið fram, er hann langdrýgsti hluti tollteknanna, eitthvað um 1 milj. kr., og þar sem brtt. fer einnig fram á að undanþiggja sykurtollinn, sem nemur um 400 þús. kr., verða um 1400000 kr., eða helmingur tollanna, sem þetta frv. nær til, teknar undan hækkuninni, ef brtt. verða samþyktar. Frv. þetta verður þá skert svo mjög, að varla virðist ástæða til að halda lengur í það. Að vísu gæti það verið til bóta, svo sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hjelt fram, ef nýtt frv. kæmi um hækkun á nokkrum flokkum vörutollsins. En jeg veit ekki, hvernig slíku frv. mundi verða tekið. Þar sem þetta frv. er nú til 3. umr., verð jeg að leggja til, að það verði samþykt óbreytt að öðru leyti en því, sem hin skriflega brtt. hv. þm. Barð. mælir fyrir. Það hefir enga fjárhagslega þýðingu að undanskilja kornvörur, en jeg gæti trúað, að þessi tollhækkun yrði betur þokkuð meðal almennings, ef þær væru teknar undan.

Jakob Möller: Það liggur í hlutarins eðli, að brtt. mínar verða bornar upp í tvennu lagi, en mjer þótti háttv. frsm. meiri hl. (JÞ) taka þær of mjög saman, þar sem hann talaði um, að hjer væri farið fram á að undanskilja fullan helming af tollinum. Það má vel vera, að þetta nemi svo miklu, en það er í raun og veru ekki nema í svip, þar sem í ráði er að hækka toll á sumum vörutegundum með sjerstöku frv. Það, sem um er að ræða, er því í mesta lagi 250 þús. kr., sem þessi tollhækkun lækkar um við brtt. mínar.

Jeg verð að furða mig á því, að hv. þm. Barð. (HK) skuli vera svo nægjusamur að sætta sig við, að kornvörur einar sjeu undanþegnar hækkuninni, því að það er augljóst, að þetta kemur í raun og veru að minstu gagni og munar minstu fyrir almenning. Hinsvegar eru margar aðrar vörur, sem eru engu síður nauðsynlegar fyrir menn til sjávar og sveita til þess að þeir geti stundað atvinnu sína og framfleytt sjer og sínum, sem eftir verða undir tollhækkuninni. Það er eins og hjer sje aðeins verið að reyna að bjarga við „útlitinu".

Hákon Kristófersson: Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) furðaði sig á því, hversu nægjusamur jeg væri. Þessi nægjusemi kemur ekki af því, að jeg þurfi að svæfa samviskuna, því að hún er nú sem fyr vel vakandi og laus við ásakanir til mín. En jeg hafði leitað fyrir mjer um undirtektir hv. þm. undir brtt. á þskj. 150, sem jeg kysi helst að yrði samþykt eins og hún liggur fyrir, og komst jeg að raun um, að hún mundi ekki hafa nægilegt fylgi. Tók jeg því þann kostinn, sem jeg hefi jafnan fyrir reglu, að taka það næstbesta, þegar hið besta er ófáanlegt, og svo koll af kolli. Hinsvegar geta hv. þm. ráðið við sig, hvort þeir kjósa heldur að fylgja skriflegu brtt. eða brtt. á þskj. 150. Eins og jeg hefi tekið fram áður, geng jeg ekki þess dulinn, hvílík nauðsynjavara sykurinn er, en þar sem jeg veit, að brtt. um að taka hann undan mun ekki verða samþykt, vil jeg þó reyna að undanþiggja kornvörur, sem ekki leikur á tveim tungum, að eru nauðsynlegar öllum mönnum.

Ágúst Flygenring: Tillaga háttv. þm. Barð. (HK) friðar ekki mína samvisku; síður en svo. Jeg skil ekki, að nokkur geti greitt atkvæði með því að taka undan vörur, sem allir nota. Sanngjarnast er,

að allir eigi þess kost að kaupa það, sem þörf þeirra krefur, og greiði þá heldur þessa tollhækkun. Aftur er herfilega ranglátt að leggja á þær vörur, sem mikill hluti landsmanna kemst hjá að nota, en eru öðrum ómissandi, svo sem kol og salt.

Jeg er samdóma hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um það, að rangt og óviðurkvæmilegt sje að leggja toll á vörur, sem notaðar eru til framleiðslu, og hefi jeg margbent á það í nefndinni. En þar sem ekki hefir verið bent á aðra leið en þessa til tekjuauka fyrir ríkissjóð, neyðir vandræðaástand ríkissjóðs oss til að samþykkja þetta frv. Ef nokkuð ætti að taka undan, væru það vörur, sem óhjákvæmilegt er að nota við framleiðsluna, en það hefir nú verið felt að fella þær undan. Það er svo herfilegt ósamræmi í því að vilja nú undanskilja þær vörur, sem allir nota jafnt, að jeg skil ekki, að nokkur skuli geta greitt því atkv.

ATKVGR.

Á fundinum kom fram skrifleg brtt. frá þm. Barð. (verður þskj. 154). — Afbrigði um hana leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 149,1 feld með 19:3 atkv.
— 154 samþ. með 13:8 atkv.
— 150 þar með fallin.
— 149,2 feld með 18:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., þriðjudaginn 18. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 155).

Á 23. fundi í Ed., miðvikudaginn 19. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Forsætisráðherra (SE): Jeg get haft svipaðan formála fyrir þessu frv. sem því síðasta. Þetta frv. er fram komið til þess að ráða bót á því mikla gengistapi, sem ríkissjóður hefir orðið fyrir við lækkun íslensku krónunnar. Það er áætlað, að tekjur þær, sem fást á þennan hátt, nemi ekki minnu en ½ miljón króna, en þó líklega ekki undir 700 þús. kr.

Jeg óska þess fyrir hönd stjórnarinnar, að frv. gangi til fjárhagsnefndar og að afgreiðslu þess í nefndinni verði hraðað sem unt er, svo að það sem fyrst verði afgr. sem lög frá Alþingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 24. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 155, n. 183).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Það er með þetta frv. sem hið síðasta, að það er fram komið að tilhlutun ríkisstjórnarinnar. — Þarf ekki að eyða mörgum orðum að því; það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að ríkissjóður þurfi að fá uppbætt það, sem kröfur hans rýrna við gengismuninn. Í athugasemdum stjórnarinnar við frv., þar sem hún fer fram á það, að henni sje heimilað að innheimta gjöld og tolla með 25% gengisviðauka, er sýnt fram á, að það sje rjettlát krafa. Það segir sig sjálft, að ekki verður til lengdar hægt að reka þjóðarbúskapinn með sívaxandi tekjuhalla.

Má t. d. nefna það, að í árslok 1923 var hann 4 milj. kr. Á slíku verður ekki bót ráðin nema með nýjum tekjuauka. Í hv. Nd. hefir meiri hl. fjhn. mælt með frv. og hefir sú nefnd haldið því fram, að auka þyrfti tekjur ríkissjóðs um 1½ milj. kr. á þessu ári, og hefir hún gert ráð fyrir, að frv. þetta myndi auka tekjur ríkissjóðs um rúmlega ½ milj. kr. það sem eftir er ársins. Í hv. Nd. komu fram margar brtt. við frv. Vildu sumir, að hækkunin næði ekki til vörutolls, kola eða salts, en aðrir vildu undanskilja sykur og kornvörur. Ein þessara breytinga náði fram að ganga, sem sje sú, að undanskilja kornvörur. Er það í sjálfu sjer lítil breyting, sem, eftir því, sem talið er, mun gera um 14 þús. kr. mismun ríkissjóði í óhag. Í þessari mynd kom svo þetta frv. til þessarar hv. deildar. Jeg tók það fram, að fjhn. hv. Nd. hefði ekki verið óskift um frv. Minni hl. vildi ekki aðhyllast hækkunina á vörutollinum, þar eð hann álítur vörutollinn rangan skattstofn. Reynir hv. minni hl. Nd.-nefndarinnar að færa rök fyrir þessari skoðun sinni á vörutollinum, en lætur þess um leið getið, að hann vilji eftir megni vinna að því að auka tekjur ríkissjóðs, án þess þó að hann bendi á nokkra leið til þess. Í fjhn. Ed. var frv. einnig athugað og sömuleiðis það, sem minni og meiri hl. Nd.-nefndarinnar hafði lagt til málanna. Varð niðurstaðan sú, að nefndin treysti sjer ekki til að mæla móti frv. Það er að vísu ilt að þurfa að hækka tollana, en þörf ríkissjóðs er svo mikil, að nefndin álítur, að ekki verði hjá því komist. Það má og geta þess, að sum lönd hafa gengið ennþá lengra en vjer í þessu efni, t. d. Noregur, þar sem farið er eftir gullgengi við innheimtu tolla.

Nefndin leggur því til, að hv. deild samþykki frv. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 26. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 155).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 239).

---

7. Kennaraskólinn.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breytingu á 3. og 4. gr. í lögum frá 22. nóv. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík (stjfrv., A. 20).

Á 5. fundi í Nd., fimtudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Þetta frv. er borið fram samkv. eindregnum tilmælum hins góðkunna forstöðumanns kennaraskólans í Reykjavík. Frv. fer fram á, að námstíminn verði lengdur um einn mánuð, og ennfremur, að ensku verði bætt við sem námsgrein í skólanum, og vona jeg, að hv. deild verði þessu frv. vinveitt og hafi ekki á móti þessum breytingum, sem hjer er farið fram á. Mark-

miðið er, að kennaraefnum verði gerður kostur á meiri fræðslu en áður hefir verið, og þar sem laun kennara hafa verið bætt að mun, svo að þau má nú telja viðunanleg, vona jeg, að hv. deild geti orðið mjer sammála um, að ekki sje ósanngjarnt, þótt meiri kröfur verði eftirleiðis gerðar til mentunar kennaranna. Legg jeg svo til, að frv. þessu verði vísað til mentamálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til mentmn. með 16 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., laugardaginn 8. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 83).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Svo sem nál. ber með sjer, hefir mentmn. orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþykt.

Það er kunnugt, að launakjör kennara hafa verið bætt mjög fyrir nokkru, og er þá auðsætt, að auka má um leið kröfurnar til mentunar kennaranna frá því, sem verið hefir. Um það var rætt í nefndinni, að gera annaðhvort tveggja ára unglingaskólanám eða gagnfræðapróf að inntökuskilyrði í kennaraskólann. En þar sem gagnfræðaskólarnir eru nú alveg fullir, en unglingaskólum landsins er ekki ennþá komið í gott horf, taldi nefndin ekki fært að lögbjóða það skipulag að þessu sinni; en það má fara nokkuð áleiðis, og er það gert í frv. Það er hert á inntökuskilyrðunum, og ef aukið er við mánaðarnámi á hverju ári, þá bætir það mjög úr.

Aðalatriðið í frv. er að auka ensku við skyldunámsgreinir skólans, og munu allir skilja, hverja þýðingu það muni hafa fyrir kennaramentun í landinu. Það er kunnugt, að þegar verslunarstjettin hjer á landi fór að leggja meiri stund á að nema ensku og þýsku, breyttust viðskiftin og fluttust til þeirra þjóða, sem meiri hagur var að skifta við. Þetta sama á við á andlega sviðinu. Ef kennaraefnin læra ensku, munu andlegu viðskiftin færast yfir á heppilegra svið. Hingað til hefir þeim verið kend danska ein erlendra mála, en það er ljóst, að áhrif frá Danmörku einni fullnægja ekki þörfum vorum.

Það stendur einnig svo sjerstaklega á um þetta frv., að það bakar ríkissjóði einungis örlítinn kostnað. Kennararnir við kennaraskólann eru fúsir á að bæta við sig mánaðar kensluskyldu án sjerstaks endurgjalds, til þess að þetta nái fram að ganga. Laun þeirra voru upphaflega miðuð við 6 mánaða kensluskyldu, og því ákveðin lægri en laun mentaskólakennara. Nú hefir 6 vikna námsskeiði verið bætt við kensluna, og nái þessi breyting að ganga fram, verður það 2½ mánuður, sem aukið er við upphaflega kenslutímann. Hjer er því orðið nokkuð misrjetti milli kennara við þessa skóla, auk þess sem það er mjög óheppilegt, að launin við kennaraskólann sjeu lægri en við mentaskólann, þar sem það hefir orðið til þess að kennaraskólinn missir af ágætum kennurum. En hvað sem því líður, er ekki farið fram á launahækkun í þessu sambandi. Það er farið fram á, að kennaramentunin sje aukin og bætt, og til þess vilja kennararnir leggja á sig mánaðarkenslu í viðbót, en gera enga kaupkröfu, vegna fjárhagsvandræða ríkissjóðs. Hjer er því farið fram á, að landið noti betur starfskrafta þessara manna. Nefndin telur rjett að verða við þessum óskum og vonar, að hv. deild geti líka fallist á það. Jeg leyfi mjer því að

vænta þess, að frv. fái betri byr til 3. umr. en það fjekk til 2. umr. Skal jeg svo láta staðar numið, en verði í umræðunum óskað nánari upplýsinga, skulu þær fúslega gefnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:3 atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv.

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 10. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 20).

Pjetur Ottesen: Það virðist nú loksins vera svo komið hjer á þingi, að vaknaður sje sannarlegur áhugi á því að gæta með varhuga hinna erfiðu fjárhagsástæðna landsins, og eru líkur til, að viðleitni verði sýnd til þess að draga eitthvað úr útgjöldum ríkissjóðs; eru nú og meiri líkur til þess, að þeirri viðleitni verði nokkru meira ágengt en á undanfarandi þingum. Aðalárangurinn af sparnaðarviðleitni undanfarandi þinga hefir verið sá, að tekist hefir að koma í veg fyrir, að lengra hafi verið farið í áætlunum á útgjöldum ríkissjóðs en áður átti sjer stað. En eins og nú er komið ástandinu, er það ekki nóg að veita aðeins viðnám, heldur verður að gera alvarlegar ráðstafanir til þess að draga allverulega úr útgjöldunum. Þess vegna undraðist jeg, er háttv. stjórn tók það ráð að bera fram öll þessi fræðslumálafrumvörp. Nái þau öll að verða að lögum, getur ekki hjá því farið, að af þeim leiði allverulegur kostnaður fyrir ríkissjóð, og ef miða má við reynslu undanfarandi ára, má gera ráð fyrir, að þótt hjer sje ekki alstaðar stórt af stað farið, geti kostnaðurinn af þessum breytingum á fræðslulögunum orðið allverulegur. Mjer hefði því þótt betur viðeigandi af hæstv. stjórn, sem gerst ætti að vita um fjárhag landsins, að hún hefði komið með tillögur um að draga eitthvað úr þeim mikla kostnaði, sem ríkið hefir af skólarekstrinum og fræðslumálum yfirleitt. En verði þessi stjfrv. öll samþykt, gera þau talsvert til þess að auka á þennan kostnað, og jeg fæ ekki betur sjeð en til þess að fá sæmilega rjetting fjárhagsins í fjárlögum fyrir árið 1925 verði ekki hjá því komist að draga allverulega úr skóla- og fræðslukostnaðinum. Það er rjett hvað þetta frv. snertir, að það eykur lítið kostnað í pappír eða prentun, því það er stutt og er að því leyti ódýrt, og fer yfir höfuð fram á smávægilegan beinan kostnaðarauka. Stjórnin gerir alls ekki ráð fyrir neinum kostnaði af þessu frv.; en nefndin, sem um málið hefir fjallað, treystist þó ekki til þess að taka þar svo fullan munninn og gerir ráð fyrir einhverjum kostnaði af frumvarpinu, ef það yrði að lögum, en gerir þó heldur lítið úr honum. Aftur á móti er gert ráð fyrir talsverðum ávinningi, sem leiða ætti af þeirri breytingu, sem frv. fer fram á, — aðallega það, að menn læri þá ensku í skólanum. Hvað sem nú þessu líður, eru nú 3 fastir kennarar við þennan skóla, og þess vegna ætti þetta ekki að hafa neinn beinan kostnað í för með sjer; en auk þess er allmiklu fje varið til stundakenslu við kennaraskólann, og ef þessi aukna kensla á að koma með stundakenslu, verða það þá bein aukin útgjöld af þessu. Nú er áætlað um 2500 kr. til stundakenslu við skólann á næsta ári, en samkv. landsreikningi 1922, þá var varið þar til stundakenslu á 6. þús. kr., eða alt að 1 þús. kr. á mánuði. En það liggur í augum uppi, að ef það á að fara að innleiða nýja

námsgrein við skólann, og fullhlaðið er störfum á þá kennara, sem fyrir eru, hlýtur kostnaðurinn við stundakensluna að aukast, nema bætt sje við nýjum föstum kennara; en það er þá einnig kostnaðarauki. Þetta er sú hlið þessa máls, sem veit að ríkissjóði. Lenging skólatímans hefir og í för með sjer aukinn kostnað, vegna upphitunar og aukinnar umhirðu um skólahúsið. Þá er og á það að líta, að eftir því, sem mjer skildist af ræðu hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), þá kom það berlega í ljós hjá honum, að hann teldi kennarana við kennaraskólann illa launaða, en þeir hafa fram að þessu kent aðeins í 6 mánuði af árinu. Af þessu leiðir það, að er launalögin verða tekin til athugunar á næsta þingi, verður þetta notað sem ástæða til frekari launahækkunar handa þessum kennurum. Jeg verð að segja það, að á þingi 1919, sem samdi þessi launalög, var ekki vanrækt að nota minni átyllur en þessi er til að byggja launakröfur á. Hv. þm. V.-Ísf. drap á það við 2. umr. þessa máls, að kennarar kennaraskólans mundu ekki fara fram á launahækkun. Jeg skil þetta þannig, að það muni ekki verða farið fram á slíkt á þessu þingi, enda hefir það ekki áhrif á kensluna á þessum vetri. Enn er ekki talinn allur sá kostnaður, sem leiðir af lenging námstímans: aukinn dvalarkostnaður nemendanna og vinnutap nemenda, sem má reikna til peningaverðs, er þeir verða að vera 7 mánuði við námið, í stað 6 áður. Jeg sje því ekki betur en að frv. þetta sje grímuklætt að því leyti, að það er sagt, að það auki engum kostnað, en leggur þó talsverðar kostnaðarbyrðar bæði á herðar nemenda og ríkissjóðs. Þá kem jeg að ávinningi þeim, sem af enskunáminu leiddi. Það er tekið fram í nál., að við það mundi hinn mikli bókmentaheimur enskumælandi þjóða opnast kennaraefnunum, sem nú er þeim lokaður, og verður því ekki á móti mælt, að þangað má náttúrlega sækja margt gott og þjóð vorri þarflegt. En um leið verður manni að spyrja að því, hvort þessi enskukensla verði nóg til þess, að þeir geti notfært sjer þessa miklu fjársjóði hins enska bókmentaheims. Jeg hefi talað við mann, sem stendur kennaraskólanum nærri og bær er að dæma um þetta mál, og dró hann mjög í efa, að kennararnir, er aðeins hefðu notið þessarar kenslu, mundu verða færir til þess að lesa sjer að gagni vandað enskt mál. Hitt taldi hann líklegt, að þeir mundu geta komist eitthvað niður í ljettum enskum „rómönum", og við það eitt tel jeg næsta lítið unnið. Jeg hygg því hvorttveggja, að þetta frv. ráði til útgjalda bæði fyrir ríkissjóð og svo vitanlega fyrir nemendurna og að ávinningurinn af enskunáminu verði allhæpinn. En þegar litið er á hina miklu nauðsyn til þess að spara alla hluti, eins og nú stendur á, held jeg, að naumast sje hægt að verja fje fyrir jafnhæpinn ávinning og hjer ræðir um. Vil jeg því leyfa mjer að bera fram rökstudda dagskrá um þetta mál, svo hljóðandi:

Með því að ganga má að því vísu, að breyting sú á kennaraskólanum, sem farið er fram á í frv. þessu, mundi verða landinu nokkur kostnaðarauki, ef að lögum yrði, en hinsvegar hæpið, að tilgangur frv. næðist um staðbetri mentun kennaraefna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Forsætisráðherra (SE): Þegar þetta mál var til 2. umr., var jeg bundinn við umr. í hv. Ed. og gat því ekki tekið til máls, en mundi þá hafa gripið tækifærið, sem jeg geri nú, til þess að þakka hv. mentmn. fyrir, hversu vel hún hefir

tekið í þetta mál. Viðvíkjandi ræðu hv. þm. Borgf. (PO) endurtek jeg það nú, sem jeg hefi áður sagt, að stjórnin hefir einmitt viljað taka fult tillit til hins þrönga fjárhags og hefir sniðið tillögur sínar í mentamálunum eftir því, og aðeins komið með þær tillögur, sem svo að segja hafa engan aukinn kostnað í för með sjer. Þannig eru tillögurnar um barnafræðsluna; auknu útgjöldin, sem fylgdu frv. mentamálanefndar frá 1920, eru skorin burt.

Milliþinganefndin í mentamálum hefir lagt mikið erfiði inn í starf sitt, og mjer virðist því hart, ef alt starf hennar ætti að leggjast á hilluna og þingið fengi ekki einu sinni tækifæri til að sjá frv. Stjórnin hefir nú farið þá leið að leggja fyrir þingið tvær tillögur nefndarinnar, sem svo að segja engan aukinn kostnað hafa í för með sjer, en fela hinsvegar í sjer endurbætur. Aftur sá stjórnin sjer ekki fært að leggja fyrir frumvarp um lærða skólann, af því að samtímis hefði þá orðið að sjá fyrir gagnfræðamentuninni, en á því eru nú engin tök. Stjórnin sá sjer heldur ekki fært að leggja fyrir frumvarpið um kennaraskólann eins og það kom frá milliþinganefndinni.

Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir neinum kostnaði, sem nokkru nemur, en hitt er sýnilega lítil hagsýni, þegar búið er að kosta stórfje til þess að gera barnafræðsluna sem best úr garði og veita kennurum launabætur, að reyna þá ekki um leið að gera meiri kröfur til kennaranna. Jeg hefi ætíð verið á þeirri skoðun um barnafræðsluna, að það sje mjög mikils virði fyrir vora þjóð, að hún sje í sem bestu ástandi. Ef litið er til fyrri ára, er alls ekki hægt að bera á móti því, að mentunarástandið er nú margfalt betra en það var áður. Vona jeg því, að frv. fái að ganga greiðlega gegnum þingið, og er jeg þess fullviss, að því betur sem kennarastjett vor verður mentuð, þess meiri vonir getum vjer gert oss um framtíð þjóðar vorrar á komandi tímum. Svo mikils virði er þetta mál.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það má segja um hv. þm. Borgf. (PO), að hann sje furðu tortrygginn um alt, er lýtur að útgjöldum ríkissjóðs. Hv. þm. hefði heldur átt að sýna þessa tortryggni sína við 1. eða 2. umr. þessa máls, en bíða ekki þannig til síðustu stundar, eins og hann nú hefir gert. Hefði hv. þm. Borgf. haft nokkra von um að hindra framgang þessa frv., átti hann að gera tilraun til þess þegar málið kom fyrst fyrir í deildinni, en ekki nú, er frv. hefir verið samþykt til 3. umr. með 18 atkvæðum. Ástæðan til þess, að jeg tók til máls, var aðallega sú, að sýna, út á hverjar villigötur sparnaðarhugur sumra hv. þm. er kominn, er þeir vilja ekki lengur spara fjeð eingöngu, heldur og krafta opinberra starfsmanna ríkisins. Frv. fer fram á, að kennarar kennaraskólans vinni einum mánuði lengur ár hvert en þeir hafa gert, og þeir hinir sömu óska þessa sjálfir og krefjast engrar launaviðbótar fyrir, en hv. þm. Borgf. er svo mikill sparnaðarmaður, að hann vill ekki leyfa þetta. Hann er hræddur um það, að ef einhver opinber starfsmaður er látinn vinna eitthvað að ráði, verði einhver stórfeld hætta á því, að hann kunni að fá launahækkun eftir á. Jeg hygg, að hv. þm. sje óhætt að bíða með þann ótta þar til krafan um launahækkun er komin fram; enda sje jeg ekki, að nokkur þurfi að álíta, að þó hann greiði atkv. með þessu frv., þá hafi hann þar með viðurkent ókomnar kröfur kennara um launahækkun.

Hv. þm. telur frv. hafa aukin útgjöld í för með sjer. Jeg vil því hjer með óska þess, að hann beri nú þegar fram ákveðinn útreikning yfir þau útgjöld, í stað þess að koma með óákveðnar dylgjur, sem eingöngu eru bygðar á misskilningi. Jeg hygg, að hv. þm. hafi varla lesið nál. til hlítar, eða að minsta kosti ber það ekki vott um nákvæman lestur, er hann hefir ekki lesið það, sem stendur í nál., að til þess að bætt verði við enskri tungu sem skyldunámsgrein, þarf að klípa af öðrum námsgreinum, sem þar eru kendar, nálega sem svarar því, sem við er bætt í stundatali. Er þá auðskilið, að kostnaðurinn við kensluna verður ekki meiri en hann er nú. Þess er og getið í nál., að skólinn er að nokkru leyti starfræktur alt þetta tímabil, frá 1. okt. til 15. maí, vegna æfingadeilda skólans. Ljós og hiti verður því vart meira notað en nú er gert, en að mun betur notað en ella, ef frv. verður að lögum. En hv. þm. Borgf. er svo mikill sparnaðarmaður, að hann vill ekki nota starfskrafta kennaranna betur en áður, og auk þess bannar hann einnig, að ljósið og hitinn verði betur hagnýtt en nú er. Hvað sem þessum aukna kostnaði líður, er hv. þm. hræðist, verður hann aldrei meiri en sem nemur 200—300 kr. Geti ríkissjóður ekki staðist þennan kostnað, ætti hv. þm. Borgf. að koma með frv. um, að kennarar skólans tækju sjálfir á sig þennan aukakostnað, og veit jeg, að þeir mundu ekki undan því skorast, ef það eitt er því til fyrirstöðu, að þessar umbætur fáist á skólanum.

Þá talaði hv. þm. um enskunámið og taldi, að að litlu gagni mundi verða á svo stuttum tíma. Það er alkunna, að undirstöðuatriði þessa máls má læra á skömmum tíma, en til þess að læra það til fullnustu þarf aftur á móti mjög langan tíma. Sá, sem lært hefir undirstöðuatriði enskunnar í tvö ár, getur haldið náminu áfram í tíu ár og altaf verið að læra betur. Um þetta deili jeg ekki við hv. þm. Borgf. Hann hefir ekki betur vit á þessu máli en jeg.

Það, sem felst í þessu frv., er því það, að kennaraefni eiga að fara betur undirbúin frá skólanum til síns starfs en áður var. Hv. þm. lítur ekki á gagnið, sem kennararnir hafa af auknu námi, og ekki á þann hag, sem þjóðin hefir af bættri mentun þeirra; nei, hann lítur á þann kostnað einan, sem námsfólkið hefir, og atvinnumissi. Svo jeg víki aftur að nál., þá er það ljóslega tekið fram, að þetta svokallaða atvinnutjón nemenda er ekki svo mikið, að nemi þeim mánuði, sem námið lengist um. Ferðum er svo háttað hingað, að kennaraskólanemendur verða oftlega að vera komnir hingað til Reykjavíkur 1. okt. Hefir þetta mál verið borið undir þá, og hafa þeir óskað eftir lenging skólatímans. Fátækir nemendur, sem kostnaðurinn lendir á, óska eftir honum, og eru því æðimiklu örlátari en hv. þm. Borgf., þótt minni hafi þeir fjárráðin. Þegar jeg hlusta á fræðslumálaræður hv. þm. Borgf., koma mjer í hug afskifti hans af þeim málum á fyrri þingum, en mjer kemur einnig í hug ræða, sem jeg heyrði konu úr kjördæmi hans halda í vor sem leið hjer í Rvík. Það var eldheit áhugaræða móður, sem kappkostar að uppfræða börn sín sem best, en ræða hennar var um leið þungur dómur yfir þeim mönnum, er vilja svifta mæðurnar þeirri litlu hjálp, er þjóðfjelagið veitir þeim. Jeg spurðist fyrir um það, hvaðan sú kona væri, og þá undraðist jeg ekki, er jeg frjetti, að hún væri úr kjördæmi hv. þm. Borgf.,

þótt nokkurs hita kendi í ræðu hennar. Þetta frv. verður alls ekki til aukinna útgjalda, heldur þvert á móti til mikils sparnaðar, er meira gagn verður að því fje, sem veitt hefir verið til barnafræðslunnar, vegna þess að kennararnir verða að mun betur undir starfa sinn búnir. Ef hv. þm. Borgf. skilur ekki þann sparnað, sem í þessu er falinn, má vel segja um hann, að sparnaðarhugur hans vaði áfram með auðar augnatóftir og „slái alt hvað fyrir fyrir er", án tillits til, hvort gott er eða ilt.

Þótti mjer hálfundarlegt að heyra hann lá hæstv. stjórn, að hún kom fram með frv. þetta, því hjer er hún í fullkomnu samræmi við stefnu þess flokks, sem hv. þm. telst til. Fyrir örfáum dögum stóð með skýrum stöfum í stefnuskrá þess flokks, að hann myndi kappkosta að styðja atvinnuvegi þjóðarinnar með löggjöfinni, þar sem ekki væri um bein útgjöld ríkissjóðs að ræða. Hjer er um engin aukin útgjöld að ræða fyrir ríkissjóðinn, en hinsvegar einsýnn hagur að breytingunni. Hv. þm. hefir því augsýnilega láðst annaðhvort af tvennu, að íhuga nægilega vel stefnuskrá Íhaldsflokksins áður en hann skrifaði nafn sitt undir hana, eða hitt, að gera sjer nógu ljóst, hvers eðlis þetta frv. er, áður en hann reis á móti því.

Pjetur Ottesen: Það kemur fram nú sem fyr, að þm. Borgf. er allmikill þyrnir í augum þeirra angurgapa, sem hæst hafa talað um fræðslumálin á síðustu þingum. Þetta fær ekki á mig nú fremur en áður, og mun jeg ekki hirða að tefja tímann með því að fara nú að verja afstöðu mína yfirleitt til þeirra mála á undanförnum þingum.

Það var að heyra á hæstv. forsrh. (SE), að hann teldi sjálfsagt, að þingið sinti tillögum milliþinganefndar þeirrar, sem um þessi mál hefir átt að fjalla. Jeg verð nú að líta svo á, að þannig lagaðar geti slíkar till. verið, að ekkert vit sje í að sinna þeim. Og jeg verð að halda því fram, að svo sje í þetta sinn. Það er eins og þessir fræðslumálagarpar sjeu einungis ánægðir, ef nógu miklu fje er varið til fræðslumálanna. Um hitt virðast þeir hugsa minna, hvort fræðslan er að sama skapi; hvort henni sje hagað þannig og hún bygð á þeim grundvelli, að hún komi að verulegum notum. Hæstv. forsrh. talaði um það með mikilli viðkvæmni, að stjórnin hefði orðið að neita sjer um það að leggja allar tillögur milliþinganefndarinnar í skólamálum fyrir þingið. En hæstv. ráðherra kvartar ekkert undan því, þó að stöðva þurfi öll fjárframlög til verklegra framkvæmda í fjárlögum. Hann getur ekki komist við af því að sjá alt strikað út í fjárlögunum, sem miðar að því að efla atvinnuvegina í landinu. Það er og mjög vafasamt, að það taki því eða sje þess vert að tala af svo miklum fjálgleik um fræðslufyrirkomulagið eins og það er nú. Enda er það alkunnugt, að það er stór flokkur manna í landinu, sem er sáróánægður með það og lítur svo á, að lítið hafi fengist fyrir allan kostnaðinn — og það er ekki að vita, hve lengi þau lög standa, sem nú gilda í því efni. Jeg get annars beðið með það að tala um þessi mál í heild þangað til frv. um breytingu á fræðslulögunum kemur til umræðu.

Svo jeg snúi mjer aftur að frv., þá verð jeg að segja það, að mjer þótti hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) fara allgeyst. Hann kvað mig tortrygginn og sagði, að jeg hefði átt að koma fyr fram með þessi mótmæli mín. Jeg hafði satt að segja ekki búist við, að neitt af þessum skóla- eða

fræðslufrumvörpum kæmist lengra en að þeim yrði vísað til nefndar og lognuðust þar út af, og með því væri sannarlega nóg að gert. En úr því að ferðinni virðist nú heitið lengra, þá get jeg ekki lengur látið málið afskiftalaust. Annars hefi jeg greitt atkvæði gegn þessu frv. við þær tvær umræður, sem búnar eru, svo að hv. þm. (ÁÁ) gat ekki komið á óvart, hver afstaða mín væri. Það er annars engin furða, þótt þeir menn, sem á annað borð hugsa nokkuð um fjárhagsafkomu landsins, væru farnir að verða tortrygnir. Fyrir stríðið voru árleg útgjöld ríkissjóðs um 3 milj. kr. Nú munu þau vera um 7 milj. kr. og hafa komist langt yfir það. Og margir þeir útgjaldaliðir, sem þyngstir hafa reynst, hafa oft sýnst næsta lítilfjörlegir í byrjun. Nei, það er engin furða, þótt menn fari nú að verða tortrygnir, þegar um útgjöld ríkisins er að ræða. Snjóflóðið, er veltir um heilum húsum, fer hægt á stað. Snjóboltinn hleður utan á sig og verður því stærri, er hann veltur lengra. Þessum eiginleikum hafa mörg af þeim útgjöldum verið gædd, sem smeygt hefir verið inn með ýmsum lögum eða á annan hátt undanfarið; það hefir jafnan verið viðkvæðið þetta, að því fylgdi enginn kostnaður — en reynst nokkuð á annan veg, eins og raun ber vitni um. Og svo hygg jeg, að það muni reynast með þetta frv.

Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að jeg væri að setja mig upp á móti því, að starfsþrek kennaranna við kennaraskólann væri betur notað. Nei, jeg vildi gjarnan, að það væri notað út í ystu æsar, og sje svo, að þeir geti int meira verk af hendi en þeir nú hafa, væri það vel athugunarvert að gera þeim að skyldu að kenna eitthvað við mentaskólann t. d., og ljetta þar með einhverjum af fóðrunum af þeim, sem þar eru. En að fara að lengja námstímann við kennaraskólann til að kenna þau fræði, sem að litlu haldi mundu koma, — en baka ríkissjóði stórkostnað og nemendum sömuleiðis, og vinnutap í þokkabót, — það álít jeg ekki praktiska aðferð til þess að nota betur starfskrafta kennaranna. Reynslan hefir og sýnt, að því lengur sem fólkið dvelur í skólunum, því frábitnara verður það yfirleitt líkamlegri vinnu, og mundi þetta einnig koma í ljós við þessa breytingu. Það er yfirleitt ískyggilegt mjög, hvað margt af því fólki, sem fer að dvelja í skólum, verður frábitið líkamlegri vinnu, en þess er engin von, að þeir menn, sem ekkert eða lítið þekkja til eða hafa engin kynni af líkamlegri vinnu og gera sjer ekki grein fyrir þýðingu hennar, sjái og skilji þann mikla þjóðarvoða, sem af því stafar, ef slíkt heldur áfram að fara í vöxt.

Hv. þm. V.-Ísf. hjelt því fram við 2. umr. málsins, að ef þessi kensluaukning yrði samþykt, þá myndi kenslan við kennaraskólann í engu standa að baki kenslunni við gagnfræðaskólann á Akureyri og í neðri bekkjum mentaskólans. Þó svo standi á, að hv. þm. er einn kennarinn við þennan skóla, þá vil jeg ekki gera honum neinar getsakir. En það furðar mig, fyrst hann lítur svo stórt á kennaraskólann, ef hann fyndi ekki síðar neina hvöt hjá sjer til þess að skipa þessum kennurum jafnhátt hinum hvað launin snertir, og þess er að jeg ætla ekki ólíklega tilgetið, að til þess muni nú refirnir meðfram vera skornir að knýja þetta fram nú, að hafa þessa góðu aðstöðu á næsta þingi, er launalögin verða tekin til meðferðar. Hv. þm. kannaðist ekki við, að það hefði neinn kostnað í för með sjer, þótt ensku

væri bætt við. — Þetta leiðir þó alveg af sjálfu sjer, og hefi jeg gert fulla grein fyrir, að svo hljóti að verða, og verður það alls ekki hrakið.

Það kom alveg spánnýtt hljóð úr horni hjá hv. þm. (ÁÁ), er hann tók að tala um það, að kennarar mundu fúslega borga þann kostnað, sem af þessu leiddi. Spánnýtt kalla jeg það af því, að hingað til hafa þau ein skifti verið ríkissjóðs og kennaranna, að fáir hafa verið þar harðari á stalli en einmitt kennarastjettin, enda ætti að vera hægt að koma því svo fyrir, að þeir þyrftu ekki að vera að kaupa það af ríkissjóðnum að hafa nóg að gera, þó þessu verkefni væri slept. Hv. þm. kvað mig mundu bera lítið skyn á enskunám. Jeg skal játa, að svo geti verið, en jafnframt skal jeg taka það fram, að jeg hefi í þessu efni bygt á skoðun manns, sem vel er að sjer í málinu. Er mjer engin launung á því, að sá maður er einn af kennurum kennaraskólans.

Jeg get annars hlaupið yfir það, sem hv. þm. beindi að mjer og kenslumálaskoð. un minni yfirleitt, því það mun ef til vill innan skams koma fram frv., þar sem mjer gefst kostur á að ræða það mál við hann til hlítar. Virði jeg þingsköpin svo mikils, að jeg vil ekki fara að tala um málið frekar en orðið er á svo breiðum grundvelli, þótt hv. þm. hafi annars gefið ástæðu til þess.

Hv. þm. talaði um konu úr Borgarfirði, sem talað hefði öðruvísi en jeg um fræðslumálin. Þetta getur vel verið, og að því leyti, sem hann talaði um gremju í orðum hennar, þá hygg jeg nú samt, að sú gremja hafi stafað af því, að hún hafi orðið fyrir einhverjum vonbrigðum af ríkjandi fræðslufyrirkomulagi, og er það síst að undra, því jeg lít svo á, að vart sje unt að misþyrma börnum meira á annan hátt en þann að láta þau sitja daginn út og daginn inn á hörðum skólabekkjum og svifta þau öllu frjálsræði undir berum himni, svo sem eðli þeirra stendur til. Mun hv. þm. (ÁÁ) ef til vill vera kunnugt um það, að hryggskekkjunni illræmdu, sem nú er svo mjög að færast í vöxt, veldur að dómi læknanna þessi eilífa skólaseta, sem á þessum aldri hefir veiklandi áhrif á bæði líkama og sál. Það er ekki nema eðlilegt, að það brjótist út gremja hjá hverri góðri og umhyggjusamri móður yfir slíkri meðferð á börnum sínum.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil ekki fara að taka upp almennar fjárhagsumr. nú, því jeg tel það lítinn sparnað að tefja tíma þingsins með því að vefa þær inn í umr. um hvert einasta mál, sem fram er flutt. Jeg vildi aðeins taka það fram, að jeg býst við því, að hv. þm. Borgf. (PO) veiti erfitt að koma eyðsluorði á stjórnina fyrir að hún flutti þetta frv., því það er engin eyðsla samfara því. Gæti hann, ef hann vildi líta rjettum augum á málið, vel sjeð af meðferð frv. um fræðslu barna, hver afstaða stjórnarinnar er. Þar hefir hún numið burt þau ákvæði, sem kostnaði valda ríkissjóðnum. Sama er að segja um aðrar till. stjórnarinnar í kenslumálum. Þær bera allar vitni um eindreginn sparnaðarvilja. — Að því er snertir þetta frv., þá er kostnaðurinn, sem því fylgir, svo sáralítill, að hann tekur ekki tali. Sje jeg, að hv. deild lítur sömu augum á málið, þar sem hún veitir þessu frv. stjórnarinnar svo eindregið fylgi.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það mun satt vera, sem hv. þm. Borgf. (PO) hjelt

fram, að til sje flokkur manna andvígur fræðslukerfi landsins eins og það er nú. Jeg veit, að nokkrir sveitabændur líta málið sömu augum og hv. þm., en fámennur mun sá hópur vera. Kaupstaðabúar munu aftur á móti vera svo að segja undantekningarlaust með fyrirkomulaginu eins og það er, enda er það engin furða. Þar játa allir nauðsyn þess og vilja bæta gallana, en ekki rífa niður kostina. Í sveitunum eru menn ekki á eitt mál sáttir, eins og hv. þm. Borgf. (PO) virðist ætla, heldur verður þar skýrt vart tveggja strauma. Annar er kaldur og stafar frá þeim, sem stara stöðugt á hag sveitar- og ríkissjóðsins, en gleyma þörfum barnanna. Hinn er heitur og á upptök sín hjá þeim, er hafa fyrir augum þörf barnanna og vita, að nokkuð þarf til að vinna að veita þeim góða fræðslu. Sem betur fer er hlýi straumurinn sterkari í sveitum landsins.

Jeg skal játa, að það fer talsvert fje til barnafræðslunnar, en þó ekki eins mikið og hv. þm. Borgf. telur sjer trú um. Fjárveitingin kemur víða niður. Rjettast er að reikna þennan kostnað þannig, að ljóst verði, hve mikið kemur á hvert barn. Jeg hefi litið svo til, að nú nemi það 40—50 krónum á hvert barn, og má árangurinn af kenslunni vera lítill, ef ekki svarar kostnaði.

Mjer skildist það á hv. þm., að hann væri á móti frv. sumpart í því skyni að auka framleiðslu í landinu, sumpart til þess að koma gjöldum ríkissjóðs úr 7 miljónum niður í 3, eins og var fyrir stríðið. Hv. þm. er hjer á heldur slæmum villigötum. Hann ætti að taka bandið frá augunum; þá myndi hann fljótlega sjá, að meiri þörf er að knýja á annarsstaðar. Hjer er engu verið að eyða. Þessu frv. fylgir engin krafa um launahækkun kennaranna. Ekki svo að skilja, að jeg líti svo á, að þeir eigi að vera ver launaðir en kennarar mentaskólans. Um þá skoðun eru fleiri en jeg. T. d. skal jeg benda á það, að í Svíþjóð eru þeir jafnt launaðir og í Danmörku betur en hinir. En um það er ekki að ræða hjer, heldur bara þetta, að nota betur starfskrafta þessara manna en verið hefir.

Hv. þm. kvaðst ekki hafa búist við því, að það kæmi til nokkurra mála, að þetta frv. færi lengra en til nefndar. Jeg veit, að honum voru þetta vonbrigði. — Jeg ætla að vona það, að hann eigi eftir að verða fyrir fleiri vonbrigðum í þeim efnum.

Pjetur Ottesen: Það gladdi mig að heyra það, að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) kvað skoðanabræðra minna í fræðslumálunum að leita í sveitinni. Í sveitinni er *kjarni þjóðarinnar;* þar er þeirra manna að leita, sem halda við því, sem best er og heillavænlegast með þessari þjóð, og þá vitanlega líka í fræðslumálunum. — Jeg endurtek það, að þetta gladdi mig stórlega. — En að því er snertir tal hv. þm. um heita og kalda strauma, þá vil jeg leyfa mjer að halda því fram, að þeir menn, sem hvorki hugsa um sveitar- nje ríkissjóðinn, muni trauðla geta látið mjög holla strauma eða hlýjumikla streyma út frá sjer.

Hv. þm. kvað engar launakröfur myndu fylgja frv. þessu, en jeg get ekki betur fundið en hv. þm. hafi notað undanfarin tækifæri við umræður þessa máls til þess að reyna að sýna fram á, að kennarar við kennaraskólann stæðu að minsta kosti mentaskólakennurum jafnfætis. Þykist jeg því viss um, að þegar endurskoðun á launalögunum kemur til umræðu á næsta þingi, þá muni hv. þm. fylgja því fram, að laun kennaraskólakennaranna

verði hækkuð. Hefir þannig hugboð mitt fengið stuðning hjá honum sjálfum.

Tryggvi Þórhallsson: Það eru aðeins örfá orð. Jeg hafði hugsað mjer að sitja þegjandi við þessa umræðu. En ekki gat jeg varist undrunar, er jeg heyrði ræðu hv. þm. Borgf. (PO), og eitt var það í henni, sem kom mjer til að standa upp. Hv. þm. sagði, að hugsunarháttur sinn í máli þessu og öðrum menningarmálum væri í samræmi við skoðun manna í sveitunum. Jeg vil setja það í samband við það, sem sami hv. þm. sagði fyr í ræðu sinni, er hann lagði áherslu á, að það eina, sem næðist við lengdan námstíma í kennaraskólanum, væri það, að nemendurnir „liðu við það". Þessu vil jeg mótmæla. Jeg mótmæli því, að nemendur muni „líða við" að fá fullkomnari mentun. Og jeg mótmæli því í öðru lagi, að þessi hugsunarháttur sje í samræmi við hugsunarhátt manna í sveitum landsins. Þeir munu alls ekki líta svo á, sem menn líði við það að fá betri mentun.

Pjetur Ottesen: Jeg þarf ekki að svara því, sem hv. þm. Str. (TÞ) sagði. Þau orð, sem hann hafði eftir mjer og lagði út af, hefi jeg aldrei sagt. Það er því vitanlega alveg bygt á tómri misheyrn eða að öðrum kosti búið til í illum tilgangi eða af illum hvötum, og ætla jeg, að sú tilgátan sje líklegri.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Borgf. (PO) feld með 15:6 atkv.

Frv. samþ. með 17:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 20).

Á 19. fundi í Ed., föstudaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Eins og kunnugt er, hefir Alþingi veitt allmikið fje til alþýðumentunar og kennarastjettar landsins yfirleitt. Er ekki hægt að neita því, að margir hafa litið þá fúlgu heldur óhýru hornauga. En jeg vil taka það fram við þetta tækifæri, að jeg hefi altaf litið svo á, að mentun alls almennings í landinu skifti svo miklu máli, að varlega megi fara í það að draga af því fje, sem til hennar gengur.

Þetta frv., sem nú er til umr., fer ekki fram á nein aukin útgjöld. Aðalatriði þess er, að þeim, sem hafa eiga alþýðufræðsluna á hendi, verði veitt víðtækari og betri mentun sjálfum en nú er, með því að lengja námstímann við kennaraskólann og bæta við kenslu í ensku, svo að þeim, sem sækja skólann, verði opnaður aðgangur að hinum enska bókmentaheimi. Frv. er flutt samkv. ákveðnum óskum skólastjóra kennaraskólans og annara kennara hans. Verður þeim því ekki borin eigingirni á brýn, því að störf þeirra aukast, ef frv. verður samþykt, en launakjörum þeirra í engu breytt. Það, sem fyrir þeim vakir, er eingöngu að veita kennaraefnum landsins sem bestan árangur af veru sinni við skólann. Jeg geri ráð fyrir, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til mentmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til mentmn. með 10 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., þriðjudaginn 25. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 195).

Frsm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg get að mestu leyti látið mjer nægja að vísa til nál. mentmn. um þessa breytingu á 3. og 4. gr. laga nr. 63, 1907, um kennaraskóla í Reykjavík. Jeg skal aðeins geta þess, að þegar athugað er, að lög þessi eru nú 17 ára gömul og hafa staðið allan þann tíma óbreytt að kalla má — aðeins var gerð á þeim smábreyting árið 1919 — þá er ekkert undarlegt, þó að nú sje farið fram á, að þeim sje breytt að nokkru, svo mjög sem tímarnir hafa breyst síðan þau voru sett. Hitt má virðast undarlegra, að ekki er farið fram á nema tvær breytingar, og er hvorug þeirra mjög stórvægileg.

Hingað til hefir skólinn aðeins starfað hálft árið, vetrarmisserið. Nú er farið fram á, að starfstíminn sje lengdur um einn mánuð. Þetta er gert samkvæmt óskum kennara skólans, og enda eðlilegt að heimta meira bæði af þeim og komandi alþýðukennurum, þar sem laun hvorratveggja hafa verið bætt að mun, bæði samkvæmt alm. launalögum og lögum um laun barnakennara.

Hinni breytingunni, sem frv. þetta fer fram á, fylgir sá mikli kostur, að gera á ensku að fastri námsgrein við skólann.

Önnur hlið þessa máls, og það ekki ómerkileg, er sú, að hvorugri breytingunni fylgja aukin útgjöld ríkissjóðs svo teljandi sje.

Í sambandi við það, að tekið er upp í frv. að enska skuli kend við skólann, má geta þess, að það er gert vegna þess að í gömlu lögunum er ákveðið, hvaða námsgreinir skuli kendar við skólann. Annars held jeg, að yfirleitt væri heppilegra að skipa slíkum atriðum með reglugerðum en lögum. Kosta breytingar ekki eins mikla fyrirhöfn með því móti.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en get eins og jeg tók fram í upphafi, vísað til nál. mentamn., svo og til nál. sömu nefndar í hv. Nd. Vænti jeg þess, að hv. deild samþykki frv. óbreytt.

Einar Árnason: Jeg ætla mjer ekki að fara að vekja neinar deilur um þetta mál. Mjer finst frv. varla þess vert, að deilt sje um það. En jeg verð aðeins að gera grein fyrir, hvers vegna jeg ætla mjer að greiða atkvæði á móti frv.

Því hefir verið haldið hjer fram, að þetta kosti lítið eða ekkert fje, en þó svo væri, þá eru mörg þýðingarmeiri og alvarlegri mál, sem bíða eftir afgreiðslu, en ekkert komast áleiðis fyrir þessu moldviðri af hjegómamálum. Þetta frv. mætti því gjarnan falla. Það er búið að fella hjer í deildinni ýms frv., sem gengið hafa í sparnaðaráttina, og því ætti ekki að vera ástæða til þess að fara að samþykkja að nauðsynjalausu frv., sem eykur kostnað. Og þó segja megi, að hjer sje ekki um mikinn aukinn kostnað að ræða fyrir ríkissjóð í bili, þá eykur það þó að mun kostnað nemenda, og það eru líka peningar. Jeg vil í þessu sambandi einnig geta þess, sem skólastjóri kennaraskólans segir í erindi sínu til Alþingis um útgjöld til skólans. Hann kemst þar svo að orði:

„Auk þess býst jeg við, ef tillagan um lengingu námstímans í kennaraskólanum nær fram að ganga, að þá verði stundakensla um leið aukin að nokkrum mun.“

Það er því augljóst, að hann gerir ráð fyrir því, að óhjákvæmilegt verði að auka laun skólakennaranna.

Jeg býst svo ekki við að þurfa að gera frekar grein fyrir afstöðu minni til

þessa máls, enda er frv. naumast þess virði, sem pappírinn kostar undir það.

Sigurður Eggerz: Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. nefnd og hv. frsm. hennar fyrir, hversu vel og af hve miklum skilningi þau hafa tekið þessu máli.

En mjer finst hinsvegar hv. 1. þm. Eyf. líta alt of smáum augum á þetta mál. Það er varið miklu fje úr ríkissjóði — fje, sem sumir sjá mjög ofsjónum yfir — til kennarastjettar þessa lands. En þó virðist vera sjálfsagt að gera sem mestar kröfur til undirbúnings kennaranna undir starf þeirra, þar sem þeim undirbúningi er samfara svo að segja enginn kostnaður. Annars virðist mjer æðimargir á hinu háa Alþingi, sem líta með mjög litlum skilningi á alþýðumentunina í landinu. Og jeg fæ ekki betur sjeð en frumvarp það, sem hv. fjárveitinganefnd flytur, sje rýtingur í bakið á alþýðumentuninni. Því með því er verið að auka útgjöldin á sveitarfjelögunum við alþýðufræðsluna, og sú aukning mundi valda því, að það yrði gert alt víða til þess að losna við kennarana, en þar sem það ekki tekst, mundi mögnuð óánægjan yfir útgjöldunum, og það mundi lenda á alþýðufræðslunni. Jeg hefi tröllatrú á góðri alþýðumentun. Jeg lít svo á, að hún sje ein af þeim lyftistöngum, sem eigi að leiða þjóðina gegnum bjartari lífsmöguleika inn í sterkari framtíð.

Frsm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg hafði varla búist við því, að þessi agnúi, kostnaðaragnúinn, yrði frv. þessu neitt til fyrirstöðu. Jeg tek það trúanlegt, sem hv. mentamálanefnd Nd. segir í nefndaráliti sínu á þingskjali 83, og sem jeg, með leyfi hæstv. forseta, ætla að lesa upp:

„Kostnaðarauki fyrir ríkissjóð er hverfandi lítill eða sama og enginn af þessum breytingum. Daglegur námstími í hverri deild er svo langur, að ekki verður á það bætt, enda auðvelt að draga af öðrum námsgreinum, sem nemur því, er varið verður til enskukenslunnar, þar sem hert hefir verið á inntökuskilyrðunum. Kostnaður við ræsting, ljós og hita verður því sem næst hinn sami og verið hefir, því að æfingaskóli kennaraskólans hefir jafnan staðið frá 1. okt til 15. maí. Námskostnaður nemenda eykst að vísu nokkuð, en þó ekki yfirleitt sem nemur dvalarkostnaði og atvinnumissi í einn mánuð, því að bæði er 1.—20. okt. verðlítill tími fyrir þá, sem vinna fyrir kaupi, og oft stendur svo á ferðum, að nemendur verða að koma á líkum tíma til Reykjavíkur og nemendur annara skóla, sem byrja 1. október."

Jeg get fyllilega tekið undir þetta. Og jeg er kunnugri því en margir aðrir, hversu þessu er farið, og veit það, að nemendur allra skóla hjer í bæ munu oftast verða að sæta sömu ferðum til Reykjavíkur, og kennaraskólanemendur munu því verða að sæta sama kostnaði og aðrir. Auðvitað má búast við því, að einhver dálítill aukakostnaður verði af þessu, en í það virðist ekki horfandi, svo framarlega sem vjer viljum viðurkenna, að menning er máttur. Mjer finst það heldur ekki einskisvirði, að kennaraefni þjóðarinnar fái tækifæri til að læra ensku, því með því fá þeir lykil að hinum auðugu bókmentum Englendinga, einkum þegar þess er gætt, að flestir, sem koma í þennan skóla, eru mjög fróðleiksfúsir og láta ekki undir höfuð leggjast að nota sem best námstíma sinn og kenslu þá, sem þeir eiga kost á. Jeg sje engan agnúa á þessu hvað kostnaðinn snertir, því kennarar skólans munu ekki krefjast neinnar auka-

þóknunar, þótt námstíminn yrði lengdur þetta, og ef svo færi, að þeir gerðu það seinna, þá er nógur tími að tala um það þá, en eins og stendur sje jeg enga hættu á ferðum.

Guðmundur Ólafsson: Jeg lít líkari augum á þetta mál og hv. 1. þm. Eyf. en hv. 1. landsk. þm. og frsm. Það er lítið að ræða um annað en aukinn kostnað. Það hefir að vísu verið reynt að gera það sennilegt, að ekki yrði kostnaðarauki að þessu. En jeg held jeg þekki þetta. Það er eins og vant er, þegar á að koma einhverju fram, sem hefir kostnað í för með sjer; þá er talað mörgum og fögrum orðum um, hversu gott og gagnlegt það sje, en ekkert gert úr kostnaðinum. Og svo eiga þeir, sem standa á móti slíku, að vera að vinna mjög ilt verk.

Hv. 1. landsk. þm. talaði um, að það hrygði sig, hversu lítinn skilning Alþingi hefði á gildi alþýðufræðslunnar, og það er nú máske von, að ólærðir menn eins og jeg hafi ekki mikinn skilning á slíkum hlutum. En mig hryggir þá ekki síður skilningsleysi hv. 1. landsk. þm. á fjárhagsástandi ríkissjóðs og þjóðarinnar yfir höfuð. En jeg held þó, að mjer sje óhætt að fullyrða, að þjóðin leggi fram eins mikið fje eins og hún getur til alþýðufræðslunnar. En þetta er kostnaðarsamara fyrir nemendur, og auk þess tel jeg víst, að það muni leiða af sjer aukinn kostnað fyrir ríkissjóð, því auðvitað þarf svo síðar að hækka laun allra barnakennaranna. Og mjer finst það vera hlægilegt, þegar viðurkent er af öllum, að spara þurfi, að þá skuli þingið vera að burðast með slíkt örverpi sem þetta frv. En jeg veit hins vegar, að þetta stefnir í sömu átt og yfirleitt fjármálaspeki sú, sem hjer er ríkjandi, og því ekki til neins að vera að mæla á móti því. Jeg get ekki gert mikið úr því, hvað kennaraefni verði mikið betur mentuð þó að þetta komist á. Jeg býst að minsta kosti við, að það muni ekki vega upp á móti þeim aukna kostnaði, sem það hefir í för með sjer. Jeg verð því að vera á móti frv. þessu, og jeg býst ekki við, að ábyrgðin af því verði þyngri á mínu baki en hinna, sem fella allar sparnaðartillögur, sem koma fram á þinginu, en auka útgjöld ríkissjóðs að nauðsynjalausu hvenær sem þeim gefst færi til þess.

Sigurður Eggerz: Það er aðeins stutt athugasemd, sem jeg ætla mjer að gera. Jeg vil geta þess, að þó að námstíminn sje ekki lengdur nema um 1 mánuð, þá geta nemendur haft mjög mikið gagn af því, því að í þessum skóla eru að sögn mjög námfúsir menn, er nota tímann yfirleitt mjög vel. Og ef þeim er í skólanum opnuð leið til að læra ensku, þá geta þeir síðar numið hana betur án kenslu, og þar með fengið aðgang að hinum enska bókmentaheimi, en það mun auðvitað auka mikið víðsýni þeirra og þekkingu. Og mjer finst jeg hafa mikla ástæðu til að ætla, að svo muni verða, því að jeg hefi einmitt heyrt, að kennaraefni leggi alveg ótrúlega mikla rækt við nám sitt. Erlendis voru nýlega nokkur kennaraefni á námsskeiði, og var lokið lofsorði á þá fyrir dugnað við námið. Þessir menn geta því bætt ótrúlega miklu við þekkingu sína á einum mánuði, og því meiri og víðtækari, sem þekking þeirra verður, því meiri verður auðvitað árangurinn af starfi þeirra. Og þeir, sem eiga að ala upp æskulýð þjóðarinnar, þurfa auðvitað að vera sem best mentaðir, og umfram alt sem víð-

sýnastir. Og jeg hefi alveg sjerstaka tröllatrú á því, að góð alþýðumentun sje sá besti skerfur, sem vjer getum lagt til þjóðarbúskaparins.

Jóhann Jósefsson: Jeg skal ekki lengja þessar umræður mikið, en jeg get ekki látið hjá líða að láta í ljós þá skoðun mína — þrátt fyrir það, þó að jeg sje með þessu frv., — að það þýðir ekkert að vera að fullyrða, að þetta hafi engan kostnað í för með sjer. Það er, eins og tveir hv. þm. hafa sagt, hlutur, sem liggur í augum uppi. Hitt má vel vera, að það sje ekki meiri kostnaður en svo, að það borgi sig að gefa kennaraefnum kost á að læra ensku.

Það eru margir, sem stunda málalærdóm nú í seinni tíð, en það eru hinsvegar fáir, sem læra málin sjer til nokkurs gagns. Þessi málalærdómur er orðinn nokkurskonar faraldur, sem hefir gripið fólkið mjög föstum tökum. Jeg skal játa það, að tungumálanám sje gagnlegt, en til þess þarf þó að læra málin svo, að þau komi að notum í lífinu. En þegar fólk alment fer að hafa mörg mál í takinu, er jeg hræddur um, að námið verði hjá ýmsum lítið meira en nafnið tómt.

Hv. 1. landsk. fór fögrum og hrífandi orðum um gildi alþýðufræðslunnar. Jeg skal ekki bera brigður á það, að hún gerir mikið gagn. En mjer finst samt sá lofsöngur um aukna alþýðumentun, sem vissir menn kyrja altaf, þegar um slíkt er að ræða, geta verið dálítið villandi. Jeg fyrir mitt leyti er ekki sannfærður um, að barnafræðslan sje á þeim mun betri braut nú en hún var meðan heimilin sjálf höfðu meira af henni á sinni könnu, að munurinn sje í rjettu hlutfalli við þann mismun tilkostnaðar, sem orðinn er á þessum málum. Það er að vísu sjálfsagt gott, að til sjeu stórir skólar með mörgum bekkjum og að börnin hafi fullar töskur af bókum, en þetta út af fyrir sig er engin sönnun þess, að vel sjeu rækt kenslustörfin.

Jeg heyri líka sagt, að í sumum stórum barnaskólum sje fyrirkomulagið þannig, að ekki nærri því öll börnin sjeu yfirheyrð í því, sem þeim er sett fyrir undir hverja kenslustund. Og sje svo, geta allir sjeð, hvaða aðhald börnin muni hafa við námið.

Þrátt fyrir þetta ætla jeg að greiða atkv. með þessu frv., því að jeg veit og viðurkenni, að kennaraefnin geti haft gagn af enskunámi, og því muni það borga sig að veita þeim kost á því, þótt einhver kostnaður verði af því.

Sigurður Eggerz: Jeg vil aðeins benda á eina villukenningu, sem fram kom í ræðu hv. þm. Vestm., og hún er sú, að menningarástandið í landinu hafi verið betra áður en barnaskólarnir komu. En þetta er hreinasti misskilningur. Mönnum hættir svo við að sjá það liðna, sem lengra er frá, í gyllingum. Jeg skal að vísu játa það, að það hafa altaf verið til einhver heimili, sem hafa getað mentað börn sín sjálf, og ef til vill betur en nokkrir skólar. Og það hafa líka verið til á öllum tímum menn, sem hafa haft svo mikinn áhuga á að læra, að þeir hafa yfirunnið alla örðugleika og mentað sig sjálfir, og það oft sjerstaklega vel. En ef litið er á ástandið yfirleitt bæði fyr og nú, þá leynir það sjer ekki, að um miklar framfarir er að ræða.

Hvað langt er síðan að leita varð með logandi ljósi að mönnum, sem væru færir um að vera hreppstjórar eða oddvitar, en nú er alstaðar nóg af mönnum, sem færir eru til hvaða starfa sem er. Og ef ætti

að kasta barnafræðslunni yfir á heimilin aftur, þá er það að athuga, að það yrðu aðeins efnuðustu mennirnir, sem gætu mentað börn sín, en fátæka fólkið væri útilokað frá því. Það virðist því varla tiltækilegt að gera slíkt.

Jóhann Jósefsson: Hv. 1. landsk. gat vel sparað sjer þá athugasemd, sem hann var að gera við ræðu mína, því þau orð, sem hann hjelt fram að jeg hefði sagt, voru aldrei töluð. En jeg vil árjetta það, sem jeg sagði áður, og jeg fullyrði það, — og vísa máli mínu til stuðnings til reynslu fyrri ára, — að því lengra sem barnafræðslan hefir borist frá heimilunum og frá móðurknjám, þeim mun lakari hefir hún orðið.

Og mitt álit er, að þessi grein alþýðufræðslunnar beri ekki þeim mun betri ávöxt nú en hún gerði áður, að það samsvari því, sem meiru er til hennar kostað nú en þá, því að nú varpar fólk líka öllum sínum áhyggjum í þeim efnum upp á skólana.

Guðmundur Ólafsson: Það kom mjer nokkuð undarlega fyrir sjónir, sem háttv. 1. landsk. (SE) sagði um þá menn, sem gengju í kennaraskólann. Það var að heyra á honum, að þeir menn væru kjarninn úr þjóðinni, framúrskarandi námfúsir og hæfir til náms. En jeg fyrir mitt leyti hjelt nú, að þessir menn væru upp og ofan eins og aðrir.

Þessi ræða hv. 1. landsk. minti mig á aðferð þá, sem venjulega er notuð, þegar verið er að mæla með einhverjum bitlingum eða styrkveitingu til einstakra manna, þá eiga þeir menn ætíð að vera afbragð annara manna að gáfum og iðni. En það hefir að minsta kosti oft, ef ekki oftast, farið svo, að þeir menn, sem þannig hefir verið mælt fram með og fengið hafa styrki, hafa ekki reynst nema rjett í meðallagi.

Hv. 1. landsk. hjelt því líka fram, að áður hefðu verið mestu vandræði að fá hreppstjóra og oddvita. En jeg held, að þetta sje alls ekki rjett, enda er nú ekki mjög langt, ca. 50 ár, síðan oddvitar komu í sveitum, en jeg held, að það hafi ekki heldur verið nein vandræði með að fá hæfa menn til að vera hreppstjórar áður fyr.

Jeg er, eins og hv. þm. Vestm., á þeirri skoðun, að barnafræðslan sje ekki í mikið betra lagi síðan skólarnir komu en hún var áður, meðan heimilin höfðu hana að miklu leyti í sínum höndum. Og jeg held, að í fjölmennu barnaskólunum í kaupstöðunum sje ekki sjerlega glæsilegur árangur af fræðslunni. Og þó að þessi breyting eigi ekki að kosta neitt, þá veit jeg, að þegar búið er að lengja skólatímann í kennaraskólanum, þá kemur næst krafa um það að hækka laun kennaranna, en um það þýðir auðvitað ekki neitt að tala, því þetta fær auðvitað fram að ganga hvort sem er.

Eggert Pálsson: Það hefir við umræðurnar um þetta mál verið reynt til að gera nokkurn samanburð á menningar- og mentunarástandi þjóðarinnar fyr og nú, og þess vegna vildi jeg segja fáein orð út frá minni reynslu.

Það er skoðun mín, að framfarir miklar hafi ekki átt sjer stað í þessum efnum síðan fræðslulögin frá 1907 gengu í gildi. Þó vil jeg á hinn bóginn ekki fullyrða, að áberandi afturfarir hafi orðið. Það var svo áður fyr, að greind börn komust með nokkurri leiðbeiningu eins

langt og börn á sama reki og með sömu hæfilegleikum komast nú. Tornæm börn urðu þá aftur úr, alveg eins og nú gerist og gengur. Reynslan er því í raun og veru sú sama nú eins og áður var, enda þótt tilkostnaður sje nú margfalt meiri. Jeg hygg það ofmælt hjá hv. 1. landsk. (SE), að áður fyr hafi verið erfitt að finna menn hæfa til þess að gegna hreppstjóra- eða oddvitastörfum, en að nú sje þetta innanhandar í hverri sveit. Jeg hygg, að slíka menn hafi æfinlega mátt finna. Og aldrei hefi jeg heyrt, að skortur á slíkum mönnum hafi komið að skaða. En væri það nú rjett hjá hv. 1. landsk., að hægra væri nú en áður að finna slíka menn, þá tel jeg allsendis óvíst, hvort eigna beri þá breytingu fræðslulögunum frá 1907. Flestir eða allir þeir menn, sem nú gegna þessum stöðum, voru komnir af barnsaldri árið 1907, og hafa því ekki meðtekið sína fyrstu fræðslu samkvæmt þeim lögum. Þessir menn, sem hv. 1. landsk. telur nú svo miklu hæfari en gömlu mennina til þess að gegna oddvita- og hreppstjórastöðu, hafa allir fengið sína bernskufræðslu áður en lögin frá 1907 gengu í gildi. En hinsvegar er það ennþá óreynt, hversu hæfir þeir menn reynast, sem numið hafa samkvæmt þeim lögum.

En þó jeg líti þannig á, þá finn jeg þó ekki ástæðu til þess að leggjast á móti frv. nje hamla framförum kennarastjettar vorrar. Hjer er farið fram á að lengja námstímann nokkuð og bæta einni námsgrein við. Og þar sem jeg er því samþykkur, að þetta þurfi ekki að hafa í för með sjer verulegan aukinn kostnað, ef alls sparnaðar er gætt, þá sje jeg ekki neitt því til fyrirstöðu, að frumvarpið sje samþykt.

Frsm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg vil útiloka þann misskilning, að jeg hafi viljað blanda fræðslulögunum inn í umr. um kennaraskólann.

Jeg er samdóma þeim mönnum, sem ekki leggja minna upp úr fræðslu barna á góðum heimilum heldur en í barnaskólunum. Mun jeg síðar fá tækifæri til þess að ræða það mál nánar.

Jeg er sannfærð um, að kostnaðurinn við þessa breytingu er hverfandi lítill og að engin ástæða er til þess, kostnaðarins vegna, að fella frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, IP, JJós, JM, JJ, SE, SJ, BK, EP.

nei: GÓ, HSn, EÁ, HSteins.

Einn þm. (JóhJóh) fjarstaddur.

2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:2 atkv.

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 27. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 20).

Sigurður Jónsson: Við 2. umr. þessa máls hjer í deildinni urðu allmiklar umræður um það. Tók jeg engan þátt í þeim, og vil heldur ekki vekja þær upp nú. En jeg greiddi atkv. með frv. til 3. umr. í von um, að það yrði lagfært, en svo hefir ekki orðið. Get jeg því ekki fylgt frv. lengra, af því að jeg tel það mjög þýðingarlítið, því að breytingin er gerð aðeins fyrir nokkra menn, sem ganga í kennaraskólann, en ekki fyrir almenn-

ing, því að fæst börn munu hafa tækifæri til að nema enska tungu.

Af þessum ástæðum mun jeg því greiða atkv. á móti frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 239).

8. Legkaup í Reykjavík.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík (stjfrv., A. 18).

Á 3. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Þetta frv. lá fyrir Alþingi í fyrra og varð þá ekki útrætt. Stjórnin taldi sjálfsagt að leggja það nú á ný fyrir þingið, þar sem kostnaður ríkissjóðs við stækkun kirkjugarðsins í Reykjavík er orðinn æðimikill. Árið 1921 var kostnaðurinn kr. 18214.19, 1922 kr. 5308.15 og í fyrra kr. 8553.75, eða samtals þessi 3 ár kr. 32076.09. Talið er, að þeir grafreitir, sem enn eru ónotaðir, muni nægja til ársloka 1925, eða jafnvel ekki lengur en fram á vor það ár. Alls þarf að fylla upp 9000 fermetra, og er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við það verði samtals 45000 kr. Við þetta fást alt að 2500 legstaðir, sem talið er, að nægi Reykjavík í 8 ár, og verður meðalkostnaður þá á ári um 5600 kr.

Með lögunum frá 3. nóv. 1915 er ákveðið legkaup fyrir börn 2 kr., fyrir fullorðna 4 kr., 8 kr. fyrir grafreit til 50 ára og 16 kr. til óákveðins tíma. Í frv. er farið fram á ekki alllitla hækkun, en jeg vona, að hv. þm. sjái, að full ástæða er til þessa og gefi frv. greiðan gang í gegnum deildina.

Magnús Jónsson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:2 atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., föstudaginn 7. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 79 og 80).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson): Allshn. hefir ekki orðið sammála um þetta mál, og gerir meiri hl. nefndarinnar nánari grein fyrir skoðun sinni á þskj. 79. Það er engin önnur ástæða til fyrir tilorðning þessa frv. en sú, að kirkjueiganda í Reykjavík, þ. e. ríkissjóði, hefir orðið stækkun kirkjugarðsins óhæfilega dýr. Er það ekki fyrir þá sök, að landið hafi í upphafi verið keypt við of dýru verði, heldur af því, að land þetta hefir reynst mjög óhæft til graftar. Jarðvegurinn hefir reynst alt of grunnur, og hefir verið ráðin bót á því með því að fylla þar upp og hækka jarðveginn, en því hefir fylgt mjög mikill kostnaður.

Hjer á landi var legkaup numið úr lögum með lögum um sóknargjöld árið 1909, en þegar þetta kom til, var legkaup aftur leitt í lög með lögum frá 1915, en þó aðeins að því er snertir Reykjavíkurbæ. Var það gert til þess að ljetta kostnaði af kirkjueiganda (ríkissjóði), sem leiddi

af stækkun kirkjugarðsins í Reykjavík. Nú er með þessu frv. farið fram á að hækka þetta gjald, sem er alveg einstakt í sinni röð hjer á landi, svo mjög, að það á að margfalda með 2½, af ástæðum þeim, sem að framan var sagt — kostnaðinum við stækkun kirkjugarðsins. Það er bæði, að þetta er óvenjulegt hjer og miður sanngjarnt, að sóknarmenn sjeu látnir greiða þann aukakostnað, er kirkjueigandi þarf að ráðast í, og ekki síst fyrir þá sök, að rjettur málsvari sóknarmanna í þessu máli, bæjarstjórn Reykjavíkur, benti stjórninni á það í tæka tíð, að þetta land væri óhæft til notkunar fyrir grafreit og mótmælti kaupunum af þeim ástæðum. En kirkjueigandi keypti landið samt, og ætti það því að vera rjettmætt, að hann bæri sjálfur hallann af sínum eigin gerðum. Hjer við bætist það, að alt þetta óheppilega grafreitarsvæði verður uppnotað eftir 3—4 ár; verður búið að fylla það upp og taka fyrir grafreiti, enda þótt þar verði grafið ennþá um alllangt árabil, vegna þess, að einstakir menn hafa, eins og venja er til, helgað sjer þar grafreiti fyrir ættingja, sem enn eru á lífi. Er það því fyrirsjáanlegt, að fljótt mun reka að því, að kirkjueigandi verður að afla sjer annars greifreitar, og er þá nauðsynlegt, að sá grafreitur verði ódýrari en sá, sem nú er notaður, til þess að ekki verði sömu ástæður áframhaldandi fyrir hækkuðu legkaupi. Það er því mjög óeðlilegt að lögleiða svona mikla legkaupshækkun vegna þessa litla grafreits og láta það svo gilda áfram fyrir hinn nýja grafreit, sem óhjákvæmilegt verður að útvega á næstu árum. Af þessum ástæðum leggur meiri hl. allshn. til, að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem prentuð er á þskj. 79.

Það þarf þegar í stað að rannsaka landið umhverfis bæinn í því augnamiði að finna hentugan stað fyrir nýjan grafreit, en til þess hlýtur að fara talsverður tími, og verður því nokkur aðdragandi að því, að staðurinn verði tekinn til notkunar. Stjórnin hefir nægan mannafla til þess að láta framkvæma þessa rannsókn, án þess að það hafi verulegan kostnað fyrir ríkissjóð í för með sjer, og dagskráin fer ekki fram á annað en að þetta verði gert tafarlaust.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Allsherjarnefnd hefir ekki orðið sammála í þessu máli, eins og hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) tók fram, og nál. okkar á þskj. 80 gerir grein fyrir ástæðum okkar minnihlutamanna. Það er kunnugt orðið, að kostnaður við kirkjugarðinn í Reykjavík er mjög mikill hin síðari ár, — um 5—6 þús. kr. árlega, — og lendir þessi kostnaður á ríkissjóði, en er þó að nokkru leyti endurgreiddur með legkaupi, sem þó hrekkur vart fyrir helmingi þessara útgjalda ríkissjóðs. Jeg skal strax viðurkenna það, að mjer er illa við þetta legkaupsgjald; þykir hálfleiðinlegt, að menn verði að greiða sjerstakt gjald fyrir að koma látnum ástvinum sínum í gröfina. En hinsvegar kom til þörf ríkissjóðs fyrir tekjustofn til að vega á móti þessum grafreitarkostnaði hans. Þess vegna leggjum við það til við háttv. þd., að frv. verði samþykt. Þó teljum við hækkun þá, sem frv. stjórnarinnar fer fram á, fullmikla, og því höfum við í nál. okkar lagt til, að hækkunin verði aðeins um helming á við það gjald, sem nú er greitt. Hv. frsm. meiri hl. (JÞ) taldi það ósanngjarnt — og það kemur einnig fram í nál. meiri hl. — að legkaup skuli aðeins greitt í Reykjavík; það má vel vera, að svo sje, en jeg hygg, að grafreitakostnaður úti um land muni

vera sýnu minni en hjer. Þetta þyrfti einnig rannsóknar við áður en það yrði lögleitt fyrir alt landið; það verður ekki gert undirbúningslaust. Jeg tel sjálfsagt, eins og hv. meiri hl. fer fram á, að hjer sje leitað að stað fyrir nýjan hagkvæmari grafreit fyrir Reykjavíkurbæ; en jeg get ekki fallist á að afgreiða þetta mál með þessari rökstuddu dagskrá. Ríkið þarf á tekjum að halda til þess að standast þann kostnað, sem það hefir af þessum grafreit. Legkaupsgjaldið legst að sjálfsögðu niður að mestu eða öllu, þegar nýr grafreitur verður fundinn handa bænum og sem verður ríkinu að kostnaðarlausu.

Magnús Jónsson: Jeg hefi skrifað undir nál. meiri hlutans með fyrirvara, vegna þess að jeg álít, að það sje ekki rjett að gera þennan mun á Reykjavík og öðrum stöðum á landinu og er ekki ánægður með að afgreiða þetta mál þannig. Jeg álít það gjald, sem nú er greitt hjer, ekki vera rjettlátt. Hv. 1. þm. Reykv. hefir gert skýra grein fyrir órjettlæti þessa gjalds fyrir þá, sem á rök vilja hlýða á annað borð. Jeg er sannfærður um, að það var óheppilegt verk að afnema legkaup hjer á landi, og tel því rjettast, að það yrði aftur leitt í lög fyrir alt landið. Jeg get ekki fallist á, að það sje óviðkunnanlegt að gjalda fyrir kirkjugröft fremur en margt annað, sem unnið er. Það sjá allir, að ekki verður unt að viðhalda grafreitum, svo sæmilegir sjeu, nema með nokkrum kostnaði, og tel jeg sjálfsagt, að grafreitirnir hafi sjálfstæða tekjustofna og sjeu kirkjunni óháðir í öllu. Það er siður víða, að grafreitir eru notaðir til graftar handa fleirum en sóknarmönnum einum. Jeg þekki dæmi til þess, að grafreitur fámennrar sóknar var mjög notaður af annari fjölmennri sókn, vegna þess að menn kusu sjer fremur leg þar. Tel jeg því rjett, að menn sjeu látnir greiða fyrir legstaði sína og að grafreitirnir fái að njóta tekna af þessu. Jeg get alls ekki fallist á, að það sje svo flókið mál að innleiða legkaup fyrir alt landið, að það verði ekki gert á þessu þingi. Mjer finst málið svo nauðaeinfalt. Jeg mun greiða þeirri dagskrá, sem nú er fram komin, atkvæði mitt, enda þótt jeg sje þar með ekki fyllilega ánægður, þótt hún verði samþykt.

Forsætisráðherra (SE): Ástæðan til þess, að stjórnin kom fram með frv. þetta, er sú, að tilfinnanlegan kostnað hefir leitt af kirkjugarðsauka þessum. Sá stjórnin ekki annað fært en að auka tekjustofninn til þess að vinna hann upp. Er jeg hv. minni hl. þakklátur fyrir það, hve vel hann hefir tekið í málið, enda þótt best hefði verið, að frv. stjórnarinnar hefði verið látið standa óhreyft. Ekki virðist mjer rjett að fara þá leið nú að lögleiða legkaup fyrir alt landið, enda mundi þá alt málið stranda á því.

Tryggvi Þórhallsson: Mál þetta hefir borið nokkuð á góma í fjvn., og hefir þar verið rætt um það, hvernig best yrði lagaður tekjuhalli sá, sem orðið hefir á rekstri dómkirkjunnar. Var hann árið 1921 3400 krónur og árið 1922 alt að 6000 krónum. Hugðist nefndin að laga þennan tekjuhalla með því að hækka kirkjugjaldið, en fjell frá því er hún sá, að tekjuhalli þessi stafaði aðallega frá kirkjugarðinum. Að svo er, sjest ljóslega af því, að árið 1923 er ekki um neinn tekjuhalla að ræða á kirkjugjöldum samkv. upplýsingum frá lögreglustjóranum í Reykjavík, sem hefir á hendi reikningsfærslu dómkirkjunnar, en það ár hafði reikningur kirkjugarðsins

verið sjerstakur og settur á landsreikningana. Auk þess voru kirkjugjöldin hærri það ár en árin undanfarin. Hefir nefndin því lagt til, að kirkjugjöldin skuli ekki hækka, með það fyrir augum, að þessi hækkun á legkaupi gangi í gegn. Jeg stóð upp bara til að gefa hv. deild þessar upplýsingar, og skal svo taka það fram, að jeg aðhyllist hærra gjaldið, en gæti þó vel sætt mig við það eins og það er ákveðið hjá hv. minni hl., ef annars er ekki kostur.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 79, frá meiri hl. allshn., feld með 17:6 atkv.

Brtt. 80 (ný 1. gr.) samþ. með 17:4 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:4 atkv.

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 10. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 90).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 90).

Á 17. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Ástæðan fyrir því, að stjórnin lagði frv. þetta fyrir þingið, var sú, að kostnaðurinn við kirkjugarðinn hjer var orðinn mjög mikill. Hv. allshn. Nd. hefir lækkað legkaupið frá því, sem gert var ráð fyrir, að það væri eftir frv. stjórnarinnar. Legg jeg samt til, að hv. Ed. samþykki það eins og það liggur fyrir nú, og að því verði vísað til allshn. að umræðunni lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 90, n. 139).

Frsm. (Jónas Jónsson): Mál þetta lá fyrir þessari hv. deild í fyrra og mun þannig til komið, að árlega komu fram kröfur frá sóknarnefnd Reykjavíkur um, að landið legði fram fje til kirkjugarðsins hjer. Fjvn. þessarar hv. deildar komst að þeirri niðurstöðu í fyrra, að kirkjugarðurinn ætti að bera sig sjálfur fjárhagslega að svo miklu leyti, sem mögulegt væri. Bar hún því fram frv. um að hækka legkaupið. Komst frv. út úr þessari deild og var nær því útrætt í hv. Nd., er þingi sleit. Lagði svo stjórnin frv. fyrir þingið nú eins og Ed. gekk frá því í fyrra, en hv. Nd. lækkaði legkaupið. Hefir allshn. ekki getað fallist á ástæðurnar fyrir lækkun þessari, því að útfararkostnaður er altaf svo hár hjer, að lítið sem ekkert munar um þessa lækkun á legkaupinu. Hefir nefndin því lagt til, að legkaupið verði fært aftur til hins sama og það var í frv. stjórnarinnar.

Þó að mál þetta sje ekki stórmál, stefnir það þó í rjetta átt, þá átt, að ljetta af landinu þeim gjöldum, sem ekki er ástæða til, að það beri, og jafnframt, að kirkjurnar verði ekki baggi á landssjóði.

ATKVGR.

Brtt. 139,a—f samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., miðvikudaginn 19. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 158).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 158).

Á 35. fundi í Nd., föstudaginn 28. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Eins og hv. deildarmenn muna, var þetta frv. til meðferðar í allshn. og klofnaði hún um það. Við tveir nefndarmenn vildum fylgja frv., þó með nokkrum breytingum um að lækka legkaupið. Þar sem hv. Ed. hefir fært frv. aftur í sinn fyrri búning, höfum við tveir orðið ásáttir um að falla frá breytingum okkar og leggja til, að það verði samþykt óbreytt eins og það kemur nú frá hv. Ed. Við teljum ekki ástæðu til að hrekja málið aftur á milli deildanna, þó að við hefðum talið gjaldið sanngjarnara eins og brtt. okkar fóru fram á.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 242).

---

9. Mælitæki og vogaráhöld.

Á 1. fundi í Ed., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um mælitæki og vogaráhöld (stjfrv., A. 12).

Á 4. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Frumvarp þetta er lagt fram beint eftir ósk Alþingis í fyrra. Eins og kunnugt er, var löggildingarstofan stofnuð 1917 og hefir síðan haft á hendi löggildingu á mælitækjum og vogaráhöldum. Hefir þetta fyrirkomulag að ýmsu leyti þótt óþægilegt og óþarflega kostnaðarsamt, og því heyrst eindregnar óskir um að leggja niður löggildingarstofuna og fela lögreglustjórum í helstu kaupstöðum landsins starf hennar, svo sem frv. gerir. Var svipað fyrirkomulag áður, og heyrði jeg þess aldrei getið, að það væri ekki fullnægjandi. En löggildingarstofan hefir talsverðan kostnað í för með sjer, og er það eitt ærið nóg í mínum augum til þess, að frv. nái fram að ganga, að það felur í sjer sparnað; leggur niður lítt þarft embætti. Með því að mál þetta var rætt hjer á þingi í fyrra, geri jeg ekki ráð fyrir, að þörf sje á að fara frekar út í það nú, en vænti þess, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 15. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 109).

Frsm. (Eggert Pálsson): Nál. um þetta mál á þskj. 109 er ekki ýkjalangt, enda er málið ekki flókið.

Jeg er ekki vel kunnugur því, hvaða lög hafa gilt um þetta efni fyr á öldum hjer á landi. En jeg hygg, að á 19. öldinni muni hafa verið farið eftir tilskipun frá 1784.

Reglan mun þá hafa verið sú, að mælitæki og vogaráhöld væru löggilt í Danmörku, og þótti það, sem von var, mjög óheppilegt og óviðeigandi, ekki hvað síst eftir að þjóðin fór verulega að vakna til sjálfstæðismeðvitundar. Því var það, að á þinginu 1911 kom fram tillaga til þingsályktunar um að skora á stjórnina að athuga þetta mál, en af því varð enginn árangur í það sinn. Þess vegna var aftur á þinginu 1915 samþykt þingsályktunartill. sama efnis, og árangurinn af því varð sá, að árið 1917 voru sett lög um þetta efni og um leið stofnuð löggildingarstofan hjer í Reykjavík.

Fram að þeim tíma hefir sennilega gengið mjög á trjefótum víða með eftirlitið á mælitækjunum og vogaráhöldunum hjer hjá oss. Áhöldin hafa sjálfsagt gengið úr sjer meira eða minna, en ekki verið löguð jafnóðum, eins og hefði þurft að gera. Þessi stofnun hefir því óefað unnið mjög þarft verk hjer hjá oss þennan tíma, sem hún hefir staðið. Hún hefir unnið að endurbótum á þessu sviði, sem full þörf var á, enda mun nú svo komið, að alstaðar á landinu sjeu notuð ný eða endurbætt og fullkomin áhöld, í stað ófullkominna og ramskakkra vigta, sem áður voru víða notaðar. T. d. má benda á það, að á 400 kg. desimalvog, sem athuguð var í Vestmannaeyjum, var skakkinn 4 kg. á hverjum 100 kg. og 600 kg. desimalvog 3 kg. á hverjum 100 kg. Og á lökustu vigtinni var skakkinn svo mikill, að af 300 skp. af fiski, sem eigandi hennar þá átti, hefði hann tapað 26 skp., ef fiskurinn hefði verið á hana veginn.

En þrátt fyrir það gagn, sem löggildingarstofan frá 1917 hefir óneitanlega unnið, hafa þó komið fram harðar og ákafar kröfur um að leggja hana niður og koma á öðru skipulagi í þessu efni. Hafa menn á aðra hliðina haldið því fram, að forstöðuembættið, sem lögin gera ráð fyrir, 3200 kr. byrjunarlaun, hækkandi um 200 kr. þriðja hvert ár upp í 4400, væri óþarft og landssjóði of kostnaðarsamt, og á hina hliðina að mælitækin og viðgerð á þeim væri hlutaðeigendum svo óhæfilega dýrt með þessu fyrirkomulagi, sem nú er. Og hvað sem segja má um fyrri ástæðuna, þá verður eigi annað sagt en að síðari ástæðan hafi við mikil rök að styðjast. Það hefir fyrst og fremst reynst mjög svo dýrt fyrir einstaklingana að fá þessi áhöld hjer hjá löggildingarstofunni, en sjerstaklega hefir það þó reynst kostnaðarsamt að hafa þurft að laga og löggilda upp aftur gömul áhöld. Þó ekki hafi verið nema smágalli á áhöldum, sem hefir þurft að laga, þá hefir þurft að senda þau til Reykjavíkur, og hafa þau þá máske að því búnu verið orðin eins dýr eða dýrari en ný áhöld. Því var það að komið var fram með frv. um þetta efni á síðasta þingi. Því frumvarpi var vísað til stjórn-

arinnar til nánari athugunar. Upp úr því frv. hefir stjórnin svo samið þetta frv., sem nú liggur fyrir. Helsta breytingin, sem gerð hefir verið á frv. frá í fyrra, er sú, að eftir því skyldu lögreglustjórar í öllum kaupstöðum landsins hafa löggildinguna með höndum, en í þessu frv. eru það lögreglustjórarnir í tilteknum sjerstökum kaupstöðum, og eru það allir kaupstaðir landsins nema Hafnarfjörður og Siglufjörður.

Þetta fyrirkomulag eru sumir óánægðir með. Vilja þeir láta alla lögreglustjóra landsins annast um löggildingu. En væri það gert, yrði að láta þeim öllum í tje áhöld, sem til þess þyrfti, og nauðsynlega aðstoð, og er hætt við, að það yrði nokkuð dýrt fyrir landið. En þetta fyrirkomulag, sem hjer er í frumvarpinu lagt til að leiða í lög, ætti ekki að geta orðið mönnum mjög bagalegt, því síðasta málsgrein 5. gr. bætir í þessum efnum nokkuð úr skák, þar sem svo er fyrir mælt, að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið annist um, að lögreglustjórar hafi jafnan rjett tæki til að reyna mælitækin og vogaráhöldin, enda þótt þeir hafi ekki allir löggildingarrjettinn. Eftirlitið sjálft er þó að nokkru leyti trygt með þessu.

Jeg hefi svo ekki fleira um þetta mál að segja. Eins og nál. sýnir, leggur nefndin til, að frv. fái að ganga óbreytt í gegnum hv. deild, því nefndin telur yfirleitt æskilegra að fá þessa breytingu, sem í frv. felst, gerða, heldur en láta sitja við það fyrirkomulag, sem nú er.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg hefi ekki ástæðu til að vera sjerlega langorður um þetta mál. Hv. frsm. hefir tekið fram hvers vegna þetta frv. er fram komið og í hverju breytingar þær eru fólgnar, sem gera á á núverandi skipulagi.

Fyrir 1917 var það svo, að lögreglustjórar áttu að hafa eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum. Og jeg held, að ekki sje ástæða til að segja, að það hafi gengið neitt á trjefótum, og heldur ekki heyrði jeg þá neinar kvartanir yfir rangri vog eða röngum mæli. Það var að minsta kosti svo, að þar, sem jeg var lögreglustjóri, varð jeg ekki var við, að kvartað væri um slíkt. Og held jeg þó að menn hefðu kvartað, ef þeir hefðu fundið ástæðu til þess.

Jeg held því, að löggildingarstofan hafi ekki verið sjerlega nauðsynleg, og síst nú lengur. Hún er fyrst nokkuð dýr, eða að minsta kosti hefir kaupmönnum fundist það mjög dýrt að láta löggilda hjer í Reykjavík. Hv. frsm. tók það fram, að löggildingarstofan hefði gert mikið gagn, og það er rjett. Hún hefir gert talsvert gagn, eins og jeg tók fram í fyrra við umræðurnar um þetta mál, og jeg hafði þá líka í höndum skýrslu, sem sýndi, hverju hún hafði komið til leiðar. Það er nú líka komið svo, að það munu vera komin ný mælitæki og vogaráhöld víðast hvar á landinu, og úr því svo er, þá verður að teljast nægjanlegt að láta lögreglustjóra sjá um þetta. Og þeir geta svo látið hreppstjórana gæta þess á hverjum stað, að alt sje í lagi. Jeg tel því, að það muni vera alveg óhætt að samþykkja þetta frv. eins og það er.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 17. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 12).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 12).

Á 27. fundi í Nd., miðvikudaginn 19. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., laugardaginn 22. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Klemens Jónsson: Það er sennilega skyldast mjer sem þingmanni að mæla fáein orð með þessu frv., þar sem jeg hafði þann heiður að leggja þetta frv. fyrir hv. Ed. Hv. þm. er sjálfsagt kunnugt um, að fyrir þessari hv. deild lá í fyrra frv. um afnám löggildingarstofunnar, og var því vísað til stjórnarinnar. Ljet þáverandi stjórn því semja frv. þetta og lagði það fyrir þingið.

Hjer er farið fram á að afnema löggildingarstofuna, þar sem hún sje óþörf og dýr. Það hafa komið fram kvartanir frá kaupmönnum víðsvegar um landið, að þessi stofnun sje óþarflega dýr og baki þeim, sem við hana skifta, ekki einungis kostnað, heldur og umstang og óþægindi. Því er lagt til, að þessi stofnun sje afnumin í sparnaðarskyni, en lögreglustjórum í helstu kaupstöðum falið að annast löggildingu mælis og vogar. Áður en löggildingarstofan var stofnuð, var þetta einnig í höndum þessara lögreglustjóra, og er mjer ekki annað kunnugt en að þeir hafi leyst það starf sæmilega af hendi. Jeg var sjálfur um langt skeið einn af þessum lögreglustjórum, og varð jeg ekki var við, að menn kvörtuðu þá um ranga vog eða mæli. Hygg jeg þessu því fullvel borgið í höndum lögreglustjóranna.

Jeg vænti því, að frv. þetta, er háttv. Ed. hefir samþykt, fái að ganga í gegnum þessa hv. deild, einkum þar sem það er fram komið að hvötum hennar. Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. verði vísað til nefndar, að þessari umræðu lokinni, og minnir mig, að allshn. hafi haft það til meðferðar í hv. Ed.

Jón Kjartansson: Þó að það eigi ef til vill ekki við að gera athugasemd við sjerstaka grein í frv. við þessa umræðu, langar mig þó til að vita, hvað hefir vakað fyrir hæstv. stjórn, þegar hún ákvað, að einungis lögreglustjórar í kaupstöðum skuli löggilda mæli og vog. Önnur aðalástæðan fyrir frv. er það, hve erfitt menn úti um land eiga með að ná til löggildingarstofunnar, en úr því virðist lítið bætt, þó að löggilt verði í kaupstöðunum einum. Jeg vildi því skjóta því fram, hvort ekki sje ástæða til að leyfa öllum lögreglustjórum á landinu að annast þessa löggildingu.

Klemens Jónsson: Jeg hefi fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að lögreglustjórar til sveita hafi þessa löggildingu á hendi, og treysti jeg þeim eins vel til þess og lögreglustjórum í kaupstöðum yfirleitt. Þó mun að jafnaði mega gera ráð fyrir, að heldur sje valið af betri endanum í kaupstaðina. (*MT*: Það hefir stundum orðið misbrestur á því). Það kann að vera nú upp á síðkastið, eftir að það er farið að eiga sjer stað, að lögreglustjórar úr

kaupstað flytja sig í sveitina, eins og nýlega kom fyrir. Löggildingartækin eru dýr, og tel jeg því alveg ónauðsynlegt að leggja í þann kostnað í sumum sýslum, svo sem Dalasýslu og Rangárvallasýslu, þar sem fáar verslanir eru. Aftur á móti get jeg vel fallist á, að rjett geti verið, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hafi löggildingu á hendi, og getur væntanleg nefnd athugað það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 31. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 219).

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg mun ekki verða langorður um þetta mál. Það er komið frá hv. Ed. og hefir verið athugað í allhn., en hún hefir ekki getað orðið sammála. Hv. 2. þm. Reykv. (J-Bald) leggur til, að frv. verði felt, en við hinir nefndarmennirnir leggjum til, að það verði samþykt óbreytt.

Eins og kunnugt er, var með lögum frá 14. nóv. 1917 sett á stofn ný stofnun til þess að löggilda mælitæki og vogaráhöld og hafa eftirlit með öllu slíku, og var henni jafnframt fengin einkasala á slíkum áhöldum fyrir ríkið. Þetta fyrirkomulag hefir reynst stirt og þunglamalegt og nokkuð dýrt fyrir landsmenn, þó því verði hinsvegar ekki neitað, að löggildingarstofan hafi gert gagn. En það sýnist þó ekkert vera því til fyrirstöðu, að framkvæmd þessa eftirlits verði nú falin lögreglustjórum landsins.

Við fyrstu umræðu hreyfði jeg því, að jeg feldi mig ekki allskostar við ákvæði 2. gr. frv., þar sem löggilding á þessum tækjum er aðeins falin lögreglustjórum kaupstaðanna, en ekki öðrum. Einn aðalókostur þess fyrirkomulags, sem verið hefir, var einmitt þau óþægindi og sá mikli kostnaður fyrir landsmenn, að þurfa ætíð að senda áhöld til viðgerðar og löggildingar hingað til höfuðstaðarins. Víða verða þessi sömu óþægindi áfram, þrátt fyrir frumvarp þetta. En ef vel verður haldið á lögunum í framkvæmdinni, ætti þeim óþægindum að ljetta mjög, enda hægt að breyta lögum fljótt. Nefndin sá sjer því ekki fært að flytja brtt. um þetta atriði, því það mundi tefja málið. En meiri hl. allshn. leggur áherslu á það, að málinu sje hraðað. Jeg mun svo ekki fjölyrða meira að sinni, en leyfi mjer að leggja það til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Jón Baldvinsson: Þetta mál var rætt allítarlega á þingi í fyrra og þá komið fram með flest rök með og móti, sem hægt var. En þó fór svo, að það var ekki afgreitt. En nú hefir hæstv. stjórn látið það ganga aftur, og meiri hluti allshn. leggur til að það gangi fram. Hjer er sem sje um það að ræða að taka löggildingu mæli- og vogaráhalda af þeirri sjerstöku skrifstofu, sem það hefir haft hingað til, og fá lögreglustjórum í kaupstöðum landsins í hendur.

Aðalatriðið fyrir mjer, er jeg legg á móti þessu frv., er það, að mjer virðist þetta fyrirkomulag ekki eins tryggilegt. Jeg vil þó ekki neita því, að lögreglustjórar geti haft nokkurt eftirlit. En þeir hafa í mörg horn að líta, eins og kunnugt er, og hugsanlegt er, að slík aukastörf verði frekar út undan. Jeg held, að sjer-

stök stofnun fylgist betur með og geti fremur haft hönd í bagga, ef aflaga fer.

Það var viðurkent í fyrra, að löggildingarstofan hefði gert mikið gagn með því að laga þessi áhöld víða um land. Og jeg óttast, að þegar frá líði muni sækja í sama horf, og gæti þá svo farið, að menn yrðu til knúðir að taka af nýju upp eftirlitið á þann hátt, sem nú hefir verið um hríð. Þetta er ekki mikið fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð. Það er aðeins lítil fjárhæð, sem veitt er árlega í þessu skyni, og alls ekki ástæða til þess að horfa í það.

Af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú talið, get jeg ekki fylgt þessu frv. nje mælt með því, að það verði samþykt í þessari hv. deild.

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg get ekki fallist á mál hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að hægra sje að fela eftirlitið einni stofnun hjer í Reykjavík heldur en mönnum, sem eru dreifðir út um land. Það er vitanlegt, að löggildingarstofan sendir mann 2. eða 3. hvert ár út um land. En það er síst betra en að hafa marga menn úti um land, sem stöðugt geta haft þetta eftirlit. Af þessari ástæðu sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að frv. nái fram að ganga. Nú er líka svo komið, að vogaráhöld eru yfirleitt í góðu standi og almenningur stendur vel að vígi til að hafa eftirlit með því, hvort vogaráhöld kaupmanna og kaupfjelaga sjeu í lagi, og menn komast ekki upp með það að hafa gölluð áhöld. Hjer er því engin ástæða — heldur þvert á móti — gegn því að fela lögreglustjórum eftirlitið. Í gömlum lögum var þannig ákveðið, svo hjer er þá aðeins horfið að gömlu fyrirkomulagi.

Jón Baldvinsson: Jeg vil ekki víkja frá því, að eftirlitið verði betra hjá mönnum, sem koma frá löggildingarstofunni með miklu nánari þekkingu á þessum tækjum heldur en þeir menn, sem lögreglustjórarnir kunna að fá til þess að líta eftir fyrir sína hönd. Eftirlitsmenn löggildingarstofunnar þurfa ekki nema að líta fljótlega á áhöldin til þess að geta ákveðið, hvað sje aflaga, og kippa því í lag. — Annars þýðir víst ekki að tala frekar um málið, og læt jeg skeika að sköpuðu um afdrif þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
2.—11. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr..
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 12).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 294).

---

10. Útflutningsgjald.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um framlengingu á gildi laga um útflutningsgjald (stjfrv., A. 3).

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 5. fundi í Nd., fimtudaginn 21. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (KlJ): Jeg skal játa, að það er fremur leiðinlegt að þurfa að bera fram ár eftir ár frv. til laga um framlenging laga, sem aðeins var tilætlast að stæðu um stutta stund; en jeg vona, að þessi háttv. deild, eftir að hafa hlýtt á ræðu mína í gær um fjárhagsástæður ríkisins, sjái, að það muni illa vera hægt að komast af án útflutningsgjalds. Ákvæði um útflutningsgjöld hafa nú staðið í lögum full 40 ár; voru fyrst sett lög um það efni árið 1881, og tók það þá aðeins til sjávarafurða, en með ótal viðaukum og breytingum hefir síðan verið dregið meira og meira inn undir þetta gjald og árið 1919 voru lögin endursamin og um leið lagt útflutningsgjald á hjerumbil allar afurðir landsins. Þetta gjald nam samkv. landsreikningnum 1920 um 800 þús. kr., en á þinginu 1921 voru þessi lög afnumin með sjerstökum lögum, nr. 60 það ár, og tvenn ný lög sett í staðinn, — lög um útflutningsgjald af síld og sjerstök lög um 1% útflutningsgjald af verði allra annara útfluttra afurða íslenskra. Hvers vegna þetta var gert, hefi jeg ekki athugað til fulls og hefi ekki skilið, hvaða ástæða hafi verið til þess að fara þessa leið, að vera að tvískifta gömlu lögunum, sem höfðu staðið yfir 40 ár og alla tíð verið drjúg tekjulind fyrir ríkissjóðinn.

Það getur ekki komið til mála að afnema þau lög án þess að setja í staðinn eitthvað, sem bæti ríkissjóði upp tekjumissinn. Því það er auðsætt, að ríkissjóðurinn þolir ekki með nokkru móti, að tekjur hans sjeu rýrðar. Auk þess eru lög þessi orðin löghelguð, og býst jeg ekki við að útgerðarmenn eða bændur búist við, að slíkum gjöldum verði ljett af. Yrðu þessi lög afnumin, þá yrði gamla fyrirkomulagið að koma í staðinn. Teldi jeg það heppilegast, því óviðurkvæmilegt er að framlengja þannig sí og æ þessi lög, sem í upphafi var aðeins ætlað að standa um skamma stund. Vonast jeg og til þess, að úr þessu verði þess skamt að bíða, að gerð verði endanleg skipun á þeim málum.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vænti þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og svo til hv. fjhn.

Jakob Möller: Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls að svo stöddu, en get þó ekki varist að gera nokkrar aths. út af ummælum hæstv. fjrh. (KlJ). Hann kvað þessa löggjöf um útflutningsgjöldin vera nú runnin svo inn í meðvitund þjóðarinnar, að það mætti löghelgað kallast. Kvað hann og sjálfsagt að leggja slík gjöld á útfluttar vörur. Jeg lít svo á, að því fari fjarri, að þessar ástæður geti komið til greina að því er snertir framlenging þessara laga. Eina rjettmæta ástæðan er fjárþröng ríkissjóðsins. Jeg hefi til þessa verið á móti slíkum gjöldum, en er það síður nú, sökum þess, að horfur útgerðarinnar eru nú vænni en áður, þótt ekki sje annars gott að spá neinu í því efni. Jeg geri annars ráð fyrir, að þetta mál verði athugað í sambandi við önnur frv., sem væntanlega verða lögð fyrir þetta þing. Ef til dæmis þingið kemur sjer saman um að leggja nú á innflutningshöft, þá hefir það í för með sjer talsverða tekjuskerðing fyrir ríkissjóðinn. Lít jeg svo á, að best fari á því, að sama nefnd fjalli um þau mál öll, því að ilt verður að taka ákvarðanir um þau nema í sambandi hvert við annað.

Fjármálaráðherra (KlJ): Ræða háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) gaf mjer ekki

ástæðu til að segja mikið. Jeg get þó ekki stilt mig um að benda á það, að allar líkur sjeu með því, að lög, sem staðið hafa rúm 40 ár, sjeu runnin inn í meðvitund þjóðarinnar. Jeg skal þó játa, að frekar gæti komið til mála, er úr rættist fyrir ríkissjóðnum, að afnema útflutningsgjöld á landbúnaðarafurðum. — En það held jeg, að sárafáum komi til hugar með sjávarafurðirnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., laugardaginn 15. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A 3, n. 113).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Jeg skal ekki hafa langa framsögu í þessu máli, en get að mestu látið nægja að vísa til nál. á þskj. 113. Þessi lög um útflutningsgjald voru fyrst sett 1921 og þá til eins árs. Þau hafa síðan verið framlengd tvisvar og er þetta í þriðja sinn, sem um framlengingu þeirra er að ræða. Það er nú eins og áður um eins árs framlengingu að ræða. Það var ágreiningslítið samþykt í fjhn., að lögin skyldu framlengd, og sá ágreiningur, sem átti sjer þar stað, stóð ekki um það, hvort ríkissjóður þyrfti á þessum tekjuauka að halda; um það voru allir nefndarmenn sammála. Nei, sá ágreiningur var af sömu rót runninn og áður hefir bólað á, þeirri sem sje, að sumir líta svo á, að þetta gjald sje óheppilegt fyrir þá sök, að það leggi hemil á framleiðsluhvöt manna og sje of hátt. Annars er það að segja um þetta gjald, að það kemur rjettlátlegar niður en ýms önnur gjöld. Það vekur engan meting milli atvinnuvega landsins, því þeim er þar báðum gert jafnhátt undir höfði. Í öðru lagi fylgir því sá kostur, að það hreyfist með genginu, og þarf því ekki að leggja ofan á það vegna gengisbreytinga. Um þörf þessarar framlengingar var, eins og jeg tók áður fram, ekki deilt í nefndinni, því öllum var það ljóst, að ekki yrði komist hjá þessum tekjuauka. Nefndin áætlaði, að þetta gjald mundi gefa af sjer 400 þúsund kr. árgjald, og mun það síst of hátt áætlað, því eftir útflutningi undanfarinna ára mætti búast við mun meiru.

Jeg þarf svo ekki að taka fram fleira þessu máli viðvíkjandi, en vænti þess, að það gangi þrautalítið leiðar sinnar.

Jakob Möller: Jeg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, og vil jeg með nokkrum orðum geta um ástæðuna til þess. Eins og jeg gat um við 1. umræðu, þá er jeg mótfallinn þessu gjaldi. Jeg hefi altaf verið það, vegna þess, að jeg tel það óheppilegt, ranglátt og óskynsamlegt. Er þetta gjald hjá okkur og eins dæmi í heiminum, og veit jeg ekki til, að nein önnur þjóð hafi ráðist í slíkt. En það er nú svo þröngur fjárhagurinn hjá okkur, að jeg býst við, að það myndi mælast illa fyrir að leggja eindregið á móti gjaldinu. Hingað til hefir þeirri reglu verið fylgt, að þetta gjald hefir verið afgreitt seinast frá fjhn. Nú hefir verið brugðið frá þeirri venju, og er þetta nú fyrsta skattafrv., sem kemur frá nefndinni. Jeg vildi hafa látið það koma seinast fram eins og áður, og hefði þá mátt vera, að jeg hefði greitt því atkvæði mitt, ef jeg hefði þá sjeð fyrir, að ekki væri hægt að ná tekj-

um til ríkissjóðsins, sem því svaraði, með neinu betra móti. En að svo stöddu máli á jeg mjög óhægt með að greiða þessu atkvæði mitt. Í nál. er það talið nauðsynlegt að afla ríkissjóðnum aukinna tekna svo nemi 2 miljónum. En það er mikið efamál, hvort rjett er að fara svo langt. Það eru að vísu líkur til, að tekjuhallinn nemi þessu, en þess er að gæta, að þar í felst einnig miljón króna afborgun af skuldum. Svo raunverulega er tekjuhallinn ekki svo mikill, sem látið er í veðri vaka. Nú er það álitamál, hve nærri á að ganga landsmönnum á svo erfiðum tímum til þess að borga af gömlum skuldum. Verð jeg fyrir mitt leyti að líta svo á, að mjög varlega eigi að fara í þeim efnum.

Auk þessa frv. hefir nefndin í smíðum eitt frv. enn, sem, ef það gengi fram, hefði mikinn tekjuauka í för með sjer. Hefði jeg því kosið að sjá fyrst, hvernig því frv. reiddi af, áður en þetta frv. yrði afgreitt. — Mun jeg því að svo stöddu máli greiða atkv. móti þessu frv.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 18:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., mánudaginn 17. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 3).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 3).

Á 23. fundi í Ed., miðvikudaginn 19. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Þar sem hæstv. fjármálaráðherra er fjarverandi, leyfi jeg mjer fyrir hönd stjórnarinnar að leggja hjer fyrir hv. deild frv. til laga um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald. Að lokinni þessari umr. óska jeg, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar. Jeg geri ekki ráð fyrir, að þörf sje á að rökstyðja mikið þörf þessa frv. Þær bætur, sem reynt var að gera á skattalöggjöfinni með endurskoðuninni 1920, hafa sýnt sig að hafa frekar dregið úr tekjum ríkissjóðs en að auka þær. Auk þess hefir fall íslensku krónunnar átt mikinn þátt í því að draga úr tekjum landsins. Liggja til þess tvær ástæður; sú fyrst, að ríkissjóður hefir orðið að greiða mikið fje erlendis. Auk þess hefir verðaukning erlendrar myntar valdið hækkuðu vöruverði og aukinni dýrtíðaruppbót.

Yfirleitt er mikið rætt um hinn mikla tekjuhalla ríkissjóðs undanfarin ár. Þessi halli stafar fyrst og fremst af því, að ekki hefir verið gengið eins ríkt eftir því eins og skyldi að afla ríkissjóði aukinna tekna. Hjá því verður ekki komist að auka gjöld landsmanna. Þó að mikið sje kvartað undan sköttum hjá þjóðinni, þá eru þeir þó lægri hjer en víða annarsstaðar.

Með þessum formála leyfi jeg mjer að óska þess, að þetta frv. verði látið ganga til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 24. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 184).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Landsstjórnin lagði fyrir þingið í þingbyrjun frv. til laga um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald. Hefir það verið venja, að á hverju þingi hin síðustu ár hefir verið komið fram með frv. til laga um framlenging á gildi þessara laga. Lögin eru, eins og hv. deild er kunnugt, síðan 1921 og voru þá sett út árið. Síðan hefir þingið sjeð, að ríkissjóður hafði ekki efni á að missa þennan tekjustofn, og því hafa lögin jafnan verið framlengd ár frá ári. Þegar lög þessi voru sett í upphafi, þá var það gert með hálfum hug. En þó að þau íþyngdu framleiðslunni nokkuð, þá voru ástæðurnar fyrir setning laganna brýnar, og eru það ekki síður nú. Í hv. Nd. hefir fjhn. fallist á frv. þetta og álítur hún tekjurnar af því ekki ógætilega áætlaðar um 400 þús. kr. Segir í nál., að sumir nefndarmenn telji það óaðgengilegt að framlengja lögin. Nefnd þessarar hv. deildar var því einnig samþykk að framlengja lögin, og kom engin rödd fram um það, að framlengingin væri óaðgengileg. Gjaldið er í sjálfu sjer ekki órjettlátur skattur. Það er, eins og menn vita, 1% af útflutningsverðinu, og eru lögin að því leyti rjettlátari en mörg önnur lög af þessu tægi. Og ennfremur eru lögin skaðlaus að því leyti, að þau verka ekki á dýrtíðina í landinu. Og þó að segja megi, að lögin íþyngi nokkuð útflytjendum, þá mun þó svo komið, að þeir sjeu orðnir vanir þessum skatti. Það, að fjhn. Ed. kom fram með brtt. á þskj. 184, að í stað „til ársloka 1925“ í frv. komi: „þangað til öðruvísi verður ákveðið“, stafar af því, að reynslan hefir sýnt, að þingið fær altaf tilmæli um það að framlengja gildi þessara laga, og áleit nefndin því aðeins til tafar að binda gildi laganna við vissan tíma. Það eru engar horfur á því, að gjaldinu verði ljett af í nánustu framtíð, og því ákvað nefndin að koma fram með þessa brtt. Það er auðvitað, að verði brtt. nefndarinnar samþykt, þá þarf sjerstök lög til þess að afnema lögin um útflutningsgjald, sem annars hefði ekki þurft, ef gildi þeirra hefði verið bundið við ákveðinn tíma, eins og hingað til. En þess ber einnig að gæta í þessu sambandi, að það hefir og hefði nú einnig þurft sjerstök lög til framlengingarinnar. Ef svo skyldi fara, að það yrði alment viðurkent, að ástæðurnar fyrir gjaldi þessu væru horfnar, þá er ekki erfitt að fá það afnumið með lögum, en meðan ástæðurnar eru svo ríkar, að útlit er fyrir, að þær haldist um ófyrirsjáanlega langan tíma, þá er að brtt. nefndarinnar töluverður tíma- og vinnusparnaður fyrir þingið.

Nefndin leggur því til, að hv. deild samþykki frv. með þeim breytingum, sem hún hefir gert við það á þskj. 184.

ATKVGR.

Brtt. 184 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 26. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 209).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 209).

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 29. mars, var frv. tekið til einnar umr.

Jakob Möller: Fjárhagsnefnd hefir ekki fengið tækifæri til að fjalla um þetta frv. síðan það kom frá efri deild. En þar sem þar var samþykt breyting á því, leyfi jeg mjer að óska þess, að málið sje tekið út af dagskrá.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Jeg skal geta þess, að meiri hl. fjhn. hefir komið sjer saman um að láta óhreyfðar breytingarnar á frv. síðan það kom frá efri deild. En af gleymsku láðist okkur að ná í hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Held jeg annars, að mjer sje óhætt að fullyrða, að meiri hl. nefndarinnar sje á því, að frv. fái hindrunarlaust að ganga sína leið, þar sem breyting hv. efri deildar á því er að okkar hyggju ekki mikilvæg.

Jakob Möller: Mjer finst það blátt áfram ósæmileg meðferð á máli, að hv. þm. sjeu að hvíslast á um það sín á milli, en nefnd sú, sem það heyrir undir, fái ekki að fjalla um það. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) segir, að breyting Ed. á frumvarpinu sje ekki stórvægileg. En mjer finst það ekki smávægileg breyting, þegar bráðabirgðagjald er gert að föstu gjaldi. En þetta gjald verður einmitt fastur skattur, ef þessi breyting hv. Ed. verður samþykt. Ýmsir þingmenn hafa látið í ljós, að þeir vildu alls ekki gera þetta að föstu gjaldi. Vil jeg vekja athygli hv. sömu þm. á því, að nú er tækifæri til þess að sýna, að þeim hafi verið alvara. Jeg vil leyfa mjer að halda fast fram þeirri kröfu, að nefndin fái að athuga þetta á þinglegan hátt.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. apríl, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 209, 254).

Jakob Möller: Á þskj. 254 er till. frá fjhn. um það, að þessi lög um útflutningsgjald skuli gilda til ársloka 1927, í stað þess, sem ákveðið hafði verið í hv. Ed., að þau skyldu gilda þangað til öðruvísi yrði ákveðið.

Nefndin vill ekki fallast á það, að þetta gjald sje gert að föstu gjaldi að svo stöddu. Það var í fyrstu ætlast til þess, að það fjelli í burt svo fljótt sem ástæður leyfðu. Og að undanförnu hefir það verið samþykt að framlengja gildi þeirra aðeins frá ári til árs. Nú lítur fjhn. þannig á, að ekki muni hægt að nema gjald þetta úr gildi á næstu árum, og getur hún því gengið inn á það, að það sje framlengt enn um 3 ár.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal geta þess, að jeg tel litlu skifta, hvort verður ofan á hjer í deildinni, till. fjhn. um framlengingu til 1927 eða sú till., sem hv. Ed. hefir samþykt, að lögin skuli gilda um óákveðinn tíma. Jeg álít þó

þýðingarlaust að vera nokkuð að tímabinda þetta gjald. Jeg geri ráð fyrir, að það sje orðið að föstum tekjustofni landssjóðs, sem ekki verði afnuminn, en aðeins breytingum undirorpinn. Það er því eðlilegt, að þessi lög gildi þangað til þeim er breytt með öðrum lögum eða ný sett.

ATKVGR.

Brtt. 254 samþ. með 15:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 37. fundi í Ed., miðvikudaginn 2. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 279).

Á 40. fundi í Ed., föstudaginn 4. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 308).

---

11. Stýrimannaskólinn.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík (stjfrv., A. 11).

Á 5. fundi í Nd., fimtudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Þetta frv. er enn eitt þeirra frv., er mentamálanefnd 1920 hefir samið, og hefir stjórnin aðeins gert smábreytingar á till. mentamálanefndar. Samkvæmt frv. eins og það kom frá nefndinni er gert ráð fyrir kenslu í bókhaldi, viðskiftafræði og sjóvinnufræði, en þessar greinar hafa ekki verið kendar í skólanum til þessa, nema hvað fyrirlestrar hafa verið haldnir í sjóvinnufræði síðasta vetur. Ráðuneytið hefir ekki viljað gera sjóvinnufræði að skyldugrein við skólann, heldur ákveðið, að um slíkt megi skipa fyrir með reglugerð. Og er þessi breyting gerð á frv. af því, að sjóvinnufræðslan mundi hafa mikinn kostnað í för með sjer. Tungumálakensla aukin er mjög þýðingarmikil fyrir skólann, og yfirleitt verður að telja nauðsynlegt að koma þessum skóla í sem best horf.

Vona jeg svo, að hv. deild taki frv. þessu svo vel, að það fái ekki einungis að ganga til 2. umr. og mentamálanefndar, heldur einnig fái það samþykki þingsins og nái að verða að lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til mentmn. með 17 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 27. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 210).

Frsm. (Magnús Jónsson): Jeg þarf eiginlega ekki að segja mikið meira um þetta mál en stendur í nál. mentmn. Þess var ekki að vænta, að í nefndinni væri sjerfróður maður í þessum efnum, enda býst jeg ekki við, að það komi að sök, því að breytingarnar ganga ekki svo mjög í þá átt. Nefndin hefir átt tal við hlutaðeigandi skólastjóra um málið, og ber honum í öllum aðalatriðum saman við nefndina. Hún vill því ráðleggja deildinni að samþykkja frv. þetta.

Það má segja, að þessi breyting sje hliðstæð breytingunni á kennaraskólanum, nema hjer er ekki farið fram á lengingu námstímans. Tilgangur frv. er sá, að í stað þess, að áður hafa litlár eða engar kröfur verið gerðar til inntöku í skólann, verði nú hert á inntökuskilyrðunum að miklum mun. Með því móti telur skólastjóri sig geta útskrifað langtum hæfari menn en nú gerist. Það hefir verið kvartað um undanfarið, að menn, sem útskrifast hafa af þessum skóla, hafi margir hverjir ekki reynst nægilega hæfir til skipstjórnar, og mun of lítil verkleg æfing að nokkru vera sök í því. Gert er og ráð fyrir í frv., að auknar verði kröfur um tungumálakunnáttu og að skipaður verði annar aðalkennari. Mætti svo á líta, að þar væri um aukinn kostnað að ræða, en svo er ekki nema á pappírnum, því að hingað til hefir verið settur þar aukakennari frá ári til árs, með sömu launum og skipaði kennarinn. Sú kensluskifting, sem verið hefir milli stýrimannaskólans og vjelstjóraskólans, mætti haldast. En sparnað myndi hinsvegar leiða af þessu vegna nemendafækkunar, er þetta frv. myndi hafa í för með sjer. Vegna nemendafjölda hefir hingað til orðið að kaupa aukakenslu fyrir 2000 kr. á ári. Skólastjóri gerir ráð fyrir, að ef hert væri á kröfunum, mundi nemendum fækka svo, að fella mætti niður aukakenslu í siglingafræði. Hjer er því um beinan sparnað að ræða frá því, sem nú er. Skólastjóri telur engan hörgul vera á siglingalærðum mönnum. Enda mun vera betra hjer sem annarsstaðar að útskrifa fáa góða en marga misjafna. Brtt. hefir komið fram um að fella niður part af 14. gr. í sambandi við það, að legið hefir fyrir Alþingi frv. til laga um breytingar á fræðslulögunum. En þar sem mentamálanefnd getur ekki lagt þessu liðsyrði, leggur hún til, að 14. gr. verði breytt. Annars veit jeg ekki til, að í frv. sjeu neinar leynigryfjur, er geri hættulegt að ganga að því. En á hinn bóginn ætti að nást allgóður árangur með því án nokkurs tilkostnaðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—13. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 210 samþ. með 17 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

15.—16. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn, kafla-skifting og fyrirsagnir kaflanna samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 237).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 237).

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 31. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til mentmn. með 10 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 237, n. 334).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er vel undirbúið. Fyrst og fremst var þetta mál undirbúið af milliþinganefnd, sem starfaði fyrir nokkrum árum. Síðan hefir hæstv. stjórn tekið það að sjer, að jeg held í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans. Síðan fór það til mentmn. Nd. og var samþykt í hv. Nd. með miklum atkvæðamun. Mentmn. þessarar deildar leggur til, að það verði samþykt hjer.

Það hefir verið alment álit, að þessi skóli væri að sumu leyti of ljettur og að þaðan útskrifuðust fleiri menn en nauðsynlegt er fyrir siglingar landsins og útveg. Hafa því undanfarið heyrst raddir um að þyngja skólann, svo að þangað leituðu ekki miklu fleiri en nauðsynlegt er. Á togurum og millilandaskipum hefir stundum verið alt að því helmingur skipsmanna prófaðir skipstjórar. Aðsókn að skólanum er mikil, en inntökuskilyrði væg og duglegir menn eru látnir sitja sama bekk og hinir miður hæfu; þeir fá því ekki jafnmikla og ítarlega kenslu og þeir verðskulda. En liðljettingarnir fljóta með.

Í nál. mentamálanefndar er það tekið fram, að við leggjum mikla áherslu á það við hæstv. stjórn, að reglugerðin, sem frv. ræðir um, verði höfð þung, svo að ekki komi aðrir í skólann framvegis en þeir, sem ástæða er til að halda, að geti notið vel námsins og fullnægt öðrum skilyrðum. Komið hefir til tals að heimta gagnfræðamentun til inngöngu í skólann. En menn, sem starfa við skólann, telja það miður heppilegt, því þó það sje æskilegt, að nemendur hafi bóklegan undirbúning, má ekki um of einblína á bóklega þekking í þessum efnum. Það er ekki happ fyrir útveginn að hafa völ á mörgum stofulærðum skipstjórum, ef þá skortir hreysti, harðfylgi og veiðisælni sjómanna. Þess vegna verður að sigla milli skers og báru, og tjáir ekki að hafa bókleg inntökuskilyrði alt of þung. Það þarf að gera mismunandi kröfur til þeirra, sem eiga að vera skipstjórar á fiskiskipum, og hinna, sem eiga að stýra fólksflutningaskipum hjer við land eða milli landa. Slíkir menn þurfa að vera vel mentaðir menn að bókþekkingu.

Það hefir viljað svo vel til, að um leið og íslenski flotinn myndaðist voru til margir duglegir skipstjórar, sem hafa orðið landinu til sóma fyrir hreysti og harðfylgi. En þeir munu viðurkenna fúslega, að þeim hafi á æskuárum ekki verið veitt nægileg bókleg mentun. Á millilandaskipum er það stundum bagalegt, að skipstjóri skuli ekki geta fleytt sjer sæmilega í ensku. En til þess eru dæmi. Þetta segi jeg alls ekki í niðrunarskyni. Þessir menn hafa komist lengra í bóklegum fræðum en búast mátti við eftir aðstöðunni. Jeg hefi minst á þetta svo sem til leiðbeiningar við samningu reglugerðarinnar.

Tilgangur skólans á að vera tvenskonar: að undirbúa dugleg fiskimannaefni fyrir stöðu sína og ennfremur að veita þeim mönnum, sem eiga að taka að sjer stjórn á mannflutningaskipum, nægilega bóklega mentun, sem hæfir þeirra stöðu. Í þessu sambandi vil jeg geta þess, að sumir skipstjórar á Sameinaða fjelags skipunum hafa fengið þann undirbúning á æskuárum, að hafa numið þrjú stórmál, og tala þau eins og t. d. menn hjer tala dönsku. Við getum tæplega í fram-

tíðinni komist af með lægri kröfur til okkar skipstjóra á fólksflutningaskipum.

Vil jeg mæla með því, að frv. verði samþykt óbreytt. Í því er gengið eins langt með kröfur og kostur er á, þó að ekki sje bætt fullkomlega úr því, sem þörf er á í framtíðinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn I. kafla samþ. án atkvgr.
3. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn II. kafla samþ. án atkvgr.
4.—9. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn III. kafla samþ. án atkvgr.
10. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn IV. kafla samþ. án atkvgr.
11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn V. kafla samþ. án atkvgr.
12.—13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn VI. kafla samþ. án atkvgr.
14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn VII. kafla samþ. án atkvgr.
15.—16. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn VIII. kafla samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 12. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 237).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 368).

---

12. Nauðasamningar.

Á 7. fundi í Ed., fimtudaginn 28. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um nauðasamninga (stjfrv., A. 19).

Á 9. fundi í Ed., laugardaginn 1. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (SE): Eins og kunnugt er, eru þeim ekki margir vegir færir, er ófærir verða til að greiða skuldir sínar.

Beinasta leiðin er gjaldþrot, ef ekki verður náð samkomulagi við skuldheimtumenn, en til þess að það geti orðið, þarf nú samþykki þeirra allra. Þriðja leiðin, sem að vísu er engin leið, er að láta alt reka á reiðanum.

Til þess að bæta úr þessu er frv. þetta fram komið. En eftir því getur skuldari, sumpart eftir að skiftarjettur hefir tekið bú hans til meðferðar og sumpart áður, samið við lögmætan meiri hluta skuldheimtumanna þannig, að bindandi sje fyrir hina.

Eru slík ákvæði mjög nauðsynleg, enda alsiða erlendis. Stjórnin hefir notið aðstoðar prófessors Einars Arnórssonar við samning frv. þessa, og er jeg honum mjög þakklátur fyrir. Vona jeg, að frv. verði að lokinni umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 15. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 19, n. 111).

Frsm. (Jón Magnússon): Um frv. það, er hjer liggur fyrir, þarf jeg ekki að tala langt mál, því að nefndinni hefir komið saman um, að þörf sje á að setja lög um það efni, er frv. ræðir um. Hefir hún því að mestu leyti fallist á ákvæði frumvarpsins.

Eins og eðlilegt er, er frumvarp þetta samið eftir erlendri fyrirmynd. En útlend lög um þetta efni ná misjafnlega langt. Veita sum t. d. aðeins verslunar- og útgerðarmönnum kost á nauðasamningum. Getur því verið álitamál, hve langt eigi að ganga í þessu efni, en nefndin hefir þó gengið svo langt, að hún telur rjett að veita öllum jafnt kost á þessum samningum.

Eins og frumvarpið ber með sjer, er lagaskipun þessi orðin mjög gömul, því að hún er tekin frá hinum gömlu Rómverjum, eins og svo margt annað skynsamlegt í lögum. Jeg þarf ekki hjer að færa rök fyrir því, af hverju vjer teljum lagaskipun þessa nauðsynlega, því að það er fyrst og fremst gert í ástæðunum fyrir frumvarpinu og ennfremur í áliti nefndarinnar. En jeg vil aðeins minnast á það, sem drepið er á í nál., að okkur finst ákvæði 2. gr. frumvarpsins helst ekki eiga við í þessum lögum, og um það hefi jeg borið mig saman við þann, sem samdi frumvarpið, og er hann mjer samdóma. Nefndin telur ekki þessa breytingu á hinum almenna áskorunarfresti eiga heima í þessum sjerstöku lögum, en að öðru leyti felst nefndin á ákvæðið í sjálfu sjer. Nefndinni fanst þó ekki ástæða til að gera sjerstök lög um þetta atriði.

Aftur getur verið spurning, hvort gefa eigi mönnum kost á nauðasamningum hvað eftir annað, ef þeir verða oft gjaldþrota. En reki menn sig á það við framkvæmd laganna, að þetta ákvæði sje óheppilegt, er vitanlega altaf hægt að breyta því.

Af þeim ástæðum, sem þegar hafa verið taldar, hefir nefndin ekki gert neinar þær breytingar við frv., sem telja má verulegar efnisbreytingar, heldur aðallega aðeins orðabreytingar. Tel jeg þó rjettara, að sjerstaklega sjeu bornar undir atkvæði 2. og 3. brtt. nefndarinnar. Vel má vera, að sumum þyki 11. og 12. brtt. óþarfar. En nefndin taldi þó rjettara að gera þessar breytingar, þar sem hjer er um að ræða úrskurði og skiftagerðir, og hefir höfundur frv. fallist á, að þetta sje rjett hugsun. Annars hygg jeg, að rjett sje að samþykkja allar brtt., og svo vitanlega alt frv. í heild. Og tel jeg vel farið, að hæstv. stjórn kom fram með frv. þetta, því að altaf getur komið fyrir, að nota þurfi nauðasamninga.

Forsætisráðherra (SE): Mitt hlutverk verður ljett hjer. Vil jeg aðeins þakka hv. nefnd fyrir ágæta meðferð á frv., og er jeg háttv. frsm. (JM) sammála um það, sem hann sagði um proclamafrestinn. Vona jeg svo, að mál þetta fái greiðan gang út úr þessari hv. deild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn I. kafla samþ. án atkvgr.

3.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 111,1 samþ. án atkvgr.

10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 111,2 samþ. án atkvgr.

12. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

13. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 111,3 samþ. í e. hlj.

14. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

15.—24. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 111,4 samþ. án atkvgr.
25. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Brtt. 111,5 samþ. án atkvgr.
26. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Brtt. 111,6 samþ. í e. hlj.
27. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
28. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 111,7 samþ. án atkvgr.
29. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
30. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn II. kafla samþ. án atkvgr.
31. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 111,8 samþ. án atkvgr.
32. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
33.—37. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 111,9 samþ. án atkvgr.
38. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
39.—43. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 111,10 samþ. án atkvgr.
44. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
45.—48. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn III. kafla samþ. án atkvgr.
Brtt. 111,11 samþ. án atkvgr.
49. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
50. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 111,12 samþ. án atkvgr.
51. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
52. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn IV. kafla samþ. án atkvgr.
53.—56. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn V. kafla samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 22. fundi í Ed., þriðjudaginn 18. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 146).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 146).
Á 29. fundi í Nd., föstudaginn 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Ef hjerlendur maður verður ófær til þess að greiða skuldir sínar, er um þrjár leiðir fyrir hann að velja. Í fyrsta lagi getur hann látið taka bú sitt til gjaldþrotameðferðar; í öðru lagi getur hann reynt að semja við lánardrotna sína, en sá hængur er á því, að ef einhver skuldeigandinn neitar að semja um eftirgjöf á skuldagreiðslunum eða vill ekki ganga að því, sem aðrir skuldeigendur hafa gengið að, nýtast engir samningar. Í þriðja lagi getur hann látið reka á reiðanum, sem er óyndisúrræði hið mesta. Frv. þetta fer fram á að heimila, að ákveðin tala skuldeigenda nægi til þess að nauðasamningar náist, og er höfuðreglan sú, að eftir því sem meira er eftir gefið, þarf meira atkvæðamagn. Jeg skal taka það hjer fram, að stjórnin hefir notið aðstoðar prófessors Einars Arnórssonar við samningu þessa frv.

Legg jeg svo til, að frv. þessu verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr. Vænti jeg, að frv. fái góðar viðtökur hjá hv. nefnd og hjá þinginu yfirleitt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., fimtudaginn 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 146, n. 317).

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg býst við því, að allir hv. þdm. sjeu sammála um það, að nauðsyn sje á að fá lög um þetta efni. Eins og getið er um í ástæðum frv., hafa á árunum 1908—1922 verið að meðaltali 13,2% gjaldþrotamál í skiftarjetti, eða 198 bú verið uppskift.

Það vita nú allir, hve mikið rugl gjaldþrot veldur einstaklingnum, sem fyrir því verður, og eins þjóðfjelaginu í heild, og fyrir utan truflunina á eignum, þá kosta skiftin ærna peninga, svo að bæði maðurinn, sem verður gjaldþrota, og eins skuldheimtumennirnir bíða stórtjón.

Svo hefir lögum hjer í landi verið háttað, að einn einasti skuldheimtumaður hefir getað ráðið því, hvort einhver maður varð gjaldþrota, jafnvel þó það kæmi í bága við 99 aðra skuldheimtumenn. Sjá allir, hve óheppilegt það er að gefa einum manni slíkt vald, sem getur bygst á röngum, persónulegum ástæðum, en ekki því, sem best er fyrir aðra skuldheimtumenn, skuldunautinn sjálfan eða viðskiftin í heild sinni. En þessi truflun, sem gjaldþrot veldur á starfi og atvinnurekstri skuldunautsins, er svo skaðleg, að nauðsyn ber til, að settar sjeu hömlur fyrir því, að fáir, hvað þá einn einasti skuldheimtumaður, fái ráðið niðurlögum hans. Eins og nú standa sakir eru engin ráð fyrir mann, sem illa er staddur fjárhagslega og getur ekki staðið í skilum, nema annaðhvort að verða gjaldþrota eða reyna samninga. En sá hængur er á þessu, að samningarnir takast næstum aldrei, því að þar rekst það sama á og áður, að einn einasti skuldheimtumaður getur sett sig á móti. Þetta frv. á að ráða bót á þessu. Þar er gert ráð fyrir því, að verndað sje með lögum, að samningar geti tekist. Skuldunautinum er ýmist fyrir eða eftir gjaldþrot gefinn kostur á að semja, en í báðum tilfellunum fyrir milligöngu skiftarjettar eða annars aðilja, sem ríkið setur í slíkum málum. Þetta hefir þann kost, að atvinnurekstur skuldunautsins þarf ekki að truflast, en skuldheimtumennirnir geta og haft hag af því, að honum sje forðað frá gjaldþroti, heldur geti í stað þess boðið miklu betri samninga en verða myndi, ef hann yrði gjaldþrota og búið tekið.

Jeg skal ekki fara frekar út í þetta mál. Jeg býst við því, að allir hv. þm. hafi lesið frv. og kynt sjer það rækilega. Nefndin fór nákvæmlega yfir það og fann ekki ástæðu til að gera frekari breytingar á því en felast í brtt., sem við það voru samþyktar í hv. Ed. og eru á þskj. 111. Eru þær flestar smávægilegar, orðabreytingar, sem þó horfa til bóta.

Nefndin telur rjett, að frv. verði samþykt óbreytt. Það er samið eftir fyrirmynd annara þjóða. Hafa slík lög gefist vel. Er því ætlandi, að engin hætta sje á að reyna þau hjer og sem minstu breytt uns reynslan hefir úr því skorið, hverjir agnúar kynnu að vera á lögunum.

Jeg vil aðeins taka það fram að endingu, af því það er ekki skýrlega sagt í frv., að tilætlunin er ekki sú, að lögin nái eingöngu til einstaklinga, heldur engu síður til fjelaga og stofnana, hlutafjelaga, samvinnufjelaga og annara slíkra. Er þetta tekið fram í nál., enda þykist jeg vita, að það hafi verið tilætlun hv. höf.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða um málið; verður heppilegast, að reynslan skeri úr um það.

Forsætisráðherra (JM): Jeg þarf engu að bæta við það, sem hv. frsm. (J-K) hefir sagt. Jeg er alveg samdóma honum um það, að þetta sjeu þörf lög og að það geti verið mjög heppilegt að hægt sje að grípa til þeirra. Hefir þörfin oft komið í ljós, eins og hv. frsm. sagði. Jeg er einnig sammála honum um það, að ekki sje vert að vera að hugsa um breytingar á lögunum í einstökum atriðum fyr en reynslan hefir sýnt þá galla, sem á frv. kynnu að vera. Enda er ekki líklegt, að breytinga sje þörf, því að svipuð lög hafa verið um langan aldur hjá öðrum þjóðum og gefist vel.

Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. nefnd fyrir aths. um, að lögin nái einnig til fjelaga. Var sú meining höfundar og það hefir verið undir hann borið, hvort ekki nægði að taka það fram í aths., og taldi hann það vera.

Eins og kunnugt er, var þetta frv. borið fram af fyrv. stjórn. Var því mjög vel tekið í hv. Ed., og jeg vona, að svo verði og hjer.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
3.—30. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
31.—48. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
49.—52. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
53.—56. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv., kaflaskifting og fyrirsagnir kaflanna samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 12. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 146).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 370).

---

13. Landsbókavarðarembættið.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um sameining yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins (stjfrv., A. 6).

Á 3. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (SE): Eins og hv. deild mun kunnugt, þá lá frv. þetta fyrir síðasta þingi, en var þá felt hjer í deildinni. Stjórnin gat nú samt sem áður ekki felt sig við ástæðurnar fyrir því, að frv. var felt. Höfuðástæðan, sem fram var færð, mun hafa verið sú, að störf landsskjalavarðar og landsbókavarðar væru svo ósamkynja. En eins og jeg tók fram í fyrra, þá er þetta hin mesta fjarstæða. Jeg get t. d. bent á það í þessu sambandi, að einmitt í Landsbókasafninu eru geymd sum okkar dýrmætustu handrit. (*MJ*: Eru nokkur skjöl geymd þar?). Já, eða eru handrit máske ekki skjöl? — Jeg hefi því fulla ástæðu til að halda, að hið háa Alþingi muni taka frv. þessu vel.

Í fyrra lagði stjórnin einnig fyrir þingið ýms fleiri samskonar frumvörp., sem fóru fram á það að steypa saman embættum, svo sem t. d. nokkrum sýslumannaembættum. Að jeg hefi ekki lagt þau fram aftur fyrir þetta þing, kemur

ekki til af því, að jeg sje ekki sömu skoðunar sem áður um nytsemi þeirra, heldur vildi jeg grenslast eftir því fyrst, hvern byr þetta hefði hjá hv. þm. En það væri synd á þessum tímum að teygja þingtímann með því að bera fram frv., sem fyrirsjáanlegt væri, að feld yrðu. En sjái jeg hinsvegar fram á það, að hið háa Alþingi sje þeim till. hlynt, mun jeg ekki láta á mjer standa.

Bjarni Jónsson: Mjer finst ekki, að jeg þurfi nokkurrar afsökunar að biðja, þó að jeg leyfi mjer að ræða um þetta mál og önnur við 1. umræðu. Það er góður siður, að þingið fjalli um málin áður en þau fara í nefndir, því svo skýrast þau best, og vjer erum hingað sendir til að láta ljós vor skína, en ekki til þess að setja þau undir mæliker.

Um frv. þetta er það að segja, að kynlega má það koma mönnum fyrir sjónir, að hæstv. stjórn skuli á ný leggja það fyrir þingið. Með svo makklegum hætti var þetta afmentunarfrv. drepið í fyrra. Það er fært fram, að þetta miði til sparnaðar, en jeg hefi þó sýnt fram á, að það geti aðeins sparað ríkissjóði þá upphæð, sem er mismunurinn á launum sæmilegs aðstoðarmanns og yfirvarðar, því að það er augljóst, að mannafækkun við söfnin verður ekki við komið. Svo umfangsmikið starf og ósamkynja er yfirstjórn beggja safnanna, að einum manni verður það altaf ofvaxið, nema hann geri það illa. Þannig væri Alþingi að gera sjer leik að því að ætla einum manni tveggja manna starf. Með því móti væri ekki annars von en geymsla safnanna og öll afgreiðsla færi í handaskolum. Og kynni sumum ef til vill að þykja lítið til koma sparnaðarins, ef svo færi, að t. d. dýrmæt skjöl og ómetanleg færu forgörðum fyrir vöntun á stjórn. Því að slíka hluti geyma þessi söfn, að þeir fást ekki aftur fyrir nokkurt verð. Jeg ætla þó ekki að fjölyrða um þetta frekar nú, en lofa hv. þingheimi því, að jeg mun ekki sitja þegjandi hjá, er mál þetta kemur úr nefnd, ef það fer þangað. Mun jeg firra mig vítum með því að leggjast móti frv., sem ekki einu sinni miðar til sparnaðar, heldur hins mesta ógagns og teflir tveim dýrmætum söfnum í tvísýnu. Og vel mætti hið háa Alþingi muna svo vel sóma sinn, að það leiddi hjá sjer að gera óvirðingu og sýna vantraust þeim manni, er næst stendur til að taka við yfirstjórn safnsins, en á annan hátt getur frv. þetta ekki skilist.

Jón Þorláksson: Út af þeim ummælum hæstv. forsrh. (SE), að hann vildi grenslast eftir innan þingflokkanna, hvort önnur embættasamsteypufrv., sem stjórnin bar fram í fyrra, en fengu þá ekki framgang, myndu nú fá fylgi í þinginu, þá vil jeg taka það fram, að mjer sýndist eðlilegt, að stjórnarforsetinn leitaði fyrst fyrir sjer innan þess þingflokks, sem hann telst til og sem hann að sjálfsögðu styðst mest við, um það, hverjum slíkra frv. flokkurinn væri fylgjandi, og bæri þá það fram, sem flokkurinn vildi styðja. En nú finst mjer ekki blása byrlega fyrir honum, þegar fyrsta frv. af þessu tægi sætir þegar í stað andmælum frá einum flokksbræðra hans. En jeg er ekki viss um, að aðrir þingflokkar telji hann rjett kjörinn til þess að bera fram úr stjórnarsessi þau mál, sem þeir kunna að vera samþykkir, en sem flokkur hv. stjórnarforseta sjálfs er andvígur.

Forsætisráðherra (SE): Út af ræðu hv. þm. Dala. (BJ) skal jeg taka það fram, að öll þau rök, er hann bar fram á

móti frv., eru hin sömu og í fyrra, og svaraði jeg þeim þá rækilega. Rauði þráðurinn í frv. stjórnarinnar í fyrra um embættasamsteypuna var sá, að spara á launum embættismanna með því að láta þá hafa sæmilega mikið að gera, án þess þó að íþyngja þeim um of. Sama má segja um þetta frv. Það er ekki rjett, að störfin við söfnin hjer sjeu svo ósamkynja, sem hv. þm. Dala. heldur fram. Hefi jeg nýlega bent á þetta og fært rök til.

Hvað viðvíkur orðum hv. 1. þm. Reykv. (JÞ), sem virtust vera nokkuð utan við efnið, þá er það að segja, að eigi ræða hans að skiljast sem boðun vantraustsyfirlýsingar á stjórnina, — og öðruvísi verða orð hans varla tekin — þá væri honum sæmra og meiri heilindi í því að láta hana koma strax. Á slíku getur hver stjórn átt von. Annars veit jeg ekki, hvaðan honum kemur myndugleiki til að tala á þann hátt, sem hann gerði.

Bjarni Jónsson: Jeg hefði síst búist við því, að ræða mín hefði þær afleiðingar, sem á daginn er komið. Geri jeg ekki deilu mína og hæstv. forsrh. (SE) að því stóratriði, að jeg geti ekki stutt hann til ráðherradóms þess vegna. Og kynlega kemur mjer það fyrir sjónir, að hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) skyldi einmitt velja þetta tækifæri til að lýsa yfir vantrausti sínu á stjórninni, hafi orð hans átt að skiljast á þann veg, þar sem skoðanir beggja munu þó falla saman í þessu máli og hvorirtveggja munu ætla sjer að bjarga föðurlandi sínu með því að skera nokkra menn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:1 atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 200 og 211, 302).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Þetta frv. er gamall og nýr kunningi og hefir enda nýlega verið deilt um það hjer í hv. deild, svo jeg skal ekki verða langorður um það, nema tilefni gefist til þess.

Meiri hl. nefndarinnar hefir gert grein fyrir áliti sínu í nál. á þskj. 211. Þar er m. a. tekin fram aðalástæðan, sem í raun og veru er mikils virði, að þessi tvö söfn fái að haldast aðgreind eftirleiðis eins og hingað til, svo ekki aukist sá ruglingur, sem því fylgir, að þau verði gerð að einu og sama safni og aðeins klofin í tvent að nafninu. Því að menn ættu að láta sjer skiljast, að þó að bæði þessi söfn sjeu undir sama þaki og þó að oft sjeu það sömu mennirnir, sem nota þau bæði, þá er hjer samt um tvær stofnanir að ræða, sem þó að þær sjeu ekki að öllu óskyldar, eru þó algerlega og greinilega aðskildar. Það er tiltölulega skýr merkilína milli þess, sem skjalasöfnin hafa að geyma og bókasöfnin hinsvegar, og á sama hátt er forstöðu þeirra ólíkt varið. Raunar má svo segja, að hjá okkur nálgist forstaða Landsbókasafnsins meir forstöðu Landsskjalasafnsins en annarsstaðar gerist, að því leyti sem hjer er um svo tiltölulega litla bókasöfnun að ræða, að hún verður að mestu bundin við íslensk fræði, en annarsstaðar ætlast til, að safnað sje öllu, sem hægt er. Hjer er mest um það að ræða að safna öllu því, sem skrifað er á íslensku, og því, sem um Ísland og Íslendinga og íslensk fræði er ritað, og því þarf líka hjer sem annarsstaðar sjerstaklega bókfróða menn til að hafa forstöðu safnsins á hendi, og þá

sjerstaklega þá menn, sem vel eru að sjer í bókmentasögu okkar þjóðar. Að hinu leytinu vildi nefndin þó ekki ganga á snið við sparnaðarviðleitni þingsins, og hefir því fallist á, að aðstoðarmannsembættið við Landsskjalasafnið verði ekki veitt, en eins og kunnugt er, þá er það nú laust. Vinst þá það við þetta, að safnið fær að vera áfram sjerstök stofnun, en eins litlu til hennar kostað sem hægt er. Má raunar búast við því, að með því móti yrði afgreiðslan ekki fullkomin, meðan skráning safnsins er ekki komin í betra horf.

Þá sje jeg, að brtt. er fram komin við þetta frv. eftir að nefndin hefir afgreitt málið frá sjer, og hefir hún því ekki tekið afstöðu til hennar. En persónulega er jeg henni mótfallinn. Jeg hjelt satt að segja, að ekki myndi þurfa svona breið spjót og hægt væri að gera sig ánægðan með, að þetta kæmi fram í nál., og stjórnin mundi telja sig bundna við það. Þetta er hvort sem er ekki nema sparnaðarráðstöfun í svip, en sem auðvitað má halda sjer við eins lengi og vill.

Að lokum leyfi jeg mjer að vænta þess, að háttv. deild felli frv. að þessum forsendum meiri hl. athuguðum. Það verður ekki annað sagt en að á þennan hátt sje rekstur skjalasafnsins allmikið færður niður, svo að sá sparnaður mun vera tiltölulega meiri en hægt er að koma við annarsstaðar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þegar háttv. allshn. afgreiddi frv. þetta, þá átti jeg sæti í þeirri hv. nefnd og var í minni hluta. Var jeg þá frsm. og skal jeg því ekki enn skorast undan að mæla nokkrum orðum fyrir frv., því að mjer er ljúft að halda fram svo góðum málstað, sem sje þeim, að stuðla að því, að stjfrv. nái fram að ganga. Sakna jeg þess, að hæstv. forsrh. (JM) skuli ekki vera viðstaddur umræðurnar f. h. stjórnarinnar, en það verður þá að bíða til 3. umr., sem hann hefir að segja.

Aðeins ein ástæða, sem teljast mætti veruleg, hefir verið borin fram gegn frv. þessu. Hún er sú, að forstaða þessara tveggja safna útheimti svo ólíka hæfileika, að ógerningur væri að fela hana einum og sama manni. En þessi mótbára er bygð á ónógri athugun. Jeg þori meira að segja að fullyrða, að hjer sje völ allmargra manna, sem færir sjeu að hafa forstöðu beggja safnanna á hendi. Meira að segja eru til menn hjer, sem hafa sjerstaklega sýnt það, að þeir hafa aflað sjer þeirrar þekkingar, sem til þess þarf að veita báðum þessum söfnum forstöðu. En nú stendur dálítið sjerstaklega á í þessu máli, því að þegar er losnuð önnur þessara staða vegna fráfalls mannsins, sem veitti Þjóðskjalasafninu forstöðu. Og töluverðar líkur eru taldar á því, að ekki muni líða á löngu þangað til forstaða hins safnsins losnar líka. Og þó að svo kunni að vera, að auðfundnir sjeu menn, sem veitt geta báðum þessum söfnum forstöðu, þá má vera, að erfitt sje fyrir mann, sem nú kemur utan að, að taka við báðum söfnunum í einu, og því sje erfitt að koma sameiningunni á eins og nú standa sakir. Um þetta hefði hæstv. forsrh. betur getað sagt en jeg, og skal jeg ekki frekar að því víkja.

Eins og hv. þdm. muna, er hjer á ferðinni annað frv., sem snertir þetta mál að nokkru leyti. Það er frv. um breyting á háskólalögunum. Er það nú komið frá nefnd, og í till. nefndarinnar er gert ráð fyrir því, að forstöðumenn þessara safna starfi sem aukakennarar við heimspekideild háskólans. Jafnframt er gert ráð

fyrir þremur fastakennurum, eins og ákveðið var, þegar háskólinn var stofnaður. Því er lýst í ástæðum minni hlutans um þetta mál, að heppilegasta úrlausnin myndi vera sú, að fækkað væri um einn fastakennara í íslenskum fræðum, en þessum tveim embættum haldið og báðum mönnunum, sem þau skipuðu, gert að skyldu að starfa sem aukakennarar við heimspekideildina. En hv. mentmn. hefir ekki fallist á að fækka fastakennurunum við heimspekideildina frá því, sem ákveðið var í upphafi, og getur þá minni hlutinn ekki sjeð, að nein nauðsyn sje á að halda tveim forstöðumönnum við söfnin til þess sjerstaklega að hafa á hendi kenslu við háskólann. Því vill hann mæla með því, að embættin sjeu sameinuð, en sjer sjer ekki fært að skylda hinn eina forstöðumann til þess að hafa jafnframt kenslu á hendi. Gæti að vísu svo borið við, að maður veldist í þessa stöðu, sem slíkt væri fær um, en ekki virðist heppilegt að skipa svo fyrir með lögum, því að starfið við safnið yrði ærið eins manns verk, eða að minsta kosti nóg.

Hjer er komin fram brtt. við frv. frá hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), sem fer í þá átt, að í stað þess að sameina þessi tvö embætti sje svo ákveðið, að aðstoðarvarðarsýslanin við Þjóðskjalasafnið skuli niður lögð. Þessi till. mun í reyndinni fara nærri því, sem fyrirhugað er um framkvæmdina, ef stjórnarfrv. nær fram að ganga, eftir því, sem jeg best veit. Því jeg hygg, að reynt verði að fá samkomulag um þá tilhögun, að sá, sem nú starfar við Þjóðskjalasafnið, verði skjalavörður, og sameining komi ekki til greina fyr en hann, sem nú er maður hníginn á efra aldur, ljeti af embætti.

Því hefi jeg farið fram á það við hv. þm. V.-Ísf., að hann taki till. sína aftur til 3. umr., í því skyni, að leitað verði samkomulags um málið. Ætla jeg það auðfengið, ef sá hv. þm. (ÁÁ) getur annars gengið inn á það, að þessar tvær yfirmannsstöður við söfnin verði sameinaðar að lokum, þ. e. þegar yfirskjalavarðarembættið losnar í næsta sinn. Jeg vil ennfremur gera það að tillögu minni, að hv. deild vísi aðalfrv. einnig til 3. umr., og geri mjer sem sagt vonir um, að þá náist samkomulag um viðunanleg úrslit.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg skal til samkomulags taka brtt. mína aftur til 3. umr. Gildir einu, við hvora umr. hún verður rædd.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Jeg heyri, að hæstv. fjrh. (JÞ), sem einnig er frsm. minni hlutans, blandar töluvert ýmsu persónulegu inn í þetta mál. Það hefi jeg forðast. Mjer er alveg sama, hvort þessir forstöðumenn eru núlifandi menn eða forstöðumenn í framtíðinni, ungir eða gamlir; heldur vakir það eingöngu fyrir mjer, að jeg tel það illa ráðið, ef þessi tvö söfn verða sameinuð. Einnig hefir öðru máli verið blandað inn í þessar umræður, sem sje frv. um háskólann. Það er sem sje svo hugsað, að ef söfnin eru aðskilin, þá er gert ráð fyrir því, að forstöðumennirnir sjeu jafnframt aukakennarar við heimspekideildina, en aðeins einn fastur kennari.

Mentmn. hefir ekki getað fallist á þetta, af þeim ástæðum, að þótt deildinni gæti verið styrkur að því að fá þessa fróðu menn til þess að kenna, sem þá sjerstaklega yrði það, að þeir hjeldu fyrirlestra um sjerfræðileg efni, þá er ekki þar með sagt, að þeir gætu komið að gagni til þess að undirbúa menn undir meistara-

próf. Þau efni gætu verið valin á annan hátt. Og svo gæti farið, að þótt þessir sjerfræðingar hefðu kenslu á hendi í deildinni, þá vantaði algerlega kenslu á köflum í því, sem menn þurfa að vita til meistaraprófs, enda er það ekki sæmilegt, að aðeins einn kennari sje í deildinni, og þó þeir væru fleiri, held jeg, að hv. þm. þyrftu ekki að vera eins hræddir og þeir virðast vera um það, að háskólinn hlypi í blístur og fitu, þó að hann fengi líka þessa aukakennara. Hitt er rjett, að eigi einn maður að veita báðum söfnunum forstöðu, þá er auðvitað þar með úr sögunni, að hann hafi kenslu á hendi, og þyrfti því að breyta háskólafrv. í þá átt, ef til kemur.

Annars þykir mjer hálfleiðinlegt, að hæstv. fjrh. skuli leggja mannorð sitt við aths. þessa frv., og býst jeg við, að það komi af því, að hann hefir ekki athugað þær nógu nákvæmlega. Jeg trúi hæstv. fjrh. varla til þess að blanda saman handritum og skjölum. Ef menn teldu hvorttveggja hið sama, mætti alveg eins segja, að stjórnarskrá og markaskrá væri eitt og hið sama, því að hvorttveggja endaði á „skrá", og að af því ætti að leiða, að maður, sem góður er til að semja markaskrá, væri einstaklega fær um að búa til stjórnarskrá. Auðvitað eru bæði skjöl og handrit rituð með penna og bleki oft og einatt og fest inn í bækur, og eigi að leggja áhersluna eingöngu á það eina sameiginlega atriði, þá má auðvitað segja, að mikið sje til af hvorumtveggja í báðum söfnunum. En að þetta sýni, að báðar stofnanirnar, landsbókasafn og þjóðskjalasafn, sjeu ein og hin sama, er fjarri öllum sanni. Málstaður hv. minni hl. er bygður á þeirri fullyrðing einni, að hægt sje að finna menn, sem geti veitt báðum söfnunum forstöðu. En jeg hygg nú, að þeir menn sjeu vandfundnir, sem veitt geti forstöðu hvoru safninu fyrir sig, hvað þá báðum. Það er náttúrlega altaf hægt að segja, að til sjeu nógir menn. Það er hægt að taka hvern sem er og setja hann yfir söfnin, en hvað vel það gæfist og hversu mikið hann ynni til gagns, er eftir að vita. Annars nenni jeg ekki að taka upp þær röksemdir, sem búið er að leiða fram um það, að þessar stöður verði sjerfróðir menn að skipa. Og þar að auki er geysimikið verk að veita öðru safninu forstöðu, ef maðurinn á ekki að vera tóm „toppfígúra", heldur vinnandi maður. Eigi forstöðumaðurinn aðeins að vera „toppfígúra", þá er ekkert að segja. Jeg treysti mjer til að standa fyrir öllum stofnunum ríkisins, ef jeg hefi aðeins nógu marga menn undir mjer, sem vinna öll verkin. En eigi þessir menn að sjá um söfnin og vinna að þeim, þá er starf þeirra gríðarmikið. Það er t. d. sagt, að ákaflega mikið verk þurfi að vinna til þess að koma lagi á Landsbókasafnið og þurfi áhlaupamann til að gera það vel úr garði. Um Þjóðskjalasafnið er það sannast að segja, að menn eru að læra að stjórna því alla æfina, og er nú ómögulegt að nota það safn nema af þaulkunnugum manni eða með leiðsögn hans. Vantar fullnægjandi skrá yfir það. Og hætt er við, að eitthvað myndi sú stjórn lenda í handaskolum, ef það safn yrði gert að selstöðu frá Landsbókasafninu og einhverjum fengin stjórn þess og afgreiðsla, sem enga ábyrgð bæri.

Því vil jeg vona, að hv. þdm. afgreiði nú mál þetta í þriðja skifti með sömu skilum og áður, og ætti þeim að veitast það því ljettara, sem bent hefir verið á meiri sparnað við þessi söfn en nokkra

aðra stofnun, því frv. þetta kynni að vera eðlilegt á slíkum sparnaðartímum, ef ekki hefði verið bent á neinn annan sparnað. En sú ástæða er úr sögunni.

ATKVGR.

Brtt. 302 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 14:5 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 14:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:5 atkv.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 6, 302).

Ásgeir Ásgeirsson: Við 2. umr. þessa máls tók jeg aftur brtt. mína á þskj. 302, sem nú kemur undir atkvæði. Hún er í samræmi við brtt., sem jeg flutti við 3. umr. fjárlaganna, en var þá vísað frá, þar sem hún var talin koma í bága við gildandi lög. Í þeirri tillögu var farið fram á, að fjárveiting til aðstoðarskjalavarðar yrði látin falla niður í eitt ár, og þar sem hæstv. stjórn hafði láðst að veita það starf um nokkurn tíma, og gera verður ráð fyrir, að úrskurður hæstv. forseta hafi verið á rökum bygður, vildi jeg forða henni frá áframhaldandi lagabroti með tillögunni.

Þessi brtt. mín er svo ljós, að hún þarfnast lítilla skýringa. Í henni felst nálega sami sparnaður sem í ákvæðum frv. um sameiningu forstöðumannaembættanna við söfnin, en hún hefir þann mikla kost, að með henni er farin sú leið, er flestir mentamenn og þeir, sem nokkur skifti hafa við safnið, gætu betur felt sig við. Og maður sá, sem nú er settur til að veita safninu forstöðu, sættir sig ólíkt betur við hana, en telur sameiningu safnanna alveg ótæka.

Jeg skal ekki dæma um sameiningu þessara tveggja safna, en vil að eins leyfa mjer að benda á, að ef sameina á á þessu sviði, gæti eins komið til greina að sameina öll 3 söfnin, Landsbókasafn, Þjóðskjalasafn og Þjóðmenjasafn. Það er sannanlegt, að þetta má gera, og hafa svo sjerfróða aðstoðarmenn við öll söfnin undir yfirstjórn eins og sama manns. Ef sameina á einungis þessi tvö söfn, sem hjer ræðir um, þá er ef til vill of skamt farið, en það liggur ekki fyrir að þessu sinni.

Nú mun vera gert ráð fyrir því, að sá maður, sem settur er í þjóðskjalavarðarstöðuna, fái veitingu fyrir henni, sem og er alveg rjettmætt. En þá liggja ekki mikil rök til þess að fara nú að sameina embættið við annað embætti, um leið og það er veitt. Annaðhvort er að sameina ekki embættið öðru embætti, og fella þá niður aðstoðarmannsstarfið, eða þá að veita ekki embættið og láta sameininguna komast á þegar í stað.

Verði aðstoðarskjalavarðarstarfið lagt niður, tel jeg sjálfsagt, að yfirskjalavörður fái einhverja lítilsháttar fjárupphæð til nauðsynlegrar aðstoðar, og mundu 500 kr. sennilega hrökkva til þess.

Jeg vil benda þeim hv. þm., sem eru á móti sameiningunni, á það, að þeir ættu að geta felt sig betur við till. mína en frv. sjálft, og ættu því að greiða henni atkvæði. Að öðrum kosti mun frv. verða samþ. óbreytt, og mun jeg að minsta kosti greiða atkvæði með því, þó að brtt. mín verði feld.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get byrjað á því að taka undir með hv. þm.

V.-Ísf. (ÁÁ), að vel geti komið til mála að sameina ekki aðeins forstöðu Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns, heldur einnig forstöðu Þjóðmenjasafnsins. Þetta er ekkert nýmæli; hefir það meðal annars verið orðað af þeim manni, sem nú má telja einna fróðastan allra núlifandi Íslendinga í þessum efnum. En það liggur ekki fyrir og á ekki við að svo stöddu. Forstöðumaður Þjóðmenjasafnsins er maður á besta aldri, og yrði þessi sameining auðvitað að bíða þangað til hann ljeti af störfum, og má þá altaf taka þetta til athugunar seinna meir.

Um sameiningu Landsbókasafnsins og Þjóðskjalasafnsins get jeg sagt, að jeg hygg, að ekki verði á móti því borið, að hún sje vel framkvæmanleg. Bæði söfnin samanlögð eru ekki nema lítið safn í samanburði við stóru söfnin erlendis, og það þótt ekki sje borið saman við allra stærstu söfnin, en þeim nægir einn forstöðumaður. að vísu með dugandi aðstoðarmönnum. Það eru engin rök gegn sameiningu forstöðumannsembættanna, að forstöðumaðurinn væri þá ekki vel sjerfróður um skjalasafnið, eða þá bókasafnið, hann gæti ekki verið sjerfróður nema um annaðhvort safnanna, því að þá verður sjerfræðin hjá aðstoðarmönnunum. Jeg er alveg sannfærður um, að altaf má takast að fá vel hæfan mann til þess að vera aðstoðarmaður við skjalasafnið.

Það er ekki mjög mikið, sem frv. og brtt. hv. þm. V.-Ísf. ber á milli. Í báðum er gert ráð fyrir, að í skjalasafninu vinni einn maður, sem er sjerstaklega fróður í þeirri grein. En það er mjög haganlegt, að sami maðurinn veiti báðum söfnunum forstöðu. Landsbókasafnið vantar tilfinnanlega húsrúm, en Þjóðskjalasafnið hefir mikið rúm, sem það þarf ekki að nota í náinni framtíð. Ef sami maður ræður yfir báðum söfnunum, er vitanlega hægt að koma þessu miklu betur fyrir. Landsbókasafnið getur þá fengið aukið rúm, án þess að þrengja of mjög að hinu safninu.

Sparnaður er og nokkuð meiri eftir tilhögun frv. Munurinn á launum er dálítill, og auk þess gæti einn maður ekki annað öllu skjalasafninu. Hann þyrfti aðstoð einstöku sinnum, en sjeu bæði söfnin undir sömu stjórn, er auðvelt að veita þá aðstoð frá Landsbókasafninu, þá sjaldan er það þyrfti.

Það er nú í ráði að veita þjóðskjalavarðarembættið þeim manni, sem settur er í það. Þess þyrfti auðvitað ekki, en jeg hefi orðið var við það, að mjög margir þingmenn telja það viðkunnanlegra, að hann fái að stýra safninu þau ár, sem hann á eftir að starfa við það, en hann er nú talsvert fullorðinn maður. En þegar hann lætur af embætti, ætti þessi sameining sennilega að komast á.

Það hefir verið haft á móti þessari sameiningu, að hún hafi ekki verið borin undir starfsmenn skjalasafnsins. Það er satt, að þetta var í fyrstu ekki borið beinlínis undir þjóðskjalavörð, enda var það vitanlegt, að hann var þessu allmjög mótsnúinn. En jeg átti tal um þetta við landsbókavörð, þegar jeg starfaði í launanefndinni, og taldi hann ekkert verulegt þessu til fyrirstöðu. En seinna fann hann ýms vankvæði á því. Það er og öllum kunnugt, að Halldór prófessor Hermannsson telur þetta vel framkvæmanlegt og rjettmætt.

Þegar við hv. þm. V.-Ísf. erum samdóma um það, að ekki þurfi nema einn mann til þess að annast skjalasafnið, þá get jeg ekki skilið, hvers vegna hann kýs ekki heldur að hafa aðstoðarmann í því, en yfirstjórn og reikningsfærslu í einu

lagi fyrir bæði söfnin. Það yrði haganlegra fyrir bæði söfnin. Hv. þm. gat um, að einn maður, sem ætti að sjá um safnið eitt, mundi þurfa einhverja aðstoð, en hví má ekki hugsa sjer, að sú aðstoð gæti komið frá hinu safninu, eins og jeg tók fram áðan? Ef söfnin væru undir stjórn eins manns, mætti enn komast af með einn lestrarsal, og mætti þá ef til vill taka herbergi yfirskjalavarðar fyrir vinnustofu handa einstaka vísindamönnum. Í mínum augum mælir því alt með því, að einn maður hafi yfirstjórn beggja safnanna, en sjerþekkingin sje hjá aðstoðarskjalaverði.

Jeg skal svo láta útrætt um málið að sinni. Jeg hefi áður mælt fyrir þessari sameiningu og flutt frv. um hana. Jeg vænti þess, að allir hv. þm. skilji þetta einfalda mál og að hv. deild geti fallist á frv. óbreytt, eins og það hefir verið borið fram af stjórninni fyr og nú.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Það var alveg rjett, sem hæstv. forsrh. (JM) sagði nú síðast, að allir þingmenn muni skilja, hvert er stefnt. Það var einnig hárrjett, sem hann og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) tóku fram, að sameina mætti þjóðmenjasafnið hinum tveim söfnunum. En hví þá ekki ganga lengra? Taka náttúrugripasafnið, listasafn Einars Jónssonar og öll væntanleg söfn og setja undir eina og sömu yfirstjórn. Það væri lafhægt, ef sjerfræðingur væri við hvert safn, sem ynni alt verkið. Þá hefðu menn tryggt sjer það, sem nú er verið að byrja á, að yfirmaðurinn gerði alls ekkert gagn Hann hefði þá svo margt undir, að alt gengi í umsjónarstörf, en sjerfræðingar ynnu alt og bæru ábyrgð á öllu. Þetta skilja allir, en tvísýnt mundi verða um sparnaðinn af þessu fyrirkomulagi. Jeg sætti mig því betur við brtt. hv. þm. V.-Ísf., þar sem hún gerir ráð fyrir að halda yfirstjórnum safnanna aðskildum.

Þessi söfn vor hafa verið borin saman við stóru söfnin erlendis, sem væru margfalt stærri en þessi tvö söfn samanlögð og lytu þó einni yfirstjórn. En munurinn er sá, að þau eru samstæðar stofnanir. Og hve mikill fjöldi manna starfar ekki við þau. Jeg hefi af tilviljun skrifað, hve margir starfa við dönsku söfnin og taka laun eftir launalögum. Við konunglega bókasafnið eru: 1 yfirbókavörður, 6 bókaverðir og 14 undirbókaverðir. Við háskólabókhlöðuna: 1 yfirbókavörður, 5 bókaverðir, 12 undirbókaverðir. Við konunglega skjalasafnið: 1 yfirskjalavörður, 4 skjalaverðir, 11 aðstoðarskjalaverðir, 3 registratorar. Við þjóðmenjasafnið: 2 forstjórar, 5 umsjónarmenn, 7 aðstoðarumsjónarmenn, 1 konservator, 2 ritarar. Auk þeirra er fjöldi starfsmanna við þessi söfn, sem er ekki getið um í launalögunum, aðstoðarmenn, þjónar, bókbindarar, ljósmyndarar, dyraverðir o. s. frv. Það er jafnauðvelt fyrir Dani sem okkur að komast af með einn yfirmann við hvert safn, þegar hann hefir alla þá sjerfræðilegu aðstoð, sem hann getur á kosið. En að því er enginn sparnaður, og mundi ekki heldur verða hjer. Þessum yfirmanni mundi beinlínis verða bætt við; það mundi auðvitað verða valinn til þess ágætur maður, sem yrði sennilega mesti sómi og prýði fyrir söfnin.

Að meira húsrúm yrði vegna þessarar sameiningar, er mjer óskiljanlegt. Rúmmál hússins eykst auðvitað ekki, þó að einn yfirmaður stjórni báðum söfnunum. Þó mætti auka húsrúmið með einu móti: slá öllum reitunum saman og koma á aft-

ur gamla glundroðanum. Láta bækurnar vera innan um skjölin og skjölin innan um bækurnar og hafa hvorttveggja í einum sal. Þá yrði ónýtt verk þess ágætismanns, sem kom safninu á fót sem sjerstakri stofnun og skóp það að miklu leyti. Þá er sögu skjalasafnsins lokið, það verður ekki einu sinni sel frá Landsbókasafninu, heldur einungis hluti úr því. Í mörg ár var unnið að því af kappi að skilja söfnin sundur, og fer mikið verk forgörðum, ef því er glundroðað saman aftur.

Um tillögur Halldórs Hermannssonar er það að segja, að það er vafalaust, að hann hefir ágætt vit á bókasöfnum, en jeg efast um, að tillögur hans í þessu máli eigi að mega sín svo mikils, að rjett sje að samþykkja þetta vegna þeirra. Hann hefir dvalið mestan aldur sinn erlendis og er ekki lengur kunnugur hjer; hann þekkir bókasöfn, en síður, hvað oss hentar hjer, og er því ekki meira mark takandi á tillögum hans en annara góðra manna.

Það mun til lítils að karpa lengur um þetta. Jeg get gjarnan verið með því að setja einn mann yfir öll söfnin, ef menn vilja endilega bæta manni við.

Ásgeir Ásgeirsson: Það, sem jeg sagði um sameiningu allra safnanna þriggja, ber ekki að skilja sem tillögu mína, enda liggur það ekki fyrir. Jeg vildi aðeins benda á, að eins rjettmætt væri að sameina öll söfnin, og þar sem það er vitanlegt, að hinn setti þjóðskjalavörður muni fá veitingu fyrir embættinu, liggur því máli ekkert á. Jeg segi þó ekki, að jeg mundi fylgja þessu, heldur benti á, að þetta væri rjetta aðferðin, ef menn vilja steypa saman.

Jeg er ekki eins hræddur og hv. 4. þm. Reykv. (MJ), þegar jeg heyri samsteypu nefnda. Hann óttast að þá muni alt fara í kaldakol, háskólinn í gær og söfnin í dag. Jeg býst ekki við, að farið verði að rugla saman náttúrugripum og bókum, en að bókum og skjölum verði ruglað saman, er ekkert kvíðvænlegra en að rugla saman skáldsögum og stærðfræðibókum, eins og gert er. Þetta gengur því ekki í mig, enda liggur samsteypa allra safnanna ekki fyrir.

Jeg er samdóma hæstv. forsrh. (JM) um það, að ekki þurfi nema einn aðalstarfsmann við Þjóðskjalasafnið og að Hannes Þorsteinsson eigi að veita því forstöðu, meðan hans nýtur við. Það mun vera tilfinning okkar beggja, að ágætur maður í þessum fræðum eigi að vera húsbóndi á sínu eigin heimili. En ef það er látið eftir einum ágætismanni og vjer eignuðumst fleiri ágæta menn í þessari grein, yrði að sjálfsögðu að láta það líka eftir öðrum. Það mun enginn vera hjer, sem teldi það heppilegt, að dr. Jón heitinn Þorkelsson, fremur en Hannes Þorsteinsson nú, hefði unnið við safnið undir stjórn annars. Jeg vil með tillögu minni spara alt að því eins mikið fje sem frv. fer fram á, en mjer þykir skemtilegra, að íslenskur fræðiþulur væri húsbóndi á þessu höfuðbóli íslenskra fræða og þyrfti ekki að vera gefinn undir annan.

Forsætisráðherra (JM): Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefir að mestu leyti svarað hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Það er rjett, að okkur hv. þm. V.-Ísf. greinir ekki mjög mikið á, nema um sparnaðinn. Hann er talsvert meiri eftir stjfrv. en eftir tillögu hv. þm., því að ekki lítill munur er á launum aðstoðarmanns og forstöðumanns.

Jeg hygg, að tilfinningar ráði nokkru

í þessu máli. Mönnum finst, að hvorki dr. Jón Þorkelsson nje Hannes Þorsteinsson hefðu átt að vinna þarna öðruvísi en sem sjálfstæðir húsbændur, þó að Hannes Þorsteinsson hafi reyndar lengst af verið aðstoðarmaður.

Það er öllum vitanlegt, að ekki er nema eins manns verk að anna skjalasafninu. Nú hafa um langa stund verið þar tveir menn, en þeir hafa fremur verið þar sem vísindamenn en skjalaverðir og notað tímann meir til vísindaiðkana en vinnu við safnið. Safnið hefir beinlínis verið vísindamannastöð, og er það ákaflega gott og því eðlilegt, að mönnum kæmi til hugar, að forstöðumaður safnsins gæti kent við háskólann. Þetta væri tilvalið, ef vjer hefðum efni á því, en það höfum vjer því miður ekki eins og fjárhagurinn er nú. Það er ekki heldur óvirðuleg staða að vera skjalavörður, og er jeg sannfærður um, að í þá stöðu mundi jafnan völ á nýtum fræðimönnum. Virðist því alt benda á, að rjett sje að leggja skjalasafnið undir Landsbókasafnið.

Að söfnunum verði ruglað saman við þetta, nær engri átt. Það má vera, að verði aðeins einn lestrarsalur, megi síður nota hann til skáldsagnalestrar, en meir til vísindaiðkana. Vonandi kemur bæjarbókasafn, er nota má á svipaðan hátt sem lestrarsalur Landsbókasafnsins er notaður nú. Jeg vænti því þess, að brtt. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) verði feld, en frv. samþykt óbreytt. Það er alveg vafalaust, að öllu má halda í hinni bestu reglu, þó að frv. verði samþykt.

Tryggvi Þórhallsson: Það var aðeins stutt fyrirspurn til hæstv. forsrh. (JM). Í frv. þessu stendur, að lög þessi öðlist gildi þegar í stað. Eftir því mætti ætla, að sameiningin færi fram nú þegar, þar sem svo stendur á, að annað þetta embætti er laust og hitt eftir sögn í þann veginn að losna. Nú hefi jeg samt heyrt því fleygt, að það muni vera í þann veginn verið að veita í þessar stöður. Jeg er ekki að leggja neitt áfellisorð á hæstv. stjórn fyrir það, sem sagt er, að hún hafi í huga viðvíkjandi þessum embættum, en hitt vil jeg benda á, að það væri harla óviðfeldið, að þingið samþykti slík lög rjett í sama mund og verið væri að gera slíkar ráðstafanir. Jeg vildi aðeins beina þessari fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort nokkuð sje hæft í þessu.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vildi helst komast hjá að ræða þetta í bili, en skal aðeins geta þess, að jeg hygg það hentugra að þurfa ekki að sameina þessi embætti á næstunni. Það er annars rjett, sem hv. þm. Str. (TrÞ) segir, að það getur í fljótu bragði sýnst óeðlilegt, að það tvent færi saman, að samþykt væri sameining embættanna, en þau jafnframt veitt tveim mönnum. En hjer liggja að sjerstök atvik og fyrirætlanir, sem hv. þingmönnum eru kunnar.

ATKVGR.

Brtt. 302,1 feld með 11:8 atkv.

— 302,2—3 teknar aftur.

Frv. samþ. með 15:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 6).

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Jeg þarf ekki að halda langa ræðu um þetta mál, því

að það er langt síðan það kom fyrst fram uppástunga um þessa sameiningu. En það er ýmislegt í frv., sem þyrfti að athuga, og jeg vona, að mjer gefist tækifæri til þess að ráðfæra mig við hv. mentamálanefnd um það. Ef svo fer, að þjóðskjalavarðarembættið verður veitt, þá mun tilætlunin að veita ekki skjalavarðarembættið.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi aðeins láta í ljós gleði mína yfir því, að hv. Nd. hefir samþykt frv. þetta og að það er hingað komið. Vona jeg, að það fái að ganga í gegnum þessa hv. deild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til mentmn. með 13 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., föstudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 427).

Frsm. (Sigurður Eggerz): Þetta frv. er samskonar og frv., sem felt var á síðasta þingi, og er komið fram sem liður af samsteypufrv. fyrverandi stjórnar. Hv. Nd. hefir samþykt þetta frv. nú, og nefndin leggur til, að frv. nái að verða að lögum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 6).

Forsætisráðherra (JM): Jeg vil aðeins láta þess getið, af því að jeg var ekki við 2. umr. þessa máls hjer í deildinni, að sá sparnaður, sem af frumvarpi þessu leiðir, getur tæplega komið í framkvæmd að öllu leyti þegar í stað, því að ákveðið er að veita nú yfirskjalavarðarembættið, en ekki skjalavarðarembættið. Er það því ekki fyr en sá maður, sem nú verður þjóðskjalavörður, lætur af embætti, að sparnaður þessi kemur fyllilega í ljós. Jeg hefi átt tal um þetta við nefndir í þinginu og fleiri þingmenn, og eru þeir þessari tilhögun samþykkir. Vona jeg því, að frv. verði samþykt með þessum skilningi.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 477).

---

14. Tekju- og eignarskattur.

Á 7. fundi í Nd., laugardaginn 23. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt (stjfrv., A. 37).

Á 9. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., föstudaginn 29. febr., var frv. aftur tekið tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (KlJ): Eins og sjest á greinargerðinni með frv., þá er það fram komið fyrir ósk erlendra vátryggingarfjelaga. Fer það fram á þrjár breytingar á tekjuskattslögunum. Í nefndum

lögum nr. 74, 27. júní 1921, 3. gr., er svo ákveðið, að fjelög, og þar á meðal erlend vátryggingarfjelög, skuli greiða skatt af nettótekjum sínum af starfseminni hjer á landi, og án tillits til þess, hvernig starfsemin yfir höfuð gengur. Með þessu frv. er sú breyting á því gerð, að hjer eftir skuli skatturinn reiknaður út eftir hlutfallinu milli allra iðgjaldatekna fjelagsins hjer á landi og allra iðgjaldatekna þess af allri starfseminni, hvar sem hún er. Þessi aðferð tíðkast víða annarsstaðar og þykir að mörgu leyti hentug. Hafi t. d. fjelagið engar tekjur af starfsemi sinni hjer á landi, þá fær landssjóður þó hlutfallslegan skatt af allri útkomu fjelagsins. Stjórnin hafði mál þetta til meðferðar 1922 og fjelst hún á, að þessar breytingar myndu vera rjettmætar, þó að ekki yrði því við komið að leggja fram frv. þessa efnis fyrir síðasta þing. Í sumar var mál þetta tekið upp aftur af umboðsmanni vátryggingarfjelaganna hjer á landi, hr. Axel Tulinius. Hafði stjórnin þá leitað umsagnar skattstjóra Reykjavíkur um málið og hann tjáð sig því fylgjandi. Fyrir því var svo afráðið að bera frv. þetta fram hjer.

Í 9. gr. laganna um tekju- og eignarskatt eru ekki taldar til skattskyldra tekna þær fjárhæðir, sem ábyrgðarfjelögin leggja frá til tryggingar skuldbindingum við þá, sem tryggðir eru hjá þeim. En í 12. gr. reglugerðar um tekju- og eignarskatt, 14. nóv. 1921, er þessi grein talsvert þrengra lögskýrð, því þar stendur svo: „Þetta getur þó einungis gilt um skuldbindingar, sem gerðar verða *þegar* á hendur fjelaginu, t. d. brunatrygging á húsi, sem er brunnið, líftrygging, sem greiða verður bráðlega af því að sá er látinn, sem tryggður var", o. s. frv.

Dönsk lög ganga lengra í þessu efni, segja fortakslaust, að ábyrgðarfjelög sjeu undanþegin því að greiða skatt af upphæðum, sem lagðar hafa verið til hliðar til þess að standast vátryggingarskyldur, eða í „bónus"-sjóð, sem ekki þekkist hjer. Þessu er farið fram á að breyta þannig, að fjármálaráðherra getur sett nánari fyrirmæli um heimild fjelaganna til slíks frádráttar.

Það hefir reynst ómögulegt fyrir fjelögin að skila framtölum sínum og reikningum innan þess tíma, er lögin ákveða, og er því þriðja breytingin sú, að ráðherra geti sett ákvæði um það. Skattstjóri hefir fallist á, að rjett sje, að þessi breyting sje gerð. Reynslan mun sýna, hvort ríkissjóður muni tapa eða græða við breytinguna. En það er álit skattstjóra, að útkoman muni verða mjög svipuð.

Að svo mæltu vil jeg óska, að frv. verði vísað til fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., föstudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 37, n. 333).

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg bar þetta frv. fram af stjórnarinnar hálfu á öndverðu þessu þingi og gerði þá grein fyrir þeim breytingum, sem frv. fer fram á, að gerðar verði á gildandi lögum. Jeg sje því ekki ástæðu til þess að endurtaka þau ummæli mín nú, en get vísað til þeirra og svo hins, að öll fjhn. hefir samhuga fallist á ástæðurnar fyrir þessu frv., og leggur hún því til, að það verði sam-

þykt óbreytt. Mjer þykir því óþarft að fara frekar út í þetta mál, en vil þó aðeins benda á, að þó að þetta frv. verði nú samþykt, má alveg eins samþykkja líka frv. það, sem nú er á dagskrá í dag og kemur til umræðu nokkru síðar en þetta, um útsvarsálagningu erlendra vátryggingarfjelaga, því að þetta frv. hefir engin áhrif á það frv., sem getur alveg eins gengið fram, þó að þetta verði samþykt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 37).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 37).
Á 51. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 1. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 37, n. 483).
Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Í 3. gr. laga nr. 74, 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, er ákvæði um það, hvernig skuli leggja skatta á ýms fjelög, þar á meðal erlend vátryggingarfjelög, en samkvæmt þessum ákvæðum er ágóðinn af starfsemi þeirra hjer á landi skattlagður án tillits til þess, hvernig heildarstarfsemi þeirra gengur. Yfir þessu hefir verið kvartað og samkvæmt tillögum skattstjóra hefir fyrverandi fjármálastjórn lagt þetta frv. fyrir þingið. En samkvæmt því er skatturinn miðaður við ágóðann af heildarstarfsemi fjelagsins, þannig, að sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna fjelagsins hjer og allra iðgjaldatekna þess, er skattlagður hjer. Það er ómögulegt að segja um það fyrirfram, hvernig niðurstaðan af þessu verður fyrir ríkissjóð, en það er þó líklegt, að ríkissjóður missi engar tekjur við þetta; og því verður ekki neitað, að þetta er sanngirnismál.

Í nafni fjárhagsnefndar leyfi jeg mjer að leggja til, að frumvarpið verði samþykt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., föstudaginn 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 37).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Það er óþarfi að hafa mikil ummæli um þetta mál nú. Leyfi jeg mjer að vænta þess, að háttv. deild taki því eins vel og við fyrri umræður.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 519).

15. Vegalög.

Á 1. fundi í Ed., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til vegalaga (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Enda þótt gildandi vegalög sjeu ekki gömul orðin, aðeins frá árinu 1907, þá hafa verið gerðar á þeim ýmsar breytingar síðan, og hafa þær flestar gengið í þá átt, að koma kostnaði við viðhald vega af sýslufjelögunum yfir á ríkissjóð. En auk þessara breytinga hafa oft heyrst raddir hjer á Alþingi, t. d. árin 1914, '15 og '19, um að æskilegt væri, að lögin væru endurskoðuð í heild. Í fyrra, þegar tekið var á ríkissjóð viðhald Flóabrautarinnar og hluta af Borgarfjarðarbrautinni, komu einnig fram, einmitt hjer í þessari hv. deild, eindregin tilmæli til stjórnarinnar um, að hún legði fyrir þetta þing nýtt vegalagafrv. Lofaði jeg því þá, og því voru teknar aftur tvær brtt. um að láta ríkissjóð halda við Holtaveginum og Fagradalsbrautinni. Samkvæmt þessu loforði leyfi jeg mjer nú að leggja fyrir þingið þetta frv. til algerlega nýrra vegalaga. Samkv. þessu frv. eiga allflestar akbrautir, svo og þjóðvegir, að kostast af ríkissjóði. Einstaka akbraut er þó undanskilin, t. d. Eyjafjarðarbrautin. Eins og alkunnugt er hefir viðhald akbrauta hvílt á sýslufjelögum þegar þær hafa verið fullgerðar. En það hefir reynst þeim langt um megn, af ástæðum, sem teknar eru fram í greinargerð frv. — Það þýðir ekkert að vísa til þess ákvæðis, að ráðuneytið geti látið halda við akbrautum á kostnað sýslufjelaga, ef þau vanrækja viðhaldið, því þau hafa ekkert til að borga með. Viðhaldið er þeim langt um megn. T. d. hefir Árnessýslu ekki verið fært að halda við akbrautinni að Þjórsá, og er því svo komið, að hún skuldar ríkissjóði um 40 þús. kr., sem hann hefir kostað til viðhalds þessarar brautar og sem lítil líkindi eru til, að fáist endurgreitt.

Ef þetta frv. verður samþykt, þá hverfur skilgreiningin gamla milli þjóðvega og akbrauta. Er hvorttveggja nefnt þjóðvegir í frv., enda engin þörf skilgreininga, eftir að ríkissjóður hefir tekið viðhald hvorstveggja á sína arma. Jeg leyfi mjer að leggja fram með frv. sem fylgiskjöl tvö kort:

Annað er yfir Mosfellsheiðarveginn. Kemur mönnum nú alment saman um, að vegurinn til Þingvalla hafi verið lagður á röngum stað. Ætti hann heldur að ganga upp Mosfellsdalinn, en koma síðan yfir á veg þann, sem nú er, skamt frá sæluhúsinu á Mosfellsheiði. Er talin full þörf á að breyta þessu hið fyrsta.

Hitt kortið er yfir veginn gegnum

Húnavatnssýslur. Kemur mönnum einnig saman um, að hann sje ekki rjett lagður, og sýnir kortið, hvar honum væri betur fyrir komið.

Loks leyfi jeg mjer að leggja með frv. kort yfir Ísland, er sýnir þjettbýli landsins og alt vega-„system“ eftir þessu frv. Leyfi jeg mjer að óska þess, að frv. þessu verði vísað til samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj atkv. og til samgmn. með 7 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 22. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 179, 190).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Það er tiltölulega stutt síðan hið opinbera tók að gera vegi hjer á landi. Mun láta nærri, að ekki sje nema knapplega hálf öld, sem ríkið hefir stutt þessar samgöngubætur. Áður ljetu menn sjer nægja þá troðninga, sem myndast höfðu ár frá ári og áratug eftir áratug.

Fyrstu íslensku lögin um vegi eru frá árinu 1894, og má því segja, að þá fyrst hafi verið byrjað að leggja þá skipulega og því haldið áfram síðan. Árið 1891 var Ölfusárbrúin bygð og var ekki nema eðlilegt, að jafnstórfelt mannvirki vekti menn til nýrra dáða á sviði samgöngubótanna á landi, enda leið ekki á löngu áður en fyrnefnd lög voru sett, og síðan hefir margt þrekvirkið verið unnið hjer á landi á þessu sviði. En enda þótt framfarirnar hafi orðið einna stórstígastar hvað snertir vegagerð á næstu árum, þá var landið þó vegasnautt eftir sem áður, borið saman við nágrannalöndin og borið saman við þarfir landsmanna.

Fór svo, að árið 1907 voru lögin frá 1894 endurskoðuð í heild, en áður höfðu verið gerðar á þeim breytingar og aukið við þau, t. d. á þinginu 1900 og oftar. En árið 1907 voru samin ný vegalög, þar sem tekin voru upp eldri ákvæði, þau sem ekki þóttu úrelt orðin, en hinsvegar sett mörg ný ákvæði, er betur þóttu svara kröfum tímans. Um leið og þessi lög voru sett, voru úr gildi numin öll eldri lagafyrirmæli um vegi.

Áður hafði stjórnin látið verkfræðing landsins, sem þá var Jón Þorláksson, ferðast um landið til þess að rannsaka ásigkomulag þeirra vega, sem fyrir voru, og jafnframt athuga og gera tillögur um, hvar heppilegast væri að leggja nýja vegi. — Eftir gömlu lögunum frá 1894 var landssjóði skylt að leggja allar flutningabrautir og halda þeim við. En flutningabrautir voru eftir þeim lögum allir þeir vegir, sem aðalvörumagn helstu hjeraðanna var flutt um, sem sje þeir vegir, sem lágu frá helstu höfnum og verslunarstöðum inn og upp í sveitir landsins. Skyldu þeir vera akfærir hlöðnum vögnum að sumarlagi.

Þjóðvegir, eða öðru nafni póstvegir, svo og fjallvegir, voru líka lagðir á kostnað landssjóðs samkv. sömu lögum. Þó átti alt að helmingi sýsluvegagjalds að ganga til póstvega, þ. e. þjóðvega, innan sýslu, ef þeir lægju eftir endilangri sýslunni.

Þjóðvegir og fjallvegir áttu aðeins að vera ruddir svo, að þeir væru reiðfærir, en um akfæra þjóðvegi eða þjóðvegakafla var ekki farið að tala þegar lögin 1894 voru samin.

Þegar fram í sótti, virðist svo, sem landssjóði hafi orðið um megn að upp-

fylla óskir landsmanna um lagningu nýrra vega, enda bættist eðlilega á hann því meiri viðhaldskostnaður, því fleiri sem vegirnir voru. Því ljet landsstjórnin, eins og áður er sagt, undirbúa ný vegalög 1907, og eru þau ljós vottur þess, hvernig stjórn og þing litu þá á vegamálin í heild sinni.

Með þessum lögum, sem að vísu gera landssjóði að skyldu að leggja allar nýjar flutningabrautir, er tekin upp ný regla, svo þýðingarmikil, að heita má að hún marki alveg nýja stefnu í vegalöggjöf landsins.

Lögin leggja nefnilega sýslufjelögum landsins þá skyldu á herðar að kosta sjálf viðhald flutningabrautanna, hverju innan sinnar sýslu. Frá þessari reglu eru einungis þær undantekningar, að Þingvallaveginum skyldi viðhalda að öllu leyti á kostnað landssjóðs. Þá skyldu Norður- og Suður-Múlasýslur viðhalda Fagradalsbrautinni að hálfu leyti hvor sýslan og viðhald Borgarfjarðarbrautar skyldi Borgarfjarðarsýsla kosta að ⅓, en Mýrasýsla að ⅔.

Að öðru leyti skyldi eitt yfir alla ganga, sem sje, að þegar landssjóður hefði lagt flutningabraut, þá skyldi hún að 2 árum liðnum afhent viðkomandi sýslufjelagi, sem síðan hjeldi henni við að öllu leyti.

Aðalástæðan fyrir þessum breytingum 1907 voru sem hjer segir: Fyrst og fremst var svo litið á, að því fleiri vegi sem landssjóður hefði einn til viðhalds, því minna fje væri hægt að verja til hvers einstaks vegar og tafið fyrir vegagerðum í heild á þann hátt. Þá var litið svo á, að kostnaður við viðhaldið yrði minni, ef sýslufjelögin ættu að annast það. Þau gætu sem sje brugðið skjótara við og gert við skemdir, sem kynnu að verða á vegum, áður en þær yrðu mjög miklar, og á þann hátt yrðu aðgerðir ódýrari en ella. Var eðlilegt, að svo væri litið á, þar sem sýslubúar vita nær því daglega, hvernig vegum líður í sýslu sinni, og jafnframt mátti telja víst, að verkfræðingur landsins gæti ekki, hvernig sem á stæði, annað því að gera við allar skemdir áður en þær mögnuðust um of. Loks var litið svo á, að ekki væri nema eðlilegt og sanngjarnt, að sýslufjelögin önnuðust viðhald þjóðvega og flutningabrauta innan sinnar sýslu, þegar landssjóður hefði kostað lagningu þeirra og afhent þær í prýðilegu ásigkomulagi og telja mátti, að þær væru svo að segja eingöngu lagðar í þágu innanhjeraðsmanna. Þessar voru höfuðástæðurnar fyrir nýmælum vegalaganna 1907.

En í þau 17 ár, sem lög þessi hafa gilt, hafa þótt verða talsverðir misbrestir á, að þau hafi náð þeim tilgangi sínum að koma viðhaldi veganna yfir á sýslufjelögin, þrátt fyrir það, hversu ljós rök voru leidd að því á þinginu 1907, hve ákvæðið um viðhaldsskylduna væri sanngjarnt.

Ástæðan fyrir þessum misbresti mun blátt áfram vera sú, að sýslufjelögunum hefir orðið ofraun að inna þessa skyldu sína af hendi. Hefir jafnvel kveðið svo ramt að þessu, að landssjóður hefir ekki sjeð sjer fært að afhenda sýslufjelögum sumar flutningabrautir, vegna þess að þeim var ekki treystandi til að annast viðhald þeirra.

Þá hafa kröfurnar um, að viðhaldsskyldunni væri ljett af sýslunum sífelt orðið háværari með hverju ári, og minni háttar breytingar, sem bornar hafa verið fram hjer í þinginu í þessa átt, hversu sanngjarnar sem þær annars hafa mátt sýnast vera, hafa átt mjög örðugt upp-

dráttar, vegna þess, að ef ljetta átti undir viðhaldinu með einu hjeraði, þá komu önnur, sem fljóta vildu með í sama soginu með tilslakanir sjer til handa, og var mjög erfitt að gera upp á milli þeirra óska.

Á síðasta þingi var viðhaldsskyldu Flóavegarins og kafla af Borgarfjarðarbrautinni ljett af sýslufjelögunum, en tekin á ríkissjóð, og samtímis lýsti hæstv. atvrh. (KlJ) því yfir, að hann mundi taka öll vegamál landsins til athugunar fyrir það þing, sem nú stendur yfir.

Með þessu frv., sem hæstv. stjórn hefir nú lagt fyrir þingið, er horfið frá þeirri stefnu, sem tekin var upp 1907. Nú er viðhaldi flutningabrautanna, sem samkvæmt frv. teljast til þjóðvega, ljett af sýslufjelögunum. Ríkissjóði er nú ætlað að bera allan kostnað við þessa vegi. En þetta kemur raunar engum á óvart, því að það hefir verið fyrirsjáanlegt um langt skeið, að kostnaðurinn við viðhald þjóðvega og flutningabrauta yfirleitt yrði að færast yfir á ríkissjóðinn.

Á þeim 46 árum, sem liðin eru síðan byrjað var að leggja fje úr ríkissjóði til vegagerðar og brúagerðar, hefir verið varið til þess tæpum 8 miljónum króna, eða um 170 þús. króna á ári að meðaltali. Þessir útgjaldaliðir urðu hæstir á árunum 1920—'21 og síðan. Eins og sjá má af greinargerð frv., er með þessu stigið að fullu það skref, að færa viðhald flutningabrautanna yfir á ríkissjóðinn.

Eins og sjá má af nál. samgmn., er nefndin að flestu leyti samþykk frv. eins og það kom frá hæstv. stjórn. Nefndin hefir ekki komið fram með neinar stórar brtt. við frv., heldur aðeins nokkrar smávægilegar breytingar, og nefndin vill mæla með því, að frv. í heild sinni fái fram að ganga, þótt henni hinsvegar dyljist það ekki, að það hafi í för með sjer mikinn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Hinsvegar bendir nefndin á það, að þess sje ekki að vænta í náinni framtíð, að neinu fje verði varið til lagningar nýrra vega, heldur verði aðeins hugsað um að halda við þeim vegum, sem þegar hafa verið lagðir.

Skal jeg þá víkja nokkrum orðum að breytingum þeim, er nefndin vill gera á frumvarpinu. Að því er Biskupstungnabraut snertir, getur nefndin ekki fallist á, að lega þeirrar brautar sje óákveðin frá Torfastöðum að vegamótum Geysisbrautar. Fyrir nefndinni lágu áskoranir frá því nær öllum búendum í Biskupstungum, og mörgum í Ytrihrepp, um að brautin, sem nú þegar er fullger að Torfastöðum, verði látin liggja hjá Vatnsleysu, og þar með valin hin svonefnda eystri leið. Nefndin vildi verða við þessum áskorunum, því að það er mjög nauðsynlegt fyrir hrepp þann, er í hlut á, að þetta sje ákveðið, svo hann geti hagað innanhreppavegagerðum sínum eftir því. Og því kom nefndin fram með brtt. við 2. gr. A. 4., þess efnis, að á eftir „Biskupstungum" bætist inn í: hjá Vatnsleysu.

Að því er Norðurlandsveginn snertir, þá hafa nefndinni borist tilmæli frá þm. Húnavatnssýslu um það, að breytt verði um þá stefnu, sem gert er ráð fyrir í frv., að hann hafi, og að í staðinn fyrir að láta hann liggja um Línakradal og Vesturhóp yfir Víðidalsá fyrir utan Faxalæk, verði hann látinn liggja þar, sem heitir Múlavegur, sunnan við Stórhól og sem leið liggur að brúarstæði á Víðidalsá hjá Steinsvaði. Nefndin hefir fallist á þessa breytingu, vegna þess að henni þótti sýnt, að sú lega myndi vera heppi-

legri, og ennfremur vegna þess, að gert er ráð fyrir, að ríkissjóði myndi sparast um 60 þús. kr. við þessa breytingu.

Við 49. gr. frv. vill nefndin gera þá smávægilegu breytingu, að lágmark hreppsvegagjaldsins verði hækkað úr 4 kr. í 5.

52. gr. frv. hefir inni að halda ákvæði um það, hvernig fara skuli með vagnhesta, sem skildir sjeu eftir á vegum úti. Nefndinni finst það ekki nægilega trygt, þótt hestur, sem er fyrir vagni, sje bundinn, eins og ætlast er til í frv., og þess vegna vill hún breyta greininni þannig, að ökumanni sje ávalt skylt að leysa hest frá vagni undir slíkum kringumstæðum. Aðrar breytingar en þær, sem jeg nú hefi minst á, hefir nefndin ekki sjeð ástæðu til að gera við frv. En hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hefir komið fram með 2 brtt. við frv.; önnur þeirra er um það að bæta einni braut við þjóðvegi, sem sje Eyjafjarðarbraut frá Akureyri að Saurbæ, og hin viðvíkjandi hreppsvegagjaldinu, og skal jeg láta bíða að minnast á þær, þar til hv. flm. hefir gert grein fyrir þeim.

Annars vil jeg fyrir nefndarinnar hönd mæla með þessu frv. og leyfi mjer að óska þess, að hv. deild samþykki það með þeim breytingum, sem jeg hefi minst á og nefndin hefir aðhylst.

Einar Árnason: Jeg hefi skrifað undir nál. samgmn. í þessu máli með fyrirvara og í tilefni af því komið fram með 2 brtt. við þetta frv., á þskj. 190.

Jeg býst við, að þeim hv. þdm., sem áttu sæti á síðasta þingi, þyki ekki undarlegt, þó að fyrri breytingartillagan komi fram. En vegna þeirra, sem nú sitja hjer í fyrsta sinn, verð jeg að fara nokkrum orðum um aðdraganda þessa máls.

Um mörg undanfarin ár hafa komið fram kröfur um það, að viðhald brautanna frá Reykjavík og austur verði ljett af sýslufjelögunum og þeim verði haldið við af ríkissjóði. Lengi vel neitaði þingið öllum þessum kröfum og engin breyting var gerð á fyrirkomulagi þessara mála þar til á þinginu í fyrra. Þá báru þm. Árnesinga í Nd. fram enn á ný frv. þess efnis, að viðhaldi brautarinnar frá Reykjavík austur að Þjórsárbrú væri ljett af sýslunni og ríkissjóður kostaði viðhaldið. Undir meðferð málsins í Nd. var sú breyting gerð á frv., að brautinni frá Borgarnesi að Haugum var bætt við, og þannig kom málið til Ed.

Að Nd. samþykti þetta frumvarp, sýndi ljóslega, að hjer var stefnubreyting á ferðinni, og jafnframt lá það í augum uppi, að ef þessi braut væri tekin, þá leiddi það til þess, að fleiri kæmu á eftir. Enda kom það á daginn, því að 2. þm. Rang. bar fram brtt. þess efnis, að viðhald Holtavegarins væri einnig lagt á ríkissjóðinn, og fleiri þingmenn komu með brtt í sömu átt.

Samgmn. Ed., sem hafði frv. þetta til athugunar, fjekk vegamálastjóra á fund sinn til að ræða þetta mál við hann. Vegamálastjóri taldi óhjákvæmilegt, að ríkissjóður kostaði viðhald flutningabrautanna allra, því að sýslusjóðunum væri það um megn, og vegirnir mundu eyðileggjast sökum vanhirðu, ef sýslunum væri ætlað að sjá um viðhald þeirra. Samgmn. þessarar deildar lagði því til, að vegalögin frá 1907 skyldu endurskoðuð og frv. til nýrra vegalaga lagt fyrir næsta þing. Nefndin segir svo í nál. sínu, með leyfi hæstv. forseta:

„— — — og væntir nefndin þess, að viðhaldsskyldunni verði í endurskoðuðum vegalögum ljett algerlega af sýslufjelög-

unum að því er allar flutningabrautir snertir.“

Og við meðferð málsins í þessari deild segir frsm.:

„— — — Nefndin álítur, að það eigi að endurskoða vegalögin í heild sinni fyrir næsta þing. Vegamálastjóri hefir tjáð nefndinni, að hann hafi ekkert á móti því frá sinni hálfu. Hann álítur einmitt, að viðhaldi flutningabrautanna verði að ljetta af sýslunum, því þeim sje það bæði um megn fjárhagslega og auk þess sje ólag á viðhaldinu.“

Og síðar segir frsm.:

„— — — Nefndin leggur áherslu á það, að endurskoðun laganna fari sem fyrst fram og að þá yrði viðhaldið á *öllum* flutningabrautum sett inn í þau í einu lagi.“

Það kemur því skýrt fram hjá nefndinni, að hún ætlast til þess, að viðhald flutningabrautanna verði lagt á ríkissjóðinn. Jeg bjóst því fastlega við, að eftir þessu yrði farið, enda hefir það líka verið gert að mestu leyti, en þó furðar mig mjög á því, að þegar frv. nú kemur fram, þá skuli tvær flutningabrautir vera skildar eftir, sem sje Eyjafjarðarbrautin og brautin upp Borgarfjörð. Jeg fyrir mitt leyti get ekki við þetta unað, og flyt því hjer brtt. að því er Eyjafjarðarbrautina snertir. Jeg bjóst við, að samnefndarmaður minn, hv. 3. landsk. þm. (HSn) mundi flytja brtt. viðvíkjandi Borgarfjarðarbrautinni eftir því, sem hann ljet orð falla í samgöngumálanefnd um daginn. En nú hefir hann ekki gert það. Jeg mun þó að sjálfsögðu styðja tillögu um það, ef hún kemur fram síðar. Það stendur svo líkt á með Eyjafjarðarbrautina og ýmsar aðrar brautir, t. d. Sauðárkróksbrautina, Hvammstangabrautina, Eyrarbakkabrautina, Keflavíkurbrautina og Biskupstungnabrautina, sem teknar hafa verið í tölu þjóðvega, að jeg býst ekki við, að hægt sje að komast hjá því samræmisins vegna að samþykkja þessa brtt. Brautin frá Akureyri og inn Eyjafjörð er fjölfarin mjög, ekki aðeins af innanhjeraðsmönnum, heldur og af langferðamönnum, sem leggja leið sína inn Eyjafjörðinn til að sjá hjeraðið. Bílaumferð er þar líka mjög mikil. Þetta alt gerir það að verkum, að viðhald brautarinnar er mjög dýrt og erfitt fyrir sýsluna. Jeg sje ekki þörf á því fyrir mig að fara frekar út í þessa brtt.; hún er svo sjálfsögð, eftir því sem á undan er gengið.

Um hina brtt. skal jeg taka það fram, að hún er gerð í samráði við vegamálastjóra og orðuð af honum. Það var ágreiningur í nefndinni um það, hvernig skilja bæri 20. gr. Vegamálastjóri álítur, að misskilja megi 20. gr. og þar af leiðandi beita 18. gr. ranglega. Það er helst svo að skilja á 20. gr., að hreppsbúum sje ekki heimilt að verja fje úr sveitarsjóði til vegagerðar fyr en hreppsvegagjaldið hefði verið hækkað upp í hámark, sem sje 5 kr. En jeg er þeirrar skoðunar, að þetta sje ósanngjarnt, því að það getur verið nauðsynlegt fyrir hreppa að verja fje úr sveitarsjóði til vegagerða, án þess að ástæða sje til þess að hækka hreppsvegagjaldið upp í hámark.

Brtt. þessi á því að heimila sveitarfjelögunum að verja fje úr sveitarsjóði til vegagerða, án þess að hækka hreppsvegagjöldin upp í 5 kr. Jeg vona því, að hv. þdm. sjái, að þessi brtt. er til skýringar, og greiði henni þess vegna atkvæði.

Eggert Pálsson: Þó að jeg hafi beðið um orðið og mjer sje sjerlega ant um þetta mál, þá tel jeg ekki þörf á að bæta miklu við ræðu hv. frsm. Jeg vildi samt

benda nokkuð á þá stefnubreytingu, sem hefir átt sjer stað í þessum málum, og það sýnir best stefnubreytinguna, að maður, sem vegamálin snerta mjög lítið eða ekkert, skuli hafa hjer framsögu í þessu máli. Slíkt hefði ekki getað borið við fyrir svo sem 10 árum. Hjer er því um auðsæja stefnubreytingu að ræða. Það eru sýnilega farin að opnast augu manna fyrir því, að það beri að ljetta þeim þungbæra kostnaði af sýslufjelögunum, sem viðhald flutningabrautanna hefir bakað þeim, og færa hann yfir á ríkissjóðinn.

Eins og hv. frsm. gat um, voru fyrstu eiginlegu vegalögin sett hjer árið 1894, og eftir þeim lögum var farið til 1907.

Eftir lögunum frá 1894 var vegunum skift í 5 flokka, og landssjóður skyldi kosta viðhald þriggja flokkanna, sem sje flutningabrauta, þjóðvega og fjallvega. Á meðan eftir þeim var farið, bar ekki á neinni óánægju með þetta fyrirkomulag, nema hjá þeim einum, sem hugsuðu aðeins um útgjöld landssjóðsins án tillits til hagsmuna hjeraðanna. Þá er veganetið tók að verða þjettara, þótti mönnum landssjóði vera það um megn að kosta viðhald þeirra. Þá komu vegalögin 1907 og með þeim var viðhald flutningabrautanna fært yfir á sýslurnar. En það kom brátt í ljós, að það fyrirkomulag var ekki að neinu leyti rjettlátt. Þingið hafði ekki sjeð sýslusjóðunum fyrir nýjum tekjuauka, eins og þurft hefði, þar eð með þessu voru lögð á þá mjög aukin útgjöld. Það var því ekki um annað að ræða til að fá auknar tekjur í sýslusjóðina en að hækka niðurjöfnunargjaldið til sýslusjóðanna. En það var ekki hægt að gera svo, að nægilegt fje fengist til viðhaldsins; enda fór brátt svo, að viðhald veganna varð alveg ófullnægjandi. Vegirnir lögðust því í óhirðu. Einkum hefir svo farið í Árnes- og Rangárvallasýslum, og liggja til þess ýmsar ástæður. Fyrsta ástæðan er sú, að þar eru hafnleysur miklar, og sýslurnar hafa eiginlega hvergi aðgang að sjó nema í Reykjavík, og menn hafa því orðið að miklu leyti að flytja nauðsynjar sínar þaðan. Umferðin á landi hefir því orðið mjög mikil, og vegirnir þar af leiðandi brúkaðir meira en víðast hvar annarsstaðar, og lengd vegarins þar að auki meiri en í nokkrum öðrum hjeruðum.

Önnur ástæðan er sú, að í þessum sýslum er mjög rigningasamt og umferðin mest á þeim tímum ársins, sem rigningar eru mestar, sem sje vor og haust.

Þriðja ástæðan er sú, að vegir þessir voru upphaflega mjög illa gerðir, sem að vissu leyti var eðlilegt, þar sem hjer var um að ræða fyrstu tilraun til vegagerða hjer á landi.

Strax eftir að lögin frá 1907 gengu í gildi fór því að bera á megnri óánægju með þessi lög, einkum í þessum sýslum, því að þær gátu ekki borið kostnaðinn við viðhald veganna. Árið 1911 varð á þessu nokkur breyting. Var þá fært yfir á landssjóð viðhald vegarspottans frá Reykjarjettum að vegamótum Geysisbrautarinnar hjá Ingólfsfjalli. En þær umbætur voru harla smávægilegar. Vegarkafli þessi er sem sje ekki lengri en 7—8 kílómetrar. Árið 1914 báru því þm. Árn. og Rang. fram frv. um að ljetta af sýslunum viðhaldi vegarins alla leið að Ægissíðu; frv. náði, eins og kunnugt er, ekki fram að ganga. Árið 1915 voru gerðar tvær breytingar á vegalögunum. Var önnur breytingin fólgin í því að færa til þjóðveginn í Dalasýslu, en hin í því að ljetta af viðkomandi sýslum viðhaldi vegarins milli Hafnarfjarðar og Reykjavík-

ur. En á þessu þingi var þá jafnframt samþ. þingsályktunartillaga um að skora á stjórnina að endurskoða vegalögin og leggja fyrir næsta þing, ef tími ynnist til, nýtt frv. til vegalaga. Bar þetta næsta lítinn árangur. Mun stjórninni hafa fundist sem tímann skorti og kom ekki með neitt frv. Svona gekk fram til 1919 Sá þingið þá, að í fult óefni var komið með veginn austur og að hann með sama lagi yrði að algerðri vegleysu. Var þá ráðist í að leggja fram frá ríkinu ⅔ af kostnaði við endurbyggingu Flóabrautarinnar, gegn ⅓ kostnaðar frá Árnessýslu. Mun þá sjálfsagt hafa verið gert ráð fyrir að halda áfram þessari reglu, einnig að því er Holtaveginn snerti. En það kom fljótt á daginn, að Árnessýslu var um megn að greiða ⅓ kostnaðarins, og mun það, sem sýslan hefir greitt af kostnaðinum, vera goldið með eintómum lánum, sem litlar líkur voru fyrir, að nokkru sinni yrðu greidd. Og það mun hafa leitt til þess, að ríkissjóður tók á síðasta þingi að sjer viðhald Flóabrautarinnar og Borgarnesbrautarinnar. Á síðasta þingi sáu menn líka, að það var bein ósanngirni, að þessari byrði væri ljett af einum 2 sýslum, en ekki fleirum. Og þess vegna gaf þá bæði stjórnin og vegamálastjóri loforð um, að fyrir næsta þing skyldi nýtt frv. til vegalaga verða lagt fram, og hefir það nú verið efnt. Frsm. hefir gert grein fyrir brtt. nefndarinnar um vegalagningu í Biskupstungum og Húnavatnssýslu, og þarf jeg ekki að bæta við það. Hinsvegar er jeg mjög mótfallinn brtt. hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) og er hræddur um, að ef henni verður fylgt fast eftir, muni ýmsir fleiri fá ástæðu til þess að bera fram brtt. í líka átt. Að minsta kosti fyndi jeg mig til þess neyddan, ef þessi brtt. yrði samþykt, að fara þá fram á breytingu á þjóðveginum í Rangárvallasýslu. Í frv. er ákveðið, að þjóðvegurinn skuli liggja yfir Landeyjar og um Eyjafjöll, eins og verið hefir hingað til. Nú er svo ástatt, að Þverá er oftast nær ófær hjá Hemlu og ekki hægt lengur að koma ferju þar við hana, með því að vatnið skiftist þar í tvo jafna hluta. Liggur því ekki fyrir annað fyrir langferðamenn, bæði póst og aðra, en að fara inn Fljótshlíð og yfir Þverá á svo nefndu Teigsvaði. Lægi því beinast við að ákveða í vegalögunum, að þjóðvegurinn lægi inn Fljótshlíð á móts við Teig og þaðan austur undir Eyjafjöll. En með því mundi viðhaldsskylda Fljótshlíðarvegar á þessum kafla falla á landssjóð. Jeg vildi samt ekki að svo komnu fleyga málið með þannig lagaðri tillögu. Þar sem hv. frsm. mintist á, hve miklu fje væri nú varið til samgangna á landi, þá mætti einnig minnast á, að til samgangna á sjó fer síst minna fje. Samkvæmt landsreikningunum 1910—22 hefir verið lagt beinlínis til samgangna á sjó kr. 1536783,87. Þar að auki er það, sem farið hefir til vitamálanna, sem á sama tíma hafa verið kr. 2088858,93, eða samtals kr. 3625642,80, sem verður vitanlega að telja beint til samgangna á sjó á þessu tímabili. Einnig væri eðlilegt og sanngjarnt að telja undir þennan lið það, sem farið hefir til hafnargerða og bryggjusmíða. En það veit jeg ekki í bili, hvað mikið hefir verið, en hygg, að það skifti í alt og alt miljónum. Jeg ímynda mjer því, að síst hafi farið minna fje til alls þessa en til samgangnanna á landi á sama tímabili. Ákvæði 20. gr. frv. eru sett með það fyrir augum, að heimildin í 18. gr. sje notuð til fulls áður en farið sje að ganga á sjálfan hreppssjóðinn. Tel jeg

það rjetta reglu. Álít jeg þess vegna rjett, að 20. gr. standi óbreytt. Aukaútsvör, sem tekin eru af mönnum eftir efnum og ástæðum, eru oftast nær handahófsálagning og ekkert annað. Felli jeg mig betur við að leggja á menn hreppsvegagjald, og vil jeg heldur fara í því efni eins langt og komist verður áður en gripið verður til sjálfs hreppssjóðsins, sem oftast nær er nóg annað við að gera.

Björn Kristjánsson: Brtt. á þskj. 190 gefur mjer tilefni til að segja fáein orð. Verði sú tillaga samþykt, neyðist jeg til að koma með aðra brtt. Þegar vegalögin gengu í gildi 1907, stóð svo á í Gullbringusýslu, að sýslan hafði opinberan styrk til skipaferða suður með sjó. Lagðist þetta síðar niður og sýslan fór að brjótast í að leggja dýra vegi. Lagði landssjóður fje til þessa til jafns við sýsluna. Komst sýslan við þetta í hin mestu fjárhagsvandræði. Með vegalögunum 1907 var þessi eina sýsla á landinu útundan. Verði því þessi brtt. á þskj. 190 samþykt, verð jeg að koma með þá brtt., að þjóðvegurinn suður nái ekki aðeins til Keflavíkur, heldur alla leið að Útskálum.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hefir nú gert grein fyrir því, hvers vegna brtt. á þskj. 190 er komin fram. Jeg vil taka það fram, að þær brtt., sem nefndin hefir komið sjer saman um að gera á frv., er hvorki að bæta þjóðvegum við nje heldur að afnema þjóðvegi, sem þar eru ákveðnir. Heldur ganga þessar brtt. í þá átt að breyta legu þjóðvega og þjóðvegakafla. Hvað viðvíkur þjóðveginum í kjördæmi hv. 1. þm. Eyf., og sem í frv. er ákveðinn um Þelamörk, Kræklingahlíð, Akureyri og síðan Vaðlaheiði, þá tel jeg sennilegt, að nefndin hefði lagt til, að legu hans yrði breytt, ef fram hefði komið rökstudd ósk um það. Mjer þykir mikið fyrir að verða að andmæla óskum hv. 1. þm. Eyf. um veginn frá Akureyri til Saurbæjar, en af fyrgreindum ástæðum gat nefndin ekki fallist á þær. — Yfirleitt má segja, að með þessu frv. sje gerð mikil bragarbót og unnið sýslufjelögunum gagn hvað snertir fjárframlög til akfærra þjóðvega. Það hefir sýnt sig, að í kjölfar þessarar einu brtt. ætla margar aðrar að sigla. Hafa bæði hv. 1. þm. Rang. (EP) og hv. 2. þm. G.-K. (BK) boðað brtt., ef till. hv. 1. þm. Eyf. nær fram að ganga. Sýnist það því vera bæði æskilegast og hyggilegast að lofa frv. að fara óbreyttu til 3. umr. og að forðast sem mest brtt., er tefja endanlega samþykt frv. Vildi jeg því mælast til þess við hv. 1. þm. Eyf., að hann tæki till. sína aftur. Ef hv. 1. þm. Eyf. sæi sjer fært að verða við þessum tilmælum mínum, myndi komið í veg fyrir, að aðrar slíkar brtt. kæmu fram. Gæfi það því um leið frv. miklu betri byr í gegnum þingið.

Einar Árnason: Jeg skal fyrst minnast á síðari brtt. mína á þskj. 190. Mjer þykir leitt, hve fast háttv. meiri hluti samgmn. heldur í þetta atriði, sem brtt. mín á að færa, að því er jeg tel, til betri vegar, enda hefir engin frambærileg ástæða af hans hálfu komið fram gegn þessu.

Samkvæmt 18. gr. frv. er hreppsnefndum heimilað án íhlutunar hreppsbúa að leggja 5 kr. nefskatt á hvern verkfæran karlmann. Jeg lít nú svo á, að með þessu sje hreppsnefndum fengið fullmikið vald í hendur. En þó er það sök sjer, ef þessi

nefskattsgrundvöllur væri rjettlátur. En það er langt frá, að svo sje. Með þessu myndi í mörgum tilfellum leggjast mjög þung byrði á mörg fátæk heimili, en efnafólk og peningamenn margir sleppa að miklu eða öllu leyti. Meðan nefskattar eru lágir, ber minna á ranglæti þeirra, en þegar þeir eru gerðir svo háir, sem frv. ætlast til, þá keyrir rangsleitnin úr hófi.

Nú fer brtt. mín ekki fram á annað en að orðalagi 20. gr. sje breytt á þá lund, að hreppsbúum sje heimilt að ákveða sjálfum, með hverjum hætti þeir vilji jafna niður þeim hluta hreppsvegagjaldsins, sem fer yfir það lágmark, sem sett er í 18. gr. Þau hreppsfjelög, sem vilja nota nefskattsaðferðina eingöngu, geta því gert það, þó að önnur vilji fara hina leiðina. Jeg sje heldur ekki neina skynsamlega ástæðu fyrir því, að hreppsvegagjaldinu sje jafnað niður á hreppsbúa eftir annari reglu en öðrum lögmæltum útgjöldum sveitarfjelaganna, einkum þar sem niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum er að mínu áliti ólíkt rjettlátari en nefskattur, hvað sem hv. 1. þm. Rang. (EP) segir. Og jeg verð að segja það, að mig furðar á því kappi, sem háttv. meiri hluti nefndarinnar leggur á það að rýra þann sjálfsagða rjett, sem sveitarfjelögin eiga að hafa um það að ráða sínum eigin málum.

Jeg stend við það, sem jeg sagði áðan, að jeg hafi gert tillögu þessa í samráði við vegamálastjóra. Sagðist hann við samning frv. ekki hafa tekið eftir, að þennan skilning mætti leggja í greinina, og taldi því rjett, að orðalaginu væri breytt á þennan hátt.

Þá skal jeg minnast á fyrri brtt. mína á þskj. 190. Háttv. frsm. (JJós) talaði mjög hóflega um brtt. þessa. Get jeg þó ekki gert honum til geðs að taka hana aftur. Háttv. andmælendur hafa ekki minst einu orði á, hvað sanngjarnt væri í þessu máli, samanborið við gerðir þingsins í fyrra, heldur reynt að hræða háttv. deild með því, að verði brtt. þessi samþykt, þá eigi eitthvað óttalegt að ske.

Hv. 1. þm. Rang. (EP) varaði við að samþykkja brtt. þessa, því að þá myndu fleiri svipaðar koma á eftir, og slíkt gæti orðið frv. að falli. En þetta er ekkert annað en gríla. Frv. er ekki í neinni hættu, þó að einstök atriði þess sjeu færð til meira samræmis. Þó nú að leitað sje með logandi ljósi, finst engin flutningabraut á landinu, sem hefir verið undantekin, nema flutningabrautirnar inn Eyjafjörðinn og upp Borgarfjörðinn. Húsavíkurbrautin er það ekki, því að hún er tekin í þjóðvegatölu með þessum ákvæðum í frv.: „Fljótsheiði, Aðalreykjadal til Húsavíkur.“ Þetta hefði hv. 1. þm. Rang. átt að vera vorkunnarlaust að vita.

Þá var háttv. 1. þm. Rang. einnig að tala um legu þjóðvegarins í Rangárvallasýslu. Það kom málinu vitanlega ekkert við, því að hvaða samband getur verið á milli legu flutningabrautar austur í Árnessýslu og viðhalds flutningabrautar norður í Eyjafirði? Ef það er nauðsynlegt að breyta legu þessarar brautar, því kom hv. 1. þm. Rang. þá ekki með brtt. í þá átt, því að nefndin hefði eflaust tekið hana til greina, þar sem hún hefir gert till. um, að breytt verði legu þjóðvega bæði í Árnessýslu og Húnavatnssýslu.

Þá skal jeg snúa mjer að hv. 2. þm. G.-K. (BK). Satt sagt skyldi jeg ekkert í ræðu hans. Hann taldi upp ýmsa vegi í Gullbringu- og Kjósarsýslu, jeg held flest hreppa- og sýsluvegi, sem hann kvaðst neyddur til að koma með brtt. um að fá tekna inn í tölu þjóðvega, ef brtt. mín yrði samþykt. Ef þessi hv. þm. heldur,

að jeg sje með tillögu minni að gera tilraun til að koma öllum vegum í Eyjafjarðarsýslu í þjóðvegatölu, þá er það mesti misskilningur, því að í sýslunni er fyrir utan þennan veg fjöldi bæði hreppa- og sýsluvega. Annars má minna hv. þm. á, að með frv. þessu er Keflavíkurveginum ljett af sýslunni og jafnframt ákveðið, að nýr þjóðvegur skuli koma um Mosfellssveit. Er þetta því miklu meira en Eyjafjarðarsýsla fær.

Háttv. frsm. sagði, að komið gæti til mála að breyta legu þjóðvegarins um Þelamörk, Kræklingahlíð til Akureyrar. En þetta stafar af ókunnugleika hans, því að nú þegar er búið að leggja töluvert af þessum vegi, og því ekki hægt hjeðan af að breyta legu hans, auk þess sem landslag og staðhættir skapa það, að ómögulegt er að fara aðra leið en gert hefir verið. Það, sem því haft hefir verið á móti brtt. minni, hefir ekkert komið málinu við, því að ekkert dæmi er til hliðstætt þessu, nema Borgarfjarðarbrautin. Sje jeg því ekki, að neitt óttalegt geti skeð, þó að fylgt sje þeirri reglu, sem þingið í fyrra ætlaðist til og fylgt hefir verið í frv., nema hvað snertir Eyjafjarðar- og Borgarfjarðarbrautirnar.

Guðmundur Ólafsson: Það eru nú svo miklar umræður í þessari háttv. deild, að ekki er hægt að þegja þær af sjer. Það var misskilningur hjá hv. 1. þm. Eyf., að það væru aðeins tvær flutningabrautir, sem ríkissjóður ætti ekki að halda við samkvæmt frv. þessu, því að eftir því eiga þessar brautir að vera sýsluvegir framvegis. Aftur á móti er það rjett, að þingið í fyrra ætlaðist til, að öllum þjóðvegum væri haldið við af ríkinu, og er í frv. þessu gert ráð fyrir því. En svo stendur á um þessar brautir, að sá hluti þeirra, sem um er deilt, liggur lengra upp í hjeraðið frá aðalkauptúninu en á þjóðveginn eða póstveginn.

Það er vitanlegt, að það er mjög misjafnt, hve haganlega þjóðvegirnir liggja yfir sýslurnar hvað gagn þeirra innan hjeraðs snertir. Mest verða notin þar, sem þeir liggja um endilanga sýsluna, eins og t.d. er um Gullbringusýslu. Virðist því síst þörf fyrir hv. 2. þm. G.-K. að vera að tala um að koma með brtt. við frv. þetta. Mjer skilst, að vegurinn í Eyjafjarðarsýslu muni liggja líkt og í Austur-Húnavatnssýslu, ekki aðeins þvert yfir sýsluna, heldur í ýmsum krókum, t. d. eftir endilöngum Öxnadal í Eyjafjarðarsýslu og Langadal í Austur-Húnavatnssýslu. Annars er mjer illa við að þurfa að vera að spilla fyrir hv. 1. þm. Eyf., því eins og kunnugt er, erum við flokksbræður, og ætti jeg því síst að verða til þess, en eftirláta það fremur einhverjum öðrum í hv. deild. En jeg er hræddur um, að verði till. hans samþykt, þá verði þar ekki staðar numið.

Jeg er hissa á, að hv. 3. landsk. þm. (HSn) skuli ekki koma með brtt., þar sem líkt stendur á í hans hjeraði og í Eyjafirði, og hann var óánægður í nefndinni, en vitanlega sjerstaklega yfir því, hve margar brýr væru þar á veginum. En þar er jeg ekki sömu skoðunar og hann, því að jeg tel það kost, að brýr sjeu sem flestar komnar á sýsluvegi, þar sem þeirra er þörf, þótt viðhaldsskyldan hvíli á sýslunum.

En eins og jeg hefi tekið fram, þori jeg ekki að samþykkja brtt. háttv. 1. þm. Eyf., því jeg óttast, að þá komi margir á eftir. Meira að segja býst jeg við, að

jeg gæti ekki setið hjá sjálfur, því að þá gæti jeg ætlast til að fá þjóðveg milli Blönduóss og Skagastrandar.

Þá verð jeg einnig að vera á móti síðari brtt. háttv. 1. þm. Eyf. á þskj. 190. Er jeg þar sömu skoðunar og hv. 1. þm. Rang. Jeg sje ekkert á móti því, þó að svona hátt vegagjald komi fyrst til greina, áður en farið er í sveitarsjóðinn. Því að þó aldrei nema að það líti vel út að halda því fram, að niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum sje altaf sanngjörnust, þá vitum við það, sem komnir erum nokkuð til aldurs, að slík niðurjöfnun getur stundum farið fjarri rjettlætinu. Annars gæti vel komið til greina, að hreppsnefndir tækju tillit til þessa gjalds í niðurjöfnun útsvara, ef farið væri að leggja það á með hámarki sínu.

Í minni sýslu var það almenn skoðun, að hækka þyrfti vegagjaldið, og ganga helst lengra en gert hefir verið, með því t. d. að láta kvenfólk gjalda hálft gjald við karlmenn. Jeg hreyfði þessu í nefndinni, en fjekk enga áheyrn, og að líkindum er ekki gott að halda því fram hjer, þegar kvenfólk er til andsvara. En jeg fyrir mitt leyti er ekkert fráleitur þessari hugsun, því að jeg tel kvenfólkið hluta af þjóðinni, sem þurfi á góðum vegum að halda engu síður en karlmennirnir. Að síðustu vil jeg endurtaka það, að jeg er hræddur um, að verði tillaga þessi um að fjölga þeim vegum, er ríkissjóður á að kosta viðhald á, samþykt, þá komi margar aðrar á eftir, sem ekki verði gott að greina á milli.

Eggert Pálsson: Jeg hefði getað fallist á að taka þennan vegarspotta, sem hv. 1. þm. Eyf. ber fyrir brjósti, inn í tölu þjóðvega, ef hann hefði átt að setja sjálfa Akureyri í samband við aðalþjóðveginn. En nú er það svo, að þessi vegarspotti liggur frá Akureyri til Saurbæjar, og Saurbær er aðeins eitt einstakt býli. Hefði hjer verið alt öðru máli að gegna, ef Saurbær hefði verið fólksmargt þorp eða þá að aðalþjóðvegurinn hefði legið um Saurbæ. Þá hefði ekki verið nema sanngjarnt, að vegarspottinn þaðan til Akureyrar hefði verið tekinn inn í kerfið, til þess að Akureyri — höfuðstaður Norðurlands — stæði ekki fyrir utan kerfið. En nú á þjóðvegurinn að liggja um sjálfa Akureyri, og þess vegna væri það brot á meginreglu frumvarpsins að taka þessa umræddu flutningabraut með. Jeg verð því að halda fast við það, að þessi breyting sje ekki rjettmæt og brjóti þá hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir frv. Um brtt. við 18. gr. þýðir ekki að þrátta, því að þar erum við á gagnstæðri skoðun. Jeg lít svo á, að ekki sje hægt að fá rjettlátara gjald í þessu tilfelli en af verkfærum mönnum. Hverjir eru yfir höfuð færari um að borga heldur en einmitt verkfærir menn? Þeir, sem eru á móti slíku ákvæði, geta tæplega verið hlyntir hugmyndinni um þegnskylduvinnu. Það liggur í hlutarins eðli, að verði tillaga hv. þm. samþykt, þá geta hreppsnefndirnar látið duga að hækka hreppsvegagjaldið um svo sem 10 aura, og rokið svo í sveitarsjóðinn og borgað úr honum svo eða svo háa upphæð til vegagerða í hreppnum. Jeg get því ekki skilið annað en að vegamálastjóri sje og hljóti að vera á móti þessari brtt., því að hún stríðir gegn þeirri grundvallarhugsun, sem liggur á bak við 18. og 20. gr. eins og hann hefir orðað þær. Það þýðir sem sje ekki að vera að leyfa hækkun gjaldsins í einni greininni, ef svo hin næsta gerir það svo að engu.

Einar Árnason: Hv. andstæðingar mínir hafa nú náð sjer í dálitla snös, sem jeg bjóst við að þeir mundu grípa til fyr, jafnvel þó hún reynist haldlaus. Og snösin var sú, að fylgt væri í frv. þeirri allsherjarreglu, að aðeins væru teknar inn í frv. brautir frá aðalþjóðvegunúm til kauptúnanna, en ekki brautir, er lægju frá aðalþjóðvegunum og upp til sveita. En þetta er ekki rjett. Slíkt er engin allsherjarregla í frv. Skal jeg því til sönnunar benda t. d. á Biskupstungnabrautina. (*EP*: Það er alt öðru máli að gegna; sá vegur liggur til Geysis). Það er ekki rjett hjá hv. þm., því að Geysisbrautin liggur frá Reykjavík um Þingvöll til Geysis. Svo er það annað, að þegar tilviljunin eða landslag hagar því svo til, að þjóðvegur liggur öðrumegin kauptúns, þá þykir það sanngjarnt að taka þar aukabrautirnar með, en ef þjóðvegurinn liggur í gegnum kauptúnið, þá þykir það ekki rjett að taka brautir þaðan upp til hjeraðanna. Reglan í frv. er í sjálfu sjer engin; á það bendir Biskupstungnabrautin, sem eingöngu er hjeraðsbraut frá kauptúni. Það hefir ekkert að segja, þó að hv. 1. þm. Rang. sje að tala um bygging nýrra vega; um það er ekki að ræða hjer, heldur aðeins um viðhald á vegum, sem til eru. Jeg skal ekki deila við hv. þm. um vegabótagjald verkfærra manna. Við erum þar á gagnólíkri skoðun. Hv. þm. sagði, að vegamálastjóri mundi ekki hafa sett þetta ákvæði í frv. nema hann ætlaðist til, að það yrði samþykt. En því er til að svara, að vegamálastjóri hefir ekki fundið þetta upp, því að samkvæmt lögum frá 1907 má hækka gjaldið upp í 3 kr., og þó fylgja megi því, þá tel jeg mjög ósanngjarnt að hækka það upp í 5 krónur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 179,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 179,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 190,1 feld með 8:5 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

3.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn fyrsta kafla samþ. án atkvgr.

7.—9. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn annars kafla samþ. án atkvgr.

10.—19. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 190,2 feld með 7:6 atkv.

20. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

21.—23. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn þriðja kafla samþ. án atkvgr.

24.—29. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn fjórða kafla samþ. án atkvgr.

30.—41. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn fimta kafla samþ. án atkvgr.

42.—46. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn sjötta kafla samþ. án atkvgr.

47.—48. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 179,3 samþ. með 9:2 atkv.

49. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn sjöunda kafla samþ. án atkvgr.

50.—51. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 179,4 samþ. með 13 shlj. atkv.

52. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn áttunda kafla samþ. án atkvgr.

53.—57. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn níunda kafla samþ. án atkvgr.

58. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn tíunda kafla samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 28. fundi í Ed., þriðjudaginn 25. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 201).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Við 2. umr. þessa máls voru ræddar þær brtt., sem komið höfðu við frv., og við atkvgr. kom það í ljós, að hv. deild fjelst á skoðun nefndarinnar. Leyfi jeg mjer því að æskja þess, að frv. verði afgreitt til hv. Nd. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 201).

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 27 mars, var frv. tekið til 1. umr.

Klemens Jónsson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. verði vísað til samgmn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgmn. með 21 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 201, n. 349).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Jeg get að mestu látið mjer nægja að vísa til nál. samgmn. hv. Ed. og Nd. á þskj. 179 og 349. Það er í raun og veru aðeins gerð ein meiri háttar breyting á eldri vegalögum með frv. þessu, og er hún í því fólgin, að viðhald flutningabrauta, sem áður hefir hvílt að miklu leyti á hjeruðunum eða sýslufjelögunum, flyst nú yfir á landssjóð, en eins og kunnugt er, þá hefir hann áður tekið á sínar herðar viðhald margra þessara vega að meira eða minna leyti eftir sjerstökum ákvörðunum.

Eftir að sú breyting komst fram á síðasta þingi, að ríkið skyldi taka að sjer viðhald Flóabrautarinnar og Borgarnesbrautarinnar, var í sjálfu sjer lítið orðið eftir af hinni fyrri tilhögun, nema norðan- og austanlands og vegir á austanverðu Suðurlandsundirlendi. Það má því telja það sjálfsagða sanngirni, að viðhaldinu sje einnig ljett af þessum hjeruðum.

Jafnframt þessari breytingu er líka gerð breyting á flokkaskifting veganna, svo að samkvæmt frv. falla nú flutningabrautir undir þjóðvegi, þar sem þær falla inn í kerfi þjóðveganna, þegar viðhaldskostnaður hvorratveggja vega lendir á ríkissjóði.

Þá er enn sú breyting gerð á vegalögunum 1907, að þjóðvegunum hefir verið fjölgað og þeir lengdir, og á það aðallega við um norðurhjeruðin og Strandasýslu. Annarsstaðar hafa litlar breytingar orðið á í þessu efni, nema um veginn austur um frá Húsavík, sem á síðasta þingi var breytt og nú á að liggja um bygðir með sjó fram, í staðinn fyrir að liggja um fjöllin og Mývatnssveit.

Hækkunin, sem lagt er til að nú verði á gjöldum til hreppa- og sýsluvega, stafar auðvitað af breyttu verðlagi peninganna, og eru þessi gjöld nú síst hærri en þau voru ákveðin 1911.

Það eru fremur lítilvægar þær breytingar, sem samgmn. Nd. hefir lagt til, að gerðar verði á frv., og felst hún á það að mestu eins og það kom frá hv. Ed. Við 4. gr. er lítil breyting gerð, og var það til samkomulags við einn hv. nefndarmann. Er hún í því fólgin, að vegamála-

stjóri geri tillögur um legu fjallvega til ráðherra, og verði þeir ákveðnir eftir þeim tillögum. Að því er kemur til brtt. við 7. gr., þá eru þar feld niður orðin „fastur“ og „fastir“, fyrir þá skuld, að ekki virðist ástæða til, að þessir starfsmenn, sem þar er um að ræða, hafi föst embætti, heldur ættu þau að geta fallið niður þegar lítið er að gera og þeirra er ekki þörf. Hinsvegar þarf enginn að óttast það, þó að þessi orð falli niður, að ráðning mannanna standi ekki óhögguð eftir sem áður meðan þeirra er þörf, og aðstoðarmaðurinn getur verið eins lengi í stöðu sinni fyrir því.

Brtt. við 49. gr. er fram komin vegna ósamræmis milli þessara laga og samþyktarlaga um sýsluvegi frá síðasta þingi. Þar var gert ráð fyrir því, að kauptúnahreppar gætu sloppið við að greiða helming sýsluvegagjaldsins með því skilyrði að leggja ákveðið fje til veganna heima hjá sjer. En eftir þessu frv. geta þeir með sömu skilyrðum sloppið algerlega við öll fjárframlög til sýsluvega, eins og ákveðið var með líkum skilyrðum með vegalagabreytingunni frá 1911, en það samræmist ekki samþyktarlögunum frá 1923, enda virðist lítil sanngirni í því, að láta þessa hreppa verða lausa við alt framlag til sýsluvega, og síst þegar það er athugað, að vegir eru venjulega dýrastir og vandaðastir í námunda við kauptúnin og þá notaðir eins í þarfir þeirra.

Nú er þetta lagað hjer og samræmt 4. gr. laga 1923 og skilyrðin gerð svipuð í báðum tilfellum, en hámarksgjald til hreppsvega í kauptúnum, þegar svo stend ur á, hefir nefndin fært niður í 4 kr., í stað 5 kr. í frumvarpinu frá hv. Ed. Er það sýnilegt, að því hærra sem hreppsvegagjaldið er, því þyngri kvöð er það á hlutaðeigandi hreppi, sem kemur móti ívilnuninni, sem nú verður að öllu hliðstæð samþyktarlögunum, og fanst nefndinni sanngjarnlegt að færa þetta gjald niður.

Fleiri brtt. eru ekki við frv. En 3 hv. nefndarmenn hafa ritað undir nál. með fyrirvara, og er mjer ekki fullkomlega ljóst, hvað á milli ber, nema að því leyti er hv. form. nefndarinnar hefir gert fyrirvara um sinn ágreining. Að því er kemur til hinna tveggja, þá hygg jeg, að ágreiningurinn sje ekki mikill. Yfirleitt tel jeg frv. þetta mjög þarft og góða skipun á vegamálunum, og að minsta kosti mikla rjettarbót frá því, sem áður var, því að eins og við er að búast, er vegalöggjöfin orðin úrelt og ósamræmileg vegna ýmsra breytinga á síðari árum. Vil jeg því vænta þess, að frv. þetta fái að ganga rjetta boðleið gegnum hv. deild og greiðlega.

Pjetur Þórðarson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, en hann nær raunar ekki lengra en það, að jeg hefði helst kosið, að frv. hefði fengið að ganga breytingalaust í gegnum hv. deild. Það er að vísu ekki svo, að jeg sje í sjálfu sjer mótfallinn brtt. eða telji þær ekki geta átt við, en það, sem jeg óttaðist, var það, að þær myndu tefja málið og stefna því í tvísýnu. Og því hefði jeg viljað sporna á móti. Annars vona jeg, að hv. Ed. láti ekki samþykt frv. stranda á þeim breytingum, sem væntanlega verða gerðar á því hjer í hv. deild, ef tími vinst til.

En þetta var nú aukainnskot. Aðallega vildi jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um frv. eins og það liggur nú fyrir. Það er alkunnugt, að margítrekaðar óskir hafa komið fram á Alþingi um það að taka vegalöggjöfina til endurskoðunar, og hefir það nú verið gert af vegamálastjóra, þeim manni, sem mest hefir um þau efni

fjallað. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir nú í framsöguræðu sinni lýst aðalbreytingunum, sem frv. þetta gerir á gildandi vegalögum. Jeg er þó tæplega samdóma honum í því, að það, að ljetta viðhaldinu á vegunum af sýslunum, sje mesta breytingin, heldur finst mjer hún vera fólgin í því, að nú veru vegir teknir upp í tölu þjóðvega, sem þar hafa ekki áður fallið undir, og aðrir feldir í burtu, og er það aðallega og öllu heldur vegna vegakerfisins en hins, hvernig og hvar viðhaldið kemur niður. Á jeg hjer sjerstaklega við vegi samkv. 2. gr. frv. Vegamálastjóri hefir tekið upp í frv. nokkuð af flutningabrautum, sem þá heita þjóðvegir, en öðrum hefir hann þó slept. Meðal þeirra flutningabrauta, sem ekki eru teknar, eru hálf Borgarfjarðarbraut og Eyjafjarðarbraut. Þá eru það óneitanlega miklar breytingar að ljetta viðhaldi nokkurra sýsluvega af sýslunum og flytja það yfir á landssjóðinn. Eru þær breytingar í samræmi við það að taka vegi þessa upp í tölu þjóðvega. Er þetta kerfi nú alt komið í eina fullkomna heild, sem Alþingi getur svo aukið við smátt og smátt, eftir því sem ástæður liggja til. Og þó svo sje, að ýmsum hv. þm. finnist sem einhverjir landshlutar hafi orðið útundan að þessu sinni, þá má gera ráð fyrir, að tíminn fyrir þá sje ekki kominn enn, en jeg tel víst, að þetta kerfi verði aukið og fullkomnað, eftir því, sem tímar líða og nauðsyn ber til. Því vil jeg vænta þess, að þó að allir hv. þm. sjeu ekki ánægðir, þá sjeu þau atriði, sem þeim finst, að miður fari, svo smávægileg, að þeir sjái, að ekki sje rjett að setja það fyrir sig, en telji sjer skylt að stuðla að því, að lögin komist á. Mjer er það áhugamál, að þetta þing geti afgreitt lögin, og því hefi jeg skrifað undir nál. með fyrirvara, að jeg hefði helst kosið, að sem minstar breytingar hefðu verið gerðar á frv., til þess að tefja ekki fyrir því.

Finnist einhverjum hv. þm., að of langt sje gengið í því að ljetta viðhaldinu af sýslunum, þá vil jeg aðeins minna á það, að hjer eftir falla ýmsir vegakaflar alveg á sýslurnar, sem taka verður upp í tölu sýsluvega eða halda við á annan hátt, en sem áður hvíldu að nokkru á ríkissjóði. Eins gæti jeg ímyndað mjer, að sumir háttv. þm. hefðu ef til vill fengið ýmugust á frv. vegna þess, að hjer eru sumir vegir, sem sumpart eru fjallvegir eða mjög erfiðir, teknir upp í tölu þjóðvega, en það er tekið fram í 12. gr. frv., hvernig vegamálastjóri hugsar sjer, að með þetta verði farið. Þar segir svo: „Nú verður álitið gagnlegt að gera einhvern þjóðvegarkafla akfæran, og má þá, þegar ástæður eru fyrir hendi, gera það að skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög eða sveitarfjelög leggi fram tiltekinn hluta vegagerðarkostnaðarins.“ Þetta er nýung, því að hingað til hafa allir vegir í þjóðvegatölu verið akfærir, en það sýnir, að ekki er skuldbindandi að gera veginn akfæran, ef það er miklum erfiðleikum bundið eða kostar svo mikið, að það nemi stórum fjárhæðum. Viðhaldið yrði þá aðallega fólgið í því að ryðja götur og hlaða upp vörður o. s. frv. Að þessu athuguðu þarf enginn að fráfælast frv. fyrir þessar sakir.

Vil jeg svo að lokum mæla fastlega með því, að frv. nái fram að ganga, og þó jeg vilji ekki sjerstaklega fara að mæla á móti þeim brtt., sem fram eru komnar við það, þá tel jeg þó málið betur komið án þeirra.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg ætla fyrst með örfáum orðum að minna á aðdrag-

anda þessa máls. Þegar síðast voru sett almenn vegalög, þá voru fyrstu vegalögin, sem gerðu ráð fyrir akbrautum, 12 ára gömul. Með þessum fyrstu lögum var gengið inn á þá rjettu braut, að leggja akvegi út frá helstu kaupstöðunum og í annan stað að leggja samanhangandi reiðfæran veg fram með ströndunum og milli landshlutanna og þannig, að þeir fjellu saman með aðalpóstleiðunum. En það kom brátt í ljós, að allir þessir vegir þurftu mikið viðhald, og þá fóru samtímis raddir að koma fram um það, að ekki væri nema rjett, að þau hjeruð, sem fengið höfðu þessar brautir gefins, hjeldu þeim að minsta kosti við. Um þetta voru engin ákvæði í elstu vegalögunum, en kröfurnar um þetta á þingi urðu æ háværari, komu fram bæði 1903 og 1905, og samkvæmt þeim var það ákvæði sett inn í stjórnarfrv. til vegalaga 1907, að leggja viðhald flutningabrautanna á hlutaðeigandi sýslufjelög. Þetta þótti öllum sanngjarnt, bæði þeim, sem þegar höfðu fengið vegina, og eins hinum. Síðan hafa tímarnir liðið og vegagerðir mjög aukist, uns dýrtíðin og fjárhagsörðugleikarnir hafa tekið fyrir allar slíkar framkvæmdir. Nú er því svo, að einstökum brautum og flutningabrautum samkvæmt lögum 1907 er raunar ekki lokið, en vel á veg komið. En viðhald veganna hefir reynst sýslufjelögunum of þungbært, ekki síst vegna þess, að kröfurnar hafa aukist mjög á síðari tímum; og hjeruðin því kostað miklu til að koma akvegum heim upp í sveitirnar út frá brautunum, enda er nú svo komið, að í mörgum hjeruðum er akfært orðið heim á hvern bæ. Menn hafa því fundið til þess, að ný ráð þyrfti að finna til að gera sýslufjelögum kleift að standast kostnaðinn af vegaviðhaldinu. Það er þó ekki fyrri en nýlega, að nokkuð hefir verið gert til að fá sýslunum nýja tekjustofna í þessu augnamiði. Á jeg þar við lög um sýsluvegasjóði, sem samþykt voru á síðasta Alþingi. Sýslufjelögunum var ekki fenginn neinn tekjustofn til að standast viðhaldskostnaðinn og annan vegakostnað. Út af þessu reis smámsaman mikil óánægja og hjeruðin báru fram rjettmætar óskir um að byrðinni yrði ljett af sýslusjóðunum. Þetta var svo gert með lögum frá 1923, um sýsluvegasjóði. Þessi lög búa svo um hnútana, að ef vegamálakostnaðurinn hjá einhverju sýslufjelagi verður of mikill í hlutfalli við fólksfjölda, þá kemur sjálfkrafa fram tillag úr ríkissjóði, sem fyrirbyggir, að kostnaðurinn verði sýslubúum of þungur.

Þegar þetta ákvæði laganna var sett, var það miðað við þau fyrirmæli laganna óbreytt, sem nú gilda um viðhaldsskyldu. Mætti þá líka ætla, að búið væri að ganga frá málinu til fulls, þegar sýslusjóðir geta fengið nóg tillag úr ríkissjóði til að fyrirbyggja, að gjöldin til veganna verði þeim um megn.

Nú er þó nýtt frv. hjer á ferðinni, sem gerir gagngerða breyting á viðhaldsskyldunni, þar sem hún að því leyti, sem til flestallra flutningabrauta kemur, er lögð á ríkissjóð. Eins er bætt við ýmsum nýjum þjóðvegaköflum og viðhald þeirra hvílir alveg á ríkissjóði, hvort sem þeir eru akfærir eða ekki. Því það ákvæði eitt gildir um akfæra þjóðvegi í bygð, að heimilt er að afhenda þá sýslufjelögum til viðhalds, en sú heimild hefir aldrei verið notuð, og stendur þetta því svo, að viðhaldsskyldan hvílir öll á ríkissjóði.

Jeg verð að segja það, að þegar um svo stórfelda breytingu er að ræða á

máli, sem búið er að skipa til fulls áður og á þann hátt, sem vel er viðunandi fyrir alla aðilja, þá hefði maður mátt vænta þess, að annaðhvort frá stjórnarinnar hálfu eða af hlutaðeigandi nefnd hefði verið gerð ítarleg grein fyrir fjárhagsástæðum þeim, sem gera breytinguna nauðsynlega; að gerð hefði verið grein fyrir, hve miklu væri á þennan hátt ljett af hjeruðunum og hvað miklu bætt á ríkissjóð. En það er svo grandvart, að nokkrar slíkar tölur sjeu sjáanlegar, þó að það hefði verið fyrsta og sjálfsagðasta skyldan að koma með þær. Stingur þetta mjög í stúf við greinargerð nýnefndra laga frá 1923, því að þeim fylgdi ítarleg greinargerð um það, hver vegakostnaður sýslufjelaganna yrði, hve mikið þau myndu þurfa á sig að leggja, hvað ríkissjóður þyrfti að borga til þess að sú skipun, sem nú er um viðhaldsskylduna, gæti haldist.

Jeg get sagt það, að ef nóg fje væri til í ríkissjóði og tekjur hans miklar, svo að ekki þyrfti að viðhafa fylstu aðgæslu í hverju atriði, þá væri ef til vill verjandi að samþykkja svo stórfeldan lagabálk sem þessi er, án þess að sjeð yrði, hver áhrif hann hefði á útgjöld ríkissjóðs. En þar sem vitanlegt er, að ríkissjóður getur naumlega staðið í skilum við lánardrottna sína og allsendis er ósjeð, hvort tekjuauki sá, sem þetta þing hefir á komið, geti hrokkið fyrir því, sem á vantar til að greiða væntanleg útgjöld, þá finst mjer óverjandi að samþykkja lagabálk, sem gerir eins víðtækar breytingar á vegaskyldunum og frv. þetta gerir og hefir fyrirsjáanlega afarmikil útgjöld í för með sjer. Sje jeg því ekki, að hægt verði að afgreiða málið að svo stöddu, enda finst mjer lítill skaði skeður, þó að það biði til næsta þings og nýju lögin fengju að reyna sig fyrst í 1—2 ár.

Mjer er það vel ljóst, að mjög margir hv. þm. í þessari hv. deild hafa hagsmuna að gæta fyrir hjeruð sín þar sem þetta frv. er. Og að kjósendum þeirra þættu það góðar frjettir, ef þeir flyttu þeim þau tíðindi, að nú væru þeir lausir við viðhald þessa og þessa vegarkafla, sem á þeim hvílir. En jeg sje ekki betur en að það sje í fylsta ósamræmi við varfærni þá í fjármálum, sem þessi háttv. deild hefir sýnt á þessu þingi, ef hún samþykkir nú lagabálk án þess að athuga, hver áhrif hann hefir á fjárhaginn — já, veit, að hann verður ríkissjóði dýr, að minsta kosti fyrstu árin.

Um frv. sjálft eða brtt. ætla jeg ekki að fjölyrða, en jeg sakna þó eins ákvæðis í frv., og það af þeirri ástæðu, að gerðar eru þó nokkrar breytingar á núverandi þjóðvegum. Jeg sakna þess, að ekki er tekið fram, að ríkissjóður kosti viðhald þeirra þjóðvega, sem nú eru, uns nýir hafa verið lagðir á öðrum stað, því þó að þetta sje tekið fram í 2. gr. C., snertir það aðeins einn þjóðveg á Norðurlandi, sem vitanlega verður vegna kostnaðarins ekki lagður fyrst um sinn, þá vantar, að það sje tekið fram alment. Því vitanlega á að gera fleiri breytingar á þjóðvegunum. Jeg skal nefna eina; það er stórbreyting á Borgarfjarðarveginum, sem mun kosta 176 þús. kr., og sje jeg ekki, að það fari vel á því, að viðhald gamla vegarins falli niður áður en sú breyting kemst á.

Jeg get bent á fleiri breytingar, sem eru athugaverðar, sjerstaklega breytinguna á þjóðveginum í Strandasýslu. Þar á að sleppa kafla, svo nefndum Krossárdalsvegi, sem liggur milli Gilsfjarðar og

Bitrufjarðar, og þjóðvegurinn á að flytjast norður í Strandasýslu. En vegurinn um Krossárdal var einmitt lagður fyrir ítrekaðar og ákveðnar óskir hjeraðsbúa og miklu hefir þegar verið til hans varið, eins og þeir vita, sem kunnugir eru fjárlögum síðustu ára. Nú á alt að falla niður, sem búið er að gera, en það er mikill hluti vegarins milli Gilsfjarðar og Bitrufjarðar, þó að hann sje ekki fullgerður. Gæti sá hagnaður orkað tvímælis, og skal jeg þó ekki fullyrða um það frekar.

Um aðra breyting, sem gerð var á frv. í háttv. Ed. og snertir veginn í Vestur-Húnavatnssýslu, vil jeg segja það, að sú breyting mun að vísu draga úr kostnaði ríkissjóðs við vegagerð þar, en bjarnargreiði virðist þar með gerður hjeraðsmönnum, því jeg þykist þess fullviss, að eins og frv. er nú orðið í þessu atriði, þá mun það útiloka, að í sýslunni komist á samtengt akvegakerfi, því að þjóðvegurinn sem stofnbraut liggur þá ekki þar, sem kleift er að koma akvegum frá honum til allra bygða og um þær. En jeg get sagt það, að allan þann tíma, sem jeg var við vegamál riðinn, þá hafði jeg það fyrst og fremst fyrir augum við sjerhverja vegagerð, sem ríkissjóður lagði fje til, að hlutaðeigandi vegarkafli gæti komið sem eðlilegur liður, helst sem stofnbraut, í vegakerfinu innanhjeraðs, enda er það eina ráðið til þess að koma á fullkomnu vegakerfi.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið við þessa umr., því að jeg tel það ótímabært, að það sje afgreitt nú á þessu þingi. En ef annað verður ofan á í hv. deild, mun jeg bera fram brtt. um þennan veg í Vestur-Húnavatnssýslu, sem fer aðeins í þá átt, að ekki sje ákveðið nú þegar, hvar þjóðbrautin liggi, heldur gefið frjálst til seinni ákvörðunar; enda er um svo stuttan kafla að ræða, að þýðingarlaust er að hafa svo nákvæma leiðarlýsing lagagreinar til að fara eftir.

En jeg tel það fylstu skyldu mína að benda mönnum á, að fjárhagshlið málsins, sú er snýr að ríkissjóði, er órannsökuð, og meðan svo er, tel jeg óverjandi að hrapa að því að afgreiða málið.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil aðeins segja nokkur orð út af því, að jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara. Annars hefir hæstv. fjrh. (JÞ) tekið fram flest af því, sem jeg ætlaði að segja, og get jeg því verið mjög stuttorður. Jeg álít ekki, að þetta stórmál eigi að ganga fram á þessu þingi. Mjer finst vanta rannsókn á því, hvað slík lög mundu kosta ríkissjóð og málið líka óundirbúið að öðru leyti, þar sem jeg hygg, að fæstar hjeraðsstjórnir hafi sjeð þetta frv., hvað þá við sig ráðið, hvernig þær vildu, að vegalagningunni væri fyrir komið eða hvar vegirnir ættu að liggja um hin ýmsu hjeruð. Að minsta kosti hefir það komið fram í umræðunum, að talsverður ágreiningur er um Biskupstungnaveginn og veginn í Vestur-Húnavatnssýslu.

Hv. Ed. hefir breytt Biskupstungnaveginum frá því, sem upprunalega stóð í frv. vegamálastjórans, og sú breyting veldur ríkissjóði auknum kostnaði svo tugum þúsunda nemur. Þó vil jeg alls ekki leggjast á móti þeirri breytingu, því að jeg álít, að ef samin eru vegalög, eigi að setja þau með hliðsjón til þess, sem kemur þörf hjeraðanna að bestum notum og þannig, að þau hafi sem allra mest not af þjóðvegunum við vegakerfin innanhjeraðs.

Jeg tel rjettara, að um svona stórmál sjeu hjeraðsstjórnirnar að minsta kosti heyrðar og fái sagt álit sitt. En þegar ágreiningur verður innan hjeraðs, verður Alþingi auðvitað að skera úr, en rök ættu að koma með og móti, svo að þeir, sem ókunnugir eru — eins og jeg verð að játa að jeg er — ættu hægra með að átta sig á málinu.

Um veginn í Vestur-Húnavatnssýslu er, eins og menn vita, talsverður ágreiningur. Tillögum vegamálastjóra hefir verið breytt þannig, að kostnaðurinn verður minni fyrir ríkissjóð, en það er álit margra, sem kunnugir eru, að vegurinn samræmist betur innanhjeraðsvegakerfinu, ef hann lægi annarsstaðar en þar, sem nú er ákveðið. Jeg vil heldur ekki í þessu efni horfa eingöngu á kostnað ríkissjóðs, ef hjeraðinu væri betur borgið með því að fá veginn annarsstaðar og hefði þannig meiri hag af honum við vegalagning innan sýslunnar.

Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir minst á Krossárdalsveginn og hve miklu fje hefir verið til hans varið; jeg hygg að það sje 20 þús. kr. Í Strandasýslu verður enginn sýsluvegur og tæplega nokkur hreppavegur, ef þessu kerfi er fylgt, nema frá Hólmavík og út á Strandir. Í Barðastrandarsýslu, sem er stór og fjölmenn sýsla, á enginn þjóðvegur að vera eftir þessu frv. Í Vestur-Ísafjarðarsýslu held ur ekki, og þó liggur póstleiðin um þessar sýslur þvers og endilangar. Það er dálaglegt samræmi í þessu. Um Norður-Ísafjarðarsýslu þarf jeg ekki að tala; hv. þm. vita, að þar er landleið ill og ómögulegt að koma við þjóðvegakerfi. Jeg þarf því ekki að fara í neitt reiptog við aðra um þetta mál, heldur get litið hlutdrægn islaust á það í heild. En mjer virðist að bæði viðvíkjandi hjeraðsstjórnunum og engu síður sakir fjárhags ríkissjóðs ætti ekki að samþykkja frv. nú, heldur vísa því til stjórnarinnar, sem gerði fullskýra áætlun um bagga þann, sem það bindur ríkissjóði, áður en það verður gert að lögum.

Bernharð Stefánsson: Það er aðeins eitt atriði í frv. þessu, sem jeg vildi leyfa mjer að minnast á. Samkvæmt 1. gr. eru flutningabrautir feldar burt sem sjerstakur flokkur vega. En nú er svo, að samkv. frv. eru næstum allar flutningabrautir teknar upp sem þjóðvegir. Jeg held, að aðeins tvær sjeu þar feldar undan og að mjer skilst skildar eftir í algeru greinaleysi, en það eru Eyjafjarðarbrautin og Borgarfjarðarbrautin. Verð jeg að segja það, að jeg skil ekki almennilega, hvað því veldur, að þessar brautir eru feldar burt, en ekki gerðar að þjóðvegum eins og hinar. Það stendur að vísu í greinargerð frv. eitthvað í þá átt, að þegar um flutningabrautir sje að ræða, sem sjeu eingöngu innanhjeraðsbrautir, þá sjeu þær ekki teknar með. En við nánari athugun finst mjer þetta ekki sannast með frv. Jeg álít, að t. d. Hvammstangabrautin og Sauðárkróksbrautin, sem teknar eru upp sem þjóðvegir í frv., sjeu hreint ekki meira til almenningsnota en til dæmis Eyjafjarðarbrautin. Ef hún er eingöngu notuð innanhjeraðs, þá eru þessar það líka, og þeir, sem leggja leið sína um endilangt land, fara ekki þessar brautir frekar en Eyjafjarðarbrautina, og svo mun víðar vera, að flutningabrautir eru teknar upp sem þjóðvegir, þó að þær komi ekki að neitt almennari notum en Eyjafjarðarbrautin, þó að mig bresti kunnugleika til að benda á það nánar,

Jeg skil sem sagt ekki, hvað á að verða um þessar brautir. Sumir kunna að segja sem svo, að þær sjeu sjálfsagðar sem sýsluvegir. En samkv. frv. sjálfu ákveða sýslunefndir, hverjir skuli vera sýsluvegir, og mjer finst það ekki sjálfsagt, að þær taki þessar brautir upp sem sýsluvegi. Jeg hefi ekki komið fram með brtt. um þetta nú, en í hv. Ed. kom fram brtt. þess efnis, að taka Eyjafjarðarbrautina upp sem þjóðveg. Hún var feld. En jeg mun samt við 3. umr. bera fram slíka till. og vonast til, að þessi hv. deild sýni henni meiri góðgirni en efri deild.

Jeg skal ekki fara frekar út í þetta mál, en vil aðeins geta þess, að jeg hefði kosið, að í 12. gr. frv. hefði verið sett ákvæði um, að tilgangurinn og takmarkið væri að gera alla þjóðvegi akfæra með tíð og tíma. Það hlýtur hvort sem er að vera takmarkið, en ekki að láta sjer nægja reiðvegi.

Klemens Jónsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir nú sagt sögu vegalaganna frá byrjun, og hefi jeg ekkert við þá sögu hans að athuga. En jeg vildi nú í stuttu máli gera grein fyrir, hvers vegna þetta frv. er fram komið. Fyrir þinginu lá í fyrra frv. um breytingu á vegalögunum, og var núverandi forsætisráðherra formaður þeirrar nefndar, sem hafði málið til athugunar í Ed. Nefndin tók það fram, að óhjákvæmilegt væri að taka öll vegalögin til athugunar. Jeg lofaði að taka vegalögin til gagngerðrar endurskoðunar fyrir þetta þing. Nefndin í Ed. lagði aðaláherslu á, að þungamiðja frv. væri sú, að ljetta viðhaldi akbrauta af sýslunum. En þangað til þetta kæmist alment á, lagði hún til, að viðhaldi tveggja brauta væri ljett af sýslunum, Flóabrautarinnar og nokkrum hluta Borgarfjarðarbrautarinnar. Þó viðurkendi nefndin, að fleiri brautir væru til, sem engu síður væri rjett að ljetta af sýslusjóðunum. Nefndi hún einkum til þess Holtaveginn, enda er viðhald hans í örðugasta lagi, sökum hins mýrlenda vegarstæðis á löngum kafla. Einnig gat hún Fagradalsbrautarinnar á sama veg. Þó vildi nefndin ekki ganga lengra að sinni en að taka þessar tvær nefndu brautir upp á ríkissjóðinn, enda þótt hún viðurkendi, að ástæða væri til þess. Hv. þingmenn S.-M. og Rang., er voru í Ed. í fyrra, fluttu till. um að viðhaldi Holtavegarins yrði ljett af sýslunni, og nokkrum hluta Fagradalsbrautarinnar, en vegna loforðs míns um að láta fara fram endurskoðun laganna fyrir þetta þing, tóku þeir tillögur sínar aftur, en annars hefðu þeir vafalaust fengið tillögur sínar samþyktar. Þetta loforð verður því rofið, ef þetta frv. nær ekki fram að ganga. Jeg fjekk vegamálastjóra til að semja frv. Hæstv. fjrh. var að finna að því, að ekki væri nógu ítarlega skýrt frá þeim kostnaði, er þessi breyting hefði í för með sjer fyrir ríkissjóð, nje heldur hve miklu væri ljett af sýslusjóðum. Jeg skal viðurkenna, að æskilegt hefði verið, að slíkar upplýsingar hefðu verið fyrir hendi. En frv. kom alt of seint til stjórnarinnar til þess, að það væri hægt að íhuga það nánar, einkum hvað kostnaðarhliðina snertir. Það var líka af sömu ástæðum, að jeg fór ekki fram á breytingar í einstökum atriðum, enda þótt ástæða kynni að hafa verið til þess.

Út af ummælum hv. 2. þm. Eyf. (BSt) um Eyjafjarðarbrautina og nokkurn hluta Borgarfjarðarbrautarinnar, er hann vill láta sama yfir þær ganga og aðrar brautir, þá er það að vísu satt, að Eyjafjarðarbrautin má skoðast fullkomlega hliðstæð Húnavatnssýslubrautinni, og því

væri óeðlilegt að gera þar upp á milli, og persónulega hefi jeg tilhneigingu til að greiða atkvæði með henni.

Jeg álít, að ekki sje hægt að sjá það fullkomlega fyrirfram, hverjar fjárhagslegar afleiðingar þetta frv. kann að hafa, en í svipinn gerir þetta þó ekki svo mikið til. Auðvitað verður ekkert fje veitt í þessu skyni, nema það, sem ákveðið er í fjárlögum hvers árs. Og jeg er þeirrar skoðunar, að þótt frestað yrði að samþykkja þetta frv. um eitt ár, þá verði það samt sem áður að lögum innan skams.

Jeg þarf ekki að taka það fram, hve þung byrði viðhald veganna er fyrir sýslusjóðina. Þannig er Árnessýsla fyrir löngu hætt að geta risið undir viðhaldi Flóabrautarinnar. Þessa braut nota þó bæði Rangæingar, Skaftfellingar og Reykvíkingar, og geta því allir sjeð, hve ósanngjarnt er, að Árnessýsla beri ein kostnað af henni. Sama má segja um Holtaveginn. Það má segja, að hann sje notaður af Suðurlandsbúum yfirleitt. Fyrst búið er að ljetta viðhaldi Flóabrautarinnar af sýslunni, mælir öll sanngirni með því, að sama verði gert við Holtaveginn, sem er beint áframhald af Flóaveginum.

Jeg gat þess, að Árnessýsla væri hætt að geta risið undir viðhaldi veganna, og veit jeg, að hæstv. fjrh. muni vera þeim málum kunnugur. Sýslan stendur nú í 40 þús. kr. skuld við ríkissjóð, og eru ekki miklar líkur til, að sú skuld verði endurborguð innan skamms.

Þess ber að gæta, að menn eru farnir að leggja mikinn hug á að koma upp hliðarakbrautum og brautum þaðan inn á hvert heimili. Hliðarbrautirnar eru þegar orðnar mjög margar, en þar sem sýslusjóðirnir hafa víða sligast undir viðhaldi aðalbrautanna, geta þeir ekki lagt neitt af mörkum til þessara hliðar- og sýsluvega. Því er nauðsynlegt að ljetta viðhaldi aðalbrautanna af sýslusjóðunum, til að gera þeim fært að inna af hendi nauðsynlegar vegabætur í hjeraði. Það þykir nú ef til vill undarlegt að vilja fara að íþyngja ríkissjóði á þessum erfiðu tímum, en þess verður að gæta, að sá kostnaður vinst upp á þann hátt, að sýslusjóðirnir verða færari um að starfa að nýjum endurbótum. Í þessu er því ekki eins mikið ósamræmi og sýnist.

Jeg vil ekki lengja umræðurnar með því að fara út í einstök atriði. Jeg tel sjálfsagt að taka þær brtt. til athugunar, sem kunna að koma fram við 3. umr. Tíminn er nægur ennþá til þess að frv. komist gegnum þingið. Eins og jeg hefi tekið fram, get jeg ekki fallist á að frv. sje látið bíða í þetta sinn. Til þess liggja margar orsakir, eins og jeg hefi bent á, og þá ekki síst þau loforð, sem hafa verið gefin um gagngerða endurskoðun vegalaganna, og þau fyrirheit, sem gefin eru sjerstaklega tveimur sýslum.

Jón Sigurðsson: Það gladdi mig mjög að heyra, hvernig hæstv. fjrh. lítur á þetta mál. Það hefir verið svo hljótt um þetta frv., að jeg hjelt, að allir ætluðu að samþykkja það breytingalaust. Jeg skal nú í fám orðum lýsa skoðun minni á því. Jeg ætlaði að taka til máls við 1. umr. og kvaddi mjer hljóðs, en þar sem hæstv. forseti tók ekki eftir því og sleit umræðum, hefi jeg orðið að geyma það þangað til nú.

Jeg get ekki annað en undrast þá stefnu, er kemur fram í þessu frv. nú á þessum krepputímum. Háttv. flm. þess (KlJ) flutti nýlega hjer í deildinni frv. til laga um breytingar á berklavarnalögunum, sem gengu í þveröfuga átt við

það, sem þetta frv. fer fram á, nefnilega að ljetta byrðar ríkissjóðs. Fleiri frv. í sömu átt hafa komið hjer fram og átt vinsældum að fagna. Þetta frv. fer, eins og jeg hefi þegar sagt, í alveg gagnstæða átt. Það á að færa byrðar sýslusjóðanna yfir á ríkissjóð, sem allir vita þó, að á þegar fullerfitt uppdráttar. Þetta er líka gert af svo miklu handahófi í frv., að ekki má láta það mótmælalaust.

Það hefir verið drepið á það, hvernig vegalögin frá 1907 urðu til. Það er skiljanlegt, að meðan lítið var til af góðum vegum, væri áhersla lögð á, að ríkissjóður gerði sem mest að nýbyggingum, en að sýslusjóðir væru látnir annast viðhaldið. En með þessu frv. á að demba öllum viðhaldskostnaði á ríkissjóð, hvort heldur hann eða sýslusjóðirnir hafa kostað byggingar veganna. Þetta á að komast á árið eftir að ákveðið er, að ríkissjóður fari að taka verulegan þátt í viðhaldi veganna samkvæmt lögunum um sýsluvegasjóði.

Hjer mætti fara millileið, því að hjer hafa komið fram öfgar á báða bóga.

Þjóðvegir eiga að vera nokkurskonar hringbraut kringum land alt, alfaravegur, sem tengir saman hjeruðin. Þessa vegi á ríkissjóður að leggja og halda við, en ekki að taka neina útúrkróka á sína arma. Með þessu yrði víða mikilli byrði ljett af hjeruðunum. Að vísu kæmi þetta ef til vill ekki alveg rjettlátlega niður, því að misjafnt er, hvað hjeruðin fá mikið af þjóðvegum, en í það tjáir ekki að horfa. Þetta er mín skoðun, án tillits til þess, þótt mitt kjördæmi verði hart úti.

Ef þetta frv. nær fram að ganga, er ríkissjóði með því gert örðugra fyrir með að annast nokkrar nýbyggingar. Ef allir nauðsynlegir vegir væru þegar lagðir hjer, væri sök sjer, þótt svona frv. kæmi fram. En því er nú ekki að heilsa, að svo sje. Í því efni er margt og mikið eftir ógert. Við getum tæplega sett okkur lægra mark Norðlendingarnir en að lagður verði bílfær vegur alla leið frá Borgarnesi til Akureyrar eða Húsavíkur. Það er enginn vafi, að þetta frv. hlýtur að tefja mjög fyrir öllum slíkum framkvæmdum, ef það nær fram að ganga.

Jeg skal að svo búnu ekki orðlengja þetta meira, enda er búið að ræða ýms smærri atriði málsins, og læt jeg því hjer staðar numið.

Þórarinn Jónsson: Jeg skal ekki vera orðmargur. Mjer finst það mjög á vanta hjá hv. samgöngumálanefnd, að hún hafi rakið þann kostnað, er leiðir af framgangi þessa frv. fyrir ríkissjóð, eins og hefði þurft og sjálfsögð skylda var. Hvorki nál. nje frv. sjálft gefa fullnægjandi upplýsingar um þetta. En eins og hæstv. fjrh. sagði, þarf að ganga að þessu máli með yfirlögðu ráði og gæta hins fylsta samræmis og jafnframt þess, að ríkissjóði sje ekki ofboðið.

Það hefir verið talað um, að þessu máli þyrfti að vísa til hjeraðanna og fá upplýsingar hjá þeim. Jeg get nú fyrir mitt leyti ekki lagt mikið upp úr því. Bæði tel jeg vafasamt, að svör þau yrðu nokkurn tíma til upplýsinga málinu og eins mundi það sannast, að stöðugt yrðu áframhaldandi kröfur frá hjeruðunum um undanþágu frá viðhaldinu þar til það yrði fengið.

Í sambandi við þetta má líka minna á það, að ríkissjóður hefir oft dregist lengi með flutningabrautir án þess að geta afhent þær hjeruðunum til viðhalds, sökum þess, að þær hafa verið svo illa gerðar. Þannig er því farið með Húnvetningabraut, að við viðhaldi á henni myndi ekki verða tekið nema með dómi, yrði

annars hægt að fá dóm þar á. Þetta þarf því að komast í betra horf, verði breyting ekki á. Brautirnar á að gera vel í upphafi og afhenda þær síðan hjeruðunum til viðhalds, nema þar sem utanhjeraðs umferð er *allra* mest.

Jeg fæ ekki skilið annað en mál þetta geti gengið fram á þessu þingi, þó að hjeruðin segi ekki sitt orð um það. Og hvað undirbúning snertir frá hálfu vegamálastjóra, þá er líklega ekki að búast við honum betri síðar. Jeg skal ekki vera margorður út af einstökum atriðum, enda þótt sum sjeu mínu kjördæmi viðkomandi. Brtt. hafa enn ekki komið fram, og get jeg því slept að minnast á ýmislegt í sambandi við þetta mál, uns þær koma. Jeg mun, hvað sem öðru líður, greiða frv. atkvæði til 3. umr. Hitt þykir mjer miklu skifta, að hv. samgöngumálanefnd leiti sjer nánari upplýsinga um fjárhagshlið málsins.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vildi byrja mál mitt með þeirri ósk, að frv. yrði þó að minsta kosti vísað til 3. umr., svo að hægt yrði milli umræðnanna að athuga þann kostnað, sem af því myndi leiða. Um þennan kostnað er fyrst og fremst það að segja, að nú þegar er viðhald sumra flutningabrautanna komið yfir á ríkissjóð; auk þess er nokkuð af þeim óafhent sýslunum ennþá. Er jeg því ekki viss um, að frv. auki svo mjög kostnað ríkissjóðs.

Frv. þetta er komið fram af því, að sýslufjelögin hjeldu flutningabrautunum ekki eins vel við og búist var við og til var ætlast. Og voru lög þau, sem sett voru í fyrra um sýsluvegasjóði, aðallega til þess ætluð að gera sýslunum viðhaldið ljettara, og taki ríkissjóður viðhaldið yfir á sig nú, er óneitanlega snúið við á þeirri braut, sem byrjuð var með þeim.

Það er óneitanlegt, að það yrði þungur baggi fyrir ríkissjóð, ef hann ætti að taka yfir á sig kostnaðinn af viðhaldi flutningabrautanna, og auk þess að leggja fram tillagið til sýsluvegasjóðanna samkvæmt lögunum frá í fyrra. Annars vildi jeg óska, að nefndin reyndi fyrir 3. umr. að komast að nokkurri niðurstöðu um það, hve mikill aukakostnaður fyrir ríkissjóð myndi leiða af frv. þessu á næstu árum. Og er jeg viss um, að hún getur það með aðstoð vegamálastjóra.

Hvað 1. og 2. brtt. nefndarinnar snertir, skal jeg taka það fram, að jeg tel þær næsta þýðingarlitlar, því að engum málum, er snerta vegamál, er ráðið til lykta í stjórnarráðinu án þess að bera þau fyrst undir vegamálastjóra, og er farið þar mest eftir tillögum hans. Að fella í burt orðin: „fasta“ og „fastir“ er líka þýðingarlaust, því að þetta nær einungis til fastra aðstoðarmanna, en annara ekki.

Þriðju brtt. nefndarinnar, sem er við 49. gr., tel jeg varhugaverða, og hefði jeg getað betur felt mig við þau ákvæði, sem stóðu í stjórnarfrumvarpinu, að þeir verslunarstaðir, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, skuli vera lausir við að greiða sýsluvegagjald, ef hreppsfjelagið hefir næsta ár á undan því, er það sýsluvegagjald var lagt á, varið til vegagerða í verslunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði, sem sýsluvegagjaldinu nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hafði til umráða það ár; því að það er venja, að þessir verslunarstaðir leggi fram miklu meira fje en hreppsvegagjaldinu nemur, enda hefir þessari reglu verið fylgt síðan vegalagabreytingin var gerð 1911, og hefir altaf reynst vel. Jeg

skal játa, að í fyrra var þessu breytt, en hefði átt að taka upp þau ákvæði, hefði mátt vísa til þeirrar greinar. En ef nefndin hefði viljað halda fast á þessari breytingu, hefði brtt. átt að vera þannig, að greinin fjelli burt.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Það væri margs að gæta, ef svara ætti öllum þeim mótmælum og athugasemdum, sem fram hafa komið, en það mun jeg ekki gera, heldur aðeins stikla á stærstu atriðunum.

Skal jeg þá fyrst snúa mjer að hv. þm. Mýramanna (PÞ). Hann hafði yfirleitt lítið að athuga við nefndarálitið, en fann að því, að jeg hefði talið aðalbreytinguna á vegalögunum í því fólgna, að feld væri niður viðhaldsskylda hjeraðanna á nokkrum akbrautum og lögð á ríkissjóð, auk viðhaldsskyldu þeirrar, sem nú hvílir á honum. En hann taldi aðalbreytinguna í því fólgna, að ýmsum vegaköflum er nú bætt inn í þjóðvegatölu. Þetta skiftir ekki miklu máli. Að því er snertir undanþágu hjeraðanna frá viðhaldsskyldu nokkurra akbrauta, er aðalbreytingin fólgin í því, að bæta úr misrjetti. Því að eins og kunnugt er, eiga hjeruðin samkvæmt vegalögunum frá 1907 að halda við akbrautunum. En nú þegar er búið að ljetta þessari viðhaldsskyldu af sumum hjeruðunum. Þannig tók þingið í fyrra yfir á ríkissjóð viðhald einnar dýrustu brautar landsins, sem er Flóavegurinn, og ennfremur viðhald Borgarnesbrautarinnar að mestu. Auk þess hafa sumar brautirnar verið afhentar hjeruðunum án lögskyldrar viðgerðar. Jeg tel og hefi talið það aðalbreytinguna með þessu frv., að það fullnægi þeirri sjálfsögðu rjettlætiskröfu, að þau fáu hjeruð, sem eftir eru með viðhaldskvöðina, sjeu látin njóta jafnrjettis við hin. Hv. þm. taldi sig ekki mótfallinn brtt. nefndarinnar, en óttaðist, að þær gætu orðið frv. að falli hjá Ed. Skal jeg því geta þess, að þær voru bornar undir samgöngumála nefnd efri deildar, og hún hefir lýst samþykki sínu á þeim. Þarf því ekki að óttast, að þær verði frv. að fótakefli.

Hæstv. fjrh. (JÞ) lagðist þungt á móti frumvarpinu og þótti það fljótfærnislega afgreitt, sjerstaklega að því leyti, að engin áætlun er um það, hve mikinn aukakostnað frv. myndi hafa í för með sjer fyrir ríkissjóð. Jeg skil vel þessa að stöðu hæstv. ráðherra. Honum er farið eins og búanda í harðindum, sem sjer heystabbann minka dag frá degi, en verður þó að skamta meðan endist. Öll hugsun hæstv. ráðherra snýst um „stabbann.“ Verð jeg því að minna á það, að hjer er ekki stefnt til neinna nýrra útgjalda fyrir ríkissjóð, nema eftir því, sem þingið ákveður hverju sinni í fjárlögum. Hjer er aðeins ákveðið, hvernig vegirnir eigi að liggja í framtíðinni, þegar þingið sjer fært að veita fje til að leggja þá.

Hvað það snertir, að kostnaðaráætlun vanti, vil jeg benda á það, að ákveðið hefir verið að leggja fjölda af símalínum, án þess að nokkur kostnaðaráætlun hafi fylgt. Jeg held sömuleiðis, að ónákvæm áætlun hafi legið fyrir um kostnaðarauka af vegalögunum frá 1907 þegar þau voru gefin út. Enda hygg jeg, að flestir vegir hafi farið fram úr áætlun, sem gerðir hafa verið síðan. Það er augljóst, að engin leið er að segja um, hvað áformaðir vegir muni kosta í framtíðinni, því að fullvíst er, að dráttur verður mikill á flestum þessum vegalagningum, jafnvel um 20—30 ár á sumum. Það er fullvíst, að áætlun um þessar vegagerðir, sem

samin er í dag, er orðin bandvitlaus eftir nokkur ár, vegna hverfulleika gengisins.

Hefir því enga þýðingu að gera öðruvísi áætlun en þá, sem vegamálastjóri gerir í greinargerð frumvarpsins, en hann kveður svo að orði um kostnaðarauka ríkissjóðs, *að hann muni aðallega vera á pappírnum*, því að um nokkurn verulegan kostnaðarauka sje ekki að ræða, þar sem fullvíst sje, að þeir fáu akbrautarkaflar, sem ekki eru þegar orðnir viðhaldsskyldir fyrir ríkissjóð, hljóti að koma á hann mjög bráðlega, en um nýja vegi akfæra er lítið að ræða í frv.

Ýmsir hv. þm. hafa tekið í sama strenginn og hæstv. fjrh., um að kostnaðaráætlun vantaði; meðal þeirra voru hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og hv. 2. þm. Skagf. (JS). Eru sömu svörin við því öllu, að hjer er ekki verið að binda ríkissjóði neinn heljarbagga, eins og þeir láta í veðri vaka, því að, eins og hv. 2. þm. Rang. (KIJ) tók fram, kemur þetta aukna vegaviðhald á ríkissjóð áður en langt líður, ef ekki á þennan veg, þá gegnum tillag til sýsluvega eða öðruvísi. Það er ekkert rjettlæti í því að leggja dýrt vegaviðhald á einstök hjeruð þegar öll hin eru leyst undan því.

Háttv. 2. þm. Eyf. (BSt)) vildi halda því fram, að allir þjóðvegirnir, sem taldir eru í 2. gr. frv., ættu að verða akfærir og að það hlyti að vera tilgangurinn. En jeg þykist hafa skilið vegamálastjóra svo, að það sje ekki ætlunin um þá nýju þjóðvegi, nema þá á stuttum köflum. Enda þýðingarlítið að gera þá akfæra alla, þar sem lítil flutningsþörf er og þar sem nokkur hluti veganna liggur yfir torfær fjöll, og þeir því huldir gaddi mikinn hluta vetrarins og jafnvel langt á sumar fram.

Hæstv. atvrh. (MG) lagði ekki eins mikla áherslu á byrðarauka landssjóðs af frv. þessu eins og ýmsir aðrir, en taldi hinsvegar líklegt, að lögin frá síðasta þingi, um sýsluvegasjóði, gætu orðið ríkissjóði allþungur baggi. En að þau lög verði sjerstaklega þungur baggi fyrir ríkissjóð, held jeg að óþarft sje að óttast. Gjald ríkissjóðs eftir þeim er bundið við það, að sýslurnar skattleggi fasteignir sínar til vega meira en nemur 2‰, en það hygg jeg þær geri fæstar, nema sjerstaklega brýn þörf sje á vegagerð eða erfitt viðhald akbrauta. Móti 2—4‰, sem sýslurnar leggja fram, þarf ríkissjóður að leggja jafnmikið. En hann þarf ekki að leggja fram neitt móti fyrstu 2‰, og þungt verður gjaldið eigi á honum fyr en tillag sýslnanna er komið yfir 4‰, og þá fyrst getur verið að ræða um verulegan bagga fyrir ríkissjóð af þeim lögum. Eins og fyr var sagt, trúi jeg því laust, að fasteignagjald sýslnanna fari víða fram ur 2‰.

Þá vildi hæstv. atvrh. ekki fallast á, að brtt. nefndarinnar væru til verulegra bóta, og heyrðist mjer hann telja þær þýðingarlausar eða þýðingarlitlar. Hafi mjer misheyrst, leiðrjettir hæstv. atvrh. vonandi þetta.

Jeg tók það fram áður, að brtt. við 4. gr. væri gerð til samkomulags við einn nefndarmanna. Tel jeg hana þarflausa, en um leið meinlausa. Svipað má segja um brtt. við 7. gr. Það virðist enginn ágreiningur í nefndinni um það, að heppilegra væri að fella niður þetta eina orð „fasta“. Það týndist ekkert úr frv., þó að það fjelli úr, en aftur gæti verið auðveldara að losna við þessa menn, þegar þeirra væri ekki lengur þörf, ef þeir væru ekki *fastráðnir*.

Aftur er brtt. við 49. gr. ákveðin efnisbreyting, er skiftir allmiklu. Jeg get ekki verið sammála hæstv. atvrh. um það, að

rjett sje að láta þetta ákvæði laganna frá 1911 óbreytt, að kauptún, sem er sjálfstæður hreppur, skuli laust við að greiða vegagjald í sýslusjóð. Það hefir komið upp ágreiningur um þetta á Austurlandi, og það oftar en einu sinni. Kauptúnin eru venjulega fjölmennustu hreppar nir, og munar því sýsluvegasjóði miklu, ef þeir sleppa við sýsluvegagjald, en það hafa þeir getað og gert oft og tíðum síðan 1911. Áður gátu þeir það ekki, eftir ákvæðum laga 1907, sem þá giltu. Sumstaðar kann að hafa verið ástæða til að ívilna kauptúnahreppum á þennan hátt, þar sem mikið þurfti að leggja í vegagerðir innan kauptúnsins vegna brattlendis og torfæru, en þar, sem landslag er sljett og vegarstæði góð, er lítil ástæða til þess. Slíkir hreppar munu ófúsir að gangast undir samþyktalögin frá 1923, ef 49. gr. þessara laga verður óbreytt, því að þau lög ætla þessum hreppum ætíð að greiða hálft gjaldið í sýsluvegasjóð, og alt, ef ekki er brýn vegaþörf kauptúnsins og fullnægt settum skilyrðum laganna. En eftir brtt. nefndarinnar hlíta þessir hreppar sömu kjörum sem eftir samþyktalögunum, og finst mjer það bæði sanngjarnlegt og samræmis vegna óumflýjanlegt. Jeg hefi borið þetta undir vegamálastjóra, og kannaðist hann við, að hann hefði ekki tekið eftir þessu ósamræmi frv. við samþyktalögin frá síðasta þingi. Fjelst hann á, að rjett væri að gera þessa breytingu vegna samræmisins. Það virðist og ekki heldur hallað á kauptúnin, þó að þessu sje breytt; þau hafa að jafnaði mikil not sýsluvega, og flestir dýrustu og vönduðustu sýsluvegirnir liggja einmitt í námunda við kauptún og að þeim.

Jeg þarf svo ekki að fara lengra út í málið. Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefir andmælt ýmsu, sem fundið var að hjá nefndinni, en flest annað skiftir ekki máli. Jeg hygg, að þetta geti ekki orðið neinum hitamál og að flestir komist að þeirri niðurstöðu, þegar þeir íhuga málið rólega, að rjett sje að samþykkja frv. með brtt. nefndarinnar.

Pjetur Þórðarson: Jeg get ekki stilt mig um að þakka hæstv. atvrh. (MG) fyrir það, hvernig hann hefir tekið í þetta mál. Virðist hann hafa gert sjer það ljóst öðrum fremur, hvað fyrir mjer vakti.

Það hefir verið minst á flutningabrautir, sem hafa ekki verið teknar í þjóðvegatölu í frv. og talið hefir verið rangt að láta vera fyrir utan kerfið, og er þá sjerstaklega átt við Eyjafjarðarbrautina og nokkurn hluta af Borgarfjarðarbrautinni. Mætti segja með nokkrum sanni, að Grímsnesbraut í Árnessýslu hefði þá átt að vera tekin undan með svipuðum rjetti. En þess er að gæta, að Árnessýsla er eitt þeirra hjeraða, sem stynja undir útgjöldum til vega, og hefir sýslan afskaplega mikið að annast í þessu efni, þó að þessi braut sje tekin upp í lögin.

Jeg ætti síst að mæla á móti því, að þessar brautir, sem jeg nefndi, væru teknar upp í frv., þar sem önnur þeirra er í mínu hjeraði, en þó hika jeg við það. Það virðist að vísu vaka fyrir hv. þm. að taka sem mest af þessum vegum upp á arma ríkissjóðs, en jeg þykist vita, að það muni talið fylla ennþá meira á, ef þessar brautir eru teknar með. Það má auðvitað segja, að lítið muni um einn kepp í sláturtíðinni, þó að þær yrðu teknar í frv., en jeg hika þó við að flytja brtt. um það að svo stöddu.

Þar sem sumir menn halda því fram,

að með þessu frv. sje verið að ljetta öllu af hjeruðunum, þá er það minna en virðist í fljótu bragði. Jeg skal fúslega viðurkenna, að miklu er ljett af Mýrasýslu, en hún hefir ærið eftir, þó að þetta gangi fram, og jafnvel þótt hinn helmingur Borgarfjarðarbrautarinnar væri tekinn upp í frv.

Það veitti ekki af, að gengið væri svo langt, sem fært þykir, í því að koma á samþyktum samkvæmt lögunum frá 1923. Það er alkunnugt, að Mýrasýsla, Borgarfjarðarsýsla og Árnessýsla hafa ærið að greiða og eru ekki færar um meiri byrðar en þær hafa, þó að frv. verði að lögum. Ef þetta er að nokkru leyti að snúa frá þeirri stefnu, er tekin var í fyrra, eins og hæstv. atvrh. og hæstv. fjrh. tóku fram, þá ætti sá snúningur ekki að hafa íþyngjandi áhrif á ríkissjóð, og ekkert frekar en þó að frv. yrði ekki að lögum. Þá mundu halda áfram að drífa að sanngjarnar kröfur um að auka þjóðvegakerfið eins og það er nú og ljetta viðhaldi veganna af hjeruðunum, eins og líka var gefið fyrirheit um í fyrra jafnhliða samþykt laganna um sýsluvegasjóði, og sje jeg því ekki, að það geri neitt til, þó að nokkru leyti sje snúið aftur frá stefnunni í fyrra, enda er það miklu minna en nú hefir verið gert orð á.

Mjer þykir sanngjarnt, að nefndin taki á ný til athugunar kostnaðinn af þessu. Er eðlilegt, að hann sje þyrnir í augum sumra hv. þm., þar sem engin grein er gerð fyrir honum. Vænti jeg þess, að þá muni koma í ljós, að ekki er farið lengra en koma mun á daginn smátt og smátt hvort sem er.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal taka það strax fram í tilefni af ummælum hv. 2. þm. Rang. (KlJ), að jeg saka ekki hæstv. fyrverandi stjórn um það, sem mjer þykir áfátt um undirbúning þessa máls. Jeg skil það vel, að það verður að koma frá stjórninni eins og það er búið í hendur hennar af þeim framkvæmdarstjóra, sem þetta heyrir undir.

Um Holtaveginn skal jeg taka það fram, að jeg tel í alla staði sanngjarnt, að landssjóður kosti endurlagningu hans einn, annaðhvort upp frá þessu eða frá upphafi, að því leyti sem þátttaka sýslunnar hefir orðið til þess, að útgjöld hennar til vega hafa farið úr hófi.

Þarna hagar svo til, að líta verður á lagningu þessa vegar eins og um nýjan veg væri að ræða. Gamli vegurinn var þannig gerður, að ógerningur var að halda honum við sem akfærum þjóðvegi eftir að bifreiðaferðir hófust, og eru því ástæður hinar sömu sem enginn vegur hefði verið þarna áður og þyrfti nýjan veg. Það er og sjerstakur tilkostnaður við þennan veg, að venjulegt vegarefni er ekki til þar um slóðir. Þetta skal jeg standa við hvenær sem er.

En þó að svona sjerstaklega standi á um einn sjerstakan veg, get jeg ekki fallist á að skella öllu viðhaldi veganna yfir á ríkissjóð með einu lagaákvæði. Um Fagradalsbrautina gegnir öðru máli; hún er ekki sambærileg Holtaveginum. Jeg spurði hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um kostnað Suður-Múlasýslu við viðhald brautarinnar, og kvað hann kostnaðinn nema 2000 kr., en það er þriðjungur alls kostnaðarins. Mjer ofbýður þetta ekki og jeg veit, að þingmönnum Rangæinga mun ekki ofbjóða. (*SvÓ*: Þetta er stuttur vegur). Hann er 35 km., eða helmingi lengri en Holtavegurinn. Vegurinn liggur allur í Suður-Múlasýslu, en af því að Norð-

mýlingar hafa einnig not af honum, er viðhaldskostnaðinum jafnað þannig niður, að Suður-Múlasýsla greiðir þriðjung, Norður-Múlasýsla þriðjung og ríkissjóður þriðjung. Liggja engin gögn fyrir, er sanni það, að Suður-Múlasýslu sje ofboðið í þessu vegaviðhaldi.

Hv. frsm. (SvÓ) og hv. þm. Mýra. (PÞ) vildu gera lítið úr þeim kostnaðarauka, sem ríkissjóði væri bundinn með frv., og kvað hv. frsm. hjer ekki vera stefnt til útgjalda umfram það, sem ekki þykir fært að neita um á hverjum tíma. En þetta er ekki rjett. Þar sem akfærir vegir liggja undir skemdum, er ekki fært að láta viðhald þeirra falla niður, þó að ríkissjóður sje naumlega staddur, því að þegar menn hafa bundið sjer bagga verða þeir einnig að bera hann.

Að þetta auki ekki mjög á kostnað ríkissjóðs, vantar allar upplýsingar um. Jeg skal benda á, að þegar frv. um sýsluvegasjóði kom fyrst fram 1921, lá fyrir frá vegamálastjóra yfirlit um kostnað við sýsluvegina næstu ár og þátttöku ríkissjóðs í þeim kostnaði. Þetta yfirlit er prentað í Alþingistíðindunum 1921 sem fylgiskjal við þskj. 375. Eftir því eru öll gjöld úr sýsluvegasjóðum áætluð 151 þús. kr. á ári, og komi á móti því 37300 kr. tillag úr ríkissjóði. Frv. var breytt svo í meðförunum, að tillag ríkissjóðs varð nokkru hærra, en ekki mun hafa verið reiknað út, hve miklu það mundi nema eftir þeirri áætlun. Það er á annað hundrað þúsunda, sem þarna er gert ráð fyrir, að sýslusjóðirnir beri, og eru engar upplýsingar komnar um það, hve miklu af þeirri upphæð yrði ljett af sýslunum og lagt á ríkissjóð, ef þetta frv. verður samþykt, en það gæti vel numið allmiklu.

Hv. frsm. vill verja þetta með því, að oft sjeu símalínur ákveðnar með lögum, án þess að kostnaðaráætlun liggi fyrir. En það er alls ekki til eftirbreytni. Þessi hv. deild, sem hefir á þessu þingi verið mjög varfærin í fjármálum, hefir einmitt haft slíkt mál til meðferðar; synjaði hún um að taka upp í símalögin símalínu, sem áætlun hafði ekki verið gerð um, og taldi deildin það eitt ærna ástæðu til synjunar. Það var alveg rjett, en það, sem deildin gerir um síma, verður hún einnig að gera um vegi, ef hún vill vera samkvæm sjálfri sjer í varfærninni.

Hv. frsm. kvað þetta mál ekki hafa verið betur búið í hendur þingsins 1907. Þetta hlýtur að stafa af ókunnugleika hv. þm., enda átti hann ekki sæti á því þingi. Jeg get sagt honum það, að með því frv. lá fyrir frá mjer, sem þá var landsverkfræðingur, yfirlit um lengd vega og flutningabrauta, um kostnað við lagningu hvers vegar um sig og um viðhaldskostnað, sem gat þó ekki verið ábyggilegt, þar sem engin reynsla var þá fengin. *(SvÓ*: Hafa þær áætlanir staðist?). Þær stóðust meðan jeg hafði vegamálin með höndum. Jeg gerði það að venju minni, að í hvert sinn sem jeg sendi stjórninni tillögur um fjárveitingar til vega, ljet jeg fylgja yfirlit um það, sem lagt hafði verið af vegum, er áætlað hafði verið að gera, og hver kostnaðurinn hefði orðið. Allan þann tíma, sem jeg veitti þessum málum forstöðu, stóðust kostnaðaráætlanir mínar. Brúargerðir urðu heldur ódýrari en jeg hafði ætlað, en vegalagningin stóðst áætlun. Um þetta getur hv. frsm. sannfært sig, ef hann les athugasemdirnar við fjárlagafrumvörpin þessi ár, þann kaflann, sem ræðir um útgjöld til vegamála, því að þar er jafnan gerð grein fyrir þessu. Það er lítill vandi að áætla vegagerðarkostnað eftir lengd veganna. Hann getur verið mjög mismunandi á

einstöku stöðum, en meðaltalið má jafnan fara nærri um, og er áætlunin oftast þá rjettust, þegar hún er gerð í einu lagi fyrir marga vegi.

Það má rjett vera, að til lítils sje að vera að áætla um kostnað í dag, því að enn geti komið gengisbreytingar og breytt öllum áætlunum. En sje það rjett, er þetta ný og sjálfstæð ástæða til þess að vera varfærinn í því að ákveða með lögum ný útgjöld, ef ekki er auðið að gera sjer neina grein fyrir, hve miklu þau muni nema.

Jeg er sannfærður um, að töluverða grein má gera sjer fyrir þessum kostnaði, og tjáir ekki annað en miða við núverandi verðlag. Það verður að vera í þessu efni, eins og öllum öðrum, mælikvarði á getu vora.

Jeg verð að segja það, að þegar greinargerðin fyrir þessu frv. er borin saman við greinargerðina fyrir frv. 1907, þá munar það ákaflega miklu, hve fjárhagsatriðið er betur rakið í frv. 1907. Og þó er þessi breyting, sem hjer á að gera, miklu stærri og efnismeiri en þá var um að ræða, og er því enn meiri ástæða til að gera sjer glögga grein fyrir viðhaldskostnaðinum sjerstaklega og hvaða kostnaður það er, sem með þessu er velt yfir á ríkissjóð.

Jeg verð að taka það fram, að mjer finst við þessar umræður vera gengið of mikið framhjá lögum um sýsluvegasjóði, sem voru samþykt á síðasta þingi. Með þeim lögum var ætlast til, að ráðið yrði fram úr því sama, sem ráða á fram úr með þessu frv., sem hjer liggur fyrir, sem sje að gera sýslunum kleift að annast viðhald veganna. En það er enn þá ekki hægt að segja um, hvernig þessi lög muni reynast. Þeir sýslufundir, sem nú eru nýafstaðnir, eru þeir fyrstu, sem haldnir hafa verið síðan lögin komu í gildi, svo sýslufundirnir hafa ekki fyr fengið tækifæri til að gera þær ráðstafanir, sem gera þarf til þess að framkvæma lögin. En það má vel vera, að þau sjeu ekki fullnægjandi. Sumar sýslur kunna að hafa nokkru meiri kostnað af viðhaldi vega en þær eru færar um að bera, en úr því má bæta með breytingu á 8. gr. laganna um sýsluvegasjóði frá 1923.

Í yfirliti því, sem gert er yfir kostnað við viðhald vega, eru nokkrar sýslur, sem skera sig úr, þannig, að þeirra kostnaður er miklu hærri en annara. En sumar þeirra hafa nú þegar fengið nokkra rjettingu mála sinna, þannig að óvíst er, að kostnaður þeirra reyndist sjerlega hár nú. Þó mun Rangárvallasýsla hafa meiri kostnað af viðhaldi vega en ætla má, að hún sje vel fær um að bera. Enda mun kostnaður hennar vera hæstur, ef borið er saman við fasteignamat eigna í sýslunni. En það má taka til endurskoðunar, þegar tekið er að framkvæma lögin. Jeg held, að ef viðhaldi Holtavegarins væri ljett af Rangárvallasýslu, þá væri kostnaður sá, sem hún hefði af viðhaldi vega, ekki meiri en svo, að hún gæti vel borið hann. Og jeg mun yfirleitt verða því fylgjandi að sýna sýslufjelögunum fulla sanngirni, ef það kemur í ljós, að kostnaður þeirra af viðhaldi vega sje meiri en þau geta vel borið. En mjer finst mjög ógætilegt og óviðeigandi á svona tímum, þegar allir eru sammála um, að af fremsta megni þurfi að reyna að draga úr gjöldum ríkissjóðs og auka tekjur hans, að fleygja öllu viðhaldi flutningabrautanna yfir á ríkissjóðinn, eftir að nýbúið er að gera ráðstafanir, sem eiga að gera sýslufjelögunum kleift að annast viðhaldið. Nema ef vera kynni, að með annari löggjöf —

lögunum um berklavarnirnar — væri búið að ganga svo nærri gjaldþoli sýslusjóðanna, að þeir sjeu ekki færir um að annast viðhaldið. Mjer er ekki vel kunnugt um, hve nærri þeim er gengið með þeirri löggjöf, en jeg hygg þó, að sá kostnaður, sem af henni leiðir fyrir sýslurnar, sje tilfinnanlegur. En það fer að verða nokkuð þungur baggi, sem ríkissjóður hefir af þeim lögum, ef fyrir utan þann 300—400 þús. kr. kostnað, sem hann hefir af þeim, á að varpa yfir á hann öllu viðhaldi vega vegna þeirra. Ef svo er, þá finst mjer þar vera ný ástæða til að taka það mál alt til endurskoðunar.

Að lokum vil jeg benda á, að slík breyting sem þessi mun hafa það í för með sjer, að hraðinn í vegagerð hlýtur að aukast í hjeruðunum.

Jeg veit, að það er svo mikill áhugi fyrir vegagerð í sveitunum, að það fje, sem losnaði við það, að viðhaldi veganna væri ljett af sýslunum, mundi að svo miklu leyti, sem mögulegt væri, verða notað til lagningar nýrra vega. Niðurstaðan yrði því sú, að þetta yrði til þess að ýta undir hjeruðin með að auka framkvæmdahraðann. Um það er ekki nema gott eitt að segja, ef það væri gert á þeim tímum, sem menn hefðu yfirleitt efni á að auka hraðann í framkvæmdum sínum. En það hefir ekki verið álitið á þessu þingi, að slíkir tímar væru nú. Þetta frv. er því í fullu ósamræmi við þá stefnu, sem hjer hefir verið tekin upp og sem við erum nauðbeygðir til að fylgja, ef við eigum að sjá hag ríkissjóðs borgið. Og jeg vona, að hv. fulltrúar sveitakjördæmanna, sem vitanlega hafa atkvæðamagnið hjer í deildinni, sjái þetta. Jeg vænti svo mikils góðs af þeim, að þeir líti á nauðsyn ríkissjóðs og láti ekki þann ljetti, sem kjördæmi þeirra hafa af þessari breytingu, hindra sig í því að taka nauðsynlegt tillit til ríkissjóðsins. Það er vitanlegt, að ýmsar þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til þess að rjetta við fjárhag ríkissjóðs, hafa komið harðara niður á kaupstöðunum en sveitunum, og við fulltrúar kaupstaðanna höfum fylgst með í að gera þessar ráðstafanir sökum hinnar brýnu nauðsynjar ríkissjóðs. Og jeg vona, að sveitafulltrúarnir sjái, að góð samvinna um að rjetta fjárhag ríkisins getur því aðeins haldið áfram, að menn finni hvatningu úr öllum áttum og að allir sjeu samtaka.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 349,1 feld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PO, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, Á-Á, JörB, KlJ, HStef, BSv.

nei: PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÁF, BSt, IngB, JakM, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, MG, MJ.

Þrír þm. (BJ, BL, HK) fjarstaddir.

4.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 349,2 samþ. með 16:7 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

8.—9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

10.—23. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

24.—29. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

30.—41. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

42.—46. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

47.—48. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 349,3 (ný 49. gr.) samþ. með 15:8 atkv.

50.—52. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

53.—57. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

58. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv., fyrirsagnir kafla þess og kaflaskifting samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:3 atkv.

Á. 54. og 55. fundi í Nd., dagana 23. og 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., laugardaginn 26. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 383, 392, 397, 399).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Þetta frv. virðist hafa vakið alveg furðanlega eftirtekt síðan það var afgreitt frá 2. umr., því að síðan hafa komið fram brtt. er 7 hv. þm. við það. Þessar brtt. eru á þskj. 392, 397 og 399. Hafa þær verið athugaðar af samgmn. og hefir nefndin leitað álits vegamálastjóra um þær. Við það verður að kannast, að sumar þessar till. styðjast við allmiklar sanngirnisástæður, en eru þó ekki allar jafnþungar á metunum.

Þar sem vegamálastjóri hefir nú lagt á móti öllum till., þá hefir nefndin ekki sjeð sjer fært að gera upp á milli einstakra flm., og hefir hún því leitt hjá sjer að ákvarða sig um þær og leggur ekki með neinni þeirra. En auðvitað hafa nefndarmenn alveg óbundnar hendur að því er atkvæðin snertir um einstakar till.; þó vænti jeg þess, að þeir verði, er til kemur, flestir á móti till. — ekki vegna þess, að þær eigi í rauninni ekki rjett á sjer, heldur vegna hins, að vænta má, að samþykt þeirra yrði annars til að tefja frv. um of, eða að fella það hjá háttv. Ed. Þær brtt., sem við gild rök hafa að styðjast, geta væntanlega komist að síðar, þegar búið væri að lögfesta þá skipun vegamálanna, sem hjer er gert ráð fyrir; svo það er í rauninni enginn skaði skeður, þótt þær verði ekki teknar til greina nú.

Við 2. umr. málsins var það einkum fundið að meðferð nefndarinnar á því, að hún gerði ekki nógu ítarlega grein fyrir kostnaðarhliðinni. Var þeirri aðfinslu einkum beint að nefndinni fyrir það, að hún hefði ekki útvegað yfirlit um kostnaðinn við viðhald akbrauta þeirra, sem flytja á nú yfir á ríkissjóðinn. Til þess að upplýsa það mál, hefir nefndin nú snúið sjer til vegamálastjóra og fengið hjá honum allar upplýsingar þar að lútandi. Skal jeg nú gefa hv. deild yfirlit yfir skýrslu hans í aðalatriðunum.

Vegamálastjóri hefir þá fyrst skýrt nefndinni svo frá, að viðhald þeirra akvega, sem enn er haldið við af hjeruðunum, sje um 25 þús. kr. Þar í er innifalin allstór upphæð, sem ekki lýtur beint að viðhaldi, heldur endurbyggingu á Holtaveginum í Rangárvallasýslu. Myndi þessi upphæð vera um 3—4 þús. kr. lægri, ef sá vegur væri ekki með talinn, eða ef aðeins væri um tómt viðhald að ræða. Hinsvegar bendir vegamálastjóri á, að nokkrar akfærar brautir, sem afhenda megi nú þegar til viðhalds hjeraðanna, sjeu enn óafhentar. Meðal þeirra er t. d. Biskupstungnabrautin, sem áætlað er, að kosti í viðhaldi 3 þús. kr. á ári, Hvammstangabrautin, sem kosti 500 kr., og Skagafjarðarbrautin, sem kosti 1500 kr. Er það samtals 6500 kr. kostnaður, sem þar hvílir enn á ríkissjóðnum, en sem leggja mætti á hjeruðin samkvæmt núgildandi lögum. Hjer við bætist svo viðhaldskostnaður við akfæra þjóðvegi, sem afhenda mætti samkvæmt núgildandi lögum, og er hann alls talinn 12 þús. kr. Samtals verður þá sá viðhaldskostnaður, sem þannig má firra ríkissjóð og leggja á hjeruðin, um 43500 kr. Af þeirri upphæð hvíla 25 þús. kr.

nú þegar á hjeruðunum. Það mætti því í rauninni segja, að með þessu frv. sje um það að ræða að ljetta á hjeruðunum og leggja á ríkissjóðinn sem nemur 43500 kr. En þessu er samt ekki þann veg varið, því að eftir samþykt laganna um sýsluvegi frá síðasta þingi er opnuð leið til þess að fá frá ríkinu vist tillag til viðhalds vegum, hafi hjeruðin áður uppfylt viss skilyrði um framlög úr eigin sjóði. Vex það tillag ríkissjóðsins eftir því, sem hjeruðin leggja meira á sig.

Samkv. þessari heimild samþyktalaganna frá 1923 áætlar vegamálastjóri, að 23300 kr. dragist frá, sem verði aftur lagðar á ríkissjóð, og er þá mismunurinn, sem eftir er, 20200 kr., og ennfremur viðhald á svo nefndum Strandavegi, sem nemi um 2000 kr. árlega. Telur því vegastjóri, að sá raunverulegi kostnaður ríkissjóðs á ári, sem verður vegna þessarar lagabreytingar, nemi 22200 kr. Upphæðin er ekki ýkjastór í sjálfu sjer, en hún kemur niður á fremur fáum hjeruðum, eins og nú hagar til, og verður þeim tiltölulega þungbær, þar sem önnur hjeruð hafa verið losuð við þessa byrði, og kennir því hjer nokkurs misrjettis, ef frv. verður ekki samþykt. Þess vegna er, eins og tekið var fram við 2. umr., verið með þessu frv. að fylgja fram þeirri rjettlætisskyldu að gera öllum jafnhátt undir höfði. Þó skal jeg kannast við það, að þó að þetta frv. verði samþykt, þá eru eftir nokkrir vegir, þar sem viðhaldsskyldan hvílir ekki á landssjóði, og af því munu sumar brtt. fram komnar. En það stendur samt svo á, að í þeim hjeruðum, sem þessir vegir eru, þá eru og aðrir vegir, sem teknir eru upp í þjóðvegatölu og sem ríkið annast, og því ekki hægt að segja, að þessi hjeruð verði algerlega útundan. Hefi jeg hjer sjerstaklega í huga Eyjafjarðarbrautina frá Akureyri að Grund, sem ekki er tekin með, en um leið er þó ljett af sýslunni brautinni út Kræklingahlíðina til Skagafjarðar og eins viðhaldi á framhaldi þess vegar austur á bóginn, að því leyti, sem hann heyrir til Eyjafjarðarsýslu.

Þessar eru þær upplýsingar, sem jeg get frekast gefið viðvíkjandi ágreiningsatriðum þeim, er fram komu við 2. umr. Finst mjer raunar ekki um stóra upphæð að ræða fyrir ríkissjóð, en hún kemur aðallega á 3 sýslufjelög, sem ótilhlýðilegt er, að verði látin bera þá byrði lengur, þar sem búið er að losa önnur við hana.

Að því er snertir kostnaðinn við nýjar vegalagningar skal jeg ekki fjölyrða, með því að greinargerðin bendir á, hver kostnaðurinn að líkum verði, ef vegirnir verða lagðir. En eins og jeg hefi áður tekið fram, er ekki hægt að gera nú þegar ábyggilegar áætlanir um kostnað við slíkar nýlagningar, sem ef til vill verða ekki framkvæmdar fyr en eftir tugi ára, þegar alt verður breytt orðið, bæði hvað peningagildi snertir og annað.

Loks vil jeg taka það fram, að þar sem samgmn. er ekki allskostar sammála um meðferð frv., og nefndin hefir því óbundin atkvæði um það, verður að fara sem verkast vill um úrslit einstakra brtt. En fyrir mjer og ýmsum öðrum vakir það, að rjett sje að afgreiða frv. eins og það er á þskj. 383, með þeim brtt. einum, sem gerðar voru við 2. umr., þótt jeg hinsvegar viti, að einstakir hv. nefndarmenn hefðu heldur kosið, að einhverjar fleiri brtt. hefðu líka komist að. Jeg fyrir mitt leyti treysti því, að þegar þessi skipun á vegalögunum er komin á, muni ekki líða

á löngu, áður en sanngjarnlegar breytingar fáist.

En eins og fyr verð jeg að telja, að samþykt frv. sje nokkurn veginn vís, einnig í hv. Ed., ef því verður ekki breytt frekar, því hv. samgmn. Ed. hefir lýst því yfir, að hún fallist á þær brtt., sem samþyktar voru hjer við 2. umr.

Bernharð Stefánsson: Jeg gat þess við 2. umr. þessa máls, að jeg myndi flytja brtt. til 3. umr. Þessi brtt. er nú fram komin á þskj. 392 og fer fram á það, að flutningabrautin frá Akureyri og fram að Saurbæ í Eyjafirði sje tekin í tölu þjóðvega. Eins og jeg gat um við 2. umr., þá eru allar flutningabrautir landsins teknar í tölu þjóðvega samkv. frv., nema Eyjafjarðarbrautin og partur af Borgarfjarðarbrautinni, og jeg veit ekki enn nje hefi fengið neina skýring á því, hvers þessar brautir hafa átt að gjalda. Verði frv. þetta að lögum, þá eru þessar tvær flutningabrautir skildar eftir í nokkurskonar greinarleysi, því flutningabrautir falla þá úr sögunni sem sjerstakur flokkur vega. Þetta eru ekki hreppavegir eða sýsluvegir, og það er engin vissa fyrir því, að brautirnar verði teknar í tölu sýsluvega.

En meginstefna þessa frv. og sú aðalbreyting, sem það gerir á núgildandi lögum, er, að flutningabrautir verði teknar í tölu þjóðvega, og því finst mjer, að þessar tvær brautir hefðu ekki átt að falla undan frekar en aðrar.

Jeg get búist við því, að það verði haft á móti þessari brtt. minni, að Eyjafjarðarbrautin komi ekki að almenningsnotum, að hún sje ekki þjóðleið, heldur aðeins fyrir eitt einstakt hjerað. Við þessu er það fyrst að segja, að í frv. eru teknar upp brautir, sem alveg eins er ástatt um, t. d. Skagafjarðar-, Hvammstanga-, Biskupstungna- og jafnvel Reykjanesbrautin. Jeg get ekki sjeð, að vegurinn út á Reykjanes sje nein almenn þjóðleið. Í öðru lagi má geta þess, að partur af Eyjafjarðarbrautinni má heita þjóðvegur, því vegurinn frá Akureyri og að minsta kosti fram að Grund er farinn af svo mörgum, að hann verður að teljast til almenningsnota. Samkvæmt þessu, sem jeg hefi nú tekið fram, verð jeg að álíta það hreint og beint ranglæti og gagnstætt meginhugsun frv. sjálfs, gagnstætt þeirri hugsun, sem liggur til grundvallar frv., ef brtt. mín verður feld. Án þess að jeg vilji á nokkurn hátt spilla sjerstaklega fyrir öðrum brtt., sem komnar eru fram við frv., verð jeg að segja, að mjer finst standa þar talsvert öðruvísi á. Jeg held, þó að jeg sje ekki vel kunnugur staðháttum, að þar sje að ræða um sýsluvegi, en ekki flutningabrautir, sem farið er fram á, að teknar sjeu í tölu þjóðvega. Svo er um brtt. hv. 2. þm. Skagf. (JS). Jeg tek hana aðeins til dæmis, en ekki af því, að jeg sje að mæla á móti henni. Þar er um sýsluveg að ræða, og er sú till. hliðstæð því, að jeg færi þess á leit, að vegurinn frá Dalvík og inn að vegamótum væri tekinn í tölu þjóðvega. En sem sagt, mjer finst brtt. mín nauðsynleg, til þess að samræmi sje í frv. og sú hugsun náist, sem hefir skapað það.

Háttv. frsm. mintist á þessar brtt., sem fram eru komnar, og sagði, að nefndin hefði ekki sjeð sjer fært að mæla með neinni þeirra, því hún hefði ekki treyst sjer til að gera upp á milli þeirra, en hann gat þess þó, að sumar myndu eiga talsverðan rjett á sjer. Mjer finst, að auðvelt hefði verið fyrir hv. samgmn. að gera þannig upp á milli till., að mæla með þeim, sem eru í sama anda og frv. sjálft,

og það er mín brtt., en leggja þá á móti hinum, sem svo er ekki ástatt um.

Það getur vel verið, að ef samþyktar verða brtt. við frv. nú, þá geti það tafið málið, og af því að áliðið er þingtímans, þá verði það til þess, að málið nái ekki fram að ganga að þessu sinni. Jeg verð að vísu að telja það illa farið, að svo færi, en fyrir þær sakir einar á jeg samt erfitt með að taka mína brtt. aftur. Því ef frv. verður ekki breytt að öðru leyti en því, sem er sjálfsögð rjettlætiskrafa, þá skil jeg ekki í því, að hv. Ed., sem er málinu fylgjandi, eins og hún hefir sýnt, fari að hindra framgang þess þess vegna. Trúi jeg ekki slíku fyr en jeg tek þá á því. Jeg skal svo ekki tefja tímann meira, en jeg vonast fastlega eftir þeirri sanngirni hjá hv. deild og Alþingi í heild sinni, að það taki þessa brtt. mína til greina.

Fjármálaráðherra (JÞ): Háttv. frsm. hefir nú gefið nokkrar upplýsingar viðvíkjandi þeim atriðum, sem jeg benti á við 2. umr., að áfátt væri að því er snertir undirbúning þessa máls. Jeg vildi gera ofurlítið frekar grein fyrir því, hverjar ástæður eru til þess að flytja allan viðhaldskostnað af sýslufjelögunum yfir á ríkissjóðinn, eins og sakir standa nú. Og styðst jeg þá við sömu tölur um áætlaðan kostnað frá vegamálastjóra eins og hv. frsm.

Jeg tek flutningabrautirnar út úr, því ákvæði vegalaganna um þær eru þegar komin til framkvæmda. En jeg tek ekki þjóðvegakafla, því að þó að heimild sje fyrir hendi um að afhenda sýslusjóðum viðhaldsskyldu þeirra, þá hefir það aldrei verið gert, og jeg býst ekki við, að svo verði heldur í framtíðinni.

Það er nú svo, að viðhaldskostnaður þeirra flutningabrauta, sem flytja á yfir á ríkissjóð, nemur 31500 kr. á ári, og þennan kostnað áttu sýslusjóðirnir að bera, þangað til breyting var á þessu gerð með lögum frá 1923 um sýsluvegasjóði, en samkv. þeim lögum var opnuð leið fyrir sýslusjóðina til að ljetta af sjer 19150 kr., sem færast yfir á ríkissjóð. Þá eru eftir 12350 kr. og verða 11 sýslufjelög að bera þann viðhaldskostnað; nemur hann ekki meiru en 1200 kr. hjá neinu sýslufjelagi, nema ef Holtavegurinn, sem hv. frsm. nefndi, er tekinn með. En þar er ekki um viðhald að ræða, heldur endurbygging samkv. sjerstakri fjárveiting, og hefir fjárveitingavaldið í hendi sjer að ákveða, að sýslufjelagið leggi ekki meira til en sanngjarnt þykir.

Jeg verð því að líta svo á, að með þessum lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði hafi verið gerðar nægar ráðstafanir til að ljetta viðhaldinu af sýslusjóðunum, að minsta kosti þangað til reynsla er fengin um þá tilhögun. Og jeg get engan veginn talið það þýðingarlaust, hvort sýslufjelögin eiga einhverra hagsmuna að gæta í þessu efni eða ekki. Jeg veit það af eigin reynslu, að kostnaðurinn verður minni, ef þeir, sem á svæðinu búa, eiga að leggja sinn hluta af mörkum; þá er ekki meiru eytt en þarf, en sje aðeins um landsfje að ræða, þá er ekki sýnd nein hlífð í kröfunum. Jeg held því, að heppilegra sje, að sýslusjóðirnir beri eitthvað af viðhaldskostnaðinum.

Hinsvegar býst jeg við, að byrði ríkissjóðs aukist miklu meira en um þessar 12350 kr., sem enn hvíla á herðum sýslufjelaganna, því að eftir stendur heimildin frá 1923, sem veitir sýslufjelögunum rjett

til að leggja fje til annara vega í sýslunni og fá um leið fjárframlög úr ríkissjóði. Og jeg verð að gera ráð fyrir, að sýslufjelögin noti þessa heimild ekki til að ljetta undir viðhaldið, heldur til þess að hraða vegalagningu innan hjeraðs að öðru leyti, og myndi þá fljótt fara svo, að upphæð sú, sem ríkissjóður yrði að greiða þannig aukreitis, færi að nálgast viðhaldskostnaðinn.

Þetta er í sjálfu sjer ekki nema gott, að vegagerðinni miðaði hraðar áfram, ef svo stæði á, að fært þætti að auka álögur á mönnum og gjöld til opinberra þarfa. En á þessum tímum þykir slíkt ekki fært, hvorki til annars nje heldur á þessu sviði. Leyfi jeg mjer því að leggja til, að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem jeg leyfi mjer hjer með að lesa upp:

Með því að sýslufjelögin hafa með lögum nr. 10, frá 20. júní 1923, um samþyktir um sýsluvegasjóði, fengið tækifæri til þess að færa vegakostnað sinn að talsvert miklu leyti yfir á ríkissjóð, ef hann verður hærri en svo, að hæfilegt megi telja, þykir deildinni ekki rjett að samþykkja að svo stöddu það höfuðákvæði frumvarpsins, að færa allan viðhaldskostnað flestra flutningabrautanna yfir á ríkissjóð, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Jeg tel, að þessi afgreiðsla frv. sje í samræmi við þá stefnu, sem að öðru leyti þykir nauðsynlegt að fylgja á þessu þingi að því er snertir fjárframlög ríkissjóðs. Og jeg get ekki sagt annað en að það væri lítt verjandi hringl, að gera í öðru lagi ráðstafanir, sem ljetta um ⅔ af viðhaldskostnaðinum af hjeruðunum, en gefa sjer svo ekki tíma til að sjá, hvernig þær ráðstafanir reynast, heldur rjúka til á næsta þingi og gera þá gagngerðu breytingu að færa viðhaldið alveg yfir á ríkissjóð.

Jeg á eina brtt. við frv., þá þriðju á þskj. 392, og af því að jeg geri ekki ráð fyrir, að dagskráin komi til atkvæða fyr en umr. er lokið, vil jeg nú gera grein fyrir þeirri brtt., ef svo færi, að dagskráin yrði feld.

Brtt. felur ekki annað í sjer en það, að því sje ekki slegið föstu, hvar brúa á Víðidalsá í Vestur-Húnavatnssýslu. Eins og hv. þm. vita, er vegarstæðinu breytt í þessu atriði í stjfrv. Það stendur svo á um þetta hjerað, að verslunarstaðurinn er þar Hvammstangi, og vegakerfið verður því að vera þannig, að sveitirnar fái þangað akveg. Nú er enginn ágreiningur um vesturhluta vegarins, sem liggur um Línakradal, en þegar því dalverpi sleppir, skiftist leiðin, því þá koma tvær sveitir, sem báðar verða að fá veg til sín. Önnur er Vesturhópið, sem liggur til norðurs og verður að fá veg í norður, og hin er Víðidalurinn, sem liggur frá norðri til suðurs nokkru austar, og verður að fá veg þvert yfir ása, sem þar liggja, og yfir til sín. Nú er gert ráð fyrir því í stjfrv., að vegarálman að Vesturhópi verði tekin í tölu þjóðvega. Um þetta hefir þó ekki orðið samkomulag innanhjeraðs. Núverandi þjóðvegur liggur mitt í milli þessara tveggja vega. Í frv. er líka gert ráð fyrir, að Víðidalsá verði brúuð á Steinsvaði. Þetta er að mínu áliti alveg rangt. Ef áin verður ekki brúuð á Vesturhópsveginum, þá ætti að brúa hana svo nálægt hinum veginum, að allur Víðidalur austan ár geti notið brúarinnar á kaupstaðarleið sinni, svo að vegirnir verði aðeins tveir eftir að Línakradal sleppir, en ekki þrír. Brtt. mín gengur því út á það að fastákveða ekki þjóðveginn þar, sem hann mun verða óþarfur þegar báðar hinar leiðirnar eru orðnar vegaðar. Jeg hefi borið mig saman við hv. þm. V.-Húnv.

(ÞórJ), sem er andstæður þeirri breytingu, er felst í stjfrv., og er hann sammála mjer um þetta atriði. Veginn þarf að leggja svo sunnarlega yfir Víðidal, að hann geti orðið kaupstaðarvegur fyrir allan Víðidal, en ekki aðeins nyrstu bæina. Jeg vona, að deildin fallist á þetta, enda þótt menn sjeu ekki sammála um það innanhjeraðs, hvor leiðin eigi að vera þjóðvegur. Jeg býst heldur ekki við, að vegamálastjóri muni setja sig á móti þessu.

Þorleifur Jónsson: Jeg hafði ekki búist við því, er jeg kom með brtt. mínar, að jafnmargar brtt. myndu koma fram við þetta frv. og raun er á orðin. Þó hygg jeg, að mínar brtt. sjeu þær, er binda ríkissjóði einna minstan bagga. Jeg skal ekki fara út í 1. brtt. mína, enda er þar aðeins um orðabreytingu að ræða, eins og menn munu sjá. En það er 2. brtt. mín, sem skiftir mestu máli, og um hana vil jeg fara nokkrum orðum. Eins og mönnum mun kunnugt vera, var stofnað kauptún í Hornafirði árið 1897. Um aldamótin var lagður þangað vegur af þjóðveginum, sem enginn hafði verið áður, og kostaði landssjóður lagningu hans að helmingi, en sýslan að helmingi. Viðhaldið hvíldi hinsvegar á sýslunni. Út af þessu hefir orðið almenn óánægja þar. Þessi vegur er fyllilega sambærilegur við Hvammstangaveginn og Eskifjarðarveginn, sem báðir eru orðnir þjóðvegir. Þessi vegur er ekki nema 5 kílómetrar á lengd, svo að viðhaldskostnaður ríkissjóðs á honum gæti aldrei orðið ýkjamikill, enda þótt sýslunni veitist viðhald hans erfitt. Nú þarf að byggja upp veg þennan, og voru í fyrra veittar til þess 5000 kr. úr ríkissjóði. Jeg er alls ekki beint að færast undan því fyrir hönd sýslunnar, að hún leggi eitthvað fram í þetta skifti á móti framlagi ríkissjóðs til að byggja veginn upp, heldur fer jeg aðeins fram á, að þessi vegur sje tekinn í tölu þjóðvega, eins og aðrir, sem líkt er ástatt um, og að ríkissjóður annist hann hjer eftir eins og aðra slíka vegi. Þessi vegur er mjög fjölfarinn kaupstaðarvegur og eftir honum fara allir þeir, er erindi eiga í kauptúnið. Og flestir, sem fara eftir þjóðveginum um sýsluna, eiga og leið í kauptúnið. Auk þess er þetta póstleið, því póstur gengur frá Höfn með allan skipapóst. Það er því engin fjarstæða, að hann væri tekinn í þjóðvegatölu. Það er ekki heldur svo að skilja, að þetta sje eini vegurinn, er sýslan hefir að annast. Hún verður að kosta viðhald annars vegar, sem liggur innar yfir Hornafjarðarfljót, og vegar í Lóni og víðar, en hún hefir ekki haft bolmagn til að laga alla þessa vegi sem skyldi.

Jeg skal ekki dæma um rjettmæti þeirra tillagna, er fram hafa komið hjer frá ýmsum öðrum, en víst er um það, að þær eru flestar eða allar fjárfrekari en mínar. Jeg get nú að vísu ekki búist við góðu um að þær nái fram að ganga, þar sem hv. frsm. samgöngumálanefndar er þeim andvígur, en mjer þótti þó rjett að koma fram með till. þessar og bjóst ekki við, að þær þyrftu að leiða til þess, að margar aðrar kæmu fram. Jeg vona, að menn sjái, að það, sem jeg fer fram á, sje sanngjarnt, og tillaga mín nái fylgi hv. deildar. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta.

Pjetur Þórðarson: Jeg tek hjer til máls vegna flutningabrautarinnar í Mýrasýslu, í sambandi við framkomnar brtt., þar sem svo er til ætlast, að sá hluti hennar, er enn hvílir ekki á ríkissjóði,

verði ekki tekinn í tölu þjóðvega. Jeg get ekki stilt mig um að minnast á málið í heild sinni um leið, enda þótt það væri heldur hlutverk frsm. Hjer hefir gætt ýmislegs misskilnings hjá ýmsum þingmönnum, jafnvel hæstv. fjrh. (JÞ). Jeg skal fara fljótt yfir sögu.

Með þessu frv. er ætlast til, að ákveðin sje nokkurskonar hringbraut um þjettbygðustu sveitir landsins til og frá Reykjavík, að undanskildum útkjálkum, þar sem fólk er fæst, svo sem Vestfjörðum. Út frá þessari hringbraut liggja svo ýmsar álmur, og skifta þar mestu máli álman vestur í Dalasýslu og álman um Strandasýslu til Djúps. Þetta hefir orðið sumum þingmönnum þyrnir í augum, og bjóst jeg þó sannarlega ekki við, að þetta yrði til að fella frv., enda vona jeg, að svo verði ekki. Jeg vil biðja þá hv. þm., sem hjer eiga brtt., og þá sjerstaklega hv. 2. þm. Eyf., að athuga það, að þar sem aðalbrautin á að liggja eða liggur um aðalkaupstaði og kauptún landsins, er ekki tekið sjerstakt tillit til vegakerfa innan hinna einstöku hjeraða. Að vísu eru vegirnir í Árnessýslu undantekning frá þessari reglu, en fyrir því eru gild og góð rök. Annarsstaðar, þar sem þessi hringbraut nær ekki til aðalkaupstaðanna, koma aukabrautir til greina. Til þess að fullnægja þessu skipulagi þurfti viðhaldsskylda ríkisins hvorki að ná til Borgarfjarðarbrautarinnar nje Eyjafjarðarbrautarinnar. Þetta er aðalatriðið, þótt hv. deildarmenn hafi, ef til vill, ekki gert sjer það nægilega ljóst.

Hæstv. fjrh. lýsti því skipulagi á vegamálunum, er komið var á með lögum frá 20. júní 1923. Samkvæmt því áttu allar sýslur landsins, til þess að fullnægja sinni áætluðu vegaþörf, að fá 60 þús. kr. úr ríkissjóði árlega, eftir áætlun vegamálastjóra. Af þessari fjárupphæð ætti að koma niður á Árnessýslu fullkomlega $\frac{1}{5}$ hluti, eða 12,13 þús. kr., Gullbringusýslu $\frac{1}{6}$ hluti, eða 10 þús. kr., Mýrasýslu 6,60 þús. kr., Eyjafjarðarsýslu 6,35 þús. kr., Rangárvallasýslu 5,29 þús. kr., Skagafjarðarsýslu 3,84 þús. kr., Austur-Húnavatnssýslu 3,82 þús. kr., Suður-Þingeyjarsýslu 3,58 þús. kr., Borgarfjarðarsýslu 3,10 þús. kr., Norður-Múlasýslu 2 þús. kr., Suður-Múlasýslu 1,79 þús. kr., Vestur-Húnavatnssýslu 1 þús. kr., og Austur-Skaftafellssýslu 0,50 þús. kr. Af þessari áætluðu fúlgu koma næstum $\frac{3}{4}$ hlutar niður á 5 fyrsttöldu sýslurnar, en rúmlega $\frac{1}{4}$ hluti á hinar 8 sýslur, er jeg nefndi. 10 sýslur landsins áttu ekkert fje að fá í þessu skyni samkvæmt sömu áætlun og miðað við lögin frá 20. júní 1923. Allir hv. þdm. vita, hvers vegna þessu er þannig varið, og þarf ekki að rekja það hjer, og þótt þetta frv., sem hjer liggur fyrir, verði að lögum, raskar það í raun og veru ekki gildi þessara margnefndu laga um sýsluvegasjóði. Þau eru og verða jafnnauðsynleg, þótt áætlun sú, er jeg nefndi, um fjárframlög ríkisins eftir þeim, breytist nokkuð í heild sinni, og sjerstaklega hlutföllin milli hjeraðanna. Samkv. áætlun vegamálastjóra, þeirri, er nú er hjer fram komin, um aukinn árlegan viðhaldskostnað ríkissjóðs eftir þessu frv., að upphæð 22 þús. kr., koma 14 til 15 þúsund í stað jafnmikillar upphæðar af þeim 60 þús. króna, er jeg hefi minst á, en vitanlega verða hlutföllin milli hjeraðanna alt önnur. Af þessum alt að 15 þús. kr. koma langstærstar upphæðir á tvær sýslur. Önnur þeirra er Rangárvallasýsla með helmingi hærri upphæð en nokkur önnur sýsla, eða 4000 kr., enda munaði mjög litlu í fyrra, að viðhaldi Holtaveg-

arins væri ljett af henni. Því var aðeins frestað þá, en nauðsyn og sanngirni gera það ekki fært lengur.

Þá er rjett, að jeg víki að aðalatriði þess, er jeg vildi sagt hafa, nefnilega Borgarfjarðarbrautinni. Jeg og hv. þm. Borgf. (PO) vildum ekki flytja till. um að ljetta viðhaldi hennar af sýslunum. Enda þótt Mýrasýsla beri $^{7}/_{10}$ kostnaðar, er af viðhaldinu leiðir, og ætti hina fylstu sanngirniskröfu til þess, að viðhaldinu væri ljett af, þá var mjer það ljóst, að slík krafa mundi heldur spilla fyrir framgangi frv. eins og nú standa sakir, eins og jeg álít, að allar þær brtt. geri, sem hjer eru fram komnar. Við vildum því ekki fylgja hv. 2. þm. Eyf. (BSt) í því, að taka þessar brautir (Eyjafjarðar- og Borgarfjarðarbraut) upp í frv. Það er aðeins vegna þess, að jeg tel, að með þessu frv. sje svo mikil bót ráðin á vegakerfi landsins, þó að ef til vill sje langt til verklegra framkvæmda, að jeg vil ekki spilla fyrir framgangi þessa máls nú með því að flytja brtt. í þessa átt. En í raun og veru liggja fyllri ástæður fyrir þeirri brtt. en nokkurri annari, sem fram hefir komið. Vænti jeg þess, að hv. deildarmenn geti látið sjer það skiljast, ef þeir hafa fylgst með tölum þeim um vegakostnað í ýmsum hjeruðum, sem jeg las upp.

Jeg get ekki stilt mig um að minnast á einstöku brtt., þó að jeg búist við, að hv. frsm. geri það einnig, til þess að sýna, hve lítillar sanngirni gætir í sumum þeirra. Vil jeg fyrst minnast á það, sem mest virðist standa á milli, en það er það, sem hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) sagði um vegi þar í sýslu. Hv. þm. hefir flutt brtt. um að taka upp í kerfið vegarspotta frá þjóðveginum til aðalkauptúnsins. Þegar þess er gætt, að til þessa vegar hefir að minsta kosti verið lagt eins mikið úr ríkissjóði sem til annara sýsluvega og að vegurinn er mjög stuttur, ætti það ekki að vera sýslunni ofurefli að halda honum vel við. Jeg verð að segja það, að það er í vægasta lagi ekki nákvæmt hjá hv. þm., þegar hann segir, að sýslan hafi lagt allmiklar byrðar á sig til þess að halda við þessum vegi og öðrum. Til þess að sýna, hve nærri sjer sýslan hefir tekið, þá skal jeg skýra frá, eftir upplýsingum vegamálastjóra, að hún hefir ekki hækkað vegagjaldið upp úr kr. 1,25 á mann, en flestar sýslur aðrar hafa hækkað það mjög; sumar upp í hámark, 3 kr. á mann. Þetta sýnir, að Austur-Skaftafellssýsla hefir ekki þurft að bera miklar byrðar vegna vega sinna. En jeg játa, að á henni geti hvílt aðrar byrðar af samgöngutækjum. Um það er mjer ekki kunnugt, en þó veit jeg, að sýslan hefir fengið sanngjarnan hlut hingað til af bátastyrknum, þó að brugðið geti til beggja vona um það eftirleiðis. Það sýnir þó, að vegakerfi sýslunnar er lítið, að það eru aðeins 500 kr., sem hugsanlegt er, að komi á ríkissjóð til styrktar vegagerðum þar, þó að farið sje upp í hámark laganna frá 1923.

Jeg skal játa, að brtt. hv. 2. þm. Eyf. er næst því að hafa sanngirnisrjett, því að Eyjafjarðarsýsla er ein af þeim sýslum, sem mest hafa lagt á sig til vegagerða, og hefir hún fjórðu þyngstu byrðarnar í þessu efni. En eins og hv. þm. mintist sjálfur á, er þessi braut inni í miðju hjeraði, og aðalþjóðbrautin liggur um stærsta kauptún sýslunnar. Hv. þm. gat um, að ekki ætti illa við, að þessi braut og jafnvel Borgarfjarðarbrautin væru teknar í þjóðvegatölu, þar sem ekki væri víst, að þær yrðu teknar í sýsluvegatölu. Jeg tel það engan galla fyrir hlutaðeigandi hjeruð, því að ef unt er að bægja

þessum brautum frá því að komast í sýsluvegatölu, þá eru engin önnur ráð en að ríkissjóður taki þær að sjer, þótt síðar verði, og tel jeg þá, að það sje ekki nema meðalsanngirniskrafa til þess að koma þessu heim á eftir.

Það er hvorki hlutverk mitt nje ætlun að tala um allar brtt. Jeg hefi nú minst á þær tvær, sem mjer voru sjerstaklega minnisstæðar, í sambandi við þá tillögu, sem jeg ljet kyrra liggja. Þó get jeg ekki stilt mig um að nefna brtt. hv. 2. þm. Skagf. (JS). Mjer er ekki ljóst það rjettlæti eða sú sanngirni, sem þessi brtt. er bygð á. Bæði er það, að þessi vegur er mjög langur, á að giska 35—40 km., eftir uppdrættinum að dæma, og að hann liggur út eftir hjeraðinu án þess að enda í aðalkauptúni. *(Atvrh. MG:* Hann liggur ekki út úr hjeraðinu). Það veit jeg líka, og það er gott, að hæstv. ráðherra leiðrjetti það, hafi jeg sagt, að hann lægi út úr hjeraðinu, í stað þess, að jeg vildi sagt hafa út eftir hjeraðinu, því að það er einmitt aðalástæðan á móti brtt., að veginn nota hjeraðsbúar, og aðrir ekki. Annars þekki jeg ekkert, sem gerir það rjettmætt, að hann sje tekinn upp í kerfið, eins og það liggur nú fyrir, vegna þess skipulags, sem jeg áður gat um.

Jeg hefi mikla tilhneigingu til þess að minnast á brtt. hv. 1. þm. G.-K. (ÁF). En þar sem jeg tel rjett, að frv. gangi fram án frekari breytinga en á því eru orðnar, get jeg ekki fallist á neina brtt., en þó tel jeg þessa brtt. hv. 1. þm. G.-K. eiga einna mestan rjett á sjer, og meiri en brtt. hv. 2. þm. Eyf. Þessi sýsla hefir lagt svo mikið á sig og steypt sjer í skuldir vegna vegagerða, að sanngjarnt væri að rjetta henni verulega hjálparhönd frá ríkissjóði. Þessi sýsla hefir svo þungar byrðar, að hún á kröfu til ⅕ af öllu framlagi ríkissjóðs samkvæmt lögunum frá 1923. En þar sem hún hefir nú fengið góðan spöl og dýran upp í þetta frv., verð jeg að vera á móti brtt. að þessu sinni.

Jeg er ekki eins kunnugur í Húnavatnssýslu og hæstv. fjrh., en þó dálítið. Þykir mjer undarlegt ósamræmi milli brtt. hans um vegi þar í sýslu og afstöðu hans til frv. í heild. Hæstv. fjrh. er mótfallinn frv., einkum af því að það eykur væntanlega útgjöld ríkissjóðs þegar í stað, og meira er frá líður, en þó vill hann heldur láta taka upp í frv. þá stefnu, sem að líkindum verður allmikið dýrari, en vafasamt nema komi færri að notum. Þykir mjer þetta í litlu samræmi við fjárhagsstefnu hans í þessu máli.

Hæstv. fjrh. sagði, að heimildin til þess að færa viðhald þjóðvega yfir á hjeruðin hefði ekki verið notuð ennþá. En það er langt síðan viðhald þjóðvegarins vestur Mýrar var lagt á hjeraðið, og hefir það verið mjög þung byrði á því. (*Fjrh. JÞ*: Það var gert með sjerstökum lögum, sem eru eldri en vegalögin frá 1907). Er þá sanngjarnt að gera ráð fyrir, að viðhaldið, sem kemur svo þungt niður, haldi áfram að hvíla á þeim hjeruðum, sem hafa tekið það á sig áður? Þessi braut liggur aðeins yfir vestustu hreppana og er sjálfsagt að ¾ notuð af öðrum en sýslubúum. Það er álíka sanngjarnt að láta sýsluna halda þeim vegi við eins og að leggja á viðkomandi hjeruð viðhald vegarins frá Reykjavík austur yfir fjall eða yfir Mosfellsheiði. Sú stefna er fyrir löngu viðurkend, að ekki er rjett að leggja viðhald vega á þær sveitir, er þeir liggja um, ef þeir eru notaðir miklu meir af öðrum hjeruðum.

Jeg þykist vita, að horfur sjeu á því, að mönnum segi þungt hugur um að samþykkja þetta frv. nú, og hæstv. fjrh. hefir nú sjerstaklega vegið að því með þeirri rökstuddu dagskrá, sem hann hefir borið fram. En mjer er ekki ljóst, hvað það er, sem gerir hv. þm. örðugt að fylgja frv., þar sem misrjettið í því er lítilsvirði í samanburði við það, sem sjálfsagt er, að vegakerfið sje upptekið öðruvísi en verið hefir.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil einungis leiðrjetta þann misskilning hjá hv. þm. Mýra. (PÞ), er honum virtist brtt. mín fara fram á að velja dýrara vegarstæðið af þeim 2, sem um hefir verið rætt. En svo er ekki. Brtt. mín fer ekki fram á, að vegurinn verði ekki lagður um Vesturhóp, eins og stjfrv. ákveður, heldur einungis það, að vegarstæðið verði ekki eins einskorðað og það er nú í frv., svo að unt sje að taka alt tillit til vegaþarfar hjeraðsins við endanlega ákvörðun vegarins. Það liggur ekkert fyrir um það, að vegurinn þurfi að vera dýrari, þó að brúin á Víðidalsá verði ofurlítið framar en á Steinsvaði.

Þá vil jeg benda á viðvíkjandi tölum hv. þm. Mýra., að þær tölur, sem hann hafði eftir vegamálastjóra um Árnessýslu, eru miðaðar við annað ástand en nú er, því að síðan hefir viðhaldi Flóavegarins, milli Ölfusár og Þjórsár, verið ljett af sýslunni. (*PÞ*: Mínar tölur voru miðaðar við þá skýrslu, sem í fyrra var gefin). En hv. þm. bar þær saman við þá skýrslu, sem gefin var 1922.

Þórarinn Jónsson: Hjer mun nú varla fundarfært, en jeg verð þá að segja eitthvað yfir auðum stólunum, þó að enginn sitji í þeim.

Jeg gat um það við 2. umr., að nefndin hefði ekki gefið nógu glögga skýrslu um það, hve miklum útgjaldaauka þetta frv. mundi valda ríkissjóði. Hv. nefnd hefir nú gert grein fyrir því, eftir upplýsingum frá vegamálastjóra, og eftir því er það ekki ýkjahá upphæð, sem samþykt frv. leggur á ríkissjóð fyrst um sinn. Það eru um 20 þús. kr. Verði þetta frv. ekki samþykt nú, geta menn átt það öldungis víst, að á hverju þingi framvegis verður sótt fast af þeim hjeruðum, sem eiga brautir, er hingað til hafa ekki verið í þjóðvegatölu, þangað til þær eru allar komnar í kerfið.

Það eru tvær ástæður til þess, að best er að gera þetta sem fyrst. Við það sparast tími þingsins framvegis og viðhaldið verður betra af hálfu ríkissjóðs en hjeraðanna, sem er þveröfugt við það, sem hæstv. fjrh. (JÞ) hjelt fram. Hann orðaði það þannig, að viðhaldið mundi kosta minna hjá hjeruðunum, en það er sama sem að það verði verra. Það eru dæmi til að rökstyðja þetta með. Þegar hjeruðin sunnanlands áttu að halda við vegum sínum, voru þeir algerlega vanhirtir, og hefir ríkissjóður nú tekið að sjer að leggja þá á ný að ⅔ hlutum. Það er miklu dýrara en að kosta viðhaldið. Þessi ástæða vegur þungt hjá mjer, þegar kostnaðaraukinn er ekki meiri. Það vakti fyrir mjer, að ef ríkissjóður ætti að leggja geysimikið af mörkum, þá gæti verið athugavert að leggja út í þetta. Jeg skal játa, að verði allar brtt. samþyktar, eru horfur á því, að kostnaðaraukinn verði meiri framvegis. En mjer er næst skapi að vera á móti öllum brtt., þar sem jeg á erfitt með að meta, hve mikla sanngirniskröfu þeir veg-

ir eiga á því að komast inn í kerfið, á móts við ýmsa aðra vegi. Jeg gæti nefnt ýmsa vegi hingað og þangað, sem hins sama mætti krefjast fyrir með eins miklum rjetti. Jeg hefi ekki getað gert þetta eins vel upp fyrir mjer og jeg hefði viljað.

Þá kem jeg að þeirri brtt., sem snertir mitt kjördæmi, en það er brtt. hæstv. fjrh. um brúna á Víðidalsá, og verð jeg þá að fara dálítið aftur í tímann. Jeg ætla að það hafi verið á þinginu 1917, að tekin var upp í frv. frá þáverandi vegamálastjóra, hæstv. fjrh., sú breyting á þessum vegi, að hann lægi um Vesturhóp og yfir Víðidalsá töluvert norðar eða vestar en nú, og jafnframt því sem þessi breyting var fyrirhuguð, var það látið heita svo, sem ríkissjóður ætti að kosta aðra brú á Víðidalsá fyrir framan Víðidalstungu. Þó að kjördæmi mitt ætti í hlut, þótti mjer hjer of mikið í borið, og ef annarsstaðar ætti að koma vegakerfinu í svipað horf, mundi það kosta svo mikið, að ekkert viðlit var til, að ríkissjóður gæti kostað það. Jeg átti því hlut að því, að þetta var tekið út úr frv. og látið bíða, enda var engin ástæða til að hraða því. Það var vitað, að engar framkvæmdir mundu á þessu verða í bráð. Núverandi vegamálastjóri tókst ferð á hendur til að rannsaka þetta. Fór hann eftir þessari vestari leið, en mjer er sagt, að hann þá hafi ekki komið á eystri eða gömlu leiðina, og hafði verið í för með honum maður, sem fylgdi vestari leiðinni. En í þjónustu hans hafa síðan verið aðrir verkfræðingar, sem rannsökuðu báðar leiðir, og hurfu þeir frá þessu fyrirhugaða vegarstæði. Get jeg nefnt þá Jón Ísleifsson og Halldór Pálsson, sem báðir hafa eindregið lagt til, að eystri leiðin yrði tekin. Og það, sem meira er, er það, að vegamálastjóri, sem farið hefir loksins þarna um sjálfur, var síðastliðið sumar orðinn eindregið fylgjandi þessu, og býst jeg við að geta fært sönnur á það, ef það verður vefengt. Þetta er sama leiðin, sem jeg hjelt fram að yrði valin 1917, og hefi jeg ekki breytt um skoðun síðan. Það mun heldur ekki hafa verið meining hæstv. fjrh., að ríkið kostaði brú á Víðidalsá fremst í dalnum, heldur var það dula til að veifa framan í þá, sem voru óánægðir.

Fyrsta ástæðan, sem jeg heyrði færða fyrir því að færa brúna, var sú, að menn, sem sóttu verslun á Blönduós af Vatnsnesi og úr Vesturhópi, hefðu oft teflt fje sínu í hættu við að reka yfir ána. Og á þessum grundvelli hefir málið altaf verið rekið. Það hefir altaf verið gripið til þess að safna fjártölu þeirra manna, sem reka til Blönduóss. En í mínum augum er þetta engin ástæða, því jeg lít svo á, að ríkið ætti síst að stuðla að því, að menn reki verslun utan síns hjeraðs, án nokkurs ávinnings, en með talsvert auknum kostnaði. Fækkar þeim líka óðum, sem það gera. Menn verða líka að gæta þess, að þegar komið er norðan af Vatnsnesi fram fyrir Stóruborg, þá er skemra orðið til Hvammstanga og þá er líka krókur fyrir þá menn að fara brúna. Er mjer þess vegna mikil ánægja að því, að hæstv. fjrh. virðist kominn á mína skoðun, að þetta, sem jeg nefndi, og margt fleira, sjeu engar ástæður með vestari leiðinni. Og hvað það snertir, að komið gæti til mála að setja brúna framar á Víðidalsá en um Steinsvað, eins og hæstv. fjrh. hefir stungið upp á, þá fjelst jeg á, að það yrði athugað, og er það hið eina, sem jeg hefi fallist á við hann í þessu máli. En hitt get jeg ekki fallist á, að rjett sje að samþykkja brtt. Það er líka svo, að hún er þannig orðuð, að hún getur misskilist. Að minsta kosti hygg jeg, að menn

nyrðra geti vilst á því, að vegurinn er ákvarðaður eftir till. um Línakradal. Nú er nefndur Línakradalur vestan Múlans og einnig þarna að austan; hvort rjettara er, sker jeg ekki úr, og mun ágreiningur verða um það í hjeraðinu. Er þá leiðin opin fyrir deilur og rifrildi innan hjeraðs. En þó frv. verði samþykt eins og það kom frá Ed., þá er ekki loku skotið fyrir það, að rannsakað verði, hvort ekki sje heppilegra að hafa brúna framar. En tvent er athugavert við að færa brúna. Í fyrsta lagi er sumum bæjum gert erfiðara fyrir með því, þótt aðrir auðvitað vinni líka, og í öðru lagi verður vegastæðið að mínum dómi verra. Í þriðja lagi fæst ekki eins góður halli á brautina með því móti. Ennfremur lægi hann þá um engjar, þar sem Víðidalsá gæti ef til vill valdið skemdum á veginum. Er því vafalaust, að þessi breyting myndi hafa mikinn aukinn kostnað í för með sjer. Og þó jeg játi, að einhverjum yrði gert hægra fyrir með því móti, þá veit jeg ekki, hvort það vegur á móti annmörkunum við það. Og víst er það, að Víðidalnum austan árinnar er fullnægt með brúnni á Steinsvaði, eftir því sem fram hefir komið. En jeg hygg, að það, sem fyrir hæstv. ráðherra vakir, sje það að fá akveg inn á hvert heimili í sveitinni. En sá vegur kemur hvort sem er, og mjer virðist, að sýslan hvorki græði nje tapi á því, en nokkuð mikið til þess kostað af ríkissjóði. Enn vil jeg geta þess, að eins og vestari vegurinn er ákveðinn, liggur hann alt of austarlega í Vesturhópi; aðeins 2 bæir þarmegin geta notið hans, en vestanmegin liggja þeir svo hátt uppi í hlíðinni, að hæpið er að fá þangað akveg. Því hlýtur sýsluvegurinn að liggja nær fjallinu. Sömuleiðis er það við þetta að athuga, að frá veginum frá Stað til Blönduóss er gistingarstaður í Víðidal. En verði póstleiðin eins og er í frv., þá er um engan gistingarstað að ræða á þeirri leið á hentugum stað, nema Breiðabólsstað. En sá bær er alt of langt frá brautinni, og oft líka ófært þangað fyrir fannfergju, jafnvel þó kominn væri afleggjari á þjóðveginn. Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, til að færa sönnur á hve snjóalög geta gert vegina ófæra, að heim til mín liggur flutningabraut af Blönduósi, um 3 km. á lengd. Liggur hún yfir móa með ofurlitlum lægðadrögum. En þó ekki sje snjóþungt á þessum slóðum, var það þó svo vorið 1920, að ófært var á brautinni. Voru hestar og vagnar dregnir þar upp, og er þó ólíkt um snjóþyngsli þar og í Vesturhópi. Og í vorleysingum er veginum mikið tjón búið af vatnsrensli, sem skolar ofaníburðinum af veginum. — Samkvæmt þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið yfir kostnaðinn við þessar vegalagningar, þá er munurinn um 60 þús. kr. En enginn skal ímynda sjer, að hann fari ekki upp undir 100 þús. eða meira, eftir því, sem áætlanir eru vanar að standast. Ætti það því að borga 5 ára viðhald á flutningabrautum landsins, sem nú eykst það samkv. þessu frv., verði það að lögum. Jeg vildi því mælast til þess við hæstv. ráðherra, að hann tæki till. sína aftur. Og þó að hann segist meina með henni að vilja aðeins láta færa brúna fram fyrir Steinsvað, þá þykir mjer óviðfeldið að samþykkja frv. með þessu opi.

Vil jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Vona jeg, að hv. deild hafi skilið, hvernig jeg lít á þetta mál og hvers vegna jeg vil láta frv. standa óbreytt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Háttv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) talaði langt mál um þessa till., að færa veginn um Vesturhóp. En það var samt engin ástæða til þess, þar sem engin brtt. hefir komið í þá átt. En sannast mun það, að þegar fullkominn vegur verður gerður gegnum Vestur-Húnavatnssýslu, sennilega eftir okkar beggja dag, þá mun hann verða látinn liggja eftir Vesturhópi, því að þar er vegarstæði best og haganlegast. En greinilega mátti heyra í ræðu hans óminn af þeirri hreppapólitík, sem á sjer stað í þessu máli í Húnavatnssýslu. Vil jeg ekki fara að blanda mjer í þær sakir. En ekki get jeg orðið við þeirri beiðni að taka till. mína aftur. Jeg vil láta það sjást, að jeg viti, hvað skynsamlegast sje að gera í þessu máli, en það er að komast af með 2 vegi í stað 3, eins og þeir hljóta að verða, ef frv. verður samþykt óbreytt.

Þórarinn Jónsson: Jeg vil aðeins geta þess, að verði vegur lagður þarna eftir okkar daga, þá verður höfn komin í Hindisvík á Vatnsnesi, og þá verður vegurinn lagður meðfram Hópinu og yfir Víðidalsá, þar sem hún fellur í Hópið, og norður Vatnsnesið.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Nd., mánudaginn 28. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 383, 392, 397, 399).

Klemens Jónsson: Það er nú orðið svo langt síðan þetta mál var rætt hjer síðast, að jeg kann að vera búinn að gleyma einstöku atriðum, er komu fram í umræðunum.

Hæstv. fjrh. (JÞ) lagðist ærið fast á móti þessu frv. við 2. umr., og býst jeg við, að hann hafi sínar ástæður til þess. Þetta frv. fer nú fyrst og fremst fram á að raska allmjög grundvelli þeirra vegalaga, er nú gilda og hann sjálfur átti mikinn þátt í, og það er nú svo, að hverjum þykir sinn fugl fagur, og mun því hæstv. fjrh. vera allsárt um þessi lög. Ekki ljet hann þó þetta uppi í umræðunum, en talaði mest um þann feikimikla kostnað, er af þessu leiddi fyrir ríkissjóð, og einkum kvartaði hann þó yfir því, að ekki væri gerð grein fyrir þessum kostnaði. Nú hafa komið skýrslur frá vegamálastjóra, þar sem sýnt er fram á, að allur sá kostnaður, er ríkissjóður hefir af þessu frumvarpi, nemur einum 22 þús. kr. Þetta er sá feikikostnaður, sem hæstv. fjármálaráðherra var að fárast um. Sýnir það, að honum getur missjest með tölur ekki síður en öðrum.

Þetta er nú ekki nein ægileg upphæð, og þar að auki kemur ekkert af henni til útborgunar á þessu ári eða næstu árum. Jeg álít enga ástæðu til að rengja vegamálastjóra í þessu efni og hygg, að hann standi þar hæstv. ráðherra fyllilega á sporði, þótt hann sje bæði fjeglöggur maður og hafi vit á vegagerð. Þessi ástæða hans um kostnaðinn er því fallin um sjálfa sig, enda heyrði jeg, að hann var orðinn heldur linari í sókninni við þessa umræðu. Nú er ekki lengur til að dreifa aðalástæðunni gegn þessu frv. Jeg verð að endurtaka það, sem jeg sagði við 2. umr., að í fyrra voru í Ed. gefin loforð um það að taka Holtaveginn og Fagradalsbrautina í tölu akbrauta, er ríkissjóður kostaði að öllu leyti. Sú till. um þetta, er bera átti fram í fyrra, átti vísa leið í gegnum þingið, en var tekin aftur vegna þessa loforðs. Enda þótt nýjar kosningar hafi nú farið fram, þá finst mjer, að

sómi þingsins liggi við að halda þessi lof-orð.

Jeg get verið hæstv. fjrh. þakklátur fyrir ummæli hans um Holtaveginn. Hann telur sjálfsagt, að ríkið kosti endurbygg-ingu hans að öllu leyti, og jeg er ánægð-ur yfir því að vita, að trygging sje fyrir því, hvernig sem fer um frv. þetta. En þótt jeg viti, að hæstv. fjrh. bæði geti og vilji efna það, sem hann lofar, þá kysi jeg þó heldur að hafa þetta í laga-formi, bæði vegna þessa vegar og annara.

Jeg sje, að margar brtt. hafa komið fram. Jeg verð að segja það, að jeg hefi það álit á flestum þeirra, að þær sjeu komnar fram aðeins sem fleygar til að eyðileggja frv. Sumar þeirra hafa alls engan rjett á sjer. Þannig er það till. á þskj. 397 og 5. till. á þskj. 392. Mig minnir, að það hafi verið hv. 2. þm. Eyf. (BSt), sem gat þess, að tillaga um veg frá Hofsósi ætti engu meiri rjett á sjer en ef krafist væri vegar frá Dalvík fram Svarfaðardal. Að vísu hefir ekki verið farið fram á, að þetta yrði gert, en þó ætti sá vegur engu minni rjett á sjer. Jeg gæti með alveg sama rjetti bor-ið fram till. um, að lagður yrði vegur upp á Land af Holtabrautinni, eða þm. Árn. að lagður yrði vegur af akbrautinni og upp á Skeið. Svo mætti lengi telja, og mætti alveg eins taka alla sýsluvegi á landinu í þjóðvegatölu. Þessi till. er því aðeins fleygur til spillingar.

Jeg verð að segja, að jeg tel það ilt, ef svo vel undirbúin lög sem þessi ná ekki fram að ganga á þessu þingi. Jeg vona því, að hv. þm. fylgi ekki þessum brtt., og sjálfur mun jeg greiða atkvæði móti þeim öllum. Jeg hefði þó mikla til-hneigingu til að fylgja brtt. 392,IV, en finst hún þó ganga alt of langt, þar sem farið er fram á viðhald vegarins alla leið fram að Saurbæ, í stað þess, að nægja ætti fram að Grund.

Það var sagt hjer við 2. umr., mig minnir af hv. 2. þm. Skagf. (JS), að lít-ið samræmi væri í þessum lögum við lög þau um breytingu á berklavarnalögun-um, sem jeg flutti. Þetta kann nú að virðast rjett í fljótu bragði, en heldur ekki nema í fljótu bragði, því aðaltil-gangurinn með þeim lögum var fyrst og fremst sá, að sjúklingarnir sjálfir bæru kostnaðinn eftir getu þeirra og efnahag. Með eldri berklalögunum er öll tilhneig-ing tekin frá sjúklingunum til þess að hjálpa sjer sjálfir, sem jeg get ekki álitið vera rjett. Satt er það líka, að þau lög ganga í þá átt að ljetta á ríkissjóði, en hvað ósamræmi snertir í þessu efni, þá mun mjer óhætt að fullyrða, að mörg dæmi finnist um annað eins, bæði að fornu og nýju. Jeg vona, að deildin fall-ist á að samþykkja frv. óbreytt og skal ljúka máli mínu að þessu sinni.

Jón Sigurðsson: Það eru nú þegar margir þm. búnir að taka það fram, að þeir greiði engum brtt. atkv. sitt, og er útlit fyrir, að þeir ætli að efna það, eftir því að dæma, hve margir stólar eru hjer auðir. (*KlJ*: Það er alveg ósæmilegt, hve fáir eru á fundi).

Jeg gat þess við 2. umr., að jeg teldi ekki heppilegan tíma nú til að endurskoða vegalögin, og þar með leggja stór aukin útgjöld á ríkissjóð, og vísaði í því sam-bandi til þess, hve hagur ríkissjóðs væri örðugur. Jeg skal þó ekki ræða þá hlið málsins nánar, þar sem mjer virðist, að deildin hafi sýnt með atkvgr., að hún æski þessarar endurskoðunar. En of mik-ils handahófs hefir mjer þótt gæta í þess-ari endurskoðun. Til þess að bæta úr því lítilsháttar hefi jeg leyft mjer að

koma með brtt. á þskj. 397, sem hefir verið gerð hjer að umtalsefni. Jeg skal nú í fám orðum sýna fram á sanngirni þessarar kröfu. Með þessu frv. er farið fram á, að nokkrir sýsluvegir sjeu gerðir að þjóðvegum. Þannig eru teknir í þjóðvegatölu sýsluvegir í Gullbringusýslu og Strandasýslu. Sú ástæða, sem færð hefir verið fram gegn tillögu minni, að Hofsósvegurinn sje sýsluvegur og því beri ekki að taka hann í þjóðvegatölu, er því einskis virði. Þá er á það að líta, hverja sanngirniskröfu hjeraðið eigi í þessu efni samanborið við önnur hjeruð. Sannleikurinn er sá, að Skagafjarðarsýsla hefir orðið einna verst úti af öllum sýslum landsins hvað þjóðvegi snertir.

Það verða eftir frv. aðeins tvær sýslur á landinu, sem fengið hafa minna af þjóðvegum, þ. e. Ísafjarðarsýsla og Barðastrandarsýsla. *(TrÞ:* Strandasýsla miklu minna). Ekki eftir breytinguna, sem frv. gerir ráð fyrir, og þó er jeg ekki viss um, að Barðastrandarsýsla verði ver úti. En þá er líka upp talið. Menn geta sjeð, hvort þörfin muni vera meiri í Skagafjarðarsýslu eða í Ísafjarðarsýslu, þar sem mestallar samgöngur eru á sjó. Þjóðvegir þeir, er Skagafjarðarsýslu hafa fallið í skaut, eru Sauðárkróksbrautin, sem líklega er stysta akbrautin á landinu fyrir utan Hvammstangaveginn, og vegarspotti frá Víðimýri yfir Vallhólminn og fram Blönduhlíð, og liggur svo að mestu eftir afdal. Austur-Skagafjarðarsýsla er fyllilega sambærileg Vestur-Húnavatnssýslu. Austur-Skagafjarðarsýsla hefir aðeins fengið þjóðvegarspottann, sem jeg nefndi, fram Blönduhlíðina, innan við 20 km. á lengd, og þó að nokkru eftir afdal. Vestur-Húnavatnssýsla hefir þjóðveg yfir þvera sýsluna, líklega um 60 km., og þar að auki braut út á Hvammstanga. Þetta kauptún er mjög á borð við Hofsós, svo að ef Hvammstangabrautin á rjett á sjer, sem jeg efast ekki um, þá er víst, að Hofsósvegurinn á það einnig og að Austur-Skagafjarðarsýsla á hina fylstu sanngirniskröfu til þessa. Helsta ástæðan gegn því væri þá sú, að Austur-Skagafjarðarsýsla er ekki sjerstakt sýsluhjerað, en ekki er það veigamikil ástæða. Ef menn vilja líta með sanngirni á þetta mál, er engum blöðum um það að fletta, að Austur-Skagfirðingar eiga meiri kröfu til, að tillit sje tekið til þeirra en flestra annara landsmanna. Það er engin sanngirni í því að taka upp þjóðveg suður í Keflavík, en sleppa algerlega jafnstóru og þjettbýlu hjeraði, sem Austur-Skagafjarðarsýsla er. Jeg get búist við því, að orð mín falli að þessu sinni í grýtta jörð og menn sjeu fyrirfram ráðnir í því að gera engar breytingar og sýna enga sanngirni. Að Skagafjarðarsýsla verði hart leikin eftir þessu frv., ef að lögum verður, get jeg sannað með tölum, ef orð mín eru dregin í efa. Um það er ekki að fást, en ósanngirni er það, og ekkert annað, ef þessi tillaga er feld.

Út af athugasemd hv. þm. Mýra. (PÞ) við þessa tillögu, skal jeg aðeins geta þess, að hann fór rangt með tölur. Hv. þm. kvað þennan veg vera 35—40 km., en það er ekki rjett. Vegurinn er 24 km. Sú niðurstaða, sem hv. þm. komst að, er annars býsna góður spegill af því, sem stundum vill verða hjer á þingi. Fyrst sagðist hann vera á móti þessari brtt. af því, að vegurinn lægi út úr hjeraðinu, en þegar það var leiðrjett, kvað hann enn frekari ástæðu til að vera á móti brtt., vegna þess, að vegurinn væri allur innanhjeraðs. *(PÞ:* Það var mismæli, sem jeg leiðrjetti þegar). Þetta er góður spegill af því, hvað komið getur fram í svona máli, þegar kapp er komið í menn.

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) kvað þennan veg ekki eiga meiri rjett á sjer en hvern annan sýsluveg, og nefndi vegi á Landi og Rangárvöllum, í Árnessýslu og víðar. Það er nú engin ný bóla, að fulltrúar Sunnlendinga þykist einir eiga að ráða ríkissjóðnum. Hingað til hafa þeir ekki borið skarðan hlut, og þurfa þeir síst að kvarta undan því, hvernig ríkissjóður hefir farið með þá, er kemur til vega. Er síst ástæða fyrir þá að vitna til þess, að þeir eigi jafnmikla sanngirniskröfu sem Norðlendingar, sem lítið hafa fengið til vega. Til dæmis hefir Grímsnesvegurinn einn kostað meira en helmingi meira en Skagafjarðarbrautin, og er hann þó aðeins álma af aðalbrautinni, fyrir utan Eyrarbakkabrautina o. fl.

Ágúst Flygenring: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. við vegalagafrv., sem er þess efnis, að Reykjanesbrautin, sem nú er talin enda í Keflavík, verði látin enda í Sandgerði. Braut þessi var bygð af hreppavega-, sýslu- og landssjóðsfje, og er eina brautin, sem liggur fram á Skagann. Er ekki hægt að telja, að í Keflavík sje nein endastöð fyrir slíka braut. Væri miklu nær, að hún hefði þá verið í Garðinum, en þar, sem liggur beinast við, að endastöðin sje, er vitanlega í Sandgerði, því að þar er þegar komin allmikil útgerðarstöð, sem án efa á eftir að vaxa allmikið ennþá, en þangað er ennþá ekki hægt að komast með vagna. Með þá er ekki hægt að komast lengra en að Útskálum. Jeg verð því að telja, að það hafi verið af gleymsku, að í þessu vegalagafrv. skuli brautinni ekki vera ætlað að ná a. m. k. til Útskála, — út í Garðinn, það sem hún nú nær, en vitanlega á hún og þarf hún að ná til Sandgerðis.

Sem dæmi þess, hve vegur þessi er nauðsynlegur, má nefna, að oft kemur fyrir — og síðast í vetur — að fluttur er fiskur landleiðina frá Grindavík og Keflavík og Garði til Hafnarfjarðar. Hefir mikið af þessum fiski nú jafnóðum verið flutt til útlanda. En frá Sandgerði er engin leið að koma slíku við, sökum vegleysis. Hið sama er að segja um ýmsan annan flutning. Í sömu vandræðunum væri Garðurinn líka, ef vegurinn frá Keflavík til Útskála hefði ekki verið lagður. En þessi vegur var lagður mest fyrir sjerstakan dugnað og áhuga einstakra manna í Gerðahreppi. Jeg leyfi mjer því að mælast til, að brtt. mín verði samþykt, því eins og háttv. þm. Mýramanna tók fram, á Gullbringusýsla mikinn rjett á að fá fje úr ríkissjóði til vegalagninga í hlutfalli við önnur hjeruð landsins, og það meira fje en kostar að leggja spottann milli Útskála og Sandgerðis. Það er líka vert að athuga það, að vegurinn milli Keflavíkur og Útskála var bygður að hálfu leyti af framlagi frá hjeraðinu, og til þess að koma honum í framkvæmd, lánuðu Garðbúar landssjóði af fátækt sinni 6000 kr., sem þeir eru búnir að eiga hjá honum nú í 4 ár. Jeg nefni þetta ekki af því, að jeg búist við, að þeir fái þetta ekki borgað aftur, heldur til þess að sýna áhuga þeirra; þeir skilja, hve afarmikla þýðingu þessi vegur hefir fyrir hjeraðið. Fje þetta var fengið með prívatlánum, og var ætlast til, að það yrði borgað strax, en vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs hefir það dregist. Fyrir þessu liggja skilríki hjá vegamálastjóra. Vegur þessi kostaði um 80 þús. kr., en hefir því miður ekki verið haldið nægilega vel við, sem stafað hefir af fjárhagsörðugleikum hjeraðsins, því að hið dýra viðhald hefir reynst þeim um

megn. Er því öll sanngirni, sem mælir með því, að þessi kafli sje tekinn upp í tölu þjóðvega, því að á því ríður, að vegunum sje vel viðhaldið, svo þeir stóreyðileggi ekki þau farartæki, sem um þá fara. Það er í sjálfu sjer stórt fjárhagslegt tap. Má í þessu sambandi benda á veginn upp Mosfellssveitina, sem Dýraverndunarfjelagið sjer sjer ekki annað fært en að loka, af því að ekki sje forsvaranlegt að fara með skepnur eftir honum. Hve háskalegt slíkt hirðuleysi með vegina er, hljóta allir að sjá, þar sem það er sannleikur, sem ekki verður um deilt, að vegirnir eru jafnnauðsynlegir fyrir þjóðfjelagið eins og æðarnar fyrir líkamann. Bæði þessi sveit hjer fyrir ofan, og þá ekki síður sveitirnar með sunnanverðum Faxaflóa, lifa beinlínis á vegunum; þeir eru skilyrðið fyrir því, að þær fái seldar afurðir sínar jafnóðum og fyrir gott verð alt árið. Hefi jeg nú leitt rök að því, að nauðsyn sje á, að vegunum sje svo viðhaldið, að ekki geti staðið tjón af þeim fyrir skepnur og tæki, sem um þá fara, og að þeim sje haldið í akfæru standi.

Þó jeg geri nú ráð fyrir, að vegarspottinn frá Útskálum til Sandgerðis kosti ekki mjög mikið fje, býst jeg þó við, að hann kosti svo mikið, að hreppparnir og sýslan sjeu ekki fær um að leggja fram það fje; slíkur kostnaður er sýslunni, sem er stórskuldug undir, alveg ókleifur. Eru það því tilmæli mín til hv. deildar, að hún samþykki brtt. mína.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá fjrh. feld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÁF, ÁJ, BL, HK, JakM, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, BSv.

nei: MG, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JörB, KlJ.

Tveir þm. (BJ, SigurjJ) fjarstaddir.

Brtt. 392,I 1 feld með 14:5 atkv.
— 392,I 2 feld með 14:5 atkv.
— 392,II feld með 13:7 atkv.
— 399 feld með 15:5 atkv.
— 392,III feld með 15:4 atkv.
— 392,IV feld með 13:4 atkv.
— 397 feld með 14:6 atkv.
— 392,V tekin aftur.

Frv., óbreytt, samþ. með 14:8 atkv. og endursent Ed.

Á 57. fundi í Ed., þriðjudaginn 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 383).

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 1. maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Fjármálaráðherra (JÞ): Við umræðurnar um þetta mál í Nd. gerði jeg grein fyrir því, að eftir því sem sakir stæðu með fjárhag ríkissjóðs nú, væri ekki tímabært að afgreiða þetta frv., þar sem svo mikið af viðhaldskostnaði flutningabrautanna á að færast af hjeruðunum yfir á ríkissjóð. Jeg vil nú leyfa mjer að vekja athygli háttv. deildar á því, að þó að viðhald þetta hafi verið þungt á sýslunum, þá hefir löggjafarvaldið gert eigi svo litlar ráðstafanir til, að það verði þeim ekki of þungbært hjer eftir, en það er með heimildarlögunum um sýsluvegasjóði frá síðasta þingi, þar sem sýslufjelögunum er gefin heimild til að skipa vegamálum sínum svo, að ríkissjóður greiði viðhaldskostnað sýsluveganna í hlutfalli við framlag hjeraðanna, þannig, að tillag ríkissjóðs fer hækkandi í hlutfalli við það,

sem framlag hjeraðanna eykst. Það var því fyllilega gengið út frá því á síðasta þingi, að svo framarlega sem heimildarlög þessi væru notuð, þá væri engu sýslufjelagi ofboðið með viðhaldsskyldunni. Jeg gat þess og í háttv. Nd., að það væri stefnuleysi að fara nú að breyta þessu á næsta þingi. Það lágu fyrir áætlanir frá vegamálastjóra, þar sem hann gerir ráð fyrir, að viðhaldskostnaðurinn muni nema um 40 þús. kr. En í þessari upphæð er þó innifalin upphæð til nýbyggingar á dálitlum kafla Holtavegarins, að ⅓, en gert er ráð fyrir, að ⅔ hlutar sjeu greiddir úr ríkissjóði. Af þessari upphæð mundu um ⅔ færast yfir á ríkissjóð jafnóðum og sýslufjelögin nota heimildarlögin. Eru þá eftir milli 10—15 þús. kr., sem lenda á sýslufjelögunum, og er síst hægt að telja, að það sje ofraun fyrir sýslurnar að borga það; að minsta kosti er það ljett, samanborið við að borga alt viðhaldið, eins og verið hefir.

Það má þó enginn líta svo á, að útgjöld ríkissjóðs til viðhalds vega sjeu takmörkuð með þessu, því að ennþá standa lögin frá 1923 um sýsluvegasjóði opin fyrir sýslunum. Geta þær því fengið framlag úr ríkissjóði til viðhalds annara vega, sem þær þurfa. Má því búast við, að kostnaðurinn af þessu frv. fyrir ríkissjóð verði vart minni en 40 þús. kr. Jeg hefði síður en svo amast við, að hraði vegalagninganna hefði aukist, ef nú væri sá rjetti tími til þess. En jeg lít svo á, að það sje þvert á móti nú, þegar þótt hefir óumflýjanlegt að draga úr öllum framkvæmdum á hvaða sviði sem er.

Jeg skal geta þess, að í Nd. bar jeg fram tillögu til rökstuddrar dagskrár til afgreiðslu á málinu, af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú tilgreint. Dagskrártill. þessi var feld með 14:12 atkv. Jeg hefi nú viljað segja þetta hjer, til þess að vita, hvort hv. deild finni ekki ástæðu til að taka málið út af dagskrá nú, til frekari yfirvegunar frá þessu sjónarmiði, áður en það verður tekið til endanlegrar afgreiðslu.

Eggert Pálsson: Jeg kannast við þessi ummæli hæstv. fjrh. (JÞ), því að jeg hlustaði á þau í hv. Nd., og jeg vissi áður, að hann var á móti frv. þessu, sem í raun og veru er af eðlilegum ástæðum, þar sem hann er sjálfur höfundur vegalaganna frá 1907, því að það er oft svo, að hverjum þykir sinn fugl fagur og að mönnum er það kært, sem þeir hafa lagt mikið erfiði í. En hinsvegar hlýtur hæstv. fjrh. að vera það ljóst, að í seinni tíð hefir verið mikil óánægja með vegalögin, þar sem allháværar kröfur hafa komið hvaðanæfa um að fá þeim breytt, því að þau hafa komið mjög tilfinnanlega hart niður á sumum hjeruðunum, og má þar til nefna Suðurlandsundirlendið, þar sem þau hjeruð, sökum hafnleysis síns, þurfa að hafa miklu meiri vegi en fjöldamörg önnur. Auk þess er það kunnugt, að þeir vegir, sökum veðráttu og annara staðhátta, þurfa mjög mikið viðhald, og hefir þetta dýra viðhald orðið allþungbært fyrir hjeruðin. Þetta var og viðurkent af þinginu í fyrra, er það ljetti af Árnessýslu viðhaldi Flóavegarins, og hafi það verið rjett, þá er það ekki síður sanngjarnt, að Rangárvallasýsla verði leyst undan viðhaldi Holtavegarins. Og meira að segja má fullyrða, að það sje ennþá fyllri sanngirniskrafa, þar eð vegarstæðið er miklu verra, og viðhaldið þar af leiðandi miklu dýrara. Enda hefi jeg heyrt hæstv. fjrh. margtaka það fram, sem jeg

er honum þakklátur fyrir, að fylsta sanngirni væri í því, að ríkissjóður kostaði að öllu leyti endurbyggingu Holtavegarins og endurgreiddi þá að einhverju leyti það fje, sem Rangárvallasýsla hefir orðið að leggja fram til hennar.

Hæstv. ráðherra mintist aðallega á kostnaðarauka ríkissjóðs af frv. þessu að því er snertir flutningabrautirnar, en ekki þjóðvegina. Get jeg því hlaupið yfir það, enda mjer ókunnara um það.

Þess ber nú að gæta, að viðhald nokkurra flutningabrautanna er þegar komið yfir á ríkissjóðinn, eins og t. d. Flóabrautarinnar, Þingvallavegar og Borgarfjarðarbrautar, og má því draga viðhald þessara brauta frá kostnaðaraukaáætluninni. Sömuleiðis virðist mjer, að draga megi frá viðhald Keflavíkurvegarins, því að til hans hefir farið og fer bílaskatturinn. Eins hygg jeg, að Grímsnesbrautinni megi sleppa, því að ennþá er viðhaldskostnaður hennar ekki kominn yfir á Árnessýslu, og verður sennilega ekki fluttur yfir á hana frekar en hingað til, þótt vegalögunum yrði ekki breytt. Eins mun vera ástatt með Hvammstanga- eða Húnvetningabraut og Skagafjarðarbraut. Mjer telst því svo til, að það, sem bætist á ríkissjóðinn með lögum þessum, verði aðeins viðhald Holtavegarins, Fagradalsbrautarinnar og Húsavíkurvegarins, og svo vegarkaflinn frá Selfossi að Eyrarbakka.

Jeg vænti því, að þetta frv. verði samþykt, hvort sem það verður tekið af dagskrá eða ekki. Ef frv. yrði ekki samþykt, þá yrðu menn fyrir mjög miklum vonbrigðum, því að það hefir skýrt komið í ljós, að bæði vegamálastjóri og fyrverandi stjórn og sömuleiðis hv. Ed. hafa verið máli þessu fylgjandi, og því hafa menn þóst mega treysta því, að það næði fram að ganga, einkum eftir að hv. Nd. hafði samþykt það með yfirgnæfandi atkvæðamun. Menn yrðu því fyrir mjög miklum vonbrigðum, ef það fjelli, en jeg þykist þess fullviss, að slíkt komi ekki fyrir.

Jónas Jónsson: Jeg verð að taka það fram, eins og hv. 1. þm. Rang. (EP), að mjer finst, að það væri alveg óverjandi að láta þetta mál stranda nú á síðustu stundu.

Okkur, sem áttum sæti hjer í hv. Ed. í fyrra, er vel kunnugt um, að það var rætt um það hjer í deildinni í fyrra að ljetta viðhaldi Holtavegarins og Fagradalsbrautar af sýslufjelögunum, og margir háttv. þm. lýstu því yfir, að þeir myndu fylgja þessu fast fram nú á þinginu, að þessum tveim vegum væri ljett af sýslunum, eins og Flóaveginum var ljett af Árnessýslu. Hæstv. fjrh. veit það vel, að Suðurlandsundirlendið er alveg að sligast undir viðhaldi veganna. Og að því er Holtaveginn snertir, eru það hrein og bein vandræði, ef ekki er hægt að halda honum sæmilega við, og nú liggur hann undir eyðileggingu, því að sýslunni er það algerlega ofvaxið að halda honum við, svo að í lagi sje.

Jeg vona því, að frv. þetta nái fram að ganga, þar eð það hefir haft mikið fylgi hjer í þessari hv. deild. Og jeg vona, að málið verði ekki dregið á langinn, því að lítilsháttar dráttur getur hæglega orðið til þess, að málið nái ekki fram að ganga á þessu þingi.

Fjármálaráðherra (JÞ): Í tilefni af orðum hv. 1. þm. Rang. (EP) skal jeg taka það fram, að í tölum þeim, sem jeg nefndi í sambandi við kostnaðarauka ríkissjóðs, voru ekki taldir vegir þeir, sem nú hvíla á ríkissjóði. Og endurbyggingu

Holtavegarins mundi verða ljett af sýslunni, hvort sem þetta frv. nær fram að ganga eða ekki.

Tölur háttv. nefndar taka aðeins til þeirra flutningabrauta, sem nú eru í umsjá sýslufjelaganna, en þegar sýslurnar eru búnar að útvega sjer þann tekjuauka, sem þeim er heimilaður í lögunum frá 1923, þá verður sá kostnaður yfirleitt viðráðanlegur fyrir þær.

Af því að hv. 5. landsk. (JJ) mintist á Fagradalsbrautina, skal jeg taka það fram, að vegamálastjóri gerir ráð fyrir því, að kostnaður sýslufjelaganna af viðhaldi hennar muni vera um 4000 kr. á ári, en með því að nota sjer þann tekjuauka, sem lögin frá 1923 heimila, geta sýslurnar fengið minst 2000 kr. upp í kostnaðinn úr ríkissjóði.

Hv. 5. landsk. þm. hjelt því fram, að Árnessýsla væri að sligast undir viðhaldi veganna, en jeg held þó, að það verði vel viðráðanlegt fyrir sýsluna, þegar hún er búin að fá þann tekjuauka, sem lögin frá 1923 heimila, því að nú er búið að ljetta viðhaldi Flóavegarins af henni. Þessum ástæðum móti ákvæði vegalaganna frá 1907, sem mjer hafa altaf fundist á rökum bygðar, er því rutt úr vegi með lögunum 1923.

Háttv. 1. þm. Rang. sagði, að jeg hjeldi máske upp á þetta ákvæði sökum þess, að jeg væri höfundur vegalaganna frá 1907, en svo er ekki. Það var búið að undirbúa þetta mál á 2 þingum áður en lögin voru samþykt, og það var ekkert sett í stjfrv. 1907 annað en það, sem Alþingi hafði krafist áður en jeg tók við vegamálunum og varð að fullnægja.

En jeg hefi altaf haldið því fram, að sýslurnar yrðu að fá tekjuauka til þess að geta staðist þennan kostnað, en það hefir altaf farist fyrir þangað til í fyrra. En nú þegar sýslurnar hafa fengið þennan tekjuauka, sem þær þurfa, er einmitt ekki ástæða til að fara að breyta þessu ákvæði vegalaganna frá 1907, því að kostnaðurinn af viðhaldi veganna ætti nú ekki að vera sýslunum of þungbær.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Með því að jeg hefi haft framsögu vegalagafrv. á hendi í þessari hv. deild, skal jeg taka það fram, að jeg er á þeirri skoðun, þrátt fyrir mótmæli hæstv. fjrh., að það sje ekki til neins að vera að fresta í þetta sinn að samþykkja frv.

Eins og hv. 1. þm. Rang. tók fram, hefir megn óánægja gert vart við sig út af skipun vegamálanna, og þingið hefir verið að smáláta undan þeim, sem harðastir hafa verið í kröfum sínum, og með því hefir skapast það ástand, að sum hjeruð hafa orðið betur sett en önnur í þessu tilliti, en slíkt er auðvitað alls ekki rjettlátt. Með þessu frv. er lagður sá grundvöllur, að öll hjeruð verði jafnvel sett.

Það er alls ekki rjett, að lögin um sýsluvegasjóði frá 1923 geri að engu þær ástæður, sem haldið hefir verið fram á móti fyrirkomulagi því, sem skapaðist með vegalögunum frá 1907. Það má vel vera, að þau dragi eitthvað úr misrjettinu, en að mínu áliti gera þau alls ekki það að verkum, að fyrirkomulagið verði svo viðunandi, að menn alment sætti sig við það.

Hæstv. fjrh. hjelt því fram, að þessi breyting væri síst tímabær nú, þar eð hagur ríkissjóðs væri mjög örðugur. Það er rjett hjá hæstv. fjrh., að fjárhagur ríkissjóðs er erfiður, en hjer er þó þess að gæta, að þrátt fyrir lögin, er það þó fjárveitingavaldið, sem ákveður árlega, hve

miklu skuli varið til viðhalds veganna, og það getur því ávalt tekið tillit til fjárhagsástands ríkissjóðsins.

Jeg sje því ekki, að það sje nein ástæða til þess að fresta málinu. Samgmn. þessarar deildar hefir gengið inn á þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í hv. Nd., og hefir gefið í skyn, að hún mundi ekki láta þær verða til þess að fella frv.

Það voru gerðar 2 breytingar við frv. í hv. Nd., og er önnur þeirra talsvert þýðingarmikil, nefnilega breyting á 7. gr., um aðstoðarmenn vegamálastjóra. Jeg skal játa það, að samgmn. þessarar hv. deildar hafði upphaflega ekki gefið ákvæði þessarar greinar um fasta aðstoðarmenn nægilegan gaum.

Í 7. gr. er svo ákveðið, að vegamálastjóri skuli hafa fasta aðstoðarmenn, en það ákvæði er dálítið varhugavert, og samgmn. tók eftir þessu eftir að frv. hafði verið samþykt hjer í þessari hv. deild, og vöktum við því athygli samgmn. Nd. á því, og tók hún það til greina.

Í öðru lagi hefir hv. Nd. breytt 49. gr. þannig, að lágmark hreppsvegagjaldsins verður 5 kr. í staðinn fyrir 4. Samgmn. hjer hefir lofað að láta frv. ekki stranda á þessum breytingum. Jeg vil ekki leggja á móti því, að nefndin fái frv. og áætlanir þær, sem vegamálastjóri hefir gert, enn til athugunar, en geri þó ekki ráð fyrir, að hún breytti við það afstöðu sinni til málsins.

Einar Árnason: Jeg hefi ekki lagt steina í götu þessa frv. fram að þessu, en jeg vil þó láta þá skoðun mína í ljós áður en frv. er afgreitt frá þinginu, að jeg er mjög óánægður með það. Jeg ljet í ljós við fyrri umr. frv. í þessari hv. deild, að það væri ekki öllum hjeruðum sýnd full sanngirni með þessu frv., og jeg gerði þá tilraun til að færa það í það horf, sem ætlast var til á þinginu í fyrra. Með frv. þessu er hlaðið undir sumar sýslur, en aðrar látnar sitja á hakanum, en það sjá allir, að í slíku er engin sanngirni.

Jeg tók það fram áður, að á þinginu í fyrra hefði verið ætlast til, að viðhald allra flutningabrauta yrði lagt á ríkissjóðinn, en nú eru 2 skildar eftir. Það hefir verið reynt í báðum deildum að laga þetta misrjetti með brtt., en það hefir engin leiðrjetting á því fengist. Jeg mundi því horfa á það með mestu rósemi, þó að einhverjum af þeim brautum, sem með frv. eru færðar yfir á ríkissjóðinn, yrði slept úr því. Þar til skal jeg nefna Skagafjarðarbraut, Hvammstangabraut, Keflavíkurbraut, Eyrarbakkabraut og Biskupstungnabraut. Engin þessara brauta á meiri rjett á sjer en Eyjafjarðarbrautin. Jeg skal líka geta þess, að úr því að hv. deild vildi ekki sinna kröfu minni um að taka Eyjafjarðarbrautina með, þá harma jeg það alls ekki neitt, þó að frv. verði tekið af dagskrá og komi aldrei fram aftur.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Ed., föstudaginn 2. maí, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 383).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Eftir ósk hæstv. fjrh. var þetta mál tekið af dagskrá í gær, til þess að samgmn. gæti kynt sjer yfirlit frá vegamálastjóra og fjrh. yfir aukinn kostnað, sem frv. þetta hefði í för með sjer fyrir ríkissjóð við viðhald vega. Nefndinni var kunnugt um þann

kostnaðarauka áður, og nefndin vill samþykkja frv. þrátt fyrir þennan kostnaðarauka. Vegamálastjóri álítur, að kostnaðarauki ríkissjóðs muni nema um 22 þús. kr. árlega, og er þá vitanlega miðað við það, að sýslufjelögin beri þann hluta kostnaðarins, sem þeim samkv. gildandi lögum er ætlað að bera. En þegar þess er gætt, að ríkissjóður mundi hvort sem er verða að kosta viðhald Holtavegarins og fleiri vega, þá er það sýnilegt, að hinn raunverulegi mismunur verður miklu minni. En hjer er auðvitað aðeins um áætlun að ræða hjá vegamálastjóra.

Hæstv. fjrh. hefir gert annað yfirlit, og eftir því nemur kostnaðurinn um 14 þús. kr. Þessa útkomu fær hæstv. fjrh. með því að gera ráð fyrir því, að viðhald Stykkishólmsvegarins verði lagt á sýsluna. En hæstv. fjrh. gerir enga grein fyrir því, hvers vegna hann tekur þennan eina veg út úr, og nefndin getur ekki sjeð neina ástæðu til þess, að viðhald þessa vegar verði lagt á sýsluna, og þess vegna má draga þá upphæð, sem snertir þann veg, frá þeim kostnaðarreikningi, er hæstv. fjrh. hefir gert. Frá þessari áætlun hæstv. fjrh. má ennfremur draga kostnaðinn af viðhaldi Holtavegarins, því að bæði hæstv. fjrh. sjálfur og aðrir líta svo á, að sýslunum sje ofvaxið að annast viðhald hans. Það hefir margsinnis verið tekið fram undir umræðum þessa máls, bæði af hæstv. fjrh. og öðrum, að mikill kostnaður sje lagður á ríkissjóð með frv. þessu og að fjárhagur ríkissjóðs sje erfiður, og nefndin viðurkennir fyllilega, að svo sje. Afleiðingin af samþykt frv. verður því, meðan svo er ástatt, sem nú er, að vera sú, að til nýrra vegalagninga verði þeim mun minna fje veitt úr ríkissjóði, sem honum eykst kostnaður af viðhaldi þeirra vega, sem þegar eru lagðir.

Jeg sje svo ekki þörf á að gera frekar grein fyrir skoðun nefndarinnar í þessu máli. Jeg skal aðeins taka það fram, að skoðun hennar er með öllu óbreytt eftir að hafa kynt sjer þessa útreikninga vegamálastjóra og hæstv. fjrh. Leggur nefndin til, að hv. deild samþykki frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, SE, SJ, BK, EP, GÓ, HSn, IHB, IP, JJós, JóhJóh.

nei: EÁ, HSteins.

Einn þm. (JM) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 521).

16. Landsreikningur 1922.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1922 (stjfrv., A. 4).

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (KlJ): Um frv. þetta sje jeg ekki þörf á að fjölyrða og get í öllu vísað til athugasemdanna með frv. Það er í sama formi og vant er, nema hvað það nú nær aðeins yfir 1 ár. Um nánari sundurliðun hinna einstöku greina get jeg vísað til landsreikninganna. Legg jeg svo til, að frv. þetta fari til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., fimtudaginn 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 322).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tekjubálkurinn samþ. með 21 shlj. atkv.

Gjaldabálkurinn samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 12 apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 4).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 4).

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., föstudaginn 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 496).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Björn Kristjánsson): Jeg leyfi mjer hjermeð fyrir hönd nefndarinnar að leggja til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.

Tekjubálkurinn samþ. með 12 shlj. atkv.

Gjaldabálkurinn samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., laugardaginn 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 4).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 528).

---

17. Hundahald í kaupstöðum.

Á 9. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um heimild fyrir bæjarstjórnir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum (þmfrv., A. 53).

Á 11. fundi í Nd., föstudaginn 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Jeg býst fremur við, að innan um öll þau stórmál, sem hjer eru og hafa verið rædd, verði þetta mál, sem hjer ræðir um, talið meðal hinna smærri málanna. En það er hvorttveggja, að bæði verður að taka einnig tillit til hinna smærri mála, og þegar þau snerta

svo mjög líf og heilsu almennings eins og þetta mál gerir, geta þau naumast talist vera smámál lengur. Það er alment viðurkent meðal lækna, að sullaveiki stafi frá hundum, og hefir talsvert verið gert til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu þessarar veiki, sem hjer var orðin næstum því þjóðarplága. Þess vegna hefir verið lögboðið, að hreinsa skuli hunda, og eins hefir verið reynt að koma í veg fyrir, að of mikið væri af óþarfahundum. En hvorugt hefir dugað; veikin er ennþá alt of algeng hjer á landi. Nú er ekki hægt að útrýma hjeðan algerlega orsök veikinnar — hundunum; þeir eru og verða allvíða ómissandi, aðallega í sveitunum, en í kaupstöðum eru þeir að mestu eða öllu óþarfir. Af þessum ástæðum hefir þessu máli verið hreyft, einkum af heilbrigðisnefnd þessa bæjar, og því er þetta frv. fram komið. Það eru og fleiri ástæður, eins og tilgreint er í greinargerð frumvarpsins, sem gera það að verkum, að rjett er að takmarka hundahald í kaupstöðum. Mörgum mönnum ofbýður oft hundaragið á götunum í Reykjavík og þykir lítill menningarbragur að því. Það var einu sinni víðfrægur maður, sem kom til Kaupmannahafnar; fanst honum hundamergðin einna einkennilegust fyrir borgina og sagði, að hún væri rjett nefnd „Hundaborg". En Dönum fanst fátt um og þótti lítill vegsauki að þessu. Gæti jeg trúað, að sumum, sem hingað koma, detti stundum eitthvað svipað í hug um Reykjavík.

Því verður ekki neitað, að hundar eru skemtilegar skepnur, skynsamir og trygglyndir, og mun því mörgum falla erfitt að skilja þá við sig; en í það má þó ekki horfa. Þótt sett væru í lög strangar reglur um hundahald, t. d. hár skattur, ákvæði um, að þá skuli teyma í bandi o. s. frv., hygg jeg, að það yrði að harla litlu gagni. Lítum aðeins á, hvernig þeim lögum, sem til eru um þetta, er framfylgt. Nú eru í lögum ákvæði um merki, hálsbönd, sem skylt er að hafa á hundum. Hvernig er þessu hlýtt? Nýlega sagði mjer maður, að hann hefði sjeð hjer á götunni 12 hunda í hóp, og aðeins 3 af þeim voru með hálsband. Jeg hygg, að öll slík lög yrðu þýðingarlaust kák eitt. Þá hafa ýmsir kvartað yfir því, að börn gætu ekki farið óhrædd ferða sinna um bæinn vegna hundavaðsins á götunum. Það er oft ægilegt að sjá, hversu börn verða hrædd við hunda. Jeg hefi t. d. sjeð barn stirðna upp, verða eins og að steingervingi, af hræðslu við hund. Auk þess er harla lítil bæjarprýði að því og síst skemtilegt, að engin farartæki, að heita má, mega sjást á götum bæjarins án þess að þvaga af gjammandi hundum sje á eftir þeim. En aðalástæðan móti hundunum hlýtur að verða og er sýkingarhættan. Það má að vísu segja, að hún sje einna minst í kaupstöðunum; að minsta kosti ættu líkurnar þar að vera minni til þess að hundar kæmust í sulli. En aldrei er fyrir slíkt hægt að synja, og þar, sem hundar eru alóþarfir, ættu þeir því ekki að líðast. Það hefir komið til mála að gera heimildina víðtækari en ákveðið er í frv. — að hún nái einnig til hreppa- og sveitarstjórna þeirra sveita, sem liggja að kauptúnum, og til minni sjávarþorpa. Og auk þess mætti setja ákvæði um að takmarka, að hundar fylgist með mönnum í kaupstað eða láta setja þá í hald meðan staðið er þar við. Þetta ætti sú nefnd að athuga, sem fær þetta mál til meðferðar. Vænti jeg svo, að þetta frv. fái góðar viðtökur og legg til, að því verði vísað til allshn.

Jakob Möller: Jeg ætla aðeins að geta þess, að ef við flm. þessa frv. hefðum ekki orðið fyrri til, var það fullráðið af heilbrigðisnefnd Reykjavíkur að koma á framfæri frv. í þessa átt. Er það fyrir forgöngu lækna hjer í bæ, eins og hv. samþm. minn, hv. 4. þm. Reykv. (MJ), þegar hefir sagt í ræðu sinni áðan, að þetta frv. er fram komið. Frumvarp þetta, sem hjer liggur fyrir, hefir verið haft í skopi og meðal annars hefir það verið sagt, að þetta frv. væri frumburður hins nýstofnaða Íhaldsflokks. Þetta er í rauninni ekki stórvægilegt atriði, en þar sem jeg hefi lagt nafn mitt við þetta frv., þá er þó bert, að ekki á sá flokkur allan heiðurinn af því! Frv. ætti því ekki að þurfa að mæta neinni andúð þess vegna, enda er engin ástæða til að ætla, að þetta mál verði flokksmál. Þetta er eingöngu heilbrigðismál, og telja læknar það mjög þýðingarmikið, að hemill sje hafður á hundahaldi í bæjum og kauptúnum. Tek jeg svo undir með hv. 4. þm. Reykv., að nefnd sú, sem þetta mál fær til meðferðar, ráðgist um það við Gunnlaug Claessen lækni, — þann mann, sem mest hefir beitt sjer fyrir þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 53, n. 73).

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg vonast til þess, að ekki þurfi að verða langar umræður um þetta mál. Eins og sjá má af nál. allshn., þá hefir hún gert breytingar á 1. gr. frv. og fyrirsögn þess. Þótti henni rjett að gera heimildina víðtækari og láta hana ná til hreppsnefnda fyrir kauptúnum. Einnig þótti nauðsynlegt að ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og þess vegna sjálfsagt, að stjórnarráðið staðfesti hana.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það er fjarri því, að jeg standi upp í því skyni að mæla gegn frv. þessu og ekki heldur til að gera neinar verulegar aths. við það. Tel jeg það heppilegt, að hv. allshn. skuli hafa gert heimildina víðtækari. En hitt finst mjer óþarfi, að fara að „mobilisera" alt stjórnarráðið til þess að staðfesta slíka reglugerð. Eftir orðalagi nál. ættu allir ráðherrarnir að koma á fund í þessu skyni. Býst jeg við, að hv. nefnd hafi bara ekki athugað þetta, því að nægilegt virðist, að aðeins einn ráðherra eigi um þetta að fjalla.

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg skal taka það fram út af ummælum hæstv. atvrh. (KlJ), að jeg tel alveg óþarft að breyta orðalagi brtt. hvað þetta snertir, því að jeg býst við, að verkaskiftingin í stjórnarráðinu sje svo skýr, að ekki þurfi að lenda í þvargi, undir hvern þeirra málið heyrir. Legg jeg því til, að orðalagið sje samþykt óbreytt.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Á þinginu 1921 strandaði eitt mál á því, að ágreiningur reis út af því, hvort það heyrði heldur undir atvinnumálaráðuneytið eða stjórnarráðið í heild sinni. Svo mikla áherslu lögðu menn á þetta þá.

ATKVGR.

Brtt. 73,1 (ný. 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 73,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv. með fyrirsögninni:
Frv. til laga um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum.

Á 17. fundi í Nd., föstudaginn 7. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 84).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 84).
Á 15. fundi í Ed., mánudaginn 10. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á. 19. fundi í Ed., föstudaginn 14. mars, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 136).

---

18. Löggilding Hindisvíkur.

Á 10. fundi í Nd., fimtudaginn 28. febr., var útbýtt:
Frv. til laga um löggilding verslunarstaðar í Hindisvík á Vatnsnesi við Húnaflóa (þmfrv., A. 59).

Á 12. fundi í Nd., laugardaginn 1. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Nd., þriðudaginn 4. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Ekki er það vanalegt, að stormur standi um slík smámál og þetta frv. er, en þó þykir mjer hlýða að gera nokkra grein fyrir, hvers vegna það er fram komið.

Fyrir hjer um bil eða rúmum 20 árum var löggilt höfn sú á Vatnsnesi, er Lambhúsavík heitir, Sagði þá einn þingmaður í skopi, að nú væri verið að löggilda lambhúsin á Vatnsnesi, er honum þótti of skamt á milli verslunarstaðanna. En Lambhúsavíkin, sem liggur innanvert á austanverðu Vatnsnesinu, hefir aldrei verið neitt notuð að ráði, því að þegar kom í ljós, að þar er ekkert afdrep nema helst í vestanátt. Komu því skip þar örsjaldan, og nú orðið aldrei. Helst ber það við, að þangað er flutt þungavara

á mótorbátum frá Blönduósi og tekið þar á móti landvöru, ull, sem þangað er aftur sótt af Blönduósi. Þess ber að geta, að Vatnsnesið liggur afarilla við sókn til næstu verslunarstaða. Er þar um tvo að gera, annaðhvort Hvammstanga, en þangað eru um 40 km. frá Hindisvík, eða Blönduós, og er langt þangað bæði á sjó og landi. Hvorttveggja er örðugt og illfært að flytja afurðir af landi nema sjóleiðis til verslunarstaðarins, og þá til Blönduóss. Er það því ósk hlutaðeigenda að fá löggilta höfn í Hindisvík. Þar eð ætla má, að margir hv. þm. sjeu ókunnugir staðháttum og gætu því hugsað, að þetta væri óþarft eða órjettmætt, sem þó ekki er, skal þess getið, að Hindisvík er annar sá staður við Húnaflóa, sem tiltækilegt er að gera hafskipahöfn.

Árið 1921 var að tilhlutun eiganda Hindisvíkur hin fyrirhugaða höfn mæld og áætluð. Liggur fyrir teikning og lýsing á henni, gerð af Benedikt Jónassyni verkfræðingi. Það sýnist, eftir því sem fyrir liggur, ekkert athugavert vera við hafnargerðina, en aðalatriðið er að sjálfsögðu innsiglingin, og vildi jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp ummæli verkfræðingsins um hana:

„— Hindisvík liggur yst á Vatnsnestánni og sem næst fyrir miðjum Húnaflóa, og hefir víkin að því leyti skilyrði sem höfn, að þar er alveg hrein innsiglingarleið inn miðjan flóann, austan við Fáskrúð upp á víkina, og er eftir sjókortinu að dæma 20 m. dýpi við víkurmynnið.“

Þarna er þá sannanlegt, að innsiglingin er góð og ekkert að athuga við hana.

Einnig má geta þess, að nú liggur fyrir uppmæling á eystri leið inn á Miðfjörð; gæti því verið hjer um tvær leiðir að ræða inn á víkina. Væri þar um engan krók að ræða og leiðin er ugglaus, eftir því sem skipstjórar ætla. Fyrnefndur verkfræðingur, sem hefir gert mælingar og áætlanir um hafnargerðina, telur, að í Hindisvík megi gera góða og trygga höfn til frambúðar með 55 hektara sjávarfleti, og sje þar meira en 5 m. dýpi við lægstu stórstraumsfjöru. Til þess að byrja með þyrfti svo að byggja garð til að fyrirbyggja norðvestan sjógang; mætti af því mikið gagn verða, þótt eftir sem áður yrði víkin opin fyrir norðaustri. En með því að byggja einnig garð að austan væri höfnin fullkomin.

Dýrt yrði þetta að vísu; verkfræðingurinn áætlar hafnargerðina 1200000 krónur, og skal jeg ekki fara út í það hjer.

Í þessu sambandi mætti geta um mælingar, sem gerðar hafa verið annarsstaðar, t. d. á Skagaströnd; yrði miklu dýrara að gera þar höfn. Maður sá, er mældi Hindisvík, taldi hana liggja miklu betur við fyrir sýslubúa en Skagaströnd, þar sem hún er fyrir miðjum Húnaflóa. Segi jeg það sem hans skoðun. En afarþýðingarmikið atriði væri það, ef gera ætti eina höfn fyrir Húnaflóa allan.

Þá er það stórt atriði fyrir sjávarútveginn, að Hindisvík sje löggilt höfn, því að aðalsíldarmiðin eru í svo kölluðum ál, sem liggur aðeins 10 sjómílur þaðan, en 20 sjómílur frá Blönduósi og Skagaströnd. Mátti oft síðastliðið sumar telja 60 síldveiðaskip þarna á miðunum, og væri það skiljanlega til mikilla þæginda fyrir þau að eiga að sækja í höfn svo skamt frá aðalmiðunum.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um málið; vænti jeg þess, að hv. deild sjái, að ríkar ástæður liggja til þess, að höfn þessi sje löggilt. Jeg sting ekki upp á, að málinu sje vísað til nefndar; ætla, að það sje ekki venja um slík mál, en mun hins-

vegar ekki leggjast á móti því, ef einhver gerir þá uppástungu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., fimtudaginn 6. mars, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., laugardaginn 8. mars, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 59).
Á 16. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., fimtudaginn 13. mars, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 15. mars, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 145).

---

19. Brunatryggingar í Reykjavík.

Á 10. fundi í Nd., fimtudaginn 28. febr., var útbýtt:
Frv. til laga um brunatryggingar í Reykjavík (þmfrv., A. 55).

Á 12. fundi í Nd., laugardaginn 1. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Þetta frv. er borið fram samkv. beiðni bæjarstjórnarinnar og af þeim ástæðum, sem greinargerðin hermir.
Sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um

málið, en leyfi mjer að óska þess, að því verði vísað til hv. allshn. að umræðunni lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., föstudaginn 7. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, n. 81).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21:1 atkv.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Þetta mál er ofureinfalt, og þarf jeg lítið annað en að vísa til greinargerðar þeirrar, er frv. fylgir. Tilefnið til frv. er það, að brunabótafjelag það, sem húseignir hjer í Reykjavík hafa verið trygðar hjá, hefir sagt upp tryggingunum, en bæjarstjórn Reykjavíkur hefir náð viðunanlegum samningum hjá tveimur dönskum tryggingarfjelögum, „Baltica" og „Nye danske Brandforsikring". Tildrögin til þess, að gamla fjelagið sagði upp samningunum, voru þau, að bæjarstjórnin vildi ekki ganga að þeirri hækkun á iðgjöldum, sem fjelagið krafðist. En sú hækkun, sem „Köbstædernes alm. Brandforsikring" fór fram á, var um 107%.

Einstakir nefndarmenn í allshn. óska þess getið, að þeir dragi í efa, að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi þurft að hlíta uppsögn fjelagsins á brunatryggingum. Að vísu eru iðgjöldin samkvæmt nýju samningunum 31% hærri en þau hafa verið, en þar vega á móti nokkur hlunnindi, sem fengist hafa, t. d. að iðgjöld lausafjártrygginga í Reykjavík fást lækkuð um 12%. Brunatryggingum í Reykjavík er nú skipað með lögum. Fyrst með tilskipun frá 4. febr. 1874, og síðar með lögum frá 1895. Er bænum nú og nauðsynlegt að fá það lögfest, að húseigendur í Reykjavík sjeu skyldir að tryggja húseignir sínar hjá þeim fjelögum, sem bæjarstjórnin gerir samning við um brunatryggingar framvegis, svo og um önnur atriði, sem þetta snerta.

Þarf ekki að fjölyrða um þetta meira, en þar sem brunatryggingum í Reykjavík hefir verið sagt upp frá 1. apríl næstk., þá þarf að flýta þessu máli svo, að lög um það efni, sem frv. fer fram á, verði komin í gildi fyrir þann tíma.

Vil jeg beina því til hæstv. forseta, hvort hann muni ekki geta tekið þetta mál á dagskrá aftur á morgun, svo að þessi hv. deild geti lokið því fyrir helgi.

Forseti (BSv): Jeg hefi þegar gert ráðstafanir til þess, að málið verði sett á dagskrá á morgun.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., laugardaginn 8. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 55).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 55).

Á 15. fundi í Ed., mánudaginn 10. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, n. 123).

Frsm. (Eggert Pálsson): Það er ekki ástæða til að fjölyrða um frv. þetta. Það er upprunalega samið af bæjarstjórn Reykjavíkur, og var áður búið að gera samning við dönsk brunabótafjelög. Var því nauðsynlegt að koma fram með frv. hjer. Frv. var flutt af öllum þm. bæjarins í hv. Nd. og fór þar í allshn. Sú nefnd hefir ekki gert neinar breytingar á því. Hjer fór frv. einnig til allshn. deildarinnar, og fanst henni ekki ástæða til að gera nokkra breytingu á því. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt, enda má gera ráð fyrir, að bæjarstjórnin sjálf viti best, hvað bænum sje hentast í þessu efni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., miðvikudaginn 19. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 55).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 175).

---

20 Vjelgæsla á mótorskipum.

Á 8. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 20. júní 1923, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum (þmfrv., A. 48).

Á 10. fundi í Nd., fimtudaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., laugardaginn 1. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Á síðasta Alþingi voru samþykt lög, sem auka kröfurnar til þeirra manna, er stunda atvinnu við vjelgæslu á mótorskipum. Jeg hafði þá nokkra sjerstöðu í málinu, vildi ekki setja strax svo hörð ákvæði að binda rjettindin eingöngu við próf, eins og farið var fram á í því frv. Jeg vildi koma inn í lögin, að í stað prófsins mætti koma svo og svo langur tími við vjelgæslu á skipum. En þessar brtt. mínar voru feldar.

Þetta frv. gengur í sömu átt, og þó ekki eins langt. Hjer er farið fram á, að menn með ákveðinn starfstíma í þessari grein hafi sömu rjettindi sem menn með próf. Lögin um mótorskóla eru ekki

ennþá komin til framkvæmda, og er ekki líklegt, að þau verði framkvæmd á næstu árum, eins og hag ríkissjóðs er nú háttað. Það verður óhjákvæmilegt að launa föstum kennurum, borga húsnæði og kaupa ýmsar vjelar til notkunar við kensluna. Þó að ýmsir hafi á síðasta þingi vænst þess, að stofnunar skólans yrði ekki langt að bíða, má ganga út frá því sem vísu, að flestir munu ekki vilja leggja út í þennan kostnað fyrst um sinn.

Jeg hygg því fulla ástæðu til að bera nú fram þetta frv. Það er aðallega tvent, sem fyrir mjer vakir, sumpart að lengja starfstímann, sem krafist er, sumpart að rýmka nokkur ákvæði laganna. Það hefir komið í ljós nokkur misskilningur á lögunum, 7. gr. verið skilin rýmra en ætlast hafði verið til á síðasta þingi. Jeg hefi fyrir mjer stjórnarráðsúrskurð, sem skýrir svo ákvæði 7. gr., þar sem talað er um, að menn megi stunda vjelgæslu á samskonar skipum sem áður, að átt sje við öll mótorskip, án tillits til stærðar eða vjelar. Þannig eru lögin skýrð og framkvæmd, og tel jeg rjett að breyta orðalagi laganna í samræmi við það.

Jeg skal ekki fara út í að bera saman breytingar frv. við greinar laganna, enda á það heima við 2. umr., og mun ekki ræða þetta mál frekar við þessa umr., nema sjerstakt tilefni sje gefið til þess. Jeg vil svo leyfa mjer að leggja til, að frv. verði vísað til sjútvn. að lokinni umræðunni.

Pjetur Ottesen: Jeg vil leyfa mjer að skjóta því að hv. sjávarútvegsnefnd að leita álits Ólafs Sveinssonar vjelfræðings um þetta mál. Frv. það um þetta efni, sem samþykt var á síðasta þingi, var einmitt samið eftir ráðum hans og tillögum.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg skal geta þess, að jeg býst við því, að sjútvn. leiti að minsta kosti umsagnar forseta Fiskifjelags Íslands, en hann á greiðan aðgang að manni þeim, er hv. þm. Borgf. (PO) nefndi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., mánudaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 48, n. 129, 153).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Eins og sjest á þskj. 129, þá hefir mál þetta legið fyrir sjútvn. Hefir hún athugað frv. allrækilega og orðið sammála um að mæla með, að það nái fram að ganga, þó með nokkrum breytingum.

Við 1. umr. hafa verið teknar fram helstu ástæðurnar fyrir því, að frv. er fram komið, og þarf jeg því ekki að rekja það nánar. En jeg vil með fám orðum minnast á einstaka liði þess og þær brtt., sem nefndin hefir við það gert.

Með 1. gr. frv., sem er breyting á 3. gr. laganna frá 1923, hefir nokkur rýmkun verið gerð frá því, sem nú er. En sú rýmkun fer í þá átt að leyfa mönnum að öðlast skírteini til að fara með 12—50 ha. vjel, ef þeir hafa áður stundað vjelgæslu í 12 mánuði eða lengur.

2. brtt. við frv. fer fram á, að menn, sem um ræðir í 4. gr. laganna, sem próf hafa frá vjelskólanum, skuli hafa farið með vjelar í 12 mánuði, í stað 6. Í frv. var þessi tími ákveðinn 24 mánuðir, en nefndin breytti því.

Þá hefir sjútvn. ekki getað fallist á, að orðin „eða til stuttra ferða“ falli burt í 6. gr. laganna. En hingað til hefir það verið mjög á reiki, hvað telja beri stuttar ferðir. Sumir telja þar undir t. d. ferðir til Sandgerðis, aðrir til Akraness o. s. frv. En nýlega mun þó dómur í hæstarjetti hafa fallið um það efni, hvað telja beri siglingar innfjarða, og var á það minst í nefndinni að breyta frv. í þá átt, en úr því varð þó ekki; en orðin „til stuttra ferða“ í lögunum kemur þó varla til mála að leggja rýmri skilning í en átt er við með siglingum innfjarða í áðurnefndum dómi.

Þá kemur breytingin á 7. gr. laga 1923, í 5. gr. frv. á þskj. 48. Þar er dálítið rýmkað ákvæði laganna um það, að þeir, sem áður hafa um lengri tíma gegnt stöðu sem vjelstjórar eða vjelgæslumenn á mótorskipum áður en lögin öðlast gildi, haldi áfram rjettindum sínum, og sje það ekki bundið við starf á „samskonar skipi“, enda hefir það orðalag verið skilið á ýmsan veg. Nú gerir nefndin ráð fyrir, að þessi tími sje 12 mánuðir, í stað 18 mánaða, sem frv. til tekur.

Þá er enn sú breyting við lögin frá 1923, að samkv. 3. gr. frv. er það felt niður, að þeir, sem hafa próf frá vjelstjóraskóla Íslands, geti öðlast rjett til að verða vjelstjórar á mótorskipum með 150 ha. vjel, fyrri en þeir hafa öðlast skírteini sem 1. vjelstjóri á gufuskipi, samkv. 7. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915. Undirbúningstímann þykir sjútvn. hæfilegt að ákveða 6 mánuði. Þessi brtt. er fram komin vegna þess, að menn, þó próf hafi frá vjelstjóraskóla Íslands, þykja að vonum lítt færir að fara með vjelar fyrri en þeir hafa fengið sæmilega leikni í því. Mælir nefndin með því, að þessi breyting nái fram að ganga.

Þá vil jeg taka það fram í sambandi við brtt. mínar frá í fyrra, að hjer er ekki gengið eins langt í þessu frv. Eftir því geta próflausir menn ekki farið með vjelar með 50—100 hestöflum. Þó er ætlast til þess, að próflausir menn geti unnið sig áfram til þess að geta farið með vjelar alt að 50 hestafla.

Hvað snertir brtt. hv. þm. Borgf. (P-O), þá er hún svo nýlega fram komin, að jeg hefi ekki haft tök á að bera mig saman við meðnefndarmenn mína, hvort þeir geti fallist á hana. Vil jeg því að svo stöddu ekkert um hana segja. Hv. flm. mun bráðum gera grein fyrir henni, og getur þá verið, að nefndin geti eftir atvikum fallist á hana.

Pjetur Ottesen: Breytingartillögur þær við lögin um vjelgæslu, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) flytur nú, eru að sumu leyti þær sömu og hann flutti hjer á síðasta þingi, en voru þá feldar. Þó er rjett að geta þess, að sú brtt., sem lengst gekk móti aðaltilgangi þessara laga, sem sje þeim, að tryggja góða meðferð vjela, hefir ekki komið nú. Jeg sýndi rækilega fram á skaðsemi hennar við umræður þá, og mjer þykir vænt um, að hv. þm. eru svo minnisstæð þau viðskifti okkar, að hann hefir ekki freistað að koma með þá brtt. nú. Afstaða mín gegn þessum breytingum er enn sú sama og í fyrra. Jeg get ekki fallist á þær fremur nú en þá. Hvað viðvíkur til dæmis að taka brtt. við 3. gr., þá virðist mjer það alls ekki næg trygging, að sá maður fari með 50 hestafla vjel, sem einungis hefir stundað vjelgæslu einhvern ákveðinn tíma, en hefir ekki gengið undir neitt próf og getur ekki lagt fram neitt skírteini um þekkingu sína í þessu efni. Það er svo ábyrgðarmikið verk, að mjer finst sjálfsagt,

að þeim, sem falið er að stjórna svo stórri vjel, sje gert að skyldu að hafa gengið undir próf, þegar þá er ekki lengra gengið en að heimta próf frá vjelgæslunámsskeiði Fiskifjelagsins. Það er auðvelt að afla sjer þeirrar þekkingar. Eins og alkunnugt er, er það eitt helsta hlutverk Fiskifjelagsins, sem það leggur nú mikla áherslu á, að halda uppi þessum námsskeiðum. Hjer er hvergi nærri gætt nægs öryggis og ekki nærri nógu tryggilega um búið, ef gefin er þessi undanþága. Jeg er ekki hjer með að gera lítið úr praktisku námi. Það er gott. En hitt er tryggara, að maðurinn hafi jafnframt skírteini, er sýni, að hann hafi til brunns að bera þá þekkingu, sem nauðsynleg er í þessu efni.

Þá er brtt. við 5. gr. Hjer er sem sje felt burtu, að ekki þurfi annað en að hafa fullnaðarpróf frá vjelstjóraskóla Íslands til þess að hafa fullan rjett til þess að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og auk þess, samkvæmt lögunum, að hafa verið aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 ha. vjel eða stærri a. m. k. 3 mánuði. Hjer er farið fram á lengri tíma, 12 mánuði. Jeg sje alls ekki ástæðu til að breyta lögunum í þessu atriði, úr því að jafnframt er krafist praktisks náms. Þessi breyting er því óþörf, því að þó einkum sje kend meðferð gufuvjela við vjelstjóraskólann, þá er hjer ekki um svo óskilt mál að ræða, að svo mikil þekking hljóti ekki að koma að góðu haldi við mótorvjelar, því fremur sem krafist er, að mennirnir vinni við þær nokkuð lengi.

Þá er brtt. við 7. gr. Eins og nú er, eru 2 málsgreinar í 7. gr., og hljóðar 2. málsgrein þannig — með leyfi hæstv. forseta —:

„Þeir yfirvjelstjórar og vjelstjórar á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi lengur en 1 ár áður en lög þessi öðlast gildi, eiga rjett til að halda stöðu sinni á samskonar skipi og þeir hafa áður á verið.“

Það er rjett, að það getur verið nokkuð mikið álitamál, hvernig þetta beri að skilja: „á samskonar skipi“, en nú hefir verið skorið úr því nýlega með úrskurði í stjórnarráðinu þannig, að þeir menn, sem hafa verið eitt ár við vjelgæslu á mótorskipi, haldi rjetti sínum til vjelgæslu á fiskiskipum, án tillits til skipsstærðar eða vjelar, en bundið við fiskiskip eingöngu. Hjer er fyllilega skorið úr því, við hvað hjer sje átt, og því engin þörf neinna breytinga á þessari grein.

Þá virðast mjer breytingarnar á 3. gr. frv. sumpart til skemda og að öðru leyti óþarfar. Eina tækilega breytingin er sú, sem felst í brtt. minni á þskj. 153, sem nú var útbýtt í deildinni, um viðbót við 6. gr. vjelgæslulaganna. En þar segir svo — með leyfi hæstv. forseta —:

„Á mótorskipum með vjel yfir 150 hestöfl skal vera vjelalið samkvæmt ákvæðunum í 1. málsgr. 12. gr. nefndra laga 3. nóv. 1915.“

Mjer skilst, þegar ræða er um skip, sem stunda eingöngu fiskiveiðar, þá sje þetta óþarflega hart ákvæði, að heimta 2 lærða vjelgæslumenn. Hjer hagar alt öðruvísi til en um skip, sem sigla milli landa. Hjer er það aðalverkefni 2. vjelamanns að gæta vjelarinnar meðan 1. vjelstjóri hvílist. Þar sem ekki er um langa útivist að ræða að jafnaði, virðist ekki háskalegt, þó að slakað væri á þessari kröfu hvað fiskiskipin snertir. Jeg get því gengið inn á það, til þess að ljetta á útgerðarmönnunum — því mennirnir eru því dýrari, sem meiri þekkingar er krafist, — að það sje látið nægja, að 2. vjela-

maður fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til þeirra, sem fara með 12—50 hestafla vjelar. Með öðrum orðum, uppfylli skilyrði 2. gr. frv.

Jeg legg til, að brtt. nefndarinnar verði feldar og mun greiða atkvæði á móti þeim. En jeg tel rjett, að tekin sje til greina þessi brtt. mín á þskj. 153.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Háttv. þm. Borgf. (PO) mintist á umræðurnar um þetta mál í fyrra hjer í þessari hv. deild, og þykist hann hafa sannfært mig, þar sem jeg hafi ekki flutt nú allar brtt. mínar frá í fyrra. Jeg er nú ekki sannfærður um, að hann hafi þá haft rjettara fyrir sjer, en jeg ber ekki þessa brtt. nú fram vegna þess, að hún mætti svo mikilli mótspyrnu í fyrra, að jeg áliti, að það þýddi ekki að koma með hana nú. Þó er þess að gæta, að í fyrra var búist við því, að mótorskólinn kæmist fljótlega á stofn, en nú er sú von farin að dofna, að af því verði fyrst um sinn. Og þar sem talað er um próf frá þeim skóla í lögunum frá í fyrra, en engar líkur til þess, að hann verði reistur á næstu árum, þá er óeðlilegt að binda atvinnurjettindi manna við annan aðalatvinnuveg landsins við próf frá slíkri stofnun.

Þá hjelt hv. þm. Borgf. því fram, að ekki væri næg trygging fyrir því, að maður væri starfinu vaxinn nema hann hefði próf. Jeg hefi ávalt álitið próf góð og nauðsynleg, en þó held jeg, að menn með prófskírteini frá námsskeiði Fiskifjelagsins sjeu ekki neitt betur vaxnir starfinu en þeir menn, sem stundað hafa þetta starf árum saman, og það sje jafnvel fulteins tryggilegt að láta þá hafa vjelgæsluna. Jeg veit ekki til þess, að það þurfi nein sjerstök skilyrði til þess að komast á námsskeið Fiskifjelagsins, svo það væri óeðlilegt, að menn með próf þaðan stæðu miklu framar mönnum með langa praktiska reynslu, þótt ekki hafi þeir tekið próf.

Þá mælti hv. þm. Borgf. á móti öllum brtt. mínum í einu lagi. Jeg nenni nú ekki að eltast við sjerstök atriði. Þó vil jeg drepa á 7. gr. vjelgæslulaganna og skilning stjórnarráðsins á henni. Það er eðlilegt, ef sá skilningur ætti að ríkja framvegis, að hjer sje átt við menn, sem stundað hafa vinnu á mótorskipum, að þá sje hjer breytt óljósu orðalagi í ljóst og ótvírætt. Eins og þetta atriði er nú í lögunum, orkar það tvímælis, eins og þessi hv. þm. játaði. Og úrskurður stjórnarinnar getur ekki staðið frekar en verkast vill; ekki víst nema hann fjelli, ef málinu væri skotið til dómstólanna. Þess vegna þótti nefndinni rjettara að breyta lögunum hjer, svo að orðalagið væri glögt og greinilegt.

Hvað viðvíkur brtt. við 5. gr., þá styðst hún við það, sem jeg tók áðan fram, að ýmsir menn, sem kunna til vjelgæslu á mótorskipum, hafa látið þá skoðun í ljós, að menn frá vjelstjóraskólanum væru ekki færir um að taka að sjer stjórn á mótorvjelum án sjerstaks undirbúnings. Hjer er um alt aðrar vjelar að ræða og öðruvísi gerðar en þeir hafa lært að fara með, og jeg efast um, að menn, sem eru nýsloppnir frá prófborðinu, sjeu nokkru færari til þessa starfs en þeir menn, sem hafa stundað það lengi, þótt próflausir sjeu. En eftir lögunum er slíkum mönnum meinað að vinna þetta verk, en mönnum með próf frá vjelstjóraskóla Íslands veitt rjettindi.

Um brtt. hv. þm. Borgf. er það að segja, að hún mundi vera óþörf, ef brtt.

nefndarinnar við 3. gr. nær að ganga fram (*PO*: Það er rjett), því eftir henni er mönnum leyft að stjórna vjelum, ef þeir hafa stundað vjelgæslu 12 mánuði eða lengur.

Pjetur Ottesen: Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) mintist á lögin um stofnun mótorskóla, en jeg sje ekki, að það snerti neitt brtt. hans. Þær fella ekki þau ákvæði úr lögunum, sem snerta skólann.

Viðvíkjandi því áliti hv. nefndar, að menn, sem hafa stundað vjelgæslu svo og svo langan tíma, sjeu vel hæfir til starfsins, þannig, að þessi langi starfstími sje eða geti verið fullnægjandi trygging fyrir því, að maðurinn sje starfinu vaxinn, þá vil jeg benda á það, að það er viðurkent, að eftir það, að vjelgæslunámsskeið Fiskifjelagsins hófust, hefir vjelgæslu farið stórum fram. Svo það er full sönnun fyrir því, að í þekkingu þeirri, sem menn hafa fengið á þessum námsskeiðum, er mikil trygging fólgin fyrir varðveislu þess mikla verðmætis og mörgu mannslífa, sem um er að ræða. Hjer er yfirleitt svo mikið í húfi, að gæta verður fylstu varúðar, og ljettúð og kæruleysi í þessum efnum er þegar búið að baka þjóðinni svo mikið tjón, að ætla mætti, að það væri næg ábending til þess að fara varlega og ganga ríkt eftir, að ekki skorti á um nauðsynlega þekkingu þeirra manna, sem falið er þetta ábyrgðarmikla starf, að gæta vjelanna, og það því fremur, sem því er svo varið yfirleitt með vjelbátana, að verði eitthvað áfátt við vjelina, er alt í voða.

Þá er úrskurður stjórnarinnar um það, hvernig skilja eigi orðin „samskonar skipi" í niðurlagi 7. gr. laganna. Hann tekur af allan vafa og jafngildir lögum, enda er það tekið fram í 9. gr., að ágreining út af lögunum eigi að bera undir úrskurð stjórnarinnar. Brtt. nefndarinnar í þessu atriði er því alveg ástæðulaus. Aftur er það rjett hjá hv. 2. þm. Reykv., að ef brtt. nefndarinnar við 3. gr. verður samþykt, þá er mín brtt. óþörf.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það er rjett hjá hv. þm. Borgf., að það er ekki farið fram á það í brtt. að fella niður úr lögunum neitt um mótorskólann í Reykjavík, en hinsvegar er það þýðingarlaust við samning slíkra laga sem þessara að binda atvinnurjett manna við prófskírteini frá þessum skóla. Að vísu bjuggust menn við því þá, að hann mundi taka til starfa innan skamms, og því var gengið svona langt. En nú horfir alt öðruvísi við um stofnun þessa skóla, en ákvæðin standa og hafa óbein áhrif í þá átt að bægja próflausum mönnum frá því að halda áfram starfi sínu.

Öðru þarf jeg ekki að svara í ræðu hv. þm. Borgf. Hvað snertir úrskurð stjórnarinnar og það, sem háttv. þm. var að vitna í 9. gr. laganna, þá sje jeg ekki annað en það standi óhrakið, sem jeg sagði áðan um það atriði, enda hljóðar 9. gr. þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins, en við það skerðist þó ekki rjettur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið."

Af þessu er auðsjeð, að úrskurður stjórnarráðsins er ekki síðasti úrskurður í málinu, og því er rjett og eðlilegt að breyta 7. gr. laganna svo, sem nefndin leggur til.

ATKVGR.

Brtt. 129,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13:4 atkv.
Brtt. 129,2 samþ. með 13:2 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 129,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 153 tekin aftur.
— 129,4 (4. gr. falli burt) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 129,5 samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt (verður 4. gr.), samþ. með 12 shlj. atkv.
6.—7. gr. (verða 5.—6. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:6 atkv.

Á 27. fundi í Nd., miðvikudaginn 19. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 159).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 159).
Á 25. fundi í Ed., föstudaginn 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 27. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 159, n. 215).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg hefi ekki margt um frv. þetta að segja, enda eru meðmælin þegar tekin fram í nál. sjútvn. beggja hv. þingdeilda. Hv. flm. þessa frv. vildi lengja mikið þann tíma, sem menn þyrftu að starfa við vjelgæslu á skipum til þess að öðlast sama rjett og þeir, sem tekið hafa próf frá mótorskóla eða mótornámskeiði Fiskifjelagsins. Þegar lög þessi voru sett, var ákveðið, að stofnaður skyldi mótorskóli, en hann er ekki kominn enn. Verður því að miða þekkingu vjelamanna við námskeið Fiskifjelagsins eða starfstíma þeirra við vjelgæslu.

Jeg lít svo á, að hin praktiska reynsla sje besti skólinn í þessu efni og að hún taki fram námskeiðum eða skólum á landi. Sjútvn. hv. Nd. dró úr ákvæðum hins upprunalega frv., þar sem hv. flm. vildi breyta 3. gr. laganna þannig, að maðurinn þyrfti að hafa stundað vjelgæslu samkvæmt 2. gr. að minsta kosti 18 mánuði. Þetta ákvæði færði nefndin niður í 12 mánuði.

Sjútvn. þessarar deildar er samþykk þessari breytingu, og vill því láta samþykkja frv. eins og það liggur fyrir nú, því að hún telur ekki hyggilegt að ganga lengra en hv. Nd. gerði, enda ekki sanngjarnt. Og jeg er viss um, að 12 mánaða tími er nægilega langur reynslutími fyrir þá, sem á annað borð geta þá nokkurntíma lært þetta. Nefndin leyfir sjer því að leggja til, að frv. á þskj. 159 verði samþykt eins og það liggur fyrir nú.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., laugardaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 159).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 251).

---

21. Verðtollur.

Á 26. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. mars, var útbýtt:
Frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum (þmfrv., A. 165).

Á 27. fundi í Nd., miðvikudaginn 19. mars var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jakob Möller): Háttv. þm. hafa nú athugað efni þessa frv. Það er í sjálfu sjer mjög einfalt, og sje jeg því ekki ástæðu til að halda langa framsöguræðu.

Tildrög þess, að frv. er fram komið, hafa verið skýrð í sambandi við annað mál, sem sje frv. um að veita stjórninni heimild til að innheimta tolla með gengisviðauka. Eins og frá var skýrt í sambandi við það mál, komst öll fjhn. fljótlega að þeirri niðurstöðu, að ekki myndi nást, þó það frv. gengi óbreytt fram, nógu mikill tekjuauki til að bæta úr þeim kröggum, sem óhætt er að segja, að ríkissjóður sje nú kominn í vegna stöðugs tekjuhalla ár eftir ár. En sá tekjuhalli stafar aðallega af gjöldum, sem greidd hafa verið utan fjárlaga, og þar sem ekki virtist auðvelt að kippa þeim í burtu og bæta þannig ástandið, virtist ekki vera nema um tvær leiðir að ræða.

Önnur var sú, að hækka gengisviðaukann, og kom það til tals í nefndinni að heimila stjórninni að heimta inn alla tolla með gullgengi, en við nánari athugun taldi nefndin slíkt ekki tiltækilegt, því með því móti hefðu sumir vörutollarnir orðið óbærilega þungir; jeg skal t. d. nefna kolatollinn, sem hefði orðið 6—7 kr. á tonnið, og virtist ótækt að leggja svo þungan toll á atvinnuvegina. Þá kom til álita, hvort meiri tolla mætti ekki setja á munaðarvörur, en það þótti ekki gerlegt að ganga lengra í því efni en gert er, því nú eru tollar þeirra vara í mörgum tilfellum hærri en verð vörunnar, t. d. er tollurinn á vindlum nú 8 kr. pr. kíló, en innheimtur með gullgildi yrði hann 16—17 kr. á kassa, en tóbakstollur 8—9 kr. kíló. Virtist því sú leið að auka þá tolla ekki álitleg til að auka tekjur ríkissjóðs.

Yfirleitt komst nefndin í heild sinni að þeirri niðurstöðu, að ótiltækilegt væri að tolla nauðsynjavörur meira en nú er gert, og var þá ekki önnur leið eftir en sú, sem hjer í frv. er gert ráð fyrir að farin verði, sú, að leggja verðtolla á 3., 6. og 7. flokk vörutollslaganna.

Það var athugað, hvort fært væri að ná þessum tollauka með því að hækka gildandi vörutoll þessara vara, en hann er þegar orðin svo hár, að það þótti ekki tiltækilegt. Hefði þá t. d. þurft að tífalda tollinn á vefnaðarvörum og sex—sjöfalda tollinn á 7. flokki. Ber þess að gæta, að

svo hár þungatollur hefði komið illa við, orðið ljettastur á þeim vörum, sem mest ástæða var til, að yrðu fyrir þessum lögum. Eins er eftirlit og innheimta þess tolls ekkert auðveldari en verðtolls þegar tollurinn er orðinn svo hár, en sá er þó eini kostur þungatolls, hversu auðveldur hann er í framkvæmdinni, en hann hefir verið svo lágur hingað til, að menn hafa ekki haft ríka tilhneigingu til að fara í kringum hann eða skjóta vörum undan honum. En með því að hækka vörutollinn eins og þyrfti til að fá tekjuaukann, og leggja t. d. 18 kr. á hver 10 kg. af vefnaðarvöru, yrði mjög hætt við því, að kaupendur hefðu reynt að villa fyrir eftirlitinu með umbúðum o. fl.

Yfirleitt er nefndin sammála um, að verðtollur sje sanngjarnari en vörutollur og ekkert erfiðari í framkvæmdinni. Auðvitað er það, að hann verður þó nokkuð erfiður í framkvæmdinni, og þess hærri sem tollur er, þess meiri verður eftirlitsþörfin. Gengur því nefndin að því vísu, að tollainnheimtan verði nokkuð kostnaðarmeiri með þessu fyrirkomulagi, en þegar verið er að ræða um það að afla tekna, má ekki horfa í það.

Það liggur í hlutarins eðli, að þegar um svo háan toll er að ræða sem þennan, má við því búast, að það hafi töluverð áhrif á eftirspurnina og dragi úr henni að mun. Það er því ekki auðið að gera sennilega áætlun um tekjur af þessum tolli, og það því síður, sem fyrir nefndinni lágu engar innflutningsskýrslur yngri en frá 1921. Má gera ráð fyrir, að innflutningur hafi breyst eitthvað síðan, en sennilega hefir verðmæti hans ekki minkað til stórra muna. En verðið á vörutegundum þeim, sem taldar eru í 3., 6. og 7. flokki vörutollslaganna, var 1921 um 15 milj. kr., og er þá flutningsgjald talið með. Þegar flutningsgjaldið er dregið frá og verðmæti þeirra vörutegunda, sem í frv. eru undanþegnar tollinum, ætti kaupverð þess varnings, sem verðtollurinn á að ná yfir, að hafa verið ekki minna en 10 milj. kr. Frá þessari upphæð verður að draga það, sem innflutningur mundi minka við þá verðhækkun, sem hlýst af þessum verðtolli, og af því, ef bannaður yrði innflutningur einhverra vörutegunda.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að tollaðar verði flestar þær vörur, sem farið er fram á í frv. á þskj. 88, að bannaður verði innflutningur á. En það er óvíst, og enda ósennilegt, að það frv. verði samþykt eins og það liggur fyrir. Ef það frv. yrði samþykt, yrðu tolltekjur þessar að sjálfsögðu litlar, en að öðru leyti skiftir það ekki máli í þessu sambandi.

Í greinargerð við frv. á þskj. 88 er þess getið, að innkaupsverð þeirra vörutegunda, sem þar um ræðir, hafi árið 1921 verið um 8¼ milj., og verður þá mismunurinn á þessu og því vörumagni, sem hjer er gert ráð fyrir að tolla, um 6 milj. kr., og verði einhverjar tegundir feldar úr því frv., kemur þeim mun meira undir þennan toll.

Nefndin hefir í 1. gr. frv. tekið undan tollinum ýmsar vörur, sem ætla má, að menn noti ekki meir en brýn nauðsyn krefur. Annars var það tilætlun nefndarinnar, að tollurinn næði einkum til þess varnings, sem sennilegt er, að notaður sje meir en brýn þörf er á og komið getur til mála að tala um óhófsnotkun á, jafnvel þó um nauðsynjavörur væri að ræða. Því að nauðsynjavörur má auðvitað nota í óhófi eins og hvað annað. En það er óhófsnotkunin, sem mest ástæða er til að leggja skatt á.

Það getur auðvitað verið álitamál, hverjar vörutegundir skuli undanskilja

tollinum. Margar tegundir eru teknar undan aðallega vegna samræmisins, fremur en af því, að það skifti máli. Þetta geta hv. þm. íhugað og komið með brtt. um það við 2. umr., ef þeim sýnist svo.

Nefndin hefir einnig íhugað, hvort þessi tollur ætti líka að ná til sumra vörutegunda í öðrum vörutollsflokkum, og á þetta einkum við um smíðaða muni úr trje, sem koma undir 4. flokk, en í frv. á þskj. 88 er gert ráð fyrir, að bannaður verði innflutningur á ýmsum þeim vörum. Sama er um bifreiðar, sem eru í 2. fl., einkum mannflutningabifreiðar. Verði þær ekki bannaðar, tel jeg sjálfsagt að tolla þær eftir þessu frv. Jeg geri jafnvel ráð fyrir, að einhverjir muni flytja brtt. um að koma enn fleiri tegundum undir þennan toll.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða um málið að sinni, en vænti þess, að það fái tiltölulega greiðan gang gegnum hv. deild. Jeg veit, að fjhn. að minsta kosti sjer enga aðra leið til að bæta úr tekjuþörf ríkissjóðs og þeim tilfinnanlegu kröggum, sem hann er kominn í, en einhverja slíka tollhækkun. Það er ekki sjáanlegt, hvernig framhaldið muni verða, ef ekkert er gert til að bæta úr þeim. Það er mála sannast, að frá því er nefndin byrjaði að íhuga þessi mál hefir hún komist æ betur að raun um, að óhjákvæmilegt er að auka tekjurnar, til þess að forðast hreinasta vandræðaástand á næstunni. Það gæti auðvitað komið til orða, og sennilega mun koma hljóð úr horni í þá átt, að þyki þessi leið ekki fær, verði ekki hjá því komist að auka skatta á eignum manna eða gera hreint og beint eignarnám til þess að inna af hendi óhjákvæmilegar greiðslur ríkissjóðs. Það verður ekki komist hjá því að greiða það, sem greiða ber, en spurningin er **aðeins**, hvernig skuli afla fjárins.

Sveinn Ólafsson: Það má vera, að litið verði á frv. á þskj. 165, sem fjhn. standi óskift að því, og einnig er viðbúið, að sumir telji það flutt í þeim tilgangi að ná líku marki, sem stefnt er til með frv. um innflutningsbann á þskj. 88. En hvorugt er fyllilega rjett. Nefndin hefir ekki getað orðið allskostar samdóma um meðferðina á þessu tvíþætta máli, en minni hlutinn hefir þó ekki viljað bregða fæti fyrir framkomu þessa frv., sem er í raun og veru önnur leið að svipuðu marki sem því, er stefnt er að í hinu frv. Þetta er til þess gert, að frv. geti orðið hinu samferða, sem gengið hefir gegnum 1. umr. og liggur nú hjá fjhn. Minni hlutinn lítur svo á, að þessar 2 leiðir þurfi að liggja fyrir til athugunar samtímis og að meðferð hvors frv. um sig verði að nokkru leyti að miða við meðferðina á hinu.

Þetta frv. stefnir fyrst og fremst að því, eins og hv. frsm. (JakM) tók rjettilega fram, að afla þeirra tekna, sem ríkissjóði er óhjákvæmilegt að fá. Hitt frv. stefnir ekki nema óbeint að þessu marki, í þeirri mynd, sem það er í nú, og því virðist nauðsynlegt, að hvortveggja frv. fylgist að. Frv. á þskj. 88 stefnir fyrst og fremst að því að koma á almennum sparnaði í notkun þeirra útlendra vörutegunda, sem eru annaðhvort miður nauðsynlegar eða þá ónauðsynlegar með öllu, og þannig að skapa hagstæðari viðskiftajöfnuð og lyfta gengi ísl. gjaldmiðils. Það má að vísu segja, að þetta frv. miði að nokkru leyti að því hinu sama, að því leyti sem hár verðtollur mundi verða til þess, að menn hættu að flytja þessar

vörur inn eða takmarka innflutninginn mjög. En ef sú yrði niðurstaðan af því, að þetta frv. væri lögleitt, yrði vitaskuld ekki heldur neinn tekjuauki af því.

Hinsvegar er sá hanki á þeirri leið til sparnaðar, að leggja á háan verðtoll, sem aftra mundi innflutningi, að þá er erfiðara að hafa eftirlit með því, að tollsvikinn varningur flytjist ekki inn í landið. Þegar algert bann er á innflutningi, er auðveldara að líta eftir framkvæmdum og sjá við því, að vörur sjeu fluttar inn á laun, heldur en þegar vörurnar eru að vísu leyfðar, en afarhár verðtollur á þeim. Í skjóli þess varnings, sem þá væri fluttur inn að lögum, mætti tollsvíkja svo og svo mikið af sömu vöru, án þess að hendur verði hafðar í hári þeirra, sem það gera. Þetta hafði minni hlutinn sjerstaklega að athuga við frv., en eins og jeg tók fram áður, vildi hann líka stuðla að því, að þetta frv. kæmist til 1. umr. og undir álit hv. deildar, en síðan ætlast hann til þess og óskar þess, að þetta frv. verði hinu samferða.

Jeg tók ekki eftir, að hv. frsm. tæki fram, hvað nefndin hefir áætlað, að þetta frv. muni geta gefið í ríkissjóð. Sú áætlun er auðvitað mjög á reiki og erfitt að giska á þá upphæð, sjerstaklega þar sem þess má vænta, að innflutningur takmarkist afskaplega við háan verðtoll. Nefndinni taldist svo til, að verðtollurinn mundi nema röskum 2 milj. kr., ef miðað væri við innflutninginn 1921. En auðvitað má ekki gera ráð fyrir óbreyttum innflutningi. Það liggur næst frá sjónarmiði minni hlutans að banna innflutning á mörgum þeim vörutegundum, sem verðtollur er lagður á eftir frv., en setja verðtoll á það, sem eftir verður. Eftir lauslegri áætlun ætti hann að geta numið 1 milj. kr., ef miðað væri við innflutningsbann eftir frv. á þskj. 88.

Eins og jeg hefi tekið fram, mun minni hl. fylgja þessu frv. við 1. umr., en hugsar sjer að fylgja fremur haftafrv. við síðari umræður, eins og aðalþætti þeirra ráðstafana, sem gera þarf til gengisrjettingar og almenns sparnaðar.

Frsm. (Jakob Möller): Það var ekki mikið um það rætt í nefndinni, og skildist mjer vera samkomulag um það, að ekki væri mjög brýn þörf á því, að þessi 2 frv. yrðu samferða. Það liggur í hlutarins eðli, að verði frv. á þskj. 88 samþykt í svipaðri mynd, sem það er í nú, þá takmarkar það vitanlega þetta frv.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) tók það rjettilega fram, sem mjer láðist að leggja sjerstaka áherslu á, að jafnhár verðtollur hefir vitanlega svipuð áhrif sem innflutningsbann, og mætti þá ætla, að ýmsir gætu fallist á, sem annars vilja fara bannleiðina, að hverfa að þessu til þess að ná sama árangri. Jeg heyrði, að hv. 1. þm. S.-M. efaðist ekki um, að með þessu móti mundi nást mikil takmörkun á innflutningi. En jeg er ekki samdóma honum í því, að heppilegt sje að banna alveg sumar vörutegundir. Það eru sömu líkur til þess, að svíkja megi vörur undan banni sem undan tolli, og þó öllu meiri. Hv. þm. kvað mega tollsvíkja vörur í skjóli þeirra, sem löglega væru fluttar inn, en verði þær algerlega bannaðar, komast þær algerlega undan tolli, en þó má flytja þær inn í skjóli þess varnings, sem leyfður er.

Jeg sje ekki ástæðu til að blanda því inn í þessar umræður, því að nóg tækifæri munu vera til þess í sambandi við haftafrv., en jeg geri mjer ekki miklar

vonir um, að það frv. hafi þau áhrif, sem hv. 1. þm. S.-M. bjóst við, sem sje almennan sparnað. Í fyrsta lagi er með því frv. ekki stefnt til almenns sparnaðar, svo sem tekið var fram við 1. umr. þess máls. Það er stofnað til þess að taka ákveðnar vörur frá mönnum, svo að þeir geti ekki eytt fje sínu í þær, en það kemur ekki í veg fyrir, að þeir eyði því í annan óþarfa. En það er augljóst, að mikil tollhækkun tryggir það, að minna verði keypt, svo framarlega sem kaupgeta manna er takmörkum háð. Með þessu frv. er það trygt, að alt landið sparar, en með hinu er ekki trygt að neinn spari, hvorki landið nje einstakir menn. Þetta frv. stefnir því meir til sparnaðar en frv. um innflutningsbann.

Jeg skal að svo stöddu ekki stofna til frekari umræðna, þar sem minni hlutinn vill greiða götu frv. til 2. umr., og má geyma frekari athugasemdir þangað til.

Jón Baldvinsson: Þegar þetta frv. kom fram, bjóst jeg við, að fjhn. væri á eitt sátt um að láta frv. um innflutningshöft bíða, en taka þetta í stað þess. En eftir ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sje jeg, að svo er ekki, heldur ætlast hann til, að þessi mál fari fram samtímis. En þá þykir mjer ekki laust við handahófsafgreiðslu á slíkum málum, ef verðtollsfrv. gengi fram og menn ímynduðu sjer, að þeir væru að samþykkja miljóna tekjuauka handa ríkissjóði, en svo kæmi frv. um innflutningsbann og kipti burt meginhlutanum af þeim vörutegundum, sem þetta frv. leggur toll á. Þá yrði harla lítið úr gagnsemi þessa frv. Mjer þykir hv. fjhn. hafa gert skakt í því, að koma með þetta í miðjum klíðum; hún hefði átt að afgreiða annaðhvort málið og sjá svo hvað unt væri að gera. Það lítur ekki út fyrir, að nefndin sje á einu máli um þetta, þó að svo virðist eftir þskj. 165, en ágreiningurinn kemur fyrst í ljós nú undir umræðunum.

Það er í raun og veru fjarskalega erfitt að segja um, að hvaða gagni þetta megi koma. Það er vitanlegt, að ríkissjóður hefir mikla þörf á tekjum, en þar sem hv. frsm. (JakM) kvað óhjákvæmilegt að auka þær að mun til þess að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur, þá veit jeg ekki hvað hann á við, nema hann hugsi sjer, að greitt verði á næsta ári meira af skuldum ríkissjóðs en áður hefir ætlað verið. Hæstv. stjórn bar fram frv. um verulega tollhækkun, sem þessi hv. deild hefir nú afgreitt, og hygg jeg, að það ætti að nægja á næsta ári, sjerstaklega þegar allar verklegar framkvæmdir í landinu eru feldar niður um leið. En sje um hitt að ræða, að inna af hendi stórar greiðslur á skuldum ríkisins, tel jeg rjettara að fara þá leið, sem hv. frsm. drap á, að leggja skatt í eitt skifti fyrir öll á eignir í landinu. Það hefir verið gert sumstaðar annarsstaðar, og þessi stefna er uppi í mörgum löndum, og virðist mjög eðlilegt, að þetta sje gert til að ljetta á ríkisskuldunum.

Jeg skal annars ekki gefa tilefni til frekari umræðna. Málið virðist ekki fullljóst af hendi hv. fjhn., en skýrist vonandi betur, þegar það kemur til 2. umr.

Frsm. (Jakob Möller): Háttv. samþm. minn (JBald) kvaðst ekki vita, hverjar greiðslur væru óhjákvæmilegar, nema afborganir af skuldum. En jeg get þó frætt hann á því, að bráðabirgðalán hafa verið tekin, sem skjótlega þarf að greiða. Undanfarið hefir mikið fje farið til afborgana og vaxtagreiðslu, og svo mun ennþá verða óhjákvæmilegt á þessu ári. Og þar

sem tekjuhalli hefir safnast saman á undanförnum árum, sem ekki hefir verið ráðstafað með lánum eða öðru móti, þá er vitanlegt, að skipulagi þarf að koma á það sem allra fyrst. Kannske er hægt að gera það með nýju láni. Og það er líka fyrirsjáanlegt, að grípa verður alvarlega í taumana, ef ekki á líka að verða tekjuhalli á þessu ári.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv.

Á 29. fundi í Nd., föstudaginn 21. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., föstudaginn 28. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 165, 228).

Frsm. (Jakob Möller): Jeg hefi fyrir hönd nefndarinnar engu verulegu við það að bæta, sem jeg sagði við 1. umr.

Frv. er ósköp stutt og efnið svo skýrt, að engin ástæða er til að fara verulega út í einstakar greinar.

Jeg vil aðeins taka það fram, að nefndin taldi heppilegast að hafa frv. sem allra styst, og er því í 2. gr., að því leyti sem til framkvæmda kemur, vísað til vörutollslaganna.

Ákvæði þeirra laga verða að vísu ekki algerlega heimfærð til þessara laga, en að breyttu breytanda eru þar öll sömu ákvæðin, svo tilvísunin virtist nægja.

Frv. hefir þannig verið borið undir lögreglustjóra, og hafði hann ekkert við það að athuga. Auk þess er svo ákveðið, að stjórnin geti í reglugerð sett önnur ákvæði, sem nauðsynleg eru til framkvæmdar laganna.

Nefndinni þótti ekki rjett að ákveða tímann, sem lögin gildi, nema til ársloka 1925. Þetta er aðeins bráðabirgðaráðstöfun, sem horfið verður frá undireins og fjárhagsástandið leyfir. Auk þess er hugsanlegt, að framkvæmdin reynist svo erfið, að það þætti ekki fært að halda lögunum lengur þess vegna.

Nefndin vildi, að undanskildar væru þessum tolli þær vörur yfirleitt, sem alveg eru nauðsynlegar til notkunar og engin ástæða er til að ætla, að verði notaðar umfram þörf, og eru því þessar undantekningar teknar upp í 1. gr. Auðvitað getur það verið álitamál, hvort ekki sjeu sumar þær vörur teknar að óþörfu, en öðrum slept. Kemur það til athugunar við þessa umræðu, og býst jeg við, að hver hv. þm. geri það upp með sjer, og komi þá með brtt., ef hann lystir.

Við nánari athugun og að gefnu tilefni þótti nefndinni rjett að fallast á brtt. á þskj. 228, II. lið, um að heimila stjórninni að undanskilja þessum tolli þær efnivörur, sem innlendum fyrirtækjum er nauðsynlegt að vinna úr. Var ógerlegt að telja þær upp. Bæði hafði nefndin ekki fullkomnar upplýsingar um þær allar, enda er það breytilegt, eftir því hvaða fyrirtæki eru starfrækt í svipinn. Geta komið upp ný fyrirtæki, sem þurfa á öðrum efnivörum að halda en þau, sem nú eru rekin, og er sjálfsagt, að hið sama gildi um þau og hin, sem fyrir eru.

Hinsvegar má segja það, að undantekning slíkra vara hefir litla þýðingu hvað fjárhaginn snertir, því tollurinn á þeim, er ekki svo hár, að neinu nemi.

Á sama þskj. er önnur brtt. frá mjer og hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), og stafar hún

af því, að frv. eins og það er nú nær til ákveðinna flokka vörutollslaganna, og þessar vörur, sem taldar eru í brtt., eru í öðrum flokkum. Hefðu þær því fallið undan þessum lögum að öðrum kosti.

Varð ekki samkomulag í nefndinni um þetta, meðfram af því, að sumir töldu rjettara að banna innflutning á þessum vörum. Er ósjeð, hvað úr slíku verður og hvort nokkurt bann kemst á. Ef svo skyldi fara, töldum vjer flm. rjettara að taka þetta fram í frv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta frv. er borið fram af hv. fjhn. sem tekjuaukafrv., og tel jeg mjer því skylt að gera ofurlitla grein fyrir, hver þörf sje á tekjuauka. Vænti jeg þess, að hæstv. forseti (BSv) hafi ekkert á móti því, að jeg, af þessari sjerstöku ástæðu, fari nú við þessa 2. umr. ofurlítið lengra en venja er eftir þingsköpum.

Síðan jeg tók við fjármálaráðuneytinu, hefi jeg, eftir því sem tími hefir unnist til frá þingstörfum, reynt að komast að sem glegstri niðurstöðu um það, hvernig fjárhagnum sje nú varið.

Fyrst og fremst hefi jeg reynt að kynna mjer, hverjar skuldirnar muni vera í raun og veru, því þær bera reyndar bestan vott um það, hvernig fjárhagurinn er.

Skal jeg þá leyfa mjer að gefa hjer dálítið yfirlit yfir skuldir ríkissjóðs nú, um það leyti, sem verið er að ljúka við inn- og útborganir, sem koma eiga í landsreikninginn fyrir árið 1923.

Þá eru fyrst eftirstöðvar danskra lána, sem flest eru kunn hv. þm. af landsreikningunum. Nema þau samtals 7560000 dönskum kr. Hjer við bætist bráðabirgðalán í Landsbankanum hjer, 800 þús. danskar kr. Önnur lán í erlendum gjaldeyri eru eftirstöðvar enska lánsins svonefnda frá 1921, ríkissjóðshlutans, 129 þús. pund sterling, og ennfremur í sama gjaldeyri lán hjá Landsbankanum tæp 13 þús. pund sterling. Þessar tvær upphæðir nema, eftir núverandi verðgildi peninga, í ísl. kr. 4730000, en lánin í danskri mynt eru samtals um 10285000 ísl. kr., samkv. því gengi, sem nú er.

Þá koma eftirstöðvar innlendra lána, sem einnig eru kunn frá landsreikningunum og nema samtals um 850 þús. kr. En þar að auki eru ýms bráðabirgðalán innlend, sem ekki hafa ennþá verið talin með skuldum í landsreikningi eða skýrslu um eignir og skuldir ríkissjóðs, og tel jeg því rjett að gera nokkra grein fyrir þeim nú. Þar er fyrst hlaupareikningslán í Íslandsbanka, 240 þús. kr. Er það fallið í gjalddaga, og hefir bankinn skriflegt loforð um greiðslu þess fyrir 1. næsta mánaðar. Þá eru 7 smálán í Landsbankanum, sem nema samtals um 850 þús. kr. Þar á meðal er lán vegna silfurbergsnámunnar 70 þús. kr., sem hefir reyndar verið talið í landsreikningi áður. Auk þess eru í þessari upphæð falin þessi lán: Sjerstakt lán vegna stækkunar á rafmagnsstöð Seyðisfjarðar 60 þúsund kr., hlaupareikningslán ríkisfjehirðis, sem honum er ætlað að grípa til, til þess að geta staðist daglegar útborganir, 327 þús. kr. Þá kemur konungskomunefndin með 32 þús. kr., Flóaáveitan með 61 þús. kr., innskotsfje ríkissjóðs fyrir árið 1923, sem enn er ógreitt, að upphæð 100 þús. kr. og víxillán 200 þús. kr. Frá gengur ágóðahluti ríkissjóðs af starfrækslu bankans árið 1922, að upphæð 28 þús. kr.

Þá skuldar ríkissjóður landhelgissjóði nú um 840 þús. kr., og við þá upphæð á að bæta, samkvæmt undangenginni venju, sektum fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi 1923, en þær hafa venjulega ekki verið

greiddar sjóðnum fyr en eftir að reikningur ríkissjóðs fyrir komandi ár hefir verið gerður upp.

Þá er bráðabirgðalán, sem ríkissjóður hefir tekið hjá kirkjujarðasjóði, 120 þús. kr., og loks annað hjá viðlagasjóði, 160 þús. kr.

Sjeu allar þessar skuldir ríkissjóðs, sem mjer nú er kunnugt um, reiknaðar til íslensks gjaldeyris, þá verða þær, eftir núverandi gengi, 22075000 ísl. kr. eftir því sem jeg hef komist næst, og þar af hreinar lausaskuldir, að því er jeg best veit, 3700000 kr., og þar af þó nokkur hluti, eða a. m. k. 1½ milj., í erlendum gjaldeyri.

Nú kunna að vera nokkrar smáupphæðir, sem rjett væri að telja enn til skulda ríkissjóðs, svo sem ógreiddir vextir af einhverjum hluta lausaskuldanna — og ennfremur ógreidd einhver lögmælt tillög úr ríkissjóði, svo sem til hafnargerðar í Vestmannaeyjum, sem jeg veit ekki enn með vissu, hve mikið verður, en fer sennilega ekki fram úr 50 þús. kr. Vera má og, að einhverjar skuldir sjeu enn vegna vegavinnu og annars, sem ríkissjóður ljet framkvæma síðastliðið sumar og fjekk greiðslufrest á. En alt eru þetta fremur smáar upphæðir, sem jeg hefi ekki ennþá getað fengið nákvæmt yfirlit yfir.

Það er í sjálfu sjer ekkert undarlegt, þó að lausaskuldir ríkissjóðs nemi svo mikilli upphæð, sem raun ber vitni um. Hv. þm. er það kunnugt, af upplýsingum, sem þeim hafa áður verið gefnar, að tekjuhalli ríkissjóðs árið 1922 varð 2,6 milj. — og einnig hefir verið skýrt frá því, að eftir því, sem næst verði komist, muni tekjuhalli á árinu 1923 reynast um 2 milj. króna, en hvorugt þessara ára hafa nokkur ný föst lán verið tekin. Þessi tekjuhalli, sem mun vera hátt á 5. miljón króna, hefir því verið greiddur þannig: Í fyrsta lagi hefir gengið til þurðar sá sjóður, sem til var í árslok 1921. Þá hefir landsverslunin afborgað talsvert af lánum sínum hjá ríkissjóði, en mestur hluti tekjuhallans hefir safnast fyrir í lausaskuldum. Hefir þessi samsöfnun skulda óhjákvæmilega í för með sjer umframeyðslu á yfirstandandi fjárhagsári, umfram það, sem fjárlög fyrir árið 1924 gera ráð fyrir. Kemur það fyrst og fremst til greina að því er 7. gr. fjárlaganna snertir, greiðslur af lánum ríkissjóðs. Jeg hefi reiknað út, hversu miklu muni nema greiðslur samkv. þeirri grein á yfirstandandi ári, og með því að eingöngu verði borgaðir vextir af lausaskuldunum, en engar afborganir, komst jeg að þeirri niðurstöðu, að sú upphæð yrði um 2400000 ísl. krónur, eftir því gengi, sem nú er. En í fjárlögunum eru þessar greiðslur áætlaðar 2040000 kr., eða hjer verður með öðrum orðum 360 þús. króna óhjákvæmileg umframeyðsla. Því miður er vitanlegt, að einnig á öðrum liðum verður ekki komist hjá umframeyðslum. Í því sambandi hefir áður verið minst á greiðslur vegna berklavarnalaganna. Þær eru í fjárlögunum áætlaðar 75 þús. kr., en hætta þykir á, að þær muni nema 300—400 þús. kr. Og þó að þinginu takist að draga eitthvað úr þessum greiðslum, þá er enginn vafi á, að liðurinn fer langt fram úr áætlun. Þar að auki sýnir reynslan árið 1923, að á þessu ári muni einnig verða ýmsar aðrar umframeyðslur, vegna þess að áætlunarliðir fjárlaganna eru ekki nógu háir.

Fjárlögin fyrir árið 1924 eru sem sje mjög lík fjárlögum ársins 1923, og er ekki sjáanlegt, að komist verði hjá þeim um-

framgreiðslum á þessu ári, sem óhjákvæmilegar voru á síðasta ári. A. m. k. er mjög óvarlegt að gera ráð fyrir því. En stjórnin mun að sjálfsögðu gera alt, sem í hennar valdi stendur, til þess að greiðslur ríkissjóðs verði sem allra minstar fram yfir áætlanir fjárlaga þessa árs, ef hún á að fara með völd til ársloka. Þó má nefna fleiri allstórar upphæðir, sem jafnvel væri æskilegt, ef ekki óhjákvæmilegt, að geta greitt umfram áætlun fjárlaganna. Skal jeg í þessu sambandi nefna strandgæslukostnaðinn. Hann fór fram úr áætlun árið 1923, og er þó allra manna mál, að ýmsir landshlutar, og þá einkum Vestfirðir, hafi mjög farið varhluta af aukinni strandgæslu. Hafa heyrst allsterkar raddir um aukna strandgæslu, ef nokkur kostur er á, en jeg sje þess enga leið með þeim tekjum, sem ríkissjóður hefir nú.

Nú hefir fráfarandi stjórn gert ráðstafanir til þess, að feldar verði niður ýmsar áætlaðar framkvæmdir á þessu ári. Stærstu upphæðirnar, sem sparast ríkissjóði á þann hátt, eru 100 þús. kr., sem ætlaðar voru til vegabóta, 200 þús. kr. til símalagninga og svo nokkrir smáliðir. Í heild mun þessi sparnaður ekki fara fram úr 400 þús. kr., og sjá menn þá af því, sem áður var sagt, að hann jetst nálega upp af óhjákvæmilegum umframgreiðslum samkv. 7. gr. fjárlaganna einni. Þegar nú svo stendur á, að menn vita, að tekjuhalli ársins 1923 muni verða um 2 milj. kr., en fjárlög yfirstandandi árs og þess árs eru mjög lík, þá verður að telja ómögulegt að fleyta ríkissjóði tekjuhallalaust yfir þetta ár, nema gripið verði til frekari ráðstafana til að afla honum tekna en gert hefir verið með 25% tollhækkuninni, sem þingið hefir afgreitt og orðin er að lögum. Og þegar hjer við bætist að jeg sje ekki, að komist verði hjá því að *afborga* eitthvað af lausaskuldum ríkissjóðs þegar á þessu ári, þá verður þörfin á tekjuauka enn brýnni. Skuldheimtumenn ríkissjóðs hafa sem sje rjett til að ganga eftir fullri greiðslu á flestum eða öllum lausaskuldum hans hvenær sem þeim sýnist, og jeg geri ráð fyrir, að þeir gangi eftir því a. m. k., að sýndur verði litur á greiðslu — en til þess þarf ríkissjóður aukið fjármagn.

Þá er eitt mál, sem sjerstaklega þarf að minnast á í þessu sambandi. Eins og kunnugt er, hafa Vestmannaeyingar ráðist í hafnargerð, sem hefir orðið þeim ærið dýr. Fyrst voru gerð nokkur hafnarvirki, en brátt kom í ljós, að þau stóðust ekki sjávaröflin, heldur hrundu og stórskemdust. Var síðan ráðist í að endurbæta þau, og var framkvæmd þess verks lokið til bráðabirgða á síðastl. sumri. Fje til þessara framkvæmda var fengið á þann hátt, að ríkissjóður lagði til ¼, en hitt áttu Vestmannaeyingar að borga, og var það gert á þann hátt, að verktakinn gaf út fyrir því víxla, sem bæjarsjóður Vestmannaeyja samþykti, en landsstjórnin, að fenginni heimild, ábyrgðist f. h. ríkissjóðs, með því að gerast ábekingur víxlanna. Þegar þessir víxlar hafa fallið í gjalddaga, hafa þeir verið endurnýjaðir án þess að borgaðir væru nokkrir forvextir nje stimpilgjöld. Víxlarnir eru í dönskum krónum og var upphæð þeirra um síðustu áramót um 834 þúsund kr., en greiðslustaður í Kaupmannahöfn. Nú gerðust skuldeigendur óþolinmóðir og kröfðust skila, og varð því að ráði, þegar hæstv. fyrv. forsrh. (SE) var erlendis í síðastl. desembermánuði, að hann semdi um greiðslu á skuld þessari. Þeir samningar tókust á þá leið, að halda skyldi

áfram að gefa út víxlana til 6 mánaða í einu með 6% forvöxtum, en greitt skyldi í hvert sinn 10% af upprunalegu skuldinni, en það er sama sem, að lán þetta skuli afborgast á 5 árum með jöfnum afborgunum. Nú liggur fyrir sundurliðað, hvað greiða beri af láni þessu þegar á yfirstandandi ári, og á fyrsta greiðslan, að upphæð 25600 d. kr., að fara fram 1. apríl næstk., en samtals nema greiðslurnar um 215 þús. d. kr. á árinu. Að vísu er kröfum þessum beint til bæjarstjórnar Vestmannaeyja, og síðan jeg tók við þessu embætti, hefi jeg símleiðis sent henni áskoranir í þá átt, að hún geri sitt ýtrasta til að gera skil, og þá til að byrja með nú eftir 4 daga. En ekki má dyljast þess, að bæjarsjóður Vestmannaeyja fær með engu móti risið undir því að greiða á þessu ári 215 þús. d. kr., og þar sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir láninu, get jeg ekki búist við öðru en að hann verði að taka á sig greiðslur á því, að einhverju leyti a. m. k., þegar á þessu ári. Að sjálfsögðu verður að gera alt, sem unt er, til þess að lán þetta verði ekki óviðráðanlegt Vestmannaeyjakaupstað, t. d. með því að reyna að fá vægari afborganakjör. En jeg þykist vita, að besta leiðin til þess sje einmitt sú, að staðið verði í skilum með fyrstu greiðslurnar. Þess vegna verður að taka þetta mál til greina, þegar hv. þm. gera upp við sig, hvaða ráðstafanir verði að gera til þess að afla ríkissjóði aukinna tekna.

Þá hefi jeg gefið yfirlit yfir skuldir og ábyrgðir ríkissjóðs, sem taka verður tillit til þegar á þessu ári.

Nú kann að vakna sú spurning, hvort ríkissjóður hafi ekki talsvert handbært fje fyrirliggjandi. Því er til að svara, að „kassinn“ er sem næst tómur. Síðan jeg tók við fjármálaráðuneytinu hefir venjulega verið fyrir hendi fje, sem svarar að nægja mundi til tveggja daga útborgana. Eins og hv. þm. vita, nema útgjöld ríkissjóðs um 9 milj. kr. árlega, og verða daglegar greiðslur því 30 þús. kr. að meðaltali.

Vonin um að geta staðið í skilum með lögmæltar greiðslur nú um mánaðamótin byggjast á því, að von er á fje í ríkissjóðinn nú síðustu daga mánaðarins, sem þó er ekki víst að dugi til brýnustu útgjalda, sem stafa af mánaðamótunum.

Jeg hefi viljað skýra hv. deild frá því, hvernig fjárhagsástand ríkissjóðs er, því vitneskja um það er nauðsynleg til þess, að hv. þm. geti afráðið að taka til þeirra úrræða, sem nauðsynleg eru til þess að kippa fjárhagnum í lag. Um þetta frv. er það að segja, að það er ekki unt að segja með nokkurri vissu, hve miklar tekjur það muni gefa ríkissjóði. Þar kemur svo margt til greina. Og til þess að hægt væri að segja um slíkt með nokkurri vissu, þyrftu að vera fyrir hendi skýrslur um innflutning á þeim vörutegundum, sem á að tolla, frá líkum tímum og nú eru. En nýjustu skýrslur, sem til eru um slíkan innflutning, eru frá árinu 1921, en þá var ástandið alt öðruvísi en það er nú. Kaupgeta manna var miklu meiri þá en nú er, og því má þegar af þeim ástæðum búast við minni innflutningi á þessum vörutegundum en hann var árið 1921. Ennfremur er ekki gott að segja um, hve mikið verðhækkun sú, er af tollinum leiðir, muni draga úr innflutningi á þeim vörutegundum, sem tollurinn nær til, en það er ábyggilegt, að það muni draga nokkuð úr innflutningnum. Það er heldur ekki gott að segja, hve margar af þessum vörutegundum verður bannað að

flytja inn. Nú er í gildi reglugerð, sem bannar innflutning á meira en helmingi af þeim vörutegundum, sem tolla á.

Af öllum þessum ástæðum, sem jeg nú hefi talið, er það algerlega ókleift nú sem stendur að gefa nokkra ábyggilega áætlun um, hve miklar tekjur ríkissjóður muni hafa af þessum tolli. Það er álit fjhn., að til þess að útvega ríkissjóði tekjuauka mundi hagkvæmast að grípa til þess að leggja bráðabirgðaverðtoll á ónauðsynlegan varning, og einnig á þann varning, sem ekki er hægt að segja, að sje beint óþarfur, en er miður þarfur, þannig að fólk getur sparað hann mikið við sig á krepputímum. Slíkur tollur kemur líka tiltölulega rjettlátlega niður, því að það eru aðallega efnuðustu mennirnir, sem kaupa slíkan varning. Jeg er líka á þeirri skoðun, eins og hv. nefnd, að þetta sje tiltækilegasta leiðin til þess að útvega ríkissjóði tekjuauka, þó jeg geti hinsvegar ekki gert neina áætlun um, hve mikill sá tekjuauki muni verða, sökum þess að óvíst er, hve víðtæk innflutningshöft muni verða sett, og af fleiri ástæðum, sem jeg þegar hefi nefnt.

Það er að áliti stjórnarinnar mikil ástæða til að hraða þessu máli sem mest. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefir mikið verið rætt um það manna á meðal hjer í bænum undanfarið, að innflutningsbann mundi verða sett á allan miður þarfan varning. Þetta hefir orðið til þess, að kaupmenn hafa gert meira til þess að útvega sjer slíkan varning en þeir annars hefðu gert. Og þótt reglugerð hafi þegar verið gefin út um bráðabirgðainnflutningsbann á ýmsum vörum, þá nær það ekki til þeirra vörubirgða, sem koma með næstu skipum. Ástæðan til þess er sú, að ekki þótti tiltækilegt að hindra innflutning á þeim vörum, sem þegar voru komnar í skip eða voru komnar á afgreiðslur skipanna erlendis þegar reglugerðin varð kunn. En það er vitanlegt, að það er alveg óvenjulega mikið af vörum þeim, sem innflutningshöftin ná annars til, á leiðinni til landsins, og ástæðan til þess er sú, að menn höfðu pata af því fyrirfram, að höft mundu koma. Það verður að teljast óhjákvæmilegt að hleypa þeim vörum inn í landið, sem komnar voru á afgreiðslur skipanna í Kaupmannahöfn og Leith og víðar, þegar reglugerðin varð kunn á þeim stöðum. En stjórnin álítur hinsvegar, að hún verði að gera alt, sem hún getur, til þess að ná tolli af þessum vörum. Með því finst mjer engum vera órjettur ger, því að kaupmenn munu eiga hægt með að selja vörurnar sjer að skaðlausu, þó þessi 20% tollur leggist á þær, og þeir hafa því enga ástæðu til að kvarta, þótt hann skelli nokkuð fljótt á. Og neytendur þurfa varla að kvarta undan því, því að þeir mundu alls ekki eða að mjög litlu leyti njóta þess, þó tollurinn kæmi ekki á þessar vörubirgðir, því hætt er við, að innflytjendur mundu hvort sem væri hækka þær vörubirgðir jafnmikið og þær, sem þeir yrðu að greiða toll af, og ágóðinn rynni þannig allur í vasa innflytjendanna.

Jeg hefi nú reynt að gera deildinni það fyllilega ljóst, að hagur ríkissjóðs er þannig, að hann krefst tekjuauka, og hjer er um tekjur að ræða, sem auðvelt er að ná, og þessi tollur kemur yfirleitt ekki við aðra en þá, sem færastir eru um að borga. Jeg vona því, að háttv. deild láti þetta mál fá fljóta afgreiðslu. Og jeg lofa því fyrir stjórnarinnar hönd, að hún mun verða fús til þess að ræða um innflutningshöft og vinna að því að koma þeim á, að svo miklu leyti, sem hagkvæmt þykir og fjárhagur ríkissjóðs leyfir. Og

jeg vona, að háttv. þm. láti ekki lítilfjörlegan skoðanamun verða þess valdandi, að ríkissjóður fari á mis við þennan sjálfsagða tekjuauka, heldur stuðli að því, að frv. þetta geti sem allra fyrst orðið að lögum.

Sveinn Ólafsson: Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, fyrir hönd minni hl. fjhn., að við værum samþykkir því, að þetta frv. kæmi fram, með því skilyrði, að frv. um innflutningshöft yrði einnig hraðað gegnum þingið. Þessir tveir þættir í viðreisnarstarfseminni, tollar til rjettingar fjárhag ríkissjóðs og innflutningshöft, eru svo nátengdir, að eðlilegast er og best, að þeir fylgist að. Jeg tók þá líka fram, að minni hl. nefndarinnar gerði ráð fyrir, að þetta frv. færi aðeins til 1. umr., og biði svo eftir haftafrv. og yrði því samferða út úr deildinni.

Þetta frv. miðar fyrst og fremst að því að auka tekjur ríkissjóðs, en síður að hinni hlið málsins, sem þó er öllu mikilsverðari, en það er að bæta hag gjaldendanna og takmarka falska kaupgetu, eins og líka að reisa skorður við okursölu. Það er augljóst, að ef frv. eins og þetta nær fram að ganga, þá leiðir af því, að þær vörubirgðir, sem til eru í landinu og sleppa þar af leiðandi við verðtollinn, verða seldar jafndýrt og hinar tolluðu vörur. Það eykur því að óþörfu vöruverð í landinu og ágóðinn af þeirri óþörfu verðhækkun rennur að öllu leyti í vasa kaupmanna, ef ekki koma jafnhliða ráðstafanir þær, sem felast í frv. á þskj. 88 með brtt. við það.

Annar aðalgallinn á þessu verðtollsfyrirkomulagi er sá, að þar sem verðtollur er á vörum en ekkert bannað, má búast við því, að tollsviknum vörum verði laumað inn í landið í skjóli hins leyfða og tollaða varnings, og það er ekki gott að segja, hvað kann að falla undan tolli á þann hátt. En ef bannaður er innflutningur á vörum og talið það, sem til er í landinu af bannvöru jafnframt, þá er tiltölulega auðvelt að sjá um, að slíkum vörum verði ekki laumað inn í landið.

Hæstv. fjrh. hefir bent rjettilega á það, hve mikil þörf sje á tekjuauka handa ríkissjóði. Hann hefir gefið deildinni ítarlega skýrslu um fjárhag ríkissjóðs og horfur. Auðvitað höfðum við yfirlit yfir það áður, en við höfum þó fengið ennþá nánari vitneskju um það með skýrslu hans, sem mjer þó virðist telja að óþörfu allar útlendar skuldir með gengismun þessa tíma. Og jeg fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að það þarf að gera alt, sem mögulegt er, til þess að afla ríkissjóði tekna. En það er ekki einhlítt að safna í ríkissjóð. Jafnhliða því þarf að finna ráð til þess að bæta hag gjaldendanna, og jeg fullyrði, að það verður ekki með öðru fljótar gert en með takmörkun mikilli á kaupum útlends varnings.

Jeg skal ekkert fullyrða um það, hvort samherjar mínir í fjhn. vilja styðja að því að afgreiða þetta frv. í flaustri, áður en haftafrv. kemur, en jeg fyrir mitt leyti vil láta haftafrv. koma fram áður en þetta frv. verður afgreitt, svo þau geti orðið samferða.

Viðvíkjandi þeirri hættu, sem hæstv. fjrh. benti á, að gæti verið á því að vörur slyppu við tollinn, vil jeg taka það fram, að ef haftafrv. nær lögfestingu, þá er sjeð fyrir tekjum af þeim vörum, sem koma næstu daga.

Nokkur ástæða er til að líta svo á, sem hinn óeðlilegi dráttur á því, að haftafrv. á þskj. 88 komi fram, sje vegna þess, að nefndin hafi tilhneigingu til þess að draga

málið á langinn. Þetta gildir vissulega ekki um minni hl. nefndarinnar, heldur er það að miklu leyti að kenna þeim stóru viðburðum, sem hjer hafa orðið nú undanfarið — stjórnarskiftunum, meðferð fjárlaganna og fleiru — og þess vegna er alt komið í eindaga með bæði þessi frv.

Ef þetta verðtollsfrv. verður afgreitt í skyndi, þá er það heilög skylda þingsins að afgreiða haftafrv. svo fljótt, sem mögulegt er, því þó þetta tekjuaukafrv. verði samþykt, þá er, eins og jeg áður hefi tekið fram, aðeins hugsað um annan þáttinn í þeim ráðstöfunum, sem gera þarf til þess að bæta fjárhag landsins. Og með því er þar að auki hlaðið undir hagsmuni einstakra stjetta. Það má með sanni segja, að þessi verðtollur einn og án haftanna sje hrein kaupmannapólitík, því þær vörur, sem til eru í landinu, þegar tollurinn kemst á, og tollurinn nær því ekki til, verða auðvitað seldar jafnháu verði og þær, sem tollaðar verða. Og það kemur mjög órjettlátlega niður, því ágóðinn af þeirri hækkun lendir allur hjá kaupmönnum, en lamar að sama skapi kaupgetu almennings.

Jeg skal svo ekki tefja tímann með lengri ræðu. En jeg tek það að endingu fram, að jeg lofa engu um að styðja þetta frv., fyr en jeg sje, hvað gert verður í haftamálinu.

Klemens Jónsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir nú gefið deildinni glögga skýrslu um fjárhag ríkissjóðs og sýnt fram á, hve mikil þörf er á tekjuauka. Okkur hefir verið þetta ljóst áður, og jeg skil ekki í öðru en að öllum hljóti að vera það fullljóst eftir skýrslu hæstv. fjrh.

Þegar jeg tók við fjármálaráðherraembættinu, gaf jeg þinginu skýrslu um fjárhag ríkissjóðs, þótt sú skýrsla væri ekki eins ítarleg og þessi var. En annars er jeg hæstv. fjrh. þakklátur fyrir skýrslu hans og vona, að með þessu höfum við skapað fordæmi, sem fjrh. hagi sjer eftir í framtíðinni, og gefi þinginu skýrslu um allan hag ríkissjóðs, þegar þeir taka við embættinu. Það er gott fyrir alla, að það sje gert. Það er gott fyrir fjrh. sjálfan og það er gott fyrir þingið að vita, hvernig hagur ríkissjóðs er í hvert skifti, sem ráðherraskifti verða.

Jeg hefi yfirleitt ekkert við skýrslu hæstv. fjrh. að athuga. Hún kom mjer ekki neitt á óvart, en það eru nokkur atriði, sem jeg vil gera lítilsháttar athugasemdir við, af því að mjer fanst þau ekki skýrð nægjanlega hjá hæstv. fjrh.

Hæstv. fjrh. gat þess, að skuldir ríkissjóðs væru um 22,3 milj. kr. Þegar fjárlagafrv. fyrv. stjórnar var samið, gerði hún ráð fyrir, að skuldir ríkissjóðs væru 19—20 miljónir. En þetta fer auðvitað eftir gengi íslensku krónunnar, og þessi hækkun á skuldunum mun því stafa af því, að gengið hefir lækkað afarmikið síðustu mánuðina síðan fjárlagafrv. var samið. Þegar fjárlagafrv. var samið, var sterlingspundið reiknað á 30 íslenskar krónur, en hæstv. fjrh. mun hafa reiknað það á 34 kr., eða sem næst því, og er þá eki lengi að muna, og það verulega. ekki lengi að muna, og það verulega. Þetta vil jeg biðja hv. þm. að hafa í huga, þessu lága gengi stafar líka, að greiðslur þær, sem ákveðnar eru í 7. gr. fjárlaganna, munu verða talsvert hærri en gert var ráð fyrir, og þarf að laga það.

Hæstv. fjrh. gat þess, að lausar skuldir ríkissjóðs væru 3,7 miljónir. Þetta er alveg rjett. Mig minti meira að segja, að þær væru 4 miljónir. Þessar skuldir eru

mjög erfiðar við að eiga, enda vildi fyrverandi stjórn fyrir hvern mun losna við þær, ef fengist hefði fast lán með góðum kjörum í útlöndum til borgunar á þeim. Þetta hefði verið mjög hagfeld lausn í málinu. Annarsvegar hefði stjórnin þá verið laus við að hugsa um að framlengja skuldir þessar, og það hefði hinsvegar verið mjög gott fyrir bankana hjer, því að þá hefðu þeir fengið skuldir sínar greiddar, og það í erlendum gjaldeyri, sem hefði komið sjer ágætlega.

Það var mikið talað um það hjer í bænum í fyrra sumar, að hægt mundi vera fyrir ríkissjóð að fá lán með góðum kjörum í útlöndum. Og það var hjer sjerstaklega maður, sem talaði oft um það bæði við mig og fleiri, að hægt mundi vera að fá slíkt lán. Bæði bönkunum og fyrv. stjórn þótti nauðsynlegt að ganga úr skugga um það, hvort svo væri, en það reyndist svo, þegar til kom, að ekki var nokkur fótur fyrir þessu. Jeg rannsakaði málið sjálfur og komst að raun um, að það mundi að vísu vera hægt að fá lán, en alls ekki með svo góðum kjörum, sem hafði verið látið í veðri vaka. Jeg get um þetta svo ítarlega sökum þess, að svo mikið hefir verið talað um þetta og ýmsir munu hafa staðið í þeirri meiningu, að hægt mundi vera að fá gott lán, en það reyndist nú samt ómögulegt.

Jeg get fyllilega tekið undir það með hæstv. fjrh., að nokkrar umframgreiðslur muni verða á árinu, og því brýn nauðsyn á því að útvega tekjuauka. Bæði strandvarnir og einkum berklaveikiskostnaður mun fara mikið fram úr fjárveitingu. Viðvíkjandi því, sem hæstv. fjrh. sagði um greiðslu á láni Vestmannaeyja, vil jeg geta þess, að samningarnir um hafnargerð voru gerðir áður en jeg kom inn í stjórnina, og löngu áður byrjað á henni, svo það var ekki annað að gera fyrir mig en að borga út samkv. hafnarlögunum.

Hæstv. fjrh. hefir skýrt frá því, að hann hafi leitað samninga við bæjarstjórn Vestmannaeyinga um lán þeirra, en hafi ekki fengið ákveðið svar. Margar tilraunir hafa verið gerðar í þessa átt af okkur í fyrv. stjórn, en árangurslaust. Við höfum venjulega ekkert svar fengið, og það má mikið vera, ef þessi stjórn fær ekki að reyna það sama. Ef til vill gengur það nú betur, vegna þess að nýr bæjarstjóri er kominn þar. Þó býst jeg við, að það verði erfitt nú sem fyr að grípa gullið í Eyjunum.

Hæstv. fjrh. gat þess, að nú væri sjóður tómur að heita mætti, varla meira en tveggja daga forði allajafna. Þetta er svipað og þegar fyrv. stjórn tók við, og þegar jeg tók við fjármálastjórn, og alla mína tíð, var fjárhagurinn bágborinn,en þó var oftast forði til vikunnar. Aðaltekjurnar komu frá Reykjavík, og lögreglustjóri borgaði altaf inn á laugardögum. Erfiðast var um mánaðamót. Að það er svo erfitt nú að komast af dag frá degi, stafar máske af því, að þing stendur yfir. *(Fjrh. JÞ:* Alveg rjett). Sje svo, er það þinginu næst að bæta úr því, og enda hvort sem er.

Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjrh., hvort það sje svo afarnauðsynlegt að koma þessu máli af á 2—3 dögum. Sjerstaklega vil jeg spyrja hann að því, hvort brýn nauðsyn sje að ljúka umr. hjer í kvöld, hvort ekki megi fresta henni til morguns. Jeg er nýlega kominn í fjhn., í stað hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), og hefi ekki átt kost á að sitja fund með henni til að ræða þetta mál.

Mun þessi ósk mín því ekki þykja neitt óeðlileg, Jeg vil því beina þeirri ósk til hæstv. forseta að bera það undir háttv. deild, hvort ekki megi taka málið af dagskrá.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal strax svara fyrirspurn hv. 2. þm. Rang. (KlJ) því, að jeg tel alveg nauðsynlegt, að þetta mál verði afgreitt frá deildinni á morgun, og að Ed. geti afgreitt það á einum degi, á mánudaginn. Þetta er alveg nauðsynlegt til þess að tollun verði viðkomið á þeim förmum, sem væntanlegir eru til landsins næstu daga. Hygg jeg, að afgreiðsla megi alls ekki dragast lengur, ef þessi tilgangur á að nást. Það er meiri sæmd fyrir Alþingi vegna fjárhags ríkissjóðs að afgreiða málið í tíma, svo hægt sje að ná tolltekjum af þessum væntanlegu förmum. Jeg hafði ætlað að fara fram á það við hv. deild, að 2. umr. yrði lokið nú, en jeg skil aðstöðu hv. 2. þm. Rang., að hann vilji ræða málið við fjhn. áður en það fer úr deildinni. Jeg vil spyrja háttv. þm., hvort honum sje ekki nægilegt að ræða við nefndina milli 2. og 3. umr. Nefndin gæti haft fund í kvöld eða snemma á morgun.

Jeg vil þá svara nokkrum ummælum, sem fram hafa komið, og skal þá fyrst víkja að ummælum hv. 2. þm. Rang., að skuldir ríkissjóðs hefðu hækkað frá því, sem alment var álitið og gefið var upp, en það voru 20 milj. kr. Þetta stafar að nokkru leyti af gengislækkun. Hefi jeg reiknað sterlingspundið á kr. 33,50 og danska krónu á kr. 1,23. Einnig hafa bæst við lausar skuldir.

Það er alveg rjett, að samningar um hafnargerð í Vestmannaeyjum voru gerðir áður en hin síðasta stjórn tók við völdum. Einungis samningar um greiðslu lánsins voru gerðir um síðustu áramót. Ummæli mín viðvíkjandi láninu voru í þá átt, að jeg er hræddur um, að Vestmannaeyingar geti ekki greitt það, sem þeim ber, á þessu ári, og kemur þá til kasta ríkissjóðs. Og því erfiðara sem verður að eiga við bæjarsjóð Vestmannaeyja, því brýnni nauðsyn er á því að greiða úr þörf ríkissjóðs.

Út af upplýsingum, sem háttv. 2. þm. Rang. gaf um það, að reynt hafi verið að festa lausaskuldir með erlendum lánum, vil jeg taka það fram, að því fer mjög fjarri, að jeg vilji álasa hæstv. fyrv. stjórn fyrir að hafa ekki fest lausu skuldirnar. Jeg tel það ekki æskilegt, að við reynum að svæfa sjálfa oss með því að taka hagkvæm lán til að greiða tekjuhalla. Það er að vísu erfitt fyrir fjrh. að taka við svo miklum lausum skuldum, en jeg er ekki viss um nema það hafi verið nauðsynlegt, að svo færi, til þess að menn rönkuðu við sjer og vöknuðu til fullrar meðvitundar um fjárhagsástandið og gerðu ráðstafanir, sem duga til þess að hægt sje að snúa við af þessari tekjuhallabraut. Býst jeg ekki við, að það hefði orðið happasælla fyrir þjóðina, þó skuldum hennar hefði verið ráðstafað með hagkvæmum löngum lánum.

Hvað snertir aths. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), verð jeg að segja það, að mjer er það óskiljanlegt, að þær geti ráðið svo miklu hjá honum, að hann synji frv. um atkvæði sitt. Hann greiddi atkvæði með frv. í nefndinni í fyrstu ágreiningslaust. (*SvÓ*: Ekki ágreiningslaust; með skilorði). Jú, ágreiningslaust. Það er vitanlegt, að slíkar stórfeldar breytingar geta ekki orðið óþægindalaust með öllu. Það er auðvitað mögulegt fyrir kaupmenn að setja upp birgðir sínar, en jeg er ekki viss um, að kveða muni svo mikið að því

eins og hv. 1. þm. S.-M. ímyndar sjer. Góðir kaupmenn hafa sagt mjer, að þeir myndu jafna tollinum niður á gömlu og nýju birgðirnar, og er það rjett aðferð eins og hjer stendur á. Á stríðsárunum var stjórninni gefin heimild til að takmarka vöruverð, og skipaði hún til þess verðlagsnefnd. Veit jeg ekki annað en að stjórnin hafi enn heimild til að grípa til þessa ráðs, ef þörf krefur. Þurfa því ekki að vera ákvæði um þetta í frv., nje heldur þarf frv. að tefjast þess vegna. Að öðru leyti má segja það, að taki kaupmenn einhvern gróða af þessum tolli nú, kemur það annarsvegar fram í auknum gjöldum þeirra til hins opinbera í tekjuskatti. Þar sem þessi ráðstöfun er til bráðabirgða og búast má við einhverjum vörubirgðum þegar tollinum verður af ljett, verða kaupmenn að taka tilsvarandi tap af þeim birgðum eins og þann gróða, sem þeir kunna nú að fá af fyrirliggjandi birgðum. Auðvitað gæti farið svo, að seinni birgðirnar yrðu eitthvað minni en þær fyrri, og því einhver vinningur fyrir þá kaupmenn, sem vildu nota sjer hann út í æsar. En einhver óþægindi hljóta altaf að fylgja slíkum óvenjulegum ráðstöfunum. Hliðstæð óþægindi stafa af bráðabirgðareglugerðinni um aðflutningsbann á ýmsum vörum, og mun þó hv. þm. S.-M. fremstur manna viðurkenna það, að ekki var rjettmætt að undanfella að setja slíka reglugerð.

Jeg hefi nú svarað mótbárum hv. þm. um það, að með þessum tolli sje sjerstaklega verið að hlaða undir kaupmenn. Má bæta því við, að það er vitanlegt, að slík tollhækkun mun draga úr verslunarveltu með þessar vörur, þó engar væru aðrar hömlur; afleiðingin er hagsmunarýrnun fyrir kaupmenn. Er enginn efi á því, að það mun koma mjög við hagsmuni margra þeirra. Ef mönnum finst, að það verði um of til hagsmuna fyrir vissa grein verslunar að setja tolllögin á nú þegar, — hvað segja hinir sömu menn um að draga það þangað til kaupmenn eru búnir að ná heim til sín þessum væntanlegu vörum án aukatolls? Það finst mjer hlynna meira að hagsmunum kaupmanna heldur en að samþykkja frv. sem fyrst. Jeg veit, að hv. 1. þm. S.-M. sjer þetta, ef hann vill líta á það.

Þá sagði sami hv. þm., að vel mætti flytja inn tollsviknar vörur í skjóli hins leyfða varnings. Vitanlega fylgir sá galli öllum tollum. En ef menn telja þetta sem gilda ástæðu á móti tollum, verða þeir að stinga upp á öðrum færari leiðum til að afla ríkissjóði tekna. Ef til vill hafa þessi ummæli hv. þm. átt að þýða það, að heppilegra myndi aðflutningsbann heldur en tollun, því þá yrði erfiðara að skjóta inn vörum. Jeg hygg hið gagnstæða. Við erum nú búnir að fá fulla reynslu fyrir því á þessu landi, að almenningsálitið er á móti aðflutningsbönnum, og mönnum þykir engin minkun að því að brjóta þau, en þykir aftur á móti minkun að því að koma upp um lögbrjótana. Löggæslan hefði því mjög slæma aðstöðu með almenningsálitið á móti sjer. Þessu er öðruvísi varið með tollsvik. Sem betur fer er ennþá sá heilbrigði hugsunarháttur ríkjandi hjer á landi, að það þykir skömm að svíkja tolla. Sá mikli mismunur, sem liggur í því, að hafa almenningsálitið með sjer eða móti, ríður alveg baggamuninn í þessu efni. Jeg get því ekki sjeð, að nein af þeim ástæðum, sem fram hafa verið bornar, geti rjettlætt að draga afgreiðslu þessa frv.

Klemens Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að beina því til hæstv. forseta, að hann beri undir hv. deild, hvort umr. megi ekki fresta til morguns.

Jón Kjartansson: Þar sem þetta mál er nú komið frá fjhn., þykir mjer alleinkennileg ástæða hv. 2. þm. Rang. (KlJ), að hann þurfi að ræða málið við þá nefnd, enda þótt hann, að því er sagt er, sje nú kominn í nefndina í stað annars manns þar. Innflutningshaftamálið kemur ekkert við þetta mál. Jeg sje því ekki, að nein ástæða sje til að tefja þetta frv. Auk þess efast jeg um, að þessi mannaskifti í fjhn. hafi enn farið löglega fram — veit ekki til, að það hafi verið borið undir vinnunefnd þingsins.

Forseti (BSv): Jeg veit ekki, hve brýn ástæða er til að flýta þessu máli. (*JakM*: Jeg mótmæli því fyrir hönd meiri hl. fjhn., að málinu sje frestað. Jeg krefst þess, að málið sje borið undir deildina). Það er að minsta kosti óhætt fyrir hv. þm. að lofa forseta að ljúka máli sínu, áður en hann rýkur af stað með mjög mikilli grimd. Það má búast við ærið löngum umr. Jeg mun ekki beita hv. deild neinu ofríki nú, frekar en endranær, og mun láta hana skera úr, hvort málinu skuli frestað eða ekki.

ATKVGR.

Felt að fresta umr. með 14:12 atkv.

Tryggvi Þórhallsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) gat þess, að hann þyrfti að tala nokkuð alment um þetta mál. Og það gerði hann líka.

Jeg þarf líka að tala um málið nokkuð á víð og dreif.

Jeg býst við, að flestir þm. hafi orðið varir við það hjá kjósendum sínum, eins og jeg, að almenningur ber einkum fyrir brjósti, að þingmenn beiti sjer fyrir þrem stórmálum, öðrum fremur. Fyrst er það, að sparað verði á húshaldi ríkisins, annað, að þing verði aðeins annaðhvert ár, og þriðja, að koma á innflutningshöftum til þess að koma á verslunarjöfnuði og bæta gengið.

Jeg vona nú, að fjárlögin verði afgreidd frá þinginu í mjög sæmilegu horfi. Um það eru tveir aðalflokkar þingsins nokkurnveginn sammála. (*HK*: Þarf að gera betur). Alveg rjett hjá hv. þm. Barð. (HK).

Þá er þing annaðhvert ár. Það mál hefir flokkur hæstv. forsætisráðherra drepið í Ed., enda hafði hann gert frv. sitt svo úr garði, að ólíklegt var, að það næði samþykki. Kröfur þjóðarinnar voru og eru einungis þær, að ráðherrum verði fækkað og þing háð annaðhvert ár. Þá er Framsóknarflokkurinn sá hvert stefndi, vildi hann koma í veg fyrir, að frv. fjelli, og bauð að láta sjer nægja með þá eina breytingu á stjórnarskránni, að þing yrði háð framvegis annaðhvert ár. En þegar flokkurinn fjekk ekki við ráðið, herti hann á kröfunum og lagði til, að landskjörnu þingmennirnir yrðu og lagðir niður. Og nú er þetta áhugamál þjóðarinnar dautt fyrir aðgerðir fylgismanna forsætisráðherra. Úr því sem komið er, verð jeg stórlega að draga í efa, að það hafi nokkurntíma verið meining hæstv. forsrh. (JM), að stjórnarskrárbreytingin yrði samþykt, heldur hafi frv. aðeins verið borið fram til að slá ryki í augu kjósenda.

Og hvernig á nú að ganga frá þriðja höfuðmálinu, innflutningshöftunum? Jeg sje ekki betur en allar horfur sjeu á, að

ætlunin sje að koma því fyrir kattarnef. Góður fyrirboði þess er það, að komin er fram áskorun, sem jeg held á hjer í hendinni, frá þeim, sem standa bak við Íhaldsflokkinn hjer í Reykjavík, kaupmannastjettinni. Í því ávarpi er farið fram á, að haftafrv. verði drepið og þær stofnanir lagðar niður, sem gefa nú landinu einna drýgstar tekjur.

Í fyrri ræðu sinni um þetta mál lýsti hæstv. fjrh. (JÞ) því yfir, að hann mundi fús til góðrar samvinnu um haftafrv. En í síðari ræðunni tók hann greinilega fram þann mikla mun, sem væri á tollum og höftum. Meðal annars tók hann það fram, að almenn óánægja væri yfir því, að tekin yrði haftaleiðin, en við tollana væru menn orðnir vanir. Og til þess að koma þessu frv. að, sem nú er til umr., hefir verið unnið til að hefta störf nefnda, t. d. komið í veg fyrir það, að fjvn. geti haldið fund í dag og lokið svo snemma störfum sínum, að 3. umr. fjárlagafrv. fari fram á mánudag. En hvað liggur þessu frv. á? Fyrverandi stjórn hefir gefið út reglugerð, sem bannar að flytja inn flestar þær vörur, sem um er að ræða í þessu frumvarpi. Hvers vegna mega þessi tvö frv. ekki fylgjast að? Tilgangurinn með að flýta þessu frv. svo sem gert er, virðist ekki vera annar en sá, að drepa höftin. Mun verða sagt, þegar þetta frv. hefir verið samþykt: Nú er ekki lengur nein þörf á höftum. Og það er þá tilraun til að komast fram hjá ákveðnum þjóðarvilja, eða að minsta kosti vilja alls þorra kjósenda í fjöldamörgum kjördæmum. En verði höftin feld, þá skal það verða skjallega sannað eins og hverjir það voru, sem drápu stjórnarskrárbreytinguna í Ed.

Vil jeg nú beina máli mínu til hæstv. atvinnumálaráðherra. Hv. 1. þm. Skagf. (MG) hefir fyr og síðar lýst því yfir, að hann vildi innflutningshöft. Og nú vil jeg spyrja þennan hv. þm., hvort hann, við að verða atvinnumálaráðherra, hafi breytt svo um skoðun, að hann vilji nú loka haftaleiðinni með því að taka tolla í staðinn. Þessi krafa þjóðarinnar um höft er ekki aðeins gerð til þess að bæta hag einstaklinga, heldur alls almennings, þar sem höftin verða til þess að koma á verslunarjöfnuði og bæta gengi peninga. Og einmitt það er mál málanna um öll lönd. Jeg hefi fyrir skömmu talað við merkan Dana um það, hvað mundi verða aðalmálið við kosningarnar, sem standa nú fyrir dyrum í Danmörku. Hann svaraði eindregið, að það, sem allra mest yrði lögð áhersla á, væri gengið. Og um okkur er sama máli að gegna. Ekkert er okkur frekar áríðandi en að laga gengið. Sumir segja, að sama sje, hvort farin sje tollaeða haftaleiðin. Sje tollaleiðin farin, verði fluttur inn óþarfavarningur og hækkað á honum verðið. Síðan kaupi þeir, sem geti og vilji, og sje ekki neitt við því að segja. En jeg segi, að stórmikill munur sje á því, hvor leiðin verði farin. Tollar hjálpa ekki til þess að minka eftirspurnina eftir erlendum gjaldeyri, og þeir koma ekki á verslunarjöfnuði. Jeg er því ekki í vafa um, hvort betra er, og jeg veit, að þjóðin er ekki í vafa um það.

Hæstv. fjrh. hefir auðvitað trygt sjer meiri hluta hjer í deildinni með þessu frv. En jeg vil fá skýra atkvæðagreiðslu um það, hvernig menn ætla að velja á milli leiðanna. Og það fæ jeg með því að bera fram þessa rökstuddu dagskrá, sem jeg les nú upp, og afhendi síðan hæstv. forseta:

Þar sem komið hefir fram mjög skýr og ákveðinn þjóðarvilji með því að banna innflutning til landsins á sem

flestum þeim vörum, sem unt væri að vera án, þar sem komið er fram á Alþingi frumvarp, sem fer í þessa átt, og þar sem frumvarp það, sem hjer fyrir liggur, virðist benda til annara leiða í þessu efni, þykir deildinni ekki ástæða til að greiða atkvæði um frumvarp þetta, fyr en sjeð er um afstöðu deildarinnar til innflutningshaftafrumvarpsins, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Jeg vil undirstrika það, að meining mín með þessari dagskrá er ekki sú, að drepa þetta frv. umsvifalaust, heldur er það tilætlun mín að láta það fylgjast með haftafrumvarpinu, eins og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vildi. Meðan jeg hefi ekki sjeð, hvað verður um það frv., tek jeg enga afstöðu til þessa.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að meiningin með þessu frv. væri að drepa haftafrv. Jeg mótmæli þessu alveg og jeg get sagt það, að þó að jeg hafi haft stólaskifti, þá hefi jeg að engu leyti skift um skoðanir. En jeg sje það, að ríkinu er nauðsyn á tekjuauka, og þetta er einmitt frv. í þá átt að auka tekjur ríkisins. Aftur á móti vil jeg hefta innflutning svo sem ríkissjóður framast þolir. Og jeg veit það, að hæstv. fjrh. (JÞ) er mjer samþykkur í þessu efni. Það er því með öllu rangt, að við viljum drepa með þessu haftafrv., eins og hv. þm. Str. gaf í skyn og brigslaði okkur um. *(TrÞ:* Jeg hefi ekki brigslað hæstv. atvrh. um það). Og jeg vil taka það fram, að það getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir ríkissjóð, að þetta frv. nái ekki fram að ganga eða verði ekki samþykt mjög bráðlega. Einmitt nú er á leið mikið af varningi til landsins, sem þetta frv. gerir ráð fyrir tolli á, og verður það ærið tap fyrir ríkissjóð, ef ekki næst af þeim varningi tollur.

Þá var hv. þm. Str. að brýna okkur á því, að við værum kaupmannasinnar. En þeir gera kaupmönnunum víst mestan greiðann, sem seinka svo þessu frv., að tollur náist ekki af þeim vörum, sem nú eru á leiðinni hingað til landsins. Þær vörur eru mjög miklar, og tilætlun okkar er að ná tekjuauka strax. Það liggur því í augum uppi, að frv. er fjárhagsatriði og ekkert annað. Um innflutningshöftin er, eins og jeg hefi tekið fram, skoðun mín óbreytt, og mun jeg beita þeim eins mikið og ríkissjóður þolir. En jeg vona, að hv. deild sje mjer sammála um að fara ekki lengra í þeim efnum.

Stjórnarskrárbreytingunni kæri jeg mig ekki um að blanda inn í þetta mál. En ekki lagði jeg atkvæði að því að fella hana. Og jeg sje ekki annað en að ennþá geti komið fram frv. um það efni. En annars held jeg einmitt, að fleygur þeirra flokksbræðra hv. þm. Str. hafi orðið frv. að bana.

Um dagskrá hv. þm. er það að segja, að jeg sje ekki betur en að hún verði til þess að drepa þetta mál, ef hún nær samþykki deildarinnar. En eftir því, sem mjer hefir skilist, er það ekki tilætlun hv. þm. (TrÞ), og vona jeg því, að hann taki hana aftur, þá er hann hefir áttað sig á þessu.

Háttv. sami þm. vill láta skera úr því, hvora leiðina eigi að fara. Jeg tel báðar leiðirnar nauðsynlegar, og vil því fara þær báðar. Tollhækkunin er nauðsynleg vegna hagsmuna ríkissjóðs, og innflutningshöftin vegna almenns sparnaðar.

Annars vona jeg, að jeg hafi skýrt afstöðu mína í þessu máli nægilega, og verð jeg að treysta því, að hv. þm. Str. rengi mig ekki og taki aftur till. sína.

Fjármálaráðherra (JÞ): Háttv. þm. Str. spurði að því, hvað lægi á að samþykkja þetta frv. Frá því hefir nú verið sagt, hve þörfin er brýn. Ástæðurnar eru þá fyrst og fremst þær, að bæði fær ríkissjóður tekjur, sem hann mundi annars missa, og hann fær fyr auknar tekjur, ef þetta frv. er samþykt strax. Og enginn þarf að efast um, að þörf sje á þessu. Annars fann háttv. þm. (TrÞ) ekkert að efni frv., sem er að afla ríkissjóði tekna. Hann hefir líka í fjvn. sýnt það, að hann vill einmitt stíga spor í áttina til að rjetta fjárhaginn. Mjer finst það því ærið ólíklegt, að hann verði á móti þessu frv. Eina mótbáran gegn því, sem nokkurs er um vert, er sú, að menn sæju aðra heppilegri leið til þess að afla ríkissjóði tekna. En hv. þm. Str. talar aðeins um höft, eins og það sjeu einu óyggjandi bjargráðin að hoppa í hafti. Hv. þm. hlýtur þó að vita það, að eina ráðið til þess, að gengisfallið stöðvist, er að betri jöfnuður náist á tekjum og gjöldum ríkissjóðs — og vonlaust er að laga ástandið, ef ríkissjóður eyðir meiru en því, sem nemur tekjunum.

En eins og allir hv. þm. hljóta að sjá, svifta innflutningshöftin ríkissjóð tekjum. Þær vörur, sem bannaðar eru í reglugerðinni, eru einmitt vörurnar, sem hæstur er á tollurinn. Ríkissjóðurinn er því með höftunum sviftur tekjum. Þetta frv. fer fram á, að bætt sje úr þessu, og þá fyrst, þegar það hefir verið gert, getum við farið að tala um höft. Ef tekjuaukafrv. verður ekki samþykt, er heldur ekki hægt að samþykkja haftafrv. Og jeg er viss um, að hv. þm. Str. er óhætt að koma til kjósenda sinna og segja þeim, að hann hafi greitt atkvæði með tollhækkun á óþörfum varningi, til þess að afla ríkissjóði aukinna tekna. Jeg er uppalinn í næstu sýslu við kjördæmi hv. þm. og þori að segja, að jeg þekki svo mikið kjósendur hans, að mjer sje óhætt að fullyrða þetta. En verði dagskrá hv. þm. Str. samþykt, þá er það sama og að fella frv. Hv. þm. talaði um tvær leiðir. En er haftaleiðin ekki ófær, nema tollaleiðin sje líka farin? Það er því ekki um að ræða tvær leiðir, heldur tvo áfanga sömu leiðar. Og tollhækkunin er fyrri áfanginn. Jeg get því ekki skilið það, að hv. deild sjái nokkuð á móti því að samþykkja þetta frv. En það þarf að samþykkjast strax, ef það að fullu á að geta náð tilgangi sínum. Og að því loknu vil jeg tala um höftin og hve langt sje hægt að fara í því efni. Þau eru seinni áfanginn.

Jón Auðunn Jónsson: Háttv. þm. Str. (TrÞ) var að koma með dylgjur og aðdróttanir í minn garð, og hygg jeg að honum hafi ekki þótt leitt að geta með *einhverjum líkum* borið mjer það á brýn, að jeg vildi drepa niður öllum innflutningshöftum. Hann hefir áður sagt svo margt ósatt um mig í blaði sínu. Mun honum því hafa þótt vænt um það að geta nú borið eitthvað á mig, sem hann hefir ætlað, að hefði við einhver rök að styðjast.

Jeg skal nú gera nokkra grein fyrir afstöðu minni í þessu máli. Í gær bar jeg fram tillögu í fjhn., sem jeg vil leyfa mjer að lesa upp:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin beiti lögum nr. 1, 8. mars 1920, til þess að hefta innflutning eins freklega og fært er, með hliðsjón af fjárhagsástandi ríkissjóðs, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þetta var tillaga, sem jeg bar fram í nefndinni um afgreiðslu frv. um bann gegn innflutningi á ýmsum vörum.

Jeg hygg, að flestir hv. deildarmenn muni nú vera sannfærðir um það, að hagur ríkissjóðs sje miklum mun erfiðari en þeir ætluðu, þegar þeir komu til þings. Flestir munu hafa ætlað, að skuldir ríkissjóðs mundu ekki vera meiri en 19 milj. kr., og svo var um fjhn. fyrstu dagana, sem hún starfaði. En af upplýsingum frá bönkunum, einkum Landsbankanum, kom það í ljós, að skuldirnar eru mörgum miljónum króna hærri en greinir í landsreikningnum fyrir 1922. Jafnvel þótt jeg sje hlyntur því að hefta innflutning á óþörfum vörum, svo og þeim vörum, sem með nokkru móti má án vera, sje jeg mjer þó ekki fært annað en að mæla fast með því, að þetta tollaukafrv. verði samþykt og afgreitt sem fyrst. Með því að afgreiða ekki þetta mál strax og það kom fram, hefir ríkissjóður mist tekjur, sem nema áreiðanlega ekki minna en 50—60 þús. kr.

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að þessu frv. hefði verið útbýtt hjer í hv. deild samtímis því, að ávarp hafi komið frá verslunarráði Reykjavíkur, og taldi hann þetta tvent geta staðið hvað í sambandi við annað. Þetta er fjarri öllum sanni. Í þessu ávarpi verslunarráðsins er ekki með einu orði minst á innflutningshöft, hvorki til nje frá.

Jeg og margir aðrir deildarmenn erum sannfærðir um það, að lögum frá 1920 hefði mátt beita miklu freklegar en fyrverandi stjórn og fylgismenn hennar hafa látið í veðri vaka. Þetta sýnir reglugerð sú, sem nýlega hefir verið gefin út og tekur yfir flesta aðalflokkana af þeim vörum, sem ekki eru alveg bráðnauðsynlegar, og sumar tegundir, sem enginn getur verið án, svo sem vefnaðarvöru og skófatnað. (*TrÞ*: Það er kominn í ljós nýr þingvilji). Jeg veit ekki til, að það hafi verið borið upp í þinginu, en stjórnin mun hafa heyrt það álit margra þingmanna fyrir þing og í þingbyrjun, að þetta mundi fært. Eftir því, sem fram hefir komið með þessari reglugerð, er enginn vafi á því, að stjórnin getur í skjóli þessara laga heft innflutning eftir því, sem henni þykir tiltækilegt á hverjum tíma.

Hv. þm. Str. sagði, að með því að snúa sjer ekki að innflutningshöftum, mundu menn vinna fátæklingum tjón, en þeir efnaðri hagnast af. Um þetta má ef til vill segja margt, en það ætti að vera vitanlegt öllum, að innflutningshöft mundu skaða þá fátækari miklu meira en þá hina efnaðri. Sú vara, sem til er í landinu, verður auðvitað altaf því dýrari, sem lengra líður frá því, að bannaður var innflutningur á henni, þó að reynt verði að setja einhverjar skorður við því. Hinir efnaðri birgja sig strax upp eins og þeir þykjast þurfa, en það geta fátæklingarnir ekki. Fer því svo áður en varir, að fátæklingarnir fá ekkert af vörunni, þótt hún sje þeim bráðnauðsynleg, því að efnamennirnir hafa keypt hana upp áður. En þrátt fyrir þennan mikla ókost á aðflutningsbanni á vörum, þá eru tímarnir nú svo alvarlegir, að nauðsynlegt er að gera einhverjar ráðstafanir í þessa átt. Hvað sem aðrir hv. þm. segja, vil jeg lýsa yfir, að jeg treysti núverandi atvrh. (MG) mjög vel til að fara með þessi mál. Jeg hygg, þrátt fyrir glamur ýmsra hv. þm., að hann hafi sýnt meiri festu í þessu máli en margir aðrir. (*TrÞ*: Árið 1921 sjerstaklega). Jeg get búist við því, að stjórnin muni ekki fá þakkir fyrir að hafa þetta starf á hendi. En vilji hún taka það að sjer, tel jeg það bestu leiðina, og þá, sem vænlegust er, að nái tilgangi sínum. Það er öldungis víst, að þó

að vjer samþykkjum í dag eða á morgun lög um innflutningsbann á ýmsum varningi, mun það reynast í framkvæmdinni, að ýmsum vörum hefði verið slept, sem ætti að banna að rjettu lagi, en aftur bannaðar margar þær tegundir, sem vjer komumst ekki hjá því að flytja inn og þá verður að veita undanþágu fyrir. Jeg get hugsað, að hv. þm. Str. gangi til sá metnaður í þessu máli, að hann vilji ekki unna hinni nýju stjórn að fara með innflutningshöftin. En jeg efast ekki um, að hún mundi sýna stórmikla yfirburði yfir fyrverandi stjórn í meðferð þessa máls og annara.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg kippi mjer ekki upp við það, þó að gustasamt verði um þm. Str. og þó að hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) hafi lengst af vikið máli sínu til mín, mun jeg láta hann hvíla í friði, en snúa orðum mínum til hæstv. stjórnar.

Jeg hygg, að engum hafi dulist, sem hlýddi á fyrri ræðu mína, að tilgangur minn var að reyna að bjarga innflutningshöftunum. Jeg er sannfærður um, að ákveðin höft eru nú nauðsynleg, og jeg get bætt því við, að jeg álít, að sú stjórn sem ekki vill hefta innflutning á ónauðsynlegum vörum, eins og fjárhag þjóðarinnar er komið nú, og vill ekki segja þjóðinni að neita sjer um þessar vörur í bili, á ekki skilið, að þingið fái henni í hendur stórfelt tollaukafrv.

Jeg skal þá víkja að þeim ummælum hæstv. fjrh. (JÞ) í minn garð, er hann gaf í skyn, að jeg væri að steypa ríkissjóði á höfuðið. Það er þá lítil þúfa, sem ríkissjóður getur hnotið um, ef það setur hann á höfuðið, verði þetta frv. afgreitt nokkrum dögum síðar en fyr, eða ekki fyr en sjeð verður um afdrif haftafrv.

Hæstv. atvrh. (MG) vil jeg þakka fyrir orð hans um haftamálið. En þó varð jeg var við dálitla veilu í máli hans. Fyr á þinginu kvaðst hann vera ákveðinn með innflutningshöftum, en nú fylgdi sá böggull skammrifi, að þau yrði að framkvæma án þess, að of nærri yrði gengið ríkissjóði. Það getur verið, að þessi varnagli marki enga stefnubreytingu hjá honum, en þó má vera, að svo sje. Samt vil jeg vona, að það sje ekki.

Jeg vil að lokum beina því til hæstv. fjrh., að jeg er fús á að reyna að stefna að samkomulagi í þessu máli, ef hann vill lýsa yfir því af sinni hálfu, — og jeg tel víst, að nægilega margir hv. þm. muni þá fylgja honum — að hann muni, ef þetta frv. fær fljóta afgreiðslu, vilja vinna að framgangi frv. um innflutningsbann á vörum, sem nema 5—7 milj. kr. árlega. Vilji hann vinna að framgangi slíks frv., og sje þá ákveðinn í því, að slík höft standi það langan tíma, að eitthvert gagn yrði að, t. d. 3 ár, þá skal jeg ekki verða meinsmaður þessa frv.

Jeg átti tal við hæstv. forseta (BSv) um þá rökstuddu dagskrá, sem jeg hefi borið fram, og heyrðist mjer á honum, að hann teldi samþykt hennar hafa það í för með sjer, að þessu máli væri þá lokið. Þetta var alls ekki tilgangur minn. Jeg hafði lesið þá grein þingskapanna, sem lýtur að þessu, og er í fyrri málsgrein talað um að vísa máli frá, einnig um tiltekinn tíma. Síðari málsgreinin ræðir um að vísa máli frá með rökstuddri dagskrá, og hugði jeg, að ákvæði fyrri málsgreinarinnar, um að vísa máli frá um tiltekinn tíma, ætti einnig við um þetta. Jeg get fallið frá þessari rökstuddu dagskrá, en gefi hæstv. fjrh. ekki þá yfirlýsingu, sem jeg hefi beðið um, mun jeg greiða at-

kvæði gegn frv., því að höftin vil jeg fá. Ef það er því vilji hæstv. stjórnar, að einhver höft komist á, vænti jeg þess, að hæstv. fjrh. gefi þá yfirlýsingu, er geti komið mjer til að fylgja þessu frv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg þarf ekki að gefa aðra yfirlýsingu en þá, að staðfesta orð hæstv. atvrh. (MG), sem hann mælti áðan og tók um leið fram, að jeg væri samþykkur. Sje jeg ekki ástæðu til að fara að endurtaka þau ummæli. (*TrÞ*: Hve víðtæk höft?). Svo víðtæk, sem fjárhagur ríkissjóðs leyfir; það er ætlun stjórnarinnar.

Jeg verð að segja, að mjer líkar mun betur við hv. þm. Str. eftir síðari ræðu hans heldur en eftir hina fyrri. Því að eftir henni og rökstuddu dagskránni, sem hann bar fram, varð ekki sjeð annað en að hann vildi snúast á móti þessu frv. og heimta höftin. Það tvent væri sama sem að stefna ríkissjóði í þurð, ef hann er sviftur tekjustofnum sínum án þess að nokkuð sje sett í staðinn. Nú heyri jeg, að þetta hefir ekki verið tilgangur hv. þm., og gleður það mig mjög. (*TrÞ*: Orðalag dagskrárinnar sagði til þess). Jeg skildi dagskrána svo, sem venja er til eftir þingsköpum, að málinu væri vísað frá með henni.

Hv. þm. kvað nú svo fallega að orði, að nú væri spurningin um það eitt, hvort frv. þetta yrði samþykt nokkrum dögum fyr eða síðar. Þetta voru orð, sem mjer líkaði að heyra. En sje ekki spurning um annað, þá mun hver maður geta sjeð, að rjettara er að samþykkja frv. nokkrum dögunum fyr, áður en þær vörur koma, sem nú eru á leiðinni.

Mjer þykir undarleg þau ummæli hv. þm. Str., að sú stjórn, sem er á móti innflutningshöftum, eigi ekki skilið, að henni sjeu fengin í hendur lög um tollauka. Jeg vona, að hv. þm. láti landið sitt ekki gjalda þess, þó að honum sje kalt til þessarar stjórnar. Það er óþarfi fyrir hann, því að hann hefir fullkomlega þinglegri ráð til þess að koma stjórninni frá, ef hann hefir annars atkvæðamagn til þess, en að neita um nauðsynlegan tekjuauka. Segi jeg þetta ekki vegna þarfar minnar að halda áfram að vera fjármálaráðherra, heldur vegna nauðsynjar ríkissjóðs.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal einungis gera stutta athugasemd. Háttv. þm. Str. sagði, að það gæti þýtt stefnubreytingu hjá mjer, að jeg vildi ekki ganga of nærri ríkissjóði með innflutningshöftum. Svo er ekki. Jeg hefi aldrei ætlað mjer að fylgja því, að of nærri ríkissjóðnum sje gengið. Í haftamálinu má ekki fara svo langt, að ríkissjóður komist í þurð. Þetta veit jeg, að háttv. þm. Str. viðurkennir.

Hv. þm. segir, að einu megi gilda, hvort þetta frv. verði afgreitt nokkrum dögum fyr eða síðar. En það getur oltið á nokkrum hundruðum þúsunda fyrir ríkissjóð, hvort þessi tollur næst af vörum, sem koma með næstu skipum. Ef þær vörur sleppa undan tolli, þá mun hann vitanlega fara í vasa þeirra, sem fá þær. Jeg vil því eindregið skora á þá, sem styðja vilja þetta mál, að stuðla að því, að þetta frv. geti orðið samþykt svo snemma, að það öðlist konungsstaðfestingu áður en næsta skip kemur. Ella fer mikið af þessari miklu tollupphæð í vasa þeirra kaupmanna, er vörur þessar fá.

Magnús Torfason: Jeg sje, að rúsínur eru ekki nefndar í frv., og hygg jeg því, að hv. deildarmenn muni líta svo á, að

þeirra þyrfti til uppbótar hjer í háttv deild. Því fremur þykir mjer þetta undarlegt, sem sveskjur eru taldar upp. *(Atvrh. MG:* Það ætti að banna rúsínur).

Jeg skal ekki hella olíu í þann eld, sem hjer hefir verið kyntur, einkum þar sem jeg get ekki sjeð, að það skifti máli, hvort frv. fer nú til 3. umr. Mjer skilst, að dagskrá hv. þm. Str. hefði átt betur við við 3. umr. heldur en nú. Það virðist svo sem deilurnar snúist um það, að þeir, sem fylgja innflutningshöftum, vilji að minsta kosti fá fult tækifæri til að tala við þá, sem eru með þessu frv., en væntanlega mótfallnir höftum. Jeg verð að telja æskilegt, að menn geti rætt um þetta, og því æskilegra sem nú er kominn nýr maður í hv. fjhn., sem vænta má, að sá flokkur, sem fylgir fastast höftunum, telji sjerstaklega fulltrúa sinn í því máli.

Að jeg er svo rólegur í þessu máli, hygg jeg að komi fyrst og fremst af því, að jeg hefi á þingmálafundum í haust lýst afstöðu minni til gengismálsins yfirleitt, en þessi 2 frv., sem nú er deilt um, eru einn þáttur þess máls. Jeg tók þá fram, að vjer ættum að fara 2 leiðir, haftaleiðina og tollaleiðina. Kvaðst jeg ekki geta hugsað mjer þá skipun á innflutningshöftum, að ekki þyrfti að bæta ríkissjóði þau upp með auknum tollum.

Þriðja atriðið, sem jeg tók fram á fundunum í sambandi við þetta mál, var það, að jeg teldi lítið gagn að þessu öllu, nema gerðar væru sjerstakar ráðstafanir til þess, að lögunum yrði hlýtt. Þetta tók jeg fram vegna þess, að eftir því, sem tollar hafa verið hækkaðir og innflutningur á vörum heftur, því meir hefir borið á, að lögunum væri ekki hlýtt. Mjer hefir ætíð verið meinilla við öll lögbrot, en þó sjerstaklega þau, sem snerta tekjur ríkissjóðs. Og þetta, að gera ráðstafanir til þess, að lögunum verði hlýtt, tel jeg langeinfaldasta, ódýrasta og drýgsta ráðið til þess að auka tekjur ríkissjóðs.

Jeg vildi, áður en jeg fer lengra út í málið, drepa á það, að eftir mínu viti og reynslu eru það sjerstaklega tveir tollar, sem koma nokkurn veginn til skila, sem sje vörutollurinn og útflutningsgjaldið. Vitaskuld koma þessi gjöld ekki til skila að öllu leyti; jeg veit t. d. um stórkaupmenn, sem hafa lotið svo lágt að flytja inn spil tolllaust, þó ekki vegna þess, að þeir vildu svíkjast undan vörutollinum, heldur voru þeir að draga sig undan tolli í öðru landi, þar sem hár tollur er á spilum. Útflutningsgjaldið innheimtist einnig nokkurn veginn, það er að segja frá innlendum mönnum, en ekki útlendingum. Sem lögreglustjóri hefi jeg oft átt í feikilegri baráttu við að ná útflutningsgjaldi hjá útlendingum í umdæmi mínu, og svo hefir stundum farið, að þeir hafa komist undan, þó að aðrir lögreglustjórar hafi þá einstaka sinnum haft hendur í hári þeirra. Nú vil jeg því leggja áherslu á, að strangt eftirlit verði haft með því, að allar tekjur ríkissjóðs innheimtist, og vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. stjórn, hvort hún hygst að gera nokkrar ráðstafanir í þessu efni. Mjer er umhugað um þetta, bæði vegna stöðu minnar og ekki síður af þeirri ástæðu, að á þinginu 1917 bar jeg fram frv. í þessa átt.

Að öðru leyti vil jeg taka það fram, að aðalþýðing þessa frv. er sem bráðabirgðaráðstöfun; það er hjer ekki um neitt framtíðarfyrirkomulag að ræða. En þessi ráðstöfun verður að komast fljótt í kring, ef hún á annað borð á að koma að fullu haldi. Vildi jeg mjög mælast til

þess, að kappsamlega yrði starfað að því að ná samkomulagi í þessu máli, svo að það yrði að lögum næsta mánudag. Verð jeg að líta svo á, að það sje ekki góður vilji til að rjetta hag ríkissjóðs í þessu þingi, ef ekki tekst að koma þessu í verk. Það hefði ekki svo mikið að segja, þótt ekki væri eins vel frá haftafrv. gengið eins og þyrfti, því úr því gæti stjórnin altaf bætt með reglugerð. Jeg segi þetta af því, að jeg veit, að ekki er svo vel frá þessu frv. gengið, að það geti komist af án ítarlegrar endurskoðunar. En þetta ber ekki að setja fyrir sig, ef menn á annað borð eru samþykkir því að fara þessa leið. Jeg fyrir mitt leyti er það og lít svo á, að við þurfum með bæði hafta og tolla með fullu eftirliti.

Sveinn Ólafsson: Jeg kvaddi mjer hljóðs af því að jeg vildi svara hæstv. fjrh. (JÞ) nokkrum orðum. Það var einkum ein fullyrðing hjá honum, sem jeg vildi mótmæla. Það var sú fullyrðing, að jeg hefði ágreiningslaust gerst flm. að þessu frv. í fjárhagsnefnd. Jeg mótmæli þessu eindregið. Jeg varð einmitt flm. með alveg sjerstöku skilyrði, sem sje því, að samferða þessu frv. yrði haftafrv. Að öðru leyti vil jeg taka það fram, að þegar hæstv. fjrh. læst ekki skilja í þeirri mótspyrnu, sem þetta frv. yrði nú fyrir, þá má hann sjálfum sjer um kenna, þar sem hann sem formaður fjárhagsnefndar hefir tafið svo fyrir haftafrv., að það komst ekki fram á rjettum tíma. Við minnihlutamenn fórum eindregið fram á það í nefndinni, að það frv. yrði tekið fyrir í nefndinni áður en þetta frv. yrði afgreitt. Því var ekki sint og ýms smámál, og það jafnvel ómerkileg mál, afgreidd á undan.

En það er nú ýmislegt fleira, sem jeg hefi við þetta frv. að athuga og meðferð þess. — Jeg hefi áður talað um þann ókost við það, að ekki væru jafnhliða gerðar neinar ráðstafanir til þess að aftra okursölu á þeim vörum sömu tegundar og verðtollsvörurnar, sem fyrir væru í landinu, er tollurinn væri á lagður. Hæstv. fjrh. svaraði þá á þann hátt, að þeir *góðu kaupmenn* myndu jafna þetta þannig, að setja meðalverð á hvorartveggja, hækka nokkuð eldri birgðir, en selja vægu verði þær nýju, sem tollur lendi á. Það má vel vera, að þeir *góðu kaupmenn* geri þetta, en þá er eftir að vita, hve þessir *góðu kaupmenn* eru margir og hver ráð verða með hina. Jeg hefi þegar frjett um geipilega verðhækkun hjer í bænum síðan reglugerð stjórnarinnar var gefin út, og er sú hækkun þó tæplega afleiðing af neinni samsvarandi hækkun vegna verðtolls, þar sem verðtollslögin eru enn í smíðum. Hæstv. fjrh. kvað kaupmönnum þá heldur ekki myndi vera of gott að græða á þessum eldri birgðum, því að þeir myndu síðar verða fyrir skakkafalli, þegar þessi lög yrðu feld úr gildi og vörur lækkuðu í verði. Jeg tel ekki miklar líkur til þess, að kaupmenn birgi sig svo með torseldum vörum rjett áður en lögin falla úr gildi, að það komi þeim að tjóni. Er hitt hægur vandi fyrir þá, að reikna út, hve mikið þeir þurfa fyrir þann tíma, sem lögin standa, og draga svo inn seglin í lok tímabilsins. — Nei, sú verðhækkun, sem lögð er á þessar eldri vörur, er hreinn gróði í vasa kaupmannsins, án þess að nokkuð tilsvarandi skakkafall komi til jafnvægis. En hitt get jeg vel skilið, að hæstv. fjrh. vilji svo vera láta, því að með þessu og verðtollinum, án varna gegn okursölu, er skarað eldur að köku hans

höfuðstuðningsmanna og skjólstæðinga, Reykjavíkurkaupmannanna.

Hæstv. fjrh. vildi halda því fram, að ekki þyrfti að óttast nein tollsvik, ef verðtollsfrv. yrði eitt afgreitt, en bannvara mundi verða tollsvikin til landsins. Þetta væri vegna þess, að almenningsálitið fordæmdi hrein tollsvik, þótt það sæi í gegnum fingur við þá, sem flyttu inn bannaðar vörur.

Jeg verð að játa það, að mjer þótti þetta nokkuð kringileg röksemd og fullbrosleg til þess að koma úr þessari átt. Jeg hefi satt að segja aldrei heyrt þess getið, að þeir, sem tollsvikju vörur, beri slík mál fyrst undir almenningsálit og leiti þar samþykkis.

Jeg nenni annars ekki að elta ólar um þetta meira við hæstv. fjrh. Jeg vil aðeins, áður en jeg hætti, geta þess, að jeg mun greiða atkvæði með þessu frv. til 3. umr., í þeirri trú, að áður meðferð þess lýkur verði tekin ákvörðun um haftafrv. Sú trú mín er bygð á þeirri yfirlýsingu, sem báðir hæstv. ráðherrar hafa gefið um það, að þeir vilji fylgja höftunum eins langt og ríkissjóður þoli. Þetta er að vísu nokkuð loðin yfirlýsing, og hefði jeg heldur kosið, að hún hefði verið á þá leið, að fylgi hefði verið heitið að ákveðnu marki, t. d. höftum, sem næmu 5—6 milj. kr. En þótt þessi yfirlýsing sje óákveðin, þá gefur hún samt til kynna, að hæstv. ráðherrar sjeu ekki með öllu andvígir haftaleiðinni. Var þess líka að vænta, að jafnvitrir menn myndu sjá, að eigi tjáir að setja sig eindregið á móti því, sem rödd fólksins hrópar svo hátt um, því að ekki væri ólíklegt, að tómlæti hæstv. ráðherra um óskir fólksins kæmi þeim ella í koll við næstu kosningar. Þegar jeg nú lýsi yfir því, að jeg muni greiða atkv. með frv. til 3. umr., þá er það með það fyrir augum, að vel rætist úr þessu fyrirheiti hæstv. stjórnar, þótt það sje ekki sem ljósast. — Annars endurtek jeg það, að þessi yfirlýsing er mjög óákveðin. Með henni er sagt, að hæstv. ráðherrar ætli sjer sjálfir að ákveða eftir eigin geðþótta, hvenær og hve mikið skuli banna og hvenær of nærri sje gengið ríkissjóðnum með höftunum. En það kynnu nú að vera einhverjir fleiri, sem einhvern þátt vildu eiga í þessum ákvörðunum eða athuga þær eftir á.

Jeg skal þó að lokum taka það fram, að jeg hefi með þessu alls ekki tekið neitt fram um það, hvort samverkamenn mínir í nefndinni vilja fylgja frv. með þessum skilningi á yfirlýsingu hæstv. ráðherra. Jeg tel það þó líklegast. Sje það ekki, þá munu þeir koma fram með sínar athugasemdir.

Tryggvi Þórhallsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) ljet þess getið áðan, að hann væri ánægðari með mig nú en hann hefði verið stundum áður. Jeg tel það vel farið, að svo sje, þótt jeg hinsvegar búist við að verða að sætta mig við, að þetta kunni áður en varir að breytast til hins gagnstæða. En jeg get því miður ekki sagt það sama og hæstv. ráðherra. Það er fjarri því, að jeg sje ánægður með svar hans — þetta, að hann muni fylgja höftunum að svo miklu leyti, sem ríkissjóður þoli. Jeg verð að vera tortrygginn í þessu efni af tveim ástæðum. Fyrst af því, að hæstv. ráðherra, sem aðallega er studdur af kaupmönnum, virðist leggja höfuðáhersluna á það að ná með þessu móti tollum fyrir ríkissjóðinn, en hugsa minna um hitt, að sparað sje stórfje fyrir landið alt, með því að loka úti glingurvörur. Hæstv. ráðherra virðist með öðrum orðum fremur kjósa að afla rík-

issjóðnum 400 þúsund króna tekna heldur en að spara 2 miljónir kr. fyrir landið alt. Jeg er algerlega mótfallinn þeirri fjármálastefnu. Það er nauðsynlegt, að öll þjóðin spari, því það hefir drýgst áhrif á gengi peninganna. Íslenska krónan má með engu móti falla frekar en nú er orðið. Við hvert spor, sem stigið er í þá átt að fella krónuna, er þess að gæta, að um leið hækka ekki einasta vextirnir af skuldum ríkisins erlendis, heldur verða og allar erlendar skuldir landsmanna hærri í krónutali, og fá þeir að kenna þunglega á því. Það er því stórum betra, að ríkissjóðurinn sje nokkrum þúsundum fátækari nokkurn tíma en að felt sje enn frekar gengi íslensku krónunnar, og hagur almennings jafnframt borinn fyrir borð Svo að jeg haldi mjer við dæmið, þá er það með öðrum orðum betra, að ríkissjóðurinn sje 400 þús. kr. fátækari en að landið alt tapi 2 miljónum.

Hin ástæðan fyrir mig til þess að vera tortrygginn gagnvart yfirlýsingu hæstv. stjórnar er sú, að bak við hana standa þeir menn, sem hafa sjerstakan hag af því að hindra innflutningshöft, þeir menn, sem einmitt versla með þessar vörur. Það er nú svo, að þm. eru altaf að einhverju leyti háðir vilja kjósendanna, og jeg get mjög vel skilið, að það sje vont fyrir hæstv. stjórn að ganga á móti vilja sterkasta valdsins, sem stendur bak við hana. En þeim mun meiri er ástæðan til tortryggni fyrir okkur hina. Ef hæstv. stjórn vildi stofna hjer til samkomulags, þá ætti hún að orða yfirlýsinguna á þá leið, að hún vildi styðja haftafrv., sem færi aðallega í þá átt, sem þetta frv., sem fram er komið í þinginu, eða þá haftafrv., sem myndi spara þjóðinni sem næmi 5—6 miljónum króna. — Jeg get annars sagt eins og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að jeg get látið vera að spyrna gegn þessu frv. við þessa umr., en endanleg afstaða mín verður undir þessu komin.

Hæstv. fjrh. hneykslaðist á þeim orðum mínum áðan, að ef stjórnin hefði ekki næga alvöru til að hefta innflutning á ónauðsynjavöru til landsins, og bjarga þannig genginu, þá væri ekki fært að láta hana hafa á hendi peningastjórn landsins. En það er nú svo um bæði fullorðna sem börn, að ef þeir hafa ekki peninga undir höndum, þá eyða þeir ekki heldur. Og ef alvöruleysi hæstv. stjórnar er svo mikið, að hún hirðir ekkert um það, þótt peningar landsmanna haldi áfram að falla í verði, þá eru peningar landsmanna eins vel komnir hjá fólkinu eins og í höndum slíkrar stjórnar. Jeg er ekki með þessu að halda fram, að víst sje, að hæstv. stjórn hagi sjer þannig, en jeg verð að telja þessa afstöðu hennar fremur slæman fyrirboða.

Jeg vildi svo að lokum víkja að einu atriði í ræðu hæstv. fjrh. Hann kvað það ekki sæmilegt að leggjast á móti þessu frv., nema bent væri um leið á einhverja tekjulind í staðinn. Þar til er því að svara, að hægt er að ná tolli af þessum vörum, þótt fylgt verði okkar stefnu. Ekki er annað en að telja þær fram og banna síðan að selja þær, nema tollur sje áður greiddur. Þetta er vel hægt, ef hæstv. stjórn aðeins vildi.

Jeg skal annars ekki fjölyrða um þetta meira. Jeg mun ljá frv. fylgi, ef jeg fæ skýr svör hæstv. stjórnar um það, að hún vilji gera eitthvað alvarlegt í haftamálinu. Jeg hefi fyrir sjerstaka þolinmæði hæstv. forseta fengið að tala nú í þriðja sinn, enda mun jeg nú ekki tala lengur. Jeg vil þó að lokum taka það fram, að jeg tel hæstv. stjórn það engan vansa, þótt hún gangi að þessum kostum

til að vinna fylgi með þessu frv. Og jeg fyrirverð mig ekki fyrir það, þótt jeg hafi þetta sem vopn á hæstv. stjórn, til þess að knýja fram jafnmikilsvert mál sem það er að rjetta við gengi íslensku krónunnar, og þar með fjárhag ríkisins.

Atvinnumálaráðherra (MG): Bæði hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hafa tekið það fram, að þeim þættu svör stjórnarinnar loðin og óákveðin, er hún lýsti yfir því, að hún mundi beita innflutningshöftum eins mikið og ríkissjóður þolir. Þeir vilja víst ganga lengra. En jeg tel, að ekki megi ganga lengra en svo, að það sje trygt, að reikningur landsins fyrir árið 1924 sje tekjuhallalaus. (*SvÓ*: Og allar skuldir borgaðar). Nei, ekkert borgað af skuldum, nema það, sem samningsbundið er, og eins lítið af lausum skuldum eins og hægt verður að komast að samningum um.

Háttv. 1. þm. S.-M. sagði, að það væri gott að heyra, að jeg væri ekki með öllu mótfallinn innflutningshöftum. Þessi hv. þm. ætti að muna það, að það var jeg, sem fyrstur bar það mál fram hjer á þingi. En þá var hann sjálfur á móti því. Ennfremur sagði hann, að jeg væri svo vitur að vera ekki á móti höftunum nú, þegar almenningsviljinn væri svo sterkur með þeim. Það var enginn almenningsvilji með þessu máli, er jeg bar það fram fyrst, og hafði það þá engin áhrif á mig. Þetta eru því dylgjur og ástæðulausar aðdróttanir. Þá sagði hann, að af þessari yfirlýsingu leiddi það, að stjórnin ætlaði sjálf að ákveða, hvað hún notaði höftin mikið. Það er ekkert undarlegt. Ef til kemur, fer hún sjálfsagt líkt að nú og stjórnin gerði 1921. Þá setti hún, strax og þingið heimilaði það, reglugerð um innflutningshöft, sem síðan hefir staðið, þangað til fyrir fáum dögum, óhreyfð af þeirri stjórn, er þessir háttv. þm. (SvÓ, TrÞ) hafa stutt. Annars sje jeg vel, hvað liggur á bak við ræður þessara háttv. þm.; það er ekkert annað en undirbúningur til þess að gera aðsúg síðar að stjórninni, hvað svo sem hún kann að gera í þessu efni. Þetta er það, sem fyrir þeim vakir.

Háttv. þm. Str. sagði, að það væru einkum kaupmenn, sem stæðu bak við þessa stjórn. Jeg veit ekki, hvað margir kaupmenn kunna að hafa kosið mig, en hitt veit jeg, að jeg er kosinn á þing með fleiri bændaatkvæðum en hann. Hann kvaðst gera sig ánægðan með það, ef stjórnin vildi styðja að innflutningshöftum, sem gengju í líka átt og ráðgert er í frv. því, sem hjer hefir verið lagt fyrir þingið. Þessa yfirlýsingu getur hv. þm. vel fengið. Jeg undrast bara, að hann skuli sækjast svo fast eftir jafnóákveðinni yfirlýsingu. Honum er víst nóg, hvað lítið sem bannið gengur í líka átt og þetta frv. Þá sagði þessi háttv. þm., að hann vildi ekki samþykkja þetta frv. til þess að láta stjórnina fá fje milli handanna, ef hún vildi ekki framkvæma innflutningshöftin eins og honum líkaði. Mjer dettur ekki í hug, að nokkur stjórn, sem háttv. þm. Str. er á móti, geti gert honum til hæfis. Jeg held yfirleitt, að engin stjórn geti gert svo „oppositioninni“ líki. Þá sagði hann, að það mætti tolla vörurnar úr Gullfossi eftir að þær væru komnar í land. Það er undarleg aðferð, og langtum rjettara að gera það áður, úr því það er hægt; enda hefir sú aðferð, sem háttv. þm. bendir á, aldrei verið viðhöfð. Jeg veit ekki betur en að Gullfoss fari frá Leith á morgun, og er því óhjákvæmilegt, ef lögin eiga að vera komin í gildi áður en hann kemur hingað, að þau

verði afgreidd í síðasta lagi á mánudag. En afleiðingin af því, ef frv. verður ekki afgreitt sem lög þá, er sú, að ríkissjóður missir miklar tekjur; hvað miklar, get jeg ekki sagt, en sjálfsagt ekki minna en 100—200 þús. kr. En það fje er samkvæmt kenningu háttv. 1. þm. S.-M. tekið úr vasa landsmanna og lendir í vasa kaupmanna, ef frv. gengur ekki nógu fljótt fram. Og ber nú undarlega við, er kaupmannastjórn er að seilast niður í vasa kaupmanna, en andstæðingarnir vilja hrúga þangað fjenu. Allir sjá, að eitthvað er bogið við þetta. Og það er líka svo. Mótstaðan gegn frv. er bygð á blekkingum og engu öðru.

Ásgeir Ásgeirsson: Eftir síðustu ræður flokksbræðra minna tveggja (SvÓ og TrÞ) gæti jeg raunar fallið frá orðinu, en úr því að jeg er staðinn upp, vil jeg þó árjetta nokkur atriði. Jeg vil styðja þá tillögu, að málið sje annaðhvort tekið út af dagskrá nú þegar eða þá að það verði þannig undirbúið milli 2. og 3. umr., að engin misklíð þurfi þá að verða um það. Fyrir þessari ósk eru aðallega tvær ástæður. Hin fyrri er sú, að málið er ekki nægilega rannsakað enn; það hefir ekki verið gefin hæfilega skýr skýrsla um það, hve mikið fje muni þurfa í landssjóð til þess að hann komist skammlaust af. Ennfremur er engin skýrsla til um það, hve mikið fje muni fást í landssjóð, ef þetta frv. nær samþykki, enda er það ekki hægt fyr en náðst hefir samkomulag um það, hversu víðtæk innflutningshöft verða sett á þessu þingi. Meðan það er ekki upplýst, hversu mikil fjárþörfin er, og eins hitt, hve mikið lögin muni gefa í tekjur, þá virðist mjer sem háttv. þd. viti ekki eins mikið um orsakir og afleiðingar eins og venja er að krefjast í hverju máli áður en það sje afgreitt. Það er því ekki ástæðulaust að fresta málinu, eða að öðrum kosti að undirbúa það betur fyrir næstu umræðu. En aðalástæðan til þess, að málinu verði frestað, eða undirbúið á ný undir 3. umræðu, er sú, að gengið verði úr skugga um það, hvort innflutningshöft muni ná fram að ganga eða ekki. Um þetta verður að fást full vissa, því margir þdm. munu ekki sjá sjer fært að greiða atkv. með verðtollshækkun nema því aðeins, að nokkur vissa sje fyrir allvíðtækum innflutningshöftum. Þeir, sem annaðhvort fylgja hvorutveggja eða hvorugu, verða að fá vissu sína áður en þeir geta greitt atkvæði. Margir Íhaldsmenn hafa tekið því líklega, að samkomulag muni nást um þetta, en hví ekki að ná því sem fyrst, svo ekki sje hætta á því, að deilur verði eða brigslanir eftir á? Jeg vil því beina þeirri ósk til hæstv. fjrh. (JÞ), sem jafnframt er formaður Íhaldsflokksins, að hann láti rannsaka það milli umr., hversu margir flokksmenn hans vilji fylgja innflutningshöftum og hve langt ganga. Jeg geri ráð fyrir, að enginn Framsóknarflokksmaður vilji tefja fyrir framgangi þessa frv., ef vissa fæst fyrir því, að nægilega margir Íhaldsmenn vilji fylgja að minsta kosti 5—6 milj. kr. innflutningshöftum, þó ekki sje meira. Mjer er mjög óljúft að gerast meinsmaður þessa frv., en á hinn bóginn er mjer ekki hægt að taka afstöðu til þess, nema það sje fyrst ákveðið, hvað það er mikið af vörum, sem tolla á, og hvað á algerlega að banna. Mín skoðun í þessu efni er sú, að eitt eigi að ganga yfir alla. Þeir, sem einhverja kaupgetu hafa, eiga ekki að nota hana til þess að lækka verðgildi þeirra peninga, sem hinir fátæk-

ari hafa handa á milli, og enn síður til þess að örva eða æsa kaupgirni fátæklinga langt um efni fram. Það er mín sannfæring, að í þessu efni eigi hinir ríkari að fresta sinni kaupgetu meðan það getur komið þjóðinni að haldi. Á slíkum tímum sem þessum, og enda altaf, verður þjóðin að vera „solidarisk" í mörgum efnum, og ef hún er það ekki hjer, þá mun verða misbrestur á því víðar. — Jeg hefi nú leitast við að rökstyðja það, að þessi tvö mál, bann og tollur, verða að fylgjast hjer að. Jeg vil undirstrika það, að sú yfirlýsing nægir ekki Framsóknarflokknum, þó hæstv. atvrh. (MG) sje fylgjandi innflutningshöftum, heldur verður það að koma í ljós, hvort nógu margir Íhaldsmenn fylgi þeim, svo þau geti náð fram að ganga. Það er ósk mín, að málið verði þannig undirbúið, sem jeg hefi nú tekið fram, svo það þurfi ekki að verða deiluefni, er það kemur aftur til umræðu, heldur verði afgreitt með samkomulagi, sem heppilegast er fyrir málið sjálft, þjóðina í heild sinni og þessa tvo flokka.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg þarf litlu að svara háttv. 1. þm. S.-M., úr því hann lýsti yfir því í lok ræðu sinnar, að hann ætlaði að greiða þessu frv. atkv. til 3. umr. Og fyrst hann hefir gefið það loforð, þá læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, hvaða hugur stýrir hönd hans við atkvgr. En hvað það snertir, er hann vjek að fjhn. og bar henni á brýn, að hún hefði tafið haftafrv., þá verð jeg sem formaður þeirrar nefndar að segja, að þetta er ekki sanngjarnlega mælt. Það stóð sem sje þannig á, að mjög mörgum málum hafði verið vísað til nefndarinnar áður en haftafrv. kom fram. Nefndin varð fyrst og fremst að snúa sjer að aðalviðfangsefni sínu, því, að búa út frv. til tekjuauka fyrir ríkissjóð. Þetta frv. tók nefndina nokkuð langan tíma, vegna þess að það góða samkomulag, sem fyrst ríkti í nefndinni, versnaði við það, að við höfðum sameiginlegan fund fyrir fjárhagsnefndir beggja deilda, en á þeim fundi lagðist einn flokksmaður hv. 1. þm. S.-M. fast á móti frv., enda fanst þá á á eftir, að þessi háttv. þm. (SvÓ) dignaði í því að fylgja frv. upp frá því. Þó gekk þetta ekki lakar en svo, að á fundi nefndarinnar 17. mars var gengið frá þessu frv. til fulls og frsm. kosinn. Þá lágu enn mörg mál fyrir nefndinni, sem hafði verið vísað til hennar, önnur en haftafrv. Þar að auki nokkur erindi frá hæstv. stjórn. Jeg rjeð því, að næstu fundirnir þrír, 18., 19. og 20. mars, voru teknir til þess að afgreiða þessi mál; og á þessum fundum hygg jeg, að afgreidd hafi verið ein 7—8 mál. Mjer var ljóst, að haftafrv. var tímafrekt, og það var ekki forsvaranlegt að láta öll þessi mál bíða þangað til nefndin hefði lokið við að ganga frá því. Svo komu stjórnarskiftin. Fundurinn 21. mars var síðasti fundurinn í nefndinni, sem jeg stýrði. Þetta, sem nú hefir verið talið, er eina ástæðan til þess, að nefndin hefir ekki þegar afgreitt haftafrv. Hún hefir því ekki tafið það umfram það, sem var beint nauðsynlegt. Stjórnarskiftin og fjárlögin hafa auðvitað tafið málið síðan, en á því á nefndin enga sök.

Hv. 1. þm. S.-M. sagðist mundu fylgja þessu frv. til 3. umr., ef haftafrv. yrði látið koma inn í deildina áður en 3. umr. fer fram um tollafrv. Jeg hefi leyft mjer að fara fram á það, að þetta frv. verði afgreitt hjeðan úr deildinni á morgun með afbrigðum frá þingsköpum, en jeg

veit ekki, hvort hv. fjhn. getur skilað nál. um haftafrv. fyrir þann tíma. En hinsvegar get jeg ekki sjeð, að það samband sje milli þessara mála, að þetta frv., sem samkvæmt eðli sínu verður að flýta sem mest, megi ekki ganga áfram, svo sem rjettmætar ástæður heimta, þó hitt sje enn ekki komið úr nefnd.

Háttv. þm. Str. (TrÞ) kvaðst vera tortrygginn í garð okkar ráðherranna. Hann er stjórnarandstæðingur, og það er því hans hlutverk að vera tortrygginn og leggja orð og gerðir stjórnarinnar á tortryggninnar vogarskálar. Þessi hv. þm. sagði, að jeg hefði lýst því yfir, að mjer þætti meira um það vert, að ríkissjóður fengi 100 þús. kr. heldur en ef þjóðin sparaði 2 milj. kr. Þetta er auðvitað ekki rjett, eins og sjest á frv. Þar er farið fram á 20% tollhækkun, svo ríkissjóður fær af hverri miljón 200 þús. kr. Annars ber okkur hv. þm. Str. það einkum á milli, að hann telur það efalaust, að innflutningshöft muni hækka gengi íslensku krónunnar. Þá trú hefi jeg ekki. Innflutningshöft geta verið gagnleg og að vissu leyti nauðsynleg, en mjer dettur ekki í hug, að þau muni hækka gengið. Tollur, sem gefur ríkissjóði tekjur, svo hægt sje að afgreiða fjárlög ríkisins tekjuhallalaust og greiða nokkuð af skuldum, hefir meiri áhrif í þá átt að rjetta við gengið heldur en innflutningshöft.

Háttv. þm. Str. vildi verja sig gagnvart orðum mínum um það, hvers vegna hann benti ekki á aðra leið til þess að auka tekjur ríkissjóðs, með því að segja, að það mætti leggja gjald á óseldar vörubirgðir. Háttv. þm. veit, að ekki muni auðvelt að framkvæma þetta. En þó þetta yrði gert, líklega með brtt. við þetta frv., þá er það sannast að segja, að sú upphæð, sem þannig fengist, nægir ekki. Smáupphæð í eitt skifti fyrir öll getur ekki komið í staðinn fyrir innflutningsgjald sem það, er hjer um ræðir.

Að þeir menn standi að baki stjórninni, sem einkum hafa óhag af höftum, hefir ekki við nein rök að styðjast. Það mætti þá eins segja það um háttv. þm. Str. Eins og allir geta sjeð á síðustu kosningum, þá stendur að baki þessari stjórn langfjölmennasti flokkur landsmanna, sá flokkur, sem hefir nálega helmingi fleiri atkvæði heldur en nokkur hinna flokkanna. En í þeim flokki eru kaupmenn svo lítill hluti, að þeirra gætir ekki; en annars eru þeir vitanlega eins góðir borgarar eins og hverjir aðrir kjósendur. Annars geri jeg ráð fyrir því, að það verði fyrir þessari stjórn eins og öðrum, að ef hún vill líta eftir vilja kjósenda, þá líti hún þangað, sem fjöldinn er.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði, að málið væri ekki nægilega rannsakað; það vantaði bæði skýrslu um fjárþörf ríkissjóðs og eins áætlun um það, hvað mikið fje muni fást með þessu frv. Mjer datt ekki í hug, að nokkur þm. fylgdist svo illa með, að þetta þyrfti að endurtaka, því það er gerð ítarleg grein fyrir þessu í nál. fjhn. á þskj. 114 og 119, viðvíkjandi stjfrv. um 25% gengisviðauka á innflutningsgjaldi. Og hvað það snertir, hve miklar tekjur þurfi til þess, að ekki verði tekjuhalli, þá er mín niðurstaða sú, að til þess þurfi 1½ miljón kr. í nýjar tekjur. Samkvæmt nál. þessu er gert ráð fyrir því, að tekjuaukinn af stjfrv. um 25% tollhækkun, sem nú er orðið að lögum, nemi ½ miljón kr., og því, sem þá skortir, er hugsað til að ná með þessu frv., og ef til vill einu litlu frv. enn, sem ekki er komið frá fjhn. En það er frv. frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um það, að áfengisverslunin megi leggja á lyfja-

spíritus eins og annað áfengi. Mestum hluta þessarar miljónar verður að ná með þessu frv. Í greinargerð frv. er skýrt frá því, að innflutningur þeirra vörutegunda, sem verðtollurinn á að ná til, hafi numið 10 milj. kr. árið 1921, en yngri skýrslur eru ekki til ennþá. Og án þess að með neinni vissu verði sagt um, hversu mikill innflutningurinn muni verða, ef tollhækkun þessi kemst á, þá geta hv. þm. ef þeir vilja líta með velvild á málið, reiknað út, hversu mikið þessi innflutningur megi lækka frá því, sem var 1921, án þess að frv. þetta missi marks síns. Til þess að ná 1 milj. kr. tekjuauka með þessu frv. þarf verð þeirra vörutegunda, sem eftir því verða tollskyldar, að nema 5 miljónum fob. í erlendri höfn, og er því gert ráð fyrir, að innflutningur þeirra minki um 5 milj. kr. að minsta kosti. Það sýnist því vera lítið raunverulegt ágreiningsefni milli okkar og hv. Framsóknarflokksmanna, þar sem þeir halda því að stjórninni, að hún gefi yfirlýsingu um, að hún vilji að minsta kosti hefta innflutning, sem svarar 5—6 milj. kr., en við gerum ráð fyrir, að þeim árangri verði náð með þessu frv., sem þar að auki mun auka tekjur ríkissjóðs um eina miljón. Og enda þótt við viljum ekki gefa neina ákveðna yfirlýsingu um þetta efni, þá geta þeir ekki forsvarað að tefja fyrir framgangi þessa frv. á þeim grundvelli, að svo mikið beri á milli að því er þetta atriði snertir.

Þá má ekki gleyma því í sambandi við þetta mál, að ef albanna á sumar vörutegundir, en tolla aðrar, þá getur enginn búist við því, að innflutningur haldist óbreyttur á þeim vörum, er svo mjög verða tollaðar, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu. Svona hár tollur hlýtur að hafa í för með sjer stórmikla takmörkun á innflutningi þeirra vörutegunda, sem hann nær til.

Það nær því engri átt að gera þær kröfur, að fyrst sje bannaður með öllu innflutningur helmings þess varnings, sem hjer um ræðir, en tolla síðan svo mjög hinn helminginn. Með því móti nægir frv. þetta ekki til að bæta úr hinni brýnu þörf ríkissjóðs.

Eins og jeg hefi áður sagt, er ekki mögulegt að gera neina ákveðna áætlun um tekjur ríkissjóðs samkv. þessu frv. Það getur vel brugðist, að innflutningur umræddra vörutegunda nemi 5 milj. kr., sem þarf til þess að áætlun fjhn. standist. Það getur meir en vel farið svo, og reyndar ekki ósennilegt, að svona mikil tollhækkun dragi enn meira úr innflutningnum, og er sjerstaklega hætt við því, að fyrsta og jafnvel annað árið verki hún að mestu sem algert bann. En um það er ekki hægt að segja að svo stöddu. Reynslan verður að skera úr því. En í augum þeirra, sem telja takmarkaðan innflutning fyrir öllu, ætti ekki að vera ástæða að leggjast á móti frv. þessu af þeim ástæðum, að tekjur samkvæmt því verði óvissar, sökum þess, hversu mjög það dragi úr innflutningi.

Mjer virðist sem nokkur metnaður sje kominn í hv. þm. út af máli þessu, og finst mjer á tali þeirra, er mesta trú hafa á innflutningshöftum, að þeir leggja svo ákaflega mikið upp úr því að þau verði sett nú með nýjum lögum.

Kemur þetta einkum í ljós hjá hinum nýju þm., og munu þeir sennilega ætla að hrósa sjer af þeim lögum eftir á. Fæ jeg ekki betur skilið en að þeim þætti miður, að höftin yrðu sett með reglugerð samkv. heimild í eldri lögum. En jeg á bágt með

að trúa því, að svona atriði verði gert að því kappsmáli, að þetta frv. verði látið gjalda þess og tafinn framgangur þess á þeim grundvelli, og vona jeg, að við 3. umr. komi í ljós, að svo er ekki. Hitt, að rannsaka hve margir Íhaldsflokksmenn eru fylgjandi innflutningshaftafrv., eins og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) talaði um, er ómögulegt. Jeg býst við, að svo sje ástatt um þá, eins og aðra hv. þm., sem ekki eru þá bundnir sjerstaklega við flokkssamþyktir á bak við tjöldin, að afstaða þeirra til slíks frv. fari mjög eftir því, hvernig frv. er. Jeg þykist vita, þó mjer sje það ekki fullkunnugt, að fáir þeirra muni geta gengið að haftafrv. því, sem nú liggur fyrir þessari hv. deild, óbreyttu. Jeg er líka viss um, að fáir hv. Framsóknarflokksmenn muni gera það, ef þeir ættu á hættu, að atkvæði þeirra rjeðu því, að það frv. yrði að lögum. Því frv. þarf að breyta og það allverulega. Það er því vonlaust, ef þetta frv. á að ná fram að ganga með hæfilegum hraða, að rannsaka áður skoðanir þm. Íhaldsflokksins á haftafrv., eins og háttv. þm. (ÁÁ) bað um. Ef fyrir lægju ákveðnar skynsamlegar uppástungur í haftamálinu, mætti bera þær undir Íhaldsflokkinn, en lengra verður ekki farið með jafnskynsama menn og þann flokk skipa. Þeir geta tekið afstöðu til þess, sem þeir sjá skýrt lagt fram fyrir sig, en ekki til hins, sem þeir vita ekkert hvað er og sjá hvorki haus nje hala á.

Jeg vil enda mál mitt með því að minna á það, sem hæstv. atvrh. (MG) tók fram, og jeg hefi reyndar áður um getið, að ef menn vilja ná tolli þeim, sem frv. gerir ráð fyrir, af þeim vörum, sem koma til landsins með næstu skipum, sem eru sum á leið hingað, þeim vörum, sem bann bráðabirgðareglugerðarinnar nær ekki til, þá verð jeg að biðja um, að frv. verði afgreitt frá þessari hv. deild með afbrigðum frá þingsköpum á morgun. Framsóknarflokkurinn hefir að vísu atkvæðamagn til þess að neita um þau afbrigði, en jeg treysti því, að sá litli ágreiningur, sem kann að vera um efni haftafrv., verði þess ekki valdandi, að ríkissjóður þar fyrir missi þessar tekjur í vasa einstakra manna, einkum kaupmanna.

Klemens Jónsson: Einn háttv. þm. Íhaldsflokksins skaut því fram í umræðurnar, að óþarfi væri að semja ný haftalög, því að heimildarlögin frá 1920 væru enn í gildi og þinginu væri nóg að skora á stjórnina að beita þeim svo stranglega, sem fjárhagur landsins leyfði. Þetta er sama skoðun, sem komið hefir í ljós hjá tveim hæstv. ráðherrum, að fyrst beri að líta á fjárhag ríkissjóðs. Þetta er gömul og góð kenning, en taka skal jeg það skýrt fram, að jeg mun ekki treysta hvaða stjórn sem væri til að meta þarfir ríkissjóðs gagnvart öðru gagni, sem af innflutningshöftum má leiða.

Ef kaupmaður sæti t. d. í atvrh.-sessi, kæmi mjer ekki til hugar að bera svo mikið traust til hans, að jeg teldi nægja að afgreiða haftamálið með því að samþykkja áskorun til hans um að beita lögunum frá 1920 eftir eigin geðþótta. Annað mál er það, að mjer hefir skilist, að núverandi hæstv. atvrh. (MG) sje eindreginn haftamaður, og get jeg því betur treyst honum í þessum efnum.

Jeg hefi oft áður lýst því yfir í þessari hv. deild, að vel er hægt að beita lögunum frá 1920 betur en gert hefir verið, og jafnvel svo, að fult gagn væri að. Sýnir bráðabirgðareglugerð sú, sem jeg setti á

dögunum, þetta best. En til þess að þeim lögum verði beitt, þarf stjórn landsins að hafa í því efni ákveðinn þingvilja að baki sjer. Þessi þingvilji var ekki til staðar árið 1921; miklu fremur var stjórninni þá lagt á herðar að veita undanþágur frá banninu. Sama er að segja um þingið 1922. Þá var öllum ljóst, að meiri hluti þess var á móti ströngu innflutningsbanni; taldi sjálfsagt, að undanþágur væru veittar. Yfir höfuð að tala hefir vilji þingsins verið svo á reiki á undanförnum árum, að stjórnin hefir aldrei haft fastan botn að standa á.

Því álít jeg, að rjettara sje og heppilegra bæði fyrir hæstv. stjórn og landsmenn yfirleitt, að nú verði samþykt ný haftalög, heldur en að gamla heimildin í lögum frá 8. mars 1920 verði notuð. Þau lög setja stjórninni í sjálfsvald, hvað hún bannar og hvað ekki, svo og hverjar undanþágur hún veitir. Hún hefir jafnvel á valdi sínu að banna það í dag, sem leyft var í gær. Er miklu heppilegra, að menn viti með vissu, hvað bannað er að flytja inn, og um leið, að alveg sje loku skotið fyrir allar undanþágur. Af þessum ástæðum tel jeg alveg bráðnauðsynlegt, að ný, ströng haftalög verði samþykt, ekki síst fyrir hæstv. stjórn, því allir vita, hvílíkur aðsúgur er gerður að henni, ef nokkurra undanþága er von. Jeg get því ekki fallist á, að þessi skoðun hæstv. stjórnar og annara, sem henni kunna að fylgja, sje rjett.

Jeg hefi oftar en einu sinni tekið fram, að jeg álít slík haftalög tvíeggjað sverð. Því meira sem bannað er að flytja inn, því meira missir ríkissjóður af tolltekjum. Þess vegna má ekki banna innflutning frekar en ríkissjóður fær risið undir, ekki síst nú, þar sem fjárhagurinn er svo erfiður. Um þetta atriði er jeg sammála hæstv. ráðherrum. Því hefi jeg fallist á, að tiltækilegt sje að banna sumar miður nauðsynlegar vörutegundir, en tolla aðrar, og get þess vegna fallist á frv. þetta, en vel að merkja, með því skilyrði aðeins, að alveg sje víst, að innflutningshöft komi á eftir. Sama sagði hæstv. fjrh. Hann taldi, að með þessu frv. væri fyrri áfangi leiðarinnar farinn, höftin kæmu á eftir. Vil jeg treysta því, að hann hafi talað þar sem formaður Íhaldsflokksins, og því megi vonast eftir stuðningi þess flokks við innflutningshöft.

Hæstv. fjrh. ljet svo um mælt í dag, að svo mundi vera ástatt með þjóðinni, að mönnum þætti engin minkun í því að brjóta aðflutningsbannlög, því að almenningsálitið væri á móti þeim. Alt öðru máli væri að gegna um tollsvik. Þetta er, að mínu viti, gersamlega rangt. Jeg held, því miður, að líkt sje um hvorttveggja, bannlög og tolllög; menn víla ekki fyrir sjer að brjóta hvor þeirra sem eru. Jeg kannast ekki við, að menn sjeu nokkuð hneigðari fyrir að brjóta hafta- eða bannlög heldur en að svíkja undan tolli. Að vísu er tollalöggjöf eldri, en tollsvik munu líka hafa þekst hjer löngu áður en bannlög komu til sögunnar, eða sú er mín reynsla. Fram að aldamótum mun lítið hafa kveðið að tollsvikum hjer á landi, en árið 1899 voru tollar hækkaðir að miklum mun, og strax á eftir varð jeg var við tollsvik, sem jeg hafði ekki orðið áður var við, og enda er það alkunna, að tolllög voru brotin að mun hjer á landi áður en nokkur bannlög komu til sögunnar, og gæti jeg nefnt þess allmörg dæmi, ef þess gerðist þörf. Þannig hafa tollsvik verið brautryðjandi brota á aðflutningsbannlögum, ef svo mætti að orði komast. Þeir, sem eru heiðarlegir, brjóta hvoruga löggjöfina, en hinum, sem vilja hafa sig til

þess, verður ekki síður skotaskuld úr að brjóta tolllög heldur en bannlög. Ef þessi skoðun hæstv. fjrh. á að styðja það, að almenningur sje fremur á móti höftum en tollum, þá vil jeg spyrja hann, hvort hann hafi ekki orðið var við neina breytingu í því efni síðan á síðasta þingi. Jeg held, að þá hefði haftafrv. ekki náð samþykki þingsins, en nú eru allar líkur fyrir, að svo verði. Og jeg vil ennfremur spyrja hæstv. ráðherra að því, hvort hann hafi ekki lesið þingmálafundargerðir þær, sem fyrir þinginu liggja og þar sem víðast er krafist strangra innflutningshafta. Jeg hygg, að úr velflestum kjördæmum landsins liggi fyrir kröfur um innflutningshöft. T. d. voru í einu kjördæmi haldnir 7 eða 8 þingmálafundir, og er hafta sterklega krafist á þeim öllum.

Nú síðast sagði hæstv. fjrh., að þó að haftafrv. yrði samþykt, myndi það hrökkva skamt til þess að hækka gengi ísl. krónunnar. Jeg er alveg ósammála hæstv. ráðherra um þetta atriði. Jeg er sannfærður um, að ef okkur tekst að hefta innflutning fyrir svo sem 5—6 miljónir kr., þá muni það fljótlega hjálpa okkur til að ná hagkvæmum verslunarjöfnuði, og því hækka gildi peninga vorra. Það er enginn vafi á því, að ströng haftalög eru afarmikilvægur, ef ekki mestur, þáttur í því að rjetta við gildi ísl. krónunnar, þó að þau sjeu vitanlega ekki einhlít, því að ekkert ráð mun einhlítt í því efni.

Þetta frv. hefir, eins og eðlilegt er, verið sett í samband við haftamálið og gengið að því sem gefnu, að nál. í báðum þessum málum yrði skilað jafnsnemma og þau tekin samtímis fyrir þessa hv. deild. Hefi jeg altaf búist við því, að samkomulag næðist um þessi mál milli aðalflokkanna í þinginu, og má vel vera, að svo verði enn, ef vikið verður að því fljótlega, að nál. um haftafrv. verði skilað á morgun, sem ætti ekki að vera hv. fjhn. ofvaxið, og það því fremur, að ekki var hægt að skilja hæstv. fjrh. öðruvísi en svo, að Íhaldsflokkurinn hefði þegar tekið afstöðu til haftamálanna. (*BL*: Nei, alls ekki). Jeg gat ekki skilið hæstv. fjrh. á annan veg, og sömuleiðis annan hv. þm. flokksins.

Jeg get nú lýst því yfir, að svo framarlega sem hæstv. stjórn vill greiða fyrir fljótri afgreiðslu haftafrv. til deildarinnar, og með hliðsjón af því, að hæstv. atvrh. hefir talið sig fylgjandi innflutningshöftum, sem jeg vil ekki rengja, þá mun jeg í trausti þessa hvorstveggja greiða atkvæði með þessu frv. Hvort það verður lengur en til 3. umr., kemur undir því, hversu vel Íhaldsflokkurinn bregst við í haftamálinu. Jeg vildi nauðugur þurfa að grípa til þeirra ráða að tefja fyrir þessu frv., en hvort svo verður, er undir hv. stjórnarflokki komið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg gæti skilið þær kröfur, sem fram hafa komið um fljóta afgreiðslu haftamálanna, ef nokkur sjerstök hætta væri á miklu aðstreymi þeirra vörutegunda, sem banna ætti. En sú hætta er ekki á ferðum. Það er búið að byrgja þann brunn, með því að gefin hefir verið út bráðabirgðareglugerð, sem bannar með öllu innflutning á öllum þeim vörum, sem til mála getur komið, að bannaðar verði til frambúðar. Stjórnin getur lýst því yfir, að hún mun láta þá reglugerð standa, a. m. k. lítið breytta, á meðan þingið hefir haftamálin til meðferðar. Og hvað liggur þá á að flýta svo mjög afgreiðslu haftafrv.? Alt öðru máli er að gegna um þetta tollhækkunarfrv. Vörur, sem tollskyldar verða samkv. því, streyma til landsins strax næstu daga, og

því ríður á, að tollhækkunin nái til þeirra. En höftin eru þegar komin á hvort eð er, og fæ jeg því ekki skilið, að skift geti miklu máli, hvort haftafrv. verður afgreitt hálfum mánuði fyr eða síðar. *(KlJ:* Ef það verður þá afgreitt). Jeg veit, að það var aldrei ætlun fjhn. að setjast á það frv., og hefi jeg áður skýrt frá því, hvers vegna afgreiðsla þess hefir dregist, af eðlilegum ástæðum. Jeg veit, að bæði hv. 2. þm. Rang. (KlJ) og aðrir hv. þm. geta fallist á, að aðstaðan í þessu máli og haftamálinu er svo ólík, að engin ástæða sje til þess að hefta framgang þessa frv. hennar vegna.

Ásgeir Ásgeirsson: Mjer var það fullkomlega ljóst, hvaða skýrslur hafa komið frá hv. fjvn., þótt hæstv. fjrh. efaðist um það. En jeg vil leyfa mjer að spyrja hæstv. fjrh., hvernig hann fer að reikna út tekjuhalla yfirstandandi árs meðan óvíst er, hversu mikið hefst upp úr þessum auknu tollum, ef ströng innflutningshöft verða sett. Ennfremur vil jeg spyrja hann, hvernig hann fer að reikna út, hve miklu landssjóður muni tapa af verðtollinum meðan óákveðið er, hve víðtæk innflutningshöft verða sett. Á þetta vildi jeg benda í síðustu ræðu minni, og sömuleiðis sýndi jeg Íhaldsflokknum það traust, að hann gæti tekið ákvörðun í máli, sem búið er að liggja jafnlengi fyrir þinginu og haftamálið, og þyrfti ekki að gefa nein hikandi svör. Það mál er búið að liggja svo lengi fyrir þinginu, að jeg trúi ekki öðru en það hafi verið rætt ítarlega í flokknum. Og enda þótt formaður flokksins gefi það í skyn, að aldrei hafi legið neinar skynsamlegar tillögur í því máli fyrir þinginu, og honum þyki frv. það, sem tveir Framsóknarflokksmenn hafa borið fram, óskynsamlegt, þá hlýtur hæstv. fjármálaráðherra að bera það traust til síns flokks, að hann hefði getað sjálfur komið fram með einhverjar skynsamlegar tillögur í málinu. En við viljum fá ákveðin svör. Við þurfum ekki að spyrja um vilja hæstv. atvrh., því hann hefir altaf verið fylgjandi innflutningshöftum, heldur aðeins um það, hversu langt hans flokksmenn vilja fylgja honum í því máli. Ef gefin verða af Íhaldsflokknum yfirleitt jafnóákveðin svör og hæstv. fjrh. hefir gert, þannig, að halda mætti, að þeir vildu engin önnur höft en þau, sem liggja í 20% tollinum, eins og helst var að skilja af ræðu hans, þá er það ljóst, eins og líka hefir komið fram undir umræðunum, að Framsóknarflokkurinn getur alls ekki látið sjer það nægja. Jeg viðurkenni það, að þessu máli liggur á, en stjórnin hefir það alveg í hendi sjer, hvort það kemst fljótt í gegnum þingið eða ekki. Ef hún aðeins gefur hiklaus svör viðvíkjandi haftamálinu — þau svör, sem Framsóknarflokkurinn getur látið sjer nægja — þá er flokkurinn reiðubúinn til þess að veita þau afbrigði frá þingsköpunum, sem nauðsynleg eru til þess, að málinu verði hraðað.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Str. (TrÞ) tekin aftur.

Brtt. 228,I samþ. með 18 shlj. atkv.

— 228,II samþ. með 22 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 22:1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 19:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 246, 249, 250).

Of skamt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 249 og 250.

Þorleifur Jónsson: Áður en til atkv. er gengið um það, hvort afbrigði frá þingsköpum skuli leyfð, vil jeg leyfa mjer að segja fáein orð. Framsóknarflokkurinn hefir, utan fundar, snúið sjer til hæstv. stjórnar og beint til hennar þeirri spurningu, hvort hún vilji stuðla að því, að samþykt verði frv. um höft á aðflutningi, er sje í öllum aðalatriðum eins og frv. það, sem flokkurinn hefir borið fram. Að fenginni yfirlýsingu hennar um, að hún vilji koma á aðflutningshöftum á þessum grundvelli, mun flokkurinn gera alt til þess, að þetta mál fái fljóta afgreiðslu. Leyfi jeg mjer nú að óska svars fyrir hönd flokksins.

Fjármálaráðherra (JÞ): Stjórnin hefir þegar við 2. umr. lýst yfir því, hve langt hún vilji fara í því að beita innflutningshöftum. Í umræddri fyrirspurn Framsóknarflokksins til stjórnarinnar er farið fram á, að stjórnin gefi yfirlýsingu um það, hvort hún vilji fylgja fram frv. um innflutningshöft, sem sje í aðalatriðum eins og það frv., sem þegar er fram komið um það efni frá tveim hv. þm. Framsóknarflokksins. Jeg verð nú að segja það, að jeg sje ekki, hvaða rjett Framsóknarflokkurinn á til þess, að stjórnin, í umræðum um annað mál, gefi yfirlýsingu um, hvort eða hve mjög hún vilji styðja að innflutningshöftum. Jeg sje ekki heldur, að stjórnin geti gefið ákveðnari yfirlýsingu um þetta en hún hefir þegar gert, og jeg skil ekki, að Framsóknarflokkurinn græddi nokkuð frekar á því, að stjórnin lýsti því yfir, að hún vildi fylgja frv., sem væri í aðalatriðunum eins og frv. hv. þm. flokksins, því að hver á svo að dæma um, hvað eru aðalatriði og hvað aukaatriði? Hver á þar að vera dómari? Á Framsóknarflokkurinn að vera það eða stjórnin? Eigi stjórnin að kveða upp dóminn, þá getur hún gefið yfirlýsingu um þetta, en hún yrði þá líka lítils virði fyrir hinn aðiljann. Annars getur hún það alls ekki.

Þorleifur Jónsson: Þar sem stjórnin hefir neitað að gefa þá yfirlýsingu, sem jeg óskaði eftir, þá vil jeg mælast til þess við hæstv. forseta, að frv. verði seinkað á dagskránni, svo að flokkurinn geti fhugað málið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því, að fundarhlje verði gefið strax.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg get ekki sjeð, að hæstv. stjórn sje neinn vandi að gefa samhljóða yfirlýsingu og hæstv. fjrh. gaf í gær.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get vísað til þeirrar yfirlýsingar, sem jeg gaf í gær. Jeg veit ekki betur en að hún væri fullskýr. Mjer finst ekki nein nauðsyn á því, að sjerstakt frv. um innflutningshöft komist í gegnum þingið. Það ætti ekki að vera neitt aðalatriði, hvort ný lög um þetta efni verða afgreidd eða farið eftir eldri lögum. Ef innflutningshöftin eru framkvæmd nægilega röggsamlega, hvort sem ný lög koma eða ekki, þá finst mjer, að það ætti að duga. Annars get jeg tekið það fram, að jeg er alveg sammála hæstv. fjrh. í því, að eigi stjórnin að ákveða, hvað eru aðalatriði og hvað aukaatriði í frv. hv. þm. Framsóknarflokksins um innflutningshöft, þá er ekkert unnið fyrir flokkinn við þá yfirlýsingu, er hann fer fram á, að stjórnin gefi. Annars skal jeg lýsa því yfir, að jeg læt

Framsóknarflokkinn ekki kúga mig til eins eða neins og gef þess vegna ekki neina þá yfirlýsingu, sem jeg þykist ekki geta staðið mig við að gefa. Jeg læt ekki svínbeygja mig í þessu máli frekar en öðrum.

Klemens Jónsson: Hæstv. atvinnumálaráðherra segir nú, að alveg eins megi beita lögunum frá 1920 um innflutningshöft eins og að setja ný lög um það efni. En yfirlýsingu þá, sem hæstv. atvrh. gaf í gær, gat jeg ekki skilið öðruvísi en svo, að þar væri um ný lög að ræða. Sje svo, að hæstv. stjórn ætli ekki að standa við gefið loforð, þá þarf ekki mín vegna að gefa neinn frest í málinu. Jeg verð ákveðinn á móti því, að afbrigði verði leyfð.

Fjármálaráðherra (JÞ): Formaður Framsóknarflokksins hefir stungið upp á því, að gefinn verði frestur, svo að flokkurinn fái að athuga, hvað gera skuli. Vil jeg biðja hv. þm. Framsóknarflokksins að athuga vel málið, áður en þeir taka á sig þá ábyrgð að koma í veg fyrir, að þessi lög um verðtoll gangi í gildi nógu snemma til þess að tollur náist af þeim skipaförmum, sem þegar útgefin reglugerð um innflutningsbann nær ekki til. Annars sje jeg ekki, að það sje neitt aðalatriði, hvort samþykt verða á þessu þingi ný lög um innflutningshöft eða lögin frá 1920 verða látin duga.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer skildist á háttv. 2. þm. Rang. (KlJ), að hann vildi bera mjer á brýn, að jeg hefði breytt skoðun minni á þessu máli frá í gær. Jeg kannast alls ekki við það. Jeg hefi ekkert sagt um, hvort jeg ætli að nota ný lög eða gömul. En jeg hefi sagt, að jeg vilji ekki binda mig. Jeg á það heldur alls ekki víst, að hægt yrði að koma nýjum lögum gegnum þingið. Aftur á móti hefi jeg sagt, að jeg ætli að beita höftum. Ef Framsóknarflokkurinn vill ekki láta sjer nægja það, þá verður að fara sem fara vill.

Klemens Jónsson: Fari svo, að verðtollslögin gangi ekki fram, þá er það stjórninni að kenna, þar sem hún gengur á gefin loforð. *(Atvrh. MG:* Ósatt, ósatt. — *BL*: Þetta er Framsóknarpólitík!).

Forseti (BSv): Jeg gef nú 15 mínútna fundarhlje, samkvæmt beiðni formanns Framsóknarflokksins, hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ).

Fundarhlje í 15 mínútur.

Forseti (BSv): Þá verður fundi haldið áfram.

Þess skal getið, að fjárlög koma ekki til 3. umræðu fyrr en á þriðjudag. Er því fresturinn, sem þm. var gefinn til að koma fram með brtt., lengdur fram til annars kvölds kl. 8.

Þorleifur Jónsson: Þar sem fram kom, að hæstv. stjórn getur svarað spurningu Framsóknarflokksins játandi, ef hún má dæma sjálf um, hvað eru aðalatriði og hvað aukaatriði í frv. því, sem fram er komið um innflutningshöft, þá hefir flokkurinn ákveðið til samkomulags, að stjórnin megi hafa þar sjálf dómsvaldið. Leyfi jeg mjer að skýra frá, fyrir flokksins hönd, að hann mun styðja að því, að frv. um verðtoll, sem nú er á dagskrá, nái sem fyrst fram að ganga. Ef stjórnin hefir ekki neitt við þetta að athuga, þá verð-

ur það að skoðast sem samþykki, enda ætti henni að vera fullnægt með þessu, eftir því sem hæstv. fjrh. mælti áður um.

Fjármálaráðherra (JÞ): Stjórnin vísar að öllu leyti til yfirlýsingar sinnar í gær um það, að hún mun framkvæma innflutningshöft á óþörfum varningi eftir því, sem frekast er unt án þess að ganga of nærri ríkissjóði, en tekur enga afstöðu til þess, hvort um þetta mál verði sett ný lög á þessu þingi eða notuð heimildin samkv. lögunum frá 8. mars 1920.

ATKVGR.

Afbrigði um frv. og brtt. 249 og 250 leyfð og samþ. með 16:1 atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hefi leyft mjer, ásamt hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að koma fram með brtt. á þskj. 250 við þetta frv. Fer breytingartillagan fram á, að nokkrar algengar vefnaðarvörutegundir, sem kaupstaðabúar, einkum þeir fátækustu, geta ekki án verið, verði undanþegnar þessum verðtolli. Vænti jeg, að hv. þm. hafi aðgætt brtt. Eftir því, sem jeg þekki til, veit jeg að slíkur tollur kæmi allhart niður á mönnum, einkum í stærri kaupstöðunum. Býst jeg ekki við, að hv. deild vilji verða til þess að íþyngja fátæklingum á landi hjer meira en þörf gerist. Og jeg þykist viss um, að það hefir heldur ekki verið tilætlun hv. fjárhagsnefndar. Mjer hefir annast fundist þessu verðtollsfrv. talsvert ábótavant. En jeg hygg, að þessi brtt. bæti nokkuð úr, ef hún verður samþykt.

Þar sem verðtollurinn nær til, eru fremur þær vörutegundir, sem síður verða taldar nauðsynjavörur, og þeir, sem minna gjaldþol hafa, geta því fremur við sig sparað. En jeg býst við því, að mönnum finnist nóg dýrtíð í landinu, þó Alþingi gerði sitt ýtrasta til þess að draga úr henni. Það má vera, að þessi undanþága geri máske eitthvað erfiðara með eftirlit, en jeg hygg, að það sje ekki svo miklu nemi. En þar sem þessar vörutegundir eru tiltölulega fáar, ætti það að vera hægara að líta eftir því, að undanbrögð frá tollgreiðslum ætti sjer ekki stað, að minsta kosti ekki svo neinu næmi, en þó svo færi, að það yrði afleiðing hennar, að eigi væri hægt að gera við þessum undanbrögðum, teldi jeg það þó skárra en að fátæku fólki yrði íþyngt um of vegna þess, að því væri gert ókleift að afla sjer þeirra nauðsynja, sem það getur ekki án verið. Hins vegar munar ríkissjóð ekki svo mjög um tollinn af þessum vörum. Þetta voru aðalástæðurnar, sem vöktu fyrir okkur flm., er við ákváðum að bera þessa brtt. fram, sem jeg vænti, að hv. deild geti fallist á.

Jón Baldvinsson: Þegar hæstv. fjrh. las upp skulda-„registur“ ríkissjóðs, skildist mjer sem það ætti að vera til þess að hræða hv. þm. til þess að samþykkja þetta frv. En á mig hefir það engin áhrif, hvort ein miljón er lesin upp í einu eða þrennu eða fernu lagi; það er jafnt ein miljón fyrir það. En það, sem einna átakanlegast kom fram við þennan lestur, var það, hve skuldir ríkissjóðs hafa aukist gífurlega nú um tvo síðustu mánuðina, vegna gengisfallsins, líklega um 2 miljónir króna. Það sýnir og ljóslega, hversu mikla þýðingu það hefir, að Alþingi geri ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir frekara gengishrun. Í janúarmánuði 1923 var sterlingspundið 26 kr. ísl., en nú er það kr. 33,50 og síðan hafa skuldirnar í sterlingspundum stórum hækkað, eða eru nú orðnar um 4 milj., en voru þá ekki nema

3 milj. Þetta sýnir, hvert er aðalatriðið í öllum bjargráðum við ríkissjóð og landið í heild, en hingað til hefir þó ekki tekist að fá þing eða stjórn til þess að fallast á neinar ráðstafanir í þá átt að hafa áhrif á gengi ísl. peninga, sem stöðugt eru hríðfallandi.

Menn hafa hugsað sjer þetta frv., sem hjer ræðir um, sem tekjuaukafrv., og hv. fjvn. gerði ráð fyrir 1 milj. kr. tekjuauka af því. Hæstv. fjrh. (JÞ) lýsti því aftur á móti greinilega yfir í gærdag, að ómögulegt væri að segja um það með nokkurri vissu, hve miklar tekjurnar yrðu, og treysti jeg það vel áætlunargáfu hans, að þegar hann treystist ekki til að áætla neitt um þetta, þá hygg jeg að það verði öðrum fullerfitt að fullyrða nokkuð um það mál. Það er því fálm eitt út í loftið, þegar verið er að telja mönnum trú um, að þetta frv. hafi svo og svo mikinn tekjuauka í för með sjer, og er það aðeins gert til þess að ginna menn fremur til þess að samþykkja það. Annað er og, sem þetta gerir, ef frv. verður að lögum, að verðtollurinn kemur allhart niður á ekki svo fáum nauðsynjavörum. Þrátt fyrir það, að ávalt megi um það deila, hvað sjeu nauðsynjavörur og hvað ekki, mun það þó sýna sig í framkvæmdinni, að það verða ekki svo fáar nauðsynjar, sem tollurinn lendir á, og verður því ómótmælanlega til þess að auka dýrtíð í landinu. Afleiðing dýrtíðarinnar er hækkun allra starfslauna, opinberra sem annara, og það er alment viðurkent, að af aukinni dýrtíð og af hækkandi starfslaunum leiðir gengishrun. Hvar er ríkissjóður þá staddur með sínar erlendu skuldir? Það er litið á það minst, sem er aðalatriðið í þessu máli, þ. e. að hafa hönd í bagga með verslun á afurðum landsins og þar með á erlendum gjaldeyri. Jeg hefi komið fram með till. um þetta, en þær hafa auðvitað ekki fundið náð fyrir augum þingsins. Hefðu þær tillögur mínar náð samþykki þingsins, er jeg sannfærður um, að ísl. krónan væri hætt að falla og að landið mundi rjetta við úr því.

Þá er enn ein hlið á þessu máli, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) drap á í gær. Það er, að sjálfsagt mundi allmikið verða gert að því að brjóta þessi lög. Þeir eru eflaust ekki svo fáir, sem æfðir eru orðnir í vínsmyglun, enda hefir löggæsluvaldið ekki verið sjerstaklega harðhent á þeim. Mjer þykir því ekki ólíklegt, að þessir náungar gefi sig einnig við þessari tegund smyglunar, og mun þeim það ekki heldur svo erfitt að koma þessum vörum inn í landið, ef eftirlitið með þessum lögum verður ekki betra en með vínbannslögunum. Fer þá margur skildingur fram hjá ríkissjóði, en ofan í vasa þeirra manna, sem gera sjer að atvinnu að brjóta lögin. Mjer skildist sem hæstv. fjrh. (JÞ) talaði með sýnilegri velþóknun um þá menn, sem brjóta vínbannslögin, og að hann teldi það óvinsælt að klekkja á þeim; ef þannig þýtur í stjórnarskjánum, hygg jeg, að valt verði að treysta á sjerstakt eftirlit í þessum efnum, frekar en í öðrum. Mjer finst alt í lausu lofti um frv. þetta að því er tekjuauka ríkissjóðs snertir, og of snemt að setja það í samband við haftafrumvarpið, eins og mátti heyra á sumum í gær. Mjer skildist svo, sem yfirlýsingar hæstv. ráðherra í gær væru aðeins gefnar til þess að villa Framsóknarflokknum sjónir. Það er augsýnilegt, að lögin frá 8. mars 1920 eru tilvalin fyrir kaupmannastjórn að fara með þau, og við þessi lög munu yfirlýsingar ráðherranna hafa átt. Það er

stjórnin, sem ræður samkvæmt þeim lögum, hvað á að leyfa og hvað á að banna, og verður því stjórninni auðvelt að ívilna einstökum kaupmönnum eftir vild. Jeg skil því vel, að stuðningsmenn stjórnarinnar, kaupmennirnir, vilji hafa þessi lög, þar sem það er alkunna, að tveir ráðherranna af þremur hafa alt fram að þessu verið andvígir öllum innflutningshöftum. Því tek jeg ekki mikið mark á þeim yfirlýsingum, sem stjórnin hefir verið að gefa þinginu um, að hún muni vilja styðja einhver höft. Það hefir þá áður hent þá sömu herra að skifta um skoðun í þessu máli, og má því eins ætla, að það geti aftur komið fyrir þá, og ekki síst ef hagsmunir kaupmanna heimta.

Jeg er þó alls ekki að krefjast verslunarhafta, því jeg tel þau geta orðið til að auka enn meir á þau vandræði, sem nú standa yfir. Þau ala á smyglun og stuðla yfir höfuð að því að auka dýrtíðina. Jeg hygg yfir höfuð, að hvorugt muni hafa tilætluð áhrif á fjárhag ríkisins, verðtollurinn eða verslunarhöftin. Hið eina, sem duga mundi, er ráðstöfunarrjettur þjóðarinnar á öllum gjaldeyri, en jeg treysti þó ekki núverandi stjórn til þess að gera neitt í þá átt. Jeg hefi svo oft heyrt núverandi hæstv. fjrh. (JÞ) klifa á því, hversu lággengið væri hentugt til þess að þrýsta niður kaupi verkamanna o. s. frv. Jeg mun því greiða atkvæði á móti þessu frv. og vil ekki stuðla til þess, að aukið verði enn meir á dýrtíð í landinu og verðfall íslenskra peninga.

Hákon Kristófersson: Umræðurnar eru nú orðnar það umfangsmiklar, að það virðist vera að bera í bakkafullan lækinn að fara að auka á þær. En það vill nú svo til, að jeg á brtt. á þskj. 249, sem fer í þá átt að fella niður bursta og kústa. Jeg hefi heyrt það, og tel það á rökum bygt, að allmikil hreyfing sje hjer til þess að koma á innlendum iðnaði í þessari grein, og til þess að hlynna að þessum sem öðrum tilraunum til innlends iðnaðar er þessi brtt. borin fram. Þá er hinn liður brtt. um að fella niður blautasápu og stangasápu. Hjer er þegar kominn á nokkur iðnaður í þessari grein, og ætti hann því að njóta þessarar verndar verðtollslaganna. Jeg tel mig ekki þurfa að gera frekari grein fyrir þessu, þar eð allir munu sjá, að þetta er rjettmætt frá þeirra manna sjónarmiði sjeð, er vilja efla innlendan iðnað. Hvað sápuna snertir, eru hjer framleiddar ýmsar tegundir innanlands af sápu, og eru sumar þeirra allmikið notaðar, og þótt jeg hafi ekki neitt sjerstakt vit á þessum hlutum, veit jeg þó til, að hún hefir víða þótt mjög góð; t. d. hefir ísl. sápa talsvert verið notuð á mínu heimili og reynst vel.

En úr því að jeg tók til máls á annað borð, vil jeg taka það fram, að jeg tel það vera mikið neyðarúrræði að þurfa að samþykkja þetta frv., með tilliti til hins mjög svo litla eða veika gjaldþols landsmanna, en hinsvegar, er menn hafa litið á hina glöggu skýrslu hæstv. fjrh. (JÞ) um fjárhagsástæður ríkissjóðs, þá munu allir sjá, að eitthvað verður að gera til þess að taka í taumana og afstýra fjárhagslegum voða. Það mun því nú sem fyr sá verða upptekinn hjá hv. Alþingi að bæta úr þörfum ríkissjóðs með auknum sköttum á landsmönnum, í stað annarar bjargráðaviðleitni, svo sem sparnaðar eða takmörkunar á útgjöldum. Jeg skal ekki dyljast þess, að þetta er neyðarúrræði, en menn verða nú oft að gera fleira en gott þykir, og þó að jeg

hafi verið hlyntur verslunarhaftastefnunni, er jeg ekki fallinn frá henni fyrir það, þótt jeg muni samþykkja þetta frv. Enda tel jeg líklegt, að þeirra muni einnig neytt að einhverju leyti. Jeg verð og að segja það, að til þess að þessi verðtollslög komi að tilætluðum notum, verðum við að afgreiða frv. frá þessari deild í dag, og jeg tel Framsóknarflokkinn þakkarverðan fyrir það að hafa nú ákveðið að tefja ekki frekar fyrir þessu frv., enda hefði það hvort sem er ekki leitt til annars en nokkurra daga frests á samþykt frv.

Viðvíkjandi ræðu hv. 2. þm. Reykv., er hann hjelt því fram, að lögin frá 1920 væru góð fyrir stjórnina og þá kaupmannasinna, er hana styddu, get jeg ekki tekið neitt af því til mín, þótt jeg sje fylgismaður þessarar stjórnar. Jeg hygg ekki, að hann geti með nokkrum rjetti sannleikans kallað mig kaupmannadindil Þá mætti með meiri rjetti viðhafa það um hann sjálfan. Það er ekki alt undir því komið að tala eins og fjöldinn vill heyra, en hv. 2. þm. Reykv. hefir verið talinn fjármálaspekingur með 42 manna vit í höfði, og þó hefi jeg ennþá ekki sjeð neitt frá honum koma, sem við fáráðlingarnir höfum getað aðhylst eða talið mundu miða að því að rjetta gengi ísl. peninga. Aftur er jeg sammála honum í því, að vafasamt sje, að þetta frv. sje aðalþátturinn í því að rjetta við gengið, en jeg ætla, að þetta frv. geti átt ekki óverulegan þátt í því, að ríkið geti staðið í skilum, og þó okkur stuðningsmönnum frv. sje óljúft að leggja nýja skatta á þjóðina, teljum við okkur ekki geta komist hjá því. Jeg treysti stjórninni fullkomlega til þess að gera sitt til þess að sporna við því, að þetta frv. verði til að auka dýrtíð í landinu, og, svo framarlega sem hún sjer það fært, að varna því, að okrað verði um of á þeim vörum, sem til eru í landinu. Mjer er ekki grunlaust um, að síðan reglugerðin kom út, sem bannaði innflutning á svo mörgum vörutegundum, að þá hafi síðan eitthvað átt sjer stað í þá átt. Þætti mjer því vænt um, ef stjórnin sæi sjer fært að gera eitthvað í þessu skyni. Að hún hefir ekki getað gert það að þessu, getur vel stafað af ýmsum önnum öðrum. Jeg þykist ekki hafa verið mikill þátttakandi í bruðlunarsemi þings og stjórna á undanförnum árum, en því er nú þannig varið, að við höfum farið ógætilega að ráði okkar, og er því komið að skuldadögunum, og er útlitið miður glæsilegt. Jeg veit, að úti um land muni auknar álögur eiga litlum vinsældum að fagna jafnaðarlega, enda veit jeg að gjaldþol almennings ber vart meira en komið er. En þar sem ríkið hefir ekki annað á að byggja en óbeina skatta, verður maður að fara þessa leið að þessu sinni, með þá von og vissu auðvitað, að lög þessi standi alls ekki lengur en nú er gert ráð fyrir. Því eins og jeg hefi áður tekið fram, er þetta vandræðaráðstöfun; ráðstöfun, sem engan rjett ætti á sjer, ef ekki væri hinni brýnustu þörf ríkissjóðs til að dreifa.

Jeg vænti þess, að hv. deildarmenn sjái sjer fært að samþykkja þessar brtt. mínar og sýni með því, að þeir vilji styðja, að innlendur iðnaður komist á fót.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg ætla ekki að svara hv. 2. þm. Reykv. (JBald) mörgum orðum, enda heyrði jeg ekki á alla ræðu hans. En jeg vil leiðrjetta þá missögn hans, að skuldir ríkisins hefðu aukist um 2 milj. kr. á 2 mánuðum vegna gengislækkunar. Þetta er fjarri öllum sanni, því gengislækkunin frá áramótum

nemur í hæsta lagi 1 miljón. Ástæðan til þess, að gengisbreytingarnar hafa ekki komið harðara niður á okkur en þetta, er sú, að jafnframt því, að ísl. krónan hefir fallið hafa danskir peningar einnig lækkað í verði. Gengisbreytingarnar taka þá ekki svo mjög til skulda okkar, sem eru reiknaðar í dönskum peningum. En áhrif verðfalls íslensku krónunnar á skuldir þær, sem standa í sterlingspundum, eru þó vart meiri en sem svarar ½ milj. ísl. kr.

Jeg vil benda á, að það er misskilningur, að erlendar skuldir ríkissjóðs breytist í verði við gengisbreytingar ísl. krónunnar. Þær breytast því aðeins, að sá gjaldmiðill, sem þær eru greiddar í, breytist að verði til í hlutfalli við gull. Við þurfum að inna af hendi jafnmörg skpd. af fiski eða kg. af ull upp í greiðslur okkar, hvernig sem ísl. krónan okkar hegðar sjer. En hitt er gróði fyrir okkur, ef sá gjaldmiðill, sem skuldin greiðist í, fellur í hlutfalli við gull.

Um mismuninn á því að halda uppi eftirliti með bannlögum og tollum hefi jeg ekki sagt annað en það, sem vitað er, að almenningsálitið fordæmir ekki bannlagabrot, en það fordæmir tollsvik og vinnur með löggæslunni, þegar slík brot eru framin.

Út af orðum hv. 1. þm. Árn. (MT) skal það tekið fram, að jeg sje ekki, hvernig hjá því verði komist að leggja nokkuð meira fje til tollgæslunnar vegna þessara laga en hingað til hefir verið gert, þar sem mjög strangar gætur þarf að hafa með öllum innflutningi.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að brtt. Kem jeg þá fyrst að brtt. á þskj. 249, frá hv. þm. Barð. (HK). Get jeg ekki sjeð neina ástæðu til að leggjast á móti henni. Fellir hún burt úr undanþágu-upptalningunni nokkrar vörutegundir, og þó jeg sjái, að hv. fjhn. hafi haft nokkra ástæðu til að undanþiggja þessar vörur, þá verður auðvitað altaf álitamál, hversu langt skuli ganga í þeim efnum, og get jeg fyrir mitt leyti greitt þessum brtt. atkvæði mitt.

Nokkuð öðruvísi horfir þetta við með brtt. á þskj. 250. Skal jeg raunar játa, að það væri mjög æskilegt, ef komist yrði hjá því að leggja þennan toll á nauðsynlegar vörutegundir. En samkvæmt þessari till. á að undanþiggja átta flokka af vefnaðarvöru frá tollinum. Hið síðasta, sáraumbúðir, er talið með í undanþáguupptalningu nefndarinnar, og ætti því að falla burt. Þessar vörutegundir hafa á undanförnum árum numið miklum upphæðum. Það er raunar ekki gott að sjá af verslunarskýrslum frá 1921, hvað mikið hafi flust inn af þeim, en þeir þrír flokkar þeirrar vöru, sem þar eru sjerstaklega tilgreindir, hafa numið um 400 þús. kr. Önnur ástæðan móti þessu er sú, að undanþágur sem þessar gera eftirlitið afarerfitt. Og það er fyrirfram víst, að mestrar varkárni þarf að gæta við vefnaðarvöru, svo fyrirferðarlítill varningur sem hún er, en þó mun það kleift. En þegar farið er að gera miklar undantekningar um einstaka vefnaðarvörur af þeim, sem búnar eru til í sömu verksmiðjunni og látnar eru niður í sömu kassa og tollaðar vörur, þá yrði afleiðingin sú, að helst þyrfti að tæma þá alla, fara í gegnum allar vörurnar, telja þær og bera þær saman við reikningana, og verð jeg að segja, að mjer hrýs hugur við þeim kostnaði og örðugleikum, sem það hefði óhjákvæmilega í för með sjer. Og þar sem lög þessi gilda fyrst um sinn aðeins til ársloka 1925, þá ætti ekki að vera erfitt að komast hjá þessari undanþágu. Menn ættu tals-

vert að geta sparað sjer kaup á þessum vörum, þó nauðsynlegar sjeu, þar sem um svo stuttan tíma er að ræða. Mætti því gera ráð fyrir, að sala á þeim þennan tíma yrði aðallega til þeirra, sem svo eru efnum búnir, að þeir þurfa ekki að setja þessa verkhækkun fyrir sig eða finni sig knúða til að bíða þess, að þetta tímabil endi. Vildi jeg því mælast til þess, að hv. flm. till. hjeldu henni ekki fram að svo stöddu, en biðu þess, að reynsla fengist um það, hvernig eftirlitið gengi, og væri þá hægt að gera frekari aðgreiningu og hægara að koma með skynsamlegar uppástungur.

Frsm. (Jakob Möller): Það hafa nú orðið miklar umræður um þetta mál, og ekki ósvipað því, þegar rætt hefir verið um ullariðnað; mönnum hefir hætt við að fara út fyrir efnið. Jeg hefi nú ekki fram að þessu fundið ástæðu til að taka til máls, hvorki mín vegna eða fjhn. Þegar haftamennirnir berast á banaspjót, þá get jeg sagt nokkuð svipað því, sem háttv. þm. Str. (TrÞ) sagði nýlega í öðru sambandi, að „þar eigast þeir einir við, sem mjer er ósárt um.“ En ekki get jeg neitað því, að mjer hafi flogið í hug, hvort ekki væri eðlilegt, ef 3. flokkur þingsins, sá sem jeg tilheyri, hefði nú tekið upp aðferð hinna þingflokkanna, og kæmi nú og segði við stjórnina: Já, ef við fylgjum þessu, þá verðið þið að lofa okkur því að setja engin höft. Jeg vil nú samt ekki álíta, að það sje rjett aðferð, þegar þess er gætt, að afla þarf ríkinu tekna og engum hefir tekist að finna aðra leið heppilegri en þá, sem frv. þetta fer fram á. Held jeg jafnvel, að það sje viðurkent af öllum, að hjer hafi fjhn. hitt á skárstu leiðina. Veit jeg þó vel, að þetta er neyðarúrræði. Aðeins einn hv. þm. í þessari deild hefir nokkra sjerstöðu í þessu efni. Hann getur staðið upp og sagt: Jeg er á móti öllu. Minnist jeg í þessu sambandi annars stórmáls, sem einusinni lá fyrir þinginu, þegar sami hv. þm. tók sig út úr og sagði þessi stóru orð: Jeg mótmæli. Menn muna, að fyrir þetta fjekk hann geislakórónu. Væntanlega fær hann annan geislabaug fyrir afskifti sín af þessu máli.

Hv. samþm. minn (JBald) talaði um það, að það væri ekki fátt af nauðsynlegum vörum, sem tollurinn lenti á. Þessu hefir verið játað. En um tvent var að velja, að afla tekjuaukans með tolli á öllum vörum eða taka þær einar, sem fólk gæti í raun og veru helst án verið. Þá leið fór fjhn. Og þó nefndin fyndi þörf hjá sjer til að taka fleiri vörur undan tolli en hún hefir gert, þá strandaði það á þeim erfiðleikum, sem framkvæmd laganna fylgdi, ef undanþágurnar yrðu alt of margar. Hinsvegar er það líka svo með flest af þessum vörum, að fólk getur yfirleitt sparað þær við sig meira en gert er, jafnvel þó menn þykist gæta sæmilegs sparnaðar. Menn geta oft nýtt föt sín betur út en þeir gera, ef þeir vilja, og á þessum tímum er það nauðsynlegt, að menn spari til hins ýtrasta.

Þá hefir till. komið fram um að undanþiggja frá tolli nokkrar vefnaðarvöruteg-undir, sem nefndin hefir ekki tekið upp í sína upptalningu á undanþegnum vörum. Nefndinni hefir ekki gefist tækifæri til að bera sig saman um þessa till., enda mun hún samin í morgun, en hvað mig snertir, þá get jeg tekið undir það, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði um till. Það er ekki vegna þess, að jeg í rauninni vildi ekki gjarnan undanskilja svo nauðsynlegar vörur, en jeg vil benda á, að af sumum þeirra munu vera til talsverðar birgð-

ir í landinu, og ef hægt yrði að hafa eftirlit með verði á nokkrum vörutegundum, þá ætti það að vera á þessum. En einhverjar slíkar ráðstafanir fyndust mjer vel geta komið til mála.

Viðvíkjandi brtt. hv. þm. Barð. (HK) skal jeg taka það fram, að nefndin hefir ekki tekið neina afstöðu til hennar. Þó hygg jeg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að meiri hl. nefndarinnar sje ákveðið á móti því, að þessi tollur sje lagður á bursta, þar sem þeir eru nauðsynleg tæki til atvinnurekstrar, sjerstaklega við fiskverkun. Hinsvegar er hjer ekki um slíkt vörumagn að ræða, að það skifti miklu máli. Um hinn lið till., sápur, er það að segja, að jeg hygg, að flestir nefndarmenn muni geta aðhylst hana. Var þetta til umræðu í nefndinni, en hún þóttist þó ekki hafa næga tryggingu fyrir því, að hin innlenda sápa væri svo góð, að rjett væri að vernda hana með háum tolli. En síðan hafa ýmsar upplýsingar borist um þetta efni, og fara þær allar í þá átt, að þessi innlenda framleiðsla hafi reynst mjög vel og jafnvel tekið samskonar útlendum vörum fram. Get jeg því mælt með, að till. þessi verði samþykt.

Jón Baldvinsson: Jeg tek það strax trúanlegt, sem hv. þm. Barð. (HK) sagði, að hann væri enginn kaupmannasinni. Þessi hv. þm. er þektur að því að segja það, sem hann meinar. En misskilningur er það hjá honum, ef hann heldur, að það verði vel sjeð að mæla móti frv. Að minsta kosti þarf ekki að gera ráð fyrir, að það leiði til aukins fylgis þar, sem kaupmannaríki er mikið.

Hæstv. fjrh. (JÞ) vildi vefengja það, sem jeg sagði um aukningu skuldanna við erlend ríki vegna gengishrunsins. En þá skal jeg benda á það, að í fjárlagafrv. stjórnarinnar er dönsk króna reiknuð á 115 aura (í desember), en nú mun hún að minsta kosti standa í 123—124 aurum. Svo það ætti að vera augljóst, að danskar skuldir hafa aukist að mun. Hæstv. ráðherra hefir áður látið í ljós, að ekki geri til, þó gengið fjelli. En þegar peningar okkar eru komnir eins og þýska markið, þá gæti svo farið, að við hefðum lítið að gera með hans lággengisfjármálavisku. En hvers vegna er verslunin einmitt svo gífurleg við lággengislöndin? Hvers vegna sælast menn til að kaupa sem mest hjá þeim? Er það ekki vegna þess, að þau lönd láta vörur sínar fyrir lægra verð en aðrir, og bera þannig minna úr býtum?

Þá sagði hv. samþm. minn, 8. þm. Reykv. (JakM), að jeg væri á móti öllu. En jeg get þá bent honum á, að jeg hefi áður hjer á þinginu bent á leiðir til bjargar, og flutt frv. um það, en hann veitt því máli ekki neinn stuðning. Hefði þó verið nauðsynlegt, að hlutdeild ríkissjóðs á sölu afurða landsins hefði fyrir löngu verið komið í kring, og það verður væntanlega tekið upp seinna, þó drepið hafi verið í þetta sinn.

Sami hv. þm. var að hæla sjer af því, að hafa ekki komið fram með neinar kröfur eða tekið þátt í neinni verslun um þetta mál, svo sem mjer skilst að eigi sjer stað milli Framsóknar- og Íhaldsflokksins í þessu máli. Og það mun rjett vera, að hann hafi ekki að þessu sinni komið með neinar gagnkröfur, en máske hann hafi þá fengið það ríflegri uppfylling óska sinna á bak við tjöldin.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil aðeins taka það fram, að það er mjög rangt að telja, að stofnað hafi verið til nokkurrar verslunar um þetta mál milli flokkanna.

Hinsvegar var það ekki nema eðlilegt, þótt Framsóknarflokkurinn vildi neyta allra meðala til að koma áleiðis því máli, sem hann telur einna þýðingarmest af öllum þeim, sem fyrir þinginu liggja.

Jörundur Brynjólfsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) vjek nokkrum orðum að brtt. okkar á þskj. 250 og telur sig, því miður, ekki geta fylgt henni. Er raunar ekki svo að skilja, að hann líti ekki svo á, að gott væri að undanþiggja þessar vörur, sem þar eru taldar, frá tolli, en hann hræðist, að það yrði mjög til þess að auka á erfiðleikana um framkvæmd laganna. Vil jeg heldur ekki mæla því í gegn að öllu leyti, enda hefi jeg áður minst á þá agnúa. Það, sem hjer er um að ræða, er þá það, hvort menn meti meir þá örðugleika, sem af þessu geta stafað með tilliti til tollgæslunnar, eða þann ávinning, að hafa vörur þessar undanþegnar verðhækkunartollinum. Verða menn að gera það upp með sjálfum sjer, hvort þeir meta meira, að fá þessar bráðnauðsynlegu vörur sem ódýrastar eða eiga á hættu, að einstaka kaupsýslumaður, sem svo væri skapi farinn, hefði einhvern lítilfjörlegan hagnað af tollsvikum þeirra vegna. Jeg hefi lengi hugsað um þetta, og því lengur sem jeg hefi velt því fyrir mjer, því ljósara hefir það orðið fyrir mjer, að þessar vörur bæri að undanþiggja verðtolli. Jeg óttast það nefnilega, að nái þessi hækkun fram að ganga, þá skapi það þá dýrtíð, sem orðið geti næsta afleiðingaríik meðal almennings. Jeg get auðvitað ekki sannað þetta — það er ekki þess eðlis — en jeg þykist hinsvegar hafa miklar ástæður til að byggja þessa skoðun mína á. Legg jeg það á vald hv. deildarmanna að gera upp með sjálfum sjer, hvað rjett muni vera í þessu efni.

Hæstv. fjrh. (JÞ) drap á það, að slík tollhækkun myndi verða til þess, að menn spöruðu við sig kaup á þeim vörum, sem hún lenti á. Býst jeg við, að ofurlítið kunni að sparast svo, en ekki neitt teljandi, því jeg geri ráð fyrir, að allur þorri þeirra manna, sem kaupa vörur þessar, geti ekki langa stund verið án þeirra.

Við flm. getum ómögulega orðið við þeim tilmælum hæstv. fjrh. að taka till. aftur. Við berum hana fram í þeirri fylstu alvöru og sannfæringu, að frv. væri betur komið með undanþágunni heldur en það væri samþykt án hennar.

Eitt atriði var það í ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JakM), sem jeg vil stuttlega víkja að. Hann kvað svo mikið til af vörum þessum í landinu, að tollhækkunin gæti ekki orðið að tjóni. Vel má vera, að allmikið sje til af þessum vörum, en jeg býst við, að hv. þm. (JakM) viti eins vel og jeg, að eftirlit með því, að þær vörur, sem fyrir hendi eru, verði ekki hækkaðar óeðlilega í verði, er ómögulegt. Svo tollhækkunin kann eins vel að koma niður á þeim vörubirgðum, sem fyrir hendi eru.

Hv. þm. Barð. (HK) ber fram brtt. á þskj. 249. Jeg hygg, hvað snertir 1. lið, að þær vörur, sem þar eru taldar, sjeu svo nauðsynlegar atvinnurekendum við sjóinn, að það væri í mesta máta óríettmætt að hækka toll á þeim. Um síðari liðinn get jeg fyrir mitt leyti sagt það, að jeg er ekki á móti því, að nokkur tollhækkun komi niður á þeim vörum. En mjer þykir 20% vera fullmikill verndartollur fyrir innlendar vörur, nema því

aðeins, að landsstjórnin hafi svo gott eftirlit með verksmiðjunum, að hún sjái um, að þær noti ekki þau rjettindi, sem þeim eru þannig í hendur fengin, til verðhækkunar.

Jeg hefði talið betra, að komið hefði fram miðlunartill., virtist t. d. 10% vera fullnógur verndartollur. En sjái landsstjórnin svo vel um það, að vörurnar hækki ekki fyrir þetta í verði, þá má mjer standa á sama um þessa brtt.

Hv. þm. Str. (TrÞ) hefir svarað hv. 2. þm. Reykv. (JBald), og læt jeg þar við sitja.

Fjármálaráðherra (JÞ): Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Árn. (JörB) sagði nú síðast um eftirlit með verði á innlendri iðnaðarvöru, sem nýtur verndar þessa tolls, hefi jeg þetta að segja: Jeg tel, að í brtt. við 1. gr., sem sett var inn í frv. við 2. umr., felist heppileg heimild fyrir landsstjórnina til þess að líta eftir þessu.

Þessi innlendu fyrirtæki vinna öll úr útlendum efnivörum, og þar sem stjórninni er heimilt að undanskilja þær tollinum, getur hún bundið þá undanþágu því skilyrði, að iðnaðarfyrirtækin haldi sæmilegu verði á framleiðsluvörum sínum.

Hvað sápugerðina snertir álít jeg, að stjórnin hafi hæfilegan hemil á verðlagi innlendrar sápu með þessu móti. Hefir hún og að vísu fyrri lög og heimildir til að ákveða hámarksverð, ef til þarf að taka.

Frsm. (Jakob Möller:): Út af því, sem hv. 2. þm. Árn. (JörB) sagði viðvíkjandi brtt. sinni á þskj. 250, hefi jeg aðeins þetta að athuga: Þar sem jeg sagði, að töluvert mikið væri til af þessum vörutegundum í landinu, þá átti jeg við, að ef þær yrðu undanskildar þessum tolli, gæti það leitt til þess, að óþarflega mikið væri flutt inn af þessum vörum. Og þar sem jeg veit ekki betur en hv. þm. (JörB) sje hlyntur höftunum, ætti þetta síst að vera þyrnir í hans augum.

En ef menn óttast það, að tollurinn komi niður á þeim vörum, sem fyrir eru, virðist ekki síður ástæða til þess að óttast, að það, sem svarar tollinum, verði lagt á vörurnar af kaupmönnum, þó þær sjeu undanskildar í lögunum.

Það kemur sem sagt til athugunar, þegar undanskilja á nokkrar vörutegundir, hvort það nái tilgangi sínum. Jeg hygg, að þegar þessi tollur kemur á þessar vörur, verði það í fyrsta lagi til þess, að kaupmenn flytji minna inn af þeim, og í öðru lagi, að þeir reyni að selja sem mest þær tegundir, sem fyrir eru. Geri jeg ráð fyrir, að þeir hugsi jafnvel meira um að selja upp það, sem til er, en að skrúfa verðið óhæfilega hátt vegna tollsins. Annars er vitanlega aðeins um getgátur að ræða í þessu efni. Kaupmenn hafa altaf um tvent að velja, annaðhvort að selja meira og græða minna á hverju einu, eða þá að selja minna og græða meira á hverju einu. En hjer hlýtur samkepni að koma til greina og reynast heppileg.

Annars langaði mig til þess, með leyfi hæstv. forseta (BSv), að fara svolítið út fyrir efnið, þar sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) gaf mjer fylsta tilefni til þess.

Það er nú svo, að blað hans, sem jeg virði ekki þess að fara í mál við það út af ærumeiðingum, hefir dróttað því að mjer, að jeg væri til kaups hjer á Alþingi. Nú skal jeg, af því að hv. samþm. minn (JBald) gaf eitthvað líkt í skyn, skora á hann að segja skýrt og skorinort, hvort hann beinir slíku til mín. En fyrirfram skal jeg segja honum það, að

allar slíkar aðdróttanir eru tómur uppspuni og lygi frá rótum. Og hann veit það sjálfur, að þetta er staðleysa. Skal jeg til frekari árjettingar, út af því, sem blað hans hefir sagt um mig í sambandi við það, að mjer var veitt eftirlitsstaðan með bönkum og sparisjóðum, lýsa því hjer yfir í áheyrn þessarar hv. deildar, að jeg sótti um stöðuna fyrir beina hvatning frá flokksmönnum ráðherra þess, sem stöðuna veitti, án þess að mjer hefði fyr komið í hug að sækja um hana. Fylgi við þá eða flokk þeirra var ekki orðað, nje að neitt kæmi í staðinn, enda hefði það ekki orðið. Mun verða erfitt fyrir háttv. þm. (JBald) að benda á slíkt, og sannast að segja hálfhjákátlegt að ætla slíkt, því þegar staðan var veitt, var það fyrirfram vitað, að sú stjórn færi mjög bráðlega frá, og undarlegt að hyggja, að hún væri að kaupa sjer fylgi þegar hún var að leggja niður völdin. Þetta, sem hv. þm. talaði um, að jeg hefði „bóndafangað" einhvern eða einhverja áður og á bak við tjöldin, er því bersýnilega staðleysa og aðdróttanir, sem jeg vona, að hann renni niður aftur við fyrsta tækifæri.

Jón Baldvinsson: Það er ekki ástæðulaust, að jeg bið um orðið til að bera af mjer sakir. Annars finst mjer undarlegt, hve hv. samþm. minn (JakM) er orðinn viðkvæmur alt í einu og tekur sjer nærri, að jeg sagði, að hann og hæstv. stjórn hefðu „bóndafangað" Framsóknarflokkinn í haftamálinu. En ekki fæ jeg sjeð, hvernig hann fer að setja það í samband við veitinguna á eftirlitsstöðunni með bönkum og sparisjóðum. Mjer datt hún ekki í hug, en úr því að hann mintist á hana, verður hver að hugsa það, sem honum sýnist í því sambandi. Hann getur ekki skafið út hugsanir manna út af því.

Jeg veit vel, að engir skriflegir samningar eða skilmálar hafa fylgt veitingunni, en engum verður láð, þó hann dragi sínar ályktanir af henni, þrátt fyrir það.

Jörundur Brynjólfsson: Það var aðeins örstutt aths. út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. (JakM).

Jeg skildi ekki betur en að hann vildi halda því fram, að þessi tollhækkun kynni eins að ná til þeirra vara, sem undanþegnar eru. Kaupmenn myndu ekki eingöngu færa upp verð tolluðu varanna, heldur og annara. Jeg vona, að þetta reynist ekki rjett, því annars verð jeg að segja, að þetta frv., sem jeg hefi borið fram ásamt öðrum í fjhn., er meira en lítið mislukkað. Við höfum tekið undan margar vörutegundir í þeirri góðu trú, að tollhækkunin nái ekki til þeirra. Og á þeirri trú er og bygð brtt. okkar hv. þm. N.-Ísf. (JAJ).

Hv. þm. sagði líka, að samkepnin myndi gera það að verkum, að verðlag slíkra vara færi ekki um skör fram. Jeg skil það ekki. Hví skyldi verða meiri samkepni um að selja tollaðar vörur en ótollaðar? Jeg skil ekki, að meiri samkepni verði um söluna, þó lagður sje 10—20% tollur á þær. Finst mjer því þessar mótbárur hv. þm. (JakM) gegn brtt. ekki svo mikilvægar, að hún þurfi að falla fyrir þær.

Annars geri jeg ráð fyrir, að hv. þdm. hafi skapað sjer skoðanir á þessu máli og sýni þær nú við atkvgr.

ATKVGR.

Brtt. 249,a feld með 14:10 atkv.

— 249,b samþ. með 20:3 atkv.

Brtt. 250 feld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, IngB, JAJ, JBald, JörB, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt.

nei: BL, HK, JakM, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, MT, PO, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 253).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er borið fram af fjhn. Nd. til þess að afla ríkissjóði tekjuauka. Eins og háttv. þm. er kunnugt, hefir þingið afgreitt ein lög, sem útvega ríkissjóði nokkurn tekjuauka, og hafa þau nú þegar hlotið staðfestingu konungs, en það eru lög um 25% gengisviðauka við tolla, sem eiga að greiðast til ríkissjóðs, og það hefir verið áætlað, að það muni auka tekjur ríkissjóðs um ½ miljón króna. En fjhn. Nd. sá, við athugun á fjárhag ríkissjóðs, að þurfa mundi 1½ miljón króna tekjuauka til þess að komast tekjuhallalaust yfir þetta ár, og þess vegna bar nefndin fram þetta frv. Og það liggja ekki önnur tekjuaukafrv. fyrir þinginu en þetta, fyrir utan eitt frv., sem liggur fyrir neðri deild og er borið þar fram af hv. 1. þm. S.-M. Það er frv. til laga um breytingu á lögum um áfengisverslun, þar sem heimilað er að taka verslunarhagnað af lyfjaspíritus.

Jeg gerði við meðferð þessa máls í Nd. grein fyrir fjárhag ríkissjóðs og þeirri brýnu nauðsyn, sem er á að útvega honum tekjuauka. Jeg skal ekki fara mikið út í það mál nú, en vil aðeins nefna aðalniðurstöðuna.

Skuldir ríkissjóðs eru nú rúmar 22,3 miljónir króna með núverandi gengi íslensku krónunnar, og af þeirri upphæð eru 3,5—4 miljónir lausaskuldir, sem hafa verið stofnaðar með loforðum um fljóta greiðslu. Þau loforð hefir ekki verið hægt að efna, sökum þess, að fje hefir ekki verið fyrir hendi, og það er óhætt að segja það um meiri hlutann af þessum lausaskuldum, að þær eru í vanskilum. Landsbankinn hefir lánað mest af þessu fje, og jeg hefi átt tal við bankastjórnina, og hefir hún sagt, að landsstjórnin hafi gengið lengra í því að nota lánstraust ríkissjóðs hjá bankanum en góðu hófi gegnir og holt getur talist fyrir viðskiftalífið í landinu. Þetta er raunar ekkert undarlegt, því tekjuhalli varð árið 1922 2,6 miljónir og árið 1923 um 2 miljónir króna. Og á þessum árum hefir ríkissjóður ekki tekið neitt fast lán, heldur hefir þessi halli verið jafnaður að mestu með bráðabirgðalánum.

Jeg gat þess ennfremur við meðferð þessa máls í Nd., að fyrir utan skuldir ríkissjóðs sjálfs mundi hann verða að borga ábyrgðarskuld fyrir Vestmannaeyjar á þessu ári. Ríkissjóður tók á sig þessa ábyrgð fyrir Vestmannaeyjar sökum hafnargerðar þar í Eyjunum, sem lokið var við nú á síðastliðnu sumri. Það hafa nýlega verið gerðir samningar um þessa skuld, og á hún að greiðast á 5 árum, og 47 þús. kr. falla í gjalddaga

nú mjög bráðlega. Vestmannaeyjar geta ekki greitt þetta fje, og þótt stjórnin muni reyna alt hvað hún getur til þess, að þetta lendi að sem minstu leyti á ríkissjóðnum, getur hún þó ekki gert ráð fyrir öðru en verða að greiða eitthvað til bráðabirgða. Af þessu ásamt fleiru leiðir það, að á þessu ári munu verða miklar umframgreiðslur. Afborganir og vextir af lánum munu fara um 350 þús. kr. fram úr áætlun, sökum lækkandi gengis íslensku krónunnar og aukninga á lausaskuldum. Þar að auki eru sumir liðir í fjárlögunum of lágt áætlaðir. Berkla varnakostnaður er t. d. áætlaður 70 þús. kr., en verður 300—400 þús. kr. Það er líka óhjákvæmilegt að greiða eitthvað af lausaskuldum. T. d. liggur fyrir loforð frá fyrverandi stjórn um greiðslu á 240 þús. kr. skuld, sem fellur í gjalddaga 1. apríl. Í sjóðnum hefir nú undanfarandi aðeins verið til fyrirliggjandi það, sem hefir þurft til að standast útgjöldin frá degi til dags, og nú er í honum aðeins það nauðsynlegasta, sem þarf til þess að komast yfir mánaðamótin. Þó hefi jeg orðið að taka 50 þús. kr. bráðabirgða lán til þess að geta staðið í skilum með greiðslu, sem fram á að fara í Kaupmannahöfn. Mjer finst því vera ríkar ástæður til þess, að þingið geri alt, sem mögulegt er, til að útvega ríkissjóði tekjuauka.

Það er hinsvegar ómögulegt að gera nokkra áætlun um, hve mikinn tekjuauka þetta frv. muni færa ríkissjóði, og liggja til þess ýmsar ástæður. Fyrst og fremst er það sökum þess, að það liggja ekki fyrir neinar nýrri skýrslur um innflutning á þeim vörutegundum, sem á að leggja þennan bráðabirgðatoll á, en frá 1921. En það er ekki hægt að miða við árið 1921, því að þá stóð alt öðruvísi á. Kaupgeta manna var þá yfirleitt miklu meiri en nú, og því meiri innflutningur á miður þörfum vörum en búast má við, að hann verði nú. Það væri frekar hægt að miða við árið 1922 eða 1923, en skýrslur eru ekki fyrir hendi um slíkan innflutning á þeim árum.

Önnur ástæðan er sú, að þegar svona hár tollur er lagður á vörur, sem ekki eru mjög nauðsynlegar, má búast við, að dragi úr innflutningi þeirra.

Þriðja ástæðan er sú, að nú er í ráði að banna innflutning á ýmsum þeim vörutegundum, sem falla undir þennan toll, og slíkt aðflutningsbann hlýtur auðvitað að draga nokkuð úr þeim tekjum, sem ríkissjóður fær af þessum tolli. Það er talið, að innflutningur á þeim vörutegundum, sem þessi aukni tollur nær til, hafi numið 10 milj. kr. árið 1921. Það hefir ekki verið búist við, að tekjur af þessum tolli yrðu meiri en 1 milj. kr., og til þess að svo verði, þarf innflutningur á þeim vörutegundum, sem tollurinn er lagður á, ekki að vera nema 5 milj. kr., eða helmingur af því, sem hann var árið 1921. En jeg skal taka það fram, að jeg fyrir mitt leyti þori varla að búast við svo miklum tekjuauka af þessum tolli.

Fjhn. Nd. bar frv. þetta fram eftir að hafa athugað vandlega þær leiðir, sem hugsanlegar væru til þess að afla ríkissjóði aukatekna.

Sú nefnd vildi ógjarnan fara lengra í tollhækkunum en að hækka tollana sökum hins lága gengis íslensku krónunnar, eins og þegar hefir verið gert. Og nefndin vildi það ógjarnan, sökum þess að auknir tollar, einkum á nauðsynjavörum, hafa óhjákvæmilega í för með sjer aukna dýrtíð í landinu og þar af leiðandi kauphækkunarkröfur, bæði af hálfu verkamanna og starfsmanna ríkisins.

Nefndin sá því ekki aðra heppilegri leið til þess að afla ríkissjóði aukatekna en að leggja toll á svona vörur, sem að vísu er ekki hægt að segja, að sjeu að öllu óþarfar, en eru þó miður þarfar og hægt að spara kaup á þeim á krepputímum eins og nú eru. Og með því að leggja tollinn á þessar vörur, kemur hann tiltölulega rjettlátlega niður, því það verða efnuðustu mennirnir, þeir menn, sem hafa mesta kaupgetuna, sem aðallega kaupa slíkan miður þarfan varning. Þessi tollur ætti því að hafa einna minst áhrif á dýrtíðina í landinu.

Stjórnin vill, að þetta frv. fái mjög skjóta afgreiðslu, sökum þess, að nýlega voru sett innflutningshöft á flestar þær vörur, sem tollurinn nær til, en þau höft ná ekki til þeirra vörubirgða, sem komnar voru á stað til landsins, eða sem komnar voru á afgreiðslur skipanna áður en reglugerðin um höftin varð kunn; því ekki þótti fært að hindra innflutning á þeim vörutegundum, sem svo var ástatt um. Hinsvegar var mönnum yfirleitt kunnugt um, að höft mundu koma, og munu menn því hafa pantað mikið, og það þykir fullvíst, að með næstu skipum, sem hingað koma, muni vera alveg óvenjumikið af þeim vörum, sem falla undir þennan toll. Þess vegna vill stjórnin gera alt, sem hún getur, til þess að ná tolli af þessum vörubirgðum, því þær mundu hvort sem er verða hækkaðar jafnt og þær vörur, sem tollurinn næði til, og ágóðinn myndi renna í vasa innflytjendanna, en almenningur að mjög litlu eða engu leyti njóta þess, þó þær yrðu tollfríar.

Það varð á endanum gott samkomulag í Nd. um þetta frv. Þrír aðalflokkarnir komu sjer saman um að láta það fá fljóta afgreiðslu, og ef eins verður hjer í þessari hv. deild, þá verður hægt að afgreiða það sem lög frá Alþingi á mánudaginn og fá konungsstaðfestingu á því á þriðjudaginn, en á miðvikudaginn er einmitt von á fyrsta farminum, sem þarf að ná tolli af.

Jeg vona því, að hv. deild taki þessu frv. vel og afgreiði það svo fljótt, sem mögulegt er, svo það geti fyllilega náð tilgangi sínum.

Sigurður Eggerz: Það var ekki meining mín að halda hjer langa ræðu. Jeg skal taka það fram, að jeg mun styðja hæstv. stjórn til að koma frv. þessu fram sem allra fyrst. En það var stutt aths, sem jeg vildi gera við eitt atriði í ræðu hæstv. fjrh. (JÞ). Mjer skildist á honum, að hann teldi fyrv. stjórn hafa íþyngt bönkunum um of með lántökum fyrir hönd ríkissjóðs. Það er að vísu rjett, að ríkissjóður mun nú skulda Landsbankanum á þriðju miljón króna. En bæði er þess að gæta, að bankinn fjekk hjá stjórninni 2 miljónir af enska láninu, og svo hefir stjórnin nú nýlega stutt hann með ríkissjóðsábyrgð til þess að taka 200 þús. sterlingspunda lán í London, sem mun nema í ísl. kr. yfir 6,6 milj. Og þegar í annan stað er litið á það, að stjórnin hefir áður lánað Íslandsbanka stórfje, t. d. mikinn hluta enska lánsins, en skuldar honum nú mjög lítið, þá verður með engu móti sagt, að hún hafi íþyngt bönkunum. Þvert á móti hygg jeg, að fáar stjórnir hafi eins lítið notað banka sína í ríkissjóðsþarfir eins og íslenska stjórnin, og fáar stutt þá eins vel og hún.

Jónas Jónsson: Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. stjórn telji þessa hv. deild hafa tekið kurteislega við frv. þessu, því að undir venjulegum kringumstæðum mundi

svo stórt mál ekki hafa verið afgreitt með afbrigðum frá þingsköpum, lítt rannsakað af deildinni.

En með því að þetta er eitt af allra stærstu málunum, sem fyrir liggja, þykist jeg vita, að hæstv. stjórn sje fús til, nú við þessa 1. umr., að ræða það við hv. deild og gefa sem allra fylstar skýringar.

Jeg verð nú að líta svo á, að hægt hefði verið fyrir hv. Nd. að halda betur á málum þessum en gert hefir verið. Því annað mál, skylt þessu, liggur fyrir þeirri hv. deild, sem að rjettu lagi hefði átt að ganga á undan. Jeg á þar við frv. um innflutningsbann á ýmsum vörum, sem þar er enn í nefnd — og verð jeg að átelja, að hæstv. fjrh. (JÞ), sem til skamms tíma var formaður þeirrar nefndar, fjhn., hefir ekki beitt áhrifum sínum meira en raun ber vitni um til þess að það frv. fengi skjótari framgang og gengi á undan þessu frv. Til þess að mönnum verði enn ljósara, við hvað jeg á, skal jeg taka það fram, að svo virðist sem tvær stefnur, eða kannske öllu heldur tveir hliðstæðir straumar, ríki hjer í þinginu í fjárhagsmálum. Önnur stefnan er sú, að bæta skuli hag einstaklinganna til þess að fjárhagur landsins í heild verði bættur á þann hátt. Þeir, sem þessari stefnu fylgja — og það geri jeg — hugsa sjer að ná takmarki sínu fyrst og fremst með því að draga sem mest úr öllum miður nauðsynlegum innflutningi til landsins, til þess að verslunarjöfnuðurinn verði okkur hagkvæmari og betri not verði að þeim erlenda gjaldeyri, sem við fáum fyrir afurðir okkar, en verið hefir, og á þann hátt rjettist gengi ísl. peninga sem fyrst. Fylgismenn þessarar stefnu leggja höfuðáhersluna á það, að gengishrun eða lággengi peninga sje stærsta þjóðarbölið. Stafi það ekki eingöngu af tekjuhalla fjárlaganna, þó að hann sje vondur og síst bót mælandi, heldur einnig og miklu fremur af óhagstæðum verslunarjöfnuði, þ. e. a. s., að þær 40 miljónir, sem þjóðarbúið veltir í viðskiftum sínum við útlönd, sjeu áhrifameiri heldur en 8 milj. ríkissjóðs, þegar um gengi ísl. krónu er að ræða.

Jeg skal geta þess, að þessi stefna hefir eindregið fylgi þjóðarinnar, að undanskildum tiltölulega mjög fámennum flokki manna. Hvort sem það er nú rjett eða rangt, þá trúir þjóðin því, að fyrsta bjargráðið sje, að sett verði ströng innflutningshöft. Sumir óska, að gengið verði ennþá lengra, jafnvel svo langt, að tekin verði upp skömtun á ýmsum brýnum nauðsynjum, svo sem kornvörum o. fl. Því til stuðnings skal jeg skýra frá því, að mjer er kunnugt um, að í Norður-Þingeyjarsýslu t. d. hefir fjelag neytenda, sem kaupir sjálft inn allar sínar nauðsynjar, ákveðið að takmarka stórvægilega notkun erlends varnings. T. d. ætla fjelagsmenn í framtíðinni ekki að eyða meiru en 33% af sykri á móts við það, sem áður tíðkaðist, og svipað mun um flestallar vörutegundir. Jeg þykist því viss um, að hæstv. stjórn, sem leggur mikla áherslu á það, að frv. þetta nái fram að ganga, geti skilið, að þeir, sem vilja fórna svo miklum lífsþægindum til þess að rjetta við verslunarjöfnuðinn, muni illa sætta sig við, að haldið verði áfram að flytja inn í landið allskonar glingur fyrir margar miljónir króna, þó að með því sje haldið við hagsmunum fárra manna, því að með því móti kemur hinn frjálsi sparnaður einstaklinga þjóðarinnar að litlu liði.

Þó að ekki komi það beinlínis þessu máli við, þá vil jeg geta þess, að jeg hefi heyrt, að til væru búðir hjer í Reykja-

vík, sem hefðu fyrirliggjandi birgðir, er væru 800 þús. til 1 milj. kr. virði, af allskonar varningi, sem vel mætti komast af án. Ef svo er, að ein einasta búð hefir fyrirliggjandi í slíkum vörum jafnmikið og hæstv. stjórn ætlar að fá með þessum þunga tolli, þá geta menn skilið, hvílíka þýðingu það hefir að stemma á að ósi. Vænti jeg því þess, að hún veiti því liðsinni, að slíkur ófögnuður verði ekki látinn viðgangast lengur. Jeg gat ekki komist hjá því að minnast á þennan þátt viðskiftamálanna, því að jeg tel frv. það, sem nú er til umr., hafa gripið inn í annað mál, sem jeg verð að telja enn stórvægilegra.

Þá er hinn straumurinn, sem hæstv. fjrh. hefir nægilega lýst, að vegna þess, hve fjárhagur ríkissjóðs sje bágborinn og hafi stöðugt farið hnignandi í nokkur ár, þá verði að grípa til alvarlegra ráðstafana til að afla landinu nýrra tekna. Þetta er minna böl en hitt, fjárhagsörðugleikar þjóðarbúsins í heild, og þó að sjálfsagt sje og óhjákvæmilegt að bæta úr því, þá kemur sú bót að litlu liði meðan hið meira böl er ólæknað.

Nú vil jeg benda á eitt atriði, sem kom ljóst fram í ræðu hæstv. fjrh. Hann hugsar sjer, að ef áætla má, að þær vörur, sem í hæsta lagi hefir verið talað um að hefta innflutning á, nemi 10 miljónum króna, myndi innflutningur þeirra, ef engar hömlur yrðu lagðar á hann nema samkvæmt þessu tollhækkunarfrv., verða 5 milj. kr. og landið fá 1 milj. kr. í toll samkv. frv. Það er engum blöðum um það að fletta, að hjer er veikur punktur hjá hæstv. fjrh., að vilja flytja inn í landið miður þarfar vörur fyrir 5 milj. kr., til þess eins að halda við atvinnu nokkurra manna, sem versla með þennan varning, og ná í eina miljón sem toll af þeim handa ríkissjóði. Þjóðhagslega sjeð væri betra að spara kaup á þessum 5 miljónum og borga ríkissjóði miljónina á annan hátt. Og jeg vona, að hæstv. stjórn sje mjer samdóma um það, að vont sje að þurfa að auka þjóðareyðsluna til þess eins að afla ríkissjóði tekna.

Þess vegna hafa þau vinnubrögð vakið mótstöðu, að haftamálið stóra skuli sett á hakann, en smámáli, örlitlu broti fjárhagsmálsins, ýtt fram með afbrigðum frá þingsköpum. Að vísu er sagt, að hlaðið skip sje á leiðinni til landsins, fult af glysvörum, og þurfi að ná tolli af þeim vörum, sem það flytur. En það var hægt að gera á annan hátt, t. d. með tolllögum, sem stæðu aðeins á meðan þing stendur yfir, meðan verið er að ráða fram úr viðskiftamálunum, og hefði tollurinn þá gjarnan mátt vera eitthvað hærri. En úr því að svo er komið, að þetta frv. er látið ganga á undan, er ekkert annað að gera en að fella það, eða samþykkja, ef menn vilja ná í skip þau, sem eru á næstu grösum. Þó að jeg nú játi, að gott væri fyrir ríkissjóð að fá svo sem 200—300 þús. kr. tekjuauka og hann hefði þess fulla þörf, þá verð jeg að telja þeim vorkunnarmál, sem álíta, að líf og velferð þjóðarinnar sje undir gengi ísl. krónunnar komið, þó að þeir reyndu að sporna við þessu frv., ef það stofnaði hinu málinu, sem að þeirra viti er langtum þýðingarmeira, í hættu.

Þá vil jeg sjerstaklega tala um það við hæstv. stjórn, hvernig hún muni taka í haftamálin. Í gær heyrði jeg einn eða fleiri hæstv. ráðherra lýsa yfir því í hv. Nd., að þeir vildu hefta innflutning svo mjög, sem ríkissjóður þyldi. Þetta verður varla skýrt öðruvísi en svo, að ef

ríkissjóður þyrfti að fá tolltekjur af bílum, silki o. s. frv., þá myndu þeir ekki sjá sjer fært að banna innflutning á þessum vörutegundum.

Þessi ummæli hæstv. ráðherra eru því engin trygging fyrir því, að þeir ætli sjer að gera alvarlegar ráðstafanir í þessu máli. Jeg er samdóma því, sem jeg hefi heyrt, að einn hv. Íhaldsmaður hafi haldið fram á þingmálafundum í hjeraði sínu síðastl. haust, að hann væri ekki með innflutningshöftum, nema því aðeins, að með þeim væru sparaðar a. m. k. 5 milj. kr. Það er ekkert gagn að neinu smákáki í þessum efnum. 5—8 miljónir er það minsta, sem um dregur. Því vil jeg spyrja hæstv. stjórn, og þá einkum hæstv. forsrh. (JM), sem á atkv. hjer í þessari háttv. deild og kemur því til að ráða úrslitum málsins hjer með okkur hinum, hvort hún í útreikningum sínum um innflutningshöft telji of hátt takmark að spara með þeim a. m. k. 5 milj. kr. árlega frá því, sem verið hefir.

Því næst vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. stjórn um, hvernig form hún hefir hugsað sjer á takmörkun innflutningsins. Jeg hefi heyrt, að Íhaldsflokkurinn muni ætla að fella haftafrv. það, sem nú liggur fyrir hv. Nd., með dagskrá, þar sem tekið sje fram, að frv. sje óþarft, með því að fela megi atvrh. að nota heimild í lögum frá 8. mars 1920 til þess að banna innflutning, svo sem honum sýnist þörf. Jeg skal ekki neita því, að þá heimild má nota, svo að gagni megi koma, ef þingvilji er á bak við, og var það t. d. gert á meðan innflutningsnefndin starfaði. En reynslan hefir sýnt, að þetta er erfitt, því þegar mótstaða verslunarstjettarinnar óx, neyddist þáverandi stjórn til að leggja heimildina á hilluna, og síðan hefir hún sama sem ekkert verið notuð, fyr en á dögunum, að reglugerð var gefin út um strangt bráðabirgðabann á ýmsum vörum, að fenginni sjerstakri, þó ekki opinberri, heimild þingsins.

Jeg fæ ekki betur sjeð en að einmitt skifti ákaflega miklu máli, hvor leiðin farin verður, því að ef hefta á innflutning með reglugerð samkv. lögunum frá 1920, þá er það fyrst og fremst eingöngu á valdi hæstv. stjórnar, hvað bannað verður og hvað ekki. Í öðru lagi er hver stjórn mjög illa sett, að þurfa að beita slíku banni harkalega hjer í Reykjavík. Þriðjungur bæjarbúa lifir hjer á verslun, og þarf því ekki að fara í neinar grafgötur með það, að ströng verslunarhöft af þessu tægi skapa hallæri í Reykjavík. Jafnvel þó nú að stjórn landsins, hverjir sem með hana færu, styddist ekki sjerstaklega við þær stjettir, sem mestan óhag hafa af innflutningshöftum, þá get jeg vel skilið, að óþægilegt yrði fyrir hana að umgangast daglega árum saman þúsundir manna, sem væru að fara á hausinn vegna ráðstafana stjórnarinnar, og þola alla þá kveinstafi og kvartanir, sem bærust ráðuneytinu út af þessu. Þó að jeg beri ekkert sjerstakt traust til núv. hæstv. atvrh. (MG), þá er það ekki eingöngu þess vegna, að jeg kem með þessar mótbárur. Aðstaða hverrar stjórnar, jafnvel þó að hún væri mynduð af Framsóknarflokknum, sem styðst ekki mikið við fylgi verslandi manna hjer í bænum, þó bændastjórn ætli að beita heimildinni frá 1920, í stað nýrra laga um innflutningsbann, yrði það svo erfitt, að líkja má við það að standa á Dettifossbrúninni. Stjórninni hlýtur að verða ákaflega erfitt að standast þann þunga, sem legst á móti slíkum ráðstöfunum, ef þær eiga eingöngu

að hvíla á viljaafli ráðherranna, og það því fremur, sem núverandi hæstv. stjórn á stuðning sinn aðallega undir þeim mönnum, sem mestan óhag hafa af innflutningshöftum. Þess vegna vænti jeg þess, að hæstv. stjórn svari því, hvort hún vill fara þá leið í þessu máli, að samþykt verði ný lög um innflutningsbann, eða hvort hún vill fara reglugerðarleiðina samkvæmt heimildinni frá 1920. Ennfremur þætti mjer vænt um að fá upplýst, hversu langt hún vildi ganga; hvort hún vildi láta sjer nægja að spara með innflutningshöftum 1 eða 2 miljónir, eða hvort hún vill ganga lengra. Jeg myndi telja viðunandi, ef hún treysti sjer til þess að spara 5 milj. kr. með hreinu banni. Það eru þá þessi tvö atriði, sem jeg vildi biðja hæstv. stjórn að svara: hvort hún vill fara þá leið, að ný lög verði sett um innflutningsbann og hversu langt hún vill ganga.

Annars má hæstv. fjrh. ekki halda, að með frv. þessu sjeu tæmdar allar leiðir til þess að auka tekjur ríkissjóðs. Hvers vegna var tollupphæðin ákveðin 20%, en ekki t. d. 30%? Og ennfremur eru til fleiri vörutegundir, sem hefði mátt tolla á sama hátt. Þá má geta þess, að nýlega hefir einn helsti læknir okkar skrifað um niðurstöðu læknavísindanna í einu atriði, sem byggja mætti á tollafrv. Jeg á við þá skýringu, að hveiti sje þeim mun dýrara en rúgur, miðað við næringargildi, að jafngildi þess, sem við kaupum af hveiti fyrir 1 krónu, getum við fengið með því að kaupa rúg fyrir 33 aura.

Hví er t. d. ekki lagður tollur á hveiti? Jeg hefi sjeð heila laupa fulla af hveitibrauðum flutta út í togarana. Sjómönnunum mundi alveg eins holt að borða rúgbrauð. Hveiti yrði flutt inn þrátt fyrir tollinn; gætu þá þeir, sem vildu, keypt það, en hinir notað ódýrari mjölmat. Yrði þetta allálitlegur tekjustofn fyrir ríkissjóðinn. Enn vil jeg nefna, að aðrar þjóðir, t. d. Norðmenn, hafa farið þá leið, að krefjast tollgreiðslunnar í gulli. Sumstaðar, einkum í stríðslöndunum, hafa ríkinu verið veittar allríflegar tekjur með hækkuðum eignaskatti. Gætum við af því lært. Hjer í bænum er fjöldi gamalla húsa, sem eru leigð óhæfilega hátt; borga þau í arði andvirði sitt á örskömmum tíma. Væru þessi hús ágætur tekjustofn fyrir ríkissjóðinn. Jeg tek þetta fram til þess að benda á það, að enn má finna margar leiðir aðrar en farnar hafa verið. Að síðustu þetta: Þótt 20% verðtollur verði lagður á meiri hluta innfluttrar vöru, mun það engin áhrif hafa á gengi krónunnar. Má búast við því, að innflutningur óþarfavarnings haldi áfram þrátt fyrir tollinn.

Ríkissjóðnum eru að vísu trygðar tekjur, en aðalmálið er óunnið, það, að bæta gengi íslenskrar krónu.

Loks vil jeg spyrja hæstv. landsstjórn: Hvaða loforð getur hún gefið oss, sem höldum fram haftakenningunni? Ætlar hún að beita reglugerðinni frá 1920? Hve langt ætlar hún að ganga í því? Vill hún hjálpa til að spara landinu 5 milj. kr. á innflutningi?

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. 5. landsk. þm. (JJ) hjelt því fram, að haftafrumvarpið ætti að ganga gegnum þingið samhliða eða á undan þessu frv., sem nú liggur fyrir. Það er rangt á litið. Landsstjórnin verður fyrst og fremst að gæta þess, að fjárhag ríkissjóðs sje borgið. Haftafrv. fer fram á að banna innflutning margra vörutegunda, sem falla undir hæsta tollflokk. Frv. fer því fram á að rýra að miklum mun tekjur ríkisins. Það er ekki unt fyrir neina stjórn að leggja

slíku frv. lið sitt, nema sjeð sje um leið fyrir fullri uppbót þeirra tekna, sem þar tapast. Með þessu frv., sem nú liggur hjer fyrir, er sjeð fyrir þessu. Virtist hv. 5. landsk. þm. halda, að þessu frv. væri ætlað að koma að öllu leyti í stað innflutningshafta. Jeg get hiklaust lýst yfir því, að svo er ekki. Stjórnin mun framkvæma bann gegn innflutningi óþarfavarnings að svo miklu leyti, sem ríkissjóður þolir það.

Hv. 5. landsk. þm. hjelt því fram, að hjer væri eiginlega um tvær stefnur að ræða. Önnur væri sú, að spara almenningi útgjöld með því að hefta innflutning óþarfrar vöru. Hin legði aðeins áherslu á að rjetta við búskap ríkishirslunnar.

Jeg kannast ekki við, að hjer sjeu tvær stefnur; þetta hvorttveggja eru bara tveir þættir úr margþættri ráðstöfun til þess að rjetta við hag ríkisheildarinnar.

Það er enginn vafi á því, að tekjuhalli ríkissjóðsins á mestan þáttinn í falli ísl. krónunnar. Mun mjer sjálfsagt gefast tækifæri til að víkja nánar að þessu síðar. En um þessa tvíþættu ráðstöfun get jeg meðal annars vísað til ummæla í ársskýrslu banka þess í Kaupmannahöfn, sem ríkissjóður hefir sín aðalviðskifti við, Københavns Handelsbank. Skýrslan fjallar svo að segja eingöngu um gengismál. Segir þar hiklaust, að fyrsta skilyrðið fyrir vænlegri afkomu sje, að búskapur ríkissjóðs sje rekinn tekjuhallalaust.

En jeg er sammála hv. 5. landsk. þm. um, að hina leiðina, haftaleiðina, beri líka að ganga. Hv. þm. spyr, hvort stjórnin vilji hjálpa til að spara 5 milj. króna. Mjer persónulega þætti ekki of langt farið, þótt innflutningur minkaði um 5 milj. kr. Annars eru ekki til skýrslur frá árum með sambærilegt ástand. Sökum þessa verður spurningu hv. 5. landsk. þm. ekki svarað að fullu. — Þá spyr hv. þm., hvort landsstjórnin ætli að nota reglugerðina frá 1920 eða hvort hún vill styðja framgang haftafrumvarpsins og nota það. Stjórnin tekur enga afstöðu til þess, hvort ný lög verða sett eða gamla heimildin látin nægja. En komi engin lög, mun stjórnin nota gömlu heimildina. Stjórnin ætlar sjer ekki að fella niður innflutningshöftin, ef engin lög verða sett.

Hv. 5. landsk. þm. lagði mikla áherslu á það, hve miklu þægilegra það væri fyrir stjórnina að hafa ný lög við að styðjast heldur en að nota gömlu heimildina. Jeg þakka háttv. þm. mjög fyrir velvild hans og umhyggju fyrir daglegri vellíðan stjórnarinnar. En jeg hugsa, að ráðherrarnir meti meira þjóðarheill en þægilega daga. Annars vil jeg lýsa yfir því, að stjórnin vísar að öllu leyti til yfirlýsingar sinnar í gær um það, að hún mun framkvæma innflutningshöft á óþörfum varningi eftir því, sem frekast er unt án þess að ganga of nærri ríkissjóði, en tekur enga afstöðu til þess, hvort um þetta mál verða sett ný lög á þessu þingi eða notuð heimildin samkvæmt lögunum frá 8. mars 1920.

Þá nefndi sami hv. þm. hveititoll. Jeg er ekki viss um, að ríkissjóður fengi mjög miklar tekjur af þeim tolli, ef hann væri mjög hár, og auðvitað þyrfti þá einhver að verða til þess að flytja frv. um slíkan toll, ef á honum ætti að byggja. Jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg treysti mjer ekki til þess. Hveiti hefir hingað til verið talin hin mesta nauðsynjavara og er ein af þeim vörutegundum, sem t. d. verkamenn byggja útreikning sinn á um dýrtíð, þegar þeir eiga í kaupgjaldsdeilum.

Þá talaði hv. 5. landsk. þm. um eigna-

skatt eða eignanám. Þetta hefir verið orðað víðar, og komst það svo langt í Sviss, að það var lagt undir þjóðaratkvæði. Í upphafi virtist þessi hugmynd hafa allmikið fylgi, en svo fór, að áður en atkvæðagreiðslan fór fram, urðu menn hræddir, þegar þeir sáu rás viðburðanna. Því að þá var alt fjármagn að flýja úr landi, og var fyrirsjáanlegt, að örbirgðin ein mundi sitja eftir. Það voru því ekki greidd nema örfá atkvæði með þessu og kom ekki nándanærri fram alt atkvæðamagn þess flokks, sem barist hafði fyrir málinu. Í Bretlandi kom þetta mál einnig upp, og var gert að kosningamáli af hálfu jafnaðarmanna, en það er sá flokkur, sem hefir alstaðar beitt sjer fyrir þessu máli. Svo fór fyrir rás viðburðanna, að sá flokkur myndaði stjórn, sem gert hafði þetta að kosningamáli, en gaf þá jafnharðan út þá yfirlýsingu, að hann mundi ekki hefjast til framkvæmda í málinu. Það eru svo miklir annmarkar á þessu, að það getur ekki komið til mála, og að minsta kosti þyrfti að koma fram þingleg tillaga um það.

Hv. 5. landsk. þm. mintist þessu næst á gulltollinn, og er jeg honum að mestu leyti samdóma í því efni. Jeg hefi í fjhn. Nd. beitt mjer fyrir að vinna þeirri skoðun fylgi, að heimta ætti með gullgengi toll af öllum óþörfum og miður þörfum tollvörum. Er þess getið í nál., sem sú nefnd hefir látið fara frá sjer, að jeg hafi haldið þessari skoðun fram. En jeg gat ekki unnið þessari skoðun fylgi í nefndinni, ekki einu sinni hjá flokksmönnum hv. þm. Sá jeg því ekki til neins að róa einn með þessa skoðun inn í hv. Nd., þar sem jeg taldi vonlaust um, að hún næði fram að ganga á þessu þingi, þegar fjhn. vildi ekki fallast á hana.

Loks mintist hv. þm. á skatt á húseignum í Reykjavík. Jeg býst við, að erfitt muni að afla ríkissjóði tekjuauka á þann hátt, enda ekki sanngjarnt, að höfuðstaðurinn leggi einn fram það, sem til þarf.

Jónas Jónsson: Jeg stend upp til þess eins að ítreka ósk mína um það að heyra svör hæstv. atvrh. (MG) og hæstv. forsrh. (JM) í þessu máli, áður en jeg tek aftur til máls.

Forsætisráðherra (JM): Mjer virðist óþarft, að jeg gefi nokkur svör í þessu máli, þegar hæstv. fjrh. (JÞ) hefir svarað fyrir hönd stjórnarinnar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skil það vel, að hv. 5. landsk. þm. (JJ) læst hyggja, að ráðherrarnir sjeu hver á sínu máli, en svo er ekki; þeir eru allir sammála, og sje jeg því ekki ástæðu til að skýra frá minni afstöðu sjerstaklega. Hv. þm. þekkir hana, enda hefir hæstv. fjrh. (JÞ) lýst henni. En þar sem jeg stóð upp, skal jeg víkja að nokkrum atriðum í ræðu hv. þm.

Hv. þm. kvað það skifta miklu máli, hvort um þetta efni væri sett reglugerð eða lög, og innflutningur mundi verða meiri eða minni eftir því, hvor leiðin yrði farin. Jeg býst við því, að við munum vera sammála um það, að keppa beri að því, að innflutningur sje sem minstur. En þess verður að gæta, að málið hefir tvær hliðar, og má ekki gleyma þeirri, sem veit að ríkissjóði. Hann verður að geta staðið í skilum, og munu allir sammála um það. Það verður að laga höftin eftir því, og við það var miðuð yfirlýsing stjórnarinnar í háttv. Nd., að

hefta bæri innflutning svo mikið, sem hagur ríkissjóðs þolir.

Hv. 5. landsk. þm. áleit, að engin stjórn mundi verða svo föst fyrir, ekki einu sinni Framsóknarflokksstjórn, að hún gæti framfylgt innflutningshöftum eftir reglugerð, heldur hlyti hún að láta undan fyrir hinum sterku áhrifum andstæðinga þess máls í Rvík. Jeg skal segja hv. þm., að jeg ætla mjer ekki að láta undan þeim straumi. Jeg get ekki fullyrt, að jeg muni ekki bogna, eins og hv. þm. getur ekki staðhæft, að jeg muni bogna. Það var ekki stjórnin, sem kiknaði í þessu máli á árunum, heldur þingið. Það tók af innflutningsnefndina og dró með því mikið úr höftunum. En þó var þeim haldið uppi að nokkru leyti, og gaf stjórnin út reglugerð, sem var í gildi þangað til fyrir fáum dögum.

Hv. 5. landsk. þm. sagði, eins og líka hefir verið slegið fram í hv. Nd., að kaupmenn stæðu aðallega að baki núverandi stjórnar. En þá fara að verða margir kaupmennirnir í þessu landi, ef það er satt. (*JJ*: Jeg sagði í Reykjavík). Jeg er búsettur í Reykjavík, en þó standa engir kaupmenn hjer að mjer.

Þá spurði hv. þm., hvað mikið stjórnin vildi spara með innflutningshöftum. Hæstv. fjrh. hefir svarað þessu, og jeg vil taka undir með honum, að jeg vil reyna að spara sem mest. Það er ógerningur að gera áætlun um þetta fyrirfram, og hlýtur sparnaðurinn að fara nokkuð eftir því, hvaða áhrif þetta frv. hefir, ef það verður að lögum. Jeg skal segja það í fullri hreinskilni, að það er vilji stjórnarinnar að spara sem mest með því að draga úr innflutningi. En jeg verð að taka undir með hæstv. fjrh., að sterkar innflutningshömlur geta ekki átt sjer stað, nema tolltekjurnar sjeu auknar um leið. Það má vera, að hv. 5. landsk. þm. gruni stjórnina um, að hún ætli að svíkja loforð sín um innflutningshöft, og því leggi hún kapp á að koma þessu frv. fram á undan. En hv. þm. veit þó, að alveg sjerstakar ástæður eru til þess að hraða þessu máli. Það eru skip á leiðinni, sem búast má við, að flytji mjög mikið af þeim vörum, sem koma undir þessa tollhækkun, en reglugerðin nær ekki að hefta. Ef þessar vörur fá að komast inn í landið án þessa tolls, er það mesta happ, sem unt er að veita þeim mönnum, er flytja vörurnar inn. Aftur á móti er svo um haftafrv., að það liggur ekki á að afgreiða það fyrir neinn sjerstakan dag, því að þar er brunnurinn byrgður með reglugerð þeirri, sem nýlega var gefin út um innflutningsbann. Annars kemur mjer ekki til hugar að ámæla hv. þm. fyrir það, að hann rengir stjórnina. Hann er í andstöðuflokki hennar, og er ekkert við því að segja. En jeg treysti því, að hann sjái, að það kemur ekki niður á stjórninni, þó að hann leggist á móti frv., heldur kemur það niður á ríkissjóði. Stjórnin fer ekki fram á þetta vegna sjálfrar sín, heldur nauðsynjar ríkissjóðs.

Jónas Jónsson: Jeg álít að málið hafi skýrst töluvert við ræður hæstv. fjrh. (JÞ) og hæstv. atvrh. (MG), en þó hefði jeg kosið, að sá ráðherra, sem á sæti í þessari deild, hefði látið oss samverkamenn sína vita dálítið meira um skoðun sína á málinu. Jeg vænti þess, að jeg geti gert honum skiljanlegt, að sú krafa er ekki ósanngjörn. Það kom ekki nógu glögglega fram, hvort hæstv. ráðherrar ætluðu sjer sem þingmenn og stjórnendur flokks síns að vinna að því að koma á innflutningshöftum. Mjer er það óskiljanlegt, hvers vegna þeir vilja ekki á

þessum erfiðu tímum leggja óþægindi þessa máls á herðar þeim, sem fúsir vilja taka þau á sig, sem eru andstæðingar hæstv. stjórnar. Ef stjórnin er oss andófsmönnum hennar samdóma, er hefta viljum innflutning að marki, þá skil jeg ekki, hvers vegna hún kýs þá leiðina, sem er erfiðari fyrir hana og gæti, ef svo vildi verkast, gefið andófinu auðveldan skotspón, ef miður tækist um framkvæmdirnar en skyldi. Hæstv. atvrh. talaði mjög ákveðið um, að hann mundi ekki láta strauminn beygja sig, en það er hvorki af hlífð eða óhlífð við hann, að jeg kýs fremur höft með lögum en reglugerð, heldur af hinu, að jeg tel þá leið betri fyrir málið, þar sem það er þá þjóðin sjálf, sem leggur á sig þessa fjötra, en ekki einn maður.

Hæstv. fjrh. segir, að fyrst og fremst beri að líta á hag ríkissjóðs, en þá tel jeg, að hæstv. atvrh. ætti að segja, að framar bæri að meta hag almennings. Ef verkum er svo skift milli þeirra tveggja hæstv. ráðherra, að hæstv. fjrh. á að gæta ríkissjóðs, ef nokkuð er í honum, þá er það víst, að hæstv. atvrh. á að vera aðalleiðsögumaður í atvinnumálum landins. Því að til hans líta hinar mörgu þúsundir manna víðsvegar um landið, sem krefjast haftanna og forgöngu hans í því efni. Hæstv. fjrh. kvað höftin mundu minka tekjur ríkissjóðs að miklum mun. En hefir ekki verið sagt af vorri hálfu, sem erum þeim fylgjandi, að vjer værum reiðubúnir að taka afleiðingunum af því með því að styðja stjórnina til skynsamlegra úrræða í þessu máli, ef hún fylgir fram haftafrumvarpinu?

Hæstv. fjrh. talaði nokkuð hart um það, hvílík óhæfa það væri fyrir stjórnina að styðja að framgangi haftamálsins, meðan ríkissjóði væri ekki sjeð fyrir tekjuauka. Jeg fæ ekki annað sjeð en að þetta bendi á, að hæstv. fjrh. líti of þröngt á verksvið sitt. Hann er ekki settur til þess eins að gæta að tómum sjóði, sem hann kveðst nú hafa á milli handa. Það getur ekki hjá því farið, að hæstv. fjrh. fyndi afleiðingar þess áður en líður á löngu, ef aukinn væri óeðlilega innflutningur á óþörfum varningi, í því einu skyni að fylla sjóðinn. Það er ekkert vit í því að flytja inn óþarfa fyrir 5 milj. kr. til þess að fá 1 milj. kr. í sjóðinn. Jeg veit, að hæstv. fjrh. vill ekki stuðla að þessu, þegar hann hugsar sig betur um, að þjóðin eyði svo miklu fje í þessu skyni, sem hún yrði ríkari, ef hún forðaðist þessa eyðslu, því að auðvitað verður að greiða þessar vörur.

Þá vjek hæstv. fjrh. að því, að erlendir fjármálamenn teldu gengishrun sjerstaklega stafa af eyðslu hins opinbera, en ekki ríkisins. Jeg veit, að honum muni kunnugt um, að um þetta er mjög deilt. Sumir halda þessu fram, en þó þykist jeg mega fullyrða, að fleiri fjármálamenn sjeu á annari skoðun. Gengisfall dönsku krónunnar stendur í nánu sambandi við hið mikla fje, sem Landmandsbanken tapaði á braski sínu, og óhæfilegan innflutning í sambandi við fjárglæfra bankans; einnig mun það stafa að nokkru leyti af almennri velmegun í Danmörku, sem leiddi af sjer óhóflega eyðslu á ófriðarárunum. Því að auðvitað verður eyðsla einstaklinganna talin í hærri tölum en eyðsla ríkisins, en þó getur hún átt mikinn þátt í gengisfalli, og er auðvitað ekki afsakanlegt, að sum lönd og bæjarfjelög hafa tekjuhalla ár eftir ár. En jeg tel, að hæstv. fjrh. komist of auðveldlega frá málinu með því að halda fram, að hann geti stöðvað gengisfallið með því einu að koma í veg fyrir tekjuhalla, ef hagur

almennings er á hverfandi hveli, eða stórkostleg óhöpp koma fyrir, svo sem varð í Danmörku, þegar Landmandsbanken tapaði 300 milj. kr.

Hæstv. fjrh. sagði eitthvað á þá leið, að stjórnin tæki enga afstöðu til haftafrv., en það var um afstöðu stjórnarinnar í því máli, sem jeg spurði. *(Fjrh. JÞ:* Jeg hygg, að jeg hafi ekki viðhaft þessi orð, enda hefi jeg það skrifað, sem jeg sagði um þetta). Jeg heyrði þó ekki betur. (*Fjrh. JÞ:* Jeg skal lesa það upp aftur: „Stjórnin .... mun framkvæma innflutningshöft á óþörfum varningi eftir því, sem frekast er unt án þess að ganga of nærri ríkissjóði.“ Og jeg bætti við, að stjórnin tæki ekki afstöðu til þess, hvort um þetta mál verði sett ný löggjöf á þessu þingi eða notuð heimildin samkvæmt lögunum frá 8. mars 1920). Þetta er ekkert svar viðvíkjandi höftunum, að segjast hefta eyðslu út á við að svo miklu leyti, sem hagur ríkissjóðs leyfir.

Hæstv. stjórn fer fram á það við andstöðuflokk sinn, að hann afgreiði með afbrigðum frá þingsköpum lítt rannsakað mál sem þetta. Vjer höfum orðið við þeim tilmælum í kvöld, en æ sjer gjöf til gjalda. Vjer þykjumst nú á móti þessu eiga heimtingu á því, að hæstv. stjórn segi oss nú skýrt og skorinort, hvernig hún og flokkur hennar ætlar að taka í þetta stórmál, framkvæmd innflutningshaftanna. Hæstv. fjrh. hefir færst undan að gefa greið svör í þessu efni, og hæstv. atvrh. hefir beint og óbeint frekar látið í ljós, að hann væri á móti oss, því að hann virðist aðallega hugsa sjer að fara reglugerðarleiðina. Að vísu hefir hann ekki sagt það berum orðum, og vona jeg því, að hann kjósi ekki þá leiðina, sem verri er.

Jeg vil í þessu sambandi víkja mjer að þeim hæstv. ráðherra, sem á sæti í þessari deild. Það munu margir líta svo á, að eftir umræðunum í hv. Nd. að dæma, mundi hæstv. atvrh. og ef til vill nógu margir flokksbræður hans greiða atkvæði með aðalatriðunum í innflutningshaftafrv., og er það auðvitað ánægjuefni fyrir oss andstæðinga hans. En hvað verður þá, þegar frv. kemur til Ed.? Ef hæstv. forsrh. (JM), sem er höfuð flokksins hjer í hv. deild, væri á gagnstæðri skoðun og beitti sjer gegn málinu, væri einskisvirði stuðningur flokksbræðra hans í hv. Nd., ef skoðanabræður hæstv. fjrh. eyddu málinu hjer. Það er þetta, sem stjórnin á ósvarað og jeg tel oss eiga fulla sanngirniskröfu á, að hæstv. forsrh. og hæstv. atvrh. svari. Ætla þeir sjer sem þingmenn að fylgja frv. um innflutningshöft, eða ætla þeir sjer að vera á móti því?

Ingvar Pálmason: Sökum þess, að vel getur svo farið, að jeg greiði atkvæði gegn þessu frv., þá vil jeg með nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þess.

Ástæðurnar til þess, að jeg er mótfallinn þessu frv., eru talsvert margar, og mun jeg nú telja upp þær helstu.

Fyrsta ástæðan er sú, að jeg tel þetta frv. vera reist á röngum grundvelli. Það er rangt að heimta inn tekjur handa ríkissjóðnum á þennan hátt. Það er hjer um neysluskatt að ræða, en þeir skattar koma jafnan þyngst niður á þeim, sem síst mega við því — barnamönnunum.

Önnur ástæðan er sú, að jeg tel gjaldþol gjaldþegna ríkisins ofhlaðið nú þegar. Því til sönnunar vil jeg benda á það, að fyrir þinginu liggja hjálparbeiðnir frá 2 hreppum á landinu og einum kaupstaðnum (Hafnarfirði). Bendir þetta ljós-

lega til þess, að gjaldþol landsmanna er nú þegar ofhlaðið, enda væri hægt að telja mýmörg fleiri dæmi upp á þetta.

Þriðja ástæðan er sú, að jeg tel frv. verði til þess að auka dýrtíðina í landinu. Það er ljóst af orðum hæstv. fjrh. (JÞ), að hjer er um tekjuaukafrv. að ræða fremur en haftafrv., og hlýtur því afleiðingin að verða enn frekari dýrtíð. Hefði frv. verið borið fram í því skyni að hefta innflutning á ónauðsynjavöru, þá hefði þetta snúið nokkuð öðruvísi við, enda óvíst nema jeg hefði þá treyst mjer til að greiða því atkvæði.

Fjórða ástæðan er sú, að þar sem nú er áliðið þings og ekki útlit fyrir, að komið verði fram með nein frv. til bjargráða við þjóðina, þá treysti jeg mjer ekki til að bæta þessu á hana, eins og efnahagur hennar er fyrir. — Skal jeg bæta því við, að fari svo, að hjer sjeu upptaldar allar björgunarráðstafanir þingsins, þá vildi jeg óska þess, að jeg hefði aldrei á þing farið.

Jeg veit, að fjárhagur ríkissjóðsins er mjög erfiður, en því er eins farið um fjárhag einstaklinganna. Eins og menn vita, þá byggist fjárhagur ríkissjóðsins ekki á öðru en gjaldþoli þegnanna. Þótt ríkissjóður skuldi um tuttugu miljónir, þá hefði mjer ekki vaxið það svo mjög í augum, ef gjaldþol þegnanna hefði verið í lagi. En því fer miður, að svo er ekki. Víðast hvar er fjárhagur einstaklingsins engu betri. Og hvar á þá að taka þetta fje?

Hæstv. fjrh. sagði í gær í Nd., að þessum tekjum yrði að ná í tóman ríkiskassann, hvað svo sem gengi íslensku krónunnar liði. Jeg teldi vel fara á því, að hæstv. ráðherra gerði þetta að einkunnarorðum sínum sem fjármálaráðherra, því betur verður hans fjármálastefnu varla lýst. Hann sjer aðeins tóman kassann; annað virðist hann ekki skynja. Íslenskum bændum hefir stundum verið brugðið um það, að þeir sæju lítið út fyrir asklokið. En mjer virðist sem til sjeu önnur lok, sem skyggi fyrir sjónir ýmsra annara manna. Og þótt asklok bænda þyki lítið, þá býst jeg við, að það sje engu óþjóðlegra en asklok hinna.

Jeg hefi setið á einum fundi, þar sem þetta frv. var til umr., og var hæstv. fjrh. þar líka sem formaður fjhn. Jeg hreyfði þá andmælum gegn frv., en hann svaraði og kvað þá menn, sem ekki vildu ganga inn á þessa leið, verða að benda á einhverja aðra til þess að afla ríkissjóðnum þessara tekna. Jeg skal játa, að þetta væri æskilegt. Og þótt jeg sje þeirra manna ófærastur, sem hjer eru, til þess að benda á slíkar leiðir, þá vil jeg þó vekja athygli hæstv. fjrh. á því, að til eru hjer stórir annmarkar, sem ekkert hefir verið gert til þess að bæta úr. Í hv. Nd. voru nýlega feld 2 frv., þess efnis, að ríkið tæki í sínar hendur einkasölu á saltfiski og síld. Jeg ætla ekki að fara að lýsa afstöðu minni til þeirra frv. nú, en með því að fella þessi frv. umræðulaust hefir Nd. lýst yfir því, að hún telji ekkert athugavert við sölu þessara afurða vorra eins og hún fer nú fram. En í þessu tel jeg þó felast eitthvert mesta mein viðskifta vorra. Jeg sat fyrir skömmu síðan á fundi hjer í bænum, og heyrði jeg þar einn velmetinn borgara bæjarins lesa upp kafla úr skýrslu erindreka stjórnarinnar á Spáni. Í þeim kafla skýrir þessi fulltrúi frá því, að Íslendingar hafi á síðasta ári fengið 5 miljónum kr. minna fyrir fisk sinn en þeir hefðu átt að fá samkvæmt þarlendu markaðsverði. Þetta hlýtur að vera rjett með farið, því þessi fulltrúi, sem skýrsluna hafði gefið, var sjálfur á fundinum

og mótmælti þessu ekki. Kom það fram í skýrslunni, að þetta fje hefir mestalt runnið til erlendra millilíða. Sje nú þessi skýrsla rjett, og jeg tel enga ástæðu til að efa það, þá verð jeg að segja það, að hjer fer sorglega mikið fje forgörðum. Og ef þessar 5 miljónir væru komnar í kassann hjá hæstv. fjrh., þá myndi hverfa tómahljóðið í kassanum, án þess þó að hagur landsmanna væri nokkuð skertur. Hefði nú hæstv. ráðherra reynt að stinga á þessu slæma kýli, þá kynni það að vera, að jeg hefði fremur litið á þessa málaleitun hans, en meðan annað eins viðgengst og þetta með fisksöluna, þá hefi jeg ekki samvisku til að greiða slíku frv. sem þessu atkvæði mitt.

Jeg hefi nú lýst áliti mínu á þessu máli og aðalástæðum fyrir því, að jeg er frv. mótfallinn. En úr því jeg stóð nú upp, þá vildi jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvers vegna hafi verið svo hljótt um þessa skýrslu, sem jeg gat um áðan. Hví var hún ekki í þingbyrjun lögð fram, svo að þm. gæfist kostur á að sjá hana? Er það máske meiningin að slíta svo þessu þingi, að þetta verði ekki gert? Það var aðeins af tilviljun, að jeg heyrði þetta um fisksöluna, og það er sú tilviljun, sem veldur því, að hv. þdm. heyra nú þessa skýrslu hjer nefnda. Jeg lít svo á, að það muni vera til leiðir, sem hægt væri að fara til að bæta úr þessu ömurlega fjárhagsástandi, sem nú ríkir hjá þjóðinni, aðrar en sú, að bæta nýjum tollum á þjóðina. En jafnframt held jeg því fram, að á meðan allar leiðir hafa ekki verið rannsakaðar, þá sje ekkert vit í því að grípa til slíkra örþrifaráða sem þessa frv. Vil jeg nú nota tækifærið og skora á hæstv. stjórn að taka það til ítarlegrar yfirvegunar, hvort ekkert sje hægt að gera til þess að koma sölu sjávarafurðanna í betra horf en nú er. Takist það, þá er ekki örvænt um, að jeg ljái fylgi mitt til þessa máls.

Það má nú vera, að einhver kunni að segja: En hví hefir þú þá ekki, maður minn komið fram með frv. þess efnis að kippa fisksölunni í lag? — Til þess liggja þær ástæður, að jeg á hjer sæti í fyrsta sinn, og treystist jeg því vart til að hrinda fram slíku máli. Auk þess virtist mjer móttökur þær, sem þessi 2 frv. um einkasöluna, sem jeg gat um áður, fengu í hv. Nd., benda til þess, að sá róður myndi sækjast mjög erfiðlega. En jeg taldi það samt skyldu mína að hreyfa þessu máli hjer opinberlega, úr því jeg fjekk svo gott tækifæri til þess. Vona jeg, að hæstv. stjórn veiti einhver svör máli mínu, og beini jeg þar orðum mínum aðallega til hæstv. atvrh. (MG). Það má vera, að álíka ólag sje á síldarsölunni og sölu fiskjarins. Að minsta kosti veit jeg, að oft hefir þar verið mjög óskynsamlega að farið. Það er í þennan liðinn, sem við verðum að reyna að kippa, og það áður en sá þroti verður í kominn, að ekkert verði við gert. Ef við ekki rekum þessa höfuðatvinnuvegi okkar með dugnaði og fyrirhyggju, þá heldur fjárhagurinn áfram að hrapa norður og niður. Takist okkur þetta aftur á móti, þá björgumst við. — Á þessu veltur alt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 31. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 253, n. 258 og 259).

Of skamt var liðið frá útbýtingu beggja nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Eins og hv. deild er kunnugt, gat nefndin ekki orðið sammála, og hafa komið fram tvö nál. Að vísu virtist svo á nefndarfundi, að allir nefndarmenn — einn var forfallaður og fjarverandi — myndu verða óánægðir með frv. Samt sem áður gat ekki orðið samkomulag um breytingarnar, og þá áttum við hv. sessunautur minn (JJós) ekki samleið. Hv. deild er kunnugt um afstöðu mína til þessa máls frá 1. umr., og liggur því næst að gera grein fyrir þeim breytingum, sem minni hl. leggur til að gera á frv.

Fyrsta breyting er orðabreyting, þannig, að í staðinn fyrir: „viðhafnarlaus skófatnaður úr skinni", komi: „skófatnaður úr vatnsleðri". Eins og tekið er fram í nál., fanst minni hl. orðið „viðhafnarlaus" svo teygjanlegt, að þörf væri á þessari breytingu. Það má vera, að sumum finnist, að yfirgrip frv. sje frekar aukið með þessum breytingum. Því ber ekki að leyna, að brtt. er fram borin í þeim tilgangi, að meira falli undir tollinn en eftir frv. Fyrir mína hálfu vil jeg lýsa því yfir, að úr því að sú leið er valin til að afla ríkissjóði tekna, að leggja á háan verðtoll, tel jeg ekki ósanngjarnt, að skófatnaður heyri undir slíkan toll, að fráskildum hinum nauðsynlegustu tegundum. Eins og kunnugt er, hefir skósmíði verið til skamms tíma talsverð iðnaðargrein hjer á landi, en nú virðist hún vera að hverfa úr sögunni. Tel jeg það ver farið, því útlendi skófatnaðurinn er síst betri en hinn handunni.

Það, sem yfirleitt er mest sett út á innlendan varning, er, að hann sje ekki útlitsfallegur, en þó dýrari en hinn útlendi. Það má vera, að innlendi skófatnaðurinn sje eitthvað dýrari, en jeg staðhæfi, að hann sje endingarbetri; þegar alt kemur til alls, er spursmál, hvort hann sje dýrari. Einnig má líta á, að það er heldur til að bæta úr atvinnuleysi, sem er mjög æskilegt að gerðar væru tilraunir til. Þó einhver verðhækkun verði fyrir notendur, tel jeg alt öðru máli gegna að borga nokkru dýrara í verðtolli heldur en þegar í því felast atvinnubætur. Veit jeg, að hv. deild skilur, hvað fyrir okkur vakir.

Önnur breyting við 1. gr. hljóðar um það, að bæta við nokkrum tegundum, sem sjeu undanskildar tolli. Það eru hinar allra nauðsynlegustu klæðavörur. Þó við sjeum frv. andstæðir, teljum við skyldu okkar að reyna að hafa áhrif til að draga úr þeirri dýrtíð, sem óumflýjanlega stafar af því, einkum fyrir fátækasta fólkið. Þessar tegundir eru mikið notaðar af hinum fátækari lýð, og gallinn er, að ekki er hægt að benda á neitt innlent í staðinn.

Þá er 2. brtt. við 5. gr., að í staðinn fyrir „árslok 1925" komi: „febrúarlok 1925". Þessi brtt. er eðlileg afleiðing af því áliti, sem við tveir nefndarmenn höfum á þessu máli. Jeg tek það fram, að jeg ber engu minni ábyrgð á þessari till. en hv. meðnefndarmaður minn. Ef knýja á fram þennan verðtoll, álít jeg betra, að það sje ekki lögákveðið, að hann standi nema fram á næsta vetur, því þá mun reynslan skera úr, hvort heppilegt muni að framlengja hann. Að öllu sjálfráðu kemur þing saman næstk. febrúar. Vona jeg, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja brtt., því í þeim felast aðeins sanngirniskröfur.

Til árjettingar því, sem jeg hefi áður sagt um þetta mál, vil jeg láta þess getið, að mjer finst mjög óviðkunnanlegt, undir

þeim kringumstæðum, sem við lifum nú, að af þeim mörgu vandamálum, sem við höfum til að ráða fram úr, skuli vera lögð mest áhersla á þetta mál og það keyrt í gegn með afbrigðum frá þingsköpum, — frv. um að auka álögur á þjóðinni. Að vísu eru orsakir taldar þær, að svo bráðlega sje von á miklum birgðum af þessum vörum, sem koma eiga undir tollinn.

Jeg vil benda á það, að þingið virðist hafa farið eftir óskum alt annara manna en þeirra, sem þessar álögur koma harðast niður á. Þingið þarf að taka miklu fastari tökum á þeim málum en gert hefir verið, sem miða að því að bæta hag gjaldþegnanna, svo sem innflutningshöft, eftirlit með afurðasölu, ráðstöfun gjaldeyris o. fl. Um þetta efni hefi jeg nokkuð rætt við 1. umr. Það eru ýms vandkvæði, sem eins mikil nauðsyn er til að greiða úr, en hinn tæpi fjárhagur ríkissjóðs. Til að fyrirbyggja misskilning, skal jeg taka það strax fram, að þótt skuldir ríkissjóðs sjeu 20 milj. eftir gengi íslenskrar krónu í dag, álít jeg, að fyrir þessu þingi liggi ýms miklu meiri úrlausnarefni til að ráða fram úr, því það verðum við að hafa hugfast, að hagur ríkissjóðs byggist fyrst og fremst á hag gjaldenda. Þess vegna er mest nauðsyn á að bæta hag þeirra, t. d. bænda, sjávarútvegsmanna og verkamanna, og ef það tekst, þá verður ljett að leysa skuldahnút ríkissjóðs. Jeg vil beina þeirri spurningu til hæstv. stjórnar, hvort hún sjái sjer ekki fært að gera á þessu þingi öflugar bjargarráðstafanir til viðreisnar atvinnumálunum og gengi krónunnar. Þó jeg ekki beri fult traust til hæstv. stjórnar, ber jeg það mikið traust til hennar, að hún sjái, að okkur er ekki nóg að fá peninga í kassann. Mjer finst þessi tolltekjuaðferð vera hliðstæð búmenska og hjá bónda, sem sveltir kúna sína til þess að hún geri meira gagn.

Svo legg jeg till. undir úrskurð háttv. deildar, en tek það fram, að jeg hefi ekki enn fengið nægilega tryggingu fyrir því, að fleiri bjargarráðstafanir verði gerðar, og því get jeg ekki lofað að gefa frv. atkv. mitt, jafnvel þó breytingar okkar komist að.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Það er rjett, sem hv. 2. þm. S.-M. (IP) sagði um það, að fjhn. þessarar hv. deildar gat ekki orðið sammála um breytingar á frv.; hitt var einnig á vissan hátt rjett, að nefndin í heild sinni var óánægð með frv. Alment skoðað eru menn altaf óánægðir yfir hækkuðum tollálögum. Menn vilja helst vera lausir við þær og ekki leggja þær á aðra nema brýn nauðsyn beri til. Það, sem helst bar á milli í nefndinni, var það, að meiri hl. áleit svo brýna nauðsyn fyrir hendi, að ekki væri vogandi að tefja fyrir skjótum framgangi frv. Minni hl. var ekki sammála um þetta, og þar skildum við. Af því ýmislegt hefir komið fram við umr. þessa frv. viðvíkjandi viðskiftamálum þjóðarinnar, vil jeg skýra í fám orðum, hvernig jeg lít á málið. Landsmenn hafa yfirleitt þá sannfæringu, að með því að draga úr innflutningi á óþarfa varningi megi ráða bót á ýmsum vandræðum og þar á meðal lággenginu. Síðastl. haust, þegar þingmálafundir voru haldnir, kom þessi skoðun mjög í ljós, Menn vita, að til eru lög frá 1920, sem heimila stjórninni að hefta óþarfan innflutning eftir vild. Því var haldið fram í háttv. Nd., að stjórnin hefði ekki beitt þessum lögum í ár vegna þess

að á síðasta ári hefði þingviljinn verið á móti innflutningshöftum. Hefi jeg ekki heyrt aðrar ástæður fyrir afskiftaleysi hæstv. stjórnar í þessu máli. Jeg vil leyfa mjer að spyrja: Var ekki full ástæða fyrir hæstv. stjórn að taka tillit til þess á síðasta ári, hvað íslenskar afurðir fjellu í verði? Var ekki ástæða fyrir hæstv. stjórn á síðasta ári að taka tillit til þess, hvað íslenska krónan var stöðugt að falla í verði? Bendi jeg á þetta af því, að það er í svo nánu sambandi við það, sem til er ætlast, að þetta þing geri. Um innflutningshöftin er það að segja, að sú skoðun hefir orðið ofan á hjá mörgum þeim, sem hafa vandlega athugað málið, að þau beri að framkvæma á tvennan hátt; fyrst og fremst með algerðu innflutningsbanni á nokkrum óþörfum vörutegundum og í öðru lagi með því að leggja háan toll á miður þarfar vörur. En það er víst, að það er ekki nægileg lækning á lággengi, að taka stóran flokk af þörfum og miður þörfum vörutegundum og banna skilyrðislaust innflutning á þeim, því að óþarft er að leiða rök að því, að á þann hátt yrði höggið svo stórt skarð í tekjur ríkissjóðs, að óhjákvæmilegt yrði að jafna þennan halla upp á einhvern annan hátt. Jeg og fleiri telja því þessa leið eingöngu ekki geta komið til mála, heldur verði að fara hinar tvær leiðir, bann- og tollaleiðina.

Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er flutt af fjhn. Nd., og hefir það vitanlega, eins og öll mannleg smíði, sína galla, og ef til vill fleiri en venja er til um slík mál, fyrir þá sök, að því er svo mjög hraðað gegnum þingið. En þess ber að gæta, að þetta á að vera einungis bráðabirgðaráðstöfun, en ekki lög, sem eiga að standa lengi. Út frá þessu gengur meiri hl. fjhn., er hann leggur til, að frv. verði samþykt. Þó finst mjer rjett, að það komi fram undir umræðunum, að jeg tel flokkunina í frv. mjög ónákvæma, og eigi að síma það út um land eins og það liggur fyrir nú, gæti jeg ímyndað mjer, að lögreglustjórar legðu allmisjafnan skilning í, hvaða vörur sjeu undanþegnar tolli þessum og hverjar ekki. Skal jeg þá drepa á það, sem jeg tel, að helst geti valdið misskilningi. Er þá fyrst, að talið er, að undanþegið þessum verðtolli sjeu: galvaniseraðir brúsar, balar og fötur. En er þá ekki átt við, að þar heyri einnig undir brúsar, sem kallaðir eru „fortinaðir", ennfremur blikkbrúsar og emailleraðir brúsar? Jeg get ekki skilið annað en svo sje, því ef ástæða er til að undanþiggja verðtollinum galvaniseraða olíubrúsa, þá er engu síður ástæða til að undanskilja „fortinaða" mjólkurbrúsa, blikkbrúsa og emailleraða brúsa. Þá er ennfremur undanskilið: lamir, lásar, gluggajárn og skrár. Skilst mjer, að þar vanti einnig hurðarhúna, því að ætlunin mun vera að undanskilja járnvörur, sem þurfi við húsasmíði. Þá eru einnig nefndar mottur, en umbúðastrigi er ekki nefndur, því að hann mun heyra undir 2. gr. vörutollslaganna. Hessianstrigi er stundum talinn undir 3. lið vörutollslaganna, en jeg geri þó ráð fyrir, að hann eigi að vera þarna undanskilinn. Þá eru taldir pottar og pönnur, og eins og kunnugt er, geta slík áhöld verið úr járni, alumíníum eða steind. Ef rjett er að undanskilja þessi áhöld, er jafnsjálfsagt að undanskilja katla, sem notaðir eru til suðu. Jeg leyfi mjer því að leggja þann skilning í þetta, að þarna sjeu undanskildir allskonar suðukatlar og eldhúsáhöld yfirleitt. Þá er og *„skipsbrauð"* undanskilið. En

það er mjög teygjanlegt, því að sumstaðar er notað „skonrok“ og annarsstaðar hart ósætt kex, eða þá hálfsætt kex. Jeg lít svo á, að hjer undir heyri aðeins ósætar, grófar brauðtegundir.

Þessar athuganir eru allar frá mjer persónulega og í samráði við einn nefndarmann fjhn. Nd., en ekki frá meiri hl. Ed.-nefndarinnar.

Meiri hl. fjhn. hefir ekki viljað tefja þetta mál, og leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það liggur fyrir nú, þó hann vitanlega fylgi því nauðugur og telji það neyðarráðstöfun að þurfa að leggja þessa þungu skatta á þjóðina, og vonar því, að lög þessi standi sem skemst.

Um brtt. þær, er hjer liggja fyrir, er það að segja, að jeg persónulega hefði verið því hlyntur, að breytingin að því er snertir dúkvörurnar hefði komist inn í frv. í Nd. En úr því að svo varð ekki, hefi jeg ekki viljað tefja málið með því að taka þær upp hjer; sömuleiðis hefi jeg líka komist að þeirri niðurstöðu við nánari athugun, að undanþága svona margra dúktegunda frá þessu gjaldi mundi auka mjög á annmarka við framkvæmd laganna. Þannig er t. d. orðið „tvistdúkur“ notað yfir 5 eða jafnvel fleiri tegundir af útlendum dúkum, svo erfitt gæti orðið að greina þar á milli. Jeg vil því leggja til, að brtt. þessar verði feldar, fyrst og fremst af því, að samþykt þeirra tefur fyrir málinu, og í öðru lagi gera þær framkvæmd laganna miklu örðugri.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. minni hl. hefir flutt þrjár brtt. við frv. þetta. Mun jeg fylgja þingsköpum, og tala því einungis um þær, en láta hinar almennu athugasemdir bíða til 3. umr.

Fyrsta brtt. er sú, að í stað orðanna: „viðhafnarlaus skófatnaður úr skinni“ komi: „skófatnaður úr vatnsleðri“. Jeg hefði ekki beinlínis haft á móti þessari brtt., ef hún hefði komið fyr inn, en ef hún verður samþykt, kemur hún óneitanlega hart niður á almenningi, því eins og kunnugt er, er útlendur skófatnaður hrein og bein nauðsynjavara fyrir kaupstaðafólk, og hjá fátæku barnafólki er það einn dýrasti liðurinn. Breyting þessi yrði því til að auka á erfiðleika fátæks fólks, því að það er ekki hægt að skjóta því á frest að kaupa nýja skó, þegar er hinir gömlu eru orðnir útslitnir.

Háttv. frsm. minni hl. (IP) gat þess, að áður hefðu verið notaðir eingöngu innlendir handsmíðaðir skór. Þetta má vel vera, en nú eru tímarnir orðnir svo breyttir, að slíkir skór eru hreinasta „luxus“-vara, sem ekki er að vænta, að fátækt fólk geti keypt. Myndi það því heldur neyðast til að borga hinn háa toll af hinum útlenda skófatnaði. Er tillaga þessi því mjög varhugaverð frá þessu sjónarmiði, þó að hún myndi óneitanlega gefa ríkissjóði allverulegan tekjuauka.

Um b.-lið brtt. er það að segja, að jeg get talið hann sanngjarnan, en slík undanþága myndi gera alla framkvæmd laganna miklu erfiðari. Og því verður ekki neitað, að það er einmitt veikasta hlið þessa máls, því eins og kunnugt er, er tollgæsla lítil hjer á landi, nema þá helst hjer í Reykjavík. Hefir því aðallega verið bygt á ráðvendni innflytjenda, og svo mun verða að vera enn. En þar sem vörur þessar, sem undanþiggja á tollinum, koma flestar frá sömu verslunarhúsum og jafnvel í sömu kössum og hinar tollskyldu vörur, er jeg ákaflega hræddur um, að það gerði lögreglustjórunum mjög erfitt fyrir. Þyrftu þeir þá helst að hafa

vel vefnaðarvörufróðan mann til þess að aðgreina hinar tollskyldu og ótollskyldu vörutegundir.

Jeg fór fram á við háttv. Nd., að hún setti ekki þessa undanþágu inn í lögin, af því að þau eiga að standa svo stutt, og menn geta sparað þessar vörur við sig þangað til að minsta kosti að fengin væri reynsla fyrir framkvæmd þeirra, því að þá mætti altaf slaka til á þeim, þegar reynslan væri búin að sýna, hvað helst ætti að undanþiggja tollinum.

Þó mjer þyki vitanlega ákaflega leiðinlegt að þurfa að leggja svona háan toll á þessar vörutegundir, vil jeg þó af framansögðu leggja til, að frv. verði að þessu leyti samþykt eins og það liggur fyrir nú.

Þá er þriðji liður brtt. háttv. minni hl. Hann verð jeg að telja alveg óhæfan, þegar þess er gætt, að þing kemur að öllum líkindum ekki saman fyr en um miðjan febrúar næstk., og því tæplega hugsanlegt, að það yrði búið að afgreiða ný lög um toll þennan eða framlengja þessi í mánaðarlok. Gæti því svo farið, að það yrði tímabil frá því lögin gengju úr gildi þangað til önnur ný yrðu samþykt, og gæti slíkt tollfrjálst tímabil komið mikilli óreiðu á, svo að jafnvel yrði erfiðara eftir en áður að hafa eftirlit með tollsmyglun og þess háttar.

Að síðustu skal jeg endurtaka, að það er mikil nauðsyn á, að máli þessu sje flýtt, ef það á að vera orðið að lögum, svo hægt verði að ná í toll af vörum þeim, er koma með næstu skipum, og til þess þarf það að verða að lögum í dag.

Að endingu skal jeg taka það fram, að það er ekki með neinni gleði, að jeg neyðist til að fara fram á að leggja þennan háa toll á landsmenn; en það er bein afleiðing þess, sem gert hefir verið undanfarin ár, þar sem útgjöldin hafa altaf verið aukin, án þess, að tekjurnar hafi verið auknar að sama skapi. Því lengur sem það er dregið að ráða bót á þessu, stefnir altaf meir og meir að þeim voða, sem hv. frsm. minni hl. (IP) virðist ekki hafa hugmynd um, þegar hann er að tala um, að fyrst þurfi að auka tekjur landsfólksins, áður en farið sje að hugsa um ríkissjóð.

Jónas Jónsson: Við 1. umr. þessa máls vanst ekki tóm til að víkja að ræðu hæstv. fjrh.(JÞ). Hann talaði um það, að þessar 2 aðferðir, að hefta innflutning með tollum eða banni, yrðu að framkvæmast með gætni. Í þessu efni er það aðalatriðið, hvort eigi að framkvæma þetta með gætni eftir því, sem lög ákveða, eða hvort stjórninni á að leyfast að hringla með reglugerð um málið. Veit jeg, að hæstv. stjórn sjer, að gætnin er öll laganna megin. Hæstv. fjrh. sagði í ræðu sinni, að hveiti hefði hingað til verið talið nauðsynjavara. En þegar menn sjá allar þær kökur, sem útstilt er í gluggum bakarabúðanna hjer, og þegar menn athuga það, að læknar halda því fram, að það sje hlutfallslega miklu minni næring í hveiti en rúgmjöli, þá er sjálfsagt að tolla það mikið.

Hæstv. fjrh. hjelt því fram, út af uppástungu minni um það, að stjórnin gripi til eignarskatts, að þetta væri ekki skoðun annara en jafnaðarmanna. En sú skoðun, að ríkisskuldunum verði ekki ljett af nema með eignaskatti, hefir einnig komið fram hjá bændum, sem standa Íhaldsflokknum mjög nærri, t. d. ýmsum bændum í Borgarfirði, og hefir þeim ekki verið brugðið um byltingarhug fyrir það. Jeg fyrir mitt leyti tek það aðeins sem merki um það, að athugulir menn sjá, að ef greiða á ríkisskuldirnar, þá verður það aðeins gert með því að leggja skatta á

þá, sem eitthvað eiga. Vil jeg í þessu sambandi benda á það, að stjórn hægrimanna og liberala í Englandi lagði 80% tekjuskatt á auðmennina, enda hafði það þau áhrif, að Englendingar urðu fyrstir allra stríðsþjóðanna til þess að grynna á stríðsskuldum sínum. Vil jeg leyfa mjer að ítreka það við hæstv. landsstjórn, að hjer er um möguleika að ræða, sem hægt er að nota, ef með þarf. Þessir skattar, sem lagðir eru á þá, sem ekkert eiga, leiða aðeins til þess, að þeir segja við hina: „Viljið þið ekki líka vera með.“ Mjer skildist á hæstv. fjrh., að hann hefði verið fáliðaður í hv. Nd. um gulltrygginguna, en hv. þm. Str. (TrÞ) hefir þó lagt honum liðsyrði opinberlega í því máli. Vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjrh., hvernig hann líti á, að því er verðtoll snertir, þá dúka, sem unnir eru erlendis úr íslenskri ull. Er ekki ósennilegt, þar eð Gefjun og Álafoss hafa hvergi nærri undan, að ull verði send út til erlendra verksmiðja. Álítur hæstv. ráðherra, að skatturinn nái til þessara dúka? Eftir frv. finst mjer það ekki rjett, en jeg álít þó betra að fá skýringu á þessu hjá hæstv. fjrh. Ennfremur vil jeg spyrja hæstv. fjrh., hvort hann mundi veita því fylgi sitt, ef á næstu dögum kæmi fram frv. um að leggja 20% verðtoll á vörur þær, sem fyrir eru í landinu og verðtollur á annars að ná til. Er það í fullu samræmi við verðlagsvenjuna að þeirra dómi, sem kunnugir eru því. Mundi þetta tryggja landinu toll af þessum vörum. Mætti þá veita mönnum gjaldfrest eftir því, sem varan seldist. Geri jeg ráð fyrir, að hæstv. stjórn verði ekki á móti þessum tekjuauka. Liggja nú vörur hjá einstökum innflytjendum fyrir alt að miljón krónum. Háttv. þm. Vestm. (JJós) hefir sýnt, að hann er samdóma okkur minnihlutamönnum um galla frv. Sýndi hann í ræðu sinni fram á ýmsa þeirra, og tek jeg það sem vott um það, að frv. sje háskagripur, þar sem þeir, er frv. styðja, finna svo mjög til gallanna. — Þá talaði hæstv. fjrh. um brtt. minni hl. nefndarinnar. Jeg skal þá fyrst taka það fram, að „viðhafnarskór“ er mjög teygjanlegt orð, og er það alveg á valdi lögreglustjóranna, hvernig þeir skilja það. T. d. myndu silkiskór vera undanteknir ákvæðinu. Hefði átt að leyfa innflutning á vatnsleðurskóm og gúmmístígvjelum, því að það er ekkert á móti því fyrir fólk að nota þann skófatnað eingöngu á hallæristíma. Er einmitt nauðsynlegt að leyfa þetta, til þess að minka óhófið á þessu sviði. Sje jeg ekki, að það sje nokkur neyð fyrir fólk í bæjunum, sem vildi spara, að nota vatnsleðurskó. Vil jeg minna hæstv. fjrh. á það, að um það bil er hann varð stúdent, þá var það alsiða í Reykjavík, að börn gengu á klossum og íslenskum skóm innan í. Hví má ekki gera það nú? Jeg get ennfremur sagt hæstv. ráðherra, að einn af kunningjum okkar beggja, — fátækur embættismaður hjer í bæ, — hefir sagt mjer, að hann eyddi um 800 kr. á ári í skófatnað. Kvartaði hann undan því, hversu tískan gerði sjer, fátækum manninum, örðugt fyrir í þessu efni. Hann sagði, að ef hann setti börn sín á klossa, þá mundu leiksystkinin gera gys að þeim, og þannig væri ekki hægt að framkvæma þennan sparnað, af því að hann væri ekki í samræmi við landssið. Það, sem liggur á bak við till. okkar minni hl., er það að hjálpa mönnum til að spara og slá köldu vatni á óhófið. Og þegar þetta um leið eykur sjóð hæstv. fjrh., þá er jeg sannfærður um, að hann verður með þessu.

Viðvíkjandi því að auka við undanþágu

dúka, þá vil jeg taka það fram, að þar eð fjhn. Nd. hefir gert ráð fyrir, að hægt verði að framkvæma slíka undanþágu frá frv., þá er ekkert aukið erfiði við það að bæta nokkrum dúkum við. Er ekki nema sanngjarnt að gera mun á dýrum fataefnum og silki, sem hægt er að komast af án, og efni í vinnuföt, sængurföt, fóður o. þ. h. Það, að hv. flm. frv. hafa ekki tekið þetta með, sýnir aðeins, hve illa frv. hefir verið hugsað, auk þess sem það kemur fram á óheppilegum tíma. Það stendur til, að Framsóknarflokksmennirnir hjer í hv. deild komi fram með viðbótartill., eftir ósk margra manna hjer í bænum, og gengur sú breyting í sömu átt og brtt. þeirra hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og hv. þm. Mýra. (PÞ). Vil jeg leyfa mjer, fyrir hönd okkar flm., að óska þess, að hæstv. forseti láti ekki þessa till. okkar á þskj. 259 koma til atkvæða fyr en við 3. umr., til þess að hv. deild geti þá skorið úr því, hvort gera skuli þessa breytingu eða ekki. Hvað það snertir, að hæstv. fjrh. sagði, að tímatakmarkið væri of stutt, þá er það auðvitað, að það hefði mátt hafa það lengra. En þar sem málinu hefir nú verið hraðað í gegnum þingið á fáum dögum, þá vona jeg, að okkur hafi ekki farið svo aftur að andlegu atgervi eftir eitt ár, að við getum ekki gert því skil á ½ mánuði. Annars skal jeg játa það, að við flm. teldum ekki skifta jafnmiklu máli, þó að þessi tillaga yrði feld, sem hinar. Það skiftir mestu máli, að tollurinn nái ekki til lífsnauðsynlegra vara. Við í minni hl. höfum — þó að við sjeum mjög óánægðir með frv. — ekki viljað tefja fyrir því með því að neita um afbrigði, og vænti jeg því, að hæstv. stjórn verði ekki skotaskuld úr því að fá um það atkvgr. í hv. Nd. í dag. En ýmsir í hv. Nd. sjá nú eftir því að hafa felt tillöguna á þskj. 259. Jeg legg ekki áherslu á það, að fá svar frá hæstv. ráðherra við þessa umræðu út af dúkunum, sem unnir eru í Noregi úr íslenskri ull, og heldur ekki við spurningu minni um afstöðu hans til þessa 20% tollhækkunar á fyrirliggjandi vörum. En það er nauðsynlegt, að þessu sje svarað áður en frv. er afgreitt. — Það er þegar komin fram skrifleg brtt. við brtt. minni hl. nefndarinnar frá hv. 6. landsk. (I-HB). Úr því að þessi till. er fram komin, þá sje jeg enga ástæðu til þess að fresta atkvgr. til 3. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi litlu við að bæta út af ræðu hv. 5. landsk. (JJ). Að því er snertir brtt., þá er jeg búinn að tala um alt nema skófatnaðinn. Hv. þm. vill tolla venjulegan skófatnað úr skinni, til þess að hjálpa efnamönnunum til að spara. Er jeg mjög hræddur um, að það mistakist. Það þarf meira til þess að breyta tísku manna en verðhækkun. Jeg held t. d., að þessi heimilisfaðir með 800 kr. ársútgjöld til skófatnaðar ætti erfitt með að standast útgjöldin, ef till. minni hl. næði fram að ganga. Mundi hún áreiðanlega hjálpa þeim manni lítið. Annars virðist mjer skjóta hjer nokkuð skökku við, þar sem hjer koma úr sömu áttinni 2 till. — önnur til þess að íþyngja mönnum með sköttum, en hin til þess að ljetta af þeim skattabyrðinni. Hvað dúkana snertir, sem unnir eru erlendis úr íslenskri ull, þá skal jeg geta þess, að meiri hl. fjhn. Nd. lítur svo á, að þeir falli ekki undir tollákvæðið. Þeirri spurningu hv. þm., hvort jeg muni verða fylgjandi þessum 20% verðtolli á fyrirliggjandi vörur, get jeg ekki svarað

fyr en jeg sje frv. En jeg skal taka það fram, að jeg hygg, að frv. fari í gagnstæða átt við það, sem jeg álít rjett. Hafði jeg hugsað mjer, að stjórnin gerði ráðstafanir til þess, að fyrirliggjandi vörur hækkuðu ekki, nema hentugt þætti að jafna með því verð þeirra og vara, er síðar koma til landsins. Er það ljóst, að það er mjög erfitt að koma í veg fyrir slíka verðhækkun, þó að jeg hinsvegar búist við, að kleift verði að líta eftir því, að nauðsynlegustu vörutegundirnar verði ekki settar upp.

Jónas Jónsson: Jeg get ekki sjeð, að það sje ósamræmi í því að vilja láta tollinn ná til dýra skófatnaðarins, en undanþiggja ódýrari skófatnaðinn, sem vel má una við. Og eins er ekkert ósamræmi í því að taka undan vefnaðarvöru, sem allir þurfa að nota. Þá verða það efnamennirnir, sem borga tollinn, en hinir nota vatnsleðursskóna og ódýru dúkana. Jeg er algerlega sammála hæstv. fjrh. um norsku dúkana, en aftur á móti held jeg, að alversta leiðin viðvíkjandi hækkun á vörubirgðunum sje sú, að láta kaupmenn um að jafna verðið, í stað þess að ganga inn á þá braut, að leggja líka verðtoll á það, sem fyrirliggjandi er af vörum. Jeg álít, að það sje engin ásökun til innflytjenda, þó að jeg segi, að þeim sje vart treystandi til að jafna verðinu. Er því ekki nema um annaðhvort að gera, að setja hámark á vöruna, sem fyrir er, eða tolla hana. Jeg veit, að allir eru sannfærðir um, að erfitt er að halda verðinu niðri á vörum, sem fyrir eru, þegar innflytjendur hafa fengið dýrari vörur. Mælist jeg því til þess, að hæstv. fjrh., ef hann ætlar að koma fram með frv. um þetta atriði, að hann komi með það strax, svo að þingið geti látið það fylgja verðtollsfrumvarpinu.

Björn Kristjánsson: Eins og hv. þm. hafa sjeð, hefi jeg skrifað undir nál. með fyrirvara. Það er vegna þess, að jeg er ósamþykkur tollaleiðinni, sem valin hefir verið. Jeg álít, að verðtolli sje ekki hægt að beita hjer á landi fyr en við höfum fengið fullkomna tollgæslu, eins og í öðrum löndum. Svo fullkomna, að hver einasta sending sje opnuð og rannsökuð og borin saman við reikninga. Mjer finst verðtollsleiðin erfið, enda hefir þingið til þessa aðhylst vörutollsstefnuna. Aðeins var út af brugðið á stríðsárunum, en þá var tollurinn lágur. En þá var það aðeins neyðarráðstöfun. Það er ekki mikil trygging fyrir því, að tilætlaðar tekjur af þessum tollum fáist í ríkissjóð meðan tollgæslan er ónóg. Kaupmenn eiga svo hægt með að skjóta vörum undan tolli, sjerstaklega þeir, sem eiga vini og venslamenn erlendis. Þeir geta skotist undan tolli á kostnað innlendra kaupmanna, og afleiðingin verður, að verslunin kemst í hendur útlendinga.

Af því að málið er komið svo langt, að ekki verður aftur snúið, og að mest er um vert að afla ríkissjóði tekna, mun jeg, þó að jeg sje óánægður með þessa stefnu, greiða atkvæði með frv., en móti öllum brtt. Álít jeg ekki ráðlegt að flækja frv. milli deilda fyrir einhver smáatriði. Jeg greiði þó atkvæði með þeirri von, að þessi stefna verði ekki ráðandi framvegis.

Jeg tel víst, að hæstv. fjrh. hafi ekki verið einráður um, hvaða stefna var valin; vona, að það sje ekki hans persónulegur vilji að halda þessari stefnu fram.

Jeg vil lítillega minnast á brtt. á þskj. 259, um að undanskilja nokkrar

vefnaðarvörutegundir. Þar er nefnt Bommesie, sem ýmist mun vera loðið öðrumegin eða báðumegin. Flónel skilja menn, að nái til alls þess, sem við notum sem flónel, án tillits til, hvað það er kallað á útlendu máli. Skýringin á orðinu er til að villa. Menn leggja misjafnan skilning í orðið „boldang". Jeg man eftir, að þegar jeg var drengur í Árnessýslu, var sagt, að menn gengju á boldangsbuxum, en buxurnar voru úr striga. Á Suðurlandi hefir „boldang" þýtt strigi, nokkuð þykkur. Ef menn eiga með þessu við sængurdúk, er nafnið skakt, því sængurdúk nefna menn bara sængurdúk hjer fyrir sunnan. *(SJ:* Ekki fyrir norðan). Þess vegna verður að nefna þetta einhverju nafni, sem allir skilja.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það eru örfá orð með brtt. minni á þskj. 270. Jeg stend hjer ein uppi með hana, en á bak við mig standa fjölmargar konur og kvenfjelög hjer í bæ og víðar. Í skránni á þskj. 253 yfir vörurnar, sem eiga að sæta þessum háa tolli, eru nokkrar tegundir, sem engri húsmóður er unt að vera án. En með því að mjer hefir ekki unnist tími til þess að ræða þetta mál nægilega með konum þeim, sem þegar hafa látið óánægju sína í ljós yfir hinum nýju tollákvæðum, læt jeg mjer nægja í brtt. minni að bæta við örfáum en ómissandi vörutegundum, eins og t. d. blautsápu, garni allskonar til heimilisiðnaðar og nýju grænmeti.

Jeg býst ekki við, að jeg þurfi að tala langt mál fyrir þessari brtt., því jeg geri ráð fyrir, að hv. deildarmenn og allir, sem heyra þessar vörutegundir nefndar, muni fallast á, að þær eru hverju heimili nauðsynlegar. Þegar jeg las þskj. 253, þar sem taldar eru upp þær tegundir, sem undanþegnar skulu vörutollinum, sá jeg m. a. „bambus" og „bast." Jeg varð steinhissa. Vitanlega eru þessar vörutegundir notaðar af sumum til heimilisiðnaðar, en það er svo hverfandi, að vel hefði mátt sleppa að undanþiggja þær. En vörum eins og garni og tvinna, sem ekkert heimili, hvorki fátækt nje ríkt, má án vera, þeim var gleymt. Þá er sápan. Að vísu er sápugerð hjer í bæ, og hefir verið bent á það. En hún er á byrjunarstigi, og jeg efast um, að framleiðslan geti fullnægt eftirspurninni hjer í bænum, hvað þá heldur þörfum allra landsmanna. Væri illa farið, ef þetta yrði til að draga úr hreinlæti fólks. Sápan, sem hjer er framleidd, er að mínu áliti ekki eins góð og útlend sápa, sem seld er hjer fyrir sama verð, eða jafnvel lægra. Jeg hefi reynt hana í kvennaskólanum, en við höfum orðið að hætta að nota hana, vegna þess, að kostur var á miklu betri sápu útlendri, enda fyrir lægra verð. En jeg vona, að sápugerðinni hjer á landi fari fram, og að það verði alls ekki til að setja fót fyrir verksmiðjuna, þó blautsápa sje undanþegin.

Læknar mæla mjög eindregið með notkun grænmetis, og allur fjöldi fólks hjer í bæ, sem á síðustu árum hefir átt kost á grænmeti, getur ekki sætt sig við, að það komi undir toll, svo aðeins efnamönnum verði kleift að kaupa það. Grænmeti er þýðingarmikil fæðutegund. Það er mjög holt og einnig mikil búdrýgindi að því.

Þá hefi jeg gert grein fyrir þessum 3 tegundum, sem aðallega eru teknar fram í brtt. minni við brtt. minni hl. Annars vil jeg lýsa því yfir, að jeg skil það fullkomlega, að eins og fjárhagur ríkisins stendur nú, er ekki hægt að loka augunum fyrir nauðsyninni á auknum tekjum í ríkis-

sjóð. En mjer finst sanngjarnt, ef undan þágur eru gerðar á þeim tegundum, sem nefndar eru á þskj. 259, að þá verði einnig veitt undanþága á þeim vörutegundum, sem till. mín fer fram á.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Jeg þarf ekki að vera langorður. Andmælum þeim, sem hafa komið fram gegn minni hl. fjhn., er að mestu svarað af hv. 5. landsk. þm. (JJ). Aðeins vildi jeg taka það fram, að ræða hv. sessunauts míns (JJós) sannaði töluvert, sem jeg vildi halda fram, að málið væri stórgallað og því hraðað alt of mikið. Hann fann ýmsa galla á frv. frá sjónarmiði kaupmannsins; á því sviði hafði hann líka meiri þekkingu en jeg. Þetta bendir í þá átt, að brtt. um það, að lög þessi standi ekki lengur en þangað til næsta þing kemur saman, sje á nokkrum rökum bygð. Hæstv. fjrh. benti á, að tíminn, sem næsta þingi er ætlaður til að ráða fram úr því máli, sje of stuttur. Þó jeg ekki að öllu leyti beri traust til hæstv. stjórnar, ber jeg þó svo mikið traust til hennar, að hún muni nota tímann milli þinga til að undirbúa málið. Og ef stjórnin gæti í þingbyrjun verið viðbúin að leggja fyrir þingið ítarlega hugsað frv. um þetta efni, þá þyrfti afgreiðslan hjá þinginu ekki að verða neitt fljótvirknisleg.

Eins og komið hefir fram, er frv. þetta stórgallað, og hafa hv. flm. kannast við það. Þess vegna tel jeg skyldu þingsins að láta það ekki gilda nema til næsta þings. En ef við gætum bætt úr einhverjum göllum á frv., finst mjer að við ættum ekki að hlífast við að lengja umr. dálítið, og þó yrði að skjóta málinu til hv. Nd.

Hæstv. fjrh. tók það fram í ræðu sinni sem ástæðu gegn fyrri brtt. okkar, a-lið, að innlendur skófatnaður væri hreinasti „luxus.“ Jeg get ekki sagt um, hvernig þessu er varið í Reykjavík, en úti um land er öðru máli að gegna. Þar þekki jeg menn, sem hafa lært þessa handiðn og stunda hana á veturna, þegar ekkert er að gera, og selja lítið dýrara en búðir. En handunninn skófatnaður endist betur. Svo er guði fyrir að þakka, að ennþá notar meiri hluti þjóðarinnar handunninn skófatnað, hina gömlu íslensku skó.

Um málfræðiskýringar hv. 2. þm. G.-K. (BK) má segja, að það er rjett eins og að deila um keisarans skegg. Það er engin ný bóla í löggjöf, að leggja megi í orð misjafnan skilning. Úti um landið er „boldang“ skilið sem sængurdúkur. Þó það væri skilið sem strigi, gerir það ekkert til í þessu tilfelli, því strigi verður undanþeginn tolli. Jeg leiði minn hest frá að skýra hitt orðið, „Bommesie“, hvort það merkir dúk, sem er loðinn báðumegin eða öðrumegin aðeins, enda álít jeg það lítilsvert atriði.

Þá vil jeg víkja örfáum orðum að viðaukatill. hv. 6. landsk. þm. (IHB) og lýsa því yfir, að jeg er fús til að ljá henni fylgi mitt. Jeg hefi reyndar mjög stuttan tíma til að athuga málið, og jeg játa, að það eru eflaust fleiri tegundir sem rjett væri að undanþiggja. En jeg er þakklátur hv. 6. landsk. þm. fyrir að hafa bætt úr fljótvirkni minnihlutamanna; því þessi till. er áreiðanlega samkvæmt stefnu okkar í þessu máli. Það var eitt atriði í ræðu hv. 6. landsk. þm., sem orkar tvímælis. Mjer er kunnugt um, að úti um land er bambus og bast mikið notað víða til heimilisiðnaðar; og þann iðnað tel jeg mikilsverðan fyrir menningu okkar Íslendinga. Þessi efni eru líka mikið notuð í barnaskólum. Það er heimilunum að-

stoð við tilbúning ýmsra smááhalda, en höfuðkosturinn er, að börnin venjast á iðjusemi og verklægni. Álít jeg rjettmætt að undanskilja þessar tegundir frá tolli.

Það kunna að vera einhver önnur atriði, sem vert væri að minnast á, en jeg treysti því, að brtt. okkar nái fram að ganga og málið verði látið ganga milli deilda.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Jeg hjelt, að hv. 2. þm. S.-M. (IP) mundi taka af mjer ómakið þegar hann fór að útskýra fyrir háttv. 6. landsk. þm., hvers vegna bambus og bast skyldi undanþiggja tolli. En hann gerði það ekki nema að hálfu leyti. Bambusstengur eru notaðar víðsvegar um land við veiðarfæri; hygg jeg því, að fjhn. Nd. muni vilja undanskilja þær, af því ætlast er til, að öll veiðarfæri sjeu undanskilin þessum tolli. En það er eðlilegt, að hv. 6. landsk. þm. sje þessu ókunnug.

ATKVGR.

Á fundinum kom fram skrifleg brtt. (verður þskj. 270) við brtt. 259,1 b. — Afbrigði um brtt. leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 259,1 a feld með 7:5 atkv.

— 270 samþ. með 7:6 atkv.

— 259,1 b, svo breytt, samþ. með 7:6 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 259,2 feld með 8:4 atkv.

3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 253, sbr. 259,1 b og 270).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþykt með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþykt með 8 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 271).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði um frv. og um tvær skriflegar brtt., sem fram komu á fundinum (verða þskj. 273 og 274), leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Jakob Möller): Fjhn. hefir athugað breytingar þær, er hv. Ed. hefir gert á frv., þar sem bætt hefir verið aftan við upptalninguna í 1. gr. um þær vörur, sem skildar eru undan tollinum, nokkrum vörutegundum, aðallega ódýrum vefnaðarvörutegundum, sem 2 hv. þm. vildu undanskilja við 3. umr. hjer í hv. deild, og ennfremur blautsápu og grænmeti. Nefndin gat ekki orðið sammála um þetta atriði. Vjer þrír, sem flytjum brtt. um, að þessi undantekning sje aftur feld niður, vitum ekki með vissu um huga allra hinna nefndarmannanna, því að vjer náðum ekki til þeirra allra. Jeg vil eindregið mæla með því, að hv. deild færi frv. að þessu leyti til sama vegar, sem það var, þegar það var afgreitt hjeðan. Eins og jeg sagði við 3. umr., er þetta ekki vegna þess, að ekki sje æskilegt að geta undanþegið nauð-

synlegustu vefnaðarvörutegundir þessum tolli, heldur verður að telja svo mikla örðugleika á framkvæmd laganna, ef þessi undanþága er samþykt, að það hlýtur að auka stórkostlega allan kostnað og fyrirhöfn við innheimtuna, og er með því stofnað til enn meiri tekjurýrnunar heldur en tollurinn af þessum vörutegundum mundi nema. Þessar tegundir vefnaðarvöru geta tekið til meiri hluta af vefnaði en flm. þessarar tillögu gera sjer grein fyrir. Það er tiltölulega takmarkaður flokkur, sem gengur undir þessum nöfnum í meðvitund almennings, en þegar innflytjendur fara að gefa skýrslur, getur mesti fjöldi af vörum komið undir þessi nöfn. Það er um þessar vörur sem margar aðrar, að notkun þeirra er mjög mismunandi, og má vel draga úr notkun þeirra, en tilgangur frv. er ekki einungis sá að afla tekna, heldur líka einmitt að draga úr innflutningi. Jeg vil því eindregið leggja til, að þessi viðbót, sem hv. Ed. setti aftan við upptalninguna í 1. gr. verði aftur feld niður.

Um brtt. hv. þm. Str. (TrÞ) get jeg ekkert sagt fyrir hönd fjhn., en fyrir mitt leyti mun jeg geta greitt þeim öllum atkvæði. Þó að gerduft sje felt niður, sje jeg ekki eftir því, þar sem það er búið til innanlands, blautsápan er tekin upp í brtt. okkar, og að taka sjálfvinnandi þvottaduft undan tollinum skal jeg ekki standa á móti. Það hefir enga þýðingu fyrir tekjuhlið frv. og mundi ekki auka erfiðleika við framkvæmd laganna, en þessi tegund er mikið notuð og má engu síður teljast nauðsynjavara en önnur hreinlætisefni, og er ekki framleidd hjer á landi.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg mundi ekki hafa flutt neinar brtt. við þessa umr., ef aðrar brtt. hefðu ekki verið komnar fram. En þar sem nú eru komnar brtt. hvort sem er og málinu hefir verið hraðað svo mjög, er ekkert undarlegt, þó að jeg flytji brtt. á síðustu stundu. Brtt. mínar liggja ljóst fyrir, og eru þær bornar fram að hvötum manna, sem þetta þekkja mjög vel. Tvær hinar fyrri miða að því að styðja innlenda framleiðslu. Báðar þær vörutegundir eru framleiddar eins góðar hjer á landi sem annarsstaðar, og því engin ástæða til að sleppa þeim undan tolli, til þess eins að hjálpa útlendingum í samkepninni við innlenda menn. Þriðja brtt. er að undanþiggja sjálfvinnandi þvottaduft, sem er til mikils vinnusparnaðar, enda mun það verða notað hvort sem er. Verði þetta tollað, er það því beinn neysluskattur.

Ef engar brtt. hefðu komið fram, mundi jeg ekki hafa gert þetta að kappsmáli, og mun ekki halda í þær, verði frv. ekki breytt að öðru leyti, en ef aðrar breytingar verða samþyktar, vil jeg mælast til, að brtt. mínar verði líka samþyktar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg get tekið undir ummæli hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um breytingartill. hans. Jeg er hræddur um, að undanþágurnar sjeu orðnar nokkuð margar og að þessar mjög óákveðnu vefnaðarvörutegundir verði til þess að gera framkvæmd laganna ennþá erfiðari en vera þyrfti, og að talsvert meira mundi þá sleppa undan tollinum en fylgismenn þessarar breytingar ætlast til. Jeg ætla því að mæla með því, að breytingartillaga háttv. 3. þm. Reykv. verði samþykt, í trausti þess, að háttv. Ed. sýni málinu sömu velvild sem áður og afgreiði það í dag. En þó að brtt. verði ekki samþykt og frv. nú afgreitt óbreytt, mun stjórnin auðvitað reyna að nota það

sem best og beita því, er kemur til vefnaðarvörunnar, sem næst því, er flm. þeirrar breytingar ætluðust til. En jeg býst við, að það muni reynast erfitt.

Við brtt. hv. þm. Str. (TrÞ) hefi jeg ekkert að athuga og tel, að vel mætti samþykkja þær einnig, ef hvort sem er á að endursenda frv. til Ed. Jeg vil því leyfa mjer að beina því til hæstv. forseta (BSv), hvort hann sjái sjer ekki fært að bera fyrst upp brtt. þá, sem hv. 3. þm. Reykv. er aðalflm. að. Verði hún samþykt, er með því fengið hið sama, sem 2. liður brtt. hv. þm. Str. fer fram á, og tel jeg þá ekkert við það að athuga, þó að hinir 2 liðirnir sjeu einnig samþyktir. En verði fyrri brtt. feld, leyfi jeg mjer að vænta þess, að hv. þm. Str. telji ekki þörf á að láta frv. fara aftur til Ed. vegna brtt. sinnar einnar. (*TrÞ*: Jeg mun þá taka brtt. mína aftur). Stjórnin vill og mælast til þess, að umræðurnar verði ekki mjög langar, svo að tími vinnist til þess að halda fund í hv. Ed. þegar í kvöld, ef frv. tekur breytingum í þessari hv. deild.

Forseti (BSv): Jeg skal taka það fram, að jeg sje ekkert til fyrirstöðu því, að atkvgr. fari fram á þann hátt, sem hæstv. fjrh. (JÞ) óskaði.

Jörundur Brynjólfsson: Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) gat þess, að fjhn. hefði ekki getað orðið á eitt sátt um breytingar á frv. Vjer 4 nefndarmenn leyfum oss sem sje eindregið að leggja til, að frv. verði samþykt óbreytt. Þegar vjer tókum þessa afstöðu, bjuggumst vjer við því, að það mundi að nokkru leyti vera í þágu hæstv. stjórnar, að henni mundi ekki mikið um það gefið, að frv. væri kastað á milli deildanna út af þessu atriði, sem litlu máli skiftir fyrir ríkssjóðinn, en allmiklu fyrir almenning. Jeg skal ekki rekja það hjer, því að jeg hefi áður gert það, en aðeins vil jeg geta þess, að mjer þykir furðu gegna, að hv. þm., sem ætla má að þekki best ástandið í stærri kauptúnum og kaupstöðum hjer á landi, skuli sjá sjer fært að hækka verðið á þessum brýnu nauðsynjavörum fátækasta hluta alþýðu um fimta hluta. Þetta segi jeg sem mína persónulegu skoðun, en ekki fyrir hönd hinna þriggja meðnefndarmanna minna. Virðist mjer, að sú ástæða eigi að mega sín meira heldur en þó að eitthvað meira kunni að komast undir þessar vörutegundir heldur en búist var við í fyrstu. Mjer þykir og fullmikið hafa verið gert úr því, hve miklum mun erfiðara eftirlitið mundi verða við þessar undanþágur.

Ef menn þykjast ekki geta tekið skjöl kaupsýslumanna trúanleg, þá þurfa lögreglustjórar að kynna sjer nánar, hvort skýrslur þeirra um innflutning sjeu rjettar. Og þó að þetta kunni að einhverju leyti að hafa meiri kostnað í för með sjer, þá tel jeg það ekki svo mikils vert atriði, að ekki beri að samþykkja frv. óbreytt. Eftir þeim álögum, sem frv. gerir gjaldendum, þá tel jeg því meiri ástæðu til að undanþiggja skatti þær lífsnauðsynjar, sem fátæklingarnir geta ekki án verið. Þar sem hv. 3. þm. Reykv. talaði um sparnað í þessu tilfelli, þá skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að jeg álít, að hann nái alls ekki til fátæklinganna. Hv. Ed. hefir gert lítilsháttar breytingu á frv., sem jeg vænti, að þessi hv. deild samþykki, enda eru þær breytingar þannig úr garði gerðar, að ekki tekur því að breyta því enn á ný. Vil jeg því mælast til þess, að frv. verði samþykt óbreytt. Jeg skal taka það fram, að nefndin hefir ekki átt tal um breytingartillögur þær,

er nú hafa komið fram, en jeg segi það aðeins fyrir mitt leyti, að jeg greiði frv. atkvæði mitt eins og það er nú.

Frsm. (Jakob Möller): Hv. 2. þm. Árn. (JörB) vill ekki gera mikið úr örðugleikunum við undantekningarnar. Er jeg hræddur um, að það stafi af því, að hann þekki ekki vel, hvernig þetta muni reynast í framkvæmdinni. Hv. þm. sagði það, að ef menn sæju það ekki á skjölunum, hverjar vörurnar væru, þá væri ekki annað en að láta hlutaðeigandi lögreglustjóra rannsaka það nánar. En hv. þm. gáir ekki að því, að þessi nöfn eiga við vörur, sem nefndar eru ýmsum nöfnum á ýmsum málum. Til dæmis skal jeg geta þess, að flónel heitir ekki svo á öllum málum. Kaupmenn nefna þetta flónel, en það er ekki nóg að skoða aðeins pappírana, það verður líka að skoða vöruna sjálfa. Það er t. d. enginn minsti vafi á því, að undir sömu vörutegund getur fallið mikið fleira en hv. þm. hefir hugmynd um. T. d. getur molskinn sem best náð yfir margskonar efni í utanyfirföt, nankin, shirting, boldang, hvert um sig yfir margar tegundir. Vil jeg fyrir hönd okkar þriggja flm. brtt. vara við því að treysta þessari flokkun, því að hún er mjög svo villandi.

Jörundur Brynjólfsson: Það var aðeins stutt athugasemd. Jeg skal játa það, að það þýðir ekki að andmæla jafnmiklum málfræðingi og jafnverslunarfróðum manni og hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Þó get jeg ekki að því gert, að mjer finst nokkuð langsótt sú mótbára hans, að það sjeu til misjöfn heiti á sömu vörutegund hjá ýmsum þjóðum. Jeg hefi aldrei borið á móti því, en jeg held því fram, að undir flestum kringumstæðum sje eitt heitið í okkar máli á þessum vörum öðrum fremur helgað af málvenjunni, eins og t. d. á sjer stað um flónel, og það má sín mest í þessu sambandi og er sama og lögfest væri. Og þó svo væri, að eitthvað meira fjelli undir þetta, þá er þó betra að fara með þetta, ef undanþága hv. Ed. stendur, heldur en ef hún er feld burt. Er jeg undrandi, að hv. þm. skuli sjá sjer fært vegna íbúa Reykjavíkur, og einkum stærri kauptúna, að leggja á fátæklingana slíkar búsifjar sem þessar. Hvað eftirlitið snertir, þá skal jeg taka það fram, að það þarf hvort eð er að gera athugun á innflutningi tollvara, og hefir það því engan aukinn kostnað í för með sjer. Mun jeg því halda minni skoðun um þetta atriði óbreyttri.

Tryggvi Þórhallsson: Það var aðeins stutt athugasemd. Jeg vildi aðeins geta þess, að hv. 2. þm. Árn. (JörB) þarf ekki að heitast neitt við brtt. mínar. Þar stendur alt öðruvísi á. Jeg kom aðeins með þær af því, að það voru komnar fram aðrar brtt., og ef þær till. verða feldar, þá tek jeg mínar till. aftur. Frv. þarf því ekki til hv. Ed. mín vegna.

ATKVGR.

Brtt. 273 feld með 14:12 atkv.

— 274,1—3 teknar aftur af flm. (TrÞ), en teknar upp af þm. Barð. (HK).

— 274,1 feld með 17:4 atkv.

— 274,2 feld með 14:4 atkv.

— 274,3 feld með 17:4 atkv.

Frv. samþ. með 20:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 275).

22. Landhelgissektir í gullkrónum.

Á 25. fundi í Nd., mánudaginn 17. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um að innheimta í gullkrónum sektir fyrir landhelgisbrot (þmfrv., A. 147).

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 20. mars var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Þetta frv. er náskylt frv. því, sem nú var rætt næst á undan. Þá var því haldið fram, að það væri hin harða lífsbarátta, sem ræki skipstjórana á togurunum inn fyrir landhelgislínuna. En það er önnur harðari lífsbarátta, sem liggur bak við þetta frv. og veldur því, að það er hjer fram komið. Það er barátta þeirra manna fyrir tilverunni, sem hafa lakari tæki til þess að afla sjer og sínum lífsviðurværis úr sjónum en þeir, sem sótt geta veiðina á altýgjuðum togurum um allan sjó. Þeir eru því bundnir við ákveðin fiskimið, sem næst liggja landinu, og geta ekki veitt annarsstaðar, vegna þess að þá skortir tæki til þess. Hafa þeir og fornhelgan rjett til þessara fiskimiða, rjett fornrar venju og gildandi laga. Það eru margar sakir til, sem minni eru en þær, að vaða inn á fiskimið þessara manna og sópa þaðan í burtu ekki aðeins allri veiðinni, heldur og veiðarfærum þeirra, sem þessi mið eiga, og svifta þá þannig skilyrðunum fyrir því að afla sjer og sínum lífsviðurværis, er tækin eru á brott eða eyðilögð. Það geta oft verið heil hjeruð, sem þannig eru á svipstundu svift þeirra einasta bjargræði. Það er hegnt þunglega fyrir ýmsar ávirðingar og gripdeildir, sem framdar eru á landi, t. d. fyrir þjófnað; en jeg hefi engan heyrt halda því fram, að sjórán sje minni sök, þó svo hafi verið til þessa, að mikill munur og öfugur sje á hegningunni.

Þetta frv. er fram komið vegna gengislækkunarinnar á íslensku krónunni. Þegar gengi hennar lækkar, hefir það þau áhrif, að það dregur úr hegningunni fyrir landhelgisbrot, og getur svo farið, að hegningin verði sama sem engin, að því er snertir fjesektirnar. Fyrir þetta verður að girða. Hjer verður því að taka í taumana, og hegninguna verður að þessu leyti ekki hægt að festa á annan hátt en með því að miða sektirnar við gullkrónu. Það er bersýnilegt, að landhelginni verður hættara við það að hegningin minkar, og aðhaldið fyrir skipin gegn því að brjóta lögin verður og minna. Tekjur þær, sem landhelgissjóðurinn hefir af sektunum, þverra einnig stórum. Strandvarnirnar eru svo dýrar, að ríkið hefir hingað til skirst við að sinna þeim, eins og því ber þó skylda til. Er því ekki annað eðlilegra en að einmitt þeir, sem valdið hafa strandvarnarþörfinni með brotum á fiskiveiðalöggjöfinni, beri mestan hluta útgjaldanna við strandvarnirnar. Landhelgislögin voru sett til þess að vernda rjett þeirra, sem frá fornu fari hafa átt rjettinn til þessara fiskimiða, og að vísu vegna allra innlendra manna, sem rjett hafa til þess að stunda veiðar í landhelgi. Þess vegna er fje eytt til framkvæmdar þessara laga. Landhelgissjóðurinn hefir rýrnað svo mjög vegna gengislækkunarinnar, að eigi er óttalaust um, að töluverður dráttur geti orðið á því, að hann komi að tilætluðum notum. Landhelgissjóðurinn er geymdur í íslenskum krónum með sífelt

lækkandi gengi, en skip, sem fyrir hann á að kaupa, hafa stöðugt hækkað í verði, svo ekki er útlit fyrir, að sjóðurinn komi strandvörnunum að miklum notum, ef þessu heldur áfram.

Fyrir þetta þarf að girða, og verður það vart gert á annan hátt en að miða fjesektirnar við gullkrónur. Veiðarfæri og afli helst ávalt sem næst gullverði, en sektirnar geta vegna gengisins þorrið nær takmarkalaust; nú sem stendur eru þær tæplega helmingur á móts við það, sem var, er þær voru upphaflega ákveðnar. En það er sjálfsögð krafa, að hegningin haldist í því horfi, sem upphaflega var til ætlast. Það er því sjálfsagðara að taka þetta ráð, sem yfirgangur togaranna á grunnmiðum hefir farið sívaxandi síðan ófriðnum mikla lauk.

Háttv. þingdeild er nýbúin að afgreiða til efri deildar frv. um 25% tollhækkun vegna gengisfallsins; hversu miklu sjálf sagðara er það þá ekki að láta þessa staðreynd, verðfall peninganna, bitna rjettlátlega á lögbrjótunum, sem, eins og reynslan sýnir, aðallega eru útlendingar, en vitanlega gengur hegningin jafnt yfir innlenda menn sem erlenda, ef þeir verða brotlegir og til þeirra næst. Jeg vil geta þess, að í greinargerð frv. stendur: „vegna .... útlendinga“ o. s. frv., en á að vera: „vegna .... þeirra“ o. s. frv. Hefir þetta orðið af vangá, og bið jeg hv. nefnd, sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar, að athuga þetta. Verðfall krónunnar má ekki verða til þess, að erlendum sökudólgum sjeu gefnar upp sakir, en börn landsins sektuð vegna gengishrunsins, með hækkuðum tollum á öllum nauðsynjum. Til væntanlegrar nefndar beini jeg hjer með þeim tilmælum, að afgreiðslu þessa frv. verði hraðað svo sem frekast má verða, vegna þeirrar vertíðar, sem nú er fyrir nokkru byrjuð, en sektarákvæði frv. þurfa sem fyrst að komast í framkvæmd.

Vænti jeg svo, að frv. verði að lokinni umræðu vísað til sjávarútvegsnefndar.

Tryggvi Þórhallsson: Það getur ekki orðið álitamál, að þessu frv. á fremur að vísa til meðferðar sjútvn. en allshn., en annars var það stutt athugasemd, sem jeg ætlaði að beina til væntanlegrar nefndar í þessu máli. Með þessu frv. er ætlast til, að sektirnar fyrir landhelgisbrot verði hækkaðar, en jeg vil vekja athygli á því, að vegna gengislækkunarinnar eru sektir fyrir lögbrot lækkaðar að mun á mörgum öðrum sviðum. Mjer hefir borist áskorun frá mörgum kjósendum mínum á Ströndum norður, um að fá því komið til leiðar, að sektir fyrir seladráp verði hækkaðar. Þar norður eru víða selveiðar miklar, en við seladrápi í látrum liggur aðeins 4 kr. sekt. Af því er það auðsætt, að það er gróðavegur að drepa selina, þó að sektirnar sjeu greiddar. Þessu vil jeg því skjóta til væntanlegrar nefndar að athuga, hvort það sjeu ekki fleiri sektarákvæði, sem koma megi inn undir þessi lög. Vænti jeg, að hv. nefnd vilji athuga þetta, en sjái hún sjer ekki vinnast tíma til þess eða álíti hún það ekki fært á einn eða annan hátt, hefi jeg hugsað mjer að bera fram brtt. um þetta efni.

Jón Kjartansson: Það var aðeins lítil aths. út af orðalagi 1. gr. þessa frv. Þar er talað um að innheimta sektirnar í gullkrónum. Þetta álít jeg að sje óheppilegt orðalag. Sektir í ríkissjóð verða yfirleitt ekki innheimtar; þær eru hegning, sem verður að afplánast, ef eigi er greidd.

Mjer skilst því, að þetta sje ómögulegt; ef sektin fæst ekki greidd, verður hún ekki innheimt, nema það sje sjerstakt ákvæði um það í lögunum, en svo mun ekki vera í báðum þeim lögum, sem hjer er átt við. Þess vegna lít jeg svo á, að betra hefði verið að hækka lágmark sektarákvæðanna, vegna þess að reynslan hefir sýnt, að jafnan er dæmt í lágmarkssektir. Einkanlega verður þetta orðalag villandi, þegar háttv. flm. (ÁÁ) leiðrjettir orðalagið í greinargerðinni, „útlendinga".

Hákon Kristófersson: Það er einnig örstutt athugasemd viðvíkjandi ræðu hv. þm. Str. (TrÞ). Jeg hygg, að hann hafi átt við seladráp á þeim svæðum, sem selir eru friðhelgir á. Þetta er alveg rjett; ef sektin er aðeins 4 kr., er seladrápið gróðavegur. En jeg man ekki betur en að veiðarfærin, t. d. byssan, sje einnig upptæk, en þó þori jeg ekki að fullyrða, að mig minni rjett. Að öðru leyti er jeg alveg sammála hv. þm. Str., að það sjeu ýms tilfelli önnur, þar sem sektarákvæði þurfi athugunar við. Eins er jeg sammála hv. þm. V.-Sk. (JK) um það, að sektar ákvæði landhelgislaganna sjeu orðin of lág.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Háttv. þm. V.-Sk. (JK) hefir bent á það, að orðalag frv. sje eigi sem heppilegast, en það ætti að vera auðvelt að leiðrjetta í nefnd. Það má vel vera, að heppilegra sje að orða það þannig, að sektirnar „skuli miðaðar" við gullkrónu, en eigi innheimtar í gullkrónum. En þó hefi jeg heyrt allgildan lögfræðing segja, að þetta mætti vel standa þannig eins og það er orðað í frv. En hvað sem þessu líður, kemur orðalagið ekki því við, hvort rjettara sje að ákveða sektirnar í gullkrónum eða tvöfalda þær frá því, sem nú er; en það held jeg miklu óheppilegra, því þá þyrfti ávalt að vera að grauta í sektarákvæðunum í hvert skifti, sem gengið breyttist að mun, og það mundi verða svo að segja á hverju þingi, ef gengisbreytingar halda áfram, sem vænta má, og mundi þó aldrei nást rjettlæti. Þess vegna held jeg fast við þetta, að festa sektarákvæðin á þann hátt, að sektir skuli miðast við gullkrónu.

Jón Kjartansson: Jeg man ekki eftir, að nokkur undanþága sje til í öðrum þeim lögum, sem frv. þetta nær til, um það, að heimilt sje að innheimta sektarfjeð, og ef svo er ekki, þá er augljóst, að fara verður eftir tilsk. frá 25. júní 1869, um afplánun fjesekta, þannig, að sje sektin ekki greidd, kemur fangelsi. Er í þeim tilfellum því ekki hægt að tala um „að innheimta", og vænti jeg, að háttv. nefnd athugi þetta nánar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., mánudaginn 24. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 147, n. 198).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Nefndin varð einhuga um það að leggja til, að frv. verði samþykt. Brtt. sú, sem hún hefir gert við það, er aðeins orðabreyting og er miðuð við það, að ekki er ávalt svo, að það komi til greiðslu á sektum, því sektirnar má sitja af sjer. Þá þótti nefndinni og nákvæmara að tiltaka það, að gullkrónan skuli miðast við gengið þann dag, sem sektin er ákveðin. Er það enginn

vandi fyrir lögreglustjóra að reikna út sektarfjárhæðina, því ekki þarf annað en að síma til Landsbankans og spyrjast fyrir um gullgildi krónunnar. Skal jeg svo þakka háttv. meðnefndarmönnum mínum fyrir það, hve þeir hafa tekið vel í þetta mál, og vona jeg, að hv. deild taki því engu síður, því hjer er aðeins um það að ræða að greiða jafnháar sektir og ætlast var til upphaflega.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hefi að vísu ekki haft tíma til að athuga þetta frv. nákvæmlega, en jeg get í fljótu bragði ekki sjeð annað en að það megi vel svo vera. Það er mjög eðlilegt, að sektirnar hækki að krónutali eftir því, sem krónan fellur, og þar sem þetta virðist ekki valda neinum auknum erfiðleikum eða fyrirhöfn, þá sje jeg ekki betur en að þessi breyting sje á rökum bygð.

ATKVGR.

Brtt. 198,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 198,2 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv. með fyrirsögninni:

Frv. til laga um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 26. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 214, 218).

Afbrigði um brtt. 218, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Tryggvi Þórhallsson: Aðeins örfá orð um þessa brtt. frá mjer og hv. þm. Barð. (HK). Jeg hygg, að í okkar kjördæmum sje einna mest selveiði, svo að það er ekki af tilviljun, að einmitt við flytjum þessa brtt., heldur fyrir tilmæli manna þaðan. Jeg gat þess annars við 1. umr., að fram mundi koma brtt. í þessa átt. Hygg jeg, að tilvísunin í þskj. sje rjett, en annars er jeg ekki alveg viss um það. Jeg hefi haft talsvert fyrir því að leita að lögum og tilskipunum um þetta efni og hefi ekkert yngra fundið en tilskipunina, sem vitnað er í á þskj. Í 5. gr. tilskipunar frá 1849 er svo ákveðið, að sá, sem skýtur dýr eða fugl í landi annars manns, skuli greiða skaðann eftir mati óvilhallra manna og auk þess sektast um hálfan ríkisbankadal eða meira, alt að 10 ríkisbankadölum. Í 15. gr. sömu tilsk. stendur:

„Sá, sem brýtur á móti grein þessari, skal gjalda sektir og skaðabætur eftir 5. gr., og þar á ofan 2 rbd. fyrir hvert skot".

Eins og allir hljóta að sjá, eru þessar sektir orðnar óheyrilega lágar. Finst mjer því full ástæða til að taka þetta með, þegar einmitt er verið að hækka sektir fyrir brot á öðrum lögum um náskylt efni.

Jón Kjartansson: Jeg tók ekki eftir því, hvað þessi lagabreyting ræðir um. *(TrÞ:* Um selaskot þar, sem látur eða lagnir eru). Jeg man ekki betur en að til sjeu nýrri lög um þetta. Jeg skal reyndar ekki fullyrða það, en mig minnir, að lög um friðun á sel sjeu til frá 1913, og að þau lög gefi sýslunefndum allmikið vald í þessu efni.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Mjer kemur það dálítið einkennilega fyrir, að kom-

ið er með svona brtt. í sambandi við frv. um sektir fyrir brot á fiskiveiðalöggjöfinni. Það virðist engin ástæða til að blanda saman landhelgissektum og ólöglegu seladrápi. Sektir fyrir seladráp væri og rjettara að hækka, ekki um helming, heldur margfalt, en að miða þær við gengi. Jeg býst líka við því, að frekar þætti óþægilegt að þurfa að spyrja Landsbankann um gengi í hvert sinn, sem maður skyti sel ólöglega.

Forseti (BSv): Tillaga hefir komið fram um að taka málið af dagskrá.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hefi ekkert á móti því, að málið sje tekið út af dagskrá, þar sem líklegt þykir, að til sjeu yngri lög um þetta en tilsk. frá 1849. En eins og jeg hefi sagt, er það engin tilviljun, að við hv. þm. Barð. (HK) flytjum þessa till. Það er eftir ítrekaðri beiðni kjósenda okkar. Mjer finst heldur ekkert óeðlilegt að miða sektirnar við gengi, því að það er aðeins að færa þær til núgildandi peningaverðs. Og þegar það er gert, helst nákvæmlega sami grundvöllur fyrir sektarákvæðunum og áður.

Pjetur Ottesen: Mjer fyndist ekki óviðeigandi, að þessari till. væri vísað til sjútvn., þar sem hinum frumvörpunum um sektir gegn ólöglegum veiðum hefir verið vísað þangað. En annars finst mjer dálítið einkennilegt að blanda þessu saman við frv. um sektir fyrir ólöglegar botnvörpuveiðar.

Ágúst Flygenring: Jeg verð að taka undir það með ýmsum öðrum hv. þm., að mjer kemur þessi brtt. dálítið kynlega fyrir. Ef á að fara að reikna sektir fyrir seladráp eftir gengi, þá ætti í raun og veru að reikna allar sektir á sama hátt. Annars finst mjer rjettara, eins og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að hækka sektirnar, en ekki reikna þær eftir gengi. En fráleitt er nokkur ástæða til að blanda þessu saman við frv. um ólöglegar veiðar í landhelgi, og fyndist mjer því rjett, að hv. flm. athuguðu, hvort ekki væri rjettara að hafa þetta mál sjerstakt.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg vil geta þess viðvíkjandi ummælum háttv. þm. Borgf. (PO), að það er mín sök, að frv. hans hefir ekki fylgst með þessu frv. frá nefndinni. En það er ekki af því, að jeg sje því andvígur. og skal jeg sjá um, að ekki verði dráttur á því úr þessu. Viðvíkjandi því, að hækka sektir fyrir seladráp á þann veg, að þær skuli greiða í gullkrónum, hygg jeg, að muni að litlu haldi koma. Þessi lagaákvæði eru svo gömul, að sektirnar eru þess vegna orðnar alt of lágar, vegna þess, að miðað er við löngu horfið peningagildi. Þess vegna beini jeg því til háttv. þm. Str. (TrÞ) að koma heldur fram með frv. um að hækka sektirnar fyrir seladráp, því þótt þessar lágu sektir yrðu metnar til gullverðs, mundu þær samt verða alt of lágar. Háttv. þm. Str. ætti því að taka þessa brtt. sína aftur, svo frv. mætti ganga fram eins og ekkert hafi í skorist.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg óskaði þess við 1. umr., að nefndin tæki þetta atriði um sektir fyrir seladráp til athugunar. Við 2. umr. mintist nefndin ekki á þetta, og þess vegna fanst mjer ástæða til þess að koma fram með þessa brtt. Hinsvegar vil jeg ekki verða þessu frv. Þrándur í Götu, ef háttv. sjútvn. telur þetta svo áríðandi, að frv. tefjist ekki við að fara aftur í nefnd.

Hákon Kristófersson: Jeg er háttv. þm. Str. (TrÞ) sammála um það að verða ekki valdur að því að tefja fyrir þessu frv., ef mönnum sýnist, að vandræði stafi af því að vísa málinu aftur til nefndar.

Björn Líndal: Það getur oltið á tugum þúsunda króna fyrir ríkissjóð, honum til tjóns, ef tafið verður fyrir þessu máli, og ættu því allir hv. þm. að vera sammála um að flýta því sem mest.

Forseti (BSv): Tilmæli hafa komið fram frá mörgum háttv. þm. um að taka þetta mál út af dagskrá til nánari athugunar, vegna þess, að það sje ekki nægilega undirbúið til að ræðast að þessu sinni. Lýsi jeg því, að jeg mun verða við þeim tilmælum, og tek því málið út af dagskrá; en jeg vænti þess, að háttv. þm. hafi þá áttað sig svo á þessu máli, er það kemur næst til umræðu, að ekki þurfi oftar að taka það af dagskrá af þessum ástæðum.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 27. mars, var fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 218,1 feld með 15:1 atkv.

— 218,2 sjálffallin.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 214).

Á 32. fundi í Ed., laugardaginn 29. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., fimtudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 214, n. 285).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Eins og hv. þingdeildarmenn hafa sjeð af nál. sjútvn., þá hefir nefndin lagt það til, að frv. það, er hjer liggur fyrir, verði samþ. óbreytt. Það er að vísu vitanlegt, að sektirnar hækka mjög mikið í íslenskum seðilkrónum, — þær munu alt að því tvöfaldast, miðað við núgildandi „kurs“ — ef þær eru reiknaðar eftir gullgengi. Þó að hegningarákvæðin fyrir landhelgisbrot fari þannig að verða mjög há — miklu hærri en í nágrannalöndum vorum — þá er líklegt, að það veki minni eftirtekt út á við, ef það er ákveðið, að sektirnar skuli greiðast í gullkrónum, heldur en ef sektarákvæðin sjálf væru hækkuð. Einnig mundi það vekja minni eftirtekt vegna þess, að ýms lönd eru nú farin að innheimta opinbera skatta og gjöld þannig, að þau sjeu miðuð við gullgengi.

Sektir fyrir brot á landhelgislögum eru hjer hærri en í nokkru öðru af nágrannalöndunum. Ber þess þó að gæta, að hjer er öðruvísi ástatt en t. d. í Englandi eða Noregi. Fiskiveiðarnar eru annar aðalatvinnuvegur vor og sá þeirra, sem mest fjárútlát verður að bera. Höfum

vjer því meiri hagsmuna að gæta heldur en aðrar þjóðir, sem hafa fiskiveiðar að aukaatvinnu. Eftir því sem lengra líður, sannfærist þing og þjóð æ betur um, að nauðsyn beri til að herða eftirlitið með landhelginni. Hefir þetta mikinn kostnað í för með sjer. Hjá öðrum þjóðum eru kröfurnar og að verða strangari í þessu efni. Skotar hafa t. d. fullan hug á því að fá Morayfirth alfriðaðan með alþjóðasamþykki, en eins og kunnugt er, mega útlendingar nú veiða í firðinum, þó Bretum sje það bannað.

Vilja Skotar koma þessu í framkvæmd um leið og væntanleg samþykt hlutaðeigandi þjóða um friðun suðurhluta Norðursjávarins verður gerð, en á það leggur alþjóðanefnd hafrannsóknanna mikla áherslu. Er í þessu sambandi athugandi fyrir íslensk stjórnarvöld, hvort ekki væri hugsanlegt, að um leið mætti ná samþykki sömu aðilja fyrir friðun Faxaflóa.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 214).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 301).

---

23. Löggilding verslunarstaðar við Málmeyjarsund.

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 14. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um löggilding verslunarstaðar á Málmeyjarsandi innan við Votaberg (þmfrv., A. 121).

Á 26. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er flutt samkvæmt ósk hreppsbúa í Fellshreppi. Málmeyjarsund innan við Votaberg er skipalægi, og óska hreppsbúar eftir að fá þar löggilta höfn, og geri jeg ráð fyrir, að þeir hugsi sjer að skipa þar upp vörum og jafnvel að fá póstbátinn þangað inn eftir frá Siglufirði. Síldveiðiskip dvelja þar mjög oft, og getur vel verið, að möguleikar sjeu fyrir hendi til að þar rísi upp kauptún með tíð og tíma.

Hefi jeg svo ekki fleira um þetta að segja, en vil aðeins geta þess, að misritast hefir í frv. „á Málmeyjarsandi" í stað þess að þar á að standa „við Málmeyjarsund". Mun jeg sjá um, að þetta verði leiðrjett við 2. umr. Jeg geri ekki ráð fyrir, að þörf þyki að láta mál þetta ganga til nefndar, en vil óska, að því verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 20. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 121, 172).

Jón Sigurðsson: Jeg vildi aðeins benda á það, að hvað brtt. snertir er aðeins um orðabreytingar að ræða, og þykist jeg því geta gengið út frá því, að þær verði samþyktar.

ATKVGR.

Brtt. 172,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 172,2 samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um löggilding verslunarstaðar við Málmeyjarsund innan við Votaberg.

Á 31. fundi í Nd., mánudaginn 24. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 182).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 182).

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 26. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 31. fundi í Ed., föstudaginn 28. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 31. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Guðmundur Ólafsson: Þetta mál er smámál, enda hefir ekkert um það verið sagt í þessari hv. deild. Jeg skal þó vekja athygli háttv. deildar á því, að það hefir verið skift um nafn á þessum hafnarstað í frv. síðan málið kom fyrst fram á þinginu. Hvort staðurinn er við Málmeyjarsand eða Málmeyjarsund, er ekki upplýst, og er þetta óviðkunnanlegt. Gæti farið svo, ef höfnin yrði löggilt með röngu nafni, að nema yrði lögin úr gildi á næsta þingi og löggilda hana á ný með rjettu nafni. Vil jeg gera að tillögu minni, að málið sje tekið af dagskrá og þetta verði athugað.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Ed., föstudaginn 4. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Eggert Pálsson: Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) vakti máls á því hjer í deildinni við fyrri hluta þessarar umr., hvort væri rjettara Málmeyjarsund eða Málmeyjarsandur. Hefir þetta verið athugað, og reynist hið rjetta að vera Málmeyjarsund. Villan, sem kom fram, orsakaðist í miskrift í símskeyti, sem hv. flm. málsins fjekk í byrjun. En eftir að hann hafði talað norður, leiðrjetti hann þetta. Mun

því ekkert vera því til fyrirstöðu, að frv. sje samþykt eins og það er nú orðað.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 307).

24. Hvalveiðamenn.

Á 31. fundi í Nd., mánudaginn 24. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 67, 22. nóv. 1913, um hvalveiðamenn (þmfrv., A. 199).

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 27. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Sveinn Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli á því, að þetta frv., sem er framlenging á lögum um hvalveiðamenn frá 1913, getur verið dálítið athugavert, einkanlega þar sem þess hefir verið óskað úr sumum hjeruðum, að nánar væri tekið fram um smáhveli en gert er í lögunum frá 1913, hver ættu að vera friðuð. Á síðustu árum hefir verið tekið til að veiða voghvalinn, sem áður var talsvert mikið af á fjörðum inni og síldveiðamenn hafa haft allmikið gagn af. Þessi veiði hefir vakið mikla óánægju, einkum á Austurlandi. Nú er í lögunum frá 1913 leyft að veiða andarnefju, höfrung, hnísu og önnur smáhveli, sem tíðkanlegt hefir verið að veiða, og er þetta ekki skilgreint nánar. En þegar ágreiningur kom upp um veiði voghvalsins og var borinn undir lögreglustjórana, svöruðu þeir, sem von var til, að af þessari upptalningu tannhvala og smáhvala yrði ekki sjeð, hvort voghvalurinn væri friðaður eða ófriðaður. Ef nú á að endurnýja þessi lög, hygg jeg fulla þörf að taka nánar fram, hvaða smáhveli sje leyfilegt að veiða.

Jeg skal þá minnast lítið eitt á aðra hlið málsins, til athugunar fyrir hlutaðeigandi nefnd. Með þvílíkum lögum sem þessum er alls ekki auðið að friða kynstofn hvalanna, eins og tilgangurinn var í upphafi með þessari lagasetningu. Það má telja víst, að þegar aftur eykst hvalagengd við strendur landsins, þá munu útlendingar þeir, er þessa veiði stunda, fara að reka hana frá flotstöðvum fyrir utan landhelgi. Bann gegn því að hagnýta veiddan hval í landi, eins og stefnt er að með þessu frv., verður þá til þess eins, að þessi ágæta veiðidýrategund verður að mestu leyti upprætt á ný kringum landið, án þess að landsmenn hafi nokkurn hag af því; en verði leyft að hafa stöðvar í landi, verða þær þó skattskyldar. Ennþá hefir hvalnum fjölgað svo lítið, síðan hvalveiðin var lögð niður, að ekki er tiltækilegt að reka veiðar frá flotstöðvum. En Norðmenn hafa um langt skeið reynt það fyrirkomulag í Suðurhöfum og gefist vel, og er enginn vafi á því, að þeir muni hefja þær veiðar hjer, þegar hvalnum fer að fjölga að ráði.

Það þarf að athuga bæði þessi atriði vel. Annarsvegar þarf að taka fram, hvaða smáhveli sje leyfilegt að veiða, og hinsvegar íhuga, hvort hyggilegt sje að meina landsmönnum alt gagn af stórhvalaveiði, þegar hún verður tekin upp af annari þjóð, sem gera má ráð fyrir að verði

eftir nokkur ár, ef hvalveiðamenn frá Færeyjum uppræta ekki göngurnar sunnan og austan við landið.

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Eins og stendur í greinargerð frv., er það borið fram eftir tilmælum Fiskifjelags Íslands og atvinnumálaráðuneytisins. Fer frv. fram á að framlengja friðunarlögin frá 1913 um 10 ár. Sjútvn. leit svo á, að með þessari friðun væri rjett að stuðla að fjölgun hvalanna, sem fækkaði svo mjög við hinar miklu hvalveiðar, sem hjer voru reknar. Eftir því sem nefndin hefir haft spurnir af, hefir stærri hvalategundum fjölgað mjög lítið við strendur landsins. Nefndin leit svo á, að þótt einhver atvinnurekstur yrði hjer á landi framvegis af þessum veiðum, þá ættu landsmenn sjálfir að vinna að honum, en vjer mundum ekki verða þess megnugir næstu 10 árin, jafnvel þótt meira færi að bera á fjölgun hvalanna en hingað til hefir verið.

Jeg vil mælast til, að frv. verði vísað beint til 2. umr., þar sem það kemur frá sjútvn., og væri ekki hægt að vísa því til annarar nefndar en hennar. Gætu hv. þm. þá flutt þær brtt., er þeir kynnu að vilja bera fram. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) getur þá einnig notað tækifærið, ef hann vill eiga tal við nefndina, og mun hún fús á samvinnu við hann um að fullkomna lögin, enda mun aldrei hafa verið til þess ætlast, að smáhveli væru friðuð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 29. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 199).

Sveinn Ólafsson: Við 1. umr. tók jeg það fram, að mjer þætti þurfa að athuga þetta mál nánar. Síðan hefi jeg kynt mjer frekar lögin frá 1913 og komist að þeirri niðurstöðu, að þau gætu varla heitið verð framlengingar án breytinga. Þau heita *lög um hvalveiðamenn,* en eru bæði lög um bann gegn hvalbræðslu á landi og taka auk þess upp ákvæði laga frá 1886 um friðun hvala og hverjir skuli vera ófriðaðir. Eins og jeg hefi sagt, eru lögin því tæplega verð framlengingar. Þau eru í raun og veru skrípi eitt og þyrftu helst algerðra breytinga. Og það er sannast mála, að þau koma ekki að neinu gagni. Eftir 10 ára friðun mun flestum bera saman um það, að stórhvelum hafi alls ekki fjölgað hjer við land að neinum mun. Þótt eitthvað slæðist hingað norður af þeim með flóastraumnum á vorin, munu hvalveiðamenn þeir, sem hafa aðsetur sitt í Færeyjum, drepa flesta hvalina áður en þeir komast hingað. Fjölgunin verður því engin og lögin ná ekki tilgangi sínum um verndun á kynstofni hvalanna. En ef lögin frá 1913 stæðu og stórhvelum fjölgaði eitthvað hjer við land, mundi svo fara, að tekin yrði hjer upp flotstöðvaveiði, eins og nú tíðkast í Suðurhöfum bæði af Norðmönnum og Bretum. Hefðum við þá á engan hátt gott af veiðunum. Aftur á móti er ekki útilokað, að við kynnum að hafa eitthvert gagn af þeim, ef þær væru stundaðar úr landi, jafnvel þó að þær væru í höndum útlendinga.

Þar sem lögin hafa því enga fjárhagslega þýðingu fyrir landsmenn, er engin ástæða til að halda í þau.

Meðan veiðarnar voru stundaðar hjer, báru einmitt þeir, sem ráku þær, hæstu skattana. Hefi jeg talið saman, að einn þeirra manna hefir á einu ári greitt 40

þús. kr. í ríkissjóð, og það á þeim tímum, þegar allar tekjur ríkisins voru ekki nema rúm 1 miljón.

Sem sagt, jeg get ekki greitt frv. atkvæði mitt. En jeg vildi koma fram með þá breytingu á friðunarlögunum frá 1886, að voghvalirnir yrðu friðaðir. Veit jeg, að það er vilji alls þorra sjómanna og hefir talsverða þýðingu fyrir þá.

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Sjávarútvegsnefnd leggur ekkert kapp á, að þetta frv. verði samþykt. Hún flytur það aðeins eftir beiðni Fiskifjelags Íslands. En við lítum svo á, að rjett væri að lögin giltu lengur, þar sem ennþá hefir hvölum ekki fjölgað hjer að mun. Við lítum líka svo á, að rjett sje, að hvalveiðar verði ekki reknar hjer fyr en hvölunum hefir fjölgað að mun, og teljum rjettast, að landsmenn sjálfir, ef þeir þá væru orðnir færir um það, rækju veiðarnar.

Það er satt, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að lögin eru ekki viðkunnanleg. Þar er öllu hrært saman, mönnum, hnísum og höfrungum. En þau ættu þó samt að geta gert gagn.

Um það, hvort rjett sje að friða hrefnur, munu vera skiftar skoðanir. Jeg veit, að t. d. sjómenn vestra telja ekkert unnið við það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:3 atkv.
2. gr. samþ. með 13:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj atkv.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 199).

Á 38. fundi í Ed., fimtudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 10. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 199, n. 329).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Jeg hygg, að mál þetta þarfnist ekki langrar framsögu. Eins og hv. deild er kunnugt, falla úr gildi 1. jan. 1925 lög nr. 67, 22. nóv. 1913, um hvalveiðamenn. Lög þessi eru álitin að hafa verið mjög þörf, og þó tíminn sje ekki langur, sem þau hafa gilt, hafa þau borið árangur. Virðist vera brýn nauðsyn að framlengja lögin um 10 ár enn. Sjútvn. hefir athugað málið, og hún telur framlengingu nauðsynlega. Sjútvn. leggur eindregið með því, að frv. þetta nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 199).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 369).

---

25. Löggilding Fúluvíkur.

Á 37. fundi í Ed., miðvikudaginn 2. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um löggilding verslunarstaðar í Fúluvík í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu (þmfrv., A. 282).

Á 38. fundi í Ed., fimtudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 1 umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Flm. (Halldór Steinsson): Jeg álít ekki þörf á langri framsögu í þessu máli, en vona, að hv. deild lofi því að ganga vanalega boðleið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., laugardaginn 5 apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 282).

Á 47. fundi í Nd., fimtudaginn 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 382).

---

26. Sauðfjárbaðanir.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir (þmfrv., A. 287).

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Eins og greinargerð frv. ber með sjer, er frv. þetta flutt eftir ósk hæstv. atvrh. (MG) og samið af honum. Tildrögin eru þó frá landbúnaðarnefnd, sem hafði þetta mál til meðferðar. Að mál þetta var nokkuð lengi hjá nefndinni kom af því, að hún þurfti að afla sjer ýmsra upplýsinga. Eftir að hafa fengið þær, fjelst nefndin á, að rjett væri, að ráðuneytið gæfi út lög í þessu efni um það, að aðeins eitt baðlyf væri löggilt og leyfilegt til notkunar, svo að öryggi baðlyfjanna sje þar með trygt. Það er víst, að mikið af baðlyfjum er til í landinu, en sem ekki virðist gerlegt að nota, nema það sje fullkomlega trygt, að þau sjeu vel nothæf til fjárböðunar, því undir baðlyfjunum er það vitanlega mest komið, hvort hægt er að útrýma fjárkláðanum, svo framarlega sem böðunin er að öðru leyti sómasamlega framkvæmd.

Mikið af baðlyfjunum hefir frosið, og það eru einmitt þessi skemdu baðlyf, sem hafa kipt fótunum undan þeim mögulegleika, að með þrifaböðunum væri stefnt að algerlegri útrýmingu fjárkláðans, og þar af leiðandi losa ríkissjóð við kostnað af allsherjar útrýmingarböðun.

Jeg vænti þess, að hv. deild láti þetta frv. ganga fram sem fyrst og að hæstv. forseti taki það aftur fyrir á næsta fundi. Að öðru leyti þarf frv. ekki skýringar við, enda get jeg vísað til greinargerðar þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 287).

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 287, n. 380).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sigurður Jónsson): Hjer þarf ekki langa framsögu, því að frv. þetta hefir fengið langan og rækilegan undirbúning. Hjer hafa áður verið gerðar tilraunir með innlenda baðlyfjagerð, og gefist vel. Háttv. Nd. hefir því samþykt frv. þetta, og landbúnaðarnefnd þessar háttv. deildar leggur til, að það verði samþykt óbreytt. En hinsvegar vil jeg taka það fram, að í 1. gr. er talað um, að aðeins megi nota eina tegund baðlyfja, en aftur í 2. gr. stjórnarráðinu heimilað að leyfa innflutning á samskonar baðlyfi. Þetta getur tæplega verið samrýmanlegt. Nefndin vildi þó ekki gera breytingu á þessu, heldur bíða og sjá hvað setur. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 287).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 425).

---

27. Sýsluvegasjóðir.

Á 26. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923 (þmfrv., A. 166).

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 20. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., föstudaginn 21. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Þetta eru afarsmávægilegar breytingar á lögunum, sem hjer er farið fram á, og jeg vona, að hv. þm. sjái fljótlega, í hverju þær eru fólgnar. Þær eru aðallega þær, að hreppsnefndum sje frjálst að leggja þessi gjöld á í hreppunum á þann hátt, sem þeim þykir best henta, á fasteignir eða öðruvísi, ef þær telja það betur henta. Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta, en geri það að tillögu minni, að frv. verði vísað til samgmn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19:1 atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 166, n. 267).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Eins og kunnugt er, var samþykt hjer í fyrra frv. til laga um samþyktir um sýsluvegasjóði. Þetta var allstór lagabálkur, saminn af vegamálastjóra. Það atriði í lögum þessum, sem hjer er sjerstaklega um að ræða, er heimild sú, er veitt var til að leggja skatt á þær fasteignir í sveitum og kauptúnum, sem ekki eru alþjóðareign. Þessi skattur miðast aðeins við fasteignir og hvílir eingöngu á þeim. Það, sem mest var haft á móti þessum skatti í fyrra, var það, að hann lenti aðeins á fasteignum, eða eigendum og notendum þeirra, en næði ekki til annara, hversu vel efnum búnir sem þeir væru og hvernig sem á stæði. Úr þessu á þetta frv. að bæta. Tilgangur þess er að veita hreppsnefnd heimild til að dreifa skattinum eftir efnum og ástæðum á fleiri en hin fyrri lög gerðu ráð fyrir.

Jeg veit ekki, hvort skoðanir manna muni verða skiftar um þetta, að heimila að gera skattskylduna ítarlegri en er í þessum nýlegu lögum, en það var einhuga álit samgmn., að þessi breyting væri til bóta og sje miklu sanngjarnara og rjettlátara að heimila að jafna skattinum meir niður en nú er gert ráð fyrir í lögunum. Jeg þarf svo ekki að orðlengja þetta, en vildi mælast til þess, að frv. fái að ganga til 3. umr.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 166, 303).

Ingólfur Bjarnarson: Jeg vil fyrst taka það fram, að jeg og hv. 2. þm. Skagf. (JS), sem flytjum þessa brtt. á þskj. 303, teljum, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, sje til bóta; það ákvæði sem sje, að hreppsarnir sjálfir geti valið um, hvernig þeir leggja á sýsluvegagjaldið. En okkur finst tvö atriði í frv. ekki sem heppilegast ákveðin, og berum því brtt. fram. Hið fyrra er það, að frv. gerir ráð fyrir, að hreppsnefndir geti ráðið því einar, hvort gjaldið sje lagt á samkvæmt ákvæðum þar um gildandi laga eða að það sje greitt úr sveitarsjóði. Okkur finst sjálfsagt, að hreppsbúar sjálfir, en ekki hreppsnefndin ein, ráði þessu, og leggjum því til, að ákveðið verði á almennum hreppsfundi, hvort gjaldið skuli lagt á fasteignirnar samkv. gildandi lögum eða greitt úr sveitarsjóði. Gerum við ráð fyrir, að flm. frv. hafi einmitt ætlast til, að hreppsmenn rjeðu þessu, og hafi því ekkert á móti þessari brtt. Þá leggjum við það einnig til, að ákvæðinu um, að hreppsnefndir skuli innheimta gjaldið, verði breytt og sýslumenn hafi á hendi innheimtuna, eins og áður. Sjáum við ekki, að þetta ákvæði frv. sje heppilegt, þar sem allir sjá, að í þeim sveitum, sem engin breyting verður gerð, er hentugra, að gjaldið sje innheimt á manntalsþingi. Í þeim hreppunum, sem breyta til, verður hreppsnefnd

auðvitað að hafa á hendi innheimtuna. Þar sem brtt. raskar alls ekki tilgangi frv. á neinn hátt, væntum við þess, að hún verði samþykt. Vil jeg að lokum endurtaka í sem stystu máli, í hverju breytingarnar eru fólgnar. Samkvæmt brtt. eiga hreppsfundir að ráða, hvernig sýsluvegagjaldið er lagt á, en ekki hreppsnefnd, eins og gert er ráð fyrir í frv. Getur það oft komið fyrir, að vilji og jafnvel hagsmunir hreppsnefndar og hreppsbúa yfirleitt fari ekki saman. Hin breytingin slær varnagla við því, að varpað sje innheimtustörfum af sýslumanni á sveitarstjórnirnar, nema þar, sem breytingin kemst á og nauður rekur til.

Brtt. kom svona seint fram vegna þess, að við tókum ekki fyr eftir því, að frv. þyrfti breytingar við. Skal jeg svo ekki fara um þetta fleiri orðum.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Það er af tilviljun, að samgöngumálanefndin í heild hefir ekki getað athugað brtt. á þskj. 303. En að því leyti, sem hún hefir rætt um hana, held jeg, að mjer sje óhætt að segja, að nefndarmenn álíti, að breytingin sje til bóta. En nefndin hefir alveg óbundnar hendur við atkvgr., þar sem hún í heild hefir ekki getað athugað brtt. Annars hefi jeg orðið var við það síðan við 2. umr., að í hv. deild eru einstakir menn, sem líta svo á, að ekki væri vert að breyta lögunum frá því, sem er. Mjer líkar till. vel og vildi óska, að menn ljetu það ekki hafa nein áhrif á afstöðu sína til málsins, sem annars hefir verið tekið vel, að hún hefir komið fram og virðist í fljótu bragði gerbreyta frv.greininni. Mjer er ekkert kappsmál að fá frv. samþykt óbreytt, en óska, að hv. þm. samþykki annaðhvort, og þá helst brtt., því að jeg tel hana heldur betri en frv.

Magnús Torfason: Mjer sýnist á brtt. á þskj. 303, að gert sje ráð fyrir, að hreppsbúar kjósi heldur, að sýsluvegagjaldið sje hluti af sveitarútsvari en sjerstakt gjald. Jeg hygg, að óþarfi sje að ræða mikið um það, því að jeg býst við, að hreppsnefnd muni ekki detta í hug að breyta til, nema það sje almennur vilji hreppsbúa. En mjer finst það tæplega rjett að binda gjaldið við þá, sem eiga fasteignir, þar sem það kemur æðihart niður á búandi mönnum, en hinir sleppa. Eru t. d. í sumum sveitum embættismenn, sem greiða talsverðan hluta útsvaranna. Get jeg í því sambandi nefnt einn hrepp í Árnessýslu, þar sem embættismenn greiða ⅓ af þeirri upphæð, sem jafnað er niður. Út af þessu var það, eins og jeg drap á, þegar málið kom hjer fyrst fram í deildinni, að sýslunefnd Árnessýslu vildi ekki nota þessi lög fyr en úr þessu væri bætt. Út af fyrir sig álít jeg þessa brtt. vera meinlausa; en hina brtt., um að sýslumenn eigi að innheimta þennan skatt sjerstaklega, tel jeg vera beint brot á innheimtureglunum um sveitargjöld; það eru hreppsnefndirnar, sem láta innheimta þetta fje ásamt öðrum sveitargjöldum, t. d. útsvörum. Væri það miklu minna umstang heldur en að sýslumenn yrðu látnir innheimta þetta gjald sjerstaklega. Þess vegna held jeg, að þessi brtt. verði ekki til bóta, verði hún samþykt. En ekkert kappsmál er mjer, að hún verði feld.

Ingólfur Bjarnarson: Háttv. 1. þm. Árn. (MT) mintist á, að það væri varla þess vert að gera sjer þetta umstang, sem brtt. okkar gerir ráð fyrir, um fundarhöldin samkvæmt 53. gr. sveitarstjórnarlaganna. En við flm. litum svo á, að þarna þyrfti ekki annars með en að setja

inn auglýsingu um þetta á fundarboðið til hreppaskila, og verður þá umstangið alls ekki neitt. *(MT:* Já, ef það þá gleymist ekki að boða þetta). Jeg geri því ráð fyrir, að þetta verði ekki sjerlega örðugt í framkvæmdinni, og eru því þessar mótbárur hv. þm. einskis verðar.

Jeg skildi ekki almennilega, við hvað hv. 1. þm. Árn. átti, er hann talaði um, að þessi innheimtuaðferð, þ. e. að sýslumenn heimtu inn sýsluvegagjaldið, væri brot á almennum innheimtureglum. Þetta hygg jeg, að verði að teljast mjög vafasamur skilningur, hafi jeg tekið rjett eftir þessu. Og þá eru lögin frá síðasta þingi um þetta efni líka brot á þessari reglu, því brtt. okkar breytir engu í þessu atriði. Breytingin er aðeins sú, að gjaldið skuli því aðeins innheimt af sveitarstjórnum, að það sje lagt á með útsvörunum; ella sje innheimtunni ekki breytt frá því, sem lögin ákveða nú.

Magnús Torfason: Jeg vil aðeins taka það fram, að jeg taldi engin lög vera brotin með þessu, heldur væri þetta brot á reglu eða venjum, sem um þetta hafa gilt.

ATKVGR.

Brtt. 303 (ný frvgr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 318).

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., þriðjudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 318, n. 365).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Samgmn. Ed. var einhuga um að leggja til, að frv. þetta yrði samþykt. Þó álítum við, að tryggja þyrfti betur en frv. ákveður, að verulegur vilji sveitarmanna væri fyrir þeim breytingum, sem frv. heimilar. Í frv. stendur, að hreppsfjelögum sje heimilt að greiða skattinn úr sveitarsjóði, sje það samþykt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi. En við vitum, að sveitarfundir eru oft illa sóttir og fámennir, en geta engu að síður verið lögmætir. Fanst nefndinni rjett að tryggja hreppsfjelögum, að heimildin yrði ekki notuð nema ákveðinn meiri hluti væri breytingunni fylgjandi. Leggur nefndin því til, að í stað orðanna „meiri hluti" komi: „⅔".

ATKVGR.

Brtt. 365 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 395).

Of skamt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 52. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 395).

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. apríl, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Hv. Ed. hefir breytt þessu frv. á þá leið, að þrengja heimildina til þess, að hreppsnefndir geti lagt gjald til sýsluvegasjóða á með útsvörum. Samgmn. hefir ekki sett sig upp á móti breytingunni, en hefir þó óbundin atkv. um hana. Fyrir mitt leyti get jeg vel við unað, að enginn minni hluti geti lagt þetta háa gjald á menn, heldur þurfi til þess tvo þriðju atkvæða á lögmætum sveitarfundi, eins og breytingin ætlast til. Vona jeg því, að hv. deild fari að dæmi Ed. í þessu efni.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 426).

---

28. Seðlaútgáfa Íslandsbanka.

Á 42. fundi í Ed., mánudaginn 7. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 6, 31. maí 1921 [*Seðlaútgáfa Íslandsbanka*] (þmfrv., A. 314).

Á 43. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Jeg vil fyrir hönd fjhn. óska þess, að frv. þetta fái að ganga umræðulaust til 2. umr., því að nú liggja fyrir nefndinni tvö mál um seðlaútgáfuna, og eru þau komin svo langt, að aðeins er eftir að skrifa nál. Er meining nefndarinnar, að þetta mál komi ekki á dagskrá aftur fyr en búið er að afgreiða þau mál. Hefi jeg talað um þetta við hæstv. fjrh. (JÞ), og er hann samþykkur því fyrir sitt leyti.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 2. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., þriðjudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Frv. þetta er bein afleiðing af þeirri niðurstöðu, sem varð með frv. um Landsbanka Íslands og

seðlaútgáfu ríkisins af þeirri rökstuddu dagskrá, sem samþykt var í þeim málum. En samkvæmt lögum nr. 6, 31. maí 1921, átti að vera búið að gera endanlega skipun á seðlaútgáfunni fyrir 1. maí 1922. En þessu hefir jafnan verið frestað, og svo verður nú að gera enn um eitt ár, en lengri dráttur má ekki verða á málinu. Er nauðsynlegt, að þetta frv. komist í gegnum þingið. Jeg sje ekki ástæðu til fleiri ummæla um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 51. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 314).

Á 52. fundi í Nd., miðvikudaginn 16 apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj atkv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg óska þess, að þetta frv. verði látið fara nefndarlaust gegnum háttv. deild, þar sem auðsjeð er, að ekki verður á þessu þingi samþykt frv um endanlegt skipulag seðlaútgáfunnar þegar Íslandsbanki lætur hana af hendi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 2. u m r.

Enginn tók til máls,

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., föstudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 445).

---

29. Ríkisskuldabrjef.

Á 14. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 8, 20. júní 1923, um ríkisskuldabrjef (þmfrv., A. 74).

Á 16. fundi í Nd., fimtudaginn 6. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jón Sigurðsson): Eins og tekið er fram í greinargerð þessa frv., þá hafa menn rekið sig á það, að sum ákvæðin í lögunum um ríkisskuldabrjef eru til talsverðs baga. Eins og kunnugt er, gera lögin um brúargerðir ráð fyrir, að ríkið taki lán til að byggja þær brýr, sem þar eru taldar, eða til þess að leggja fram þann hluta fjárins, er ríkissjóði ber. Í framkvæmdinni hefir þetta orðið þannig, að sýslufjelaginu hefir verið gefinn kostur á að fá brýrnar bygðar, ef sýslan, auk

síns hluta, legði fram sem lán handa ríkissjóði það fje, er honum ber að greiða til brúargerðarinnar. Meiningin var, að þar sem um stærri brýr væri að ræða, þá yrði þetta prófsteinn á þörf sýslubúa fyrir þetta mannvirki, hve fúsir þeir reyndust til að leggja fram fje til þess. Nú hagar svo til í Skagafjarðarsýslu, að brýn nauðsyn er á að reisa þar stórbrú, og hefir mikill undirbúningur verið hafinn í því skyni og fjársöfnun. En hjer er sá hængur á, að fæstir af sýslubúum eru þeir stórefnamenn, að þeir sjái sjer fært að binda mikið af fje sínu í 25 ár. Flestir geta aftur á móti lagt lítið eitt af mörkum. Frv. þetta fer aðeins fram á, að þetta sje gert mögulegt með því í fyrsta lagi að veita stjórninni heimild til að hafa nafnverð brjefanna lægra. Stofnun Eimskipafjelags Íslands hefir best sýnt, hve heillavænleg almenn þátttaka í slíkum fyrirtækjum er, og að mikið fje getur safnast, þótt hlutirnir sjeu smáir. Í öðru lagi fer frv. fram á, að brjefin verði dregin út, svo að fjeð verði ekki óumflýjanlega bundið í 25 ár, eins og nú er. Ef þessar breytingar ganga fram, er rutt steinum úr götu mikils nauðsynjamáls. Þessi heimild í lögunum, sem frv. fer fram á, kemur því aðeins til framkvæmda, að lánsupphæðin nái vissri upphæð — 25 þús. kr.

Skal jeg svo ekki orðlengja þetta meir, en vona, að hv. deild taki frv. vel og láti það fara til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., mánudaginn 24. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 74, n. 187).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Fjhn. hefir fallist á þetta frv. í aðalatriðum þess, en hefir hinsvegar fundist, að gera þurfi á því nokkrar breytingar. Nefndin leggur til, að gerðar verði tvær aðalbreytingar á lögum nr. 8, 20. júní 1923. Fyrri aðalbreytingin er sú, að rýmka um ákvæðin um nafnverð brjefanna. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að stjórnin geti ákveðið nafnverð þessara brjefa niður í 25 og 50 krónur. Nefndin álítur heppilegra að leggja þetta algerlega á vald stjórnarinnar í hverju einstöku tilfelli, vegna þess að búist er við því, að ýms hjeruð vilji sjá stjórninni fyrir lánsfje til innanhjeraðs framkvæmda, t. d. brúagerða, símalagninga o. fl. Telur nefndin vera rjettara að einskorða þetta ekki, en láta stjórnina hafa vald til ákvörðunar. Í öðru lagi leggur nefndin til að gera þá breytingu á frv. að heimila stjórninni að ákveða vaxtafótinn í hvert sinn, en festa hann ekki eða ákveða í lögunum. Í lögunum er vaxtafóturinn ákveðinn 4½—5½%, en nú sem stendur eru vextir allir mjög breytilegir, og er því rjettara að fela stjórninni að kveða á um þetta eftir því, sem best á við í hvert skifti.

Önnur aðalbreyting nefndarinnar á frv. er þó sú, að ríkisskuldabrjefin skuli vera útdráttarbrjef í stað þess að standa öll ógreidd til enda útgáfutímans. Fyrir þessu telur nefndin tvær ástæður. Fyrri ástæðan er sú, að samkv. áliti nefndarinnar yrðu brjefin auðseldari, ef þau væru útdráttarbrjef, þar sem kaupandinn ætti þá von á, að einhver hluti þeirra yrði dreginn út árlega; eins mundi þetta gera brjefin veðhæfari. Síðari ástæðan er sú,

að nefndin álítur ekki rjett, að ríkið taki lán, þótt til verklegra framkvæmda sje, er standi lengur en lengst 25 ár. Nefndin álítur, að ef brjefin eigi að greiðast öll í einu lagi eftir 25 ár, mundi það oftast verða til þess, að ríkið yrði að taka ný lán til þess að greiða þau eldri. En nefndin telur rjettast, að slík lán ríkissjóðs standi aðeins hæfilega langan tíma.

Vegna hins erfiða fjárhags ríkisins hefir nefndin leitað ýmsra ráða til þess að bæta úr erfiðleikum ríkissjóðs, og meðal annars hefir hún borið fram allverulegt tekjuaukafrv., þar sem er verðtollsfrv., og leggur sömuleiðis til, að frv. um dýrtíðaruppbót á ýmsum tollum verði samþykt af hv. deild. Telur nefndin naumast fært að ganga lengra í þessa átt að sinni, en aftur á móti hygg jeg, að flestir muni vera nefndinni sammála um, að eins og nú er komið fjárhagnum, yrði naumast hægt að halda áfram neinum verklegum framkvæmdum fram yfir fjárlög. Nefndinni hafði jafnvel hugsast að koma fram með frv., þar sem tekið væri fyrir það, að stjórnin nú fyrst um sinn ljeti framkvæma neitt af því, sem gera má hún eftir sjerstökum lögum, svo sem húsagerð, brúagerð o. fl. Nefndin hætti þó við að bera fram þetta frv. að sinni, en æskir eftir ákveðinni yfirlýsingu eða loforði frá hæstv. stjórn um að nota ekki þessar sjerstöku heimildir í lögum eða ráðast ekki í aðrar verklegar framkvæmdir en þær, sem standa í fjárlögunum. Mun þá nefndin hlíta því loforði, en ella mun hún bera þetta frv. fram. Einn hv. nefndarmanna hafði sjerstöðu í nefndinni að því er við kom breytingu á frv., en um þetta síðasta atriði, sem jeg nú gat um, var hann oss hinum nefndarmönnum fyllilega sammála.

Jakob Möller: Jeg ritaði undir nál. með fyrirvara, vegna þess, að mjer fanst ekki vera þörf á því að breyta lögunum að svo stöddu í þessa átt, enda þótt jeg telji ekki það miklu máli skifta, ef mönnum er það svo mikið áhugamál að fá þessu framgengt. Eins og sjá má á þskj. 187, er aðalbreytingin í því fólgin að gera ríkisskuldabrjefin að útdráttarbrjefum og stytta um leið umferðartímann, og er þetta fram komið í sambandi við fyrirtæki, sem menn hafa hugsað sjer að koma í framkvæmd með því að selja ríkisskuldabrjefin í þeim hjeruðum, sem framkvæmdirnar eiga að fara fram í. En þótt yfirlýsingar hafi komið frá einhverjum hjeruðum um, að íbúar þeirra væru fúsir til þess að lána ríkinu fje til þess að gera brýr, leggja síma o. s. frv., þá er þar það við að athuga, að þeir vilja ekki lána ríkinu fje til eins langs tíma og lögin frá 1923 ákveða, sem sje til 25 ára, heldur er hjer samkv. nál. ætlast til, að lánin sjeu aðeins til 15—25 ára, og sjeu þau greidd með jöfnum afborgunum árlega. Þannig ætti þegar á fyrsta ári að greiða $^1/_{15}$—$^1/_{25}$ hluta þessara lána. Þetta sýnist mjer vera allmikil rýmkun á lánskjörunum í vil þeirra hjeraða, sem veita lánin. En þar sem nefndin er sammála um að beina því til stjórnarinnar að fara ekki freklega í það að ráðast í slík fyrirtæki, sje jeg því minni ástæðu til þess að vera að breyta lögunum. Hitt atriðið, hvort ríkisskuldabrjefin eigi að vera inndregin eða innleysist ekki fyr en eftir ákveðinn tíma, er mjer ekkert kappsmál hvort heldur er, en sje þó ekki neitt varhugavert við það, þótt þau verði ekki útdráttarbrjef. Skuldir ríkissjóðs eru það miklar orðnar, að hann hefir nóg með fyrst um sinn að

afborga þær, sem fyrir eru. En hinsvegar sje jeg ekki, að óttast þurfi, að svo mikið seljist af þessum ríkisskuldabrjefum, að ríkissjóði verði ofvaxið á sínum tíma að greiða þær árlegu afborganir, sem á þann hátt fjellu í gjalddaga. En ef svo færi, að hann þættist ekki geta undir þessu risið, má altaf gefa út ný ríkisskuldabrjef og selja. Það, sem milli bar mín og annara nefndarmanna, var það, að jeg áleit ekki eins mikla þörf á því að draga út brjefin, og eins það, að vafasamt væri, hvort rjett væri að stytta svo lánstímann á þeim skuldabrjefum, er hjeruðin kaupa í því skyni, að ríkið láti gera ýmisleg mannvirki fyrir þau; t. d. hefir verið rætt um, að ríkissjóður tæki á þennan hátt lán til 15 ára til brúagerða í Skagafirði, en jeg tel það fráleitt, að slíkt lán verði tekið. Eigi að ráðast í að láta gera mannvirki, sem standa eiga til frambúðar, er sjálfsagt að haga lántökunni þannig, að sem minst þyngsli verði að fyrir ríkissjóð.

Jón Sigurðsson: Jeg ætla að byrja mál mitt með því að þakka hv. nefnd fyrir góðar undirtektir að því er þetta frv. snertir. Það var fram borið sem heimild fyrir stjórnina, en nefndin hefir fært það í það horf, að breyta lögunum í þátt átt, sem heimildin benti til. En það var ekki út af brtt. nefndarinnar, sem jeg kvaddi mjer hljóðs, heldur var það niðurlag nál., sem jeg ætlaði að minnast á. Nefndin beinir því til stjórnarinnar að fresta öllum verklegum framkvæmdum samkvæmt brúa- og símalögum, húsabyggingum o. fl., sem lántökur þurfi til, og er þetta bæði eðlileg og sjálfsögð krafa Er nú svo komið hag ríkissjóðs, að skuldirnar eru orðnar það miklar, að nú verður að nema staðar, og því fyr, því betur. Jeg hlýt því að taka undir þetta með hv. nefnd, en jeg vil þó benda hæstv. stjórn á það, að það geta komið fyrir þau atvik, að frá þessari reglu verði að víkja. Ef einhversstaðar er svo brýn þörf á aðgerðum, að almenningur gerist fús til þess að taka sjer stórkostlegar byrðar á herðar á þessum krepputímum samkvæmt þessum lögum, þá sýnir það svo augljósa og knýjandi þörf á þeim mannvirkjum eða umbótum, að undir þeim kringumstæðum getur verið varhugavert að fresta þeim. Því verður ekki neitað, að þeir, sem við þetta eiga að búa, vita gerst, hvar skórinn kreppir. Það getur svo á staðið, að bæði líf og fjármunir margra manna sjeu í hættu staddir, ef ekki er aðhafst. Jeg vil aðeins benda á þetta, að það geti verið varhugavert að slá þessa föstu sem ófrávíkjanlegri reglu. Mjer þykir sennilegast, að engar slíkar kröfur komi fram, enda eru þesshättar tilboð ekki á hverju strái. En færi svo, að þesshättar tilboð kæmi fram, þætti mjer hart, ef stjórnin neitaði því. En viðvíkjandi því, að hv. 3. þm. Reykv. (JakM) taldi ekki vera rjett, að ríkið afborgaði slík lán til verklegra framkvæmda á 15 árum, þá má nefna mörg hjeruð í landinu, þar sem ríkissjóður hefir lagt alt fje fram til slíkra framkvæmda, og jafnvel tekið lán til styttri tíma.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil taka það fram, að jeg fyrir mitt leyti er ekki við því búinn að svara fyrirspurn hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) við þessa umr. Jeg held, að það þurfi rannsóknar við, hvort ekki geti verið einhverjar þær framkvæmdir, sem ekki verður unt að fresta. Jeg er hræddur um, að það geti verið einhverjar brýr o. s. frv., sem komnar sjeu að niðurfalli, sem þurfi samkvæmt

gildandi brúalögum að endurbyggja. Mig minnir, að vegamálastjóri hafi eitthvað vikið að þessu í viðtali við hv. fjvn. Get jeg því ekki gefið þá yfirlýsingu, sem hann óskaði eftir, fyr en þetta hefir verið rannsakað; því að ef slíkt loforð eða yfirlýsing er gefin, verður auðvitað að standa við hana.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Háttv. 2. þm. Skagf. (JS) sagði, að það gæti skeð, að stöðvun framkvæmda riði á lífi og fjármunum margra manna. En ef svo stendur á, væri reynandi að koma fjárveitingu til þess háttar hluta í fjárlögin; það ætti ekki að vera frágangssök. Nefndin heldur fast við það, að stjórnin ráðist alls ekki í neinar verklegar framkvæmdir utan fjárlaga. Á undanförnum árum hefir það átt sjer stað, að utan fjárlaga hefir verið greitt á ári hverju samkvæmt heimildum í öðrum sjerstökum lögum um 1½ milj. króna. Verði áframhald af slíku, verður ekki unt að gera fjárlögin tekjuhallalaus fyrir næsta eða næstu ár. Jeg skal ekki þrátta um nauðsynina á sumum þessum framkvæmdum, sem gerðar hafa verið, en hitt er óumdeilanlega augljóst, að margt af þessu hefði mátt bíða. Samkvæmt landsreikningnum fyrir 1922 hefir verið greitt samkv. sjerstökum lagaheimildum um 1800000 kr., og auðvitað var margt af því þannig vaxið, að ekki var hægt að komast hjá þessum greiðslum, en sumt hefði eflaust getað beðið, eins og jeg hefi áður sagt. Jeg er sammála hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að ef brjefin eru útdráttarbrjef, er engin ástæða til þess að láta þau hjeruð, sem leggja lánin fram, fá þau greidd á 15 árum. Jeg tel víst, að menn mundu fremur vilja kaupa útdráttarbrjef, þótt gefin væru út til lengri tíma, en brjef, sem ekki væru dregin út, jafnvel þótt þau væru gefin út til styttri tíma. Ef Skagfirðingar vilja leggja út í þetta, hygg jeg, að þeir mundu eins gera það, þó að brjefin væru gefin út til 25 ára, af þau aðeins væru útdráttarbrjef. Það er mitt álit, að ríkið gæti gefið út slík brjef með lægri vöxtum, væru þau útdráttarbrjef. Það mundu fleiri verða til þess að kaupa þau, þótt þau væru með lægri vöxtum, ef þau væru dregin út, en ef þeir yrðu að bíða eftir borgun þeirra í 25 ár, þótt hærri væru vextirnir. Þessi breyting ætti því bæði að vera til hagsbóta ríkinu og landsmönnum sjálfum.

Svar hæstv. atvrh. (MG) get jeg vel látið mjer lynda og beðið eftir því til 3. umr., að hann fyrir hönd stjórnarinnar svari áskorun nefndarinnar. Það getur vel verið, að einhverjar sjeu t. d. brýr, sem skjótra aðgerða þurfi við, en jeg vona, að það sjeu ekki margar verklegar framkvæmdir, sem þannig er ástatt með.

Jón Kjartansson: Það var aðeins lítil aths. til hv. nefndar. Jeg vildi undirstrika það, sem hæstv. atvrh. (MG) og hv. 2. þm. Skagf. (JS) sögðu, að það er ekki hægt að rígskorða þetta þannig, að banna algerlega allar aðgerðir. Jeg veit til þess, að það eru brýr í V.-Skaftafellssýslu, sem eru að falli komnar og sem er lífshætta að farið sje yfir. Má þar nefna Skaftárbrúna, en þar er umferð mikil, og þess vegna nauðsynlegt, að við hana sje gert hið bráðasta. Hygg jeg því, að hv. vegamálastjóri hafi átt við þessar brýr og fleiri, sem líkt stendur á og þarna, með ummælum sínum. Þar er svo háttað samgöngum, að það getur orðið mönnum ókleift að ná í lífsnauðsynjar sínar, ef þessara brúa missir við. Yrði það beint fjárhagstjón fyrir ríkissjóð að fresta slíkum framkvæmdum, enda ómögulegt.

Jakob Möller: Mjer finst sem þeir herrar hæstv. atvrh. (MG), hv. 2. þm. Skagf. (JS) og hv. þm. V.-Sk. (JK) hafi misskilið tillögur hv. nefndar. Það, sem nefndin vill fá fram, er ekki annað en að hún vill, að gert sje ráð fyrir öllum slíkum framkvæmdum í fjárlögunum í hvert sinn. Það er ekki undir því komið, að fje sje til, heldur hitt, að þessi atriði standi í fjárlögum, enda mætti þingið, ef vildi, taka lán til þeirra, því það er jafnframt tilgangur nefndarinnar, að farið sje eins varlega í þessháttar framkvæmdir og unt er. Hitt þarf að taka fyrir, að stórar greiðslur fari fram utan fjárlaga. Það, að það sje meining nefndarinnar að þvertaka fyrir allar framkvæmdir, hversu nauðsynlegar, sem eru, nær engri átt. Enda geri jeg ekki ráð fyrir, að það yrði erfitt að koma þessháttar fjárveitingu inn í fjárlög samkvæmt þar til fengnum upplýsingum vegamálastjóra.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Skagf. (JS) sagði, að undanfarið hefði verið tekið lán til skemri tíma, þá má það vera, að svo sje. En þótt óvarlega hafi verið farið í þessum efnum undanfarið, þá lít jeg svo á, að ekki sje rjett að taka upp þá reglu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vildi mæla með því, að brtt. hv. nefndar verði samþyktar. Það þarf væntanlega ekki að gera ráð fyrir lánum til mikilla verklegra framkvæmda nú, og því ekki mikil ástæða til að fella niður heimildina, en hinsvegar þætti mjer það óviðkunnanlegt, ef ekki væri hægt að fara eftir fyrirmælum þessara laga, þegar um innanlandslán væri að ræða. Því það er vitanlegt, að til þess var ætlast, að öll slík innanlandslán yrðu látin heyra undir þessi lög.

Um hitt atriðið, ósk hv. nefndar um yfirlýsing stjórnarinnar, skal jeg ekki segja neitt að svo stöddu, og mun hv. nefnd fá skýr svör í því efni við 3. umr.

Björn Líndal: Það togast hjer á tvær andstæður, og ætla jeg, að nú verði eins og oftar heppilegt að fara millileiðina. Mun jeg við 3. umr. reyna þetta og koma fram með brtt. þess efnis, að ekkert verði dregið inn af brjefunum fyrstu 5 árin, í þeirri von, að fjárhagur ríkisins að þeim tíma liðnum verði eitthvað skárri en hann er nú.

ATKVGR.

Brtt. 187,1 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 187,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 187,3 (ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 26. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 213, 221).

Afbrigði um brtt. 221, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Björn Líndal: Jeg gat þess við 2. umr., að koma mundi fram brtt. við þetta frv., og jeg gat þess þá, hver ástæðan væri. En hún er sú, að miðla málum milli hv. flm. og fjárhagsnefndar. Hv. fjhn. hefir komið fram með áskorun til stjórnarinnar um að fara varlega í fjáreyðslu utan fjárlaga og taka helst ekki lán til framkvæmda, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum. Brtt. á þskj. 221 bætir úr þeirri hættu, sem getur stafað af því, að

tekið verði til slíkra framkvæmda lán, sem afborga þarf að einhverju leyti á næsta ári, því að ekki verður krafist afborgunar af slíku láni fyr en eftir 6 ár, ef brtt. verður samþykt.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg stend ekki upp til þess að andmæla þessari brtt., heldur til þess að minnast á áskorun hv. fjhn. um að eyða ekki fje til framkvæmda utan fjárlaga. Jeg vil þá lýsa því yfir, að jeg býst ekki við, að unt verði að komast hjá því að verja einhverju fje til framkvæmda. Eyjafjarðarárbrúin er t. d. ekki fullbúin, og fleiri mannvirki þarf að fullgera, til þess að þau geti komið að notum. Að öðru leyti þori jeg að lofa því, að stjórnin skuli ekki eyða fje til annara framkvæmda en þeirra, sem er blátt áfram óhjákvæmilegt að koma í verk.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Fjárhagsnefnd hefir ekki haft tækifæri til þess að bera sig saman um brtt. hv. þm. Ak. (BL), þar sem hún kom fyrst fram í fund arbyrjun. Hafa nefndarmenn því óbundin atkvæði um þessa brtt.

Út af ummælum hæstv. atvrh. vil jeg láta þess getið, að fyrir fjárhagsnefnd vakti aðeins það, að ekki yrði ráðist í ný mannvirki utan fjárlaga, svo sem brúagerðir, húsabyggingar o. s. frv., sem stjórnin annars hefir heimild til samkv. sjerstökum lögum. En jeg býst ekki við, að nefndin hafi neitt á móti því, að lokið sje við mannvirki, sem byrjað er á og ekki koma að notum án þess að þau sjeu fullgerð. Annars vil jeg þakka góðar undirtektir ráðherrans undir till. nefndarinnar og tel svör hans fullnægjandi.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 27. mars, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 213, 221, 227).

Björn Líndal: Þetta mál var tekið út af dagskrá í gær af því að hæstv. fjrh. (JÞ) vildi kynna sjer brtt. þá, sem fram hafði komið við það. Við höfum svo í samráði við hann samið nýja brtt., og er mismunurinn í því fólginn, að hjer er aðeins um heimild að ræða, í stað lagaákvæðis. Vona jeg, að þessi brtt. verði samþykt, og verður hin brtt. þá tekin aftur.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg tel þessa brtt. vera til bóta. Það getur stundum átt við að bjóða út þessi brjef, og má þá vera, að stjórnin geti notað slíka heimild. Jeg mæli því með því, að þessi brtt. verði samþykt, og svo frv. þannig breytt.

ATKVGR.

Brtt. 227 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 221 sjálffallin.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., föstudaginn 28. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 234).

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 31. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 234, n. 390).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Björn Kristjánsson): Jeg hefi lítið um frv. þetta að segja annað en það, sem stendur í nál. á þskj. 390. Fyrsta breytingin fer fram á að leggja það meira á vald stjórnarinnar, hvernig ríkisskuldabrjefum skuli hagað, en gert er með lögunum frá 1923, því að þar er fastákveðin fjárhæð brjefanna og vextirnir sömuleiðis. En meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að hyggilegra sje, að ríkisstjórnin í hverju einstöku tilfelli kveði á um upphæð brjefanna og vexti af þeim, og er hann því þessu ákvæði frv. samþykkur. Á þetta benti jeg á síðasta þingi, og hefir reynslan sýnt, að þá hefði þurft að taka þær bendingar til greina.

Í 3. gr. laganna er ákveðið, að lánin skuli vera föst lán og til 25 ára og borgast í einu lagi. En meiri hluti nefndarinnar telur rjettara að gera þau að afborgunarlánum, því að það sje hagkvæmara og hollara fyrir ríkissjóðinn en að þurfa að borga þau á einu ári í lok lánstímabilsins, enda þá síður hætt við, að í gleymsku falli að borga þau, og telur því þessa breytingu til bóta.

Viðaukinn við 3. gr. laganna, sem hv. Nd. setti inn, á ekki við upphaf greinarinnar. Hefir nefndin því komið með breytingu í þessa átt, og er í nefndarálitinu skýrt frá, í hverju hún er fólgin. Því ekki meira um það hjer.

Af því að lög þessi eru stutt og smávægileg, þótti nefndinni rjettara að hafa þau í ein lagi í lögum landsins, og leggur því til, að breyting þessari verði skeytt inn í aðallögin.

Ingvar Pálmason: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, af því að jeg lít svo á, að ekki sje heppilegt að vera altaf að gera breytingar á nýjum lögum, sem lítil eða engin reynsla er fengin fyrir. Hefði jeg því heldur kosið, að lög þau, sem breyta á með frv. þessu, hefðu fengið að standa lengur, svo að einhver reynsla hefði fengist fyrir þeim áður en þeim var breytt. Annars lít jeg svo á, að of mikið sje gert að þessum lagabreytingum hjer á Alþingi. Í þessu var fyrirvari minn fólginn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 390,1 (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 390,2 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 400).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 53. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 400).

Á 55. fundi í Nd., föstudaginn 25 apríl, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Fjármálaráðherra (JÞ): Frv. þetta hefir breyst lítið eitt hjá Ed. að formi, en ekki að efni, en þar sem það hefir að minni hyggju breyst til bóta, vona jeg, að hv. deild samþykki það með áorðinni breytingu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 446).

30. Yfirsetukvennaskólinn.

Á 21. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík, nr. 15, 22. okt. 1912 (þmfrv., A. 98).

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., mánudaginn 17. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Frv. þessu fylgir svo nákvæm greinargerð, að það þarf ekki langrar framsögu. Frv. er flutt eftir ósk stjórnar ljósmæðrafjelags Íslands og tilmælum landlæknis. Aðalbreytingin, sem hjer er gerð á fyrirkomulagi skólans, er sú, að námstíminn vari 9 mánuði. Telur ljósmæðrafjelagið það nauðsynlegt vegna námsins, og hefir landlæknir fallist á það. Til þess að takmarka aðsókn að skólanum, eru inntökuskilyrðin gerð strangari, þannig, að öll ljósmæðraefni skuli eiga víst ljósmóðurumdæmi að náminu loknu. Við þetta ætti að vinnast, að nemendur yrðu færri, og mætti gera ráð fyrir 10 í stað 15, sem nú hefir verið að jafnaði. Það liggur í augum uppi, að kostnaður er ekki meiri við 10 nemendur í 9 mánuði heldur en 15 í 6 mánuði, er kemur til námsstyrksins. Hjer er því að ræða um að spara fje, sem áður hefir farið til ónýtis við það, að námsmeyjarnar hafa ekki stundað það starf, er þær voru styrktar til að búa sig undir, og verja því eingöngu til að styrkja þær námsmeyjar, sem vissa er um, að muni gegna þessum störfum að loknu námi. Jeg leyfi mjer því að óska, að hv. deild taki þessu máli vel og láti það ganga til 2. umr., og geri jeg það að tillögu minni, að því verði vísað til mentmn. að lokinni þessari umr.

Magnús Guðmundsson: Jeg leyfi mjer að gera þá brtt., að málið fari til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til mentmn. með 14:6 atkv.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 27. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 98, n. 204).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Eins og nál. sýnir, hefir nefndin fallist á að leggja til, að frv. verði samþykt. Annars hefi jeg rakið málið allítarlega við 1. umr., og tel því ekki þörf á að gera það nú. Nefndin hefir gert tvær brtt. Hin fyrri er sú, að landlækni sje gert að skyldu að gegna störfum við ljósmæðraskólann. Núverandi landlæknir hefir undanfarið haft að launum 1500 kr., en við 2. umr. fjárlagafrv. fyrir 1925 voru laun hans lækkuð niður í 1000 kr. Nefndin vill hafa hjer sömu skipun á og um kenslu

biskups í guðfræðideild háskólans. Þó ætlast hún ekki til, að þetta komist á fyr en landlæknisskifti verða næst.

Hin brtt. er sú, að lögfest verði 300 kr. laun ljósmæðra, sem starfa við skólann. Till. kom fram í gær um að lækka þau niður í 200 kr. með 6 mánaða starfi. Nefndin telur rjett að halda 300 króna launum fyrir 9 mánaða starf, enda er það sama hlutfall. Nefndin gerir þetta ekki að kappsmáli, en vill þó ekki taka þetta aftur og biður deildina að samþykkja frv. án þess að láta það gjalda þessa. Níu mánaða nám er ekki of langur undirbúningur undir jafnábyrgðarmikið starf. Mun það vera álit allra, sem gera sjer ljóst, að það er meiri alvara á ferðum þegar kona elur barn en þegar kýr ber í fjósi.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vildi láta þess getið, að er ljósmæðraskólinn var stofnaður, var gert ráð fyrir, að kenslan lenti hjá háskólanum, en jeg sje hinsvegar ekkert á móti því, frá embættislegu sjónarmiði, að landlæknir gegni þar kenslu. Ef til vill gæti þó verið verra að binda kensluna við hann, ef einhver prófessoranna við háskólann skyldi vera hæfari til hennar. Annars vil jeg ekki mæla gegn þessari brtt. nefndarinnar og tel sjálfsagt að hún nái fram að ganga, er landlæknisskifti verða.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Í tilefni af ræðu hæstv. forsrh. skal jeg láta þess getið, að það er ef til vill eins tryggilegt, að einhver prófessorinn í læknadeild háskólans annaðist ljósmæðrafræðslu og að það sje falið landlækni. Þó vil jeg ekki óska þess, að málið sje tekið út af dagskrá, nema aðrir nefndarmenn krefjist þess. Það er líka athugandi, að það, sem gert verður í þessu máli, verður ekki til eilífrar frambúðar, því þegar fæðingarstofnun verður komið upp hjer í bæ, verða vitanlega ný ákvæði sett um ljósmæðrafræðslu.

Magnús Jónsson: Viðvíkjandi ræðu hæstv. forsrh. (JM) skal jeg geta þess, að jeg hefi átt tal við landlækni um þetta mál. Honum þótti í raun og veru þetta alveg rjettmætt, að landlæknir hefði þessa kenslu á hendi. Þótt þessi kennari þurfi vitanlega að vera sjerfræðingur, þá er annað, sem mjög mælir með brtt. nefndarinnar. Ljósmæður eru jafnframt sinni eiginlegu stöðu hjúkrunarkonur, einkum úti um land, og er því mjög nauðsynlegt, að samband sje á milli þeirra og landlæknis. Landlæknir taldi víst, að maður í hans stöðu yrði jafnan fær um að kenna þetta. Enda er ekki sannað, að einhver prófessorinn verði altaf færari um þetta. Mjer heyrðist ekki betur en að landlæknir fjellist á þetta.

Forsætisráðherra (JM): Jeg er alls ekki fjarri nefndinni í þessu máli og vil, að farið sje að leiða það til lykta, enda hefir það verið talsvert rætt. Prófessorar, sem jeg hefi átt tal við, hafa talið líklegt, að einhver prófessoranna yrði altaf fær um þetta. En það mun landlæknir vafalaust oftast vera líka. Kenslan verður ókeypis hvort sem er, og því engin ástæða að gera þetta að kappsmáli.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 204,1 a samb. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 204,1 b feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigurjJ, ÁF, ÁÁ, BSt, JakM, JAJ, JBald, JK, JÞ, JörB, MJ, PÞ, BSv.

nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, BL, H-Stef, HK, JS, KlJ, MG, MT, PO.

Tveir þm. (BJ, IngB) fjarstaddir.

Ný 3. gr. þar með ákveðin.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 204,2 samþ. með 15:5 atkv.

4. gr., svo breytt (verður 5. gr.) samþ. með 14:1 atkv.

5.—8. gr. (verða 6.—9. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 29 mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 236)

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr í Nd. (A. 236).

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 31. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv og til mentmn. með 12 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., miðvikudaginn 16 apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 22. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 236, n. 388).

Frsm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg vil aðeins lýsa yfir því, fyrir hönd mentmn., að hún tekur brtt. sínar á þskj. 388 aftur að þessu sinni, — til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 388 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 10:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., föstudaginn 25. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 236, 388).

Frsm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Eins og sjá má á frv. á þskj. 98, þá er frv. borið fram eftir ósk stjórnar ljósmæðrafjelagsins. Aðalbreytingarnar í frv. háttv. Nd. eru þessar: Í fyrsta lagi, að námstíminn er lengdur um 3 mánuði, eða úr 6 mánuðum upp í 9 mánuði; í öðru lagi, að landlækni er gert að skyldu að kenna kauplaust við skólann og samkvæmt embættisstöðu sinni; í þriðja lagi, að þær námskonur einar fá styrk, sem skuldbinda sig til þess að þjóna ljósmóðurumdæmi að afloknu prófi ekki skemur en 3 ár samfleytt, og í fjórða lagi, að tala námskvenna skuli að jafnaði ekki vera hærri en 10—12. Þetta eru þá aðalbreytingar hv. Nd. á lögunum frá 1912.

Við nefndarmenn höfum ekki hreyft við ákvæðinu um námstímann í frv. hv. Nd., en hinsvegar höfum við gert þá athugasemd við 3. gr. frv., að núverandi landlæknir verði, þrátt fyrir ákvæði gr., látinn halda þeim sjerstöku launum, sem honum eru ætluð fyrir forstöðu skólans.

Þá hefir nefndin hækkað lágmark starfstíma ljósmæðra að afloknu prófi um 2 ár, úr 3 árum upp í 5 ár. Sumir álíta að vísu breytingu þessa óþarfa, og er slíkt auðvitað álitamál. En hækkunin er gerð eftir ósk kennara skólans. Þá hefir nefndin orðið ásátt um það að einskorða hámarkstölu námskvenna við töluna 12, en ekki 10—12, eins og gert er í frv., enda álítur nefndin, að talan megi ekki vera hærri, ef kenslan á að koma að verulegum notum. Af því leiðir, að nefndin hefir felt niður úr 7. gr. frv. orðin „að jafnaði"

Um hækkun launanna þarf ekki að tala, þar sem þau eru í fjárlögunum. Kostnaðinn við breytingarnar mun ekki þurfa að óttast, þar sem fækkun námskvennanna mun vega upp á móti lenging námstímans.

Jeg vona, að frv., svo breytt, fái að ganga áfram í gegnum þessa hv. deild.

Halldór Steinsson: Aðalefni frv. þess, sem hjer liggur fyrir, er það að lengja námstíma yfirsetukvenna. Að því leyti miðar frv. í rjetta átt. Námstíminn hefir hingað til verið alt of stuttur, miðað við það, sem konunum hefir verið ætlað að læra. Hjá öðrum þjóðum er námstíminn miklu lengri, enda eru ljósmæður erlendis miklu betur að sjer en hjer á landi. Teldi jeg mjög æskilegt, að breyting þessi kæmist á.

Hjer liggja fyrir 2 brtt. við frv., frá mentmn. Er hin fyrri meinlaus og gagnslaus. Tillagan gengur í þá átt, að lengja skyldustarfstíma ljósmæðra í hjeraði, að afloknu prófi, um 2 ár, eða úr 3 árum upp í 5 ár. Hlýtur þetta að stafa af ókunnugleika hv. nefndar í þessu efni. Við læknar þekkjum það betur, að það er ekki til neins að setja svona ákvæði. Konan fer eftir vilja sínum í þessu efni, hvernig svo sem lög mæla fyrir um það. Við skulum aðeins hugsa okkur það dæmi, að ung og ógift ljósmóðir kyntist ungum bónda. Hún fer með honum úr hjeraðinu, ef svo býður við að horfa, þrátt fyrir öll lagafyrirmæli. Og mörg svipuð dæmi eru til. Ef konurnar ætla sjer að fara, þá halda þeim engin bönd. Því er ákvæðið gagnslaust, hvort sem það er 5 ár eða 3 ár.

Hin síðari brtt. hv. nefndar fer í þá átt, að einskorða tölu nemenda við töluna 12. Tel jeg það til spillis. Reynslan hefir sýnt, að þörfin á ljósmæðrum er misjöfn og fer eftir ýmsum atvikum. Á ófriðarárunum var ekla á ljósmæðrum. Nemendafjöldinn hefir stundum verið 15—20, en aftur á móti stundum, t. d. í vetur, ekki nema 6—8. Verður að aka seglum eftir vindi í þessu efni og miða nemendafjöldann við þörfina í hvert sinn. Álít jeg því till. hv. nefndar til spillis. Fyrir utan þessa aðalástæðu, þá tel jeg það mjög illa farið, vegna þess að frv. er til bóta, að það falli; en á því er hætta, ef brtt. hv. nefndar verða samþyktar og frv. fer að hrekjast á milli deilda, en nú orðið áliðið þingið. Vil jeg því beina þeirri ósk minni til hv. nefndar, að hún taki brtt. sínar aftur, en vilji hún það ekki, þá vona jeg, að hv. deild felli þær.

Frsm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Mjer skilst svo, að hjer muni vera alvörumál á ferðum að því er brtt. nefndarinnar snertir. En eins og jeg tók fram áðan, þá eru brtt. til orðnar eftir ósk kvenkvenn-

ara skólans. Það má segja, að óframkvæmanlegt sje að binda tölu nemenda, eins og nefndin hefir gert, en jeg lít þó svo á, að spara megi á þessu sviði. Nefndin ætlaði sjer ekki þá dul að koma í veg fyrir það með brtt. sinni, að ljósmæður giftust, en vildi aðeins tryggja það, að konur þær, er styrks nytu, gerðu fullnaðarskil á greiðslu hans. Nefndin fór í þessu efni eftir till. kennara skólans, eins og greinargerðin ber með sjer, og þarf jeg því ekki að bera blak af henni. Er jeg sannfærð um, að brtt. nefndarinnar eru ekki svo til spillis, að frv. stafi hætta af þeim. Ef hv. deildarmenn telja brtt. óheppilegar, þá greiða þeir auðvitað atkvæði á móti þeim.

ATKVGR.

Brtt. 388,1 feld með 8:3 atkv.
— 388,2 a feld með 9:4 atkv.
— 388,2 b feld með 9:4 atkv.

Frv., óbreytt, samþ. með 12:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 447).

31. Sveitarstjórnarlög.

Á 47. fundi í Nd., fimtudaginn 10. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905 (þmfrv., A. 345).

Á 48. fundi í Nd., föstudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Flm. (Pjetur Ottesen): Eins og menn rekur minni til, var hjer til umræðu í fyrradag breyting á sveitarstjórnarlögunum frá hv. þm. Mýra. (PÞ) og brtt. frá mjer við það frv. En því frv. var vísað til stjórnarinnar, og er jeg sá, að þau mundu verða afdrif málsins, tók jeg brtt. mína aftur. Og er hún nú hjer fram komin í sjerstöku frv. um viðauka við sveitarstjórnarlögin.

Jeg gerði þá grein fyrir þessari tillögu eða viðauka við lögin, og er það að nokkru enda tekið fram í greinargerðinni við frv., og þykir mjer því engin ástæða til að endurtaka það nú. Viðauki þessi er nauðsynlegur til þess, að fult jafnrjetti haldist í þessu efni hjer við Faxaflóa sem við aðra firði og flóa á landinu. Brtt. mín, sem var alveg samhljóða þessu frv. að efni til, var í allshn., og lýstu báðir nefndarhlutarnir því yfir, að þeir væru henni fylgjandi. Jeg tel því ekki þörf á, að málið fari til nefndar framar en orðið er, en vænti þess, að hv. deild lofi því að ganga óhindrað fram, enda er það skilyrði fyrir því, að það geti orðið að lögum á þessu þingi, þar sem svo er orðið áliðið þingtímans.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 345).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 13:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 345, 375).

Magnús Torfason: Það er vegna brtt., er jeg hefi leyft mjer að gera við þetta frv., að jeg stend upp. Eins og þetta frv. er fram borið hjer í þessari háttv. deild hefir það ekkert inni að halda annað en hreina og skæra útsvarshreppapólitík. Fyrir árið 1919 var álagningarrjettur sveitarstjórna miklu víðtækari en síðar varð, eftir lögum 1919 og 1922. Áður en lögin frá 1919 voru sett, urðu menn úr Borgarfjarðar-, Mýra-, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Reykjavík að borga útsvar í Sandgerðisvík, ef þeir gerðu þar út. En eftir lögunum 1919 var svo ákveðið, að í þessu efni skyldi eitt ganga yfir allan Faxaflóa. Jeg var einmitt annar forgöngumaður þessarar breytingar í hv. Ed. En hjer er verið að setja inn sjerstakt ákvæði, sem kemur algerlega í bága við það, sem þá var gert. Þá urðu menn að búa við sama flóa eða eiga heima í sama sýslufjelagi til þess að sleppa við útsvar þar, sem þeir gerðu út. Nú er þessu eftir frv. ekki lengur til að dreifa. Faxaflói hefir altaf verið talinn frá Garðskaga til Öndverðuness eða Lónsdranga, og þetta staðfestir hinn nýfallni hæstarjettardómur, sem minst hefir verið á í þessu sambandi. En eins og menn vita, er dómstjóri hæstarjettar þessu sjerstaklega kunnugur sem fyrrum sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Jeg hygg líka, að svo standi í gömlum bókum, þar sem getur takmarka Faxaflóa, að þá sje hann talinn frá Öndverðunesi til Garðskaga. Svæði þetta kallað „fyrir Reykjanesi.“ Hjer er því hreint og beint verið að breyta landafræðinni. En ef breyta á þeirri frumreglu, sem gilt hefir í þessu efni um hríð, þá get jeg ekki sjeð, hvers vegna menn frá Fúluvík eiga fremur að vera skattfrjálsir í Sandgerði heldur en menn af Eyrarbakka og Stokkseyri. Það er vitanlegt, að menn þar að austan gera stundum út í Sandgerði, og mundu hafa gert það nú í vetur t. d., ef afli hefði ekki verið jafngóður eystra og raun varð á. Jeg álít því, að ef á að breyta lögunum í þessu atriði, þá eigi austanmenn eins mikinn rjett þarna og meiri en menn úr Mýrasýslu og af Snæfellsnesi. Það er skemra af Eyrarbakka í Sandgerði heldur en frá Fúluvík. Viðskifti manna að vestan við þennan stað eru mjög lítil. En aftur eru feikilega mikil viðskifti við austursýslurnar. Skifst er á vinnukrafti svo hundruðum manna skiftir, og það hefir aldrei verið siður að leggja á þann vinnukraft útsvar. Jeg veit, að sagt verður, að þetta komi ekki málinu við, því hjer sje aðeins lagt á vjelbátana. En það er ekki rjett, því skatturinn er tekinn af óskiftum afla. Og engin ástæða er til þess að íþyngja vjelbátaútveginum, því hann á afarerfitt uppdráttar, eins og öllum er kunnugt.

Annars verð jeg að segja það um frv. sjálft, að mjer líkar það illa eins og það er fram borið. Og eftir því, sem jeg hefi næst komist, þá er frv. líka öðruvísi fram borið en til var ætlast. Í greinargerðinni segir, að lög þessi eigi að verða til þess að rýmka landhelgina síðar meir. Jeg er því vitanlega sammála. En hafi það verið tilætlunin, þá er hjer algerlega skakt

að farið, því þá er beint ákveðið, að Flóinn skuli að því er landhelgi snertir ekki ná lengra en til Garðskaga. Það fer því beint í bág við þann tilgang að samþykkja frv. í því formi, sem það liggur nú fyrir í.

Ef hv. flm. (PO) vildi því fá umr. frestað, og koma síðan með brtt. þess efnis að nema burt úr frv. orðin „í þessu efni", þá mun jeg taka brtt. mína aftur. Þá er hjer um stórt mál að ræða, sem jeg vil alls ekki spilla fyrir. En ef hjer er um tóma útsvarshreppapólitík að ræða og skaða fyrir landhelgismálið, þá endurtek jeg það, sem jeg hefi áður sagt, að Eyrarbakki og Stokkseyri eiga hjer eins mikinn rjett á skattfrelsi og Fúlavík.

Pjetur Ottesen: Þetta frv. hefir gengið mótmælalaust gegnum tvær umr. sem sjerstakt frv. og eina umr. sem sjálfstæð brtt., og það er fyrst nú, þegar á að fara að gera út um málið hjer í deildinni, að hv. 1. þm. Árn. (MT) ræðst grimmilega á það frá ýmsum hliðum og hefir sýnilega haft mikinn viðbúnað. Mjer kemur þessi árás hv. þm. á frv. alveg á óvart. Hann hafði talað við mig um brtt. þá, er hann nú flytur, og leitað samvinnu við mig um hana, og var þá ekki annað að heyra á honum en að hann teldi frv. þetta gott og heilbrigt og rjettmætt í alla staði. En nú kallar hann frv. hreina og skæra útsvarshreppapólitík. En sje þetta nú svo, þá á það ekki sjerstaklega við frv. mitt út af fyrir sig, heldur þá um þau ákvæði í sveitarstjórnarlögunum, sem þetta frv. er stílað við og sem hann hefir játað, að sjeu sitt eigið verk. Það eru því hans eigin handaverk, hans eigið fóstur, sem hann nú kallar hreina og skæra útsvarshreppapólitík.

Þá taldi hv. þm., að með frv. væri vikið frá því grundvallaratriði, sem það ákvæði sveitarstjórnarlaganna byggist á, því, að menn, sem stunda útveg við sama fjörð eða flóa, sem þeir búa við, skuli ekki útsvarsskyldir, þótt þeir reki útgerð sína í öðru sveitarfjelagi við þann sama fjörð eða flóa, ef þeir greiða útsvar heima hjá sjer. Það er vitanlega ekki rjett. Meining þessa ákvæðis er vitanlega sú, að þeir, sem sækja á mið á sama firði og flóa, sem hreppsfjelag þeirra sjálfra liggur að, sjeu undanþegnir útsvarsgreiðslu annarsstaðar en þar, sem þeir eiga heima. En aftur á móti gengur brtt. sjálfs hans móti þeirri frumreglu. Menn á Eyrarbakka og Stokkseyri sækja sína veiði heiman að frá sjer á þau mið, er tilheyra Eyrarbakka-„bugtinni". Mín till. fer því fram á það, að frumreglan sje haldin við Faxaflóa sem annarsstaðar. En hv. 1. þm. Árn. vill með sinni till. rjúfa hana.

Eins og jeg hefi áður sagt, þá er hinn nýfallni og umræddi hæstarjettardómur ástæðan til þess, að þetta frv. er fram komið. Í þeim dómi er Garðskagi talinn takmarka Faxaflóa að sunnanverðu, en vitanlegt er, að þó Sandgerði sje utan þeirra takmarka, þá er það sótt á þau mið, sem eru innan takmarka flóans, eins og þau eru talin að vera samkv. þessum hæstarjettardómi. Hv. 1. þm. Árn. sagði, að Garðskagi hefði ætíð verið talinn takmarka Faxaflóa að sunnanverðu, en það er þvert ofan í sannleikann og álit fjölda manna að fornu og nýju. Jeg get þar vitnað til ýmsra fornra heimilda, svo sem Landnámu, fyrir því, að Faxaflói hefir jafnan verið talinn frá Reykjanesi. Í Landnámu, 2. kap., segir svo um siglingu þeirra Hrafnaflóka og fjelaga hans að landinu:

„Þeir kvámu austan at Horni, ok sigldu fyrir sunnan landit. Enn er þeir sigldu vestr um Reykjanes, *ok upp lauk firðinum, svá at þeir sá Snæfellsnes*, þá ræddi Faxi um: „Þetta mun vera mikit land, er vér höfum fundit; hér eru vatnföll stór.“ Síðan er þat kallaðr *Faxaóss*.“ Ennfremur eru til hjer í skjölum Alþingis samþyktir ýmsar viðvíkjandi veiðiskap og öðru slíku hjer við flóann. Þar eru t. d. samþyktir frá fundi, sem haldinn var á Vatnsleysuströnd, þar sem mættir voru menn úr Hafnahreppi til þess að ráðgast um ýms ákvæði og gera samþyktir um netjalög og því um líkt við Faxaflóa. Þetta sýnir, hvernig þeir Suðurnesjabúar hafa litið á um takmörkin fyrir flóanum.

Nú vill svo vel til, að skólastjóri stýrimannaskólans hefir ennfremur gefið vottorð um það, að hann líti svo á, að Faxaflói verði að teljast frá Reykjanesi til Öndverðuness. Annars munu til vera aðrir, sjerstaklega yngri skipstjórar, sem líta þannig á málið, að flóinn teljist aðeins frá Öndverðunesi að Garðskaga. Og þó að hæstarjettardómur liggi fyrir um það, að takmörkin sjeu þessi, þá veit jeg, að hitt er langalmennasta skoðunin, einmitt sú skoðun, sem hjer hefir ríkt frá upphafi Íslandsbygðar. Að hjer sje verið að breyta landafræðinni, er aðeins fjarstæða; rjettara væri þá að segja, að með frv. væri verið að koma í veg fyrir, að henni væri breytt, eins og gert hefir verið með þessum margumræddu hæstarjettardómi. Frv. er flutt til þess, að fult samræmi sje í þessu atriði eins um Faxaflóa eins og aðra firði og flóa á landinu. Og það virðist ekki ósanngjarnt, og það því fremur, þar sem svo hagar til hjer, að lífsnauðsyn er þeim, sem innar búa við flóann, að stunda veiðar sínar frá Sandgerði á vetrarvertíðinni. Alt önnur er afstaðan fyrir Eyrarbakka- og Stokkseyrarmenn. Fyrst og fremst búa þeir ótvírætt utan Faxaflóa, og í öðru lagi stunda þeir mest veiðar sínar heiman frá sjer. T. d. í fyrravetur stundaði aðeins einn bátur þaðan veiði frá Sandgerði, og þó ekki nema fram í febrúar; þá flutti hann heim og stundaði netaveiðarnar heiman frá sjer. Þessi brtt. hv. 1. þm. Árn. er því fjarstæða einber, því það er sitthvað að vilja láta Faxaflóa halda þeim takmörkum, sem verið hafa að fornu og nýju, eða teygja hann alla leið austur að Þjórsárósum. Það, sem hv. 1. þm. Árn. sagði um viðskifti manna á Suðurnesjum og Árnesinga og Rangæinga, sje jeg ekki, að komi þessu máli hið minsta við, og sleppi því alveg að fara út í þá sálma. En út af því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði síðast í ræðu sinni, að hann mundi fylgja frv., ef niður fjellu orðin „í þessu efni“, þá vil jeg leyfa mjer að bera fram skriflega brtt. um það, ef hv. þm. skuldbindur sig þá til að fylgja frv. og taka sína brtt. aftur. (*MT:* Já, það skal jeg gera). Þá leyfi jeg mjer hjer með að afhenda hæstv. forseta hina skriflegu brtt.

Forseti (BSv): Frá hv. þm. Borgf. (PO) hefir komið fram svo hljóðandi brtt. við frv. á þskj. 345: „Orðin „í þessu efni“ falli burt.“

Þar sem till. er komin svo seint fram, verður að leita um hana afbrigða frá þingsköpum, svo að hún geti komið til umr. á þessum fundi.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (verður þskj. 384) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Magnús Torfason: Jeg held, að hv. þm. Borgf. (PO) megi vera mjer þakklátur fyrir, að jeg hefi leitt hann frá villu hans vegar; en slíkt verður oft best gert með því að sýna villurnar í skoplegu ljósi. Þess vegna kom jeg fram með brtt. mína, svo að hann gæti sjeð frv. í spjespegli. Það var alls ekki meining mín að ráðast á málið, heldur þvert á móti að bjarga því. Greiði jeg því atkvæði, ef brtt. verður samþykt. Hann mintist á samtal okkar um frv., og þarf jeg þar ekki öðru til að svara en því, að það eru talin óskráð lög, að menn hermi ekki þau orð, sem sögð eru við þá í einkasamtali. Það er satt, að við töluðum saman um þetta mál, jeg og hv. flm., en hann ljet þess ógetið, að jeg sagði honum, að úr því okkur gat ekki komið saman, mundi jeg fara minna ferða. Auðvitað sagði jeg honum ekki allan minn hug, og hefir hann áþreifanlega sannað, að það var hyggilega gert. Hv. flm. (PO) mintist á það, að þetta væri hreppapólitík hjá mjer. Þetta er alveg öfugt. Það er hann, sem af hreppapólitík virðist gleyma bæði skráðum og óskráðum lögum, en þar sem hv. flm. hefir nú sjeð að sjer, þykir mjer gustuk að hrella hann ekki frekar í þessu máli, og tek brtt. mína aftur.

Pjetur Ottesen: Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa seinni ræðu hv. 1. þm. Árn.; hún var öll frá upphafi til enda tilraun til þess að leiða athygli manna frá því, hver óskapnaður hans eigin brtt. er, sem hann nú hefir tekið aftur. Það var líka að öllu leyti sæmst honum sjálfum að koma þeim óburði fyrir kattarnef.

Nú hefir háttv. þm. alt í einu snúið við blaðinu og þykist nú fullur umhyggju fyrir málinu og að alt hafi þetta verið í góðum tilgangi gert hjá sjer; já, sjer er nú hver umhyggjan. Það sjer áreiðanlega í úlfshárin undan sauðargærunni, en hluturinn er, að hann sjer þess engan kost að vinna máli þessu neitt ógagn; sú tilraun hans var andvana fædd. Það sjer hann nú; það veldur skoðanaskiftunum, en ekki þessi litla brtt. mín, sem hann telur svo mikils virði og eignar sjer heiðurinn af. Hann segist með því að eiga hlutdeild í þessari brtt. minni hafa komið fyrir mig vitinu í þessu máli. Það er nú svo, en það verður bara því áberilegra, hvernig mjer tókst að koma fyrir hann vitinu með að láta ekki sína vitlausu brtt. koma undir atkvæði, heldur taka hana strax aftur. Þá mynd, sem hv. deildarmenn sjá speglast af hv. 1. þm. Árn. Þessa brtt. hans sjá þeir ekki í spjespegli, heldur alveg eins og hún er í raun og sannleika.

ATKVGR.

Brtt. 375 tekin aftur.

— 384 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., þriðjudaginn 15. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 385).

Á 51. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Björn Kristjánsson: Af því að mál þetta er athugavert og hefir oft valdið innanhjeraðsdeilum, leyfi jeg mjer að stinga upp á, að því verði vísað til allsherjarnefndar.

Jóhann Jósefsson: Háttv. 2. þm. G.-K. (BK) tók það fram, að mál þetta væri athugavert. Má vel vera, að svo sje. Jeg held, að frá vissu sjónarmiði hafi það töluvert mikla þýðingu, og sje því þörf, að það næði fram að ganga, og þá helst á þessu þingi.

Eins og tekið er fram í greinargerð fyrir frv. þessu, hefir því verið slegið föstu með hæstarjettardómi, að hin land fræðilegu takmörk Faxaflóa að sunnanverðu sjeu við Garðskaga, þó að undarlega hljómi í eyrum manns, að ekki sje komið inn í Faxaflóa, þegar komið er inn fyrir Reykjanes. Jeg gat þess um daginn, að á leiðinni væru samningaumleitanir af hálfu Skota um friðun Moray fjarðar um leið og suðurhluti Norður sjávarins væntanlega fæst friðaður. En þetta eru samningar, sem snerta fleiri þjóðir, þar á meðal Dani og Íslendinga

Jeg lít svo á, að mjög áríðandi sje fyr ir þessa þjóð að láta ekkert tækifæri ónotað til þess að fá friðaða vissa kafla fyrir utan landhelgislínuna. Þó aldrei nema Íslendingar hafi orðið að sætta sig við hina þröngu landhelgislínu, þá er slík friðun alveg nauðsynleg, því að allir þekkja frá ófriðartímunum, hver árangurinn varð þá af hinni 3—4 ára friðun, sem kalla má, þar sem svo mjög fáir botnvörpungar stunduðu hjer fiskveiðar, að þá aflaðist meira en sögur höfðu farið af áður, þó að nú sje farið að draga úr þeirri veiði, sökum innlendra og útlendra botnvörpuveiða.

Frá þessu sjónarmiði er það, að nauðsyn ber til, að Faxaflói sje talinn sem stærstur, ef til þess kæmi, að hann yrði allur friðaður. Vildi jeg því leggja til, að frv. yrði ekki vísað til nefndar og það gengi fljótt í gegnum þingið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til allshn. feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, JóhJóh, JM, JJ, BK, EP.

nei: IP, JJós, SE, SJ, EÁ, GÓ, HSn, HSteins.

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Björn Kristjánsson: Jeg stakk upp á því um daginn, að allshn. væri falið að íhuga þetta mál. Það er mjög athugavert mál, því í raun og veru er það hreppapólitík, sem liggur á bak við. Þess vegna bauðst jeg til að gefa allshn. upplýsingar um málið og óska þess enn. *(Forseti HSteins:* Á að skoða þetta sem till. frá hv. þm. um að vísa málinu til nefndar?). Já.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 8:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Till. um að vísa málinu til allshn. feld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, JM, JJ, SE, BK.

nei: EP, EÁ, GÓ, IP, JJós, SJ, HSteins.

Tveir þm. (HSn, JóhJóh) fjarstaddir.

Á 54. fundi í Nd., föstudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Björn Kristjánsson: Jeg vildi aðeins benda á það, eins og jeg hefi áður gert,

að frv. þetta gengur út á það að hjálpa einu sýslufjelagi til þess að koma sjer undan rjettmætu útsvari í öðru sýslufjelagi, eða hinum fátæka Miðneshreppi, og leyfi jeg mjer að mótmæla því.

Jeg leyfi mjer að óska eftir nafnakalli um málið.

Jóhannes Jóhannesson: Mál þetta hefir ekki verið athugað í nefnd, og sje jeg mjer því ekki fært að greiða því atkvæði.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: SE, EP, EÁ, GÓ, IP, JJós, HSteins.

nei: JJ, SJ, BK, IHB, JóhJóh.

Tveir þm. (HSn, JM) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 449).

32. Friðun rjúpna.

Á 10. fundi í Ed., mánudaginn 3. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 14, 27. júní 1921 [*Friðun rjúpna*] (þmfrv., A. 70).

Á 11. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðmundur Ólafsson): Þótt frv. þetta sje ekki umfangsmikið mál og muni auðskilið hv. deildarmönnum, vil jeg fylgja því úr hlaði með nokkrum orðum, greinargerð þess til árjettingar.

Þar, sem jeg þekki til á Norðurlandi, sjest nú mjög lítið af rjúpum enn, þótt þær hafi nú verið friðaðar hátt á þriðja ár.

Þetta hlýtur að stafa af því, að þegar friðun þeirra hófst, höfðu bæði menn og harðindi lagst á eitt og gert sitt ýtrasta til að eyða rjúpum með öllu. Lítur helst út fyrir, að svo langt hafi útrýmingunni verið á veg komið, að ekki hafi vantað nema herslumuninn, að þetta tækist.

Þetta sá þáverandi landsstjórn og gaf út 26. nóv. 1920 bráðabirgðalög um, að rjúpur skyldu vera alfriðaðar til 1. janúar 1922. Þingið 1921 framlengdi þessa friðun þangað til í okt. síðastl. ár, en árið 1922 voru rjúpur hvort eð er friðaðar samkv. fuglafriðunarlögunum frá 1913.

Ef þing og stjórn hefðu ekki tekið svo í taumana, þá efast jeg um, að rjúpur væru hjer til, nema í endurminningu manna.

Þegar svo var komið, að ekki var nema örlítið eftir af rjúpu hjer á landi, er ekki að undra, þótt nokkuð langan tíma taki, að þeim fjölgi að verulegum mun, eða svo, að tiltækilegt sje að láta friðuninni vera lokið.

Ef hverjum verður leyft að skjóta rjúpu næsta haust eftir vild, eru litlar líkur til, að mikið verði um hana að sex árum liðnum, næst þegar þær verða friðaðar. Jeg hefi átt tal við nokkra hv. þm. um þetta mál síðan frv. þetta kom fram, og hafa þeir flestir álitið þess fulla þörf, að hjer væri eitthvað aðhafst. En sumir þeirra hafa ekki viljað fallast á svo langan friðunartíma sem frv. tiltekur. Má og vel vera, að hentugra væri að hafa heldur styttri tíma milli friðunaráranna. Sex ár eru máske fulllangur tími. Annars vona jeg, að frv. verði að lokinni umr. vísað til landbn.

Sigurður Jónsson: Jeg álít fulla þörf á frv. í þá átt, sem þetta fer.

Eftir þeim fregnum, sem jeg hefi

fengið um þetta mál víðsvegar af landinu, skilst mjer, að fjöldi rjúpna sje mjög mismunandi í hinum ýmsu landshlutum. Þar sem skógar eru svo nokkru nemur, t. d. víða í Þingeyjarsýslum, er töluvert um rjúpur, en aftur mjög lítið víða annarsstaðar, og er því full nauðsyn á að framlengja friðunina eitthvað. Hitt er annað mál, að jeg held jafnvel, að heppilegra væri að alfriða rjúpuna 3. eða 4. hvert ár, í stað 7. hvers árs, sem nú er.

En ef frv. þetta kemur til meðferðar í landbn., fæ jeg tækifæri til að athuga það nánar, og get því geymt mjer að ræða það frekar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 8 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., fimtudaginn 13. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, n. 94, 106).

Frsm. (Eggert Pálsson): Þetta mál, sem allir hv. deildarmenn kannast eflaust vel við, er ekkert stórpólitískt mál. Má því vænta, að út úr því verði enginn hvellur ger, enda ætti slíkt síst við, þar sem um jafnmeinlausan fugl er að ræða sem rjúpan er.

En þó nú að mál þetta sje ekki stórmál, er það samt þarft, því að yrði rjúpan ekki friðuð nema til næsta hausts, mætti búast við, að hún yrði innan lítils tíma eyðilögð.

Það var fyrst 1913, að farið var að friða rjúpuna. Var hún þá friðuð samkvæmt hinum almennu fuglafriðunarlögum á tímabilinu frá 1. febr. til 30. september, og svo alt árið 1915, en úr því 7. hvert ár. En það sýndi sig fljótlega, að þetta var ekki nægilegt, því að veturinn 1917—18 fjell hún svo mjög, að um vorið lá hún dauð svo hundruðum skifti úti um hagana. Leiddi þetta svo til þess, að í nóv. 1920 gaf stjórnin út bráðabirgðalög um friðun rjúpna, þar sem ákveðið var, að þær skyldu alfriðaðar til 1 jan. 1922, en það ár, 1922, voru þær samkvæmt hinum almennu fuglafriðunarlögum friðaðar. En í meðferð þingsins 1921 var þessum lögum breytt svo, að rjúpur voru alfriðaðar til 1. október 1924. En nú hefir það sýnt sig, að þessi friðunartími er ekki nægilegur, því að ennþá mun mjög lítið um rjúpur í flestum landsfjórðungum, þó að raddirnar um það sjeu vitanlega töluvert misjafnar. En í landbn., sem mál þetta hefir haft til meðferðar, eiga sæti þrír menn, sitt úr hverjum landsfjórðungi, og ber þeim öllum saman um, að ennþá sje fremur lítið af rjúpum, og fallast því allir á að framlengja friðunartímann. En þótt nefndarmenn væru allir á einu máli um það, að friðunartímann þyrfti að framlengja, þá gátu þeir hinsvegar ekki fallist á að lengja hann um 3 ár, eins og flutningsmaður fer fram á, en aftur á móti leggur nefndin til, að hann verði lengdur um 2 ár, eða til 1. jan. 1926. En úr því að farið var að hreyfa við hinum gildandi lögum á annað borð, þá taldi nefndin rjett að láta rjúpuna njóta þess að öðru leyti. Þess vegna leggur hún til, að friðunarár rjúpna verði í framtíðinni 5. hvert ár, í stað 7. hvert ár, sem nú er í lögunum.

Býst jeg við, að flutningsmaður gangi inn á báðar þessar breytingar nefndarinnar og hafi ekkert við þær að athuga.

Breytingartillögu þá, sem fram er komin um að lengja friðunartímann aðeins

um eitt ár, getur nefndin ekki fallist á. Telur hún að það sje helst til stuttur tími, því rjúpan á sannarlega við marga óvini að etja, og þarf því að fá að fjölga í næði ennþá um nokkurt skeið. Óvinir rjúpunnar eru ekki aðeins hin óblíða náttúra, og þar af leiðandi hörð lífskjör, heldur og fálkar, refir, ernir, og síðast en ekki síst hinir drápgjörnu menn. Og þar sem dráptækin eru nú líka orðin miklu fullkomnari en þau voru áður, þá er lífi rjúpunnar miklu meiri hætta búin en áður var af mannanna hálfu. Nú eru eingöngu notaðar byssur, í staðinn fyrir snörurnar, sem áður tíðkuðust.

Vil jeg svo fyrir hönd nefndarinnar leggja til, að brtt. hennar á þskj. 94 verði samþyktar, en brtt. á þskj. 106 verði feld, því að samþykkja hana nú væri sennilega ekki til annars en að taka yrði málið aftur upp á næsta þingi.

Einar Árnason: Frv. þetta fer fram á það, að tími sá, er rjúpurnar eru alfriðaðar, sje framlengdur til 1. okt. 1927. Jeg er fullkomlega sammála hv. flm. (GÓ) um það, að það sje skylda löggjafarvaldsins að gera sitt til þess að afstýra því, að rjúpunni fækki, en jeg er á hinn bóginn ósammála honum um það, að nauðsynlegt sje að framlengja friðunartímann svo mikið, sem frv. fer fram á. Í raun og veru álít jeg friðunartímann hæfilegan eins og hann var ákveðinn með lögum nr. 14, 27. júní 1921, en jeg hefi þó leyft mjer, ásamt hv. þm. Snæf. (H-Steins), að koma fram með brtt. á þskj. 106 sem málamiðlunartillögu, þannig að í stað „1927“ í 1. gr. komi: 1925. Byggi jeg þá breytingu á því, að rjúpunni hefir fjölgað svo upp á síðkastið, að nægilegt ætti að vera að friða hana til 1925. Eins og hv. frsm. (EP) tók fram, þá fækkaði rjúpunni mjög harðindaveturinn mikla 1918, og snjóaveturinn 1920 gerfjell hún. Þá tók löggjafarvaldið til sinna ráða og friðaði hana til 1. okt. 1924. Árangurinn af þeirri friðun hefir orðið sá, að á stórum svæðum á landinu er rjúpnamergð in eins mikil og hún var fyrir harðindin. Á síðastliðnu hausti gerði jeg mjer far um að fá vitneskju um þetta með því að spyrja ýmsa fjallgöngumenn um þetta, og bar þeim öllum saman um það, að töluvert mikið sje orðið um rjúpu hjer á landi. Og þeir menn aðrir, sem oft hafa farið fjallvegi, hafa sömu sögu að segja. T. d. veit jeg það, að í Eyjafirði og í Þingeyjarsýslu er töluvert mikið um rjúpu. Sama er að segja um Austurland. Og jeg veit, að hv. meðflm. minn (H-Steins) hefir sömu sögu að segja að vestan. Eins og mönnum er kunnugt, er viðkoma rjúpunnar mikil þegar vel árar. Og nú undanfarin ár hefir tíðin verið hagstæð og rjúpunni fjölgað mikið, sjerstaklega síðastliðið vor, og færi svo, að þessi vetur og vor komandi yrði jafngott og horfur eru á, þá mun fjölgunin verða mjög mikil. Það hefir verið svo hjer frá fyrstu tíð, að náttúruöflin hafa mest orsakað fækkun rjúpunnar, en sje tíðin góð um nokkurt skeið, þá fjölgar henni mjög ört. Jeg lít svo á, að þó að veiðigirni manna sje mikil, þá sje hún ekki eins hættuleg viðkomu rjúpunnar sem harðindin. — Menn mega heldur ekki gleyma því, að rjúpan er oss Íslendingum til nytja, og þó að jeg viðurkenni það, sem hv. frsm. mintist á, að rjúpan sje skemtilegur fugl, þá er hún undir sömu forlögin seld eins og önnur þau dýr, sem höfð eru þjóðinni til lífsframfæris. Hún er hvorttveggja í senn allmikilsverð útflutningsvara og neysluvara í landinu sjálfu. Sje jeg ekki, að vjer megum, eins og ástandið

er nú loka augunum fyrir gagnsemi rjúpunnar, sjerstaklega þegar þess er gætt, að þó að rjúpan verði friðuð um lengri eða skemri tíma, þá mega menn eiga það víst, að náttúran grípur þar fram í, og þá verður oss friðunin hvorki til gagns nje ánægju. Er það ekki óhugsanlegt, eins og tilhagar hjer á landi um veðráttu, að ef rjúpan verður friðuð til 1926—27, þá komi harðindavetur á þeim tíma, og er þá hætt við, að friðunarráðstöfunin komi að litlu haldi. — Eins og jeg þegar hefi tekið fram, byggi jeg og hv. meðflm. minn (HSteins) brtt. á því, að við álítum, að rjúpnamergðin sje orðin svo mikil, að óþarfi sje að framlengja friðunartímann lengur en til 1. okt. 1925. Hv. deild verður að gera það upp við sjálfa sig, hvað hún álítur rjett í máli þessu, og jeg get tekið undir með hv. frsm. (EP), að þetta er ekkert stórmál, og því ástæðulaust að fara í kapp út af því.

Sigurður Jónsson: Jeg hefi litlu við það að bæta, sem hv. frsm. (EP) og síðasti ræðumaður (EÁ) sögðu. Hv. síðasti ræðumaður talaði um það, að hann vildi fara miðlunarleið í máli þessu. Það höfum vjer nefndarmenn einnig viljað. Til þess að komast að sem rjettastri niðurstöðu um þetta mál, þyrfti helst að rannsaka, hvernig útbreiðslu rjúpunnar er háttað hjer á landi. Hygg jeg, að hún muni vera mest þar, sem lyngmóar eru. Ekki mun það rjett hjá hv. 1. þm. Eyf., að rjúpan hafi nú náð þeim fjölda, sem hún hafði fyrir harðindin miklu; því fer fjarri. Hefir reynslan af fyrirspurnum um það atriði orðið mjög misjöfn. Mjer hefir t. d. verið tjáð, að í Húnavatnssýslu sje mjög lítið um rjúpu. Sömuleiðis í Skagafjarðarsýslu og á Suðurlandi. Þeir, sem kunnugir eru lifnaðarháttum rjúpunnar, munu vita það, að hún er mjög plássföst og flýgur ekki langt, þótt skotið sje. Seinast þegar rjúpan fjell sem mest, var það aðallega byssunni að kenna, því að hún þyrptist ofan í bygðina undan snjóþyngslunum, og var þá hægt um vik að skjóta hana. Tel jeg því nauðsynlegt að friða rjúpuna lengur. Jeg loka ekki augunum fyrir því, að rjúpan er verslunarvara og nytsöm sem neysluvara innanlands, en slíkt eru hlunnindi, sem fara verður varlega með, ekki síður en veiði í ám og vötnum, en ekki standa í vegi fyrir því, að þau geti orðið landsmönnum sem arðsömust. Nefndin færði friðunarárin saman um þriðjung, þannig að rjúpan skuli friðuð 5. hvert ár, því að hún leit svo á, að ef rjúpan yrði friðuð aðeins 7. hvert ár, þá gæti orðið hætta á því, að hún gereyðilegðist. Rángirni manna er svo mikil, að ekki er auðvelt að sporna við henni. Jeg verð því að halda fast við það, sem landbn. hefir lagt til málanna.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skal ekki vera langorður. Jeg vildi aðeins þakka hv. nefnd, hvernig hún hefir farið með þetta mál, og vænti jeg, að hv. deild leggi meira upp úr því, sem nefndin leggur til, er hefir athugað sjerstaklega þetta mál, en áliti einstakra hv. þm., er lítið hafa um þetta hugsað. Eins og hv. frsm. (EP) tók fram, þá sitja í nefndinni menn úr öllum landsfjórðungum, en mjög eru þær misjafnar sögurnar, sem ganga um fjölgun rjúpunnar, en kunnugleiki nefndarinnar hefir getað metið þær að rjettu. Í sumum hjeruðum er mjög fátt af rjúpum, og svo er í mínu hjeraði og víðar. Aðrir segja, að fjölgunin sje mikil; svo er t. d. um hv. 1. þm. Eyf. (EÁ). Máske er eitthvað ýkt á báða bóga. Jeg skal taka það fram, að þegar hv. 1. þm. Eyf. var

að tala um það, hversu margar rjúpurnar væru orðnar þar, þá var engu líkara en að það væri hin mesta plága. Jeg get nú ekki verið á sömu skoðun og hann um það atriði. Hann tók það fram, að rjúpurnar væru orðnar jafnmargar og áður bæði í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu. Hv. 2. landsk. þm. (SJ), sem er búsettur í Þingeyjarsýslu, hefir aðra sögu að segja. Hann er einnig sömu skoðunar og jeg, að þó að harðindin sjeu rjúpunni ill, þá sje þó öllu lakara, þegar mennirnir fylgja harðindunum eftir. Því þegar rjúpan flýr undan harðindunum niður í bygðina, þá er mönnunum gert hægara fyrir, og er þá einatt hægt að gerfella hana. Það má vel vera, að of mikið sje af rjúpunni í Eyjafirði, en það er áreiðanlega ekki víðar á landinu. Annars býst jeg ekki við, að hv. 1. þm. Eyf. hafi komið fram með brtt. sína til málamiðlunar, eins og hann sagði, heldur til sundrungar, því að hann fór ekki á milli álits flm. og nefndarinnar, eins og hann hefði gert, ef hann hefði ætlað að miðla málum. Jeg þarf ekki að taka það fram nú, sem jeg mintist á í flutningsræðu minni, hversu það hefir gengið undanfarið með rjúpuna, enda eru flestir sammála um það, að löggjafarvaldið verði að gera sitt til þess henni fjölgi.

Mjer þótti einkennileg sú skoðun, sem kom fram hjá einum hv. þm., að ekki sje vert að halda áfram friðuninni af því að friðunarlögin sjeu brotin. Það væri ekki vel gott, ef löggjafinn ætti að slaka til á lögunum af því að þau væru brotin. Jeg held, að rjettara væri þá að sekta lögbrjótana. En jeg vona, að hv. deild finnist ekki of miklu bætt við friðunartímann, þó að hann sje framlengdur um tvö ár. Og því aðeins kemur að notum till. landbn., að rjúpan verði ekki eyðilögð áður en friðunartíminn byrjar næst. Jeg neita því ekki, að hægt sje að hafa tekjur af rjúpunni, en menn mega ekki setja það fyrir sig, þó að tekjurnar komi ekki strax, þar sem í sumum hjeruðum landsins er svo lítið um rjúpuna, að um engar tekjur gæti verið að ræða af þeim eins og nú stendur.

Einar Árnason: Það er í sjálfu sjer tilgangslaust að vera að þrátta um þetta mál. Það, sem á milli ber, er, hvort rjúpurnar sjeu hjer margar eða fáar. Við hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) lítum hvor sinn veg á það. Hv. 2. landsk. þm. (SJ) tók það fram, að það væri lítið um rjúpu í Þingeyjarsýslu. Jeg átti tal um það við þm. S.-Þ., og hann telur ekki minna um rjúpu nú en þegar hún var flest áður. Hv. þm. A.-Húnv. henti gaman að rjúpnamergðinni í Eyjafirði; kvað liggja við, að af því stafaði hætta. Það er að vísu óþarfi að óttast það, en það er áreiðanlegt, að það þarf að vera mikið af rjúpu til þess, að hv. þm. A.-Húnv. komi auga á hana. Það er rjett, sem hv. þm. sagði, að jeg mintist ekki sjerstaklega á brtt. hv. landbn., en jeg er sammála háttv. landbn. um það, að heppilegra sje, að í staðinn fyrir 7. hvert ár komi 5. hvert ár. Þar sem jeg sagði, að till. mín væri miðlunartill, þá hafði jeg í huga till. landbn. um, að framlenging friðunartímans skyldi ná til 1926, og frv., sem gerir ráð fyrir, að hún nái til 1927. Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að ekki væri ástæða til að lina á lögum fyrir þá sök, að þau væru brotin. Það er oftast nær rjett að gera ekki slíkt, en þó ekki altaf. Ef lögin eru óskynsamleg og hætta er á því, að þau sjeu brotin af þeirri ástæðu, þá er betra að afnema þau heldur en að halda fast við þau. Jeg vildi

leyfa mjer að skjóta því til hv. landbn., að mjer finst kenna nokkurs ósamræmis í milli laga um friðun rjúpna frá 1921 og laga um friðun fugla og eggja frá 1913. Sjeu þessi lög borin saman, þá verður útkoman sú, að það ár, sem rjúpan er alfriðuð, er samkvæmt lögunum frá 1913 leyfilegt að skjóta hana í 10 daga. Finst mjer rjett, að þetta sje athugað og því breytt þannig, að í stað 1. október komi 20. september.

Guðmundur Ólafsson: Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) sagði, að það þyrfti að vera mikið af rjúpu í Húnavatnssýslu til þess að jeg sæi hana. Það skyldi nú vera svo, að jafnt sje af rjúpu í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu. Það verður þá ekki annað sagt en að alt verði að rjúpu í augum hv. þm. Annars var á hv. þm. að heyra, sem hann vildi enga friðun, vegna þess að lögin sjeu brotin. Það er nú svo, að mjer finst sem mönnum hætti oft við nú orðið að gera lítið úr lögunum, en jeg býst við því, að fleiri friðunarlög sjeu brotin en þau, sem hjer er um að ræða, og sannar það út af fyrir sig ekkert um það, hvort friðunartíminn sje of langur eða ekki.

Frsm. (Eggert Pálsson): Það er aðallega formsins vegna, að jeg stend upp aftur. Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) tók það fram, að mál þetta bæri að athuga með skynsemd og hagsýni. Þetta er rjett, og svo á að vera um hvert mál, bæði stór og smá. En hluturinn er sá, að hverjum þykir sinn fugl fagur, eins í þessum efnum sem öðrum. Landbn. þykist hafa sýnt hvorttveggja, skynsemi og hagsýni, í meðferð þessa máls, og það telur hv. þm. sig líka gera. En í raun og veru er ágreiningurinn milli landbn. og þessa hv. þm. (EÁ) ekki mikill; aðeins sá, hvort friða eigi rjúpuna einu ári lengur eða skemur, eða til 1. okt. 1925, í stað 1. okt. 1926, eins og nefndin leggur til.

Það er því einungis þetta eina ár, sem deilt er um. Hv. 1. þm. Eyf. gat þess, að lögin um friðun rjúpna væru þegar brotin, og er ilt til þess að vita, ef svo er. En úr því verður ekki bætt með því að stytta hinn framlengda friðunartíma, heldur þarf þá að afnema lögin með öllu, ef koma á alveg í veg fyrir brot á þeim. En enginn hefir þó farið fram á slíkt, jafnvel ekki sjálfur hinn hv. þm. En annars ber þeim ekki vel saman um fjölda rjúpnanna þar nyrðra, hv. 1. þm. Eyf. á aðra hlið og hv. þm. A.-Húnv. og hv. 2. landsk. þm. á hina, og eru þeir þó nágrannar að kalla má. Veit jeg ekki, hverjum frekar skal trúa. En hitt veit jeg, að best trúi jeg mínum eigin augum. Og er skemst frá því að segja, að í fyrra kom varla fyrir, að jeg sæi rjúpu, enda var það í frásögur fært hjer sunnanlands, ef sást til rjúpu. Nú í ár hefir þetta talsvert lagast, en þó er langt frá því, að rjúpan sjáist hjer svo nokkru nemi. Gefur að skilja, að jeg byggi mest á þessari þekkingu minni.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Eyf. skaut til nefndarinnar, að dálítið ósamræmi væri í því, að telja hið fastákveðna friðunarár frá 1. okt. í stað 20. sept., skal jeg taka það fram, að jeg fæ ekki betur sjeð en að það skifti litlu máli. Ef talið er frá 1. okt., þá verður rjúpan að vísu drepin frá 20. sept. til 1. okt. fyrra árið, en eftir hinni reglunni, að telja frá 20. sept., verður hún vitanlega drepin þessa sömu 10 daga síðara árið, eftir friðunina. Kemur þetta því í sama stað niður; rjúpan

fær sína ákveðnu friðun, við hvorn daginn sem miðað er.

ATKVGR.

Brtt. 106 feld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, IHB, JJós, JM, HSteins.

nei: EP, GÓ, HSn, IP, JJ, SE, SJ, BK.

Einn þm. (JóhJóh) fjarstaddur.

Brtt. 94,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 94,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 15 mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 122).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg hefi ekki neitt sjerstakt um þetta frv. að segja. Vil aðeins leyfa mjer að óska þess, að hv. þdm. greiði því atkvæði sín, svo að það fái að ganga rjetta boðleið til hv. Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 24. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 122).

Á 26. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Magnús Guðmundsson: Jeg skal leyfa mjer að benda væntanlegri nefnd á það, að nokkuð þarf að auka við frv. Það hefir komið fyrir síðan rjúpur voru friðaðar, að þær hafa gengið kaupum og sölum milli manna, og þegar hefir verið gengið á menn um þetta, hafa þeir sagt, að þeir gætu ekki sagt með vissu, af hverjum þeir hafi keypt, og er þá eftir gildandi lögum og frv. þessu ekki auðið að gera frekara í málinu. Jeg leyfi mjer að skjóta því til nefndarinnar, að þessu verður að kippa í lag. Jeg hygg, að hún muni geta fengið allar upplýsingar um þetta í dómsmálaráðuneytinu, því að jeg veit ekki betur en að þar hafi nýlega verið mál af þessari tegund og það verið álitið, að ekki mundi unt að hegna mönnum fyrir þetta augsýnilega brot á gildandi lögum. Það er augljóst, að lögin eru gagnslaus meðan þau eru svo ófullkomin, og tel jeg sjálfsagt, að úr þessu verði bætt. Mál þetta var í landbn. í hv. Ed., og geri jeg því að tillögu minni, að frv. verði vísað til sömu nefndar hjer.

Pjetur Ottesen: Jeg verð að segja, að mjer þykir dálítið kynlegt, að þetta frv. skuli hafa komið fram. Það er svo að minsta kosti á Suðurlandi, og jeg hygg sennilega einnig í öðrum landshlutum, að rjúpum hefir fjölgað svo allmjög síðustu árin, að ekki sjest munur nú og þegar mest hefir verið af henni áður. Það er kunnugt, að rjúpnaveiðar hafa gefið ýmsum hjeruðum allmiklar tekjur, og hygg jeg flesta vera á því, að nú sjeu þeir tímar, að nauðsynlegt sje að framleiða sem allra mest, jafnframt því, sem menn verða að spara. Því tel jeg undarlegt að vilja nú banna mönnum þetta tækifæri til að auka framleiðsluna.

Þessi lög munu og ekki hafa verið vel haldin hjer í námunda við höfuðstaðinn. Það hafa verið sögð allmikil brögð að því, að rjúpur hafi verið skotnar nálægt Rvík, og er sagt, að ekki hafi verið venju

fremur skortur á rjúpum til átu hjer í bæ, og að nokkuð hafi jafnvel verið flutt út. Hefir mjer verið sagt, að rjúpur hafi t. d. verið á borðum í einni stórveislu hjer í vetur, sem meðal annara ýmsir löggæslumenn þessa bæjar hafi setið, og hafi þeir friðað samvisku sína með því, að þeir væru að eta norskar rjúpur.

Sveinn Ólafsson: Jeg vil taka í strenginn með hv. þm. Borgf. (PO) um það, að ekki virðist jafnmikil nauðsyn á friðun rjúpna framvegis, sem mönnum þótti 1921, þegar friðunarlögin voru samþykt. Jeg hygg þá skoðun ekki á rökum bygða, sem þá var almennust, að rjúpurnar hefðu alveg fallið og þorrið vegna harðinda. Jeg hygg, að þær hafi þá um stundarsakir flúið til Grænlands eða eitthvað annað, en það hafi ekki verið orsök fæðarinnar, að rjúpan hafi stráfallið, eins og þá var víst talið af mörgum. Frá því er jeg man fyrst eftir, hefir aldrei verið meira um rjúpur í nágrenni við bústað minn en nú í vetur, og kemur ekki til mála, að það stafi frá eðlilegri tímgun, ef þær hefðu stráfallið 1921, heldur hljóta þær að hafa flutt sig; og einmitt sömu söguna hefi jeg heyrt marga segja úr öðrum sveitum eystra. Jeg tel rjúpnaveiðar svo mikilsverð hlunnindi, að jeg álít sjálfsagt að leyfa þær strax í haust komanda, jafnvel þótt þær sjeu nú ekki svo útbreiddar sem þá, er mest hefir verið. Arður af rjúpnaveiði mundi gefa mönnum tækifæri til að auka að nokkrum mun afurðamagn landsins þegar næsta vetur, og tel jeg það mjög mikilsvert, einmitt þegar allra ráða þarf að leita til aukinnar framleiðslu. Jeg verð því að ganga á móti frv. og óska, að friðunin nái ekki lengra en til næsta hausts.

Jón Þorláksson: Jeg stend upp einungis til að mótmæla söguburði hv. þm. Borgf. (PO), að litlu erfiðara muni hafa verið að fá rjúpur til átu hjer í bænum síðustu ár friðunartímans heldur en áður, meðan þær voru ekki friðaðar. Þetta er alveg tilhæfulaust. Jeg get auðvitað ekki um það vitað, hvort það hafi komið fyrir, að einstaka rjúpur væru skotnar og hafðar á borðum hjer, en öllum almenningi er það vitanlegt, að rjúpur til manneldis hafa varla sjest hjer í bænum þessi friðunarár. Geti menn nefnt þess nokkur dæmi, að íslenskar rjúpur hafi verið hafðar til matar hjer á þessum tíma, þori jeg að fullyrða, að það eru einstakar undantekningar.

Pjetur Ottesen: Jeg verð að virða hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) það til vorkunnar, þó að hann vilji þvo hendur kjósenda sinna í Reykjavík af því, að þeir hafi lagt sjer til munns forboðna ávexti. Jeg hefi heyrt þessa sögusögn úr mörgum áttum, að rjúpur hafi verið hjer til sölu, en hinsvegar hefir verið reynt að fara leynt með þetta, með því að selja rjúpurnar reyktar, en kjötið er svo auðþekt, að engum mun dyljast, hvað þeir eru að eta. Í veislunni, sem jeg gat um, var ekki reynt að dylja, hvaða kjöt væri á borðum, en það var látið heita, að það væru norskar rjúpur.

Jakob Möller: Jeg verð að taka undir það, sem hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) sagði um rjúpnaátið hjer í bænum. Jeg hefi verið hjer að staðaldri allan þennan tíma og aldrei orðið var við það, að rjúpur væru á boðstólum eða yfirleitt etnar þessi ár. Jeg get viðurkent um veisluna, sem hv. þm. Borgf. (PO) mintist á, að þar

voru rjúpur á borðum. Jeg sat þá veislu, og var mjer sagt, að rjúpurnar væru norskar; hafði jeg ekkert tækifæri til að rannsaka, hvort svo væri, en hinsvegar enga ástæðu til að rengja það. Og þar sem annað hefir ekki sannast síðan, geri jeg ráð fyrir, að þetta hafi verið satt. Þessi veisla var á aðalmatsölustaðnum í bænum, sem áreiðanlega aflar sjer matvæla í stórum stíl frá öðrum löndum, og hví skyldi forstöðumaðurinn ekki hafa getað keypt rjúpur jafnt sem önnur matvæli? Meðan ekki verður sannað, að hann hafi sagt rangt til, er ekki rjett að vera með dyljur um þetta, og engum til sóma. Það er víst og áreiðanlegt, að rjúpur hafa varla sjest hjer í bænum til sölu eða neyslu síðan friðunarlögin gengu í gildi, en áður voru þær mjög algengar og mikið notaðar af bæjarbúum.

Jón Sigurðsson: Jeg skal ekki blanda mjer í deiluna um rjúpnaát Reykvíkinga, heldur víkja nokkrum orðum að því, sem fyrir liggur, hvort þörf sje á að friða rjúpuna lengur eða ekki. Hv. þm. Borgf. (PO) og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) telja þess ekki þörf, þar sem rjúpnamergðin sje nú aftur orðin svo mikil. Jeg verð að segja þvert á móti þessu, að þar, sem jeg þekki til á Norðurlandi, er stórmikill munur á rjúpnafjöldanum frá því, sem áður var. Jeg er því sannfærður um, að þörf sje á að friða rjúpuna enn um hríð, en aftur er vafasamt, hvort nauðsynlegt sje að hafa friðunartímann svo langan, sem í frv. er ráð fyrir gert. Hygg jeg, að vel megi nægja að láta hann ná til 1. okt. 1925. Væri ástæða fyrir hv. landbn. að taka þetta til athugunar og afla sjer upplýsinga frá ýmsum landshlutum um rjúpnafjölgunina. Þó að hún hafi orðið mikil í einu eða tveim hjeruðum, þá er ekki víst, að svo sje annarsstaðar. Má vera að hin langvinna norðan- og norðaustanátt hafi orðið til þess, að rjúpan hafi flögrað undan, og sje því meira um hana á Suður- og Suð-austurlandi en annarsstaðar.

Jón Þorláksson: Jeg vil segja hv. þm. Borgf. (PO) það, að slúðursögur verða ekki sannari, þó að þær sjeu margendurteknar, en hann hefir engar sannanir fyrir sínu máli aðrar en þær, að hann hafi heyrt þetta víða. Það er algengt í nágrenni við Reykjavík, að það sje lostið upp sögum, sem ganga svo um alt land, og það þekkja Reykvíkingar, að þegar þeir koma í nærsveitirnar, heyra þeir fjölda af þesshátt ar sögum, sem þeir hafa aldrei heyrt innanbæjar. Jeg hefði ekki tekið til máls um þetta, ef jeg hefði ekki verið þess fullvís, að þessi söguburður væri rangur. Menn brjóta lög hjer sem annarsstaðar, þá er almenningsálitið leyfir, og hefði rjúpnadráp verið tíðkanlegt hjer, þá hefði varla verið farið svo vel með það, að menn yrðu ekki við varir. En jeg veit sönnur á því, að einstaka menn hafa keypt rjúpur frá útlöndum, og geta þeir sýnt innflutningsleyfi, reikninga og önnur skilríki, er lúta að því.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil leyfa mjer að gera stutta aths. um rjúpnaátið í oftnefndri veislu, því að jeg hygg, að jeg viti, hvaða veislu menn eiga þar við. Jeg var í þeirri veislu, og bárust mjer sögur um það á eftir, að rjúpurnar hefðu verið íslenskar, sem á borðum voru. Kallaði jeg þá forstöðumann veislunnar á minn fund og spurði hann um þetta, en hann þverneitaði, að nokkur hæfa væri í

þessu, og varð ekki annað sjeð en að hann færi með rjett mál. Hefði honum þó verið óhætt að gangast við því, ef rjúpurnar hefðu verið íslenskar, því að ekki hefði verið unt að sekta hann, heldur aðeins þann, er seldi. Hann hefði ekki framið neitt lagabrot eftir gildandi lögum. Jeg skal og geta þess, að mjer fanst þessar rjúpur öðruvísi en íslenskar rjúpur, og kom mjer ekki annað til hugar en að rjett væri sagt til um þær. — Það er rjett hjá hv. 1. þm. Reykv. (JÞ), að um þennan bæ eru búnar til ýmsar sögur, sem aukast og stækka, eftir því sem þær komast lengra, og ættu háttv. þm. að varast að leggja trúnað á þessháttar Gróusögur.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg kann því ekki, að Reykvíkingar skuli standa hjer upp hver af öðrum og setjast að hv. þm. Borgf. (PO) fyrir það eitt að segja sannleikann. Það hefir ekki eingöngu borist út um sveitirnar, heldur er það fullyrt um allan bæinn, að í áðurnefndri veislu hafi íslenskar rjúpur verið á borðum. Þessi þykkja hv. þm. virðist sanna málsháttinn, að sá er eldurinn sárastur, er á sjálfum brennur. Rjettarástandið í þessum bæ er nú svo, að þvílíkt og annað eins er látið órannsakað. Jeg hefi að vísu ekki skjallegar sannanir um þessar rjúpur, en sterkar líkur eru fyrir því, að þær hafi verið íslenskar. *(Forsrh. SE:* Það eru einmitt sannanirnar, sem vantar). Hæstv. forsrh. hefir einungis talað við forstöðumanninn, og þarf það ekki að sanna neitt, þó að hann hafi ekki játað þetta. *(Forsrh. SE:* Hann hefði ekki framið neitt lagabrot, þó að hann hefði veitt íslenskar rjúpur, og hefði því ekki haft ástæðu til þess að dylja hið rjetta). Jeg vil ekki láta setjast að hv. þm. Borgf., þó að hann hafi sagt satt, heldur vil jeg standa við hlið hans í þessu máli.

Um efni frv. skal jeg geta þess, að jeg mun standa nærri þeim mönnum, sem vilja lengja friðunartímann. Jeg hygg rjúpnafjölgunina æðimisjafna á ýmsum stöðum. Þó að spurst hafi, að talsvert sje um rjúpur á Suð-austurlandi, þá get jeg sagt, að jeg ferðaðist allmikið um Norð-vesturland síðastliðið sumar, og voru þær rjúpur teljandi, sem jeg sá þá á 1½ mánaðar ferðalagi. Á þeim slóðum er því ennþá mikil þörf friðunar.

Ágúst Flygenring: Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til hv. landbn., hvort henni finnist ekki rjettast að friða rjúpur aðeins einhvern vissan tíma ársins, eins og nú á sjer stað, en ekki alfriða hana 5. hvert ár. Mjer hefir verið sagt af fuglafróðum mönnum, að viðkoma þessarar fuglategundar sje komin undir fóðrinu. Verði rjúpurnar of margar, skortir þær fóður. Þær neyta einungis sjerstakrar tegundar plöntufæðu, og ef hana þrýtur, horfellur rjúpan. Jeg tel því heimskulegt að friða rjúpur heilt ár í senn til þess eins og að meiri hætta verði á horfelli, ef illa árar. En aftur er rjett að friða þær ákveðinn tíma á ári hverju, og álít jeg æskilegt að lengja friðunartímann frá því, sem er. Þó tel jeg vafasamt, hvort það er heppilegt hjer sunnanlands, en annarsstaðar gæti það fremur komið til mála, og væri sjálfsagt heppilegt, að friðunartími ýmsra hjeraða landsins væri mismunandi.

Ingólfur Bjarnarson: Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til þeirrar nefndar, sem á að fjalla um þetta mál, að nauðsynlegt er að samræma ákvæði laganna um frið-

unartímann. Eftir frv. á að alfriða rjúpur 5. hvert ár, talið frá 1. okt. til 1. okt. árið eftir, en hinn árlegi friðunartími rjúpna endar 20. sept. samkv. gildandi lögum. Þetta er mjög óheppilegt. Það ár, sem rjúpur eru alfriðaðar, má þá skjóta þær frá 20. sept. til 1. okt., og er þá tiltölulega auðvelt að halda áfram að drepa þær fram á vetur og láta í veðri vaka, að þær hafi verið skotnar á þessum 10 dögum. Jeg vil því benda hv. nefnd á, hvort ekki sje rjett að breyta frv. þannig, að rjúpur sjeu alfriðaðar 5. hvert ár frá 20. sept. til 20. sept. árið eftir.

Þar sem jeg stóð annars upp, skal jeg fara að dæmi annara hv. þm. og vitna líka um þekkingu mína á rjúpnafjölguninni. — Vil jeg taka undir með þeim, sem halda því fram, að rjúpum hafi fjölgað mjög mikið. Í mínu hjeraði er það svo að minsta kosti, að þar hefir ekki verið jafnmikið um rjúpur sem síðastl. haust síðustu 10 árin. Það er auðvitað ekki fullgild sönnun um rjúpnafjölgunina alment, því það er rjett, sem hv. 2. þm. Skagf. tók fram, að þetta getur verið mjög misjafnt í ýmsum hjeruðum. En þar sem frv. hefir verið breytt þannig, að rjúpur skuli alfriða 5. hvert ár, en ekki 7. hvert ár, tel jeg hættulaust, þó að leyft væri nú að fara að skjóta rjúpuna aftur, eins og gildandi lög ætlast til.

Jakob Möller: Jeg játa, að það sje drengilegt af hv. þm. Str. (TrÞ) að vilja ekki láta „setjast að“ háttv. þm. Borgf. (PO), en ástæður hans voru ljelegar. Því þó að hann telji þetta sannleika, vantar allar sannanir fyrir því. Hv. þm. Borgf. (PO) lýsti yfir, að hann vissi ekki annað um þetta en hann hefði heyrt fleygt, og ætlaðist hann ekki til, að það væri tekið öðruvísi en hann talaði. En hv. þm. Str. staðhæfir, að þetta sje alt satt og rjett, og má vera, að sannanirnar komi frá honum. Hann hefir ef til vill haft rjúpur daglega á borðum, eða að minsta kosti sem hátíðamat. Jeg hefi ekkert heyrt um rjúpnaát hjer í bænum, og verði það ekki sannað, tel jeg það sem hverja aðra Gróusögu. Hv. þm. Str. staðfestir það, að hann hafi sjeð örfáar rjúpur á ferðalagi sínu og að rjúpnafriðunarlögin hafi ekki haft þau áhrif, að rjúpum hafi fjölgað að mun, en þá liggur í hlutarins eðli, að ekki getur það verið gróðavænleg atvinna að skjóta þessar örfáu rjúpur og að rjúpnaát getur ekki verið mjög alment. En ef hv. þm. getur fært einhverjar sönnur á sitt mál, er auðvitað sjálfsagt, að það verði athugað betur.

Jón Kjartansson: Út af ummælum hv. þm. Borgf. (PO) og hv. þm. Str. (TrÞ) vil jeg leyfa mjer að beina þeim tilmælum til hæstv. forsrh. (SE), sem því miður er ekki staddur hjer í deildinni, en hæstv. atvrh. (KlJ) skýrir honum þá vonandi frá þessum orðum mínum, að hann láti rannsaka þá ákæru, sem þessir tveir hv. þm. hafa borið fram, og vænti jeg þá þess, að þessir 2 hv. þm. skjóti sjer ekki undir vernd stjórnarskrárinnar, heldur komi og beri vitni í málinu.

Forseti (BSv): Háttv. 1. þm. Reykv. (JÞ) hefir talað tvisvar, en fær nú heimild til að gera stutta athugasemd til þess að bera af sjer sakir.

Jón Þorláksson: Það er einmitt til þess að bera af mjer sakir, að jeg stend nú upp. Hv. þm. Str. (TrÞ) mintist á málsháttinn, að sá er eldurinn sárastur, er á sjálfum brennur, og beindi því til mín. Jeg skoða þetta sem beinan áburð á mig,

að jeg hafi talað hjer gegn betri vitund og að jeg viti til þess, að rjúpur hafi verið skotnar á friðunartímanum og hafðar til matar hjer í bænum. Jeg var ekki hjer á landi, þegar oftnefnd veisla var haldin, og get því ekki um það sagt, hvað þar gerðist. En að öðru leyti vil jeg eindregið mótmæla öllum slíkum áburði, er kann að felast í orðum hv. þm. Jeg get með sanni sagt, að jeg hefi ekki orðið var við það hjer í bænum, hvorki hjá sjálfum mjer nje öðrum, að íslenskar rjúpur hafi verið hafðar til manneldis allan þennan friðunartíma, nema 1. veturinn, þegar sumir menn áttu í íshúsum rjúpur frá árinu áður, og sagði þá bragðið til sín, að þær voru ekki skotnar eftir að friðunin komst á.

Að öðru leyti vil jeg taka undir með hv. þm. V.-Sk. (JK), og vona jeg, að nú verði ger sú rannsókn í þessu máli, sem er orðin óhjákvæmileg, þegar slíkar aðdróttanir eru komnar inn í þingsalinn og dregnar inn í umræðurnar.

Tryggvi Þórhallsson: Oft veltir lítil þúfa stóru hlassi, má segja um það, er hálf deildin er komin af stað út af því, sem jeg og hv. þm. Borgf. (PO) ljetum okkur um munn fara um rjúpurnar, sem sagt er að bornar hafi verið á borð í skilnaðarsamsæti hr. Böggilds.

Það hafa nú 3 hv. þm. veist að mjer út af þessu, svo mjer mun ekki síður en hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) veita af því að bera af mjer sakir.

Jeg vil þá fyrst snúa mjer að þeim hv. þm., er síðast talaði. Mjer var satt að segja ekki annað kunnugt en að hann hefði verið í konsúlsveislunni, og er jeg þá fús að biðja hann að afsaka það misminni. En í málshættinum, sem jeg kom með í fyrri ræðu minni, fólst auðvitað engin aðdróttun um það, að veislugestum hefði verið ljóst, að rjúpurnar hefðu ekki verið fengnar á lögmætan hátt. Jeg átti aðeins við það, að veislugestunum myndi ef til vill hafa orðið ilt í maganum, er þeir frjettu að rjúpurnar, sem þeir höfðu neytt, væru ef til vill íslenskar, og vildu því sem minst láta á þessu bera.

Út af orðum hv. 3. þm. Reykv. (JakM) skal jeg geta þess, að orð mín náðu aðeins til margnefndrar veislu. Hitt, hvort einstakir menn hafa haft rjúpur sjer til viðurværis í heimahúsum, get jeg ekki borið um og segi ekkert um. Skrítin þótti mjer líka sú röksemdaleiðsla hv. þm., að þar sem jeg hafi aðeins sjeð mjög fáar rjúpur í kosningaleiðangri mínum í sumar, þá væri ekki líklegt, að rjúpur hefðu verið skotnar. Jeg hjelt satt að segja, að þá væri orðið lítið um rjúpur, ef ekki mætti finna það margar, að nægði í 50—60 manna veislu.

Get jeg svo að lokum tekið undir það með hv. þm. V.-Sk. og hv. 1. þm. Reykv., að jeg teldi æskilegt, að opinber rannsókn yrði hið fyrsta látin fara fram í þessu máli.

Forseti (BSv): Háttv. þm. Borgf. (PO) hefir talað tvisvar í þessu máli. En samkvæmt þingsköpum er mönnum óheimilt að taka til máls oftar en tvisvar sinnum við sömu umræðu, nema það sje til að gera athugasemdir um þingsköp eða til að bera af sjer sakir. Hinsvegar er ekki ástæða til að veita mönnum tækifæri til að bera sakir á aðra. Þó vil jeg ekki meina hv. þm. Borgf. að gera stutta athugasemd, ef honum þykir ástæða til að bera af sjer sakir.

Pjetur Ottesen: Það er auðvitað sjálfsagt að beygja sig undir vilja hæstv. for-

seta um þessi efni. En þess hefi jeg rjett til að vænta, að þegar einum þm. hefir verið leyft að bera af sjer sakir umtölulaust, þá sje öðrum heldur ekki sýnd tregða í því efni.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að frásögn mín um rjúpurnar í sendiherrasamsætinu væri slúðursaga, sem orðið hefði til og aukist og margfaldast á leiðinni frá Reykjavík og út um sveitirnar, þá skal jeg taka það fram, að það var hjer í Reykjavík, sem jeg heyrði hana. Sú saga er því ekki um langan veg að komin og engu sönnunargildi glatað af þeim sökum.

Þá krafðist hæstv. forsrh. (SE)) þess, að jeg kæmi með sannanir í þessu máli. Hæstv. ráðherra stendur nú ekki sjerlega vel að vígi með það að heimta skjallegar sannanir í þessu máli af okkur hv. þm. Str. og mjer, samtímis því, sem hann tekum munnlegar frásagnir frá gestgjafanum um hið gagnstæða fyrir góða og gilda vöru. Honum ætti þó að vera innan handar að fá hjá hóteleiganda reikningana yfir þessar norsku rjúpur. En ef til vill kemur það alt fram við þá væntanlegu rannsókn út af þessu máli, sem jeg skal síst letja eða telja úr að hafin verði.

Sje það satt, sem almælt er, að rjúpur hafi verið fluttar út hjeðan í vetur, þá er þess ekki ólíklega til getið, að einhver rjúpan hafi slæðst ofan í magann á einhverjum Reykvíking.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:2 atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 122, 167, 178, n. 263 og 346).

Frsm. meiri hl. (Björn Líndal): Eins og sjá má á nefndarálitunum, gat nefndin ekki orðið sammála um þetta mál, og eins og nál. 263 ber með sjer, er meiri hl. nefndarinnar ekki samþykkur því, að rjúpur skuli friðaðar einhver ákveðin ár, með vissu millibili, og eru fyrir því ýmsar ástæður. Þetta ákvæði í lögunum, að rjúpur skuli alfriðaðar einhver viss ár, sýnist ekki hafa við mikið að styðjast. Komi harður vetur þegar rjúpan er alfriðuð, getur hún kolfallið, og kemur þá engum að gagni friðunin. Þessi fyrirfram ákveðna friðun kemur því aðeins að tilætluðum notum, að veðrátta sje hagstæð rjúpunni friðunarárið. Aftur á móti álítur meiri hl. nefndarinnar rjett, að hinn árlegi veiðitími sje styttur, og vill þar taka bæði framan og aftan af veiðitímanum eins og hann nú er ákveðinn. Þegar rjúpur eru skotnar í september og fyrri hluta októbermánaðar, skemmast þær oft fljótlega, einkum ef heitt er í veðri; koma þá skemdar á markaðinn og spilla verðinu. Þá er og annatími allmikill víðast hvar, og því ekki ástæða til þess að láta rjúpnaveiðar ganga fyrir öðrum nauðsynlegri störfum. Enda eru ungarnir naumast svo þroskaðir fyr en um miðjan októbermánuð, að rjett sje að skjóta þá fyr. Þetta vegur allmikið í augum okkar meirihlutamanna, og því viljum við ekki láta veiðitímann byrja fyr en 15. okt. Þá viljum við og nema aftan af veiðitímanum og láta hann vera úti með nýári. Þá er oft orðið hart í ári og rjúpurnar farnar að megrast, og því minna varið í þær. Sverfur þá oft svo að þeim, að þær hópa sig heima við bæina, og er þá lítil mannúð í því að ráðast á þær horaðar og hungraðar. Sá tími, sem við viljum ákveða til veiðanna, virðist okkur nægilega langur. Það er 2½ mánuður, og þá er einmitt lít-

ið um önnur störf oftast nær, og hafa menn því góðan tíma til að gefa sig við veiðunum. Þess vegna legg jeg til fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar, að brtt. okkar á þskj. 263 verði samþyktar. Við viljum halda lögunum frá 1913, með þeim breytingum, sem við nú leggjum til, en fella alveg úr gildi lögin frá 1921 að því er rjúpuna snertir. Aftur viljum við taka upp hegningarákvæðin úr lögunum frá 1921 og ákveða sömu sektir við brotum á þessum lögum.

Frsm. minni hl. (Pjetur Þórðarson): Eins og sjest á þskj. 263 og 346, hefir nefndin ekki getað orðið á eitt sátt um þetta mál, en þó verður ekki sagt, að ágreiningurinn frá hálfu minni hl. sje í raun og veru mikill, þó að hann hafi ekki getað orðið samferða meiri hl. Að við hv. þm. Barð. höfum ekki getað fallist á brtt. meiri hl. nefndarinnar, kemur til af því, að á öllu Vesturlandi hefir þess alment verið óskað, að friðunartími rjúpnanna yrði framlengdur, þegar hann næst yrði útrunninn. Af þessum einföldu ástæðum höfum við fallist á að fara fremur þá leið, sem frv. leggur til, því við álítum rjett að taka þessar almennu óskir til greina. Þó hefi jeg nú á síðustu stundu orðið þess var, að þessar óskir hnigi nokkuð í aðra átt í mínu kjördæmi, svo að jeg get ekki sagt, að mjer standi það á miklu, hvort frv. verður samþykt óbreytt eða ekki, þó að jeg hallist fremur að þeirri stefnu, sem kemur fram í frv. óbreyttu. Jeg tel málið ekki mikilsvert og hefi svo ekki meira að segja og get látið mjer í ljettu rúmi liggja, hvað ofan á verður af þessu tvennu, sem hjer er um að ræða.

Sveinn Ólafsson: Það hefir orðið töluvert tímafrekt þetta litla mál, frekara en margir munu hafa búist við; mjer finst hjer þó ekki vera um neinn vanda að ræða, og því brá mjer í brún, þegar jeg sá nál. meiri hl. nefndarinnar, sem leggur til, að öryggisákvæði laganna frá 1913, um að friða rjúpuna 7. hvert ár, skuli felt úr gildi. En þess verður að gæta, að það er ekki langur tími, sem þetta hefir staðið í lögum ennþá, og er því ekki fengin nein veruleg reynsla um það, hvort þessa ákvæðis þurfi við, en hinsvegar benda lögin frá 1921 til þess, að það þurfi að friða rjúpuna við og við, svo henni gæti fjölgað eitthvað; og áður en lögin 1913 voru gefin út, var það orðið alment álit, að það þyrfti að gera eitthvað annað og meira en að stytta veiðitímann aðeins. Nú má það telja víst, að lögin frá 1921, um þessa löngu friðun, hafi ekki verið bygð á rjettri undirstöðu, þ. e. að rjúpan hefði kolfallið svo að hún þyrfti því langan tíma til að fjölga aftur. Hitt er eðlilegra að ætla, að hún hafi flúið land í bili, því ef hún hefði fallið, hefði henni ekki getað fjölgað svona ört aftur á þessum stutta tíma, sem raun er á orðin, og það þrátt fyrir alla launveiði.

Hjer er á tveim þskj. þræddur millivegur milli frv. og till. meiri hl. nefndarinnar. Þessar miðlunartill. er að finna á þskj. 167 og 178. Brtt. 167, frá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), gerir ráð fyrir, að friðunin frá 1921 falli niður árið 1925, en mín brtt. (178) ætlar friðuninni að falla niður þegar á næsta hausti. Hinsvegar vill hvorugur okkar hagga við lögunum frá 1913, um friðunina 7. hvert ár, sem ekki er ennþá nægilega reynd og líkur eru fyrir, að þurfi að standa lengur í lög-

um. En um þessa friðun frá 1921 vil jeg aðeins skírskota til þeirra orða minna, sem jeg ljet falla hjer við 1. umr. þessa frv., að jeg álít enga ástæðu til þess að láta þessa friðun standa nú lengur áfram en til næsta hausts, þar eð sannanlegt er, að gnægð af rjúpum er til víða um landið, eða var á síðasta hausti, og hinsvegar mikil þörf fyrir almenning að geta aukið framleiðsluna á öllum sviðum, en af rjúpnaveiðum hafa orðið töluverðar tekjur í mörgum sveitum landsins. Það er að vísu rjett, að meiri hl. nefndarinnar vill láta nokkuð koma í stað þessarar árlegu ófriðunar á rjúpunni — þ. e. styttíng veiðitímans — og er dálítið í því, en þó bætir það sjöunda ársfriðunina ekki upp til fulls. Þá hygg jeg, að það sje ekki til bóta að banna veiðarnar fyrri helming októbermánaðar; jeg held það sje ekki á rökum bygt hjá háttv. þm. Ak. (BL), að skaði geti af því hlotist fyrir markaðsverð þessara afurða, þótt veiðin byrji með október, og ekki hefi jeg orðið þess var, að ungarnir væru ekki orðnir fullþroskaðir í byrjun októbermánaðar. Að það þurfi að bíða með veiðina vegna þess, að rjúpan sje í sumarfjöðrum í byrjun októbermán., held jeg að sje heldur ekki fullgild ástæða. Litaskifti rjúpunnar fara mestmegnis eftir því, hversu snemma leggur snjó í fjöllin, og það er mjög breytilegt. Jeg held því, að öllu athuguðu, að hagkvæmara sje að hafa lögin frá 1913 óbreytt og að láta veiðitímann halda sjer eins og þar er gert ráð fyrir, en fella úr gildi á komanda hausti lögin frá 1921.

Pjetur Ottesen: Jeg lýsti því yfir við 1. umr. þessa máls, að jeg væri því algerlega mótfallinn að lengja þann tíma, sem rjúpurnar væru alfriðaðar, en sá tími er nú útrunninn á næsta hausti. Ástæðan til þess, að jeg er á móti þessu, er sú, að reynslan hefir sýnt það, að rjúpum hefir fjölgað svo, að minsta kosti á Suðurlandi, að nú mun vera jafnmikið til af henni þar sem nokkurntíma áður, þá er mest var. Og eftir þeim upplýsingum, sem háttv 1. þm. S.-M. (SvÓ) nú hefir komið hjer með, mun sama gegna víðast hvar á Austurlandi. Einnig hefi jeg nýlega fengið svipaðar fregnir úr Þingeyjarsýslum, og sennilega mun líkt vera ástatt í Eyjafirði. Þær undantekningar, sem þá eru, gilda því aðeins fyrir einhverja tiltekna landshluta, líklega t. d. um nokkurn hluta Norður- og Vesturlands, — Skagafjarðar-, Húnavatns- og Strandasýslur. Þegar svo er komið, að rjúpunni hefir fjölgað þannig, finst mjer það vera undarlega hart að meina mönnum að notfæra sjer þessar veiðar, sem oft gefa talsverðar tekjur af sjer, og því undarlegra, sem vjer erum nú svo staddir, að lífsnauðsyn er á því fyrir okkur að auka framleiðsluna sem allra mest á öllum sviðum, til þess að losna sem fyrst úr því skuldahelsi, sem nú þrengir svo mjög að allri þjóðinni, en það er nauðsynlegur inngangur til þess, að hægt verði að byggja eitthvað upp aftur af því, sem aflaga hefir farið að undanförnu. Vil jeg ætla, að búandmönnum á landi hjer þyki það undarleg ráðsmenska hjá löggjafarvaldinu, að um leið og lagðar eru blýþungar álögur á allan almenning skuli þeim jafnframt vera fyrirmunað að afla sjer þeirra tekjustofna, sem annars væri hægt, en gjaldeyrisskortur er á alla vegu. En það er vitanlegt, að þetta yrði gert á hinn áþreifanlegasta hátt, ef banna skal rjúpnaveiðar í tvö ár enn, eins og frv. fer fram á. En það er alkunna, að rjúpnaveiðar hafa gefið af sjer allmiklar tekj-

ur í sumum sveitum, einkum fram til dala og í fjallabygðum, þar sem menn oft eiga við einna þrengstan kost að búa og mestir erfiðleikar eru á því að komast þar af vegna harðinda og ýmislegs annars. Það er því áreiðanlega ráðist þar á garðinn, sem hann er lægstur, ef þessi tekjuvon skal af mönnum tekin. Tilgangurinn með þessum friðunarákvæðum er auðvitað sá, að láta rjúpunni fjölga ennþá meir. En ef nú svo færi, að á þessum friðunartíma kæmu harðindaköst, eins og t. d. 1920, — hvað verður þá úr þessu? Það er heldur alls ekki svo, að þeir menn, sem mótfallnir eru framlenging friðunartímans, vilji ófriða rjúpuna algerlega; það er síður en svo. Meiri hluti landbúnaðarnefndar leggur til, að friðunarákvæðum laganna frá 1913 verði breytt þannig, að veiðitíminn, sem þar er ákveðinn frá 20. september til 31. janúar ár hvert, verði styttur svo, að hann verði aðeins frá 15. október til 31. desember. Þessu er jeg algerlega samþykkur, og jeg vildi meira að segja ganga nokkru lengra í þessu efni. Jeg álít alveg nóg, að veiðitíminn væri ákveðinn tveir mánuðir, t. d. frá 1. nóvember til áramóta, og er það einmitt af sömu ástæðum, að jeg er á þessari skoðun, og háttv. þm. Ak. (BL) tók fram. Jeg hygg því, að brtt. meiri hl. nefndarinnar sjeu til bóta, þó að þar sje lagt til, að þessi alfriðunartími 7. eða 5. hvert ár verði feldur niður. Jeg hygg, að rjúpnastofninn verði alveg eins vel eða betur tryggður með því að stytta hinn árlega veiðitíma. Jeg mun þess vegna greiða atkvæði með brtt. meiri hl., en verði þær feldar, mun jeg þá kasta atkv. mínu á brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Vænti jeg, að háttv. þdm. taki þetta til athugunar og vilji stuðla að því með atkvæði sínu að bæta úr ósamræminu í gerðum þingsins í því, er það leggur mönnum auknar gjaldabyrðar á herðar, gjaldabyrðar, sem að vísu verður ekki komist hjá að bæta á þjóðina, en um leið að svifta þá menn, sem aðallega hafa haft not af rjúpnaveiðunum sjer til gjaldeyrisauka, þessum hlunnindum.

En út af þeim ummælum, sem fjellu hjer við 1. umr. þessa máls, að ummæli mín og hv. þm. Str. (TrÞ) um, að rjúpnakjöt hefði verið á borðum í einni stórveislu hjer í bænum, gæfu tilefni til þess að hafin yrði rannsókn og rjettarhöld í því máli, vil jeg lýsa yfir því, að þau rjettarhöld mega gjarnan byrja þegar í stað okkar vegna; við munum ekki láta á okkur standa að mæta þar.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg á brtt. á þskj. 167. Svo stendur á henni, að menn þeir, er háttv. þm. Borgf. (PO) nefnir búandkarla, á Vesturlandi, hafa óskað eftir, að rjúpan yrði friðuð áfram til 15. október 1925. Hv. Ed. hefir samþykt að framlengja friðunartímann til 1926; en það finst mjer óþarft að svo stöddu. Ef rjúpunni fjölgar lítið á þessu sumri, mætti framlengja friðunartímann á næsta ári. Jeg veit vel, að rjúpnaveiðar gefa mörgum mönnum talsverðar tekjur, en þeirri atvinnugrein má auðveldlega stórspilla með því að byrja á þeim alt of snemma.

Jeg hefi nú heyrt þá háttv. þm. Borgf. og háttv. 1. þm. S.-M. lýsa því yfir, að í þeirra hjeruðum væri orðið eins mikið af rjúpu og þá er mest var áður, fyrir 1920, en jeg hefi nýlega talað við tvo menn frá Austurlandi, ofarlega af Hjeraði, og telja þeir, að þar sje mjög lítið um rjúpur. Jeg veit ennfremur með

vissu, að í Ísafjarðar-, Barðastrandar-, Dala-, Stranda- og Húnavatnssýslum er mjög lítið af henni. Jeg hygg, að það sje því rjett fyrir hv. þdm. að fallast á brtt. mína, nema þá, er bráðlangar svo í rjúpnakjöt, eins og t. d. hv. þm. Borgf. segir um Reykvíkinga, og máske einstöku menn í Borgarfirðinum, þar sem rjúpan er að flökta alveg heima á hlaðinu hjá þeim. Jeg held, að sú ályktun hv. 1. þm. S.-M., að rjúpan hafi flutt til annara landa, geti naumast verið rjett. Hún mun hafa dáið út í harðindunum veturinn 1920; enda hefi jeg engan annan en háttv. þm. heyrt halda því fram, að rjúpan væri farfugl. Að fara að gera upp á milli búandmanna á Norður- og Vesturlandi annarsvegar og Austurlandi og Borgarfirði hinsvegar, held jeg að sje naumast rjett. Tel jeg betra að halla sjer að þessari miðlunartillögu minni.

Frsm. meiri hl. (Björn Líndal): Háttv. þm. Borgf. hefir að vísu tekið flest það fram, er jeg vildi sagt hafa, en út af orðum háttv. 1. þm. S.-M. um till. meiri hl. nefndarinnar, þá held jeg, að landbn. ráði harla litlu um líf eða dauða rjúpunnar, á móts við önnur öfl, sem þar eru að verki. Það er aldrei hægt að segja fyrirfram, hvenær harðindi muni koma yfir þetta land, en svo getur vel hugsast, eins og hv. þm. Borgf. tók fram, að einmitt á hörðum vetri geti verið of mikið að rjúpum, og þá falla þær, meðfram eða kannske mestmegnis af þeirri ástæðu. En kæmi það t. d. fyrir, að rjúpur fjellu til muna á hörðum vetri, getur stjórnin vel gefið út bráðabirgðalög til þess að friða þær. Þá hygg jeg, að háttv. 1. þm. S.-M. hafi misskilið mig, er hann talaði um þann tíma, er veiðarnar skyldu byrja. Jeg hefi ekki gert svo mjög mikið úr því, að ungarnir væru ekki nógu þroskaðir fyr en í byrjun októbermánaðar, en hitt er viðurkent, að þegar rjúpur eru skotnar snemma á hausti langt fram til dala og komast ekki fyr en löngu síðar til sölustaðarins, eru þær oft stórskemdar, þegar þær koma á erlendan markað. Það er því sjálfsagt að taka tillit til þessa, þegar ákveða skal, hvenær megi byrja að skjóta rjúpur. Jeg hefi tekið þetta fram áður, að það getur haft óheppileg áhrif á markaðinn erlendis, ef þangað flytjast ekki góðar rjúpur, eða alls ekki neinar sum árin. Þegar fólk, sem vant hefir verið að kaupa íslenskar rjúpur, fær þær ekki, eða aðeins skemdar rjúpur, kaupir það eitthvað annað, t. d. norskar rjúpur, í staðinn, og þegar íslenskar rjúpur koma aftur á markaðinn, er fólkið annað tveggja búið að gleyma þeim eða vill ekki hafa þær lengur, og þarf þá talsverðan tíma til þess að venja fólk aftur á að kaupa íslenskar rjúpur og vekja traust þess á þessari vörutegund. Þetta mælir því alt á móti því, að rjúpur sjeu friðaðar 5. eða 7. hvert ár, en til þess að tryggja þennan veiðistofn sem tekjugrein fyrir þá, er þessa atvinnu stunda, mætti gefa stjórninni heimild til að takmarka eða banna alveg veiðarnar eitt ár í senn, ef þess þætti þörf, ef menn vilja ekki láta grípa til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta í hvert sinn og þess þyrfti við.

Jón Sigurðsson: Þegar mál þetta kom til hv. deildar, þá var um það að ræða, hvort lengdur skyldi friðunartími rjúpunnar. Nú hefir háttv. nefnd lagt til, að feld skyldu verða niður ákvæði laganna frá 1921 og nokkuð af lögunum frá 1913. Viðvíkjandi þessu vildi jeg leyfa mjer að segja nokkur orð.

Háttv. frsm. meiri hl. (BL) nefndi

ýmsar ástæður fyrir þessum till. nefndarinnar. Hún vill fella niður friðunina 7. hvert ár, en lengja þeim mun meir friðunartímann. Þetta getur nú litið vel út, og jeg fyrir mitt leyti álít ekki, að það muni miklu, þó að friðunartíminn sje lengdur til 15. október. En jeg held, að hv. nefnd misreikni sig algerlega, þegar hún ályktar, að það, að stytta árlegan drápstíma, geti orðið til þess að koma í veg fyrir alt of mikið rjúpnadráp. Að minsta kosti sýndi reynslan það áður en ákvæðunum um þetta var breytt 1921, að rjúpurnar voru bæði drepnar fyrir og eftir friðunartímann. Svo myndi enn verða raunin á. Enda er tiltölulega hægt að fara í kringum þau ákvæði; menn skjóta rjúpurnar áður en friðunartíminn er útrunninn eða eftir að hann er byrjaður og telja sig hafa skotið þær á drápstímanum. Þetta er því miklum misskilningi blandið hjá hv. nefnd.

Eitt gaf mjer enn tilefni til að standa upp. Háttv. þm. Ak. (BL) sagði í ræðu sinni, að ekki myndi mikið muna um það, þótt rjúpurnar væru friðaðar 7. hvert ár, því veðráttan hafi meira að segja í þessu efni. Jeg skal fúslega játa, að vetrarhörkurnar hafa oft drepið mikið af rjúpum, — en hvernig fer þegar bæði veðráttan og mennirnir leggjast á eitt? Og veðráttan getur jafnt eyðilagt rjúpurnar í desembermánuði sem í janúar. Það er ekki lengra síðan en í desember í vetur, að áfreða gerði norðanlands, svo að þær fáu rjúpur, sem til voru, flögruðu ofan að bæjum, og hefði mátt strádrepa þær niður. Jeg held þess vegna, að hv. nefnd hafi ekki íhugað þetta nægilega, því annars hygg jeg, að hún hefði komist að þeirri niðurstöðu, að óráðlegt væri að breyta þessum ákvæðum frá því, sem þau eru nú. Að minsta kosti mun jeg greiða atkvæði með því, að friðunarlögin standi eins og þau eru.

Þá held jeg, að það sje ekki á neinum rökum bygt, að óheppilegt sje, að 1 ár falli úr, vegna þess að rjúpurnar berist þá svo óreglulega til erlendra neytenda. Er mjer ekki kunnugt um, að um slíka fasta kaupendur sje að ræða, að það geri til nje frá.

Jeg hefi þá gert nokkra grein fyrir skoðun minni í þessu máli. Jeg hefði helst kosið, að frv. hefði fengið að ganga fram eins og það var, er það kom frá hv. Ed., en þó gæti jeg ef til vill fallist á miðlunartillögu hv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Mjer er það mest í mun, að ákvæði laganna frá 1921 og 1913 haldist óbreytt, enda geri jeg ráð fyrir, að litlar líkur sjeu fyrir því, að brtt. nái að ganga í gegnum hv. Ed.

Sveinn Ólafsson: Háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) vildi vefengja frásögn mína um mergð rjúpnanna á Austurlandi. Taldi hann það máli sínu til stuðnings, að hann hefði nýlega átt tal við menn af Fljótsdalshjeraði á Austurlandi, sem hefðu gert lítið úr rjúpnafjöldanum þar. En þetta hefir að mínu áliti ekki mikið að segja. Það er eins á Austurlandi sem annarsstaðar, að sumar sveitir eru fátækar af rjúpum, en aðrar auðugar. Veðráttufarið hefir líka, eins og kunnugt er, mikil áhrif á það, hvar rjúpurnar halda sig helst; þegar snjóljett er, eins og núna í vetur, þá eru þær lítið á flatlendi og láglendi, en halda sig á heiðum uppi og til fjalla. Það rýrir því ekkert gildi minnar skýrslu, þótt í flatlendu sveitunum í Fljótsdalshjeraði hafi verið lítið um rjúpu í vetur í snjóleysinu, og er því

lítil ástæða fyrir hv. þm. (JAJ) að draga í efa skýrslu mína fyrir þær sakir, enda er hún bygð á sjón og raun, en ekki á munnmælum.

Um það, hvort heppilegra sje að friða rjúpuna 7. hvert ár eða stytta árlegan veiðitíma, get jeg í raun og veru vísað til þess, sem hv. 2. þm. Skagf. (JS) sagði. Jeg er alveg samdóma honum í því, að það hafi sjerlega litla þýðingu fyrir viðhald rjúpunnar, að sá árlegi friðunartími sje lengdur, því menn víla ekki fyrir sjer að skjóta hana jafnt fyrir sem eftir friðunartímann, og verður nær ókleift að sjá við því, að svo verði gert. Hv. frsm. meiri hl. taldi það m. a. mæla á móti því að hafa veiðitímann jafnlangan og áður að haustinu, að þá væru annir svo miklar, að menn mættu ekki gefa sig við rjúpnadrápi. Jeg held, að menn setji það ekki fyrir sig, þegar rjúpan er komin nærri. Að minsta kosti hefir mín reynsla verið sú, að menn byrja veiðarnar strax þegar snjó festir í fjöll og rjúpan fer að færa sig niður undir bygðina.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg sje af því, sem fram er komið í þessu máli, að hv. nefnd hefir ekki tekið til greina athugasemdir þær, sem jeg gerði við 1 umr., um að setja einhver ákvæði inn í frv. til að fyrirbyggja, að menn keyptu rjúpur á friðunartímanum. Ætti að leggja allþunga refsingu á þá menn, sem gerðu sig seka í því. Vil jeg því leyfa mjer að skjóta því til hv. nefndar, hvort hún sjái sjer ekki fært að athuga þetta til 3. umr. — Það er jafnan mjög óviðfeldið og leiðinlegt að setja lög, sem svo eru úr garði gerð, að tiltölulega auðvelt er að fara í kringum þau.

Hákon Kristófersson: Viðvíkjandi því, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði, skal jeg taka það fram, að til tals kom í nefndinni að setja inn í frv. sektarákvæði slík, sem hann gerði að umtalsefni. Kann að vera, að það sje misskilningur hjá mjer, en jeg hygg, að það hafi orðið ofan á hjá nefndinni, að slíkum sektarákvæðum yrði komið þar að. En hvað sem um það er, þá get jeg fúslega fallist á, að þau eru nauðsynleg. — Hvað snertir það, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) talaði um, að málið hefði legið lengi hjá nefndinni, þá er það að vísu satt, en upphaflega var það svo, að við vissum ekki annað en að frv. myndi fara óbreytt frá nefndinni, eða þá með brtt. frá einum eða tveimur nefndarmönnum. En svo reyndist það ekki, og því eru þessar brtt. frá meiri hl. fram komnar.

Mjer virtist sá vera uppi hjá hv. þm. Borgf. (PO), að með þessu væntanlega rjúpnadrápi væri loks fundið eitt stórkostlegt bjargráð landsmönnum til handa, sem vega myndi á móti hinum auknu skattaálögum. Það situr auðvitað ekki á mjer að fara að bera brigður á þetta, enda gæti það ekki talist vel í hóf stilt, ef jeg færi að rengja jafngreinagóðan mann sem hv. þm. Borgf. En mjög leikur það samt á tveim tungum, hvort rjúpnamergðin sje í raun og veru eins mikil og hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. S.-M. vilja vera láta. Býst jeg helst við, að hvorugur þeirra hafi talið rjúpurnar.

En hvers vegna vilja þessir hv. þm. þá ekki taka skrefið í bjargræðisáttina fyllra og upphefja friðun á sel og æðarfugli? Jeg býst við, að ýmsum mönnum á Breiðafirði og víðar þætti ekki lítil búbót að því að fá að drepa sel og æðarfugl eins og þeim þóknaðist. Samdóma

er jeg hv. 2. þm. Skagf. í því, að tilgangslaust sje að hugsa sjer, að rjúpurnar verði einvörðungu drepnar á þeim tíma, sem það er leyfilegt. Því yrði gagnslaust að lengja hinn árlega friðunartíma, því þær rjúpur, sem komið væri með og boðnar væru til sölu, t. d. í marsmánuði, væru auðvitað sagðar skotnar fyrir áramótin. Það er heldur ekki langt síðan um það var vitnað hjer í hv. deild, að rjúpur hafi verið fluttar til bæjarins og bornar á borð í fjölmennri veislu á þeim tíma, sem rjúpur voru annars alfriðaðar. Og skoðun manna er sú, að þetta hafi verið nokkuð alment, enda finst mjer það ekki ótrúlegt, að því komi fæturnir til bæjarins, að skrokkurinn komi með!!

Að lokum vil jeg taka það fram, að ef gera á breytingar við frv., þá mun jeg helst geta sætt mig við brtt. hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), þó að jeg hefði annars helst kosið, að málið hefði verið látið ganga óbreytt fram eins og það kom frá háttv. Ed., og þá með viðauka hæstv. atvrh. (MG).

Pjetur Ottesen: Jeg er ekki eins hræddur og hv. 2. þm. Skagf. (JS) við það, að gagnslaust sje að stytta hinn árlega friðunartíma, vegna þess, að menn muni eins skjóta á sjálfum friðunartímanum sem á undan honum og eftir. Það er vitanlegt, að ekki er hægt að fara mjög dult með skot. Þau leyna sjer ekki, svo að ef kapp væri lagt á rjúpnadrápið, þá væri óhugsanlegt annað en að það kæmist upp. Þannig kemur skotaðferðin sjálf í veg fyrir, að farið sje í þessu efni í kringum lögin.

Jeg vil leggja aðaláhersluna á það, að það, sem mest stuðlar að eyðileggingu rjúpunnar, er hagleysi og jarðbönn. Og þó að rjúpan sje friðuð 7. hvert ár, þá hefir það í sjálfu sjer lítið að segja, því að eitt ár með hörkum og hagleysum, eins og t. d. 1920, drepur fleiri rjúpur en drápið nemur öll hin 6 árin. En tortímist þannig mikið af rjúpunni af náttúrunnar völdum, þá er hægur nærri að friða hana algerlega um tíma, þangað til henni hefir fjölgað á ný.

Þá var það auðvitað ekki annað en ljelegur útúrsnúningur hjá hv. þm. Barð. (HK), að jeg hafi hugsað mjer að vega með þessu upp á móti öllum skattaálögunum. Jeg sagði ekkert það, sem hægt væri að álykta þetta út frá. Hitt efa jeg ekki, að þetta sje spónn í aski þeirra manna, sem annars hafa þessar nytjar. Og á þeim tímum, sem öll þjóðin verður að leggjast á eitt með að spara, þá dugir ekki að láta slíkar nytjar ónotaðar.

Þá hefir selaveiði verið blandað inn í þessar umr., og hefir þar víst helst verið átt við ófriðun sels fyrir skotum. En það er líka álitleg tekjugrein að veiða selinn í net, og sú veiði kemur fleiri mönnum að notum. Er þar því alt öðru máli að gegna.

Frsm. meiri hl. (Björn Líndal): Jeg vil aðeins taka það fram, að nefndin mun fyrir 3. umr. taka til athugunar það, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði áðan um nauðsynina á sektarákvæðunum. Sömuleiðis vil jeg geta þess, að ein miðlunarleið er hugsanleg í máli þessu, sú, að stjórninni sje gefin heimild til að friða rjúpuna ár og ár, eftir því sem þörf er á í hvert skifti. Mun jeg sjá um, að það verði líka athugað í nefndinni.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg tel engan vafa á því, að hv. meiri hluti nefndarinnar hafi komist að rjettri niðurstöðu í

máli þessu, því að jeg tel, að sú leið, að friða rjúpuna 7. hvert ár, sje bæði óheppileg og síst til þess fallin að ná tilgangi sínum. Verði aftur á móti þörf friðunarráðstafana eftir fellivetur, þá er auðvitað altaf hægt að koma þeim við. En það hentar ekki að ákveða þann friðunartíma löngu fyrirfram, heldur verður það að gerast þegar náttúran sjálf í hvert skifti gefur tilefni til þess. Og þegar svo stendur á, að veiðitímabili er lokið, en rjúpan engu minni en venjulega, þá segir það sig sjálft, að engin þörf er á að fara þá að friða hana. Aftur getur það vel komið fyrir, að eftir mikinn fellivetur þurfi fleiri ára friðun, og er þá því síður ástæða til að tiltaka 1 friðunarár af 5 eða 7. Menn verða að gera sjer það ljóst, að hjer hefir löggjafanum mishepnast að ná þeim tilgangi, sem hann hefir óskað.

Jeg hygg, að rjett sje að fara eftir till. meiri hl. nefndarinnar, ef ekki á að lenda í óendanlegum deilum og lagabreytingum um þetta mál.

Hákon Kristófersson: Hv. þm. Borgf. (PO) sagði, að jeg hefði snúið út úr orðum sínum. Skil jeg ekki í, að svo hafi verið, enda var það hvorki löngun mín nje ætlun, en hitt er það, að jeg held, að honum hafi sjálfum orðið á að snúa út úr orðum mínum. Svo að á honum sannast: „Hægra er að kenna heilræðin en halda þau.“

Jeg bar aðeins saman athafnafrelsi manna og þær takmarkanir, sem á því væru gerðar oft og einatt með lögum. Í því sambandi mintist jeg á sel, lax og æðarfugl, sem menn vissulega fá ekki að skjóta eða veiða eftir vild sinni. Annars benti hv. þm. Borgf. á, að annað gilti með selinn en rjúpuna, því selirnir myndu geta flúið skotin og forðað sjer frekar en rjúpurnar. Hvað um það — jeg vildi aðeins drepa á þetta, ef hæstv. forseti skyldi hafa meint það til mín, að farið væri út fyrir efnið. Jeg gerði það ekki; jeg minti aðeins á takmarkanir á athafnafrelsi manna, sem gerðar væru í þessu máli eins og með öðrum lögum, sem jeg drap á.

Um málið ætla jeg ekki að tala frekar. Það getur hver jetið þessar horuðu rjúpur, eins og skáldið sagði, fyrir mjer.

Ingólfur Bjarnarson: Af því að hv. þm. Borgf. (PO) beindi því hálfgert til mín að bera vitni í máli þessu, þá vil jeg segja nokkur orð. Rjettmæti frv. virðist byggjast á því, hvort rjúpunum hefir fjölgað svo mikið undanfarið, að heppilegt sje nú að leyfa aftur að drepa þær. Hafa komið fram mismunandi skoðanir um þetta, og sýnist helst koma í ljós, að rjúpunum hafi fjölgað mismunandi mikið í hinum einstöku landshlutum. Þó virðist auðsætt á því, sem fram hefir komið, að rjúpunum hefir fjölgað mikið víða um land. Og jeg verð að taka það upp aftur, sem jeg sagði við 1. umr., að um vesturhluta Þingeyjarsýslu, og eins í Eyjafjarðarsýslu, var álitið síðastliðið haust, að rjúpan væri orðin mjög útbreidd og fjöldi hennar með langmesta móti, eftir því sem verið hefir um síðastliðin 10 ár. Sama virðist ekki eiga sjer stað um land alt, og furðar mig á, að ekki sje líkt á komið um þetta atriði. Og nú hefir verið mildur vetur, að minsta kosti fyrir rjúpur, og býst jeg því fyllilega við, að næsta haust verði, þar sem jeg þekki til, geysilega mikið af rjúpum. Jeg hefi fengið þetta staðfest í samtali, sem jeg átti við mann úr mínu hjeraði í gær. Jeg drap á þetta mál við hann, og

var hann mjer sammála og sagði, að nú væri sjáanlegur fjöldi af rjúpum.

Jeg vil minnast á þær brtt., sem fram hafa komið, og þó ekki með mörgum orðum. Vil aðeins lýsa því yfir, að jeg felli mig mjög vel við brtt. hv. meiri hl. um að stytta veiðitímann árlega, en fella niður alfriðunarárin. Og jeg vil taka undir það, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að það getur verið óheppilegt að ákveða viss friðunarár, og muni betra að grípa til slíks þegar rjúpurnar falla í harðindum. Því jeg hygg, að þær hverfi meira vegna ills árferðis en skota. Og þegar veiðitíminn er styttur svo mikið, sem frv. gerir ráð fyrir, hjálpar það mikið til um viðhald rjúpunnar, en hitt ákvæðið er rjettara að hafa óákveðið cg að ekki sje gripið til þess, nema þegar ástæða er til. Jeg get líka sem gamall veiðimaður getið þess, að jeg tel óheppilegt, hve snemma var byrjað að veiða rjúpurnar á haustin. Þær voru ekki þroskaðar orðnar og urðu oft óheppileg og skemd verslunarvara á þeim tíma. En hinsvegar hætt við, að þær sjeu drepnar unnvörpum í janúar, þegar hart er og þær neyðast til að leita sjer bjargar heima við bæi. Jeg mun því sem sagt greiða þessari brtt. atkvæði mitt, en falli hún, mun jeg aðhyllast brtt. á þskj. 178.

Frsm. meiri hl. (Björn Líndal): Jeg vil lýsa því yfir, að meiri hl. mun til 3. umr. koma fram með miðlunartill. í þá átt, að gefa ríkisstjórninni heimild til þess að alfriða rjúpuna eitt ár í senn með reglugerð, þegar ástæða er til, og er þá bætt úr því, þótt numin verði úr lögum fyrirfram ákveðin ársfriðun, sem hv. 1. þm. S.-M. er svo sárt um. En eins og hæstv. fjrh. (JÞ) gat um, þá eru þessi alfriðunarár, þannig löngu fyrirfram ákveðin, oftast gagnslaus. Jeg hefi heimild til að lýsa þessu yfir fyrir hönd nefndarinnar, því hún hefir borið sig saman um málið.

Jón Sigurðsson: Það eru örfá orð. Hv. þm. Borgf. (PO) taldi hættulaust, að friðunarárin fjellu niður, ef tíminn yrði styttur. Mjer virtist hann þó bæði við 1. umr. og þessa vera að leitast við að sanna hið gagnstæða. Hann var sem sje að leitast við að sanna, að menn skytu engu að síður á friðunarárunum (*PO:* Já, í grend við Reykjavík) en hin árin, og með því hefir hann ósannað alt, sem hann sagði nú síðast. En hvað myndu menn þá ekki skjóta rjett á undan og eftir friðunartímanum? Það virðist liggja í augum uppi.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. fjrh. (JÞ) stingur upp á, að farin sje sú leið að fela stjórninni friðunarákvæðin, þá játa jeg, að þetta er möguleiki. En jeg vil benda á, að það mun undantekning, að rjúpnar falli eins og 1920 um alt land. Hitt kemur iðulega fyrir, að þær falli í einum landshluta gersamlega, og eftir þeim upplýsingum, sem gefnar hafa verið, sýnast þær ekki flögra mikið á milli. Á einum stað er nóg af þeim, á öðrum ekkert. Það gæti því orðið álitamál fyrir stjórnina, hvort hún ætti að friða þær, nema þegar þær fjellu um alt land, eða hvort hún ætti að friða þær, þegar þær gerfjellu á Norðurlandi, þó nóg væri um þær á Suðurlandi. Mjer sýnist stjórnin aðeins vera að skapa sjer vafninga með þessu, og vil því halda fast við, að þær sjeu friðaðar sjöunda hvert ár, eins og verið hefir.

Fjármálaráðherra (JÞ): Ef það er rjett, að ástæða sje til að friða rjúpuna í einum landshluta, en ekki í öðrum, þess

meiri ástæða finst mjer til að fela stjórninni málið og láta hana skipa fyrir um friðunina með reglugerð, því þá getur hún tekið fylsta tillit til þarfarinnar. Hitt virðist miklu undarlegra, að fara að friða rjúpur um alt land, ef fæð er í einum landshluta en nægð í öðrum, svo framarlega, sem rjett er, að þær flytjist ekki á milli.

ATKVGR.

Brtt. 263,1 (ný 1. gr.) samþ. með 16:7 atkv.
— 167 og 178 fallnar þar með.
— 263,2 a—b (nýjar gr., verða 2.—3. gr.) samþ. með 16:1 atkv.
— 263,3 (ný 2. gr., verður 4. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 263,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:5 atkv. með fyrirsögninni:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 371, 419).

Frsm. meiri hl. (Björn Líndal): Jeg gat þess við 2. umr., að meiri hl. landbn., sem þá kom með brtt. á þskj. 263 við frv. eins og það kom frá hv. Ed., mundi koma með frekari brtt. við þessa umr. Eru þær á þskj. 419, sem var útbýtt hjer í gær.

Eins og hv. þm. hafa sjeð, er aðalbreytingin í því fólgin, að stjórninni er veitt heimild til að friða rjúpuna alt árið, ef ástæða er til þess.

Í öðru lagi er nýmæli, sem fer í þá átt, að unt sje að ná sjer niðri á þeim mönnum, sem selja og kaupa rjúpur á friðunartíma. Það er dálítið vafabundið, hvernig orða ætti greinina og hver þörf væri fyrir hana, þegar rjúpan er ekki friðuð alt árið, heldur aðeins hluta þess. Því þegar rjúpurnar eru skotnar árlega, getur verið afsakanlegt, þótt menn kaupi rjúpur, sem skotnar hafa verið á friðunartíma, því þeim þyrfti ekki að vera kunnugt um, að svo væri. Þess vegna er ætlast til þess, að þeim mönnum sje aðeins refsað, sem það sannast á, að versli með rjúpur, sem þeir vita, að eru veiddar á friðunartíma. Því annars gæti maður átt á hættu, að saklausir liðu hegningu.

Annars eru brtt. svo skýrar og glöggar, að jeg sje ekki ástæðu til að fara um þær fleiri orðum, en vona, að hv. þdm. geti fallist á þær.

ATKVGR.

Brtt. 419,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 419,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:1 atkv. og endursent Ed.

Á 54. fundi í Ed., föstudaginn 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 436).

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 28. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Sigurður Jónsson: Eins og þetta frv. lítur nú út eftir meðferðina í hv. Nd. verður tæplega sjeð, að um sama frv. sje að ræða og það, er hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) bar fram. Í því er t. d. engin árs-

friðun, en aftur á móti er stjórninni heimilað að ákveða friðun með bráðabirgðalögum, þegar hún álítur nauðsynlegt. Þó landbúnaðarnefnd sje ósamþykk ýmsum atriðum frv., telur hún rjett að leyfa því að ná fram að ganga.

Guðmundur Ólafsson: Jeg verð að taka í sama streng og hv. 2. landsk. þm. Álít jeg breytingar þær, sem orðið hafa á frv., síst vera til bóta, nema að ófriðunartíminn er styttur. Einkum legg jeg talsvert mikið upp úr því, að eftir frv. nú eru rjúpurnar friðaðar í janúarmánuði, því að í þeim mánuði og síðari hluta des. eru menn og harðindi oftast samtaka um að eyða þeim. Er eftirsjá að ársfriðuninni. Þó bætir nokkuð heimild ríkisstjórnarinnar til friðunar, ef ástæða þykir til. Verð jeg því eftir atvikum að leggja til, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 471).

33. Friðun á laxi.

Á 6. fundi í Nd., föstudaginn 22. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um afnám laga nr. 7, 6. júní 1923, um breyting á lögum um friðun á laxi (þmfrv., A. 33).

Á 8. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg þarf ekki að fylgja frv. því, sem hjer liggur fyrir, úr garði með langri ræðu. Helstu ástæðurnar, sem til þess liggja, að það er fram komið, má finna í greinargerð þeirri, sem því fylgir, en þó eru nokkur atriði, sem jeg vildi gjarnan fara nokkru ítarlegar út í.

Það orð hefir lengi legið á oss Íslendingum, að vjer kynnum illa að gæta þeirra hlunninda, sem land vort býður. Er þess getið meðal annars í Landnámabók, að þá hafi ár allar og lækir verið full af fiski, er vorir fyrstu landnámsmenn settust hjer að. Mjer þykir vel hlýða að minna á þetta í þessu sambandi, svo vel sem það er fallið til samanburðar við það, sem nú er. Og engum efa er það undirorpið, að orsakanna til þeirrar breytingar, sem orðin er í þessu efni, er að leita hjá oss sjálfum. Gegndarlaus misbrúkun þessara hlunninda, sem svo margra annara, er land vort hefir átt, hefir komið oss sjálfum í koll og vjer höfum verið tornæmir á það, sem dýr reynsla ætti að hafa kent oss fyrir löngu, að svo er helst arðs að vænta af þeim hlunnindum, sem landið býður oss, að vjer gætum þeirra sem best, og því er það skylda allra góðra manna að leggja sitt til, að sem mestrar fyrirhyggju sje gætt og sem ötulast sje staðið á verði gegn öllu því, sem rýrt getur þessi gæði landsins, hvort sem það kemur fram við nútíðina eða þær kynslóðir, sem byggja landið á eftir okkur.

Einmitt með þetta fyrir augum hefi jeg leyft mjer að leggja þetta frv. fyrir hv. deild. — Öllum, sem kunnugt er um það, hvernig laxinn í Ölfusá hagar göngu sinni, hlýtur að koma saman um það, að mjög sje óheppilegt, að leyft sje að hafa veiðivjelar í ánni allan þann tíma, sem laxinn veiðist. — Hv. þm. munu allflestir kannast við frv. þetta frá í fyrra, þó

það kæmi þá fram í nokkru öðru formi og annars efnis. Á því máli á jeg ekki sök og svara ekki til þeirra athafna, sem þá voru gerðar. Hitt þori jeg að fullyrða, að þessi breyting var ekki heillavænleg, hvorki þeim, sem veiði áttu í þessari á, eða annarsstaðar. Fái lögin frá 1923 að standa, er alveg víst, að það hefir skaðleg áhrif á göngu laxins eftir ánni, og það er fullvíst, að menn munu færa sjer slíka undanþágu á ýmsan hátt í nyt. Það er sem sje í ráði að útbúa nýjar veiðistöðvar í Ölfusá, miklu neðar á ánni en áður hefir verið stunduð veiðin, niðri undir ósum hennar, og það er álit manna, að hægt muni að taka með þessu móti máske nær hvern lax, sem gengur í ána. Með þessu er auðvelt að eyðileggja á örfáum árum mikilsverð laxveiðahlunnindi fyrir þeim, sem ofar búa við ána, og að lokum alla veiði í ánni á fáum árum.

Á síðasta þingi var laxveiðimálið afgreitt frá Ed. til stjórnarinnar, þannig að á hana var skorað að endurskoða laxveiðilögin gömlu og leita álits sýslunefnda og bæjarstjórna um málið, og gera þær breytingar á lögunum, sem hún áliti best henta. En sá undirbúningur hlýtur að taka talsverðan tíma og löng bið getur orðið á þessu máli, til stórspillis veiðinni. Þess vegna er þetta frv. fram komið. Fregnin um þessa nýju veiðiaðferð í Ölfusá, sem mun vera í ráði að byrja, ýtti mjög undir, að þetta frv. kæmi þegar fram.

Gömlu laxveiðalögin mæla svo fyrir, að árnar skuli vera opnar 36 stundir á viku, og er það síst of mikið, og því óhyggilegt, ef á að draga úr því. Erlendis eru lögin mjög víða miklu strangari í þessu efni. Hjá Norðmönnum t. d. standa árnar opnar um veiðitímann 72 stundir á viku, og sumstaðar þar í landi jafnvel lengur, þar sem þess er álitin þörf vegna viðhalds veiðinnar. Á síðari árum er hjer víða kominn upp lofsverður áhugi hjá mönnum að auka laxveiði með klaki, og er það vel farið; en þessi lög frá síðasta Alþingi eru rothögg á þá viðleitni manna. Til hvers er að klekja upp laxi, ef hann er tekinn allur jafnóðum og hann vex upp við árósana, og þannig upprættur á fáum árum? Fái þessi undanþága að standa í lögum til lengdar, mun hún verða til að eyðileggja laxveiði í mörgum ám, og er það illa farið. Menn ættu heldur að stuðla að því að auka laxgönguna. Jeg býst eins vel við því, að ef þessi lög gilda áfram um Ölfusá, muni fleiri undanþágur koma á eftir, og sjá nú allir, hvert þá stefnir. Fer jeg svo ekki fleiri orðum um þetta mál, en vona, að hv. deild taki frv. þessu vel. Legg jeg svo til, að þessu frv. verði vísað til allshn. að umræðunni lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 62 og 63, 64).

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg þykist ekki þurfa að bæta miklu við það, sem jeg sagði við 1. umr. og nál. meiri hl., en þó vil jeg víkja að nokkrum atriðum, sem valda því, að hjer er farið fram á afnám þeirrar breytingar á laxafriðunarlögunum, sem samþykt var í fyrra.

Svo sem kunnugt er, gerði síðasta þing þá breytingu á laxafriðunarlögunum frá 1886, að veiðieigendur í Ölfusá voru

keystir undan þeirri skyldu að taka net sín upp 36 tíma um hverja helgi. Með þessu er algerlega brotið í bág við stefnu laganna frá 1886 og lög þau og venjur, sem gilda með öllum þeim þjóðum, sem kunna að meta og vernda hlunnindi sín. Lögin frá 1886 voru ágæt á sínum tíma og hafa komið að ágætu haldi, en síðan þau voru sett hafa aðrar þjóðir gert margar breytingar á samskonar lögum sínum, sem allar fara í þá átt að tryggja þessi hlunnindi enn betur en áður. En þá verður það undarlega fyrirbrigði, að síðasta þing gerir lagabreytingu, sem stórspillir veiðinni í Ölfusá. Jeg skal ekki fara út í það, hvað ráðið hefir um þetta, en geri ráð fyrir, að ókunnugleiki hafi valdið um atkvæði flestra háttv. þm. En þó að svo hafi verið, þarf nú ekki lengur að bera það fyrir, því að síðan hafa komið umkvartanir frá öllum þeim, sem veiði eiga fyrir ofan Ölfusá, og áskoranir, ekki einungis um að fella þessi nýju lög úr gildi, heldur einnig um að herða á gömlu lögunum. Um þetta var haldinn fundur og kosin nefnd, sem gerði tillögur um málið, er lagðar voru fyrir sýslunefndarfund. En sá fundur samþykti áskorun til þingsins um að nema lögin frá 1923 úr gildi og gera breytingar á lögunum frá 1886, í þá átt, að laxinn yrði sem allra minst hindraður í göngu.

Þetta er ástæðan til þess, að frv. er fram komið. Jeg hefi ekki farið í því eins langt og menn óskuðu þar eystra. Jeg tel sem sje rjettara, að frekari umbætur verði látnar bíða þangað til stjórnin hefir leitað álits sýslunefnda um málið. Svo sem menn muna, voru lögin í fyrra afgreidd frá hv. Ed. með þeim ummælum, að stjórnin undirbyggi frekari breytingar á lögunum frá 1886. En að jeg flyt þetta frv. nú þegar, er fyrir eindregna ósk manna þar eystra, til þess að koma strax í veg fyrir þau veiðispjöll, sem þessi undanþága hlýtur að gera.

Jeg skal þá víkja nokkrum orðum að nál. minni hl. Því miður gat allshn. ekki orðið sammála um að leggja til við hv. deild, að frv. yrði samþykt. Ber minni hl. það fyrir sig, að engar upplýsingar hafi komið fram, er breytt geti ástæðum þingsins í fyrra til að samþykkja lögin. Þetta þykir mjer kynlegt, þar sem háttv. meðnefndarmenn mínir höfðu fyrir sjer óskir sýslunefndar og voru kunn tildrög þess, að sýslunefndin tók málið upp. Jeg veit ekki, hve nákvæmar upplýsingar þeir þykjast þurfa, en það kemur vonandi fram síðar. Jeg verð að segja, í tilefni af ummælum minni hl., að jeg get ekki sjeð, á hverju Alþingi hefir í fyrra bygt þessa lagasmíð. Hún gengur í berhögg við venjur og lög allra þjóða, sem láta sig nokkru varða þessi hlunnindi. Til þess hefðu átt að liggja ríkar ástæður.

Jeg vil leyfa mjer að benda hv. minni hl. á að kynna sjer, hvernig farið hefir verið með laxveiði hjer frá fyrstu tíð og hversu mikil hún var og er nú. Sumstaðar er veiði horfin með öllu og víða hefir hún minkað stórkostlega, og með lagasmíðinni frá því í fyrra er þessari stefnu gefinn byr undir báða vængi, til stórspillis fyrir veiðiafnot í bráð og lengd. Það virðist rjettara að reyna heldur að auka þessi hlunnindi með laxaklaki og meiri friðun, og mun þá sannast, að meira mun veiðast á 2 dögum í viku en nú á 6. En jeg álít, að þesskonar fyrirmæli eigi ekki að koma öðruvísi en vel undirbúin, og hefi því ekki viljað hrófla við gömlu lögunum að sinni. En það er augljóst, að löggjafarvaldið verður að

varðveita þessi hlunnindi og takmarka afnot manna af þeim, svo þau verði ekki til spillis.

Brtt. hv. 1. þm. Árn. (MT) kom ekki fram fyr en allshn. hafði tekið afstöðu til frv., en jeg hefi átt tal um hana við háttv. meðnefndarmenn mína. Minni hl. leggur á móti brtt., svo sem búast mátti við, þar sem hún fer í svipaða átt sem frv. Meiri hl. getur ekki heldur fallist á að leggja til við hv. deild, að brtt. verði samþykt. Jeg tel litlu skifta, hvort brtt. verður samþykt, en verð þó að mæla á móti henni af þeirri ástæðu, að svo getur farið, að frv. falli, ef brtt. nær fram að ganga. Hinsvegar tel jeg ekki vafamál, að það atriði, sem brtt. fer fram á, sje heimilt samkvæmt lögunum frá 1886. Í 1 gr. er svo mælt fyrir, að sýslunefnd skuli ákveða, hvenær veiðitíminn byrji og endi, en hann skuli ekki vera lengri en 3 mánuðir. Byrjun veiðitímans er sett sýslunefndum í sjálfsvald, og er hún mismunandi í ýmsum ám, eftir því, sem sýslunefnd ákveður. Á þennan hátt eru lögin framkvæmd, og virðist mjer sem það geti átt við í Árnessýslu, ekki síður en annarsstaðar. En þetta er aðalatriðið í brtt. Jeg hygg, að þótt margar ár falli til sjávar um einn ós, sje ekkert til fyrirstöðu því, að veiðitíminn sje mismunandi í þeim, eftir því, sem best þykir henta. 1. gr. bannar það ekki og önnur fyrirmæli laganna styðja það. Jeg skal í því sambandi benda á 6. gr., sem jeg vil leyfa mjer að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta (BBv):

„Nú vill meiri hluti veiðieiganda í á, sem lax gengur í, veiða í fjelagi, til að koma á meiri friðun, en lög þessi ákveða, og skulu þá þeir, sem friðunina vilja fram hafa, leggja málið fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd. Álíti sýslunefndin rjetti einskis hallað, skal hún semja reglur fyrir veiðiaðferðinni og skiftingu á veiðinni, og eru allir hlutaðeigendur skyldir því að hlíta. Þegar svona stendur á, skal höfuðáin og allar laxgengar ár, sem í hana renna, álítast sem ein á.“

7. gr. bendir enn ótvíræðara á þetta, með leyfi hæstv. forseta (BSv):

„Nú er svo háttað á einhverjum stað, að nauðsyn þykir til bera, að kveða skýrara á um eitthvað það, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er sýslunefnd einni eða fleirum heimilt að setja um það reglugerð, en þó svo, að grundvallareglum laga þessara um friðun laxins og frjálsa göngu sje í engu haggað. Reglugerðir sýslunefnda, sem getið er í þessari grein og 6. gr., skal amtmaður staðfesta, og fá þær þá fult lagagildi um næstu 10 ár.“

Þetta sýnir, að sýslunefndum er gefið það mikið vald, að þær geta ráðið, hvernig veiðinni er hagað. Einungis um Ölfusá getur sýslunefndin engu ráðið, þar sem lögin frá 1923 gefa þeirri á sjerstöðu, sem fer í bág við lögin frá 1886. Þau leggja áherslu á, að ramminn, sem þau tiltaka, sje ekki þrengdur. Það er augljóst, að þingið 1886 hefir verið fult svo glögt á þessa lagasmíð sem síðasta Alþingi.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Svo sem hv. frsm. meiri hl. (JörB) hefir frá skýrt og fyrir liggur í þingskjölum, höfum við 2 nefndarmenn ekki getað orðið sammála meiri hl. Jeg hafði hálft í hvoru búist við, að hv. frsm. meiri hl. mundi tala af fult svo miklum móði og fram kom, en hann vildi sýnilega sitja á sjer, og er það ekki nema virðingarvert. Af hálfu minni hl. er þetta hitalaust mál, en sama verður varla sagt um hv. frsm. meiri hl.

Þegar frv. um þessa undanþágu kom fram á þingi í fyrra, var það nokkuð víðtækara en þegar það var afgreitt. Þar var farið fram á, að þessi undanþága skyldi ná til Ölfusár og þeirra straumvatna, sem í hana renna. Þingið vildi ekki sinna því, enda var þingmönnum ljóst, að 36 tíma friðun á viku er alveg nauðsynleg, og kom þinginu ekki til hugar að skerða hana. Hinsvegar komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að því er mig minnir í einu hljóði, að svo sjerstaklega stæði á um Ölfusá, að í vatnsmagni hennar og erfiðleikum að stunda veiði í ánni sje eins mikil friðun á laxinum sem 36 tíma friðun í öðrum ám. Ölfusá er að jeg ætla vatnsmesta á á landinu, og þó að jeg sje ekki verulega kunnugur staðháttum þar, eins og hv. frsm. meiri hl. hefir óspart látið mig heyra í viðræðum, eru fleiri menn kunnugir þar eystra en hann. Hv. meðnefndarmaður okkar, 1. þm. Reykv. (JÞ), er þar vel kunnugur, og þá hygg jeg, að menn verði að telja, að þeir 4 hv. þm., sem voru fulltrúar Árnes- og Rangárvallasýslna í fyrra, hafi verið eitthvað kunnugir staðháttum nálægt Ölfusá. En þeir lögðu allir fast með undanþágunni.

Það var einungis einn hv. þm., sem lagðist gegn frv. í fyrra, en þegar nefndin hafði dregið úr undanþágunni og lýst yfir, að þetta bæri ekki að skoða sem fordæmi fyrir undanþágur annarsstaðar, hygg jeg, að hugum manna hafi orðið rórra, enda var frv. afgreitt frá báðum deildum með miklu atkvæðamagni. Sennilega hafa flestir þá búist við, að málinu væri ráðið til lykta fyrst um sinn, og ekki látið sjer koma til hugar, að það mundi tekið upp á ný þegar á næsta þingi og farið fram á, að undanþágan væri aftur numin úr lögum. Jeg vona, að hv. þm. geti verið mjer samdóma um það, að þetta sje ekki gerandi, nema leiddar sjeu að því, ekki einhverjar ástæður, heldur skýrar og ótvíræðar ástæður. Þó að einhver rökfimur maður geti ef til vill fundið eitthvað að nýsettum lögum, er það ekki næg ástæða til að hlaupa til og breyta þeim eða afnema; því að tíðar lagabreytingar skapa rjettaróvissu. Þær ástæður, sem hv. flm. og frsm. meiri hl. hefir borið fram í greinargerð fyrir frv., nál. meiri hl. og framsöguræðum sínum, lágu jafnt fyrir í fyrra. Jeg álít það tímatöf eina að fara að deila við hann um ástæður Alþingis í fyrra til að veita þessa undanþágu. Það um það. Þá voru rök færð fram með og móti frv., og fjelst Alþingi á, að rjett væri að gera það frv. að lögum.

Þeir, sem því halda fram, að hjer hafi verið framið stórkostlegt skaðræðisverk, hljóta að leggja mikið upp úr því gagni, sem verður af þessari 36 tíma friðun, sem netin eiga að liggja á landi. Jeg segi eiga, því að jeg skal ekki segja neitt um það, hve vel menn hlýða þessu fyrirmæli. Það er eins og mönnum þyki þessir 36 tímar svo miklu merkilegri en hinir 132 tímar vikunnar. Þeir, sem nokkuð þekkja til þess, hve mikið vantar á, að Ölfusá sje þvergirt, geta gert sjer í hugarlund, hve miklu þessir 36 tímar ráða þar um göngu laxins.

Nú er það auðvitað mál, að net eru helst lögð þar, sem grynningar eru. Jeg skal játa, að jeg hefi ekki rannsakað það mál, hvort lax gangi fremur um grynningar eða í dýpi. En hitt er augljóst, að höfundar laxafriðunarlaganna 1886 hafa ætlað, að laxinn gengi fult svo mikið upp eftir hinum dýpri hluta árinnar, því þar er leyft að leggja net út í miðja ána því aðeins, að hinn helmingur árinnar sje ekki

grynnri. — Nú er eins og sumir hv. þm. álíti, að allur lax, sem komist upp eftir ánni framhjá veiðivjelunum, hljóti að fara það á þeim 36 klukkustundum í viku, sem hann er friðaður, því annars hefði engin skepna átt að fást fyrir ofan þær. — Að bera okkur í þessu efni saman við önnur lönd og þjóðir er að mestu leyti villandi, því að það er alkunnugt, að því fjölbygðari, sem löndin eru, því nær ganga menn náttúrugæðum landanna og því meiri þörf verður á ströngum verndunarákvæðum. Þar hafa menn og að jafnaði tök á því að kosta meiru til veiðanna, og geta því gengið nær, ef ekki er lögverndað.

Þá er í nál. meiri hlutans minst á einhvern undirbúning undir stórfeldar veiðivjelar við ósa Ölfusár, sem eyðileggi alveg laxveiðina ofar í ánni, ef undanþágan verði ekki numin úr gildi. Þessu viðvíkjandi má geta þess, að lögin frá 1886 innihalda ákvæði um það, hvernig þær veiðivjelar megi vera, og takmarka líka, hvað mikið af vatni megi girða fyrir. Þetta ætti þá líka eins að snerta þá, sem búa neðan til við Ölfusá og nú vilja njóta undanþágunnar, eins og þá laxveiðieigendur, sem ofar búa, og myndu þeir því eins hafa borið sig upp undan þessu, ef þeir teldu hættuna mikla. — Svo virðist líka, eftir því að dæma, hvernig veiðitíminn er ákveðinn, sem uppsveitamenn hafi borið hina, sem neðar búa, ofurliði. Því veiðitíminn byrjar þar mjög seint — c. hálfum mánuði síðar en í Elliðaánum — og skilst mjer, að það sje með hagsmuni þeirra fyrir augum, sem ofar búa. — Enn má og taka það fram, að álitið er, að laxinn gangi mjög hratt neðan til, sumpart af hræðslu við sel, og þar sem líka er mjög erfitt að veiða í ánni neðan til sökum straumhörku og vatnsmegnis, þá mætti ætla, að það væri ekki óeðlilegt, þótt þeim, sem þar búa, væri veitt þessi lítilfjörlega ívilnun.

Eina gilda ástæðan fyrir því að nema undanþáguna úr gildi, væri sú, ef sýnt væri fram á, að kipt hefði mjög við hana úr laxveiði ofan til í ánni. En um það atriði verður ennþá ekkert sannað. Jeg hefi reynt að afla mjer upplýsinga því viðvíkjandi hjá kunnugum mönnum, og má um þær skýrslur segja: klipt var það, skorið var það. Sumir segja þetta og aðrir hitt. Hið eina skynsamlega verður því þá að þræða bil beggja og segja, að þetta hafi engin áhrif haft, og þá hverfur sú ástæðan, að menn fyrir þessar sakir gefist upp við laxaklak. Veit jeg það og líka, að þeir, sem neðar búa við ána, eru fúsir að styðja þá viðleitni með fjárframlögum.

Þá kem jeg að brtt. hv. 1. þm. Árn. (MT). Mjer þótti það kynlegt, að hv. 2. þm. Árn. (JörB) taldi þær fara í sömu átt sem sitt frv., nefnilega meiri friðun á laxi. Jeg álít brtt. koma út aðeins sem lenging veiðitímans.

Það er vitnað mikið í ákvörðun sýslunefndar Árnessýslu í þessu máli og henni hrósað fyrir þann áhuga á friðun laxins, sem í henni komi fram. En þess er þá einnig rjett að geta, að sami fundur óskaði eftir því, að veiðitíminn yrði lengdur um einn mánuð. Það skilst mjer, að fari í öfuga átt við meiri friðun á veiðinni, en til þessa virðist mjer einmitt brtt. hv. 1. þm. Árn. stefna, sem sje að gefa mönnum kost á að vera 1 mánuði lengur að eyða laxinum.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta að sinni, en vænti þess, að hv. deild meti þessar ástæður á móti frv. og að

henni sje það ljóst, hversu óheppilegt það er að hringla með löggjöf, sem þingið er nýbúið að setja, þegar ekki eru því ríkari ástæður fyrir hendi til að gera það.

Þórarinn Jónsson: Jeg skal lofa því að lengja ekki umræðurnar mikið frá því, sem orðið er, en jeg fylgdist nokkuð með í þessu máli á síðasta þingi, og vil því gera stutta grein fyrir því, hvernig það var borið fram þá. — Þá var það flutt á þeim grundvelli, að það væri eindregin ósk allra hlutaðeigenda, að undanþágan frá friðunarlögunum yrði veitt. Að þessar óskir væru aðalástæðan fyrir því, að frv. var þá komið fram, gat engum blandast hugur um, og munu hv. þm. hafa talið þá ástæðu svo mikils virði, að sjálfsagt væri, að undanþágan yrði veitt. En mjer var það þá þegar ljóst, að með henni væri í raun og veru verið að kippa fótunum undan einhverju mikilvægasta atriði í laxafriðunarlögum vorum, og jeg taldi það alveg fyrirsjáanlegt, að með þessu fordæmi væri opnuð leiðin fyrir fleiri samskonar undanþágur fyrir veiðieigendur frá öðrum ám, sem þingið myndi eiga erfitt með að neita um. Jeg skal nú ekki fara út í allar þær röksemdir, sem bornar voru fram í málinu, en jeg man, að ein höfuðástæðan fyrir rjettmæti undanþágunnar var talin sú, að annarsstaðar væri ekki hægt að veiða lax í Ölfusá en neðan Selfoss. Yfirleitt virtist hver heimskan reka aðra og hver röksemdin ganga af annari dauðri. Nú aftur á móti er frv. borið fram vegna þess, að sýslunefnd Árnessýslu hefir óskað, að undanþágan yrði numin úr gildi, og að mikið sje nú gert til þess að koma á klaki, en það verði þýðingarlaust, ef undanþágan verði látin vera við lýði. Þar á ofan er svo undirbúningur væntanlegur undir stórfeldar veiðivjelar við ósa Ölfusár, sem gæti orðið mjög hættulegar veiðinni ofar með ánni. Alt þetta fer í bága við það, sem talið var fram á þinginu í fyrra.

Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) talaði um þær takmarkanir, sem lögin frá 1886 settu fyrir því, hverjar veiðivjelar menn mættu nota og hvað mikinn hluta árinnar mætti girða. Þar er ákveðið, að leggja megi net með 30 faðma millibili frá báðum löndum. En hvers vegna ekki að víkja líka frá þessu atriði? Laxafriðunarlögin skipa fyrir 36 klst. friðun á laxi hverja viku, og með undanþágu frá því atriði er allur kjarni laganna drepinn.

Að það sje af ókunnugleika sprottið, ef menn viðurkenni ekki þörfina á undanþágu fyrir Ölfusá, fæ jeg ekki skilið, þó háttv. 4. þm. Reykv. teldi svo vera. Jeg hefi sjálfur sjeð Ölfusá og þykist þess fullviss, að innanhandar sje að koma þar við lögnum og framfylgja í öllum greinum friðunarlögunum frá 1886.

Háttv. 4. þm. Reykv. þóttist ekki geta skilið, hvernig undanþágan gæti orðið skoðuð sem fordæmi. En það er alveg óhugsandi, að hún verði skoðuð annað. Og sannfærður er jeg um það, að hún felur í sjer mestu hættuna fyrir laxafriðunarlögin, sem þingið gat gert sig sekt í. Það eru einmitt svona undanþágur, sem leysa lögin upp. Og á þeim sama tíma, sem aðrar þjóðir leggja sem mesta rækt við að auka og halda við hlunnindum lands síns, ættum vjer líka að sýna samskonar gætni og forsjálni, eftir því sem oss er unt. Með það fyrir augum vænti jeg, að háttv. deild skoði ekki hug sinn um að fella úr gildi þessa undanþágu, sem illu heilli er orðin að lögum, og gangi eins kappsamlega fram

í því eins og hún áður var fljót á sjer að samþykkja hana.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Það voru nokkur orð í ræðu hv. 4. þm. Reykv. (MJ), sem voru þannig vaxin, að þeim má ekki vera ómótmælt. Hann hóf mál sitt á því, að þakkarvert væri, að jeg hefði ekki verið frekari í orðum við umræður þessa máls en raun hefði á orðið, eftir þeim viðræðum að dæma, sem jeg hefði átt við hann. Mjer koma orð þessi kynlega fyrir, þar sem mig rekur ekki minni til að hafa átt tal um þetta mál við hann persónulega, nema lítillega í morgun, og veit jeg ekki, hvað í þeim orðum, sem þá fjellu millum okkar, gat gefið honum ástæðu til þessara ummæla. Annað samtal viðvíkjandi þessu máli hefi jeg ekki átt við hann, nema á nefndarfundi, og þá algerlega þykkjulaust. Hitt má hann vita, að jeg læt mjer ekki á sama standa, hvort hið háa Alþingi afgreiðir frá sjer lög, sem til skemda horfa, þó honum kunni að liggja það í ljettu rúmi. En það hefir ekki verið háttur þm. hingað til að draga inn í umræður á þingfundum orð, sem fallið hafa í persónulegum viðræðum. Hefir slíkt löngum þótt lítill drengskapur. Segi jeg þetta ekki vegna þess, að jeg biðji mjer nokkurrar vægðar frá hans hálfu. Hann má gjarnan, ef hann vill, segja frá öllu, er okkur hefir farið á milli, aðeins ef hann hermir það rjett eftir, bæði í þessu máli og öðrum. En jeg mun eftirleiðis, þegar jeg á tal við þennan háttv. þm., hafa í huga, hvern jeg á tal við.

Þá vildi jeg víkja nokkrum orðum að fáeinum atriðum í röksemdafærslu þessa háttv. þm., þótt fyrir ýmsar sakir væri erfitt að komast til botns í henni. Háttv. þm. viðurkendi, að hann vantaði mjög allar upplýsingar viðvíkjandi veiði í ánni og áhrif undanþágunnar. Hinsvegar gat hann þess, að hann hefði átt tal um málið við kunnuga menn, og hefðu skoðanir þeirra verið ýmist með undanþágunni eða móti. Jeg hefði nú búist við því, að hv. þm. væri svo skyni borinn, að hann kynni að meta nokkuð ástæður fyrir framburði manna með og móti í þessu máli. Jeg bjóst satt að segja við, að álit sýslunefndar hefði getað gefið honum nokkra vísbendingu um það, hvern hug menn almennt bæru í þessu máli í Árnessýslu, og er þá fljótsjeð, að skoðun sýslunefndar er sú, að þessi undanþága skuli úr gildi numin.

Hvað því viðvíkur, að sýslunefndin hafi með fárra atkvæða mun lýst yfir vanþóknun sinni á undanþágunni, þá er þetta ekki rjett. Jeg hygg, að skoðun allra sýslunefndarmannanna hafi verið í þá átt, að nema bæri úr lögum undanþáguna. Jeg get hugsað mjer, að aðeins einn sýslunefndarmaðurinn, sem sjerstakra hagsmuna hefir að gæta, hefði greitt atkvæði með henni, ef til þess hefði komið, og efast jeg þó um, að hann hefði gert það. En atkvæðagreiðslan fór ekki fram um þetta atriði, heldur um það, hvort ekki væri rjett að lengja friðunartímann upp í 48 stundir á viku, úr 36 stundum, sem lögin frá 1886 ákveða, og var ekki nema eðlilegt, að menn gæti greint á um það.

Þá mintist háttv. 4. þm. Reykv. á það, að áin væri svo vatnsmikil, að laxinn hefði mjög frjálsa göngu þrátt fyrir netalagnirnar. En nú er það svo, að þegar netin liggja í ánni á löngum kafla með stuttu millibili, þá getur laxinn ekki gengið eftir henni. Hann syndir aldrei til lengdar í aðalstraumnum, heldur í hlje, en þar eru einmitt netin beggja megin með löndum. Í göngu skýtur laxinn sjer ætíð yfir aðalstrauminn, en syndir ekki eftir honum.

Þá sagði háttv. þm. enn, að 36 klst. friðun á viku ætti því aðeins rjett á sjer, að sýnt væri, að allur lax, sem upp eftir ánni kæmist, gengi á þeim tíma. Þetta er nú að vísu einkennilegt, að heimta þessa sönnun. En nú er það fyrir löngu upplýst, að án þessarar friðunar kemst hann ekki á klakstöðvarnar, og því er það, að þó friðunartíminn sje ekki lengri, þá hjálpar hann til að viðhalda laxveiðinni í þeim ám, sem hún annars yrði upprætt í á skömmum tíma. — Tilhæfulaust er það líka, sem háttv. þm. sagði, að tilhögun veiðitímans væri vottur þess, að uppsveitirnar hefðu borið ofurliði þá, sem neðar byggju við ána. Það var fullkomið samkomulag um þennan veiðitíma, sem hafður hefir verið. Veiðitímanum var einu sinni breytt, — máske oftar; jeg þekki það satt að segja ekki. — Hann var færður fram um ½ mánuð, og þá hætti veiðin auðvitað ½ mánuði fyr. En sú breyting reyndist ekki til bóta, svo því var hætt aftur.

Enn má geta þess, að síðastliðið ár var óvenjulega mikið veiðiár og laxaganga óvenjulega mikil. En þó var það svo, að fyrir ofan Ölfusá var sáralítil veiði, og kvað meira að segja svo ramt að, að þeir, sem bygt höfðu klakhús, fengu ekki nægileg hrogn til klaksins. Hefi jeg í vörslum mínum brjef frá mönnum, sem urðu að hætta við klakið, sökum þess, hve veiðin var lítil.

Fullljóst er mjer það líka, eins og háttv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) tók einnig fram í sinni ræðu, að verði þessari undanþágu ekki hrundið strax, þá muni fleiri koma á eftir, því það eru fleiri ár hjer á landi, sem eru mjög vatnsmiklar, en Ölfusá, t. d. Þjórsá og Hvítá í Borgarfirði, sem báðar eru mjög vatnsmiklar. Gæti þá svo farið, að mönnum yrði betur ljóst, hvers vjer höfum mist í við það að kippa fótunum undan laxfriðunarlöggjöf vorri.

Jeg get verið samdóma háttv. 4. þm. Reykv. í því, að samanburður á veiðiám vorum og Norðmanna sje ekki rjettur. En það er á alt annan veg en hv. þm. vildi vera láta. Jeg er nefnilega sannfærður um það, að okkur sje enn meiri þörf á ströngum ákvæðum um friðun á laxinum heldur en Norðmönnum, sem þó hafa haft friðunartímann hjá sjer 72 stundir á viku. Vegalengdin frá sjó til klakstöðva í veiðiám hjer á landi er miklu meiri en í Noregi. Fyrir því þurfum við lengri friðunartíma.

Magnús Torfason: Jeg stend aðallega upp vegna brtt. þeirra á þskj. 64, sem jeg hefi leyft mjer að bera fram. Jeg get verið fáorður um þessar brtt. Það eru aðallega tvær ástæður til þess, að jeg hefi borið þær fram. Jeg hjelt, að háttv. Alþingi mundi vera ljúfara að nema úr gildi lögin frá 1923 á þennan hátt, og í öðru lagi er nú vaknaður talsvert almennur áhugi á því að auka laxgönguna í Ölfusá, með því að koma upp laxaklaki, og eins með því að drepa selinn, sem liggur í árósnum. Til þess að þetta fái framgang, þá er það nauðsynlegt, að það verði gerðar hjeraðssamþyktir um málið. En nú hafa þessi lög kveikt mikinn ófriðareld milli laxveiðieigenda, og tel jeg vonlaust um, að hægt verði að koma á slíkum samþyktum meðan lögin standa óbreytt. Jeg hygg því, að brtt. mín muni verða, ef svo mætti segja, sáttagrundvöllur til þess að koma á samvinnu um það að auka laxveiðina, og geti þannig orðið öllum hlutaðeigendum til hagsmuna. En þar sem háttv. frsm. meiri hl. (JörB) og ekki síður háttv. frsm. minni hl. (MJ) hafa lagst á móti till.

minni, þá sje jeg ekki, að það hafi neina þýðingu að halda henni fram. Og þar sem jeg nenni ekki að láta drepa hana, þá tek jeg hana hjer með aftur. Jeg geri það líka því fremur, sem jeg verð að líta svo á, að hv. flm. þykist eiga víst, að frv. nái fram að ganga.

Jón Baldvinsson: Jeg get tekið undir það, sem hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) sagði. Jeg hefði ekki verið á móti undanþágunni í fyrra, ef jeg hefði ekki þá þegar sjeð, að hún væri til skemda, — skapaði fordæmi. Því þó að það sje rjett, að Ölfusá sje mikið vatnsfall, og undanþága frá laxafriðunarlögunum komi því ekki eins illa niður, þá er hún ekki svo stór, að hún verði ekki borin saman við aðrar stórar ár, t. d. Hvítá í Borgarfirði. Verði nú komið með kröfu um undanþágu fyrir Hvítá, þá getur Alþingi ekki annað en samþykt það, og svo koll af kolli, þangað til undanþágan nær til allra, því einlægt getur verið álitamál, hve langt á að ganga í slíku efni.

Þetta mál er orðið talsvert kappsmál. Árnesingar skiftast hjer í tvo flokka. En jeg hygg, að langsamlega meiri hluti sje því samþykkur, að fella beri úr gildi undanþáguna frá síðasta Alþingi. Svo sem kunnugt er, hefir talsvert verið gert til þess að undanförnu að hvetja þá menn, sem eiga laxveiðiítök, til þess að koma á stofn laxaklaki. Nú er það skiljanlegt um þá menn, sem búa við efri árnar í Árnessýslu, að ef laxagangan er stöðvuð að mun vegna laganna frá síðasta Alþingi, þá muni áhuginn í þeim efnum minka. Og það er víst, að þessi lög hafa haft áhrif í þá átt, að dregið hafi verið úr framkvæmdum í þessu efni, eða jafnvel hætt við þær. Í Sogið hefir t. d. á síðastliðnu ári sama sem enginn lax gengið, og sá maður, sem átti að veiða til laxaklaksins, átti mjög erfitt með að fylla klakhúsið. Jeg kom þangað sjálfur í sumar, og er mjer þetta því kunnugt. Það er því víst, að trúin ein á það, að laxgangan stöðvist, er til stórskemda. — Þar að auki hefi jeg sannar sögusagnir um það, að við Hvítá ofanverða hafa nokkrir bændur, sem veiði eiga í Hvítá, tjáð sig hafa fengið undanfarin ár mesta veiði í lagnet fyrri hluta vikunnar, á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum, en aftur mun minni afla seinni hlutann. Þetta rökstyðja menn með því, að laxinn heftist á göngunni af netunum neðan til í ánni, en hlaupi svo upp í árnar á sunnudögum, þegar lagnirnar eru teknar upp. Það virðist að minsta kosti mjög sennilegt að hugsa sjer þetta svona. Og svo heldur hv. frsm. minni hl. (MJ) því fram, að lögin hafi engin áhrif haft! Það er vitanlega ekki rjett; þau hafa dregið úr áhuga manna fyrir laxaklaki. Og þegar það kemur í ljós, að veiði þeirra, sem búa við efri árnar, minkar, þá er það skiljanlegt, að þeim sje kappsmál að fá lögin numin úr gildi.

Í þessu sambandi vil jeg drepa á annað atriði, þó það komi ekki beinlínis þessu máli við, en það er eyðing sels í ánni. Það sýnist dálítið undarlegt, að í þessari sömu á skuli líka vera selalagnir og selurinn friðaður, þó hann vitanlega eyðileggi laxveiðina. En til að auka laxveiðina ætti vitanlega að útrýma selnum úr Ölfusá.

Nú sýnist mjer, eins og jeg hefi tekið fram, að þessi lög hafi þau illu áhrif, að draga úr laxaklaki og minka hlunnindi þeirra af veiðinni, sem hennar gætu notið. Eitt sumar er að vísu stuttur tími til að dæma um áhrifin af þessum lögum,

en það er almenn trú og skoðun þarna austur frá, að veiðin hafi minkað vegna undanþágunnar, einkanlega í Soginu; þangað gekk sama sem enginn lax síðastl. sumar, hjá því, sem að undanförnu. Mjer virðist því einsætt að fella úr gildi þessa undanþágu frá laxfriðunarlögunum, sem samþykt var á síðasta þingi.

Jakob Möller: Jeg get tekið undir með hv. frsm. minni hluta allshn., að í meðferð málsins hjer hafi furðu lítið komið fram af upplýsingum, sem nokkuð sje byggjandi á. Frumvarpið um undanþágu frá laxafriðunarlögunum, sem samþykt var hjer á síðasta þingi, var borið fram af þm. Árnesinga og með fullu samþykki allra þingmanna fyrir austan fjall, og mátti því fullkomlega ætla, að þeir legðu þetta til samkvæmt almennum vilja. Nú hefir sýslunefnd Árnessýslu samþykt með einhverjum meiri hluta tillögu um, að lögin verði numin úr gildi. Það er ekki ofmælt, að þetta sje undarlegt. Hjer eru tvær staðreyndir, sem upphefja hvor aðra. Á þessu stigi málsins getur ekki komið til greina að fella nú það, sem í fyrra var borið fram til þess að verða við ósk hjeraðsbúa. Það hefir verið talað um, að laxveiðin hafi verið lítil í ánum efra, en mikil neðan til. Það sannar lítið. Hafi sunnudagafriðunin undanfarið verið dauður bókstafur og haldin illa, þá getur þetta ekki stafað af lögunum, heldur einhverjum öðrum ástæðum. Annars getur það vel verið rjett, og má vel segja, eins og hv. 2. þm. Reykv., að það sje „dálítið" sennilegt, að það stafi af þessari friðun, að menn ofan til við árnar hafa veitt meira fyrri part viku. En hjer er þá farið fram á það við hið háa Alþingi, að það felli úr gildi samþykt frá síðasta þingi, af því það sje „dálítið" sennilegt, að það hafi þá bygt á röngum forsendum. Jeg fyrir mitt leyti vil vita meira, áður en jeg breyti atkvæði mínu í þessu máli, en það, að einhverjum finnist „dálítið" sennilegt, að forsendur, sem bygt var á, hafi verið rangar. Jeg vil því leyfa mjer að afhenda hæstv. forseta svo felda rökstudda dagskrá:

Í því trausti, að stjórnin láti hafa vakandi auga á því, hverju fram fer um laxveiði í Ölfusá á næsta sumri og áhrif undanþágunnar frá síðasta þingi á laxgönguna í ánni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Með þessu segi jeg fyrir mitt leyti, sem ófróður um laxveiði, að jeg treystist ekki til þess að skera úr, hvort heppilegt sje að halda undanþágunni, en vil fá frekari og ábyggilegri upplýsingar áður en jeg greiði atkvæði með því að fella hana úr gildi.

Hákon Kristófersson: Jeg ætla ekki að tefja tímann með langri ræðu, því jeg býst við því, að margir hafi vænst þess af Alþingi, að það verði tíma sínum til annars en þess að fella úr gildi samþyktir frá síðasta þingi.

Jeg býst við því, að mönnum sje kunnugt um afstöðu mína til þessa máls frá síðasta þingi. Þá fylgdu hv. þm. Árnesinga mjög fast fram því sama, sem hv. núverandi þm. sama kjördæmis hafa lýst yfir, að hafi vakið mjög almenna óánægju. Jeg veit ekki, hvað við, sem erum ókunnugir, eigum að segja um svona samkvæmni. Annaðhvort hafa þeir, sem báru málið fram í fyrra, harla lítið haft við almenningsvilja að styðjast, og því sagt ósatt, eða þá að hv. flutningsmaður þessa máls nú lítur nokkuð öðrum augum á, og það sje aðeins frá hans hlið sjeð, að lögin frá í fyrra sjeu óheppileg. Nú er

mjer að vísu ekki kunnugt um það, hvernig lax hagar sjer á göngu sinni upp ár. En jeg hjó eftir einu atriði hjá hv. flm. En það var það, að laxinn stöðvaðist við netin og færi ekki lengra. En nú sögðu hv. þm. í fyrra, að netin næðu alls ekki nema í miðja ána, eða tæplega það, sem trúlegt er. Jeg veit nú af minni reynslu af silungaveiði, að silungur mundi fara fram fyrir netendann. En eftir því, sem hv. flm. segir, þá er það öðruvísi með laxinn. Jeg verð nú að segja eins og Skarphjeðinn: „Leiðist mjer þóf þetta.“ Mjer virðist það hringl ófært, að þingið sje nú að fella úr gildi lög, sem samþykt voru á næsta þingi á undan; slíkur hringlandaháttur aflar ekki þinginu trausts hjá þjóðinni. Að því leyti er jeg alveg samdóma hv. 3. þm. Reykv. (JakM), og hefir hann tekið það flest fram, sem jeg vildi sagt hafa. Sami hv. þm. hefir komið hjer fram með rökstudda dagskrá. En mjer hafði dottið í hug önnur rökstudd dagskrá, svo hljóðandi:

Með því að hugir manna í Árnessýslu virðast vera mjög á reiki í þessu máli, þar sem breyting sú á laxveiðilögunum, sem gerð var á síðasta þingi, var þá sögð fram komin eftir ósk og samþykki laxveiðieigenda í hjeraðinu, en nú koma frá ýmsum sömu aðiljum óskir í gagnstæða átt, þá virðist full ástæða til að málið sje látið bíða að sinni, enda var á síðasta þingi skorað á stjórnina að leita álits sýslunefnda landsins um breytingu á laxveiðilögunum, sem vænta má, að verði lögð fyrir þingið áður en langt um líður; tekur því deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Þessa dagskrá leyfi jeg mjer að afhenda hæstv. forseta. Tilgangurinn með henni er sá, að stjórnin fái tilætlaðar upplýsingar, svo að næst þegar málinu verður ráðið til lykta, þurfi ekki að koma fram tillaga um það á næsta þingi, að fella það úr gildi, sem samþykt var á næsta þingi á undan.

Jón Kjartansson: Jeg skal strax taka það fram, að það er ekki vegna þessara skiftu skoðana manna í Árnessýslu um þetta mál, að jeg hefi hallast að tillögum meiri hl. allshn. Jeg lagði ekki mikið upp úr þeim skoðunum. Þar er þetta mál vitanlega orðið allheitt pólitískt mál. Það, sem fyrir mjer vakti, var það, að mjer fanst mjög óheppilegt, þar sem til eru ein heildarlög, að vera að klípa út úr þeim undanþágu fyrir eina sjerstaka á. Það er svo sem sjálfsagt, að þá koma fleiri á eftir, og gengur svo koll af kolli. Þetta verður að teljast sjerstaklega óheppilegt nú á þessum tímum, þegar þó er verið að leitast við að friða laxinn og hlúa að honum, og einkum er það óheppilegt fyrir laxaklakið. Þetta er aðalástæðan til þess að jeg tel rjett að fella lögin úr gildi. Annars þykir mjer það ekki eiga við, að verið sje að bregða okkur, sem erum nýir þingmenn, um hringl í löggjöfinni. Ef hjer er um hringl að ræða, þá á þingið í fyrra sök á því. Og geri þingið nú hreint fyrir sínum dyrum, þá er hjer sannarlega ekki gefið undir fótinn með slíkt hringl. Þvert á móti. Jeg vildi aðeins taka þetta fram sem mína afstöðu til þessa máls.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Það er auðsjeð, að nú þykir mikils við þurfa, er allur meiri hluti allshn. stendur upp til þess að tala í þessu máli. Og þó vill hjer svo vel til, að háttv. frsm. (JörB) var sjálfur flm. frv. og er manna kunnugast um öll atriði, sem hjer að lúta. En samt eru háttv. meirihlutamenn hræddir, svo hræddir, að þeim dugir

ekki minna en tvær rökstuddar dagskrár í viðbót. Önnur skorar á stjórnina að vaka yfir því, að ekki sje gengið á rjett manna þar eystra; hin skorar á stjórnina að undirbúa það, að þessi löggjöf verði öll endurskoðuð bráðlega og komið í lag. — Menn ættu því að geta verið rólegir.

Það hafa aðallega verið færðar tvær ástæður móti lögunum. Önnur er sú, að það væri vilji almennings, sem hlut á að máli; hin er sú, að lögin sköpuðu fordæmi, hættulegt fordæmi. Nú vil jeg í tilefni af þessu, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp stuttan kafla úr ræðu, sem hv. fyrv. 2. þm. Rang. flutti hjer í fyrra, en hann var þá frsm. í þessu máli í Ed.:

„Jeg skal aftur geta þess, að frumvarp þetta á ekki að vera fordæmi í þessum efnum.“

Jeg veit ekki, hvernig þetta verður betur trygt af Alþingi, að hjer skuli ekki skapast fordæmi, en með því, að sjálfur frsm. lýsir því yfir, að svo skuli ekki vera. Það liggur í hlutarins eðli, að Alþingi getur veitt undanþágu, þó ekki sje fordæmi fyrir. En ef það dugir ekki, að flm. málsins lýsi því yfir, að hjer sje ekki skapað fordæmi, þá sje jeg ekki, hvernig hjá því á að komast. Því finst mjer það illa viðeigandi, ef menn vilja nú fella lögin vegna þess, að nokkrir menn eru hræddir við, að þau skapi fordæmi. En annars skal jeg taka það skýrt fram, að jeg er eins ákveðinn með 36 klst. friðuninni yfirleitt eins og hver annar, þó að mjer í þessu tilfelli virðist undanþága mega vera.

Þá heldur háttv. 2. þm. Rang. áfram í ræðu sinni:

„.... engin óánægja ríkir þar austur frá yfir frv. þessu; miklu fremur hefir þess verið óskað af þeim, sem búa við Ölfusá og þverár hennar.“

Hverju á nú að trúa, þegar háttv. þm. lýsa yfir svona sitt á hvað? Mjer finst það ekkert óeðlilegt, þótt hv. þdm. færu eftir þessum upplýsingum á síðasta þingi. En hitt er annað mál, þegar þveröfugar upplýsingar koma á næsta þingi, hvort hv. þm. láta þær hafa þau áhrif á sig, að þeir þá greiði atkvæði þvert á móti.

Aðalröksemdin finst mjer vera sú, að menn eru að sjá einhverjar vígvjelar á ferðinni, sem þó eru hvergi til. Enda hygg jeg, að þá væri auðvelt að taka í taumana, ef þær kæmu fram, því þær yrðu jafnt öllum til skaða, sem veiði eiga í ánni. Trúi jeg því þess vegna ekki, að veiðieigendur við neðanverða Ölfusá væru svona ákafir, ef þeir vissu af þessum veiðivjelum við ósana. Þess vegna held jeg, að þetta sje orðum aukið. Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) taldi líkur til, að hætta gæti stafað af netalögnunum í ánni fyrir göngu laxins upp eftir henni, og ef þetta kæmist á í fleiri ám, mundi það verða til ills veiðunum. Já, ef — en á því er engin hætta, að þessi undanþága verði veitt fyrir aðrar ár en þessa. En væri hægt að sanna mjer, að hægt væri að þverleggja þarna með 30 faðma millibili út í miðstraumlínu árinnar, skal jeg játa, að þá mundu fara að renna á mig tvær grímur.

Háttv. 2. þm. Árn. ætlaði að gera mig að ódreng fyrir það að draga inn í þessar umræður „prívat“-samtal, sem jeg hafði átt við hann; þar var hann alt of viðkvæmur, og er það allundarlegt að mega ekki segja, að eitthvert mál sje hitamál. Það var engu líkara en að jeg hefði kastað að honum einhverjum eitruðum hnútum, enda hefði þá verið ástæða fyrir þennan hv. þm. að segja, að það væri ekki hættulaust að eiga einkasamtal við mig. Hann mintist og á atkvæðagreiðslu

nefndar um 48 stunda friðunartímann og vefengdi það, er jeg sagði um, að þar hefði lítill atkvæðamunur verið. En það var rjett, að því er þann tíma snerti, en þá verður fyrst alt á reiki, ef á að fara að tala um, hvað ofan á hefði orðið, ef 36 stunda friðunartíminn hefði komið þar til atkvæða.

Háttv. samþm. minn (JBald) drap á það atriði, sem jeg met mest í þessu máli, er hann reyndi að sanna, að undanþágan hefði þegar haft ill áhrif á veiðina í hinum efri ánum. En eitt einasta ár sannar alls ekki neitt og veiðin er oft afarmismunandi ár frá ári, svo það verður lítið á þessu að byggja enn sem komið er. Það geta oft komið þau illæri til veiðiskapar, að jafnvel með 48 stunda friðunartíma á viku gæti orðið ómögulegt að veiða nægilegan lax til klaks. Enn er að líta á það, að neðan til í Ölfusá eru meiri hindranir fyrir göngu laxins en allar þær vígvjelar, sem látnar hafa verið í ána af mannavöldum; — það er selurinn, sem jeg á við. Á meðan Árnesingar geta ekki komið sjer saman um að útrýma selnum úr ánni, ættu þeir ekki að vera svo viðkvæmir fyrir því, að verið sje að eyðileggja laxaveiðilögin fyrir þeim með þessari undanþágu. Það mun satt vera, að þeir hafa óskað eftir styrk úr ríkissjóði til þess að losa þá við selinn. Ætla þeir því að ófriða hann, ef þeir fá þóknun fyrir. Jeg hygg, að það mundi vera ofurauðvelt að fá nóga veiðimenn úr Reykjavík til þess að skjóta selinn í ánni. Reykvíkingar mundu verða þessu fegnir, því þetta þykir hið besta „sport", og selurinn yrði þegar rekinn á brott úr ánni. Nei, að þetta hefir ekki þegar verið gert, stafar af því, að einstökum mönnum er hagræði að því að hafa selinn þarna, og þess vegna er haldið í hann.

Það, að laxgangan stöðvist vegna netalagnanna, tel jeg mjög ólíklegt. Það getur hugsast, að eitthvað af laxinum tefjist þess vegna, en varla sem nokkru nemur. Og svo vil jeg spyrja hv. þingdeildarmenn, hvort þeir álíti, að aldrei þurfi að taka netin upp úr ánni. Ætli aldrei muni þurfa að þurka þau, hreinsa eða bæta? Hitt er aftur allskarpleg tilgáta og með talsvert vísindalegu sniði, að betur veiðist fyrri hluta vikunnar hið efra í ánum, ef net eru þarna tekin upp um helgar. En um þetta þurfa nákvæmar skýrslur að vera til, til þess að á því verði bygt. Það mun vera með þetta mál eins og með veðrið; um það þarf að safna veðurskýrslum, því menn muna sjaldnast annað eins veður um langan aldur eins og það, sem er þá stundina.

Jeg hygg, að þarna eystra sje þetta mál talsvert æsingamál, eins og hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði; það mun hafa verið þyrlað talsverðu moldviðri kringum þetta mál, og flestum mun kunnugt um það, hversu sandarnir þar eystra geta rokið, ef hann hvessir. Jeg hygg því, að þetta mál hefði ekki skaða af því að fá að bíða eitthvað ennþá.

Pjetur Þórðarson: Á síðasta þingi, þegar þetta mál var til meðferðar hjer, var jeg því fylgjandi vegna þess, að það mætti þá engri mótspyrnu frá þeim, sem þar áttu hlut að máli, að fengnum upplýsingum eftir að það var komið til nefndar, og þá einnig af þeirri sjerstöku ástæðu, að svo stendur á, að í mínu kjördæmi eru einhverjar mestu laxveiðiár í einni sýslu á landinu. Áleit jeg þá þessa undanþágu fyrir Ölfusá einskonar próftilraun, og til þess að fá fram þá breytingu á laxveiðilögunum, sem einnig þar í Borgarfirði mundi þykja æskileg, ef

vel reyndist, þótt lítt hafi verið ymprað á því opinberlega. Jeg var ánægður yfir því, að þessi tilraun var gerð og að frv. fjekk góðar móttökur á þinginu þá og gekk fram. Jeg verð því að vera á þeirra máli, sem ekki vilja fella strax niður aftur þessa undanþágu; því jeg álít bráðnauðsynlegt, þar sem um breytingu frá svo gömlum lögum er að ræða, að hún fái að standa óáreitt svo sem 3—5 ár, svo menn geti sjeð, hverju fram vindur um afleiðingarnar. Ef hún reynist illa, mun það verða til þess, að slíku máli væri þar með lokið. Reynist hún vel, mundi það hafa örvandi áhrif á laxaklakið. Þar með yrði og lokið þrætum um fordæmi það, er þessi undanþága ætti að vera öðrum hjeruðum. Það góða, sem af þessu getur leitt, er það, að málið verður á meðan rætt frá fleiri hliðum, og vænti jeg því, að hv. þingdeildarmenn verði mjer sammála um, að betra sje að láta reynsluna skera úr því, hvort þessi undanþága hefir verið heppileg eða ekki. Halla jeg mjer því fremur að þeirri dagskránni, sem síðar kom fram, frá hv. þm. Barð. (HK), og jeg vænti, að þetta verði notað þannig, að nægur reynslutími fáist um það, hvað sje heppilegast í þessu máli.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get verið þakklátur hv. síðasta ræðumanni fyrir það, er hann sagði, að hann skoðaði þessa undanþágu sem tilraun og fyrirboða þess, sem ætti að koma annarsstaðar frá. Það var einmitt þetta, sem jeg hefi haldið fram, en minni hluti allshn. hefir andmælt, með skírskotun til ummæli hv. fyrv. 2. þm. Rang. (GGuðf) á þinginu í fyrra, að undanþáguna bæri ekki að skoða sem fordæmi. Þótt einhver einstakur þm. hafi látið þannig um mælt, er það ekki mikils virði. Meiri hluti þingsins í hvert sinn ræður ávalt. Þetta, sem jeg hefi ávalt óttast, — að undanþágan yrði notuð sem fordæmi — er nú komið fram hjer í þingsalnum. Hv. þm. Mýra. (PÞ), sem samþykti undanþáguna í fyrra, lýsir því yfir í dag, að hann búist við því, að fordæmið verði notað. Þetta er þá sannað, og tel jeg það alls ekki lítilsvirði. Hv. þm. segir, að hann hafi viljað gera tilraun með að sjá, hvernig þetta gæfist. Og þessari tilraun vill hann halda áfram í 3—5 ár, þrátt fyrir þó áskorun frá hjeraðsbúum sje komin um að fella þessa undanþágu úr gildi nú þegar. Þessi undanþága er til þess að gereyðileggja veiðina í ánni og rothögg á þá viðleitni manna, að auka laxinn í ánum eystra með laxaklaki.

Jeg mótmæli algerlega ástæðum þeim, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) ber fram fyrir till. sinni til rökstuddrar dagskrár, að breytingin á laxveiðilögunum — undanþágan fyrir Ölfusá — sje fram komin fyrir almenna ósk hjeraðsbúa, og þótt jeg hafi ekki ennþá skrifleg gögn í höndum um það efni, til að sanna mál mitt, þá munu þau koma fram síðar, ef á því þarf að halda, og mun þá sjást, hvor sannara segir. Frv. til breytinga á laxveiðilögunum — undanþágan — var flutt og borið fram samkvæmt ósk örfárra manna — helstu veiðieigendanna — neðan til eða neðst við ána. Fer jeg svo ekki frekar út í þetta, en vænti, að dagskrárnar verði feldar.

Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) drap á meðferð þessa máls í þinginu í fyrra, að nefndunum hafi þá komið saman um, að undanþágan tæki aðeins til Ölfusár sjálfrar. En þetta er þýðingarlaust; úr því að undanþágan var á annað borð veitt fyrir

ána neðan til, var það sama, hvort hún næði til allra efri ánna eða ekki. Hvað hefir það annars að þýða, þó að menn megi veiða ofar við ána, ef allur laxinn er tekinn neðst í ánni? Hann segir, að ekkert sje upplýst um veiðinot manna fyr og nú, hvaða áhrif veiðinotin hafa haft á laxveiðina í ánum hjer á landi. Hví láta menn nú svo? Þekkja menn ekkert til þessara hlunninda landsins, hvernig þau voru og hvernig þau hafa víða verið rúin og eyðilögð? Þá sagði sami hv. þm., að ekkert hefði borist til þingsins í fyrra, sem bent hefði á það, að þetta gæti orðið að deiluefni. Það er satt. Menn eystra vissu ekkert um þetta fyr en það var orðið að lögum. Ef menn hefðu alment vitað um það, hefðu svo að segja allir risið upp á móti þessu máli. Þegar er menn vissu um þetta verk þingsins, varð þessi undanþága óþokkuð, og nú við fyrsta tækifæri er farið fram á að afnema þessi lög, og er það gert að vilja alls þorra hjeraðsbúa. Þá mintist hv. þm. á selinn, og er það satt, að of lítið hefir verið gert til þess að útrýma honum; um það er jeg sammála hv. 4. þm. Reykv. En þó er það til lítilla bóta, ef það á að viðgangast, að þær fáu bröndur, sem sleppa framhjá selakjöftunum, verða gripnar rjett ofan við ósa árinnar og fá ekki að fara lengra. Nú hefir sýslunefndin samþykt með öllum atkvæðum gegn einu að útrýma selnum úr ánni. Það er að vísu satt, að æskt hefir verið eftir opinberum styrk til þessa, en þetta sýnir þó vilja manna þar í þessu efni, en fjárstyrkur til þess er auðvitað aukaatriði. Jeg geri sem sje ráð fyrir því, að þetta verði gert hvort sem menn fá styrk af opinberu fje eða ekki. Það er rjett í þessu sambandi að geta þess, að þetta eina atkvæði, sem var á móti útrýmingu selsins, var atkvæði þess manns, sem sellátrin átti í ánni. Sýnir þetta ljóslega, hversu sumum mönnum er gjarnt að bíta nærri sjer, þegar um hagsmunamál er að ræða. Jeg held, að hv. deildarmenn þurfi ekki að vera í vafa um það, hvað heilbrigt sje og sanngjarnt í þessu máli. En þegar frv. kemur til atkvgr., óska jeg, að fari fram nafnakall um það.

Forseti (BSv): Mjer hefir borist áskorun, undirrituð af þessum háttv. þm.: TrÞ, SvÓ, JAJ, ÁÁ, IngB, PÞ og PO, um að skera þegar niður umræður um þetta mál, sem nú eru orðnar furðulangar. Nú höfðu 2 hv. þm. kvatt sjer hljóðs, áður en þessi till. kom fram, frsm. minni hl. meðan jeg las áskorunina og einn síðar. En það hefir áður verið venja, að þeim mönnum skyldi heimilað að taka til máls, er þess höfðu beiðst áður en áskorun um niðurskurð umræðna var fram komin, og mun jeg með þessu fororði bera undir atkvæði áskorun þessa um að slíta umræðum.

ATKVGR.

Tillagan um að skera niður umr. samþ. með 18:1 atkv.

Jón Baldvinsson: Það skal aðeins verða örstutt í þetta sinn. Þar sem þeir háttv. samþm. mínir, 3. og 4. þm. Reykv. (JakM og MJ), sögðu, að jeg hefði ekki viðhaft miklar fullyrðingar í þessu máli áðan, þá hygg jeg, að þó að jeg tæki svo til orða, megi finna líkur til þess, að undanþágan hafi haft ill áhrif að ýmsu leyti. Jeg hefi nokkrum sinnum á undanförnum árum komið þar austur og sjeð lagnirnar í ánni. Á síðastliðnu sumri voru netin stærri, lengri og lágu víðar í ánni, og var sýnilegt, að kapp var lagt á það

að veiða sem mest, er netin máttu altaf vera í ánni. Samt getur vel verið, að lögunum um að taka upp netin hafi ekki alstaðar verið vel hlýtt. En við Selfoss, þar sem áin er þrengst og hættulegast er vegna laxgöngunnar að láta net liggja, þar hygg jeg, að lögunum hafi ávalt verið hlýtt, enda óhægt þar um vik í því efni. Þar er svo mikil umferð með og yfir um ána, að slíkt mundi ekki hafa haldist þar uppi. En hvernig því hefir verið varið annarsstaðar, veit jeg miður. Jeg hygg því, að það, að veiðin í efri ánum hefir verið óvenjulítil í sumar, í sambandi við það, að netum hefir verið fjölgað og þau stækkuð, þá hafi það stafað frá þessari undanþágu.

Háttv. 4. þm. Reykv. sagði, að mikið þætti nú við þurfa, er allir meirihluta-nefndarmenn hefðu þurft að tala í þessu máli, en mjer sýnist nú og, að minni hl. þurfi nokkurs við, er tvær rökstuddar dagskrár eru fram komnar honum til stuðnings. Það mátti varla minna kosta. Út af orðum hv. þm. V.-Sk. (JK) vil jeg taka það fram, að jeg er ekki með því að fella þessi lög úr gildi aftur af því, að það eigi ekki að draga einstök atriði úr eldri lögum og breyta. Jeg get vel fallist á að breyta einstökum atriðum, ef það væri sýnilega til bóta. Það hefir rjettilega verið tekið fram, að ekki megi miða við eitt einasta veiðiár; en það er og verður þó dálítið undarlegt, ef afarmikil veiði eða fremur venju er hið neðra í ánni, en alls engin efra. Þetta hlýtur að styrkja þá skoðun, að netin stöðvi gönguna. Annars er laxinn skrítin skepna; það er talið sannað, að hann renni upp í þær kvíslar, þaðan sem hann er upprunninn, og sjerstaklega er því haldið fram, að hann gangi upp eftir grynningum. Net ættu því vel að geta stöðvað göngu hans. Laxinn er sjerstaklega viðkvæmur í göngu; það hefi jeg sjeð hjer í Elliðaánum, hversu kenjóttur hann er, ef hann mætir einhverri óvæntri truflun, og hið sama gæti jeg trúað, að gæti átt sjer stað í Ölfusá, enda þótt vatnsmegnið á þessum tveim stöðum sje alls ekki saman berandi. Jeg hygg það megi vel vera rjett, að laxinn stöðvist við netin og liggi þar tímunum saman. Venjan mun vera sú, að ef net eru tekin upp til hreinsunar, sjeu önnur net lögð jafnharðan í staðinn, og má því rjettilega skoða netalagnirnar sem stöðugan vegg, er laxinn fær ekki komist yfir.

Þórarinn Jónsson: Jeg stóð upp einungis til þess að leiðrjetta þann misskilning hjá hv. frsm. minni hl. (MJ), að jeg hafi lagt aðaláhersluna á fordæmið. Það er fjarri því, að svo hafi verið. Jeg hefi lagt aðaláhersluna á friðunaratriðið, sem er því meir eyðilagt, því fleiri sem undanþáguna fá. Eins vil jeg halda því fram, að þótt þessi hv. þm. kvarti mjög undan því, að ekki sje gott að vita, hverju megi trúa í þessu máli og hverju ekki, þá er sú kvörtun ástæðulaus, því hann einn veit, hverju hann á ekki að trúa. Honum er í fyrsta lagi kunnugt um vilja sýslunefndarfundarins í Árnessýslu; í öðru lagi um það, að laxaklak er að byrja þarna eystra, og í þriðja lagi um það, að nú er búið og verið að koma upp miklum lögnum nærri ósum Ölfusár. Þrátt fyrir þetta segir minni hlutinn í nál. sínu, að ekkert hafi nýtt komið fram í málinu frá í fyrra. Ergo hefir háttv. þm. vitað þetta alt á síðasta þingi, en þrátt fyrir það þá barist fyrir framgangi þessa máls. Af þessu sjest, að hann veit vel, hverju hann

á ekki að trúa og hvernig hann notar það. Selurinn fleytir hv. þm. ekki út úr þessum þverlögnum af misskilningi og rangfærslum.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Allar frekari umræður um þetta mál fara að verða orðastælur, og skal jeg hjer eftir ekki leggja mikinn skerf til þeirra. — En jeg get þó ekki að því gert að furða mig á þessu þrálæti með fordæmið hjá sumum háttv. þm. Það er þó svo ofurljóst þetta, að alveg eins og sú undanþága, sem hjer er um að ræða, hefir orðið til án fordæmis, eins geta vitanlega aðrar orðið það, þótt þessi sje ekki fyrir. Auk þess er hjer svo ramlega um hnútana búið, sem frekast er unt, til þess að girða fyrir, að á þetta yrði litið sem fordæmi. Í fyrsta lagi kom þá á þinginu frv. þess efnis að láta heimildina ná til Ölfusár og kvísla þeirra, sem í hana falla, og var það felt. Var þar með sýnt, að þingið vildi ekki ganga lengra en það, að undanþiggja Ölfusá eina. Í öðru lagi kom þá fram brtt. frá þáverandi 1. þm. Árn. (Eiríki Einarssyni) um að gera þessa heimild víðtækari, og hún var einnig feld. Þar með var þessu slegið alveg föstu. Og í þriðja lagi var svo skýrt lýst yfir því af frsm., að þetta ætti ekki að skoðast sem fordæmi. Það virðist því lítil ástæða til þess að hafa slíkan ógnarbeyg af þessari heimild sem fordæmi.

Það er annars eitt atriði, sem jeg gat ekki um áðan viðvíkjandi þessu, hve lítið hefði verið um laxveiðina í sumar í efri hluta árinnar, atriði, sem er þó talsvert mikilsvert í þessu tilliti. Það er, að óvenju þurviðrasamt var á þessum slóðum í sumar, og kom því aldrei svo mikið flóð í ána, að menn yrðu neyddir til að taka netin upp. Þetta hefir hjerumbil undantekningarlaust komið einhverntíma fyrir á hverju sumri, og hefir laxinn þann tíma getað gengið óhindraður upp ána. *(JBald:* Þetta sýnir, hvers virði það er að fella burt undanþáguna). Þetta sýnir, að þótt þessi undanþága standi, þá gerir forsjónin sjálf undanþágu frá henni, og hvað þessa á snertir margar undanþágur, sem greiða götu laxins.

Að því er snertir þær tvær dagskrár, sem fram hafa komið, þá vil jeg, að gefnu tilefni, taka það fram, að jeg hefi hvoruga pantað.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 3. þm. Reykv. (JakM) feld með 20:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, IngB, JakM, JÞ, MJ, ÞorlJ, BSv.

nei: ÁF, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, HK, JAJ, JBald, JK, JS, JörB, KlJ, MG, MT, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞórJ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Rökstudda dagskráin frá þm. Barð. (HK) feld með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, ÞorlJ, BSt, HK, JakM, JÞ, MJ, BSv.

nei: SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, IngB, JAJ, JBald, JK, JS, JörB, KlJ, MG, MT, PO.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Frvgr. samþ. með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, JAJ, JBald, JK, JS, JörB, KlJ, MG, MT, PO, SigurjJ, SvÓ, TrÞ.

nei: ÞorlJ, BSt, HK, IngB, JakM, JÞ, MJ, PÞ, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.

Á 17. fundi í Nd., föstudaginn 7. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 33).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:4 atkv. og afgr til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 33).
Á 15. fundi í Ed., mánudaginn 10. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 325 og 393).

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Vegna þess að tvo menn vantar í deildina, óska jeg, að málið verði tekið af dagskrá.

Forseti (HSteins): Hvað snertir annan þessara þingmanna skal jeg geta þess, að hann er veikur og ekki líkindi til, að hann geti komið næstu daga. Ekki tjáir að geyma málið þess vegna. Hinn getur komið nú á hverju augnabliki.

Sigurður Eggerz: Eftir að hafa átt tal við hv. 3. landsk. (HSn) í gær, skal jeg geta þess, að jeg tel alls ekki vonlaust um, að hann geti komið á þingfundi innan skams. Vil jeg styðja málaleitun hv. 5. landsk. (JJ), að fresta umr.

Frsm. meiri hl. (Eggert Pálsson): Þetta er ekki kappsmál frá minni hálfu. En jeg sje ekkert á móti því að fresta umr. um einn dag; ætti það að gilda alveg sama. (*JJ:* Það þarf ekki að daga uppi).

Forseti (HSteins): Þar sem minni hl. nefndarinnar hefir farið fram á, að málið sje tekið af dagskrá, og meiri hl. ekki fundið ástæðu á móti því, skal jeg verða við þessum tilmælum og tek málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 54. fundi í Ed., föstudaginn 25. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 33, n. 325 og 393).

Frsm. meiri hl. (Eggert Pálsson): Þá er loks laxinn kominn aftur á ferð hjer í hv. deild. Er eins og hann hafi legið við hrygningar um tíma, og hann getur, eins og kunnugt er, orðið nokkuð sprettharður, þegar því er að skifta. Og jeg býst við, að svo muni hann reynast að þessu sinni.
Mál þetta er þó í sjálfu sjer mjög einfalt og óbrotið. Það miðar að því einu að kippa í lag aftur því ólagi, er síðasta þing kom á í þessu efni.
Eins og kunnugt er, var gerð undanþága á síðasta þingi um friðun á laxi, að

því er snertir Ölfusá. Þingið komst þá að þeirri niðurstöðu, að um Hvítá og þverár hennar skyldu gilda áfram ákvæði laga frá 1886, um það, að net skuli upp taka 36 klukkutíma í viku hverri. En í Ölfusá skyldu þau fá að liggja óhreyfð allan veiðitímann. Virðist þetta óneitanlega vera dálítið undarleg ráðstöfun. Þó má segja, að þinginu þá hafi verið nokkur vorkunn í þessu efni, þar sem það mun hafa litið svo á, að vatnsmagn Ölfusár trygði það, að laxinn gæti gengið upp í ána þrátt fyrir þetta, og auk þess mun það hafa skoðað þetta sameiginlegan vilja sýslubúa, þar sem engum mótmælum gegn þessu var þá hreyft. En nú hafa menn risið öndverðir gegn þessu ákvæði. Er það rjett, sem hv. minni hl. hefir tekið fram, að þetta er allmikið hitamál fyrir austan heiði, enda hjer um hagsmunamál að tefla fyrir mörgum þar eystra. En fyrir okkur nefndarmönnum er þetta ekki og á ekki að vera neitt hitamál, þar eð við engir eigum heima þar og höfum engra eiginhagsmuna að gæta. Vitanlega höfum við margir komið þarna, eigi hvað síst þar sem leið liggur, svo sem t. d. að Selfossi, og sumir nefndarmanna setið þar vikum saman og notið þar góðrar gestrisni, en slíkt á ekki að hafa áhrif á sanngjarna lausn málsins. En það getur ekki talist sanngjarnt, að önnur lög gildi um Ölfusá en Hvítá eða aðrar ár í þessu efni. Er með undanþágunni verið að veita einstökum mönnum einkarjett, en það er ranglátt gagnvart hinum, sem ekki njóta þess sama rjettar.

Eins og tekið er fram í nál. minni hl., þá er aðalorsökin til þverrandi laxveiði talin sú, hve mikið sje um sel í Ölfusá neðan til, og ennfremur stafi það töluvert af ólögmætri veiði. Hvað fyrra atriðið snertir, þá hygg jeg, að of mikið sje gert úr eyðileggingu vegna selsins. Hann er þögull í þessu máli og getur ekki borið hönd fyrir höfuð sjer. En þegar þess er gætt, að þegar landið fyrst var bygt, voru allar ár og lækir, eftir því sem fornsögurnar skýra frá, fullar af laxi, enda þótt selurinn gengi þá eigi síður upp í ármynnin, þá virðist sökin um þverrandi laxveiði ekki hvíla öll á selnum. Miklu meiri ástæða er því til að ætla, að það sje ólögmæta veiðin en selurinn, sem spilli laxveiðinni. Enda sýna friðunarlögin frá 1886, að fyrirrennarar okkar í löggjöfinni hafa litið þannig á; því þess vegna hafa þeir sett ákvæðið um, að net skuli taka upp 36 klukkutíma í viku hverri. Og hafi þeir hjer ratað rjetta leið, þá megum við því ekki fara til baka í þessu efni. Þvert á móti mætti segja, að það hefði verið rjettara að ganga feti framar um friðunina.

Hv. minni hl. minnist á það, að hann hafi í fyrra komið fram með till. um sameiginlegt klak og ráðstafanir til að drepa selinn, er gilda skyldi fyrir alla, er búa við Ölfusá og Hvítá. Jeg skal ekkert um þessar tillögur segja. Getur verið, að þær hafi haft við einhver rök að styðjast. En hitt vil jeg segja, að það dugir ekki að skipa mönnum að ganga í svona lagaðan fjelagsskap. Þó að leiðbeining í þessu efni kunni vitanlega að vera góð þá verður þó slíkur fjelagsskapur að byggjast fyrst og fremst á frjálsum vilja hlutaðeigenda, eða alls þorra þeirra. En slíkar till. liggja ekki fyrir nú, heldur það, hvort undanþágan frá friðunarlögunum eigi að haldast eða ekki. Hv. minni hl. segir, að laxinn haldi sig í miðjum ánum, en ekki við löndin. Jeg held, að hann fari eingöngu eins og honum þykir best í því efni, en fari ekki þar, sem hv. minni hl. segir honum að fara. En ef svo

væri, að hv. minni hl. hefði rjett fyrir sjer um þetta, þá væri tilgangslaust að setja net út frá löndunum. En að menn gera það og veiða í þau, sýnir, að laxinn er þar fyrir.

Hv. minni hl. segir, að afnám undanþágunnar sje bygt á 3 ósönnum ástæðum. Hin fyrsta sje sú, að því sje haldið fram, að áin sje stokklögð. Jeg hefi aldrei heyrt þetta fyr, enda mun það vera ómögulegt.

Þá segir hv. minni hl., að önnur og þriðja ósanna ástæðan, sem haldið sje fram, sje sú, að veiðin sje mikil neðra, en hinsvegar lítil eða engin efra.

Með tilliti til þessa skal jeg geta þess, að einn hlutaðeigandi hefir sagt, að hann hafi veitt lax fyrir 6 þús. kr. neðan til. Og þótt það hafi verið í fleiri lagnir, bendir það óneitanlega á, að veiðin hafi verið allmikil að neðanverðu. Aftur á móti, að því er snertir veiðina upp með Hvítá, þá hefir hv. minni hl. prentað brjef í nál. sínu frá Jóni Pálssyni um það, að veiðin hafi verið sjerstaklega mikil þar frá 2 bæjum. Auðvitað er ekki gott að hrinda slíku, nema tilgreindar sjeu fullar heimildir, en það hefir hv. minni hl. ekki gert, heldur tilfærir sem heimild einhvern ónafngreindan dreng. En jeg hygg, að hjer sje ekki rjett frá skýrt. Svo vill til, að jeg hefi hjer í höndum brjef, er sýnir hið gagnstæða, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa það upp. Jeg get ekki nafns brjefritarans hjer, en er hinsvegar reiðubúinn til að segja hv. minni hl. frá því utan fundar, ef hann óskar. Brjefið hljóðar svo:

„Á síðasta þingi var samþykt, eins og yður mun kunnugt, undanþága frá laxveiðilögunum fyrir Ölfusá. Samkvæmt þeirri undanþágu ljetu svo bændur við þá á net sín liggja allan veiðitímann hvíldarlaust, og afleiðing þess varð sú, að þrátt fyrir feikimikla veiði þar, veiddist sárlítið, og svo að segja ekkert, hjer ofan til; og þeir fáu laxar, sem veiddust og voru yfir 5 pd., voru allflestir meira og minna skaddaðir eftir net, sem líka er mjög skiljanlegt, þar sem við Selfoss er hægt að stokkleggja ána að miklu leyti, þótt það hafi ekki verið gert fyr en í sumar sem leið. Af undanþágu þessari höfðu aðeins þrjár jarðir stundarhagn að, nefnilega jarðirnar Selfoss og Sandvík í Sandvíkurhreppi og Hellirinn í Ölfushreppi, en beint tjón allir þeir bændur, sem búa við Hvítá og ár þær, sem í hana falla, sem eru Stóra- og Litla-Laxá að austan, en Tungufljót, Brúará og Sog að vestan. En fyrir óbeinu tjóni af undanþágunni verða þessar sveitir, sem allar liggja við Hvítá og ár þær, sem áður eru nefndar og falla í hana: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Hraungerðishreppur, Grafningshreppur og Ölfushreppur að svo miklu leyti, sem hann liggur við Sogið og Ölfusá ofan Selfoss (Alviðra, Tannastaðir, Laugarbakki).

Eins og áður er sagt, eru aðeins þrjár jarðir, sem hagnað hafa af undanþágunni, og er sá hagnaður aðeins stundarhagnaður. Því þegar enginn lax kemst á hrygningarstöðvarnar (sem eru mestar og bestar í svo nefndum Laxárgljúfrum, og þar nær engin mannleg hönd að trufla þær), og bændur þeir, sem farnir voru að leggja stund á laxaklak og almennur áhugi var vaknaður fyrir, kippa að sjer hendinni eða hætta að selja seiði burt og sleppa þeim í veiðiárnar heima við tún hjá sjer, þá að öllu þessu athuguðu, ættu menn að sjá, að öll veiði hlýtur að hverfa með tímanum úr ánni.“

Þannig hljóða þá þessi orð. Og það

verð jeg þó að álíta, og býst við, að hv. deildarmenn sjeu mjer sammála um, að þau sjeu fult svo gott og gilt „innlegg" í málinu eins og ummælin eftir hinum ónafngreinda unglingi úr Hreppunum, sem háttv. minni hl. hefir látið prenta með nefndaráliti sínu.

Auk þess veit jeg til, að einn flokksmaður hans, sem er þessu kunnugur, hefir haldið þessu sama fram. Það er bóndinn í Skálholti. Þykist jeg vita, að hv. minni hl. fari ekki að rengja hann um sannsögli. Hv. minni hl. getur þess í nál. sínu, að sýslunefnd Árnessýslu hafi seilst út fyrir leyfileg takmörk, þegar hún fór að ákveða veiðitímann. Jeg sje ekki betur en lögin frá 1886 heimili sýslunefndum að gera það, sem hún hefir gert. Það verður ekki með neinu móti sagt, að hún hafi gert nokkuð rangt í afskiftum sínum af málinu, heldur þvert á móti.

Ennfremur segir í nál. hv. minni hl., að það myndi sýnast nokkuð hverful lagasmíð þingsins, ef farið væri að breyta lögum, sem samþykt voru í fyrra. Jeg álít, að þingið geri ekki nema rjett, þegar það hefir fengið upplýsingar í málinu, að taka þær til greina. Hitt væri miklu fremur þinginu til lasts, ef það skeytti ekkert um slíkar upplýsingar og virti þær að vettugi. Enda sjáum við þessa skoðun koma fram hjá hv. minni hl. í öðrum málum. Í dag er sem sje útbýtt hjer í hv. deild nál., sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) hefir skrifað undir, og er þar lagt til að afnema lög, sem samþykt voru hjer á þingi í fyrra, lögin um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Það er nú komið berlega í ljós, að það er eindreginn vilji sýslubúa og sýslunefndar í Árnessýslu, að þessu máli verði kipt í lag. Hygg jeg, að það ætti að vera hverjum manni nóg til að ganga inn á frv., enda veit jeg, að það verður samþykt.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Þetta mál er búið að vera æðilengi á leiðinni. Samt hafa ekki aukist röksemdir þeirra, sem vilja afnema þessi lög frá 6. júní 1923.

Jeg vil fyrst snúa mjer lítið eitt að áliti hv. meiri hl. Þar er haldið fram, að þingið í fyrra hafi samþykt undanþáguna af því, að talið var, að vatnsmagn árinnar væri nægileg trygging fyrir því, að laxinn gæti gengið upp þrátt fyrir netin, og því hafi ekki verið mótmælt í Árnessýslu. Ekki hafa enn komið mótmæli frá sjálfum bændum, nema ef telja ætti nafnlaust brjef það, sem hv. frsm. meiri hl. las upp. En ástæðan til að breyta hlýtur þá að vera sú, að vatnið í Ölfusá hafi minkað síðan í fyrra. (*EP:* Það er hvergi sagt). Það er einmitt sagt, að nú sje hvorug ástæðan fyrir hendi. (*EP:* Ekki lengur trygging fyrir því). Tryggingin er sú sama og í fyrra, nema ef vatnið í Ölfusá hefir minkað. En fyrir því eru engar sannanir. (*EP:* Þetta er útúrsnúningur). Þá hefi jeg leyft mjer að taka fram nokkur atriði í nál., en rifja sum upp aftur. Mjer sýnist það ærinn stuðningur mínu máli, að þeir menn, sem þarna eru vel kunnugir, telja, bæði í fyrra og nú, að óhætt megi treysta á vatnsmagn árinnar. Við meðferð málsins í fyrra tóku í sama streng bæði í hv. Ed. og Nd. tveir leiðtogar Íhaldsflokksins. Hæstv. fjrh. (JÞ) er vel kunnugur í Flóanum, og tel jeg víst, að hv. flokksbræður hans taki vitnisburð hans gildan. Ef jeg man rjett, voru það aðeins tvö atkvæði á móti þessum lögum í fyrra hjer í deildinni.

Það er máske rjett að taka það fram

nú, að í fyrra, áður en það frv. kom frá hv. Nd., bar jeg fram frv., sem gekk í þá átt að banna þvergirðingu í veiðiám, eins og nú er gert með laxakistum sumstaðar á landinu. Á Laxamýri er laxagangan stífluð með kistum, svo að varla nokkur lax kemst upp fyrir. Mitt frv. gekk í þá átt að banna kisturnar, með því að þær gerðu að engu veiðina ofar í ánni. Hv. Ed. áleit þetta ekki nægilega sannað og vísaði frv. til hæstv. stjórnar. Þetta hefir verið borið undir sýslunefnd hlutaðeigandi sýslu, og kemur væntanlega svar til núverandi hæstv. stjórnar nú í vor. Getur hún þá á næsta þingi borið fram frv. um laxamálið í heild sinni, og var sú tilætlun þingsins í fyrra. Í fyrra þóttist hv. Ed. ekki sjá sjer fært að taka til greina kröfu frá 60—70 bændum í Þingeyjarsýslu, sem þeir höfðu sent Alþingi á undirskriftaskjali frá 1918 og beðið um, að Laxá væri opnuð hjá Laxamýri. Allir veiðieigendur í Þingeyjarsýslu hafa mikinn skaða af núverandi ástandi — nema bóndinn á Laxamýri Jeg vil benda hv. 1. þm. Rang. á það, að það er alt annað að þvergirða bergvatn með laxakistu eða Ölfusá, þar sem meginállinn, 30—40 faðmar og hyldjúpur, er opinn og öndverður fyrir laxinn. Jeg lít svo á, að í laxamálið þurfi að taka á miklu breiðari grundvelli en gert hefir verið. Sumstaðar á landinu ríkir gamalt ranglæti, sem þó ekki er kvartað undan nema svo sem einu sinni á 20 árum, af því að menn búast ekki við neinni leiðrjettingu. Í öðru lagi er veiðin víðast hvar stunduð sem rányrkja; þarf að koma nýju skipulagi á klakið. Það er engin meining í því, að einn maður kosti klakið við hverja á, eins og nú tíðkast við Sogið. (*EP:* Hann selur seiðin). Til Reykjavíkur, en ekki Árnessýslu. Ef þingið álítur það óskaplega mikið ranglæti að hafa stutt net við bakkana á hinni breiðu og straumhörðu Ölfusá, getur það ekki komist hjá að rökstyðja það rjettlæti að breyta þvert ofan í mótmæli þeirra 60 bænda í Þingeyjarsýslu, sem telja sig beitta ranglæti með gerðri þvergirðingu ágætrar veiðiár hjá Laxamýri.

Hv. þm. talaði um að hafa sterkt eftirlit með ólöglegum veiðum, þ. e. haustveiðum, í Árnessýslu. Þær veiðar munu eiga talsverðan þátt í fækkun laxins. En það er ómögulegt að hindra þær með keyptu aðhaldi; menn verða sjálfir að sjá, hvað þeir gera sjer mikinn skaða. Sumstaðar ofan til í Árnessýslu er vatnið í veiðiánum svo tært, að vel er hægt að gersópa hyljina með ádrætti.

Gamlir menn austanfjalls segja, að eins og menn hafi brotið ofan til í sýslunni með því að veiða á haustin, þá hafi verið föst venja hjá bændum við Ölfusá að láta netin liggja um helgar. Þetta var látið óátalið. En laxarnir komust upp eftir samt. Þessari venju verður ekki breytt með því að fella lögin úr gildi. Aðhaldið verður að koma frá fólkinu sjálfu. Hv. frsm. meiri hl. mintist á, að þetta mál væri hitamál. Veiðieigendur þurfa að finna, að þeir hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta. Frv. mitt frá í fyrra um skipulagsbundið klak, með stuðningi af almannafje, stefndi í þessa átt.

Þegar tveir aðiljar með sameiginlegri sök deila, er venjulegt, að hvorugur vill láta sinn hluta. Hv. þingdeildarmenn ættu að sjá, að það er engin leið til að gera neitt í þessu máli, sem skynsamt gæti talist, nema byggja fyrst brú á milli deiluaðilja, — og hugsa málið á nýjum grundvelli. Bændur í Árnessýslu, sem

búa á veiðijörðum, þurfa að gera samtök um klakið. En það er misskilningur, að jeg hafi stungið upp á að hafa sameiginlega veiði. Það væri líka vitleysa. En klakið á að vera sameiginlegt og kostað af hverjum bónda í hlutfalli við veiðina.

Það voru viss atriði í ræðu hv. þm., sem jeg vildi taka til athugunar. Mjer er persónulega kunnugt um, að á tveim veiðijörðum ofan við Ölfusárbrú, Laugardælum og Kiðjabergi, veiddist vel síðastl. sumar. Jeg veit, að hv. þm. gerir ekki ráð fyrir, að áin verði þvergirt ofan við Laugardæli. En á Kiðjabergi veiddist fremur vel. Jeg þekki minna til í sýslunni ofan til, en jeg býst við, að það sje rjett hermt, að lítið hafi veiðst á sumum jörðum þar. En það eru altaf áraskifti að veiðinni, sem stafar eingöngu af breytingu á laxgengdinni. Síðastl. sumar var kalt, og hefir það kannske haft sín áhrif. Mjer skildist hv. frsm. meiri hl. gera ráð fyrir, að hjá einhverjum þeim, sem ekki vilja breyta lögunum, kynni að liggja til grundvallar gestrisni meðtekin á þessum stöðvum. Vil jeg minna á það, að ef jeg og fleiri hafa orðið fyrir gestrisni Árnesinga, þá mundu þessar dylgjur ekki síst ná til hæstv. fjrh., sem dvalið hefir langdvölum á þessum stöðvum.

Þar sem hv. frsm. meiri hl. vildi tortryggja flokksbróður minn, hv. 2. þm. Árn. (JörB), að hann segði satt í þessu máli, þá nær það sama til hv. 1. þm. Rang. (EP) gagnvart hæstv. fjrh. (JÞ), og í raun og veru gagnvart flokksbræðrum hans öllum, sem samþyktu frv. í fyrra, og sem hefðu þá átt að gera það af eigingjörnum hvötum.

Þá er selurinn í Ölfusá. Virðist nokkuð undarlegt að rækta heila hjörð af ránd ýrum, eins og gert er á tveim bæjum við Ölfusá, og láta hagsmuni þessara tveggja jarðeigenda spilla laxveiði í allri ánni. Þarna eru mörg hundruð selir, sem löggjafarvaldið friðhelgar. Það var þessi sama hv. deild, sem hindraði í fyrra, að selurinn væri ófriðaður á þessum bæjum. Sú skoðun, að selur í laxám spilli ekki veiðinni, er svo vitlaus, að jeg býst við, að hv. 1. þm. Rang. (EP) standi einn uppi á þeim hólum. Dráp laxa um hryggningartímann og selurinn í veiðiánum eru höfuðmeinin í laxveiðamálinu austanfjalls.

Það var dálítill misskilningur hjá hv. frsm. meiri hl., að jeg hefði haldið því fram, að sýslunefndin hefði seilst út fyrir sín takmörk. Jeg sagði, að það liti út fyrir, að hún hafi misbrúkað vald sitt með því að stytta veiðitímann. Það stendur sem sje skýrt í lögunum, að þingið hafi úrskurðarvaldið um lengd veiðitímans. Og það kemur ekki þinginu við, hvað samþykt er með 9:7 atkvæðum á sýslufundi um það efni. Sýslunefndum er einungis falið að ákveða, hvenær megi byrja veiði og hvenær skuli hætta. En þar finst mjer sýslunefndin hafa misbeitt valdi sínu, þegar hún bannaði þeim niður frá að leggja net fyr en um miðjan júní, þó Borgfirðingar byrji 15. maí.

Jeg verð að halda því fram, að þar sem sýslunefnd Árnessýslu sýnist beita tvo hreppa, Sandvíkur- og Ölfushrepp, ofríki með því, hvernig hún ákveður veiðitímann, þá sje ástæða fyrir þingið að bæta þessum hreppum upp svona meðferð á þann hátt, að þeir megi nota sem best, þó innan sanngjarnra takmarka, þann stutta tíma, sem þeim er úthlutaður til veiðinnar.

Því hefir að vísu verið haldið fram, að þessar ákvarðanir sýslunefndar um veiðitímann sjeu gerðar í samráði við og með samþykki bænda í áðurnefndum 2 hreppum. Jeg hefi spurst fyrir um þetta

og fengið þær upplýsingar, að það sje ekki rjett, enda væri það undarlegt, ef þeir hefðu lagt samþykki sitt á það, að þeir væru hindraðir í að veiða, bæði síðari part maí og fyrri hluta júnímán., þar sem þeir hafa lítil not af veiðinni eftir að komið er fram í ágúst, með því að laxinn er þá að mestu genginn upp úr.

Í brjefi, sem hv. frsm. meiri hl. las upp, er sagt, að hægt sje að stokkleggja Ölfusá hjá brúnni. Jeg vil mótmæla því, að slíkt sje hægt með þeim tækjum, sem enn eru þekt. Straumþungi árinnar er svo mikill, að ef þverleggja ætti þar með netum, sem þyldu hann, þá mundi sá útbúnaður kosta tugi þúsunda. Netin eru nú lögð undan straumnum, oftast örskamt út frá bakkanum. Eru bygðar stuttar bryggjur fram í ána og netin lögð frá þeim. Þau eru aldrei lögð beint út í ána, enda væri slíkt ekki viðlit, sakir straumþungans.

Ástæður þær, sem báðar hv. þingdeildir tóku til greina í fyrra, þegar þær samþyktu undanþáguna, eru því enn óbreyttar, og því engin ástæða til að hrófla við þessum lögum nú. Enn er sami ómöguleikinn að stöðva laxgönguna með netum, er víðast hvar taka aðeins $^1/_{20}$ af breidd árinnar. Alt skraf um stokkleggingu sýnir aðeins, að einstakir menn í upphreppum sýslunnar hafa gert mál þetta að hitamáli og blásið talsvert upp ýmiskonar ósannindum í sambandi við það. Það sýnist sem sje vera búið að stokkleggja sannleikann í þessu máli.

Frsm. meiri hl. (Eggert Pálsson): Jeg geri ekki ráð fyrir því, að langar umr. um mál þetta hafi mikið að þýða, því að varla skil jeg í öðru en að hv. þm. hafi fyllilega getað áttað sig á því þann langa tíma, sem dregist hefir, að það kæmi til umr. aftur. Ástæðan til þess, að jeg stend upp aftur, er sú, að hv. minni hl. (JJ) las nál. okkar ekki sem vingjarnlegast. Þar er það tekið fram, sem vitanlega er ágiskun að því er mig snertir, — þar sem jeg átti ekki sæti á síðasta þingi, — að orsökin til undanþágunnar í fyrra hafi verið sú, að þingið hafi álitið vatnsmagn árinnar svo mikið, að undanþágan sakaði ekki. Út úr þessu virtist hv. minni hl. reyna að snúa, með því að halda því fram, að við álitum vatnsmagnið ekki hið sama nú og í fyrra. Þessu höfum við vitanlega aldrei haldið fram, heldur hinu, að *álit* manna í þessu efni hafi breyst. Í fyrra hjeldu menn, að vatnsmagn árinnar væri svo mikið, að undanþágan sakaði ekki. Nú virðast menn komnir að raun um, að svo sje ekki.

Hv. minni hl. segir svo í nál. sínu: „Oft koma svo miklir vatnavextir og hlaup í ána, að taka verður upp netin dögum og jafnvel vikum saman. Laxinn gengur í torfum, og hittist þá stundum vitanlega svo á, að laxagöngurnar geta komist alla leið upp í smáárnar, meðan engin tök eru til að veiða neðan til við ána.“

Væri þetta óbrigðult, þá kæmi til greina, að laxinn kæmist árlega upp úr; en því er ekki að heilsa. Þetta bregst iðulega, og þá reynist vatnsmagnið of lítið til þess að laxinn komist upp í þverárnar. Hv. frsm. meiri hl. allshn. í Nd. (JörB) hefir t. d. upplýst, að síðastl. sumar hafi enginn slíkur vöxtur hlaupið í ána, og laxinn því ekki komist upp. *(JJ:* Hann komst samt upp úr). Um það eru ærið skiftar skoðanir. Veiðin var áreiðanlega lítil ofan til, og jafnvel hv. minni hl. vill ekki rengja það, að lítið hafi veiðst síðastl. sumar á efstu bæjunum við árnar, en

heldur því hinsvegar fram, að mikið hafi veiðst á Kiðjabergi. Jeg er þessu persónulega ókunnugur, því að jeg hefi ekki ferðast þar um síðan. En því er nú skotið að mjer af hv. 2. þm. Árn. (JörB), að þar hafi veiðst allmikið fyrstu vikuna, en sama og ekkert úr því. Læt jeg háttv. 5 landsk. um það, hvort hann vill rengja þessi ummæli.

Að því er snertir Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu, sem hv. 5. landsk. sagði, að væri þvergirt, þá get jeg lýst því yfir, að jeg er ókunnugur norður þar, og get því tekið hann trúanlegan í þessu atriði. En ef þetta er sambærilegt við Ölfusá eða Hvítá, þá er þessi aðferð þarna fyrir norðan alveg óforsvaranleg. En mjer hefir reyndar verið sagt, að sami maðurinn eigi Laxá upp úr, svo langt sem lax gengur. (*JJ*: Nei, en hann á land báðum megin árinnar, þar sem þvergirt er). Þó að þessu sje svona varið þarna, þá er ekki þar með sagt, að slíkt hið sama eigi sjer stað annarsstaðar. Jeg skal kannast við það, að ekki er hægt beinlínis að stokkleggja Ölfusá fyrir neðan brúna, enda veit jeg, að þó að menn noti það orð, þá meina þeir það ekki bókstaflega, heldur eiga þeir við, að hægt sje að hindra laxgönguna til muna. Og jeg þekki lagnir í Ölfusá, t. d. hjá Selfossi, þar sem sýnist mjög auðvelt að ná í megnið af þeim laxi, sem gengur í ána.

Hvað snertir selinn, sem háttv. 5. landsk. sagði að væri ræktaður í ósum Ölfusár, þá er ekki hægt að tala um slíkt, að minsta kosti er hann ekki fremur ræktaður nú en áður en landið bygðist. Jeg skal ekki neita því, að selurinn geti að einhverju leyti orðið laxinum að tjóni, en jeg sagði, og segi enn, að ef við litum á reynsluna, sem liðnir tímar hafa leitt í ljós, þá getur selurinn ekki verið nein aðalorsök þess að hindra laxgöngu í ána, því að ef svo væri, hefði hann fyrir löngu, eða áður en land var numið, þegar hann var alfriðaður, átt að vera búinn að eyðileggja allar laxgöngur í þessa á og reyndar fleiri.

Þá er það ekki rjett, að sýslunefnd Árnesinga hafi misbeitt valdi sínu, þegar hún hefir ákveðið veiðitímann í Ölfusá. Mjer hefir verið sagt, að hún hafi breytt til veiðitímanum eftir samkomulagi við bændur, búsetta fyrir neðan brú, og jafnvel samkvæmt tillögum þeirra. Ef þeir, sem búa ofarlega við ána, eyðileggja veiðina með því að veiða ólöglega á klakstöðvunum, þá ætti það ekki að vera ofverk þeirra, sem neðar búa, að líta eftir því. Því að þegar þeir geta fengið unglinga ofan úr Hreppum til þess að votta, hversu mikið hver bóndi þar efra veiðir af laxi árlega, þá ættu þeir að geta fengið vitneskju um þau lagabrot, sem framin eru þar af sömu bændum að þeirra dómi.

Þá sagði háttv. 5. landsk., að ekki væri ástæða til að nema undanþáguna úr gildi, vegna þess, að lögin hefðu altaf verið brotin. (*JJ*: Þau eru brotin, bæði af þeim, sem búa neðarlega og ofarlega við ána). Jeg skal ekki dæma um það, hvort laxafriðunarlögin eru yfirleitt brotin þarna austur frá. En ef svo er, þá er síst ástæða fyrir þingið að verðlauna sökudólgana með því að afnema friðunina, svo að þeir þurfi ekki lengur að óttast nein lög. Jeg hygg satt að segja, að hvorki hv. 5. landsk. nje aðrir vilji yfirleitt ganga inn á þessa braut, að verðlauna fyrir lögbrot, enda gæti það dregið alvarlegan dilk á eftir sjer.

Það, sem hjer um ræðir, er það, hvort þeir fáeinu bændur, sem búa við Ölfusá, eigi að búa við sömu lög og aðrir landsmenn, eða hvort rjett sje að gera undantekningar með þá í þessu efni, svo sem þingið í fyrra gerði. Nú veit þingið, að það, sem það gerði í fyrra, var ekki rjett. Vatnsmagnið í ánni er ekki nægilegt til þess, að undanþágan megi standa. Sýslunefnd Árnesinga, með langmestan hluta sýslubúa að baki sjer, hefir svo að segja í einu hljóði óskað eftir því, að undanþágan verði úr gildi numin, og trúi jeg því vart öðru en að þingið verði við þeim óskum.

Forsætisráðherra (JM): Það er rjett, að jeg var í þeirri nefnd í fyrra, sem fjallaði um þetta mál og lagði þá til, að þessi undanþága yrði veitt. Vel má vera, að þá hafi verið fullfljótt að samþykkja lög um þetta efni, en eftir þeim gögnum, sem fyrir lágu, sýndist ekkert því til fyrirstöðu, svo að jeg gat þá verið með því að samþykkja lög þau, sem nú á að nema úr gildi, enda er jeg ekki enn alveg viss um, að ástæða sje til þess.

En það er ómögulegt fyrir Alþingi, þegar málið liggur svo fyrir, að svo að segja öll sýslunefndin — það mun einn sýslunefndarmaður hafa verið á móti — biður um að afnema undanþáguna, að daufheyrast við þeim óskum, enda þótt málið heyri í raun og veru ekki undir valdsvið sýslunefndar.

Mikill meiri hl. sýslubúa, svo að segja öll sýslunefndin og báðir þingmenn kjördæmisins óska breytingarinnar, og þá get jeg ekki betur sjeð en að rjett sje að gera hana. En ef til kæmi, að laxafriðunarlögin yrðu endurskoðuð í heild, þá er sjálfsagt að taka þetta atriði til sjerstakrar yfirvegunar.

Sigurður Eggerz: Jeg skal játa, að jeg er enginn „fag“maður í því máli, sem hjer er til umræðu.

Því hefir verið haldið fram, bæði af hv. 5. landsk. og öðrum, að lax geti gengið upp í Ölfusá þrátt fyrir þau ákvæði, sem samþykt voru hjer á þinginu í fyrra, og það svo, að síðastliðið sumar hafi jafnvel veiðst betur á næstu bæjum fyrir ofan brú en oft áður.

Um þetta skal jeg ekki dæma.

Aðalatriðið í máli þessu sýnist mjer vera það, að þar sem síðasta Alþingi setur lög í þessu efni, þá sje mjög athugavert, að nú sjeu samþykt lög, sem ganga í þveröfuga átt. Hæstv. forsrh. (JM) sagði reyndar, að sýslunefnd Árnesinga hafi tekið greinilega afstöðu til þessa máls. En það er ekki nóg — og það því síður, sem vitanlegt er, að það hefir hlaupið pólitík í laxinn þar austur frá, og hafði borið mjög á því við kosningarnar í haust.

Jeg vil nú samt vona, að hjer eftir verði ekki pólitískt bragð að laxinum, því að mjer þykir hann svo góður eins og hann hefir verið til þessa.

Þegar allur þorri þeirra manna, sem búa fyrir neðan brú, er fylgjandi þeim ákvörðunum, sem þingið í fyrra tók í þessu efni, en hinir, sem eru búsettir þar fyrir ofan, eru aftur á móti andstæðir þeim, þá er hið einasta, sem nokkurt vit er í fyrir þetta þing að gera, að fela hæstv. stjórn að láta rannsaka málið til hlítar, áður en þingið hverfur aftur frá því, sem það gerði í fyrra. Hæstv. forsrh. var líka í vafa um það, hvort rjett væri, eða nokkur ástæða til, að samþykkja nú þetta frv. Og þegar svo er ástatt um hann, sem þó hefir fengið tækifæri til þess að setja sig vel inn í málið, þá má nærri geta, að erfitt muni vera fyrir

okkur hina að greiða atkvæði um málið. Það er því einasta sæmilega lausnin á þessu máli, að vísa því til stjórnarinnar. Ef hún kemst að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að fella undanþáguna úr gildi, þá verður öðru máli að gegna og þá verður hægara að greiða því atkvæði á næsta þingi. En mjer er mjög illa við þetta sífelda hringl í löggjöfinni, að lítt rannsökuðu máli.

Sigurður Jónsson: Í tilefni af því, að Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu var blandað í umr., vil jeg segja nokkur orð, af því að jeg hygg, að jeg sje því máli kunnugri en flestir aðrir þingmenn, og hefi einmitt fengist talsvert við það. Háttv. frsm. meiri hl. (EP) sagði, að ef Laxá væri þverg:rt, þá myndi slíkt vera ólöglegt. Jeg get upplýst það, að sú veiðiaðferð, sem notuð er þar, t. d. á Laxamýri, er í fylsta máta lögum samkvæm, enda má geta nærri, að bændur, sem búa ofar við ána, ljetu ekki ólöglega veiði þar óátalda.

Jeg vildi ekki láta fólk skilja við lestur Þingtíðindanna, að þessi veiðiaðferð í Laxá væri álitin ólögmæt. Nei, hún er fyllilega lögleg; en hitt kann að vera annað mál, hvort hún sje að sama skapi heppileg.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Mjer finst, að hv. frsm. meiri hl. (EP) hafi ekki komist vel frá þessu máli í ræðu sinni. Það stendur svo á, að það var hjer á þingi á sínum tíma talað um það, að vatnsmagnið trygði það, að laxinn gengi upp í ána, þrátt fyrir þær hindranir, sem samþyktar voru á þinginu í fyrra, og sama játar hv. meiri hl. í nál. sínu. Eina ályktunin af ræðu hv. frsm. meiri hl. hlýtur því að verða sú, að áin hafi minkað síðan í fyrra, — en því leyfi jeg mjer að mótmæla. Þá rangfærði hv. frsm. meiri hl. orð mín viðvíkjandi vexti árinnar. Venjulega er áin svo, að hægt er að leggja net við bakka hennar, en ekki út í miðja ána, vegna straumsins, er leggur möskvana saman. Þá tók sami hv. ræðumaður það fram, að veiðin hætti snemma á Kiðjabergi. Jeg skal ekki neita því, en jeg veit með sannindum, að á Kiðjabergi hafa veiðst 150—200 laxar í sumar sem leið, og það er meðaltal á þeim bæ, en hvað seint eða snemma, veit jeg ekki. Stafar það af ókunnugleik hv. frsm. meiri hl., er hann heldur því fram, að hægt sje fyrir bændur neðan til við ána að hafa eftirlit með ádrætti ofan til í sýslunni. Borgar sig ekki að halda „spion" upp á kaup til þeirra hluta. Ef hv. 1. þm. Rang. vildi taka þetta að sjer, er hann lætur af prestsskap fyrir aldurs sakir, og vinna fyrir nógu lítið, gæti hann með því friðþægt fyrir eitthvað af gömlum syndum, þá er það gott. En alment eftirlit er óframkvæmanlegt, því svo hagar til, að árnar eru bæði langar og margar. Er alt annað að hafa eftirlit með netum á fáeinum stöðum eða að vera á verði um alla hylji, þar sem ádrætti má koma við. Þetta er ástæðan til, að málið er hitamál. Bændur neðan til skoða sig ekki siðferðilega bundna við friðun, ef þeir, sem ofan til eru við veiðiárnar, gera sig seka um að brjóta laxfriðunarlögin á haustin og þurka hyljina í nánd við það, sem laxinn hrygnir. Hv. frsm. meiri hl. kvað ekki ástæðu til að taka tillit til þess, þó að bændur brytu friðunarlögin. Það væri eins um það og um lögin um friðun á æðarfugli—menn brytu þau á þeim stöðum, þar sem þeir hefðu ekki hagsmuni af því, að fuglinn væri friðaður. Þessi skoðun hv. frsm. meiri hl. er ekki í fullu samræmi

við skoðun þess flokks, sem hann telst til, því allur þorri þess flokks hefir viljað afnema áfengisbannlögin, vegna þess að farið væri á bak við þau. Málið heyrir ekki undir valdsvið sýslunefnda, enda hefir það ekki verið borið undir þær. Hv. 2. landsk. þm. (SJ) játar, að kisturnar í Laxfossi hafi verið í trássi við alla bændur ofan við Laxamýri, og hafi þeir kært til þingsins 1918. Hann tók ennfremur fram, að þessi þvergirðing á Laxá hafi verið algerlega lögleg. Þetta vil jeg láta banna, svo að ekki haldist við það ástand, að einn bær hafi svo að segja alla veiðina í heilli á, en um 60 bæir ofan við enga. Jeg lít svo á, að mál þetta komi fyrir næsta þing, og treysti jeg því, að hv. 1. þm. Rang. styðji þá að lagabanninu. Tel jeg ekki rjett að vera að grauta í lögunum nú, þar sem það stendur til, að stjórnin leggi fyrir næsta þing ítarlegt frv. um laxamálin, þar sem væntanlega verður tekið tillit til staðhátta.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi aðeins leyfa mjer að koma fram með þá till., að málinu verði vísað til stjórnarinnar. Eins og hv. 5. landsk. hefir upplýst, þá er málið órannsakað, og sje jeg því ekki ástæðu fyrir hv. deild að ræða það meira að þessu sinni.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg hefi kynt mjer lög nr. 7, 6. júní 1923. Jeg hefi komist að þeirri niðurstöðu, að það sje rjett, sem hæstv. forsrh. (JM) hefir skýrt frá, að eins og málið lá þá fyrir, þá var engin ástæða til að neita því, að það fengi fram að ganga. Frv. var þá flutt af báðum þm. Árn., en var ekki borið undir hlutaðeigandi sýslunefndir. Þinginu var þá talin trú um, að ekki væri um neina mótspyrnu hjeraðsbúa að ræða. Hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) talaði þá á móti málinu í Nd., en brast nægilega þekkingu á staðháttum. Nú hefir það komið í ljós, að þinginu hafi ekki verið skýrt rjett frá í þessu efni, þar sem það er sannað, að sýslunefndin er á móti þessu. Lögin frá því í fyrra komu því yfir ýmsa hlutaðeigendur eins og þjófur á nóttu, og er það skylda þingsins að bæta úr því, sem þá var sett í trausti til þess, að þm. Árn. skýrðu rjett og hlutdrægnislaust frá öllum málavöxtum, og nema lögin úr gildi. Jeg legg því eindregið til, að málið nái fram að ganga.

ATKVGR.

Till. frá 1. landsk. þm. (SE) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 9:4 atkv.

Frvgr. samþ. með 9:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 33).

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Jeg vil enn lýsa yfir þeirri skoðun minni, að jeg tel þessu máli betur komið í sambandi við væntanlegt frumvarp um laxveiði, sem án efa verður lagt fyrir næsta þing. Geri jeg því að tillögu minni, að málinu verði vísað til stjórnarinnar og hæstv. stjórn láti rannsaka það í sambandi við væntanleg laxveiðilög og leggi það fyrir næsta þing.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil aðeins láta í ljós, að jeg hefi í engu breytt skoðun í þessu máli síðan það var til 2. umr.

hjer. Sje jeg því enga ástæðu frekar en þá til þess að láta hið rangláta fyrirkomulag, sem sett var á síðasta þingi um laxveiði í Ölfusá, haldast áfram óbreytt.

ATKVGR.

Till. frá 5. landsk. þm. (JJ) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 7: 5 atkv.

Frv. samþ. með 7:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 472).

34. Kosningar í bæjarmálefnum Reykjavíkur.

Á 15. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. mars, var útbýtt:

Frv. til kosningalaga fyrir Reykjavík (þmfrv., A. 76).

Á 17. fundi í Nd., föstudaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jakob Möller): Jeg geri ráð fyrir, að ekki muni þurfa langar umræður um þetta mál, þar sem ræðurnar um síðasta mál snerust í raun og veru að nokkru leyti einnig um þetta frv., þó að það hafi ekki verið nefnt fyr en allra síðast. Jeg skal játa, að þetta frv. snertir fremur en hitt samræmingu á löggjöfinni um málefni kaupstaðanna, og er óviðurkvæmilegt, að sömu ákvæði skuli ekki gilda um alt landið í þessu atriði. En væntanlega verður frv. athugað í nefnd, og þó að ekki liggi fyrir frv. um allsherjar samræmingu í þessu efni, mun nefndin auðvitað haga tillögum sínum eftir því, sem hún vildi leggja til, ef um allsherjar samræmingu væri að ræða. Auðvitað er það á valdi væntanlegrar nefndar að gera brtt. við frv., eða ef hún vill bera fram nýtt frv. um kosningarrjett til sveitarstjórna, eins og hún gæti í sambandi við hitt frv. komið með brtt. um tryggingu gegn því, að misbeitt sje rjetti sveitarfjelaganna til að leggja útsvar á utanhjeraðsmenn. Jeg skal játa, að þess geti verið þörf, en jeg sje ekki, að það hljóti að vera svo umsvifamikið að koma slíkri tryggingu í lög, að nefnd geti ekki tekið það til íhugunar.

Jeg skal að svo stöddu ekki orðlengja um málið, en leyfi mjer að mælast til, að frv. verði greidd gata til 2. umr. og að því verði vísað til allshn., þegar þessari umr. er lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., föstudaginn 28. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 31. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 76, n. 162 og 180).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Aðalatriði þessara laga er ákvörðun kosningarrjettarins, samkvæmt 1. gr. frv. Eins og hv. þdm. vita, fer hann nú eftir lögum frá 1909 og er þar sömu skilyrðum bundinn og kosningarrjettur til Alþingis. Þó er eitt ákvæði, sem snertir sjerstaklega kosningarrjett í bæjarstjórn, sem sje það skilyrði, að kjósandi greiði gjald í bæjarsjóð. En þetta ákvæði er raunar ekki til

annars en þess að samræma þennan kosningarrjett við kosningarrjett til Alþingis, með því að svo má líta á, að hver maður greiði nokkuð til ríkisins. En þetta ákvæði verður þá til þess í reyndinni, að það eru ekki alveg sömu menn, heldur nokkru færri, sem hafa kosningarrjett í bæjarstjórn. Nú má segja, að auk þess, sem þetta gjaldaákvæði er í samræmi við kosningalögin til Alþingis, þá er það líka eðlilegt skilyrði, að þeir, sem fara með málefni kaupstaðanna, sem einkum eru fjármál, sjeu þeir sömu menn, sem slá saman í það púkk: að þeir ráðstafi fjenu, sem leggja það til. Hinsvegar er þetta ákvæði orðið þýðingarlítið, því það eru lögð lág útsvör á menn í þeim tilgangi, að þeir haldi kosningarrjetti, en kannske ekki gengið eftir því, að þau sjeu greidd. Þetta eru því hálfgerð formsvik. Nú má segja, að það sje hart að svifta menn kosningarrjetti vegna þess, að þeim sje ekki gert útsvar, en aðrir halda rjettinum, þótt þeir hafi ekki greitt útsvarið. Og hinsvegar er það praktiskt í bæjum eins og Reykjavík, þar sem það er tiltölulega mikið og erfitt verk að semja kjörskrár, að sama kjörskrá geti gilt til bæjarstjórnarkosninga og við kosningar til Alþingis. Þetta er afstaða meiri hlutans í allshn. En í frv. sjálfu er farið fram á að rýmka kosningarrjettinn í bæjarmálum, ekki aðeins til jafns við kosningarrjett til Alþingis, heldur alllangt þar upp fyrir. Það er farið fram á það, að ekki hafi aðeins þeir atkvæðisrjett í bæjarmálum, sem ekki gjalda útsvör í bæjarsjóð, heldur þeir líka, sem úr bæjarsjóði þiggja, ef sá styrkur er veittur ákveðinna orsaka vegna, sem eru: elli, heilsubrestur, ómegð og atvinnuleysi.

Um þetta atriði get jeg sagt það, að tilfinning mín mælir með því, að sú leið sje farin, að strá um sig með ríkmannlegum gjöfum, án þess að krefja til reikningsskapar, hvort þær lendi á verðugum eða óverðugum, sem kallað er. En það er nú svo, að þegar menn fara nokkuð að fást við opinber mál, verða tilfinningarnar að lúta í lægra haldi fyrir því, sem verður að vera. Jeg hefi því ekki sjeð mjer annað fært en fylgjast með meiri hl. í þessu máli. Missir rjettinda er nú orðinn í raun og veru eina ástæðan fyrir menn til þess að forðast sveitarstyrk. Og jeg held, að sá múr sje ekki of hár. Jeg hefi komist að því, að einmitt rjettindamissirinn er ekki svo lítill hemill. Hitt hefir miklu minni áhrif, vanvirðan við að geta ekki bjargast hjálparlaust, eins og sjest af því, að þeir sömu, sem eru að berjast við að þiggja ekki af sveit, þiggja fúsir og glaðir hverja aðra hjálp, sem þeir eiga kost á. Jeg held því, að eins og þessu máli er farið, sje ekki rjett að brjóta þennan síðasta skíðgarð.

Undantekningar þær, sem frv. gerir ráð fyrir, held jeg, að sjeu þannig, að óþægilegt verði að úrskurða, hverjir skuli missa rjettinn og hverjir ekki. Auðvitað mætti ákveða, hve mikla ómegð menn þyrftu að hafa til þess að missa ekki rjettindi við að þiggja af sveit. Undir atvinnuleysið má aftur á móti skjóta mönnum nær því hvernig sem á stendur. Framkvæmdin yrði því sú, að svo að segja allir yrðu undanþegnir rjettindamissi. Það er óviðkunnanlegt að hafa ekkert fast að miða við, óviðkunnanlegra heldur en að svifta alla rjettinum, sem þegið hafa af sveit. Fáeinir verstu ræflarnir, sem svo er kallaðir, yrðu ef til vill skildir úr, og yrði það ennþá átakanlegra fyrir þá en ef allir, verðugir og óverðugir, væru settir

undir sama mæliker. Það yrði „paria"-flokkur — flokkur útskúfaðra innan þjóðfjelagsins.

Jeg vil geta þess, að einn af meiri hl., hv. 2. þm. Árn. (JörB), hefir skrifað undir með þeim fyrirvara, að hann vilji, að þeir, sem verða að þiggja af sveit fyrir sakir ómegðar eða heilsuleysis, sjeu ekki sviftir rjettindum. Játa jeg, að þetta er nær sanni. Þó kemur það í bága við praktiskt atriði, þó að það kannske þyki ekki stórvægilegt. Það fyrirbyggir sem sje, að hægt sje að nota sömu kjörskrá.

Aðrar brtt. nefndarinnar eru flestar gerðar til samræmingar, nema sú 5., við 7. gr.

Í frv. er gert ráð fyrir, að þeir geti kosið við bæjarstjórnarkosningar, sem eru fjarverandi. Þetta er mjög óþægilegt og lítt mögulegt að koma því við. Til þess þyrfti að senda kjörgögn til kjörstjórna úti um alt land. Hitt er alveg rjett, að tiltölulega litla fyrirhöfn þyrfti það að kosta, að þeir fengju að kjósa hjá bæjarfógeta, eftir að listar hefðu verið lagðir fram, sem ætluðu að fara að heiman áður en kosningar færu fram. Og væri það óneitanlega rjettarbót, og við höfum því lagt til, að því verði svo hagað.

Ætla jeg svo ekki að fara fleiri orðum um þetta, en fel hv. deild brtt. til bestu fyrirgreiðslu.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Hv. allshn. er mjer ekki sammála um að samþykkja frumvarp bæjarstjórnarinnar óbreytt. Jeg sá því ekki ástæðu til annars en koma fram með þær brtt., sem mjer þóttu vera frv. til bóta. Vil jeg þá fyrst minnast á breytingar og nýja orðun á 1. gr.

Mjer finst engin ástæða til að halda í þessar leifar frá þeim tímum, sem svo eða svo mikil peningaeign var gerð að skilyrði fyrir fullum mannrjettindum. Í sveitarstjórnarlögunum eru ennþá leifar af þessu, þar sem er ákvæðið um, að menn verði að gjalda ákveðna fjárhæð til sveitarinnar til þess að öðlast kosningarrjett í sveitarmálum. Þar er verið blátt áfram að straffa fátæklingana fyrir fátækt sína. Er rjett, að ákvæði þessi verði numin burt, þegar breytingar eru gerðar á þeim lögum.

Það er dálítið til í því, að erfitt sje að skera úr, hverjir skuli hafa kosningarrjett og hverjir ekki, eins og bæjarstjórnin hefir gengið frá 1. gr. frv. En sannleikurinn er sá, að það hefir í raun og veru engin áhrif á kosningar í bænum, þó að öllum sje veittur rjetturinn. Og þeir menn, sem um er að ræða, hafa svo mikið saman við það opinbera að sælda, að mjer finst eðlilegt, að þeir hafi íhlutunarrjett um, hvernig farið er með opinber mál. Og þó að mök þeirra við sveitarstjórnina sjeu dálítið leiðinleg, þá ber þess að gæta, að í flestum tilfellum er það ekki þeim sjálfum að kenna.

Þá vil jeg fella það burt úr lögunum, að aðeins þeir hafi kosningarrjett, sem hafa óflekkað mannorð. Það atriði er nú orðið svo óákveðið, að jeg tel enga ástæðu til að halda í það. Tökum t. d. það, að vínsali, sem brotið hefir lög hvað eftir annað, hefir kosningarrjett. En hefir hann óflekkað mannorð í almenningsálitinu? Jeg veit ekki, hvað hv. þm. finst um það. En eins og jeg hefi sagt, hefir hann kosningarrjett, af því að hann hefir ekki verið dæmdur fyrir glæp, sem lögin kalla eitt svívirðilegt að almenningsáliti.

Þá er eitt meginatriðið í brtt. mínum það, að allir, sem eru 21 árs að aldri eða eldri, hafi kosningarrjett. Jeg álít, að þessi breyting hljóti að koma mjög bráðlega,

þó hún ekki komi nú, enda mælir öll sanngirni með því. Þegar menn hafa náð 21 árs aldri, hafa þeir fengið almenna mentun og öðlast öll önnur rjettindi þjóðfjelagsins en kosningarrjettinn. Þá mega þeir t. d. reisa bú og kvongast, og það er ekki ábyrgðarminna atriði. Svo má benda á það, að ungt fólk er áhugameira yfirleitt um opinber mál en það eldra. Er því síður hætt við, að það láti leiðast af öðrum, og líklegra, að það fylgi fremur málefnum en mönnum. Má og benda á það, að víða um lönd er kosningarrjetturinn miðaður við 21 árs aldur. Í Bretlandi hafa karlmenn kosningarrjett 21 árs gamlir, og nýlega hefi jeg lesið í erlendu blaði, að í neðri málstofu enska þingsins sje nú til umræðu frv. um kosningarrjett handa kvenfólki 21 árs að aldri Í Finnlandi er miðað við 21 ár og í Svíþjóð við 22 ár.

Þá hefi jeg minst á brtt. mínar við 1. gr. Hinar eru smávægilegri. Brtt. við 2. gr. gengur út á að gera hana skýrari, með því að vitna til 3. gr. Án þeirrar breytingar mætti líta svo á, sem greinarnar kæmu í bág hvor við aðra. Þá vil jeg bæta því við 3. gr., að þeim sje á kjördegi gefinn kostur á að kjósa, sem sanna fyrir kjörstjórn, að þeir hafi rjettindi til þess, þó að þeir hafi fallið niður við samningu kjörskrár. Viðbótarkjörskrá er ekki fullsamin fyr en 14 dögum fyrir kosningar, og getur verið eðlilegt, að menn, ýmsra ástæðna vegna, hafi ekki athugað, hvort nafn þeirra stendur á skránni. Er þá hart, að þeir fái ekki að kjósa á kjördegi, þó að af vangá hafi fallið burt nafn þeirra. Skil jeg ekki í því, að mikil töf þurfi að verða á kjördegi, þó að þeir fái að njóta rjettar síns, ef þeir sanna skjallega, að þeir hafi hann. Sje jeg ekki annað en rjett sje að gera þessa breytingu, því að þetta hefir í raun og veru verið haft svona við kosningar að undanförnu hjer í bænum.

Annars skal jeg láta þess getið, að jeg er samþykkur sumum brtt. hv. meiri hl. allshn., en jeg sje ekki ástæðu til að fara út í það frekar. Það sjest svo hvort sem er við atkvgr., hverjum þeirra jeg fylgi.

Hv. frsm. meiri hl. gat þess, að rjettindamissirinn væri hemill á menn til þess, að þeir hjeldu sjer frá sveit. En getur þessi hemill ekki gert ógagn? Er ekki ástæða til að ætla, að í sumum tilfellum leggi fólkið of hart að sjer og sínum til þess að verjast sveit? Og gangi menn svo langt í því, að börn þeirra verði aumingjar, máske alla æfi, fer þá hemillinn ekki að verða athugaverður? Hvort mundi þá borga sig betur fyrir sveitarfjelögin að leggja heimilunum, án þess að foreldrarnir mistu rjettindi, og fá þaðan svo nýta og góða borgara, eða að leggja þeim ekki og þurfa svo að sjá fyrir börnunum að meira eða minna leyti alla þeirra æfi?

Jeg hefi áður minst á það, að jeg lít svo á, að það hafi engin áhrif á kosningar að veita öllum kosningarrjett, hvort sem þeir hafa þegið af sveit eða ekki. Nú eru hjer í bænum 8—9 þúsund manns, sem hafa kosningarrjett til bæjarstjórnar, og eftir tillögum hv. meiri hl. allshn. verða þeir nokkuð á 11. þúsund, þar sem fjölda margt gamalt fólk, sem kýs til Alþingis, greiðir ekkert útsvar. Sem sagt, jeg lít svo á, sem samþykkja beri brtt. mína við 1. gr. En verði þær ekki samþyktar, þá halla jeg mjer að frv. bæjarstjórnarinnar eins og það er, þó að mjer líki það ekki allskostar.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Jeg skal ekki tefja umræður lengi. Ætla aðeins að minnast á nokkur atriði í ræðu hv. frsm. minni hl.

Það má vel segja það, að í kosningalögunum sjeu leifar frá gömlum tímum. En jeg sje ekkert við það að athuga. Við lifum einmitt alstaðar í leifum frá gömlum tímum, og hjá því verður ekki komist. Við getum ekki tekið alt í einu stökki frá því liðna til hins ókomna. Við þokumst hægt og hægt áfram. Og þó að brtt. hv. minni hl. verði samþyktar einhverntíma, þá er ekki ástæða til að samþykkja þær nú. Jeg viðurkenni fyllilega, að það sje satt, að leiðinlegt sje að þurfa að straffa fátæklingana með rjettindamissi. En straffið kemur víðar fram við okkur. Jeg held, að mjer sje óhætt að segja, að það komi fram á öllum sviðum. Menn hafa ekki íhlutunarrjett um meðferð þess fjár, sem þeir eiga ekki; þeir eiga ekki atkvæðisrjett í fjelögum, þar sem þeir eiga ekkert í. Og það má líta svo á, sem þeir, er ekkert leggja í sveitarsjóðina, eigi ekkert í þeim og hafi því ekki rjett til að hlutast til um, hvernig fje þeirra er varið. Meðan eignarrjetturinn er viðurkendur, er þetta eðlileg skoðun. Jeg lít líka svo á, að ekki sje heppilegt að hafa engin takmörk í þessu efni, og hver eiga þá takmörkin að vera, ef ekki þau, að menn stjórni ekki þeim sjóðum, sem þeir þá styrk úr til að lifa, en aðrir leggja í?

Þá vil jeg minnast fám orðum á tvær af brtt. hv. minni hl.

Aldurinn er og verður álitamál, þegar um er að ræða kosningarrjett. Það geta verið skiftar skoðanir um, hvort miða eigi við 21 ár, 25 ár, 30 eða 35 ár. En eitthvert ákvæði verður að vera um það efni. Og þar sem algerlega hlýtur að leika á tveim tungum um það, hvað sje rjettast og heppilegast, þá er best að taka það, sem heppilegast er af öðrum ástæðum, og það er í þessu tilfelli að hafa aldurinn þann sama í bæjarmálefnum og landsmálum, til þess að geta notað sömu skrárnar. Og þess ber að gæta, að ekki tjáir að færa það niður hjer í Reykjavík, nema það sje þá gert um land alt.

Um breytinguna á 3. gr. er það að segja, að jeg lít svo á, sem hún muni vera mjög óheppileg og tefja geysilega við kosningar. Maður þekkir það, að fjöldi manna kemur til kosningaskrifstofanna og segist eiga rjett á að kjósa. En þegar farið er svo að rannsaka málið, þá eru það kannske 2—3 af hverju hundraði, sem eiga rjettinn. Hv. þm. (JBald) sagði, að þetta hefði verið framkvæmt svona við kosningar undanfarið hjer í bænum. (*JBald:* Já!). Jeg held, að það sje alls ekki rjett, og ef það er satt, þá er það fullkomið lögbrot. Við þingkosningar er þetta að minsta kosti ekki gert. Hitt er satt, að yfirkjörstjórn leiðrjettir á kjördegi, þegar þess er krafist, ef fyrir kemur, að nafn hefir fallið niður af afritum þeim af kjörskránni, sem undirkjörstjórnir nota. Og það kemur mjög oft fyrir. En það er alt annað en hjer er farið fram á. Jeg er líka sannfærður um, að yrði brtt. við 3. gr. samþykt, þá mundi það valda afarmiklum glundroða og óþægindum, og gerir í raun rjettri kjörskrána að einskisverðu plaggi.

Hitt mætti laga, að kjörskrá yrði lögð fram fyr en verið hefir, svo að mönnum gæfist betur kostur á að fá leiðrjettingu sinna mála í þessu efni.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg vil minna á það, út af því, sem hv. frsm. meiri hl. (MJ) sagði áðan um þessa

brtt. mína, að í Reykjavík hefir það viðgengist, að kjörstjórn leyfi hverjum þeim manni að kjósa, sem hún er sannfærð um, að hefir þann rjett, þótt fallið hafi af kjörskrá. Á kjördegi situr yfirkjörstjórnin á kjörstað og hefir manntalið og fleiri gögn, sem að því lúta, hjá sjer og athugar hvern kjósanda, sem þannig stendur á fyrir. (*MJ:* Þá þarf ekki að vera að breyta þessu. — *KlJ:* Jú, því þetta er ólöglegt). Framvegis á þetta ekki að vera hægt, því í 3. gr. frv. stendur: „Skal viðbótarkjörskráin fullger ekki síðar en 14 dögum áður en kosning fer fram, og eftir að bæjarstjórn hefir gengið frá henni, má ekki bæta neinu nafni á kjörskrá nje strika nokkurt nafn út af henni.“ (*MJ:* Þetta fellur niður, ef brtt. okkar verður samþykt). Jeg álít nú, að frv. mundi fremur ná samþykki deildarinnar en brtt. allshn., og því gerði jeg þessa tilraun að lagfæra þetta með brtt. minni. Jeg álít, að þessi brtt. mín sje til talsverðra bóta. Hún á að ráða bót á því ranglæti, að menn verði sviftir kosningarrjetti, þótt þeir af vangá hafi fallið út af kjörskrá og ekki haft tækifæri til að athuga það. Háttv. 4. þm. Reykv. taldi erfiðleika á því að koma þessum sem öðrum breytingum á, enda lifðum við í svo mörgu á leifum liðinna tíma, og má þetta vel vera rjett hjá honum. En nú höfum við í orði kveðnu lagt niður kosningarrjett, sem áður var bundinn við ákveðnar eignir, eða við erum altaf að færa okkur nær í þá áttina, og nú hefi jeg með þessu lagt til, að menn stígi enn eitt sporið á þeirri braut. Við verðum að gæta þess, að Reykjavík hefir um langan tíma búið við þrengri kosningalög en nokkrir aðrir staðir á landinu, og verði nú breytt ákvæðum kosningalaganna um aldurstakmarkið og fátækrastyrk, og kæmist hún í því efni fram úr öðrum kaupstöðum á landinu, þá er það aðeins til að bæta það upp, hversu Reykjavík hefir lengi búið við miklu verri kosningalög en aðrir kaupstaðir á landinu. Það er og eðlilegt, að höfuðstaður landsins gangi á undan í þessu efni; enda hefir bæjarstjórn Reykjavíkur þegar sýnt vilja sinn til forgöngu í þessu efni, í 1. gr. þessa frumvarps.

Jeg óttast ekki svo mjög þær skaðlegu afleiðingar, sem þetta á að geta haft að áliti sumra háttv. þm., þó það yrði að lögum; en jeg tel rjettindamissi manna við það, að hafa þegið sveitarstyrk, geta verið allskaðlegan hemil í sumum tilfellum, en þó tel jeg það ekki neina algilda reglu. Þeir eru margir, sem ekkert láta fæla sig frá að leita fátækrastyrks. Jeg geri annars ráð fyrir, að forlög þessa frv. sjeu þegar ákveðin, en jeg vona þó, að frv. bæjarstjórnar Reykjavíkur verði fremur samþykt óbreytt, sem einskonar millivegur milli tillagna meiri og minni hl. allshn., ef minnihlutatillögurnar ná ekki fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 180,I feld með 16:4 atkv.

— 162,I (ný 1. gr.) samþ. með 18:2 atkv.

— 180,II feld með 18:3 atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 162,II samþ. með 16:1 atkv.

— 180,III feld með 15:6 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 162,III samþ. með 19 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv,

Brtt. 162,IV (6. gr. falli burt) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 162,V samþ. með 20 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt (verður 6. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

8. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 162,VI (ný fyrirsögn) samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um kosningar í bæjarmálefnum Reykjavíkur.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 269).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., fimtudaginn 3. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 269).

Á 40. fundi í Ed., föstudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., föstudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 269, n. 416).

Frsm. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er eitt af þeim mörgu smámálum, sem allsherjarnefnd hefir haft til meðferðar og leggur til, að verði samþykt. Frv. þetta er í aðalatriðum þess eðlis, að spara þessum bæ töluvert fje, með því að gera mögulegt að nota sömu kjörskrá til bæjarstjórnarkosninga sem alþingiskosninga. Upphæðin, sem bænum sparast við það fyrirkomulag, skiftir þúsundum króna. Annað mikilvægt atriði frv. er rýmkun kosningarrjettarins til bæjarstjórnarkosninga, að hann sje ekki lengur bundinn við skattgreiðslur. Hv. Nd. og allshn. þessarar háttv. deildar hafa ekki sjeð ástæðu til að amast neitt við þessari breytingu, úr því bæjarstjórn Reykjavíkur vill, að sami kosningarrjettur gildi til þessara tveggja kosninga.

Eggert Pálsson: Jeg hefi skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, og vil jeg með nokkrum orðum gera grein fyrir honum. Jeg álít sem sje ekki rjett, að þeir menn, sem engan eyri greiða til sveitarþarfa eða bæjar, eigi kosningarrjett í sveitar- og bæjarmálefnum. Það er eðlilegt, að menn hafi kosningarrjett til þings án tillits til beinna opinberra útgjalda, vegna þess að þeir greiða meira og minna til landssjóðsþarfa óbein gjöld. Má því skoða þessa menn sem skattgreiðendur í landssjóð. Hjer eru menn ekki taldir skattgreiðendur í sveitarsjóð, ef ekkert er á þá lagt. Þess vegna er skakt, að þeir hafi öll rjettindi í sveitarmálefnum á við hina, sem gjöldin greiða. Þó þetta yrði að lögum hvað Reykjavík snertir, þá vil jeg ekki láta það mynda fordæmi fyrir landsbúa alla í heild, þannig, að allir fengju atkvæðisrjett í sveitar- eða bæjarmálum, þótt þeir greiði ekkert til sveitar- eða bæjarþarfa. Jeg viðurkenni, að það spar-

ar afarmikið ómak hjer í Reykjavík að nota sömu kjörskrá bæði við bæjarstjórnar- og alþingiskosningar. Jeg skil, að það hlýtur að kosta mikið að semja nýja kjörskrá til kosninga í bæjarmálefnum og geta ekki stuðst við alþingiskosningakjörskrána. Þess vegna setti jeg mig ekki beint upp á móti frv. þessu, heldur skrifaði undir nál. aðeins með fyrirvara. Jeg vil því ekki leggja beint á móti frv., en jeg vil ekki, að það verði til að skapa fordæmi fyrir sveitirnar. Í sveitum er engin nauðsyn á þessu fyrirkomulagi; þar er ekki svo erfitt að taka saman kjörskrárnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 269).

Frsm. (Jónas Jónsson): Jeg vil einungis leyfa mjer að endurtaka þá ósk mína frá síðustu umr. þessa máls hjer, að frv. verði samþykt, því að það er hvorttveggja í senn, sparnaðarmál fyrir Reykjavíkurbæ og rjettlætismál.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 474).

---

35. Bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Á 24. fundi í Nd., laugardaginn 15. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði (þmfrv., A. 131).

Á 26. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 20. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það er nú svo ákveðið í lögum, að í bæjarstjórnir skuli kosið með hlutfallskosningu. En það er ekki alstaðar, að nefndir í bæjarstjórnum sjeu þannig kosnar.

Á síðasta þingi var bæjarstjórn Reykjavíkur heimilað að kjósa nefndir með hlutfallskosningu, en það hefir ekki verið lögleitt í Hafnarfirði. Frv. þetta ber jeg fram vegna tilmæla manna úr Hafnarfirði. Jeg vænti, að svo sjálfsagt mál sem þetta mæti ekki mótmælum, en aðeins formsins vegna vil jeg leggja til, að það verði látið ganga til allshn. að umr. lokinni.

Ágúst Flygenring: Jeg vil aðeins leyfa mjer að benda á það, að þar sem þetta frv. er fram komið að undirlagi einstakra manna úr Hafnarfirði, en hefir ekki verið rætt í bæjarstjórn þar, þá tel jeg rjett, að allshn. leiti umsagnar bæjarstjórnarinnar áður en það verður afgreitt. Þetta styð jeg með því, að mjer hafa í dag borist raddir úr Hafnarfirði um það, að óviðkunnanlegt sje að bera slíkt frv. fram eftir tilmælum einstakra manna, án þess að bera það undir bæjarstjórn, enda tel jeg það rjettara.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg skal ekkert hafa á móti því, að málið sje borið undir bæjarstjórnina í Hafnarfirði, en hinsvegar er málið þess eðlis, að það á ekki að vera komið undir meiri hluta bæjarstjórnar, hvort það nær fram að ganga eða ekki, því það er til þess fram borið að tryggja það, að minni hluti í bæjarstjórn geti komið manni í nefndir, og þeim manni, sem hann vill. Jeg skil ekki, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hafi neitt á móti þessu, en þó svo væri, þá er ekki ástæða fyrir þingið að taka það til greina. Jeg skal geta þess, að nokkrir menn úr bæjarstjórninni eru þessu fylgjandi, og eins er hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) ekki á móti málinu. En eðli málsins er þannig, að ekki kemur til mála að hlíta mótmælum meiri hlutans, ef svo snerist.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 131, n. 243 og 256).

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Jeg get í raun og veru látið mjer nægja að vísa til nál. meiri hl. á þskj. 256. Eins og þar er tekið fram, hefir frv. verið sent bæjarstjórn Hafnarfjarðar til umsagnar, og sendi bæjarstjórnin svar, sem jeg býst við, að allir hv. deildarmenn hafi lesið, því það er prentað í nál. minni hl. á þskj. 243. Meiri hluti bæjarstjórnarinnar leggur eindregið á móti því, að frv. verði að lögum, og virðist meira að segja taka það mjög óstint upp, að þingmaður annars kjördæmis skuli hafa flutt þetta frv. Jeg játa að vísu, að úr þessu einu væri ekki mikið gerandi, ef nokkuð hefði legið fyrir um það, að töluverður flokkur manna í Hafnarfirði vildi fá þessa breytingu. En jeg verð að líta svo á, að ekkert bendi á það. Hv. flm. (J. Bald) getur þess að vísu í greinargerð fyrir frv., að það sje flutt að beiðni nokkurra manna í Hafnarfirði, en eftir málvenju flestra manna er það sama sem fáir, og verður því ekki sjeð, að nokkur áhugi sje fyrir því í Hafnarfirði, að þetta komist á. Hvað sem því líður, hvort rjett sje að hafa hlutfallskosningar í þessar nefndir eða ekki, þá verður því ekki á móti mælt, að þetta sje fremur innra mál kaupstaðarins. Lítur meiri hl. allshn. svo á, að í slíku máli sje rangt af Alþingi að fara að kúga bæjarstjórnina í Hafnarfirði til þess að taka upp aðra starfshætti en hún vill hafa; að minsta kosti mun ekki liggja á því, á meðan áhugi er ekki meiri fyrir þessu en fram hefir komið. Jeg skal svo að lokum taka fram, að því fer fjarri, að jeg geri þetta að kappsmáli, og býst jeg ekki við að standa í neinum deilum um það.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Þetta litla frv. er eiginlega þess eðlis, að mig furðar á því, að allshn. skuli ekki hafa getað orðið sammála um að mæla með því. Það er í svo miklu samræmi við þá braut, sem löggjafarvaldið hefir gengið inn á um löggjöf kaupstaðanna, að það væri á móti þeirri reglu að synja frv. samþykkis. Það eru allmörg ár síðan þau lög voru samþykt, að til bæjarstjórnar skuli kosið með hlutfallskosningum, til þess að tryggja minni hlutanum þann rjett til þátttöku í bæjarmálum, sem hann væri annars sviftur. Þetta er komið á í flestöllum menningarlöndum, og hefir verið tekið

eftir þeim, af því að það hefir komið að góðum notum, og hefði að öðrum kosti mikið misrjetti átt sjer stað í meðferð bæjarmála. Því fer fjarri, að þetta geti aukið stjettarig; það er miklu fremur til þess að draga úr honum, þar sem flokkunum er veitt hluttaka í stjórn bæjanna eftir atkvæðamagni. Hjer á landi hafa verið hafðar hlutfallskosningar í ekki allfáum kaupstöðum við nefndakosningar innan bæjarstjórna. Svo hygg jeg, að sje í Vestmannaeyjum, og á síðasta þingi var samþykt að hafa hlutfallskosningar í bæjarstjórn Reykjavíkur. Þetta samþykti Alþingi þá, þó að meiri hluti bæjarstjórnar legði fast á móti því. Þingið var svo sanngjarnt, að láta ekki meiri hluta bæjarstjórnar ráða í þessu efni, til þess að hindra sanngjarna þátttöku minni hlutans, enda er meiri hlutinn ekki bær um að dæma í þessu. Því ætti þingið ekki að taka tillit til þess, að meiri hluti bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði hefir lagst á móti þessu frv., enda er ekki um mikinn meiri hluta að ræða. Í bæjarstjórn Hafnarfjarðar eru 9 fulltrúar, og tjáðu 4 sig fylgjandi þessu frv., en 4 voru á móti því, og ef til vill sá, sem fjarstaddur var. Þetta kemur fram í útskrift þeirri úr fundargerð bæjarstjórnarinnar, sem prentuð er á þskj. 243. Jeg tel þetta álit bæjarstjórnarinnar einmitt sem bein meðmæli með frv.

Jeg vil skjóta því til hv. frsm. meiri hl. (BSt), að nú mætti hugsa sjer, að ekki væru hafðar hlutfallskosningar til nefnda á Alþingi. Við skulum hugsa okkur, að hann væri í nokkuð stórum flokki, eins og hann er, sem þó hefði ekki meiri hluta í deildinni, eins og flokkur háttv. þm. hefir heldur ekki. Þá mætti hugsa sjer, að meiri hlutinn gæti bægt öllum minnihlutamönnum frá nefndastörfum, eða þá skipað þeim í nefndir á þann hátt, að þeir yrðu að miklu minna liði í þingstörfum en ella mundi, með því að varna þeim að fjalla um þau mál, sem þeir hefðu mest vit á. Nú mætti t. d. hugsa sjer, að hv. frsm. meiri hl. og hv. 1. þm. G.-K. væru báðir í þessum minni hl., og gæti meiri hlutinn þá misbeitt valdi sínu og kosið hv. 1. þm. G.-K. í landbn., en hv. frsm. meiri hl. í sjútvn. Þeir væru þá báðir settir á skakka hillu og nytu sín miklu síður heldur en ef þeir mættu segja sjálfir til, hvar þeir vildu helst vinna. Jeg veit nú, að báðir þessir hv. þm. eru svo miklir dómgreindarmenn, að þeir mundu gera mikið gagn í nefndum, þó að þeim væri skipað svo í þær, sem jeg hefi sagt. Þó að hv. frsm. meiri hl. hafi lýst því einhverntíma í þingbyrjun, að hann hefði ekki sjerstakan áhuga fyrir sjávarútvegi, heldur væri hann kunnugri landbúnaði, þá býst jeg við, að hann gæti alt að einu orðið góður starfsmaður í sjútvn., en þar fengi hann þó ekki að vinna að áhugamálum sínum.

Jeg hefi tekið þessi dæmi til að sýna, hve ranglátt það er að meina minni hluta að neyta sín eftir því atkvæðamagni, sem hann hefir. Jeg skal annars ekkert fara út í það, hvernig meiri hlutinn í bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir notað þetta vald sitt. Það er þó víst, að hann hefir ekki skipað menn í nefndir eftir því, sem minni hluti hefir viljað og átt sanngirniskröfu til.

Jeg held nú, að jeg hafi með svo góðum rökum sýnt fram á sanngirni þessa máls, að ekki sje með góðu móti hægt að spyrna gegn því. Ef það ætti að leggja meira upp úr tillögum 4 bæjarfulltrúa af níu heldur en öllum þeim sterku rök-

um, sem fyrir þessu máli hafa verið færð, þá þætti mjer þó skörin fara að færast upp í bekkinn. Það er hreinn misskilningur, að það mundi leiða af því flokkadrætti, ef þetta frv. yrði samþykt. Það myndi einmitt verða til þess að draga úr flokkadráttum.

Þeirri mótbáru, að það sje ekki þm. þessa kjördæmis, sem fram kom með frv., geri jeg ekki mikið úr. Það var mjög eðlilegt, að jeg flytti þetta fyrir flokksbræður mína í Hafnarfirði, enda hafði sá maður, sem mest starfar þar í flokknum, farið þess á leit við mig. Bak við hann standa kjósendur í Hafnarfirði í sömu flutföllum sem síðustu bæjarstjórnarkosningar sýna, eða fullkominn þriðjungur kjósenda.

Ágúst Flygenring: Hv. flm. (JBald) segir, að þessi hlutfallskosning nefnda sje eðlileg afleiðing af því fyrirkomulagi, sem nú ríki við bæjarstjórnarkosningar. Kveður hann það eðlilegast, að eins sje farið að við nefndakosningar og að hjer sje um að ræða sjálfsagða rjettarbót. Það geta nú verið nokkuð deildar meiningar um þetta. Mín skoðun er sú, að þetta „system" sje til óhappa einna. Það er bara til þess gert að skapa eftirhermuflokkadrætti og spana upp pólitíska flokka í smábæjarholum, þar sem um er að ræða að kjósa fáeina karla til þess að stýra bæjarmálunum. Þetta frv. er, eins og það er flutt, að vísu ekkert ósanngjarnt, en það er leiðinlegt og smámunalegt „humbug". Það er það af því, að ástandið þarna gefur ekkert tilefni til að gera neina breytingu á kosningu í nefndir bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Þykir mjer það leiðinlegt, að það skuli hafa hent þennan hv. þm., sem telur sig málsvara verkalýðsins, að leggjast fyrst gegn jafnnauðsynlegu máli og mikilsverðu fyrir þennan kaupstað og frv. var, sem jeg bar fram fyrir skömmu síðan, en koma svo fram með annað eins endemis „humbug" sem þetta frv. er. Það er ekki einu sinni tveggja aura virði, enda býst jeg við, að jeg hafi ekki einu sinni svo mikið við það að greiða um það atkvæði. Hvort þessir menn skipa nefndir í Hafnarfirði með hlutfallskosningu eða ekki, hefir alls enga þýðingu. Og jeg vil fullyrða það, að þótt hv. 2. þm. Reykv. þykist bera verkalýðinn mjög fyrir brjósti, þá geri hann það ekki meira en þeir ýmsu borgarar í Hafnarfirði, sem ekki æskja þessarar breytingar. Jeg lít annars svo á, að þinginu beri ekki að svo stöddu að skifta sjer neitt af þessu máli, því það er hjer um að ræða innra mál kaupstaðarins; auðvitað hefir þingið vald til þess, ef það vill, en jeg tel það bara ekki rjettmætt, og því síður hyggilegt. — Það er að vísu svo, að meiri hluti bæjarfulltrúanna ræður því, hverjir skipaðir eru í nefndirnar, og það liggur líka í hlutarins eðli, að hann geri, og það gerir hann, hvernig sem kosið verður. En mjer er kunnugt um það, að þeir menn einir eru skipaðir, sem líklegastir þykja til að gera sem mest gagn, hver á sínu sviði. Sá, sem er byggingarfróðastur, er skipaður í byggingarnefnd, sá, sem er skólafróðastur, er settur í skólanefnd o. s. frv. Hitt væri líka óhagsýni og hreinasta tap fyrir bæinn og alla hlutaðeigendur, að fara öðruvísi að. Nei, jeg verð að endurtaka það, að þetta frv. er eitthvert það skærasta „humbug", sem enn hefir komið fram á þessu þingi.

Tryggvi Þórhallsson: Það ber heldur nýrra við, er jeg fer að tala um mál, sem eingöngu snertir kaupstaðalöggjöfina, en með því að svo lítur út, sem mál þetta verði nú þegar drepið í fæðingunni, vildi

jeg þó segja nokkur orð um það áður en vígið verður unnið.

Það er ekki að furða, þótt hv. 2. þm. Reykv. standi oft einn í ýmsum málum, þar sem hann heyrir til þeim flokki, sem stendur á öndverðum meiði við það stjórnarfyrirkomulag, sem nú ríkir hjer. En þar með er það ekki sagt, að sjálfsagt sje, að þessi hv. þm. standi ávalt einn; að minsta kosti vildi jeg, að svo væri ekki í þessu máli. Því jeg lít svo á, að hjer sje ekki eingöngu um rjettlætismál að ræða, heldur og um praktiskt mál. Miðað við það stjórnarfyrirkomulag, sem við eigum nú við að búa, og þá kosningaraðferð, sem annarsstaðar er beitt, þá á minni hluti bæjarstjórnar fullan rjett á því að ráða nefndaskipuninni í hlutfalli við atkvæðamagn sitt. Er eðlilegast, að eins sje farið að hjer og við nefndaskipun á Alþingi. Þetta er sá sjálfsagði rjettur, sem minni hlutanum ber alstaðar að hafa. — En þetta er ekki eingöngu það rjettasta, heldur er það líka það praktiskasta, sem hægt er að gera í þessu máli. Það er miklu meiri trygging fyrir því, að bæjarmálunum verði vel stjórnað, ef minni hlutinn á sinn fulla þátt í þeim. Að útiloka hann frá því að skipa í nefndir er aðeins til að kefja áhuga hans og draga úr því, að hann geri sjer far um að fylgjast þar með. — Það hefir með öðrum orðum ekkert annað í för með sjer en tap á góðum starfskröftum, og ætti meiri hlutanum ekki að vera neinn fengur í því. — Það er ekki nein kúgun, sem frv. fer fram á, en það er kúgun á minni hlutanum að leyfa honum ekki hlutfallslega þátttöku í meðferð málanna. — Jeg skal taka það fram, að jeg segi þetta ekki af því, að jeg vilji með því draga taum eins flokks fram yfir annan. Í Hafnarfirði eru jafnaðarmenn í minni hluta, en þeir eru aftur í meiri hluta á Ísafirði, og jeg vil nú lýsa yfir því, að væri þetta frv. borið fram fyrir hönd minni hlutans á Ísafirði, þá myndi afstaða mín vera nákvæmlega sú sama.

Jakob Möller: Jeg verð að játa það, að jeg á mjög bágt með að skilja afstöðu hv. meiri hl. nefndarinnar í þessu máli. Það má vera, að þetta mál sje fram borið á óvenjulegan hátt, þar sem það er ekki þm. kjördæmisins, sem bera það fram, og eitthvað megi finna að undirbúningi málsins af hálfu flutningsmanns. En hv. allsherjarnefnd hefir þá fullkomlega ráðið bót á þeim ágöllum, með því að leita umsagnar bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Í nál. minni hl. eru birt skilríki fyrir því, að helmingur bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði standi bak við frv. Málið liggur því svo fyrir, að ef þingið neitar um þetta, þá er þar fyrir borð borinn rjettur helmings bæjarstjórnarinnar. Það má vera, að undir þessu fyrirkomulagi, sem nú ríkir, hafi verið skipað svo heppilega í nefndir, sem óskað verði, en það er engin trygging fengin fyrir því, að svo verði eftirleiðis. En þetta er þó ekki aðalatriðið í málinu. Aðalatriðið er það, að með því að sporna við þessu, þá er verið að kynda undir eldi ósamkomulagsins í þessum bæ, — og sá eldur logar þó, að jeg held, nógu glatt áður. En það gengur svo um ýmsa menn; það er ekki fyr tekið að hreyfa slíkum málum en þeir fara að sparka og sparka og snúast um á hæl og hnakka. Það eru þessir menn, sem vinna drýgst að því að kynda undir stjettarígspottinum. Ef við lítum aftur í tímann, þá sjáum við, að hjer í bænum hefir verið miklu betra samkomulag í

bæjarmálum síðan hlutfallskosningin var upp tekin. Er þetta og eðlilegt, því að með því móti, að báðir flokkar eigi sína fulltrúa í nefndunum, verður einmitt auðveldast að tryggja góða samvinnu um málin. Það er því ekki nein skynsamleg ástæða fyrir þessa menn, sem í móti standa, að berjast gegn hlutfallskosningum, því það er fjarri því, að þeir sjeu vissir um að fá altaf að vera í meiri hluta. Í Hafnarfirði hefir það meira að segja einu sinni komið fyrir, að verkamenn hafa borið hærri hlut í kosningu. Og jeg vil nú spyrja hv. 1. þm. G.-K. (ÁF): Myndi hann, ef svo færi, taka sömu afstöðu til óska minni hlutans og hann gerir nú? Ætli honum þætti þá ekki illa fara á því, að meiri hlutinn hefði allan veg og vanda í þessum efnum. (*ÁF:* Hann bæri þá líka alla ábyrgðina). Jeg legg lítið upp úr þeirri ábyrgð, og þótt hv. 1. þm. G.-K. kunni peningalega sjeð að vera margra aura virði, þá gef jeg samt ekki tvo aura fyrir ábyrgð hans í þessu efni. Og jeg vil fullyrða það, að hann er enginn ábyrgðarmaður fyrir þeirri úlfúð og stjettarig, sem kann að leiða af því, að þetta frv. verði felt. Að minsta kosti þykist jeg ekki vera það, og mun því hiklaust greiða atkv. með frv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Jeg tók það fram áðan, að jeg mundi ekki fara út í neinar deilur um þetta mál, og verð jeg að taka undir með hv. 1. þm. G.-K., að jeg er ekki sjerlega heitur fyrir því. — Það hefir nú samt verið ráðist á nefndina fyrir að hún vilji bera fyrir borð rjett minni hl. bæjarstjórnar í Hafnarfirði, og þar með þess flokks, sem standi á bak við þá menn. Jeg get alls ekki fallist á þetta, því það hefir ekkert legið fyrir nefndinni, sem bendi til þess, að nokkur áhugi sje fyrir þessu máli í Hafnarfirði. Það eru aðeins þessir þrír menn, sem standa fyrir þessu „ og svo nokkrir aðrir", eins og stendur nál. hv. minni hl. nefndarinnar. Þar fyrir þarf það alls ekki að vera, að þessir 3 bæjarfulltrúar hafi að baki sjer í þessu máli hlutfallslegt fylgi kjósenda. — Fins mjer yfirleitt ekki liggja svo mjög á þessu máli, að flokkurinn geti ekki gefið sjer tíma til að undirbúa það betur, og legg jeg því til, að það sje látið bíða þetta árið.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg skil vel ástæður hv. 1. þm. G.-K. Hann er andstæður öllum slíkum skoðunum heild; hann vill að meiri hlutinn ráð öllu, en minni hlutinn engu. Og það er alveg hrein afstaða. Það tæki alt of mik inn tíma að fara inn á þann skoðanamu nú, enda mun jeg sleppa því.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) kvað nefndin ekki vita með neinni vissu, hvort að bak þessa frv. væri nokkuð verulegt fylg meðal kjósenda í Hafnarfirði. — Jeg vi í tilefni af þeim orðum hans lesa hjer upp yfirlýsingu frá einum bæjarfulltrúanun í Hafnarfirði. Hún hljóðar svo:

„Jeg undirritaður lýsi hjer með yfir að jeg er einn af þeim, er mæltust til o fólu alþingismanni Jóni Baldvinssyni a flytja frv. það um hlutfallskosningu, e hann nú flytur, og sem er í fullu sam ræmi við vilja hinna fulltrúa verkamanna flokksins.

Hafnarfirði, 1/4 1924.

Davíð Kristjánsson.

(*BSt:* Þetta lá ekki fyrir nefndinni) Þetta lá að vísu ekki fyrir nefndinni, en jeg hafði ekki búist við því, að hv. þm

myndu búast við, að jeg færi að spinna neitt upp um flokksmenn mína í Hafnarfirði, enda væri slíkt heldur óviturlega gert. (*BSt:* Jeg dróttaði engum uppspuna að háttv. þm.). Háttv. þm. virtist efast um, að rjett væri skýrt frá ástæðum málsins. Jeg vil annars þakka þeim háttv. þm., sem mælt hafa með frv. Og út af því, sem hv. þm. Str. (TrÞ) mintist á Ísafjörð, vil jeg taka það fram, að þó að mínir flokksmenn sjeu þar í meiri hluta og ef minni hlutinn óskaði eftir hlutfallskosningum, eins og hjer er farið fram á, þá myndi jeg hiklaust greiða því atkvæði. Jeg þarf ekki að gera því á fæturna, að flokksmenn mínir legðust á móti slíku máli, því jeg veit með vissu, að þeim kæmi aldrei til hugar að sýna slíka ósanngirni.

Magnús Jónsson: Jeg veit ekki, hvort til er nokkur slíkur talsháttur, en svo mætti þó vel vera, að ljettasta hismið brenni best. Það vill að minsta kosti oft reynast svo í þessari hv. deild. Jeg á annars undurhægt með að skilja afstöðu hv. 1. þm. G.-K. í þessu máli. Hann bar hjer fram mikilvægt hagsmunamál þessa sama bæjar, sem jeg að vísu ekki gat fylgt að öllu leyti, en þó að nokkru, og var það felt fyrir honum. Það mál var þó svo mikilsvert, að það hefði vel mátt ríða á efnalegri afkomu alls þorra manna í Hafnarfirði. Jeg get því skilið, að þessum hv. þm. finnist ekki mikið til koma, að nú sje komið fram með svona frv. og það samþykt. Því það verður ekki með neinu móti hægt að neita því, að þetta er mjög lítilsvert smámál. Það má auðvitað mála alt svart og yfirdrífa, en með rökum verður tæplega sýnt fram á það, að hjer sje um þá allra minstu nauðsyn að ræða. Jeg man það vel, að þegar jeg var í bæjarstjórn á Ísafirði, þá voru ekki komnar hlutfallskosningar þar, en meiri hl. reyndi ávalt að velja eins hæfa menn í nefndirnar og hann átti kost á. Þeir sáu, sem eðlilegt var, að hitt myndi aðeins leiða af sjer tjón fyrir alla hlutaðeigendur. Eins var hjer á Alþingi áður en hlutfallskosningar voru viðhafðar. Og ef við svipumst vel um, þá sjáum við brátt, að jafnvel þar, sem hlutfallskosningar eru, þá er ekki ávalt valið í slíkar nefndir eftir hæfileikum manna, heldur fer það stundum eftir ýmsu öðru. Það eru t. d. ekki altaf tómir mentafrömuðir, sem eiga sæti í mentamálanefnd o. s. frv. Það er yfirleitt engin skynsamleg ástæða til að ætla, að meiri hluti útiloki þá menn, sem eru vel hæfir, en taki aðra illa hæfa í staðinn, því það hlyti að hafa álitshnekki í för með sjer og erfiði fyrir þá sjálfa og ýmsan annan skaða og koma meiri hlutanum í koll fyr eða síðar. Það væri sama sem að skaða sjálfa sig með því vopni, sem þeir hefðu í höndum, og er varla ætlandi öðrum en vitskertum mönnum eða þá steinblindum af ofstæki.

Að því er snertir þá röksemd, að þetta sje rjett að gera til samkomulags, þá lít jeg svo á, að ekki sje ávalt sjálfsagt, þótt einhver fari að rífast út af einhverju, að láta undan honum, bara til að forðast ófrið og deilur.

Því er nú svo varið jafnvel þar, sem hlutfallskosningar eru, að það er samt meiri hl., sem ræður og skömmin skellur á eða heiðurinn hlotnast.

Jeg vil enn taka það fram, að jeg tel þetta frv. ekki neitt háskalegt, svo jeg sje því mótfallinn af þeirri ástæðu. En það er lítilfjörlegt og það hafa eiginlega engar óskir komið fram um, að það sje afgreitt, þó svo sje látið heita í greinargerð frv., að það sje fram komið eftir ósk

nokkurra manna. Og það sýnir best undirbúningsleysið, að farið er að safna áskorunum eftir á. Þannig er hjer fyrirliggjandi ósk um þetta frá einum bæjarfulltrúa í Hafnarfirði, dagsett í fyrradag. Jeg var á móti afgreiðslu þessa máls í allshn. af því, að jeg fann ekki neina ástæðu til þess, að þetta frv. yrði samþykt, en alls ekki af því, að þetta sje mjer hitamál eða jeg sje því mótfallinn í sjálfu sjer.

Hákon Kristófersson: Jeg vildi mótmæla þeim orðum hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að þeir, sem væru mótfallnir þessu frv., vildu kynda undir stjettarígspotti. Þetta er ekki rjett. (*JakM:* Það er hringlandi vitlaust hjá hv. þm.). Það er einhver hringavitleysa í höfðinu á hv. 3. þm. Reykv. Jeg er ekki svo sljór, að jeg geti ekki skilið mælt mál. Er því óþarfi fyrir hv. þm. að slá því fram, að jeg hafi farið með vitleysu í þessu efni eða aflagað ummæli hans. En eins og það liggur fyrir, þá get jeg ekki ljeð því atkvæði mitt. Mjer þykir einkennilegt, ef þetta er áhugamál manna í Hafnarfirði, að þeir skuli þá vera að seilast eftir þm. í öðru kjördæmi til þess að flytja það fyrir sig í þinginu, en ekki nota sína eigin þingmenn. Það virðist mjer benda á, að einhver undirróður utanaðkomandi áhrifa eigi sjer stað í þessu máli. Jeg vil ekki leiða þá reglu hjer inn á Alþingi, að kjósendur gangi fram hjá sínum eigin þingmanni í slíkum tilfellum. Hvað áskorunum í þessu máli viðvíkur, þá get jeg eins búist við því, að þær sjeu komnar frá mönnum í Reykjavík. Jeg get ekki sjeð, að hjer sje neinn almennur vilji á bak við. Og jeg er sammála hv. 4. þm. Reykv. ((MJ) og lít á þetta sem hreinasta smámál. Jeg geri ekki ráð fyrir því, þó ágreiningur sje um nefndir í einni bæjarstjórn, að störfin sjeu ekki unnin jafnsæmilega, hvort sem kosið er í nefndir með hlutfallskosningu eða öðru móti. Það er bara hugarburður og tæplega frambærilegt sem rök í málinu, að annað eigi sjer stað. Ekki ber á þessu á Ísafirði, og mun þó mest óeining á landi hjer í því bæjarfjelagi. (*JAJ:* Það er ekki rjett). Ætli það sje ekki nokkuð mikið hæft í því. Og jeg býst ekki við, að jafnkunnugur maður og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) vilji mótmæla því í fullri alvöru, enda gæti jeg fært ýms dæmi þar um, ef þyrfti, sem hv. þm. gæti ekki hrakið.

Jakob Möller: Jeg á víst þá hnútu, að hafa gert þetta mál að hitamáli. En jeg verð að játa það, að jeg á ákaflega bágt með að stilla skap mitt þegar heimska manna keyrir úr hófi fram. Hv. þm. Barð. (HK) var að hafa eftir mjer ummæli, en eftirtektin var ekki meiri en það, að hann gat ekki haft þau rjett eftir. Jeg sagði, að þeir menn kyntu mest undir stjettarígspottinum, sem spyrntu á móti slíkum jafnrjettismálum sem þessu. Jeg sagði ekki, að þeir gerðu það viljandi, heldur blátt áfram af heimsku, skammsýni og ofsa. (*HK:* Svona geta vitrir menn talað). Einn sjer það, sem annar sjer ekki. Það getur verið, að óvitrir menn eins og jeg sjái ýmislegt í þessu, sem hv. þm. Barð. (HK) sjer ekki, af því að jeg er persónulega kunnugri þeim ástæðum, sem hjer ræðir um.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) talaði um undirbúningsleysi í þessu máli. Hvaða undirbúningur er það, sem hann saknar? Hv. allshn. hefir útvegað umsögn bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sem liggur nú hjer prentuð fyrir, og af henni sjest, að það er vilji 4 fulltrúa af 9, að frv. gangi fram.

En hverjir ætli sjeu bærari til umsagnar í þessu máli en einmitt bæjarfulltrúarnir sjálfir? Álit þeirra er miklu meira virði en 20—100 annara bæjarmanna. Málið er því eins vel undirbúið nú eins og hægt er.

Sami hv. þm. (MJ) sagði, að engin ástæða væri til þess að kaupa sjer frið á þennan hátt. Jeg er honum samdóma um það, að ekki sje rjett að selja stór atriði fyrir friðinn einan. En það á ekki að láta standa á smáatriðunum, ekki að halda niðri smábreytingum, sem í raun og veru skifta litlu máli, ef þær miða í áttina til þess að efla frið. Það er vitanlega rjett, að meiri hluti ræður eftir sem áður í bæjarstjórninni, þó hlutfallskosning sje innleidd. En þá er líka engin hætta þessu samfara. Meiri hlutinn verður sá sami, hvort sem þetta frv. verður samþykt eða ekki. Fyrst í stað verður hann sá sami, en það veit enginn, hver meiri hlutinn kann að verða á hverjum tíma. Og verði þetta mál gert að þrætumáli, þá getur það flýtt fyrir því, að meiri hlutinn yrði annar. Jeg er ekki meðmæltur þessu frv. vegna þess minni hluta, sem nú er, sjerstaklega, heldur vegna minni hlutans, sem verður á hvaða tíma sem er. Það gæti snúist svo, að meiri hlutinn, sem nú er, yrði minni hluti, og yrði þá áhugamál að njóta síns rjettar gagnvart minni hlutanum, sem nú er. Sami hv. þm. sagði, að það væri engin skynsamleg ástæða til þess að útiloka minni hlutann frá nefndum. Það er náttúrlega rjett. En hvernig er reynslan? Lítum nær okkur; lítum á sjálft þingið. Jeg held það ætti að geta vakið efa hjá hv. þm. (MJ) um það, að skynsemin ráði alstaðar við nefndakosningar. Hjer hafa gerst þau dæmi, að menn eru útilokaðir frá nefndum, og það menn, sem alls ekki eru að almannadómi meðal óstarfhæfari manna þingins. En þetta mundi því fremur koma fyrir, ef ekki væri hægt að beita hlutfallskosningu. — Nei, það er engin skynsamleg ástæða gegn því að tryggja það sem best, að þeir menn sjeu settir í nefndir, sem hæfir eru til starfanna, en það verður nú ekki betur trygt en einmitt með hlutfallskosningu.

Magnús Jónsson: Jeg get naumast þakkað háttv. 3. þm. Reykv. (JakM), þó hann geti talað með stillingu um þetta mál. En um leið viðurkenni jeg þann heilaga eld, sem í honum brennur gegn öllu ranglæti. Jeg skil vel, að ofríki stælir menn til andstöðu í hverju máli. En það á ekki heima hjer. Ef minni hluta Hafnfirðinga hefði þrásinnis verið neitað um þessa rjettarbót, þá hefði mátt tala um ofríki. En að tala um ofríki í þessu sambandi, þó ekki sje orðið við óskinni í fyrsta sinn, sem hún kemur fram, flutt af óviðkomandi manni, — það get jeg ekki talið rjettmætt. Og þó allshn. sendi frv. bæjarstjórn Hafnarfjarðar til umsagnar og minni hlutinn vildi þiggja þetta, úr því verið var að bjóða það fram, þá er lítið að leggja upp úr því.

Þá mun þessi hv. þm. (JakM) hafa átt við dæmi frá þessu þingi, er hann talaði um, að starfhæfir menn hefðu verið útilokaðir frá nefndum. En það er mikil spurning, hvort það er ekki einmitt hlutfallskosningin, sem því hefir valdið. Það þykir ekki rjett eða heiðarlegt að setja menn í nefndir, sem standa utan kosningabandalaganna, og verða því utanflokksmenn útundan við nefndaskipanir, ef þeir slá sjer ekki saman við einhverja, og þetta leiðir beint af hlutfallskosningunni. Jeg efast ekkert um það, að þar sem er stór meiri hluti, þá ráðgist hann við aðra flokka um nefndaskipun, svo það

getur mjög orkað tvímælis, hvort fyrirkomulagið reynist betur.

Jeg benti á, að það væri ekki neitt ofríki, þótt menn fengju ekki allar óskir uppfyltar þegar í stað. Og þó jeg greiddi þessu máli atkvæði á næsta þingi, þá er það ekki af neinum snúningi. Það er svo alveg laust við, að þetta sje mjer hitamál. En jeg vil ekki stuðla að því, að slík mál gangi fram fyrir undirróður fárra einstaklinga.

Ágúst Flygenring: Jeg vil aðeins bera af mjer þá ásökun hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að jeg með því að spyrna á móti þessu frv. sje að kynda stjettarígsbál. Jeg hefi aðeins sagt, að þetta mál sje ekki þess vert að tala um það. Jeg tel það ekki æskilegt fyrirkomulag fyrir hvern smákaupstað að innleiða hlutfallskosningar, sem óbeinlínis byggja upp óeðlilega flokkaskiftingu og veikja ábyrgðartilfinning einstaklingsins, og á sama tíma draga úr sjálfstæðri skoðun hans. En annars þótti mjer nokkuð skrítið, að hv. flm. (JBald) þóttist flytja þetta mál fyrir verkalýðinn í Hafnarfirði, en hefir þó sjálfur gerst til þess að eyðileggja annað mál, sem var miklu meira vert fyrir hann.

Hvað snertir það, sem talað hefir verið hjer um stjettaríg í Hafnarfirði, þá hlýtur það að stafa af ókunnugleik, því þar eru engar sjerstakar yfir- eða undirstjettir; þar eru aðeins sjómenn, verkamenn, handiðnamenn og fáeinir kaupmenn. Þetta er í raun og veru ekki nema ein alþýðustjett, enda sjest það á því, hvernig skipað er í bæjarstjórnina. Í minni hlutanum þar er einn kennari, einn snikkari, einn stýrimaður og einn framkvæmdarstjóri. Hjer er engin undirstjett. Og eins og jeg sagði í upphafi, vil jeg ekki greiða þessu frv. atkvæði, af því jeg tel þess enga þörf og enga rjettarbót í því felast. Jeg veit ekki, hvort nokkur meiri hluti er fylgjandi því í Hafnarfirði. Og jeg vil bíða með að afgreiða það þangað til það kemur í ljós, hver sje vilji fólksins þar. Eins og frv. nú liggur fyrir er það hreint hjegómamál.

Magnús Torfason: Mig undrar, hvað mikill hiti hefir orðið út af svo litlu og sjálfsögðu máli. Jeg þykist skilja, að hv. þdm. þekki ekki, hvað hjer er um að ræða, sveitaþingmenn að minsta kosti. Og til þess að upplýsa þetta, vil jeg segja frá minni reynslu. Þegar jeg 1889 kom fyrst til Kaupmannahafnar, þá rjeð þar einfaldur meiri hluti, sem voru íhaldsmenn, og spyrntu þeir á móti hlutfallskosningu. Síðar verða þeir í minni hluta og þá komu þeir skríðandi og báðu um hlutfallskosningu, og fengu hana vitanlega.

Þegar jeg kom til Ísafjarðar, voru þar 2 bæjarfulltrúar úr alþýðuflokki, en 4 úr hinum, og útilokuðu þeir minni hlutann, nema einn mann úr lítilfjörlegustu nefndinni. Síðar varð það að samkomulagi að kjósa í nefndir úr minni hlutanum þá menn, sem minni hlutinn vildi hafa þar. En þessi lög girða einmitt fyrir ofríki þegar ekki næst slíkt samkomulag, sem stundum verður.

Í nál. minni hl. er í þessu sambandi vitnað til ályktunar, sem gerð var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar út af þessu máli. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„.... að með því að smeygja frv. .. inn á Alþingi .... sje gerð óþörf tilraun til þess að smitta bæjarstjórnina af kosningaríg borgaranna og að innleiða þar flokkadrætti og sundrung að ófyrirsynju.“

Mjer sýnast þessi orð benda á, að sam-

komulagið sje ekki eins gott í bæjarstjórninni og látið er í veðri vaka. Það er ríðandi, að minni hlutinn geti ráðið því sjálfur, hvaða menn sitja í nefnd af hans hálfu, en það verður ekki trygt á annan veg en með hlutfallskosningu. En engin von er til þess, að slík beiðni komi frá meiri hlutanum.

Að þetta mál er flutt af öðrum en þm. kjördæmisins, er ekkert óeðlilegt í mínum augum. Það er eðlilegt, að minni hlutinn snúi sjer í þessu efni til síns flokks. Við það er ekkert að athuga.

Forseti (BSv): Hjer hafa nú orðið allmiklar umræður, og hefir mjer borist svofeld ósk frá 8 þdm. um það, að umræðum yrði þegar slitið:

„Undirritaðir óska að umræðum um þetta mál verði þegar slitið.

PO, HK, JS, IngB, PÞ, SigurjJ, ÁJ, TrÞ.“

Þessi tillaga verður þegar borin undir atkvæði.

ATKVGR.

Samþ. að slíta umr. með 18 shlj. atkv.

Frvgr. samþ. með 14:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:2 atkv

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 131).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., þriðjudaginn 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 131).

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Björn Kristjánsson: Af því enginn annar tók til máls, vil jeg fara fáeinum orðum um þetta frv., sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir borið fram. Jeg hefi leitað upplýsinga hjá bæjarfógeta í Hafnarfirði, hvernig á frv. þessu standi og hvort bæjarstjórnin hefði samþykt að biðja um að flytja frv. Svaraði hann því neitandi. Ennfremur spurði jeg, hvort sósíalistar hefðu orðið út undan við nefndarkosningar. Sagði hann, að sósíalistar væru í fleiri nefndum en þeim bæri, ef hlutfallskosning hefði farið fram. Það er rjett, að af 3 sósíalistum hefir einn ekki verið kosinn nema í eina nefnd. Er það vegna þess, að menn veigra sjer við því að hafa samvinnu við hann, samkv. reynslu undanfarið. Einnig vildu menn vegna heilsufars hans hlífa honum við slíkum nefndarstörfum.

Jeg get látið þess getið viðvíkjandi þessum bæjarfulltrúa, að jeg þekti hann fyrir mörgum árum sem heiðarlegan og drenglyndan mann. Síðustu ár hefir hann verið formaður kommúnistafjelagsins, og lítur út fyrir, að heilsa hans hafi ekki þolað þau störf. Efalaust væri honum fyrir bestu að taka sem mesta hvíld, til þess að hann gæti náð fullri heilsu aftur. En ef frv. nær fram að ganga, verð jeg að telja, að ýtt sje undir, að hann fái ekki þessa hvíld, sem honum er nauðsynleg. Þess vegna get jeg ekki mælt með samþykt frv.

Sigurður Eggerz: Jeg vil ekki vekja langar umræður um málið. En jeg vil

geta þess, að mjer finst mjög eðlilegt, að þetta frv. verði samþykt, því þar sem bæjarstjórn er kosin með hlutfallskosningu, er það sjálfu sjer samkvæmt, að nefndakosning innan bæjarstjórnar fari fram á sama hátt. Þannig er það hjer í Reykjavík.

Jeg álít ómögulegt að miða löggjöfina við það, hverjir eru í bæjarstjórn í hvert skifti, og tel þau atriði, sem fram hafa komið um ýmsa menn, sem nú eru í bæjarstjórninni í Hafnarfirði, málinu óviðkomandi. (*JJ:* Miða við heilsufar eins manns!). Það er eðlilegt, að minni hlutinn fái að koma mönnum í nefnd, og þó hann ráði ekki úrslitum málanna, getur hann þó haft áhrif á heppilegri úrslit þeirra, með því að beita rökum sínum. Vil jeg því eindregið ráða til, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., föstudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 131, n. 410).

Frsm. (Jónas Jónsson): Jeg vildi fyrir hönd allshn. segja fáein orð um þetta mál. Nefndin hefir athugað það og komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að mæla með frv. sökum þess, að hlutfallskosning er helguð sumpart með lögum og sumpart með venju í kaupstöðum yfirleitt. Telur nefndin ekki ástæðu fyrir þingið að hindra það, að minni hlutinn taki þátt í nefndarstörfum í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Eins og tekið hefir verið fram af háttv. 2. þm. G.-K. (BK), þá er heilsufari eins bæjarfulltrúans svo farið, að hann hefði betra af að sitja ekki í nefndum. En úr því að hann hefir verið kosinn í bæjarstjórn, þá sje jeg ekki ástæðu til þess, að þingið verndi heilsu hans með sjerstakri löggjöf. Er ekki vafi á því, að ef sama regla yrði útfærð á öðrum sviðum, þá mundi oft koma fram sú krafa hjer á Alþingi, að hlífa mönnum frá nefndarstörfum.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 131).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 475).

---

36. Lögreglusamþyktir.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 31. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um lögreglusamþyktir í löggiltum verslunarstöðum (þmfrv., A. 262).

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Jón Kjartansson): Það er samkvæmt beiðni kauptúnsins í Vík í Mýrdal, að jeg hefi beðið hv. allshn. að flytja frv. þetta. Þar er eins ástatt og um mörg önnur kauptún, sem ekki eru hreppsfjelög út af fyrir sig, að þau geta ekki gert lögreglusamþykt. En jeg tel fulla nauðsyn á að veita þeim þessa heimild. Hjer stendur svo á, að þarna eru miklir matjurtagarðar, sem liggja undir skemdum af völdum alifugla og annara skepna, ef ekki er að gert. Jeg vona, að deildin fallist á þetta og hafi ekkert á móti frv. og lofi því að ganga til 2. umr. Lögreglusamþykt þessi er ætluð að ná aðeins til skepna, svo það á engin hætta að vera að samþykkja frv. þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 262).

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., föstudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 262, n. 408).

Frsm. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er komið frá allshn. Vil jeg fyrir hönd hennar mæla með því, að frv. verði samþykt. Sumstaðar á landinu hagar þannig til, að verslunarstaður er partur af hrepp, og undir þeim kringumstæðum getur komið sjer betur að hafa þessi lög.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 476).

37. Landhelgissjóður.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 68, 3. nóv. 1915 [*Landhelgissjóður Íslands*] (þmfrv., A. 290).

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Ágúst Flygenring: Hv. flm. (MT) er ekki viðstaddur, og óska jeg því, að málinu verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 290, n. 306).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Sjútvn. hefir fallist á frv. það, sem hjer er til umræðu, og leggur til, að það verði samþykt með lítilsháttar breytingum. Með atkvæði sínu hefir sjútvn. og allflestir hv. þdm. við 3. umr. fjárlagafrv. samþykt og fallist á frv. þetta, og þarf því ekki að vænta, að það mæti neinni mótspyrnu, enda þyrfti og þess við, að það fengi fljóta afgreiðslu frá þinginu. Það er að vísu með samviskunnar mótmælum, að sjútvn. mælir með því, að tekið verði fje úr sjóðnum í þessu skyni, en hún hefir ekki getað fundið annað ráð til þess, að hægt verði að halda uppi sæmilegum landhelgisvörnum á næsta ári. Það er nú nýbúið að samþykkja hjer í deildinni frv. um að hækka landhelgissektirnar, þannig að þær verði miðaðar við gullgildi, og nefndin gerir sjer því von um, að sjóðurinn geti vaxið ekki minna en áður og því fljótt náð sínum upphaflega tilgangi, þó að til þessa sje gripið fyrst um sinn. Það er skoðun sjútvn., að við Íslendingar verðum að láta okkur nægja um nokkurra ára bil að verja landhelgi okkar með smábátum, er við gerum sjálfir út, en notast að öðru leyti við dönsk herskip, meðan samningar um það haldast milli Íslands og Danmerkur. Nefndin beinir því til stjórnarinnar að stuðla til þess eftir mætti, að gott samkomulag haldist milli íslensku og dönsku strandvarnarskipanna.

Sjútvn. hefir aðeins gert smávægilegar brtt. við frv., og hefir flm. þess fallist á þær. Það er að vísu allveruleg breyting, er nefndin leggur til, að öllu sektarfje auk vaxta sjóðsins skuli varið til strandvarna, en nefndin gerir ráð fyrir, að svo geti farið, að sektarfjeð hrökkvi ekki á móti tillagi ríkissjóðs, og því vill hún heimila, að grípa megi líka til vaxtanna af sjóðnum, en þó með þeirri takmörkun, að til þeirra sje ekki tekið meira en það, er sektarfjeð hrekkur ekki fyrir þessum kostnaði á móts við það, er ríkissjóður leggur fram. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með þessum breytingum, en gerir auk þess ráð fyrir, að gerðar verði ráðstafanir til þess að tryggja betur viðgang og vöxt sjóðsins óðar en fjárhagur ríkisins batnar.

Jón Baldvinsson: Þegar jeg greiddi atkvæði á móti því, að tekið væri fje úr

landhelgissjóðnum til strandvarna við 3. umr. fjárlagafrv., var það ekki einungis af því, að jeg væri því mótvígur, heldur áleit jeg, að þetta gæti ekki orðið vegna gildandi laga, því að aðaltilgangur sjóðsins er annar, og álíta margir, að hjer sje lagt út á hættulega braut. Sjútvn. vill nú lögfesta þetta og láta verja vöxtunum af sjóðnum og árlegu sektarfje til strandvarna, þ. e. öllum árstekjum sjóðsins, og er hjer með skerturinn sjóðurinn að því leyti, að vöxtur hans stöðvast, eða því sem næst, og nær hann því síður hinum upphaflega tilgangi.

Samkvæmt lögunum frá 1915 er ætlast til, að fje landhelgissjóðsins skuli varið til kaupa á strandvarnaskipi. Mjer fanst því rjett vera, að það kæmi fram rödd á móti þessu, um leið og byrjað var á að jeta upp þennan sjóð. Það verður auðvitað haldið áfram lengra og lengra á þessari braut, og skuld ríkissjóðs við landhelgissjóðinn mætti vænta, að yrði afskrifuð á þennan hátt: — greiðslur ríkissjóðs til strandvarnanna yrðu þá færðar landhelgissjóðnum til skuldar, uns hann væri allur uppjetinn. Annars geri jeg ekki ráð fyrir, að það verði nú um það rætt, hvar fje landhelgissjóðsins sje nú niður komið; jeg býst við, að það muni þegar að mestu runnið inn í ríkissjóðinn, og vildi jeg því spyrja hæstv. fjrh. (JÞ), hvernig fjárreiðum landhelgissjóðs og ríkissjóðs sje nú varið, og skal jeg taka það fram, að jeg heimta alls ekki svar viðvíkjandi þessu nú þegar, heldur við síðari umr. málsins. Þetta var mikið umtalað mál í fyrra, og er gott að fá að vita, hvernig þessu er nú háttað.

Viðvíkjandi þeim orðum háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að við yrðum að bjargast við smábáta til strandvarna fyrst um sinn, eða þar til samningarnir við Dani eru útrunnir, þá getur vel verið, að á þetta hafi eitthvað verið minst í sjútvn., en jeg hygg það vera alt of sterkt að orði kveðið, að telja alla nefndina sammála um þetta, og jeg hefi að minsta kosti ekkert látið uppi um þetta; heldur þvert á móti, að við ættum að kaupa strandvarnaskip nú þegar, sem við gætum haft til frambúðar, og sem að miklu meira gagni kæmi í strandvörnunum heldur en smábátarnir. Landhelgissjóður er orðinn það stór, að það ætti að vera hægt að koma upp sæmilegu strandvarnarskipi fyrir þá upphæð. Mjer þótti rjett að láta þessa skoðun koma hjer fram, þar sem jeg hafði sjerstöðu í nefndinni um þetta mál.

Fjármálaráðherra (JÞ): Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) spurðist fyrir um það, hvernig viðskiftum ríkissjóðs við landhelgissjóðinn væri varið. — Ríkissjóður skuldar nú landhelgissjóði um 840 þús. kr., sem hann greiðir af 6% í vöxtu. Auk þessarar skuldar er sektarfjeð fyrir 1923 enn þá ógreitt í sjóðinn, en það hefir aldrei verið venja að greiða það í sjóðinn fyr en árið eftir. Verður það greitt á þessu ári, en jeg hefi enn þá ekki aflað mjer vitneskju um upphæð þess. En út af brtt. hv. sjútvn. vildi jeg mælast til þess, að hún tæki það til athugunar til næstu umræðu, hvort hún teldi ekki æskilegt eða sæi sjer fært að koma fram með brtt. við þetta frv. þess efnis, að það verði unt að nota eitthvað af tekjum landhelgissjóðsins á sama hátt og frv. gerir ráð fyrir þegar á yfirstandandi ári. Það verða engin fjáraukalög lögð fram fyrir þetta ár, og fjárveitingarvaldið getur því ekki á venjulegan hátt gert neinar ráðstafanir um þetta. Í fjárlögum fyrir árið 1924 eru áætlaðar 50 þús. kr. úr ríkis-

sjóði til strandvarna, og jeg álít það óumflýjanlegt, að einhverju verði eytt úr ríkissjóði umfram þessa fjárveitingu, jafnvel þótt landhelgissjóður leggi og fram eitthvert fje á þessu ári til strandvarnanna. En eins og fjárhagnum er nú komið, er það sýnilegt, að strandvarnirnar geta ekki orðið eins góðar og æskilegt væri, ef ríkissjóður á einn að bera kostnaðinn við þær, en þær mundu verða að mun betri, ef landhelgissjóðurinn legði og fram fje til þeirra á yfirstandandi ári. Vænti jeg því, að hv. sjútvn. taki þetta til yfirvegunar til 3. umr. um frv.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla ekki beinlínis að mæla á móti þessum breytingum, sem lagt er til, að gerðar verði á lögunum um landhelgissjóðinn, og það því síður, sem þetta er að nokkru leyti afleiðing af samþykt við 3. umr. fjárlagafrv., um tillag úr landhelgissjóði móti tillagi úr ríkissjóði til landhelgisgæslunnar. Jeg lít svo á, að það sje ekki heimilt að grípa til fjár landhelgissjóðsins, nema lögunum um hann hafi áður verið breytt til heimildar þess. En jeg lít svo á, að eiginlega hefðu menn átt að halda sjer við hinn upphaflega tilgang landhelgissjóðslaganna, að til hans yrði ekki gripið fyr en ráðist verður í að koma upp góðu og fullkomnu landhelgisgæsluskipi, sem okkur er stórtjón að slá á frest. En það var aðallega viðvíkjandi orðum hv. frsm. sjútvn. (Á-Á), að jeg kvaddi mjer hljóðs. Mjer skildist hann telja það vera álit sjútvn., að það væri ekki unt að ráða bót á landhelgisgæslunni á þennan hátt fyr en samningarnir við Dani eru útrunnir, um 1940. Mjer kom það illa að heyra þetta, ekki síst fyrir það, að þessu var haldið fram í nafni allrar sjútvn., því það skýtur mjög skökku við stefnu og álit sjútvn. á undanförnum þingum. En nú hefir háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) undantekið sjálfan sig þessari skoðun og lýst sínu áliti á þessu máli, sem er eitt af þeim málum, sem legið hafa fyrir undanfarandi þingum, og af mörgum lögð mjög mikil áhersla á, en þó ekki enn fengið neina úrlausn á, þ. e. að koma upp strandvarnarskipi.

Það hefir þegar verið reynt að bæta um landhelgisgæsluna með því að nota mótorbáta til gæslunnar, og hefir það að vísu orðið að nokkru gagni, þrátt fyrir það, að bæði þeir, sem við þessa strandgæslu hafa fengist, og þeir, sem hafa átt að njóta verndar þessarar landhelgisgæslu, hafa talið yfirleitt fremur lítið vera við það unnið, sökum þverúðar og ófyrirleitni botnvörpunganna, sem villa á sjer heimildir á allan hátt. Þess vegna finst mjer alveg ótækt að ætlast til þess, að það verði þannig látið reka á reiðanum með landhelgisgæsluna um svo langan tíma; það er meiri þrotayfirlýsing en jeg hafði búist við, að mundi voga sjer að skjóta upp höfðinu hjer í þingsalnum nú. Jeg tel það ótækt að varpa öllum áhyggjum upp á dönsku strandvarnirnar að öllu öðru leyti en því, er til smábátanna kemur. Nauðsynin á betri landhelgisgæslu er svo brýn, og hingað til hefir það ekki verið rökstutt með öðru en fjárhagsörðugleikum, að ekki væri fært að ráðast í slíkt, af þeim, sem haldið hafa aftur af þessu máli. Jeg hefi ekki verið talinn bjartsýnn á hag ríkissjóðs, en jeg hefi þó talið nauðsynina svo brýna, að þessu yrði að hrinda í framkvæmd mjög bráðlega, og er jafnsannfærður um það sem fyr, að fjárframlög í því skyni væri ekki hæpinn, heldur viss ávinningur fyrir landið. Jeg vil því vænta þess, að þessari stefnu, sem jeg hefi altaf haldið fram í þessu máli, en ekki náð fram að ganga enn sem

komið er, að henni aukist fylgi og skilningur manna á þýðingu landhelgisgæslunnar skýrist svo, að framkvæmda í þessu efni verði ekki langt að bíða úr þessu. Við höfum heimild að lögum til þess að kaupa eða byggja skip, sem fært sje til þessara strandvarna, og taka að okkur forystuna í þeim efnum. Treysti jeg því, að gifta þessa lands sje svo mikil, að þessu verði alls ekki slegið á frest og síst af öllu allan þennan langa tíma, sem sambandslögin gilda. Jeg fæ ekki heldur sjeð, að þetta sje að neinu leyti bundið við sambandslögin. Samkvæmt sambandslögunum eru Danir skyldir til að hafa hjer ávalt eitt velfært skip til strandvarna meðan þeir njóta hjer sama rjettar við okkur til fiskiveiða, hvort sem þeir nota sjer þennan fiskiveiðarjett eða ekki, eða við ekki tilkynnum þeim, að við gerum ekki kröfu til slíks lengur. Vitanlega væri ekkert að því að finna, ef stjórnin gæti fengið Dani til að inna eitthvað meiri varnir af hendi hjer en nú er, og í rauninni ættum við kröfu til þess, en án þess þó að slá í nokkru af okkar rjetti gagnvart þeim. En jeg held, úr því sem nú er komið þessum málum, að þó sje ekki alveg fyrir það takandi að verja einhverju af fje landhelgissjóðsins til landhelgisgæslunnar, að því leyti, sem úr henni kann að verða bætt með mótorbátum á næsta ári, ef önnur betri og tryggari bót verður ekki á því ráðin fyrir þann tíma. En yfirleitt er jeg dauftrúaður á ávinninginn af þessu, hvað viðureign þeirra við botnvörpungana snertir.

Hæstv. fjrh. varpaði þeirri spurningu fram, hvort stjórnin mætti verja nokkru af fje landhelgissjóðsins á yfirstandandi ári á sama hátt og frv. gerir ráð fyrir að gert verði næsta ár, og skal jeg láta mína skoðun uppi um þetta. Jeg lít svo á, að stjórnin hljóti að hafa fullkomlega heimild til þess að verja svipaðri upphæð í þessu skyni í ár og gert er ráð fyrir á árinu 1925, en sú heimild nær ekki til þess að taka fje til viðbótar því, sem veitt er í gildandi fjárlögum í þessu skyni úr landhelgissjóðnum, heldur úr ríkissjóði, enda finst mjer það koma út á eitt, þar sem nær alt fje landhelgissjóðsins stendur inni í ríkissjóðnum.

Þörfin fyrir landhelgisgæslu verður ekki, að því er ætla má, minni í ár en að ári, og jeg sje því ekki annað en að það sje í samræmi við vilja þingsins, að stjórnin verji líkri upphæð í ár til strandvarna.

Jeg vil þá að lokum enn einu sinni leggja sjerstaka áherslu á það, að sem allra fyrst verði komið upp góðu og öflugu skipi til að hafa landhelgisgæsluna á hendi. Það verður að gerast sem allra fyrst, og munu menn sannfærast um, að það yrði ekki unnið fyrir gýg.

Atvinnumálaráðherra (MG): Með því að hæstv. fjrh. (JÞ) er ekki við sem stendur, þá vil jeg geta þess, að hann óskar, að fjárveiting úr landhelgissjóðnum nái líka til ársins 1924, þó hann máske myndi láta sjer nægja yfirlýsingu háttv. fjvn. um þetta efni við 3. umr. En því tek jeg þetta fram, að í frv. stendur, að löggjafarvaldið skuli ákveða, hvenær byrja skuli að veita fje úr sjóðnum til þessa, en eins og menn muna, varð ágreiningur um þennan lið við 3. umr. fjárlagafrv.

Ágúst Flygenring: Hvað viðvíkur þessum tilmælum hæstv. fjrh. (JÞ), þá tel jeg víst, að nefndin muni taka þetta til athugunar til 3. umr., og þætti mjer sennilegt, að hún tæki það til greina, eins og hann óskar.

Hvað hitt snertir, það, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, þá er það ekki rjett, að allar árstekjur sjóðsins fari til þessa. Eins og menn vita, þá fær sjóðurinn 20 þús. kr. á ári úr ríkissjóði, og hygg jeg því, að svo lengi, sem þeirri reglu verður fylgt, að ríkið leggi á móti sjóðnum að hálfu til landhelgisvarna, þá muni það, sem hann leggur til þessa, alls ekki fara fram úr árlegu sektarfje og vöxtum, enda ekki gert ráð fyrir, að það geti komið fyrir. Í ár eru tekjurnar þegar orðnar miklar — um eða yfir 70 þús. kr. — og mjer er nær að halda, að sektarfjeð fari ekki árlega niður úr því nú næstu árin, þegar eða síðan reiknað er með gullgengi.

Það, sem lengt hefir hjer umræðurnar mest, eru orð hv. frsm. nefndarinnar (Á-Á) um það, að við yrðum að sætta oss við það fyrirkomulag, sem nú væri á strandvörnunum, fram til 1940. En engin slík tímabilsákvörðun kom beinlínis til tals í nefndinni, en vitanlega dylst oss það ekki neinum, að það hljóta að líða mörg ár þangað til við getum orðið færir um að standast kostnaðinn við útgerð eins eða tveggja fullkominna gæsluskipa. Útgerðarkostnaður þeirra er vitanlega svo mikill, að það verður til muna að greiðast úr fjárhagnum áður en við getum hugsað til slíks. Hitt var oss ljóst, að vjer verðum að láta oss nægja að hafa fyrst um sinn smærri skip til að annast landhelgisgæsluna, þangað til vjer verðum sjálfir þess megnugir að kaupa stærri skip til hennar, og ef til vill taka hana að öllu í okkar hendur, en fyrri en við gerum það, mun strandgæslan aldrei verða fullkomin. Á það geta víst allir fallist, sem til þekkja. Á hinu tel jeg þó lítinn vafa, að stjórnin hafi á undanförnum tímum notað minna en hægt hefð verið aðstoð Dana í þessu efni, og jafn vel hafnað góðum boðum. Væri vel farið ef hæstv. núverandi stjórn hefði betr gætur á því eftirleiðis og hafnaði ekk góðfúslegum boðum úr þeirri átt.

Þetta var nú aðeins til að leiðrjetta misskilning, og skal jeg því ekki orðlengj þetta meir. En jeg vil undirstrika þa með hv. þm. Borgf. (PO), að vjer verð um sem allra fyrst að verða sjálfum okk ur nógir á þessu sviði. Hvað langt þes verði að bíða, skal jeg engu spá um.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Sje svo, a jeg hafi eitthvað ofmælt í þessu efni fyrri ræðu minni, þá hefir hv. 2. þm Reykv. (JBald) nú gert grein fyrir fyrir vara sínum og hv. form. nefndarinna (ÁF) leiðrjett þann misskilning, er or mín hafa valdið. Það mun rjett vera, a ekkert ákveðið tímatakmark hafi komi til orða hjá nefndinni, en það var okk ur öllum ljóst, að við yrðum ekki á næst árum þess megnugir að byggja stór skip til landhelgisgæslunnar. Því ekki nægi að draga saman fje, sem næmi andvirð skipanna, heldur yrði þeim líka að verð sjeð fyrir rekstrarfje, sem gæti hlaupi allhátt á svona skipum. Því er það aug ljóst, að við verðum fyrst um sinn a leggja áhersluna á strandvarnir með smá um skipum, og myndi það verða að mikl liði, ekki síst með góðu samstarfi vi Dani, en jeg get tekið undir það me hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), að við höfu vanrækt meir en þurft hefði að njót aðstoðar Dana í þessu efni.

Jeg tel víst, að nefndin muni taka ti athugunar tilmæli hæstv. fjrh. (JÞ) o koma með ákveðnar yfirlýsingar um þa við 3. umr. Hinsvegar þori jeg ekki a

taka eins djúpt í árinni og hv. 1. þm. G.-K. gerði, að lofa fyrirfram nokkru um það, hvernig nefndin muni snúast í því. Hinsvegar vil jeg skjóta því til hv. flm., hvort það muni ekki vera rjett skilið hjá mjer, að hvorki yfirlýsingar hv. fjvn. nje yfirlýsing sjútvn. í umræðunum um þessi lög nægi til þess, að slík fjárveiting á árinu 1924 sje formlega gild. Jeg hygg, að fjárveitingarvaldið þurfi að koma til skjalanna. Og komist nefndin að þeirri niðurstöðu, að fje úr sjóðnum sje rjett að veita í þessu skyni það ár, mun þál. eða fjáraukalög þurfa að koma til, svo formlegt sje samkv. frv.

Hákon Kristófersson: Jeg vildi aðeins skjóta því til hv. nefndar, hvort hún hafi athugað, hvert fyrirkomulag verði á strandvörnunum í ár. Mjer er kunnugt um, að frá Vesturlandi hafa borist óskir til þingsins í þá átt að fá mótorbát til að hafa eftirlit á hendi meðfram ströndunum. En þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um að fá að vita, hvernig komið væri um það mál hjá nefndinni, þá hefi jeg þó engar upplýsingar fengið, en vænti þess að fá þær nú. Hv. nefnd lítur víst hvort sem er ekki svo á, að eina nauðsynin á strandvörnum sje á Norðurlandi um síldveiðitímann. Vænti jeg þess, að hv. nefnd lýsi því yfir hjer í háttv. deild, hvað hún hefir í hyggju þessu máli viðkomandi, því fullyrða má, að menn bíða með eftirvæntingu til að fá að heyra, hvað þessu máli líður.

Pjetur Ottesen: Mig gleður að heyra, að það hefir ekki verið meining eða skoðun sjútvn., sem fram kom í ræðu háttv. frsm. nefndarinnar, þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að slá á frest fyrirhuguðum framkvæmdum í landhelgisgæslumálinu allan þann langa tíma, sem eftir er þangað til sambandslagasamningurinn er útrunninn. — Slíkt nær ekki neinni átt.

Hvað því viðvíkur, að jafnmiklu fje verði varið til strandvarna á þessu ári úr landhelgissjóðnum, þá tók jeg fram mína skoðun á því í fyrri ræðu minni, og þarf engu við það að bæta.

ATKVGR.

Brtt. 306 samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 319).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Samkvæmt ósk hæstv. fjrh. (JÞ) skal lýst yfir því, að meiri hl. sjútvn. fellst á, að varið sje þegar á þessu ári nokkrum hluta af tekjum landhelgissjóðs til strandvarna. Nefndin mun síðar gera stjórninni nánari grein fyrir tillögum sínum um þetta efni. Einn nefndarmaður hefir ekki getað fallist á skoðun meiri hlutans um þetta atriði.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 319).

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Ingvar Pálmason: Jeg get tekið það strax fram, að jeg lít svo á, að með þessu frv. sje gengið inn á mjög varhugaverða braut. Eins og hv. deild, og reyndar öllum, er kunnugt, eru strandvarnir hjer við land að mestu leyti framkvæmdar af Dönum. Að vísu hefir verið mjög að því fundið, hversu ófullnægjandi strandvarnir Dana væru hjer við land — og eru sjálfsagt rjettmætar ástæður fyrir þeim umkvörtunum. Úr þessu hefir líka verið reynt að bæta á síðustu árum, með því að koma á fót innlendum strandvörnum nokkuð víða við landið. Þegar þess nú er gætt, að við höfum engin tök á að leysa þessar strandvarnir af hendi sem stendur, nema með mjög ófullkomnum tækjum, þá verður strax ljóst, hversu brýn þörf okkur er á að eignast fullkomin strandvarnarskip, — og með það fyrir augum var sjóður þessi stofnaður. Hygg jeg, að ekki orki tvímælis, að okkur sje lífsnauðsyn, að þetta geti orðið sem allra fyrst. Hitt er og sjálfsagt að líta á, að þessar strandvarnir sjálfra okkar virðast hafa komið að mjög góðum notum, og er engum frekar en mjer það á móti skapi, að nokkuð verði úr þeim dregið.

En ef við förum nú að verja tekjum landhelgissjóðsins til þessara strandvarna, þá föllum við um leið frá því að leggja aðalhersluna á það, að fengið verði sem allra fyrst fullkomið skip í þessu skyni, og það tefur sýnilega fyrir því, að við getum tekið allar strandvarnirnar í okkar hendur, svo að við megi una.

Jeg skal játa, að fjárhagur ríkissjóðs er síst glæsilegur nú sem stendur, en þrátt fyrir það lít jeg svo á, að ríkissjóður megi til að leggja fram fje til þeirra strandvarna, sem við höldum sjálfir uppi. Þegar um það er að ræða að rjetta við fjárhag ríkissjóðs, þá eru ekki öll meðul jafnheimil í þeim efnum. Ef við göngum inn á þessa braut og veitum nú fje úr landhelgissjóði, þó ekki væri nema 60—70 þúsund kr., þá er það ekki svo lítil upphæð, og mun seinka því mjög, að við getum eignast 1—2 fullkomin strandvarnaskip sjálfir. Auk þess álít jeg, að slíkir sjóðir sem þessi sjeu okkur mjög til hagsbóta, þó að við, því miður, höfum sýnt þeim of litla ræktarsemi. Jeg vil benda á það, að til þess að við á sínum tíma getum tekið í okkar hendur, svo fullnægjandi verði, allar strandvarnir hjer við land, þá þurfum við annað og fleira en að eignast strandvarnaskip. Við þurfum einnig að ala upp menn til að stjórna slíkum skipum, og verður það ekki gert nema með bæði töluverðum tíma og fje. Virðist sanngjarnt að ætla landhelgissjóði að greiða kostnað þann, er af því leiðir. Enda óvíst, að hagur ríkissjóðs verði þá orðinn það góður, að tiltækilegt þætti, að hann tæki á sínar herðar allan þann kostnað, ásamt árlegri starfrækslu strandvarnanna. Landhelgissjóðurinn þarf að aukast það, að hann ekki einungis nægi til skipakaupa, heldur einnig að hann gæti af árlegum vöxtum sínum lagt fje fram til starfrækslu strandvarnanna.

Það er því spor aftur á bak að gera þær breytingar, sem frv. fer fram á, og hefði jeg helst óskað, að til þeirra hefði ekki þurft að taka. Þrátt fyrir það mun jeg greiða frv. atkv. til 2. umr. og nefndar, sem jeg tel eðlilegast, að verði sjútvn. Sje jeg svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um frv. nú við 1. umr. enda þyk-

ist jeg hafa bent hv. deild og væntanlegri nefnd á það, hvað fyrir mjer vakir í þessu máli.

Sigurður Eggerz: Jeg stend hjer upp til þess að taka algerlega í sama streng og hv. 2. þm. S.-M. (IP). Jeg álít það með öllu rangt að skerða landhelgissjóðinn nokkuð, því að það tefur aðeins fyrir því, að við getum sem allra fyrst keypt fullkomið strandvarnaskip. Og vitanlega komast strandvarnirnar ekki í gott horf fyr en við eignumst sjálfir slíkt skip og getum látið okkar eigin menn hafa þær á hendi. Jeg mun marka mína afstöðu til frv. með því að greiða nú þegar atkvæði gegn því, að það gangi lengra. Til skamms tíma hefir það verið eindreginn vilji Alþingis að koma okkur upp strandvarnarskipi, en verði frv. þetta samþykt, þá er spor stigið í öfuga átt, og að því vil jeg ekki stuðla.

Forsætisráðherra (Jón Magnússon): Jeg get ekki litið á mál þetta eins og þeir tveir hv. þm., sem nú hafa talað. Sjóðurinn er nú þegar orðinn allstór; var um síðustu áramót kominn yfir 800 þús. kr. Er mjer nær að halda, að það nægi langdrægt til að kaupa fyrir gott strandvarnarskip. Annars ber þess að gæta, að sjóðurinn er nú því miður horfinn inn í ríkissjóð, sem hefir gripið til hans í fjárþröng sinni. Þykir mjer því sennilegt, að þegar ríkissjóður verður fær um að borga út landhelgissjóðinn, og það fje verður tekið af tekjum ríkissjóðs, þá verði hann líka fær um að bæta því við, sem á kynni að vanta fyrir strandgæsluskipi.

En á meðan fjárhagur ríkissjóðs er svo örðugur sem nú, og hinsvegar landhelgissjóðurinn ekki til nema á pappírnum, þá fæ jeg ekki sjeð, að það sje nokkuð athugavert að taka eitthvað af tekjum sjóðsins og verja þeim til strandvarna, sem eru okkur bráðnauðsynlegar.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál að sinni.

Sigurður Eggerz: Jeg er sammála hæstv. forsrh. (JM) um það, að mjög er óheppilegt, að sjóður þessi skuli vera horfinn inn í ríkissjóðinn. En þá á ekki að halda áfram sömu braut, heldur er miklu betra að snúa inn á hina leiðina, að draga sjóðinn út úr ríkissjóði svo fljótt sem mögulegt er. Strandgæslumálið er eitt af okkar allra stærstu málum og það er á allra vitorði, að nú sem stendur er strandgæslan fram úr hófi ófullkomin. Og þó að talsvert hafi verið gert hin síðari árin til þess að bæta hana, þá verður hún aldrei fullkomin fyr en við höfum fengið til þess okkar eigið skip. Það eru til áætlanir og teikningar af slíku skipi, og mun það ekki kosta minna en 1 miljón kr. nú sem stendur.

Frv. þetta stefnir í þá átt, að hætt verði að safna í landhelgissjóðinn, í stað þess að leggja ætti fast að ríkissjóði að endurgreiða sjóðinn sem fyrst, svo að hægt verði að kaupa skipið.

Þeir, sem vilja marka stefnu í máli þessu, eiga því tafarlaust að greiða atkvæði á móti frv., en í þess stað heldur að krefjast endurgreiðslu á sjóðnum úr ríkissjóði.

Jóhann Jósefsson: Jeg veit ekki hvort jeg hefi skilið það rjett, að hv. 1. landsk. þm. (SE) áliti, að með þessu frv. sje gengið inn á þá braut að hætta að safna í landhelgissjóðinn. Ef svo er, þá er jeg hræddur um, að þetta sje nokkuð lausleg

þýðing á frv. *(SE:* Er þetta flokksmál Íhaldsflokksins?). Nei, ekki mjer vitanlega.

Jeg get vel fallist á það, að ekki sje gott að þurfa að eyða úr sjóðnum til strandvarna nú þegar, og að betra væri að geta komist hjá því. En jeg get ekki sjeð, hvernig hv. þm. (SE) ætlast til, að blásið verði lífi í strandvarnir okkar með þeim tækjum, sem sje smábátum, sem notaðir hafa verið til að verja kafla og kafla af landhelginni, nema til þess verði veittur ríflegur styrkur.

Annars getur vel verið, að jeg líti nokkuð öðrum augum á strandgæslumálið í heild heldur en hv. 1. landsk. þm. og ýmsir aðrir. Þegar mál þetta hefir verið rætt bæði hjer á þingi og víðar, þá virðist venjulega það eitt hafa vakað fyrir mönnum, að hægt yrði að handtaka og sekta sem flest skip, sem staðin væru að ólöglegum veiðum í landhelgi. Þessi hugsjón hefir svo byrgt fyrir mönnum alla útsýn til hins, sem er þó engu minna virði, sem sje að verja landhelgina fyrir ágangi botnvörpunga og með því móti fá því til vegar komið, að smáskipa- og bátaútvegurinn fái notið miðanna betur en ella. Jeg verð að halda því fram, að þetta sje þýðingarmesta atriðið í allri landhelgisgæslu. Þetta atriði skiftir mestu máli: að landsmenn hafi gagn af gæslunni fyrir sínar eigin fiskiveiðar. Hitt skiftir aftur á móti ekki eins miklu máli, hvort endrum og eins takist að handsama sökudólg. Út frá þessu sjónarmiði er eðlilegt, að jeg leggi ekki eins mikla áherslu á þetta fullkomna strandgæsluskip, sem hv. 1. landsk. talar svo mikið um. Því að þegar hann er að tala um þetta skip, þá finst mjer hann eiga svo mjög við einhvern „dreadnought", mjög hraðskreiðan, sem fyrst og fremst eigi að hremma togara og sekta þá, en svo geri aftur á móti minna til, þó að hann liggi síðan á lárberjunum á höfnum inni þess á milli. Menn halda víst, að hinir togararnir, sem sluppu, liggi með „skrekkinn" á meðan einhversstaðar úti á reginhafi. Nei, ónei. Þeir munu aldrei vera öruggari að veiðum í landhelgi en einmitt á meðan varðskipið fer með einhvern sökudólg til hafnar, til þess að fá hann sektaðan, því að það tekur oftast 2—3 daga a. m. k. — Þetta hefir nú kannske verið útúrdúr. Jeg bjóst ekki við því, að svo yrði tekið í mál þetta, sem raun er á orðin, og hefi því ekki búið mig undir löng ræðuhöld að sinni. En jeg gat ekki setið hjá þeim óskum hv. 1. landsk., að frv. yrði lagt niður við trogið nú þegar. Jeg hefi því aðallega staðið upp til þess að mælast til, að því verði vísað til nefndar. Jeg held, að það sje vel þess vert, að athugað verði í nefnd, hvort ekki geti komið til mála að nota eitthvað af sektarfjenu til þess að bæta strandvarnir okkar á meðan við erum að búa okkur undir að fá fullkomið skip til þeirra, svo sem sýnilega er ætlast til í framtíðinni. Einmitt þessi ráðstöfun, að auka okkar eigin strandvarnir, getur hæglega orðið til þess, að meira sektarfje falli til, og enda mjög sennilegt, að svo verði. Er því ekki hægt að sanna fyrirfram, að landhelgissjóðurinn tapi nokkru við þessa ráðstöfun. Láti nú nokkuð eftir því, sem hjer er haldið fram, þá er tvent unnið með breytingu þeirri, sem frv. fer fram á. Í fyrsta lagi verða strandvarnirnar auknar, og í öðru lagi eru fullar líkur fyrir því, að sjóðurinn græði fremur en tapi á breytingunni.

Sigurður Eggerz: Jeg skil vel þá kenningu hv. þm. Vestm. (JJós), að gæsluskipið þurfi ekki að vera hraðskreitt, því

óskabarn Vestmannaeyinga fer hægt. Þó að jeg segi þetta, þá mega menn ekki taka það sem svo, að jeg sje á móti styrknum til Þórs. Jeg hefi altaf verið hlyntur þessu fyrirtæki Vestmannaeyinga. En þó komið verði hjer af stað íslensku strandvarnarskipi, þá er það ekki meiningin, að það liggi altaf inni á höfn. Það liggur í hlutarins eðli, að það er heppilegt, að skipið sje sem hraðskreiðast, því að það á því hægra með að ná í sökudólgana. En það er nauðsynlegt til þess að hægt sje að sekta þá. Ástæðan til þess, að jeg tek svona í þetta mál, er sú, að jeg vildi helst láta skera það niður strax, því að mjer finst þetta þing svo illa artað í sjálfstæðismálum landsins. Hjer í hv. deild hefir verið skilið svo við hæstarjett, að hann lítur út eins og hann væri venjuleg íslensk hreppsnefnd. Og svo á að leggja niður sendiherraembættið. Og enn er það, að ekkert er gert til að greiða úr málum okkar á Spáni. Virðist hjer vera ríkjandi almenn ótrú og fyrirlitning á sjálfstæðismálum þjóðarinnar.

Ingvar Pálmason: Jeg hygg, að það sje óþarfi að lengja umræðurnar. Jeg er ekki ófús á það, að málið sje athugað í nefnd. Jeg vildi aðeins geta þess um sjóðinn, að hann mun nú um 800 þús. kr., og nægði það til þess að kaupa eitt skip. Jeg held, þó að ástæður ríkissjóðs sjeu ekki góðar, þá sje þó tímabært að safna í sjóðinn og kaupa svo skip, þegar hægt er að leggja meira af mörkum. Ef við í framtíðinni tökum að okkur strandvarnirnar, þá verðum við að undirbúa fleira en skipin. Við verðum líka að ala upp menn til starfans. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta; jeg geri ráð fyrir, að jeg sje ekki skilinn við málið.

Jóhann Jósefsson: Það voru aðeins örfá orð út af ræðu háttv. 1. landsk. (SE). Hann sagði, að þar sem jeg hefði minst á strandvarnaskipin, að þau þyrftu ekki að vera mjög hraðskreið, þá væri það vegna Þórs. Ekki þarf það að vera. En jeg veit það, að þó að engu verði eytt úr landhelgissjóðnum, þá á það langt í land, að komið verði upp nýtísku varðskipi. Það getur að vísu verið, að því verði komið fyr upp en ella vegna þess að sektirnar hækka nú. En jafnvel þó að við eignumst eitt slíkt skip, þá geri jeg ráð fyrir, að kröfur þjóðarinnar um landhelgiseftirlit fari vaxandi, eftir því sem líður. Jeg ber engan kvíðboga fyrir Þór, þegar þjóð og þing hefir lært að meta starf hans við landhelgiseftirlitið að verðleikum og það, sem hann gæti gert, ef hann væri notaður eins og má nota hann. Er jeg ekki hræddur um, að hann yrði ekki notaður til gæslu, þó að nýtt skip yrði keypt. Vegna þess að hv. 1. landsk. mintist á Þór, þá þykir mjer rjett að geta þess, að jeg er sannfærður um, að þeir hv. þm., bæði hv. 1. landsk. þm. og aðrir, sem hafa kunnað að meta Þór rjettilega, munu síst hafa vanssæmd af því í framtíðinni, þegar þjóðin fer að skilja þýðingu landhelgisgæslunnar eins og vera ber.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:1 atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 319, n. 435).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg býst ekki við að þurfa að vera langorður um þetta mál, því að fyrst og fremst var það rætt allmikið hjer við 1. umr., og í öðru lagi hefir sjútvn., á þskj. 435, tekið fram þær ástæður, sem liggja til grundvallar fyrir því, að hún leggur til, að frv. verði samþykt. Það er rjett að geta þess, að háttv. 2. þm. S.-M. (IP) var einna tregastur okkar nefndarmanna til þess að fylgja frv. óbreyttu, og fjellumst við hinir nefndarmennirnir á þá skoðun hans, að að rjettu lagi ætti ekki að skerða landhelgissjóðinn fyr en væntanlegt strandvarnaskip yrði bygt. En vegna sjerstakra fjárhagsörðugleika ríkissjóðs og þar sem því verður ekki mótmælt, að mikið má efla landhelgisgæsluna, með því að leggja fram meira fje til hennar, kom okkur saman um að leggja til, að frv. yrði samþykt, en tökum það jafnframt fram, að þetta beri að skoða sem bráðabirgðaráðstöfun, en ekki sem framtíðarfyrirkomulag. Á þessum grundvelli leggur nefndin því til, að frv. verði samþykt.

Sigurður Eggerz: Hjer veit jeg, að ekki þýða mikið langar umr., og get jeg að mestu vísað til þess, sem jeg sagði við 1. umr. þessa máls. En jeg vil aðeins undirstrika það nú, að jeg var þá á móti því, og verð það enn, af þeirri ástæðu, að jeg er hræddur um, að það geti dregist, að við getum komið upp sjerstöku skipi til landhelgisgæslu, ef við förum að eyða af vöxtum landhelgissjóðsins nú. En landhelgisgæslan kemst aldrei í gott lag fyr en við fáum okkar eigið skip. Annars þýða hjer ekki frekari umræður.

Ingvar Pálmason: Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að jeg væri því mótfallinn, og það er jeg enn, þó að jeg hinsvegar hafi ekki gert ágreiningsatkvæði, af þeim ástæðum, sem hv. frsm. (JJós) tók fram. Að jeg þó gekk inn á þessa braut, var af þeim ástæðum, að jeg bjóst við, að annars yrðu strandvarnirnar mjög ófullkomnar þetta ár, en jeg lít svo á, að landhelginnar þurfi að gæta, hvað sem það kostar.

Það er því þessi ástæða, sem knýr mig til þess að leggjast ekki á móti frv., því að jeg get alveg eins búist við, að strandvarnirnar leggist alveg niður á næsta ári, að öðru leyti en því, sem Danir hafa þær á hendi.

Því hefir verið haldið fram, að í raun og veru myndi landhelgissjóður engu tapa við þetta fyrirkomulag, því að sektirnar fyrir landhelgisbrot myndu aukast að sama skapi, sem landhelgisgæslan batnaði. Jeg er að vísu ekki trúaður á þetta, en finst eftir atvikum ekki úr vegi að gera tilraun.

Að síðustu vil jeg undirstrika það, sem háttv. frsm. tók fram, að jeg tel þetta *aðeins bráðabirgðafyrirkomulag*, en ekki framtíðarskipulag, og mun því kippa að mjer hendinni svo fljótt sem færi gefst.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJ, BK, EP, EÁ, GÓ, IP, JJós, JóhJóh, HSteins.

nei: JJ, SE.

Þrír þm. (HSn, IHB, JM) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 9:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 319).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 478).

38. Atkvæðagreiðsla utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Á 10. fundi í Nd., fimtudaginn 28. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 50, 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða við alþingiskosningar (þmfrv., A. 60).

Á 12. fundi í Nd., laugardaginn 1. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Það ætti ekki að vera óþakklátt verk að bera fram frv. þetta, því þótt það sje skýr og greinileg skylda löggjafarvaldsins að stuðla að því, að kjósandi geti á sem fylstan hátt notað kosningarrjett sinn, þá er það þó á hinn veginn jafnsjálfsögð skylda að gera það á þann veg, að ekki sje til beinnar spillingar. En kosningalögin frá síðasta þingi hafa í því efni reynst miður heppileg. Tilgangur laganna, með því að leyfa hinar svo nefndu heimakosningar, þ. e. a. s., að kjósandi fái að kjósa heima, ef hann vegna sjúkdóms eða annara forfalla kemst ekki á kjörstað, er að vísu góður og rjettmætur, og frá mínu sjónarmiði ekkert hægt að mæla í gegn honum, fyr en hægt er að sanna, að hann nái ekki markmiði sínu nema með misbrúkun. Og nú virðist það auðsætt af kosningakærum þeim, sem komu fyrir þingið, að svo hefir verið. Það hefir sem sagt komið í ljós, að lögin hafa verið herfilega misbrúkuð í þessu efni við síðustu kosningar.

Það er og vitanlegt, að máttur löggjafarvaldsins til þess að varðveita menn fyrir ýmsum óhöppum nær afarskamt. Menn á öllum sviðum verða bótalaust að þola ýmsar misfellur af sjúkdómum, og oft er þeim þannig kipt frá ýmsu, sem þeim er ekki síður nauðsynlegt að nota en kosningarrjettinn. Jeg tel því kjósendum alls ekki misboðið, nje þeir lítilsvirtir, þó lögin gangi ekki svo langt, sem þau nú gera. Líka má benda á það, að hagur kjósenda er alls ekki fulltrygður með þessu. Veikist t. d. þingmaður, sem kjósendur hafa á þing kosið, meðan á þingtíma stendur, tekur enginn sæti hans, heldur verður kjördæmið þingmannslaust og án nokkurs til að gæta rjettar síns, og mætti vel ganga á undan að bæta úr þessu fyrir kjósendum.

Tilgangur laganna næst og ekki. Læknum er gert að skyldu að skera úr, hvort kjósandi geti farið á kjörfund eða ekki, en þar sem hrepparnir eru stórir, getur læknir ómögulega komið því við að fara um þá alla, og því verða að gegna þessum læknisskyldum þeir menn, er ekki bera skyn á sjúkdóma. Það kom og fram í kosningakærum út af síðustu kosningum, að læknar eru illa settir hvað vottorðin snertir, sjeu þeir ákafir flokksmenn. Og fyrir kom það, að læknir vildi ekki gefa þeim vottorð, sem ætlaði að kjósa þann frambjóðandann, sem læknirinn var á móti. Sýnir það, að læknirinn er ekki heppilegur aðili í málum þessum, þegar hörð er kosningabaráttan.

Grundvöllur laganna er líka ótraustur.

Kjósandinn getur sagt sem svo við læknirinn eða hreppstjórann: Jeg get ekki sótt kjörfund, ef vont veður verður. Nú vita þeir heldur ekki um það, og geta því leiðst til að gefa þeim vottorð, sem alls ekki eiga að fá þau. Eins er ekki rjett að heimta af hreppstjórum, að þeir sjeu færir um að gefa vottorð, sje um sjúkdóm að ræða. Enn er ein ástæða — og tel jeg fyrir mitt leyti hana eina nægilega til þess að sýna, að lögin eru órjettmæt — með þessum heimakosningum er dreginn mergurinn úr kosningalögunum, eyðilagður kjarni þeirra. Jeg býst við, að allir sjeu mjer sammála um, að það sje aðalatriði leynilegra kosninga, að þær varðveita sannfæringu kjósenda. Því þótt jeg geti gefið það eftir, að ýmsir geti hallast og hneigst í ýmsar áttir í kosningabaráttunni, þegar sótt er á þá af pólitískum stefnum úr öllum áttum, þá er þó kjósandi ekki látinn undirskrifa neitt fyr en á kjördegi. Og víst er það, að hvernig sem málið hefir verið sótt og varið og hverju sem hann hefir lofað, þá kýs hann þó í kjörklefanum aðeins eftir sinni sannfæring. Og þessi leynd yfir atkvæði hans, það er stóra atriðið í kosningalögunum, sem ekki má hagga við.

En kjósandinn, sem heima kýs, hann verður að taka ákvörðun strax og láta uppi atkvæði sitt, og þó honum síðar kynni að snúast hugur, þegar kosningasmalarnir væru farnir, þá er búið að fyrirbyggja, að hann geti kosið eftir sannfæringu sinni.

Jeg þarf ekki að taka það fram, því hv. þm. er það fyllilega kunnugt af kosningakærunum, að mönnum hefir verið neitað að kjósa heima nema þeir kysu vissan frambjóðanda; eins hitt, að öðrum hefir verið þröngvað til að kjósa heima, sem er jafnóheimilt. Og hefir þetta vitanlega átt sjer víðar stað en þar, sem yfir því var kært. Af þessum ástæðum telja flm., að lögin beri að fella úr gildi hvað heimakosningarnar snertir, þar eð búast megi við 10 ósjálfráðum atkvæðum fyrir 1, sem heima yrði að sitja. Og ósjálfráðu atkvæðin gætu margfaldast, því líklegt er, að misbrúkunin ykist.

Hinsvegar verður að gera eitthvað til að greiða fyrir kjósendum að sækja kjörfund. Hallast jeg þá helst að því að skifta hreppunum í kjördeildir, og vil jeg vinna alt, sem jeg má, að því að koma þeim lögum á. Ef það kæmist á, þyrftu mjög fáir kjósendur að sitja heima, og næðist tilgangur kosningalaganna þá miklu betur en láta þetta atriði gilda lengur, sem þegar er sýnt, að nær ekki tilgangi sínum.

Leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar að lokinni umræðunni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 42. og 43. fundi í Nd., dagana 4. og 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 60, n. 284 og 286).

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Hv. meiri hl. virðist hafa afsalað sjer að taka til máls, eins og nefndin hafi ekkert að segja. Jeg þarf ekki að falla frá orðinu fyrir það, en jeg skal ekki vera

langorður, en jeg tel það að fara aftan að siðunum að vísa máli umræðulaust til 3. umr.

Það hefi jeg á móti frv., að jeg tel það yfirleitt, eins og jeg hefi ljóslega áður lýst, mjög illa til fundið, að þingið sje sífelt að hringla með löggjöfina, undir eins og menn finna eitthvað að. Ef t. d. veiðast fleiri laxar eitt árið en við var búist, þá þarf endilega að breyta laxveiðalögunum. Og af því að nú kemur í ljós, að gallar hafa orðið á heimakosningalögunum, meðal fjölda annara kosningagalla um alt land, þá þarf nú að fella þessi lög úr gildi. Það er þó vitanlegt, að þessi lög hafa orðið til þess, að mörg hundruð manna hafa getað notað kosningarrjett sinn, sem áttu alveg eins heimting á því og aðrir, sem farið gátu á kjörstað. Því finst mjer, að til þess að breyta þessu þurfi að bera fram fleiri og meiri rök en það, að sagt sje, að lögin hafi verið misnotuð. Jeg veit ekki, hvað vakir fyrir Alþingi, ef það ætlar sjer að setja svo lítilfjörleg lög, að ekki þurfi nema lítil mistök eitt ár til þess að fella þau.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en vænti þess, að deildin gangi ekki inn á þá braut að hringla svo með löggjöfina, að nýsett lög sjeu ástæðulaust eða ástæðulítið feld úr gildi, og síst þegar um þörf lög er að ræða.

Magnús Torfason: Það var aðeins athugasemd um þingsköp. Þegar engin brtt. er borin fram við frv. við 2. umr., þá er ómögulegt að ræða það grein fyrir grein, og sje jeg því enga ástæðu til, að þetta mál sje rætt frekar fyr en við 3. umr. Enda sýndi ræða hv. 4. þm. Reykv. (MJ), að hann gat aðeins talað um málið almennt. Slíkt heyrir ekki til við 2. umr., og vil jeg láta afleggja þann sið, enda veitir ekki af að nota tímann til annars.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) hefði getað sparað sjer það að standa upp, því hann sagði ekki eitt orð, sem ekki stendur í nál. hans. Jeg get eins látið mjer nægja að skírskota til nál. meiri hl. Vil aðeins bæta því við, að jeg vænti, að hv. deild taki frv. vel og samþykki það.

Jakob Möller: Jeg mótmæli því, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) segir, að þó engin brtt. liggi fyrir, megi ekki ræða málið. Hver grein hefir sitt ákveðna efni og því má vitanlega ræða þær, þó engin brtt. sje fyrir hendi. Nú vill svo til hjer, að þetta frv. er svo einfalt að efni, að annaðhvort verður að fella það eða samþykkja. Það getur ekki staðið til, að neinar brtt. komi fram. 2. umr. á að vera aðalumræða um hvert mál, þar sem hver grein er rædd sjer og brtt., ef þær koma fram. Enda er það einkennilegt, að ef deildin er sammála um að fella eitthvert frv., að þá megi ekki ræða það. Nú er heldur engin trygging fyrir því, að það komist til 3. umr., og gæti líka eins farið svo, að það yrði drepið þar. Þessar athugasemdir hv. 1. þm. Árn. (MT) eru því hreinustu fjarstæður, sem ekki hafa við neitt að styðjast.

Forseti (BSv): Samkv. 20. gr. þingskapa skulu umræður við 1. umr. hljóða um málið almennt. Við 2. umræðu skal ræða einstakar greinir og brtt. við þær, og loks við 3. umr. frv. sjálft almennt ásamt brtt., er þá hafa fram komið. Nú er

hinsvegar sú venja á komin, að ræða mál alment við 2. umr. eins og hún væri áframhald af 1. umr., og stafar þetta af því, að skjóta má máli til nefndar á hverju stigi sem er. Ef fast væri haldið við þingsköp, væru almennar umræður um mál við 2. umr. vitanlega ekki leyfilegar, en þá þyrfti að vísa málum til nefndar við 1. umræðu og halda þeirri umræðu svo áfram, þegar málið kæmi úr nefnd. Síðan kæmi málið til 2. umr., og þá væri auðgert að ræða aðeins einstakar greinir og breytingartillögur, svo sem þingsköp segja fyrir. En meðan þingsköp leyfa á hinn bóginn, að málum sje fyrst vísað til 2. umr. þá er fyrstu umr. er lokið, þá verður örðugt að beita fast þessum fyrirmælum við 2. umr.

Magnús Torfason: Jeg get vel fallist á, að það sje rjett, sem hæstv. forseti segir, en þó sný jeg ekki til baka með það, að of mikið er að því gert að ræða málin alment við 2. umr. Hjer stóð svo á, að engin brtt. lá fyrir og frv. fór fram á að fella úr gildi heilan lagabálk. Einkum var lítil ástæða til umræðna nú, þar sem lýst var yfir því, að frv. yrði látið ganga til 3. umr. Orð hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um þetta eru því tóm vindhögg. Það má vera, að þingsköpin sjeu óheppileg í þessu efni, en það verður að fara eftir þeim, þangað til þeim verður breytt.

Jakob Möller: Þetta er bersýnilega vitlaust hjá hv. 1. þm. Árn. (MT). Sá hluti nefndarinnar, er leggur á móti frv., hlýtur þó að gera grein fyrir áliti sínu. Það liggur í hlutarins eðli, svo ekki verður um deilt. Hv. þm. (MT) er auðsjáanlega gramur yfir málinu, er lá hjer fyrir seinast. Jeg var á móti málinu í heild, og kom því ekki fram með neinar brtt., en varð óhjákvæmilega sem nefndarmaður að ræða málið frá almennu sjónarmiði. Öll meðferð málsins er laukrjett.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Jeg heyrði áðan, að menn vildu láta þetta mál ganga fljótt. Jeg hefði getað farið út í einstök atriði málsins, en vildi ekki gera það, þar sem farið er að líða að fundarlokum. En jeg skil ekkert í þessum fítung, sem nú hefir gripið hv. 1. þm. Árn. (MT). Hann hefir setið hjer viku eftir viku og heyrt talað um málin alment og lagt sjálfur mörg og misjöfn orð í belg, en nú rýkur hann upp til handa og fóta og talar um fimbulfamb í ræðu minni, og var helst ekki hægt að skilja hann öðruvísi en svo, að alt væri á beinni leið til helvítis. Jeg hefi sjaldan vitað svo litla þúfu velta öðru eins hlassi. Eða kanske það valdi, að mjer varð á að nefna „lax“ í ræðu minni. Hann er svo skarpur á bragðið þarna fyrir austan fjallið.

Magnús Torfason: Jeg ætla aðeins að segja nokkur orð, til að bera af mjer sakir. Jeg man aldrei til þess, að jeg hafi lengt umræður með óþarfri mælgi, eins og sumir aðrir hv. þm. hafa gert. Jeg get ekki látið það ósagt, að farið sje langt út fyrir efni mála, eins og þegar hv. frsm. minni hl. (MJ) fór áðan að tala um lax, og það stolinn lax úr efri deild, í sambandi við þetta frv. (*MJ:* Nú, það er laxinn!). Jeg hefi oft ætlað mjer að taka hjer til máls, en sjaldnast haft geð í mjer til þess, þegar jeg hefi heyrt, hvernig hv. þingmenn leyfa sjer að haga ræðum sínum. — Að því er snertir það, er hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að ástæða væri til að ræða málið alment, þá er það að segja, að hvorki hann nje hv. 4. þm.

Reykv. (MJ) hafa gert það enn, því að ræða hins síðarnefnda var tómur grautur, er hvergi kom við málið, og mjer þykir það einmitt leiðinlegt, að svo skuli hafa farið. Eins og forseti tók fram, á að rjettu lagi að ræða málið alment við 1. umr., einstakar greinir og brtt. við 2. umr., og frv. sjálft og brtt. við það alment við 3. Ef þessu væri fylgt, væri alt í lagi. En því hefir ekki verið að heilsa, og því verða umræðurnar ólán. Jeg undirstrika, að ekkert orð hefir verið talað um málið sjálft.

Þórarinn Jónsson: Þar sem hjer er verið að ræða um þingsköp, en ekki málið, sem fyrir liggur, get jeg ekki stilt mig um að mótmæla skoðunum hv. 1. þm. Árn. (MT) í þessu efni. Það nær ekki neinni átt, að ekki megi tala um mál við 2. umr. Samkv. þingsköpum er það ákveðið að ræða einstakar greinar frv., þótt engar brtt. hafi komið fram. Hjer liggja ennfremur fyrir tvö nefndarálit, og annað meira að segja fult af mótsögnum og rangfærslum. Væri því hart að hefta umr. um nál. hv. 4. þm. Reykv. (MJ) þvert ofan í þingsköp.

Forseti (BSv): Jeg sje ekki betur en að þetta sje algerlega þarflaust þjark, einungis til að teygja tímann. Það er hægur vandi að taka aftur til óspiltra málanna við 3. umr. Auðvitað sprettur þetta alt af því, að málin eru ekki rædd til þrautar við 1. umr. En þegar málin eru lítt eða ekki rædd við 1. umr., heldur vísað til nefndar og koma úr nefnd til annarar umræðu, þá liggja þau þannig fyrir deildinni, að nær því er óhjákvæmilegt á stundum að ræða jafnframt um málin alment, eins og gert er í nefndarálitunum. Við þetta er meira eða minna blandað saman verkefni 1. og 2. umr., en þetta hefir verið tekið upp sakir þess, að það er talið greiðara fyrir afgreiðslu mála heldur en að taka þau úr nefnd til framhalds 1. umræðu, þótt það væri að forminu rjettari meðferð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:3 atkv.
2. gr. samþ. með 15:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:3 atkv.

Á 47. fundi í Nd., fimtudaginn 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 60).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BSt. HStef, IngB, JBald, JK, JS, JörB, KlJ, MG, MT, PO, SvÓ, TrÞ, BSv.
nei: ÁÁ, BL, HK, JakM, JAJ, JÞ, MJ, PÞ, SigurjJ.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.
Frv. afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 60).
Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 60, n. 441).

Frsm. (Jónas Jónsson): Þetta mál hefir verið nokkra stund hjá allshn., og hefir hún rætt það allmikið. Tveir nefndarmennirnir hafa þó skrifað undir með fyrirvara, en jeg geri samt ráð fyrir, að sá fyrirvari sje ekki þess eðlis, að þeir ætli að leggjast á móti frumvarpinu.

Skal jeg þá með nokkrum orðum skýra það, sem vakti fyrir nefndinni, er hún leggur til, að frv. þetta verði samþykt. Eins og kunnugt er, voru á síðasta þingi samþykt lög, sem áttu að gera sjúkum eða gömlum mönnum kleift að neyta kosningarrjettar síns, þó að þeir gætu ekki mætt á kjörstað. Var þetta að sönnu samkvæmt anda kosningalaganna, að byggja stjórn landsins á vilja kjósendanna, og var gert ráð fyrir, að þetta yrði aðallega fyrir sveitirnar. En nú í þingbyrjun komu 4 menn í Nd. fram með frumvarp um að nema þessi lög úr gildi. Menn þessir voru úr ýmsum hjeruðum landsins og úr tveim ur stærstu flokkum þingsins. Málið sigldi svo hraðbyri gegnum neðri deild. Af þessum ástæðum hefir svo allshn. efri deildar lagt til, að frv. þetta, sem nemur lögin frá í fyrra úr gildi, verði samþykt, þó að tveir nefndarmanna hafi að öðru leyti dálitla sjerstöðu.

Það, sem valdið hefir þessum veðrabrigðum hjá þinginu í þessu máli, er, að það reynist ókleift að búa tryggilega um kjörgögn með því að fá fjölda manna þau í hendur, því að þó aldrei nema margir af þeim, sem kosninguna eiga að hafa með höndum, geri það samviskusamlega, eru það þó ekki nærri allir. Þetta er því varhugaverðara, sem hver einasti hreppstjóri og sýslumaður fær heila hrúgu af seðlum og umslögum, sem hann getur farið með heim til þeirra, sem ekki geta eða þykjast ekki geta sótt kjörfund. Á þessu atriði er því óánægjan aðallega bygð, því að sú leynd, sem ætlast er til, að sje um kosninguna, er á þennan hátt óframkvæmanleg, með því að fá svona mörgum mönnum kjörgögn í hendur, sem sumir hverjir fara ekki eins samviskusamlega með sem skyldi.

Um þetta atriði er bæði meiri og minni hluti allshn. sammála, og leggur nefndin því til, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, verði samþykt, þrátt fyrir sjerstöðu um ýms önnur atriði.

Þó að það komi þessu máli ekki beinlínis við, vil jeg geta þess, að hjá allshn. liggur nú frv. um breytingu á kosningalögunum. Og þó að jeg búist ekki við, að það verði samþykt nú, heldur vísað til stjórnarinnar, er rjett að geta þess, að í því eru tvö atriði, sem gera hægara fyrir að komast af án heimakosninga. Fyrra atriðið er að færa kjördaginn yfir á mildari árstíma, en hið síðara, að gert er ráð fyrir, að skifta megi hreppunum í tvær eða þrjár kjördeildir, eftir því hve stórir þeir eru. Er með þessu fallin, að minsta kosti að nokkru leyti, sú ástæða, sem var fyrir frv. í fyrra.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara; þó ekki af því, að jeg væri eins sannfærður og hv. frsm. (JJ) um það, að ekki væri hægt að bæta úr þeim göllum, sem eru á heimakosningalögunum, en jeg hefði helst kosið, að málinu yrði vísað til stjórnarinnar. En þó mun jeg greiða atkvæði með því, að frv. nái fram að ganga.

Eggert Pálsson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, og í honum felst svipað og fyrirvara hv. þm. Seyðf. (JóhJóh). Annars er jeg sömu skoðunar og hv. frsm. (JJ), að jeg tel, að lög þau, sem hjer er um að ræða að fella úr gildi, hafi ekkert gagn gert, þótt jeg hinsvegar telji þau ekki svo mikinn gallagrip, að ekki mætti laga þau, eins og hv. frsm. virtist gera.

Annars hefði jeg helst óskað, að frv. þetta hefði beðið, og helst af öllu, að það hefði getað orðið samferða kosningalagafrv. því, sem er hjá allsherjarnefnd, til stjórnarinnar, og það því heldur, þar sem ekki er sýnilegt, að kosningar þurfi að fara fram nú bráðlega.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skal strax taka það fram, að mjer finst alls ekki skemtilegt verk fyrir þessa hv. deild, ef hún á sama degi á að fella úr gildi tvenn lög frá síðasta þingi. Það er nú þegar búið að ganga fram af laxalögunum frá í fyrra, og nú leggur hv. allshn. til, að þetta frv. verði látið fara sömu leiðina, en mjer finst alls ekkert liggja á því. Jeg neita því ekki, að lögum þessum hafi verið illa beitt, en svo er um fleiri. En jeg veit líka, að þeim hefir víða verið vel og samviskusamlega beitt. Annars sje jeg ekki, að ástæður þær, sem lágu til grundvallar fyrir þessu frv. í fyrra, hafi að nokkru leyti breyst, svo að þörf sje að fella lög þessi úr gildi nú. En það er vitanlega satt, að það yrði dálítið minni þörf fyrir þau, ef kjördagurinn yrði færð ur yfir á mildari árstíma og hreppunum skift í fleiri kjördeildir, en eigi að síður verður altaf þörf á að hafa einhver lög, sem geri öllum mönnum mögulegt að neyta kosningarrjettar síns.

Að hreppstjórarnir hafi verið verri en aðrir í því að misnota lög þessi, vil jeg ekki viðurkenna, en sjáanlega hefir sumum þeirra, eins og öðrum, mistekist framkvæmd þeirra.

Þar sem nú kosningar standa alls ekki fyrir dyrum, held jeg að þessu máli muni best komið með því að vísa því til stjórnarinnar, því að það er býsna hart fyrir lækna þá og hreppstjóra, sem samviskusamlega hafa framkvæmt lög þessi, að þau skuli vera numin úr gildi, einungis fyrir þá sök, að þær stjettir hafi misnotað þau svo mjög. Með því væri hinum samviskusömu mönnum gert óhæfilega rangt til. Annars þori jeg að fullyrða, að lög þessi má vel framkvæma svo, að þau megi að gagni verða.

Af þessum ástæðum, sem jeg þegar hefi tekið fram, leyfi jeg mjer að leggja til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

Frsm. (Jónas Jónsson): Jeg held, að hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) taki þetta helst til óstint upp vegna hreppstjóranna. En það er alveg óþarfi. Þetta er engin árás á þá, heldur á fyrirkomulagið sjálft, því það er óneitanlega freisting fyrir þessa mörgu menn að fara ógætilega með þetta vald sitt. Mjer er kunnugt, að það er víða mikil óánægja meðal manna út af þessu fyrirkomulagi, óánægja, sem ekki er bundin við nein viss nöfn, heldur risin upp vegna þess, að menn eru komnir að þeirri niðurstöðu, að fyrirkomulagið sje í eðli sínu ólæknandi, þegar ca. 200 mönnum eru fengin kjörgögn í hendur og þeir látnir tala við sjúka menn og sjá um, að þeir kjósi. Sje þetta borið saman við þá venjulegu kjörathöfn, sem reynt er að gera eins ópersónulega og mögulegt er, þá sjer maður þegar, hversu ólíkur blær er á báðum þessum kosningaathöfnum. Jeg hefði verið með því að vísa máli þessu til stjórnarinnar, ef jeg áliti það ekki gagns-

laust. Undirstaða málsins er svo sjúk, að hún verður ekki læknuð með stjórnarráðsrannsókn. Þó að jeg sætti mig við, að stóra kosningafrv. verði vísað til stjórnarinnar, þá er alt öðru máli að gegna um þetta, þar sem jeg álít, að þetta hafi í fyrra verið samþykt meira sem tilraun en til frambúðar. Jeg greiði því atkvæði með frv., því jeg er sannfærður um, að heimakosningar verða aldrei framkvæmanlegar, svo að gagn sje að.

ATKVGR.

Till. frá þm. A.-Húnv. (GÓ) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 7:4 atkv.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 30 apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 60)

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 490).

---

39. Bæjargjöld í Reykjavík.

Á 15. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík (þmfrv., A. 75).

Á 17. fundi í Nd., föstudaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. er komið frá bæjarstjórn Reykjavíkur og er flutt af 3 þm. þess kjördæmis. Það er enginn nýr gestur hjer á Alþingi. Það kom fram á síðasta þingi, en tími vanst ekki til að afgreiða það. Var því vísað í nefnd og afgreitt á þann veg, að ríkisstjórninni var falið að athuga það og undirbúa ásamt öðrum málum, sem snertu löggjöf kaupstaðanna. Frv. þessu fylgir allítarleg greinargerð, og býst jeg við, að hv. þm. hafi kynt sjer hana. Jeg vil þó taka það fram, að breytingar hafa verið gerðar á frv. síðan það var hjer í fyrra. Er nú t. d. lagt á vald bæjarstjórnanna, hve hátt þær vilji ákveða lóðargjöld. Það hefir verið sagt, að hjer sje um mikið deilumál að ræða. En sannleikurinn er sá, að það eru sárafá mál, sem bæjarstjórnin hefir jafneindregið viljað koma fram sem þessu. Sjest þetta best af því, að nú eru nýlega gengnar um garð bæjarstjórnarkosningar hjer, og hefir þó í engu breyst afstaðan til þessa máls. Og það var að engu leyti ágreiningsefni við kosningarnar, eins og sjest á því, að frambjóðendur úr báðum flokkum voru málinu fylgjandi.

Það er annars engum efa bundið, að Reykjavíkurkaupstað er full þörf á því að fá breytt skattalögunum, því þau eru nú orðin allgömul, að jeg ætla frá 1877. Voru þá lóðargjöld um þriðjungur allra bæjargjalda, en nú eru þau aðeins sárlítill hluti þeirra. Og algerlega raskast það hlutfall, sem var á milli lóðargjalda og aukaútsvara. En lóðargjöldin eru bæði rjettlátur gjaldstofn og ábyggilegur.

Jeg vona, að hv. deild taki vel þessu frv., þar sem það er bæði allvel undirbúið og hefir mikið fylgi bak við sig. — Er og auðsætt, að bæjarstjórnir

ættu að hafa sem frjálsastar hendur í öllu, sem bæina varðar sjerstaklega.

Legg jeg svo til, að málinu verði vísað til hv. allshn.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Á síðasta þingi lá fyrir frv. til breytinga á bæjarstjórnarlögum Siglufjarðar, Reykjavíkur og Seyðisfjarðar. Átti allshn., sem hafði mál þessi til meðferðar, þá tal við mig og spurði meðal annars, hvort stjórnin myndi ekki fyrir næsta þing geta undirbúið frv. til sameiginlegra laga fyrir alla kaupstaði landsins, að Reykjavík undanskilinni. Kvaðst jeg ekki geta sjeð þessu neitt til fyrirstöðu, en tók jafnframt fram, að jeg liti svo á, að fyrst yrði að leita umsagnar hlutaðeigandi kaupstaða Var málið svo afgreitt með þál. þess efnis, að fela stjórninni málið til undirbúnings Landsstjórnin skrifaði síðan og bað bæjarstjórnirnar um að láta álit sitt í ljós um þetta eins fljótt og unt væri. — En tíminn leið og þær ljetu ekkert til sín heyra. Í vetrarbyrjun skrifaði stjórnin enn á ný og ítrekaði þessa beiðni sína. Að lokum kom þó svar frá Siglufjarðarkaupstað, dags. 14. nóv., og hafði það meðal annars að geyma svo hljóðandi yfirlýsingu:

„Út af framkominni áskorun um, að bæjarstjórnin taki til umsagnar þingsályktunartillögu frá síðasta Alþingi um sameiginlega löggjöf fyrir kaupstaðina, einkum að því er snertir útsvarslöggjöfina, leyfir bæjarstjórnin sjer að framsetja sín eindregnustu mótmæli gegn því, að slík nýbreytni í löggjöfinni verði tekin upp. Saga, framþróun og löggjöf kaupstaðanna sýnir, að löggjöf þeirra hefir verið sniðin eftir staðháttum og atvinnubrögðum hvers kaupstaðar. Það væri næstum skringilegt, ef það teldist nauðsynlegt að ákveða með lögum, að í Hafnarfirði mætti leggja útsvar á síldveiði og í Vestmannaeyjum og Siglufirði mætti leggja útsvar á laxveiðiafnot og slægnaafnot utanhjeraðsmanna, þar sem um enga slíka atvinnuvegi er að ræða í tjeðum kaupstöðum."

Af þessu sjest, hve eindregið þessi kaupstaður er mótfallinn allri samræmingu í kaupstaðalöggjöfinni. Þá fjekk stjórnin annað erindi frá bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, og var það dagsett 8. des. Hafði hún lagt til, að kosin væri undirnefnd til að athuga málið. Var svo gert og kom sú nefnd fram með 10 brtt. við gildandi bæjarstjórnarlög. Voru 3 þeirra feldar, en 7 samþyktar. Eru sumar þessar till. allmerkilegar, eins og t. d. 5. till., sem kveður svo á, að þegar borgarar, búsettir í kaupstöðum, reka útsvarsskylda atvinnu annarsstaðar um styttri tíma en 3 mánuði, þá skuli aukaútsvar á þá lagt eftir samráði milli niðurjöfnunarnefnda hlutaðeigandi sveitarfjelaga, eða af sameiginlegri nefnd, sem skifti heildarútsvarinu milli sveitarfjelaganna. Virðist þetta vel og skynsamlega athugað. Ennfremur er þar ákvæði um það, að ef bæjarfjelagið reki fyrirtæki til almenningsþarfa, svo sem rafveitu og vatnsveitu, þá megi ekki í notum þess leggja aukaútsvar á bæinn af þeim sveitarfjelögum, sem þau fyrirtæki eru virkjuð í. Átti þetta sjer t. d. stað í Mosfellssveitarhreppi gagnvart rafstöð Reykjavíkur þar upp frá, áður en landsspilda sú, er virkjunin fer fram á, var keypt og sameinuð Reykjavíkurkaupstað. Enn er ákvæði um, að óheimilt sje að setjast að í kaupstaðnum nema búsetuleyfi frá bæjarstjórn liggi fyrir, og að bæjarstjórninni sje heimilt að neita um þetta búsetuleyfi.

Loks barst stjórninni brjef frá Seyðis-

fjarðarkaupstað, dags. 31. des. f. á., þar sem bæjarstjórnin lýsir að vísu yfir því, að hún aðhyllist það, að ein heildarlög sjeu samin fyrir alla kaupstaði landsins, en þannig, að slík heildarlög væru í öllum aðalatriðum sniðin eftir Seyðisfjarðarlögunum.

Frá öðrum kaupstöðum landsins hefir ekkert svar komið. Niðurstaðan er því þessi, að helmingur kaupstaðanna svarar engu, og á svörum hinna er ekki mikið að græða, nema helst úr Akureyrarkaupstað.

Með því nú að engar till. höfðu komið frá þremur kaupstöðum, og einnig sökum þess, að svörin höfðu dregist svo lengi, þá sá stjórnin sjer ekki fært að verða við þessari till. þingsins, að leggja fram frv. til heildarlaga á þessu þingi. En hinsvegar hefi jeg gert nokkurn undirbúning og dregið saman í eina heild það, sem mismunandi er hjá kaupstöðunum í þessum efnum. Getur nefnd þeirri, sem um málið fjallar, orðið einhver stuðningur að því.

Þegar maður fer að bera saman bæjarstjórnarlög kaupstaðanna, sjest brátt, að þar er margt talsvert ólíkt. Eins og vænta má, sökum stærðarmunar kaupstaðanna, er tala bæjarfulltrúanna mjög mismunandi. Lægst er hún á Siglufirði (6 fulltrúar) og hæst í Reykjavík (15 fulltrúar). Á Seyðisfirði er tala fulltrúanna hlutfallslega hæst (11), og má það merkilegt heita um jafnfámennan kaupstað. Þá er kjörtíminn misjafnlega langur — frá 3 upp í 6 ár, — og er það með öllu ástæðulaust; hann ætti að vera hinn sami alstaðar. Kosningar- og kjörgengisrjettur er hinn sami í öllum kaupstöðunum, að undanskilinni Reykjavík. Á Siglufirði er bæjarfógetinn sjálfkjörinn oddviti bæjarstjórnar og hefir atkvæðisrjett á fundum hennar. Á Ísafirði og í Vestmannaeyjum eru bæjarfógetarnir líka oddvitar bæjarstjórnar, og hafa þeir atkvæðisrjett á fundum, en kjósa má sjerstaka oddvita þar. Í Hafnarfirði og á Akureyri skal kjósa bæjarstjóra, og svo er í Reykjavík.

Frá fornu fari er það og fast ákvæði, að formaður skólanefndar sitji í bæjarstjórninni og hafi þar tillögurjett, en oft ekki atkvæðisrjett. Þó er það hreint ákvæði í bæjarstjórnarlögum Hafnarfjarðar og Ísafjarðar, að hann skuli hafa atkvæðisrjett, enda er það eðlilegast.

Þá eru ákvæði um tekjur og gjöld bæjanna gerðar á mismunandi tímum, sumstaðar í september, annarsstaðar fyrir lok október, sumstaðar í nóvember. Hyggilegast virðist vera, að þær væru alstaðar gerðar á sama tíma, og þá helst í nóvember, eða sem styst fyrir áramótin, því með því móti næst gleggst yfirlit yfir fjárhagsástandið næsta ár. Jeg minnist þess, að þegar jeg var bæjarfógeti á Akureyri, þá ríkti þar sú skylda, að fjárhagsáætlunin væri gerð fyrir lok septembermánaðar, og var það mjög óhentugt, því erfitt var að gera sjer svo snemma grein fyrir gjöldum og tekjum næsta árs.

Niðurjöfnunarnefndirnar eru misfjölmennar í hinum einstöku bæjum, þetta frá 5—15 fulltrúar. Aukaniðurjöfnun útsvara hefir altaf verið heimiluð, og þá venjulega lögð næsta vor á menn, er komið hafa til kaupstaðarins fyrst á árinu, eða um krossmessu. En eftir gildandi lögum er hún á mjög mismunandi tímum hvað snertir einstök bæjarfjelög, og jafnvel að því er virðist af handahófi. Í Reykjavík er hún í september, í Vestmannaeyjum í apríl, á Ísafirði í júlí, á Seyðisfirði í ágúst og á Siglufirði „hvenær sem þörf er á", og fellur gjaldið þar þegar í gjalddaga

er niðurjöfnunarnefndin hefir undirritað. Þar er því hægt að leggja á aukaútsvar daglega, ef það þykir henta. Annars eru bæjargjöldin goldin á mismunandi tíma og fer máske að nokkru eftir staðháttum

Allur sá mismunur, sem jeg hefi talið upp, er þess eðlis, að fljótgert er að koma samræmi á í því efni. En aðalatriði þessa máls og það, sem erfiðast er að samræma, er ónefnt. Það er hvernig ákveða eigi og finna gjaldstofn til bæjarfjelaganna, og þá sjerstaklega, hvernig leggja eigi á lóðir og fasteignir. Í Vestmannaeyjum er þetta bygt á flatarmáli og 4—10 aurar teknir fyrir hvern fermeter í bygðri lóð, en 2—4 aurar fyrir fermeterinn í óbygðri. Á Ísafirði er gjald þetta helmingi lægra. Á Akureyri er svo ákveðið í lögum bæjarfjelagsins, að gjaldið megi ekki vera lægra en 1% og ekki hærra en 2% af verðmæti lóðarinnar.

Þetta gjald, sem bygt er á svo misjöfnum grundvelli, er mjög erfitt að samræma, og var það aðallega þess valdandi, að jeg treysti mjer ekki til að leggja fyrir þetta þing frv. til kaupstaðalöggjafar, þar sem svo stuttur tími vanst til samnings þess, fyrst svör bæjarfjelaganna komu ekki fyr en raun varð á.

Auk þessa gjalds og útsvars heimila hinar sjerstöku bæjarstjórnarlöggjafir ýms sjerstök gjöld með lögum, svo sem vatnsskatt, sótaraskatt, salernahreinsunargjald o. s. frv. Og er þetta sjerstaklega hjer í Reykjavík.

Jeg hefi nú tekið fram það, sem helst ber á milli hinna núgildandi bæjarstjórnarlaga, og jafnframt getið þess, að samræma má ýmisleg ákvæði með hægu móti, en erfitt muni það reynast um önnur. Sjerstaklega mun Siglufjörður ekki láta sig að neinu leyti, heldur halda fast við sitt, eins og kemur fram í erindi bæjarstjórnar. En tilgangur minn var sá, að gefa með þessu yfirliti þinginu skýrslu um það, hvað stjórnin hefði aðhafst í þessu máli samkv. þál. frá síðasta þingi, og gera grein fyrir því, hvers vegna hún hefir ekki sjeð sjer fært að bera fram neitt frv. þessa efnis.

Jón Þorláksson: Mjer þykir leitt, að hæstv. stjórn hefir ekki sjeð sjer fært að koma fram með frv. til laga um að samræma bæjarstjórnarlöggjafirnar, eins og farið var fram á á síðasta þingi. Þó hinsvegar megi vel vera, að eitt ár sje fullstuttur tími til að leysa slíkt vandamál, sem hjer er um að ræða. En það finst mjer satt að segja eins og að fara í geitarhús til að leita ullar, ef spyrja á bæjarstjórnirnar um álit þeirra á málinu og eyða í það löngum tíma. Því telja má víst, að hver um sig vilji halda sínum lögum óbreyttum uns hún sjálf biður um breyting á þeim, sem raunar skeður æðioft; t. d. var svo um þrjá kaupstaði á síðasta þingi.

Hæstv. atvrh. (KlJ) taldi margt ósamræmanlegt í kaupstaðalöggjöfunum, en sjáanlega var þar margt óeðlilega ósamhljóða, þó staðhættirnir hljóti altaf að valda einhverju ósamræmi. Og hvenær sem samræmisstarfið verður hafið, má auðvitað ekki fara lengra en að svigrúm sje fyrir sjerstakar samþyktir hinna einstöku bæjarstjórna, sem nauðsynlegar kunna að vera, heldur aðeins ákveðið í lagaformi, hver atriði megi ákveða með samþykt og hvað skuli vera sameiginlegt öllum bæjarfjelögum.

Hæstv. atvrh. mintist ekki á þau atriði, sem reka mest á eftir, að komið verði samræmi á í þessu máli og háttv.

allsherjarnefnd síðasta þings lagði mesta áherslu á. Er það fyrst, að mjög óviðurkvæmilegt virðist, að kosningarrjettarskilyrðin skuli ekki vera ein og hin sömu alstaðar, en eftir því, sem jeg veit best, eru þau nú þrennskonar í landinu. Virðist þó sjálfsagt, að sömu skilyrði gildi fyrir kosningarrjetti í sveitarstjórnarmál um um alt land, eins og kosningarrjettur til Alþingis er hinn sami alstaðar.

Annað höfuðatriði er það, sem snertir útsvarsskyldu utanhjeraðsmanna. Hafa sjerstaklega á því sviði komið sífeldar breytingakröfur frá kaupstöðunum, og fara, eins og eðlilegt er, allar í þá átt, að sjerhverri bæjarstjórn heimilist sem allra víðtækast vald til að leggja útsvar á utanbæjar- og utanhjeraðsmenn og fyrirtæki. En gæta verður þess að sje bæjarstjórnunum gefinn laus taumur í þessu efni, þá eru þeir menn, sem atvinnu stunda víðar en á einum stað, ofurseldir geðþótta niðurjöfnunarnefnda þeirra staða, þar sem þeir eru ekki búsettir og hafa enga aðstöðu til að gæta rjettar síns, því að bæjarstjórn þess kaupstaðar, sem á að fá útsvarið, hefir æðsta úrskurðarvald um það, hve mikið hann verður að gjalda í útsvar, og má það heita ósæmilegt rjettarástand. Rekur þetta mjög á eftir breyting á bæjarstjórnarlögunum og að samræmi verði á þau komið. Og það er ljóst, að þó hæstv. stjórn hafi ekki auðnast að ljúka því verki, þá er málefnið of mikilsvert til þess, að starfið hætti, heldur hlýtur það að verða tekið til undirbúnings og frv. um það efni lagt fyrir Alþingi til endanlegra úrslita. Verður þá og vonandi ráðin bót á misfellum þeim, sem jeg nú hefi nefnt.

Jakob Möller: Jeg mun ekki ræða málið mikið nú; vonast til, að það gangi greiðlega til 2. umr. og nefndar. En jeg vildi aðeins geta þess, út af því, sem hv. samþm. minn (JÞ) sagði um ósamræmi hinna einstöku bæjarstjórnarlaga, sem samræma þyrfti, að jeg er honum sammála að því er snertir kosningarrjettarskilyrðin. En jeg held, að það yrði líka það eina, sem fullkomlega mætti koma samræmi á. T. d. er að minsta kosti með öllu ástæðulaust, að sama regla gildi alstaðar um það, hve langan tíma menn þurfi að reka atvinnu á einhverjum stað til þess að vera útsvarsskyldir. Það hlýtur altaf að fara eftir staðháttum. Það er vitanlegt um Siglufjörð, að aðalatvinnan stendur þar yfir aðeins örskamman tíma, og að þeir menn, sem hana reka og að sjálfsögðu bera mest úr býtum, sleppi algerlega útsvarslausir eða gjaldfrjálsir, nær ekki nokkurri átt. Hvað þetta frv., sem aðeins er viðvíkjandi Reykjavík, snertir, þá er ef til vill of langt gengið í þessu efni, og væri máske ástæða til að athuga það sjerstaklega, hvað væri heppilegt hjer að ákveða um, hve lengi menn þyrftu að reka atvinnu til þess að vera útsvarsskyldir. Verður það væntanlega athugað í hv. nefnd og kemur þá til 2. umr.

En yfirleitt má segja það, að ekki er hægt að samræma gjaldaákvæði einstakra kaupstaða nje sveitarfjelaga. Og þar sem bæjarstjórn Reykjavíkur er frv. þetta mikið áhugamál, væri það illa farið, ef það þyrfti að stranda á því, að ekki er búið að athuga, hvernig hægt sje að samræma bæjarstjórnarlöggjöfina, sem jeg býst við, að hafi litla þýðingu fyrir málið.

Magnús Torfason: Það var út af orðum hv. 1. þm. Reykv. (JÞ), er hann drap á rjettarástand þeirra manna, sem búsettir eru utan hjeraðs þess, sem útsvar leggur á

þá, að jeg kvaddi mjer hljóðs. Jeg vil leyfa mjer að strika undir orð hans um, að það sje alls óviðurkvæmilegt. Hver sá maður, sem lagt er á utan síns sýsluhjeraðs, hefir engan til að standa fyrir máli sínu, þó honum sje órjettur ger. Sje lagt á mann innan sýslu, stendur hann nokkuð betur að vígi, því þá getur hann snúið sjer til sýslunefndarmanns hrepps síns og látið hann tala máli sínu, en utan sýslu er hann rjettlaus. Sem bæjarfógeti og sýslumaður hefi jeg hvað eftir annað orðið þess var, að mönnum hefir þannig verið búið hróplegt ranglæti. Er það alls ekki sæmilegt, hvernig sumar bæjarstjórnir og sýslufjelög hafa oft og tíðum hagað sjer gagnvart utanbæjarmönnum hvað útsvör snertir. Þó undantek jeg bæjarstjórn Ísafjarðar, að minsta kosti meðan jeg var þar.

Sje jeg ekkert annað ráð en að menn, búsettir utan þess kaupstaðar eða sýslufjelags, sem á þá leggur, megi skjóta máli sínu til stjórnarinnar, og þá sennilega atvinnumálaráðherrans, sem þessi mál heyra undir. Þetta er eina lausnin, sem jeg hefi sjeð og sje enn á máli þessu.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vildi aðeins vekja athygli hv. allshn., sem fjalla mun um mál þetta, á því, að til þess er ætlast í frv. þessu, að skattgjöldin nái til eigna ríkissjóðs. Jeg hefi lauslega athugað, hvað sá skattur myndi nema af hús-, jarð- og lóðaeignum ríkissjóðs hjer í bæ, og telst, að það muni vera ca. 40 þús. kr. árlega. Hefir sú venja ekki tíðkast áður, að bæjarfjelögin legðu skatt á eignir ríkissjóðs, og get jeg hugsað, að hv. þingdeild verði ekki fús á að ganga inn á þetta atriði frumvarpsins.

Jeg vil taka undir það með hv. 1. þm. Árn. (MT), að á Ísafirði er sú venja, að leggja mjög lágan skatt á utanbæjarmenn þá, er þar stunda atvinnu. Hefir verið litið svo á, að þeir gæfu bænum mikið í aðra hönd í atvinnu og verslun, og ættu því ekki að bera skatta að mun. Get jeg t. d. bent á, að 1919 mun ekki hafa verið lagður meiri skattur á síldarútgerð utanbæjarmanna en 5 aurar á hverja tunnu, sem þeir lögðu á land.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) sagði, að það væri að fara í geitarhús að leita sjer ullar, ef spyrja ætti um álit bæjarstjórna um mál þetta. Það er satt, að svo hefir komið á daginn. En þar sem breyta átti löggjöf kaupstaðanna, sem eftir gildandi lögum hafa sjálfstjórn í sínum málum, þá virtist ekki hægt að ganga framhjá því að leyfa kaupstöðunum að láta í ljós skoðanir sínar. Kemur mjer ekki til hugar, að þingið vilji brjóta beint rjettindi bæjarstjórnanna í því efni. Í fyrra var og gengið út frá því, að svo yrði gert, og sami hv. þm. (JÞ) tók þá fram, að það væri leitt, ef það tefði tímann.

Jeg vil aðeins taka það fram viðvíkjandi niðurjöfnuninni, að hún hlýtur að vera nokkuð sjerstök á Siglufirði. Og eins og bæjarfógetinn tekur fram í skýrslu sinni, þá virðist það ekki ósanngjarnt, að lagt sje á skip, sem á 3 vikum leggur þar upp 4000 tunnur, fyrst heimilt er að leggja á árabát, sem fiskar ef til vill mjög lítið á 4 vikum; hljóta þar því að gilda aðrar reglur en annarsstaðar. Hitt er sjálfsagt satt, að þetta vald er víða mjög misbrúkað, og virðist æskilegast, að gjaldendur gætu snúið sjer til annars valds en viðkomandi bæjarstjórna með kærur sínar, annaðhvort til atvinnumálaráðuneytisins eða þá beint til dómstólanna.

Þetta frv., sem hjer liggur fyrir og orðið hefir tilefni til þessara almennu umræðna, stendur ekki í sambandi við það, hvort samræma eigi kaupstaðalöggjöfina eða ekki. Jeg viðurkenni fyllilega, að löggjöf Reykjavíkur hlýtur að vera sjerstök, og leitaði því ekki álits hennar, er jeg sneri mjer til kaupstaðanna.

Þetta frv., sem bæjarstjórnin hefir samþykt með miklum atkvæðamun, eða með 10:1 atkv., get jeg fallist á í öllum atriðum og mun styðja að því með atkvæði mínu, að það nái fram að ganga.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þær almennu umræður, sem nú hafa farið fram, koma lítið við frv. því, sem er til umræðu. En hve lengi sem menn ræða um það, hygg jeg, að menn hljóti að komast að þeirri niðurstöðu, svo sem tekið hefir verið fram, að Reykjavík verður að hafa nokkra sjerstöðu um bæjarmálefni sín.

Gegn þessu frv. eða stefnu þess hafa engin andmæli komið, nema lítillega frá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), er benti á, að skattgjald þetta ætti einnig að ná til fasteigna ríkissjóðs. Jeg vil leyfa mjer að taka fram, að þetta má varla heita skattgjald, þar sem það er að mestu leyti endurgjald fyrir unnin störf. Það er ekki við því að búast, að ríkissjóður geti verið undanþeginn greiðslu sótaragjalds, hreinsunargjalds og fleiri þesshátta gjalda, sem eftir frv. eru falin í húsaskattinum. Að vísu er einnig lagt gjald á lóðir ríkissjóðs, en það mundi ekki nema svipað því eins mikilli upphæð og hv. þm. N.-Ísf. nefndi. Það yrði ekki nema fáar þúsundir, enda býst jeg við, að vænt anlegri nefnd mundi ekki veitast erfitt að fá þá breytingu gerða á frv., að lóðir ríkisins væru skattfrjálsar. En um húseignirnar kemur ekki annað til mála en að greitt verði af þeim gjald fyrir unnið verk.

Það hefir verið minst á útsvarsskyldu utansveitarmanna og hvernig henni hefir verið misbeitt. Jeg hygg, að nú sje einna minst hætta á misbeitingu í þessu efni í Reykjavík. Niðurjöfnunin er nú komin í fastar skorður og framkvæmd eftir ákveðnum reglum, og ætti því að vera mest trygging fyrir því í Reykjavík, að ekki verði farið lengra í þessu en sómasamlegt er.

Jón Þorláksson: Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. 1. þm. Árn. (MT) og hæstv. atvrh. (KlJ) fyrir undirtektir þeirra undir það atriði, sem jeg nefndi og er í mínum augum versti annmarki sveitarstjórnarlöggjafarinnar, en það er rjettleysi utansveitarmanna, sem verða útsvarsskyldir í öðrum sýslum, og þó einkum í kaupstöðum. Hv. 1. þm. Árn. nefndi eina af leiðum þeim, sem orða má til að bæta úr þessu. En þar sem nú hefir verið skipuð yfirskattanefnd í Reykjavík vegna ríkissjóðsskattanna, gæti einnig komið til mála að nota þá nefnd sem æðsta úrskurðarvald í þessum efnum, sem áfrýja mætti til úrskurðum bæjarstjórnar. Það skiftir minstu, hvernig þessu úrskurðarvaldi er komið fyrir, ef það er einungis til og er óhlutdrægt.

Hæstv. atvrh. kvað þetta frv. ekki standa í sambandi við samræmingu á löggjöfinni um málefni kaupstaðanna. Það er ekki rjett, því að í nokkrum höfuðatriðum stendur þetta frv. einmitt í sambandi við það mál. Hjer er farið fram á að gera víðtæka breytingu á útsvarsskyldu utanhjeraðsmanna í Reykjavík. Hingað til hefir Reykjavík haft sama

rjett í þessum efnum sem aðrir landshlutar. En hjer er farið fram á miklu víðtækari rjett, og er þó dregið talsvert úr þeim ákvæðum frá því, sem var í frv., er lá fyrir síðasta þingi. En því víðtækari sem rjetturinn er til útsvarsálagningar utanhjeraðsmanna, því meir kallar að krafan um að skapa mönnum betri rjettarskilyrði um upphæð útsvarsins. Til þess að spara mjer að standa upp aftur, skal jeg taka það strax fram, að frv. það, sem næst er á dagskránni, fer fram á breytingar á skilyrðunum fyrir kosningarrjetti um bæjarmálefni Reykjavíkur, sem fara langt út fyrir þau skilyrði, sem gilda annarsstaðar og nú gilda hjer í bæ. En það snertir einnig mjög mikið það samræmingarstarf, sem jeg gat um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 44., 45. og 46. fundi í Nd., dagana 7., 8. og 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., fimtudaginn 10. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 75, n. 288 og 295).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Nefndin hefir ekki alveg orðið sammála um þetta frv. Þó er það raunar ekki mikið, sem á milli ber, en það er aðallega viðvíkjandi 2. gr. frv. Þar er fasteignagjaldið ákveðið 0,8% af húsum, en af byggingarlóðum alt að 2%, og öðrum lóðum, sem gerðir hafa verið sjerstakir samningar um og ætlaðar eru til sjerstakrar notkunar, ½%. Meiri hl. gat ekki fallist á að setja þetta gjald svo hátt. Lóðargjald í bæjum, sem líkt stendur á um og Reykjavík, er yfirleitt tekjustofn, sem um er deilt, og það er til samkomulags, að meiri hl. hefir gengið inn á að setja það eins og hjer er gert.

Nokkuð skilur á milli gjalda af húsum og lóðum. Gjald af húsum kemur að nokkru leyti fyrir verk, sem bærinn lætur vinna, sóthreinsun, sorphreinsun o. fl. Í stað þess að heimta borgun fyrir hvert þessara verka um sig, eru þau öll tekin saman í fasteignagjaldinu. Ýmsir eru nú hræddir um, og er það ef til vill ekki að ástæðulausu, að bærinn kynni að hætta að láta vinna þessi verk, en gjaldið hjeldi áfram. Okkur í meiri hl. fanst því rjett, að svo væri ákveðið í lögunum, að þetta gjald væri bundið við, að bærinn framkvæmdi þessi verk.

Um b-lið 2. gr. urðu allmiklar deilur. Er það, eins og alkunnugt er, stefnuatriði, hvort rjett sje að leggja fasteignaskatt á lóðir, sjerstaklega í bæjum, þar sem þær eru þegar komnar í allhátt verð. Ef slíkur skattur, jafnvel þó hann væri nokkuð hár, hefði verið settur áður en lóðirnar hækkuðu í verði, mætti segja, að hann væri ekki órjettmætur. Þá hækkar hann smátt og smátt, í hlutfalli við verðhækkun lóðanna, og verður ekki tilfinnanlegur fyrir eigendurna. Þetta er alt annað en að skella á háum skatti þegar lóðirnar eru komnar í hátt verð. Eigendurnir geta þá ekki náð honum inn með verðhækkun lóðarinnar, heldur verða þeir að borga hann úr sínum vasa, og rýrnar eignin það í verði, sem skattinum nemur. Og ætti nú að fara að leggja á alt að 2% skatt — sem yrði vitanlega 2% — kæmi það órjettilega niður. Því ekki er hægt að fallast á þær röksemdir, að menn sjeu rjettir til að borga skatt af þeim eigna-

auka, sem þeir hafi þannig hlotið fyrir beinar aðgerðir bæjarfjelagsins, nema í þeim tilfellum, þegar menn hafa eignast lóðir með lágu verði og átt þær allan tímann, sem þær stigu í verði. En menn vita, að lóðir hjer í bæ hafa stöðugt gengið kaupum og sölum, og þeir, sem eiga þær nú, hafa flestir keypt þær þessu dýra verði. Yrði því eiginlega aðeins um eignarnám að ræða með þessari skattaálagning, eignarnám hjá þeim, sem af tilviljun eru eigendur lóðanna á þessu augnablikinu.

Afleiðingin af þessu er sú, að meiri hl. vildi ekki fara lengra en að ákveða gjaldið svo lágt, að það yrði ekki tilfinnanlegt Auðvitað verður það altaf af handahófi, hvaða % skuli ákveðin, en okkur þótti handhægast að ákveða sama gjaldið af lóðum og húsum, og um leið lækkað hlutfallslega gjald það af lóðum, sem sjerstakir samningar gilda um og ætlaðar eru til ákveðinnar notkunar.

Býst jeg við, að ekki verði á móti því mælt, að þetta er næst sanni, ef menn fallast á röksemdir þær, sem jeg hefi nú fram borið.

Annað atriði í frv., sem nefndin gat ekki fallist á, er viðvíkjandi rjetti bæjarfjelagsins til að leggja útsvör á utanbæjarmenn. Virtist henni of freklega í málið farið, ef hægt væri að leggja á menn eftir 4 vikur, og var öll nefndin sammála um að hafa þetta í samræmi við það, sem gildir í sveitunum, það er 3 mánuði. Annars má geta þess, að Reykjavík hefir búið við eldri ákvæði í þessu efni heldur en nokkurt annað sveitar- eða bæjarfjelag.

Þá hefir meiri hl. lagt til algert nýmæli, þar sem mönnum er heimilað að áfrýja úrskurði bæjarstjórnar í útsvarsmálum til yfirskattanefndar. Er þetta sjerstaklega gert vegna þeirra manna, sem nú verða útsvarsskyldir án þess að eiga hjer heima. Væri það hart fyrir þá að mega aðeins skjóta máli sínu til bæjarstjórnar, sem þeir fá engu um ráðið, hvernig skipuð er. En þá virðist og eðlilegt, að búsettir menn hjer megi skjóta kærum sínum til yfirskattanefndar. Hafa heyrst háværar kröfur um þetta. Mönnum finst bæjarstjórn aðili í málinu og geta ekki sætt sig við úrskurð hennar sem hins æðsta dómstóls. Hinsvegar er alls ekki farið fram á, að þetta úrskurðarvald sje algerlega tekið af bæjarstjórninni. Þó komu fram raddir um, að svo væri gert, og fengi bæjarstjórnin í staðinn að auka 2 mönnum í yfirskattanefnd. En meiri hl. fanst þetta ekki rjettmætt. Það er ekki kunnugt, að bæjarstjórnin hafi yfirleitt misbeitt þessu valdi sínu, og meiri hl. áleit, að hún gæti hjeðan af sem hingað til úrskurðað svo flestar kærur, að allir mættu vel við una. En svo framarlega sem það tækist ekki, mætti skjóta málinu til yfirskattanefndar. Er þetta í rauninni ekki stórt atriði, því fáar kærur berast til bæjarstjórnar og lítill hluti þeirra færi til yfirskattanefndar. En auk þess eru hjer settar nokkrar hömlur á það, að menn færu af þrætugirni einni að skjóta málinu frá bæjarstjórn til yfirskattanefndar, þar sem svo er ákveðið, að áfrýjendur greiði nokkurn hluta kostnaðarins, þó þeir vinni málið, en allan, ef þeir tapa því. Er þetta gert til þess, að menn skuli forðast að skjóta öðrum málum til yfirskattanefndar en þeim, sem þeir eru sannfærðir um í hjarta sínu, að þeir vinni, og áfrýi heldur ekki nema þeim upphæðum, sem talsverðu nema.

Enn vil jeg geta um eitt atriði. Það hefir verið og er sá siður, að gjalddagarnir sjeu tveir, og mörgum hefir fundist

upphæðin nógu há í hvort skifti, til þess að geta goldið hana. Virðist því rjett, að þetta haldist. Enda mundi það ekki ljetta innheimtuna, þó aðeins einn gjalddagi verði, því ekki er nóg að ákveða gjalddagann, heldur verður að fara heim til manna og toga út peningana, og fást þeir trauðla allir í einu. Myndi því litlu máli skifta, hvort einn gjalddagi væri ákveðinn í því tilliti eða fleiri.

Jeg hefi gleymt að geta þess, að slæm prentvilla er í nál. í 3. gr. b. Þar stendur: „Nú fær áfrýjandi lækkun á útsvari sínu, og ber honum þá að endurgreiða allan kostnað af áfrýjuninni.“ Þar á auðvitað að standa: „Nú fær áfrýjandi *ekki* lækkun á útsvari sínu“ o. s. frv., enda sjest það á áframhaldinu. Þetta vil jeg taka fram til að firrast misskilning, og verður það leiðrjett í uppprentuninni.

Held jeg svo, að jeg þurfi ekki að segja fleira að sinni, en bíð átekta. Aðeins vil jeg óska þess að lokum, að deildin afgreiði nú mál þetta fljótlega, því lengi hefir á því staðið, og bærinn hefir orðið að búa við gamalt fyrirkomulag í þessu efni og hefir beðið við það allmikið tjón.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Eins og ræða hv. frsm. meiri hl. (MJ) bar með sjer, er það aðallega tvent, sem á milli ber í þessu máli, hve hátt lóðagjaldið skuli vera og hvernig skuli leggja það á. Um hið síðartalda — stefnuatriðið sjálft — hygg jeg, að flestir geti orðið sammála. Vegna hvers hafa lóðir hækkað í verði? Það er vegna aðgerða bæjarfjelagsins, en ekki vegna aðgerða eigendanna. Bæjarfjelagið hefir lagt fje miljónum saman í fyrirtæki og framkvæmdir í bænum, sem hafa haft þessa stórkostlegu hækkun í för með sjer, einkum í miðbænum. Það virðist því ekki ósanngjarnt, að bærinn fái eitthvert endurgjald. Það hefir verið talað um, að lóðaskatturinn myndi hafa í för með sjer lækkun á lóðaverði. Betur, að svo yrði. Nú er svo komið, að hver, sem ætlar að reisa hjer smáhús á góðum stað í bænum, verður að verja alt að 10 þús. kr. til lóðarkaupa, og geta allir sjeð, hvílíkur þröskuldur þetta er fyrir byggingaframkvæmdum. Þetta hefir líka þau áhrif, að bærinn þenst út um öll holt og eykur kostnað við götulagningar og önnur mannvirki, sem auka og margfalda kostnað bæjarfjelagsins. Lóðarskatturinn myndi án efa ýta undir byggingar hjer, bæta úr húsnæðisvandræðum og spara beinan kostnað bæjarins við nýjar götuleiðslur o. fl. Það liggur í augum uppi, að þar, sem fólki fjölgar eins og hjer, stuðlar mannfjöldinn að því að auka verðmæti lóðanna án nokkurs tilstillis eigendanna. Undir eins og bygð kemur á óbygt land, hækkar það í verði, þótt það hafi verið lítils eða einskis virði áður.

Að vísu er það rjett, sem hv. frsm. meiri hl. hjelt fram, að þessi skattur kemur allhart niður á þeim, sem hafa nýkeypt lóðir. En jeg hygg, að þeir sjeu langtum fleiri, sem hafa grætt á því að bíða eftir verðhækkuninni á lóðum sínum og eiga þær enn, en hinir, sem nú eiga nýkeyptar dýrar lóðir, og hjer verður ekki fremur en annarsstaðar siglt fyrir öll sker, þannig að einhver verði ekki hart úti. Jeg get ekki fallist á þá staðhæfingu hv. frsm. meiri hl., að hjer sje alt öðru máli að gegna en um þá kaupstaði, er þetta lóðargjald er komið á í. Hjer eru lóðir aðeins í hærra verði, og því meiri sanngirni og nauðsyn, sem krefst skattsins. Mjer er kunnugt um, að í bæjarfjelagi því og hreppsfjelagi, er hafa komið

þessum skatti á, gengur alt vel með þ[illegible] an lóðarskatt, og hann þykir gefast vel.

Við minnihlutamennirnir álítum, að við höfum gengið svo langt til samkomulags í niðurfærslu gjaldsins frá því, sem var í frv., að engin ástæða er til neinnar mótstöðu gegn skatti þessum, hvaða afstöðu sem menn kunna að hafa til ákvæða frv. Sje jeg ekki ástæðu til að orðlengja meira um það.

Jeg vil benda á það um leið og jeg kem að brtt. meiri hl., að jeg tel það mjög óheppilega ráðstöfun að sameina lóðar- og húsaskattinn. Með því móti er húseigendum í lófa lagið að velta lóðaskattinum yfir á leigjendur, sem þó hafa sannarlega nóg á sinni könnu fyrir.

Þar sem svo er ákveðið í c.-lið 2. gr. frv., að sumar lóðir sjeu í lægra skattflokki, þar sem hundraðsgjaldið væri ½, skal jeg geta þess, að í þessum flokki eiga að lenda lóðir, sem sjerstaklega er umsamið til ræktunar eða annars þesshátar, og mundi einnig mikið af lóðum ríkissjóðs koma hjer undir.

Jeg þarf ekki að víkja að 2. brtt., við 7. grein, þar sem ákveðið er, að útsvarsskylda nái ekki til manna fyr en þeir hafa staðfestst hjer í þrjá mánuði, enda er það í samræmi við það, sem gildir í öðrum bæjar- og sveitarfjelögum. Þó hygg jeg, að okkar brtt. sje rjettari, enda þótt ekki muni nema einum staf. Í brtt. meiri hl. stendur „3 mánuðir" en í brtt. okkar „3 mánuði", sem er í samræmi við aðra skipun málsgreinarinnar. (*MJ:* Hjer er aðeins um prentvillu að ræða).

Jeg hefi áður vikið að brtt. um sameiningu húsa- og lóðargjaldsins, og skal því ekki fjölyrða um það. Jeg get ekki fallist á, að það sje rjett í brtt. meiri hl. við 2. gr. frv., að lögbinda bæinn til að annast ráðstafanir til útrýmingar rottu. Það gæti orðið bænum allkostnaðarsamt, ef hann ætti að taka á sínar herðar allan vanda af húseigendum og leigjendum í þessu efni, og þar undir gæti það heyrt t. d. að kaupa fyrir menn rottugildrur o. s. frv. Þá finst mjer og, að það orðalag, að bærinn annist tryggingar gegn eldsvoða, gefi alt of mikið tilefni til misskilnings. Vitanlega er hjer átt við slökkvilið og slökkvitæki, en ekki við iðgjöld fyrir brunatryggingar, en samt sem áður tel jeg þetta orðalag ófært, og hæglega geta orðið deilur út af því.

Skal jeg nú minnast á brtt. meiri hl. við 9. gr. Mjer fanst það satt að segja nógu langt gengið að leyfa utanbæjarmönnum einum málskot til yfirskattanefndar. Það eru ef til vill einhverjir, sem halda það, að bæjarstjórnin mundi frekar vilja ná sjer niðri á þeim mönnum, sem flutt hafa burt úr bænum og undan útsvarsgreiðslu þar, en eiga þó ekki nema 5 mínútna gang inn í miðjan bæinn frá bústað sínum utan bæjarins og stunda atvinnu í bænum alt árið. En jeg hygg, að þessum mönnum mundi engin ósanngirni sýnd í álögum. En þó hefi jeg ekkert á móti því að leyfa þeim málskot þetta til yfirskattanefndar, en vil heldur ekki ganga lengra. Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, er ólíklegt, að hún yrði ekki sanngjörn, eins og hún hefir verið. Kærur undanfarið hafa heldur ekki verið tiltölulega margar. Hitt er annað mál, að stöðugt eru til fastir kærendur, sem aldrei verður gert til hæfis og kæra á hverju ári, og er ekki rjett að auka kostnað með því að leyfa þeim málskot þetta. Það þarf því varla að væna bæjarstjórnina um ósanngirni, enda hefir hún þótt ganga heldur of langt í eftir-

gjöfum sínum heldur en hitt, og hefir það ef til vill stafað af því, hve erfiðlega hefir gengið að innheimta bæjargjöldin. Bæjarfógeti hefir ekki talið sig hafa nægilegan mannafla til að framkvæma lögtök, og það er eiginlega fyrst nú í ár, að ríkt hefir verið gengið eftir innheimtunni. Jeg sje af þessum ástæðum enga ástæðu til að veita fleirum en utanbæjarmönnum leyfi til að nota sjer þetta málskot.

Þá kem jeg að 4. brtt., um gjalddaga. Eins og hv. frsm. meiri hl. sagði, hafa gjalddagar undanfarið verið tveir, og vill meiri hl. halda því fyrirkomulagi og telur það gera mönnum hægara fyrir með greiðslur. Það er nú svo, að í þessu máli eru tveir aðiljar. Öðrumegin bærinn, hinumegin gjaldþegnarnir. Vegna dráttar á útsvarsgreiðslunum verður bærinn að taka lán og greiða af því háa vexti. Margir hafa þá reglu að draga greiðslu til seinni gjalddagans, og sumir humma alla greiðslu fram af sjer meðan unt er, þótt þeir geti borgað. — Borgarstjóri telur heppilegra að hafa aðeins einn gjalddaga Með því móti fær bærinn gjöld sín greidd fyr á árinu og hægara að framkvæma lögtök á heppilegum tíma. Nú eru gjalddagar 1. apríl og 1. okt. Meiri hl. vill hafa þá 1. maí og 1. október. Nú er venja að fara að rukka menn eftir 1. apríl, en ekki byrjað á lögtökum fyr en eftir seinni gjalddaga, og er þá tíminn orðinn alls ónógur til að ná gjaldinu inn fyrir áramót. Á meðan verður bæjarstjórnin að greiða vexti af lánsfje sínu.

Meiri hl. getur þess í nál. sínu, að hann telji yfirskattanefnd bærasta til að fjalla um og útkljá kærur yfir útsvörum. Jeg tel að vísu eðlilegt, að samræmi sje á milli tekjuskatts og aukaútsvara, en vil þó varhygðar vegna mótmæla því, að þessi orð í nál. eigi að skoða sem neina mælisnúru fyrir yfirskattanefnd til að fara eftir í væntanlegum útsvarskærum.

Jeg skal að lokum geta þess, að það myndu einkum vera efnamennirnir, hinir hærri gjaldendur, sem mundu nota sjer málskot til yfirskattanefndar. Efnalítið fólk mundi ekki fara að eiga á hættu þann kostnað, er af þessu kynni að leiða, og því kæmi þetta ranglátlega niður. Vona jeg því, að hv. deild felli þetta ákvæði, eða að hv. meiri hl. taki það aftur til 3. umr. og reyni að lagfæra. Eins og jeg hefi sagt áður, er jeg ekki á móti því, að þetta nái til utansveitarmanna. Jeg vil endurtaka það, sem jeg sagði um sameiningu lóðar- og húsaskatts, að jeg tel það mjög óheppilega ráðstöfun, að slíkt komist á, og vona, að deildin fallist á þær ástæður, er jeg bar fram gegn því, og samþykki því brtt. minni hlutans.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Jeg býst nú við, að jeg og hv. samþingismaður minn (JBald) gætum lengi deilt um stefnuatriðið í máli þessu, en kæri mig hinsvegar ekki um að fara út í slíkar deilur, því að niðurstaðan verður venjulega sú, að hver jetur sitt. En jeg vildi þó nokkuð minnast á þær ástæður, er hv. frsm. minni hl. (JBald) færði fyrir rjettmæti lóðarskattsins. Hann sagði, eins og jeg líka gat um, að verðhækkunin væri bæjarfjelaginu að þakka, og það er auðvitað að sumu leyti rjett, því eftir því, sem bærinn hefir aukist, hafa menn sjeð sjer fært að kaupa hærra. En hvernig kemur þetta gjald niður á þeim, sem hafa keypt lóðir með hinu háa verði? Þeir, sem hafa selt lóðirnar með hinu háa verði og notið hagnaðar af því, sleppa, en þeir, sem hafa keypt lóðirnar með til-

finnanlega háu verði, verða að gjalda skatta af þeim. Eina ráðið til að gera þennan skatt rjettlátan, er að leggja hann á strax og bærinn fer að láta til sín taka. Með því er loku fyrir það skotið, að hann geti komið svo ójafnt niður, sem þessi skattur gerir.

Ef það er nú svo, að það á að skattleggja þessar eignir vegna þess, að þær hafa hækkað í verði fyrir tilverknað bæjarins, mundu þá ekki eigendur geta gert kröfu til skaðabóta, ef þær skyldu nú *lækka* í verði af bæjarins völdum? Slíkt gæti mjög vel komið fyrir, t. d. fyrir stórfeld mistök bæjarstjórnar eða önnur óhöpp. Jeg býst við, að tvær grímur mundu renna á menn, ef slíkt kæmi fyrir, enda þótt þeir telji þennan skatt sjálfsagðan.

Að mínu áliti er sú stefna, er frv byggist á, ekki rjett. Hvað sem hver segir, er ekki hægt að neita því, að með þessum lögum er verið að taka eignarnámi af mönnum. Það hefir verið talað um, að þetta myndi lækka lóðaverð. En eru slík afskifti af eignum manna í samræmi við hugsunarhátt vorn og þjóðskipulag?

Þá kom frsm. minni hl. með ástæðu, sem mjög hefir verið hampað í máli þessu, að óbygðar lóðir þenji bæinn gegndarlaust út, og verði því gatnagerð og viðhald og allar leiðslur óhæfilega kostnaðarsamt. Til þessa er því fyrst að svara, að það getur verið bæði kostur og löstur, að bærinn þenjist út. Í sumum bæjum er kvartað um það, að hvergi sje andrúmsloft, bæirnir þjappist of mikið saman, ef ekkert er aðgert. Í öðrum bæjum eru því gerðar sjerstakar ráðstafanir til þess að fá opin svæði. Það er því ekki ókostur að öllu leyti, að bærinn þenjist út.

En nú er það svo, að hátt lóðaverð miðar að því að þrengja bæina. Það er víða orsök þess, að bæirnir þjappast saman; altaf er bygt á hæðina og hvergi skilinn eftir auður reitur. Aftur getur lækkun á lóðaverði orðið til þess, að bærinn þenjist út. Sú verðlækkun lóða, sem frv. fer fram á, getur því haft öfug áhrif við það, sem hv. frsm. minni hl. ætlast til.

Það er heldur ekki heppilegt að neyða menn til að byggja. Afleiðingin af því yrði bersýnilega sú, að legið verður á byggingarnefnd og bæjarstjórn um leyfi til að reisa óvandaða og ódýra hjalla á lóðunum, til þess að geta náð einhverju upp í kostnaðinn með leigu. Þessi skýli yrðu aldrei til frambúðar, en bænum til mikillar óprýði og til margfalds skaða fyrir fjelagið.

Þegar á það er litið, hvernig bærinn er þaninn út, er það að litlu leyti með þeim hætti, sem laga mætti með ákvæðum eins og hjer ræðir um, því þær eru teljandi óbygðu lóðirnar, sem yrðu notaðar fyrir þetta. En bærinn hefir mest þanist út með byggingum, sem reistar hafa verið með fullri heimild og leyfi bæjarstjórnar. Í Skólavörðuholtinu er það t. d. bersýnilegt, að ekki er bygt eftir þeirri reglu að hafa göturnar sem stystar. En það er heldur ekki neitt óheppilegt. Það væri ekki æskilegt að koma bænum í það horf, að hann yrði þjettbýlt hverfi með háreistum húsum. Að vísu mundi gatnagerð verða ódýrari, en það vegur ekki upp á móti lífi og heilsu manna.

Hv. minni hl. ber ekki mikið á milli við meiri hlutann. Að vísu er talsverður stefnumunur, en hann hefir þó verið jafnaður svo, að tillögum nefndarhlutanna ber ekki mikið á milli.

Hv. frsm. minni hl. taldi óheppilegt að færa tvo liði saman í einn, svo sem gert er í 1. brtt. meiri hl. En það er eðlilegt

að taka hvorttveggja undir sama staflið, sem jafnhátt gjald er greitt af. Að húseigandi geti fremur velt gjaldinu yfir á leigjandann, ef bæði húsa- og lóðaskatturinn er undir staflið a., heldur en þó að annar skatturinn væri undir sjerstökum lið, sem hjeti b., er alveg fjarstætt. Og þó að það yrði gert, þó að bæði lóðargjald og húsagjald lenti í leigunni, þá er það ekki nema eðlilegt í alla staði. Það er einmitt rjettmætt, að skattar sjeu þannig, að þeim verði dreift út. Hvort sem kostnaður við húseign stafar af lóð eða húsinu sjálfu, er það fje, sem reikna verður með, þegar talað er um, að eignin renti sig. Aftur er órjettmætt að leggja gjöld á óbygðar lóðir, sem eigandinn hefir ekkert upp úr. Það er beinlínis eignarnám. Því er rjett, að menn greiði nokkuð hærri húsaleigu og gjaldi með því í bæjarsjóð það, sem lagt er á fasteignir. En að taka hluta af útsvarsupphæðinni og leggja á nokkra menn, í þeim tilgangi, að þeir geti ekki dreift gjaldinu, er algerlega rangt.

Jeg skal þá víkja nokkuð að ummælum hv. frsm. minni hl. um nál. meiri hl. og brtt. hans. Hann fann nokkuð að setningunni: „— — og auk þess er það ekki nema eðlilegt, að nokkurt samræmi sje milli útsvars og tekjuskatts manna — —“ Þetta er þó engin goðgá. Um það hefir verið rætt í fullri alvöru, hvort ekki væri rjett að taka upp tekjuskatt til bæjarsjóðs í einhverri mynd, í staðinn fyrir útsvar. Það er ekki heldur rjett að leggja útsvar á menn án þess að taka tillit til tekjuskattsins. Nú er verið að leita að aðilja, sem heppilegt væri að skjóta til útsvarskærum, og er þá ekki rjettast að taka þann, sem kunnugastur er öllu tekjuframtali í bænum? Sjeu menn óánægðir með útsvar sitt, kemur það til af því, að niðurjöfnunarnefnd og manninum kemur ekki saman um, hvaða tekjur hann hafi haft. Er þá rjett, að úr þessu sje skorið af þeim aðilja, sem engin hætta er á, að telji manninn hafa þessar og þessar tekjur til tekjuskatts, en alt aðrar tekjur til útsvars.

Þá þótti hv. frsm. minni hl. ekki heppilegt, að í 1. brtt. meiri hl. eru talin upp þau störf, sem bærinn lætur vinna sem endurgjald fyrir húsaskattinn. Þetta er gert í samræmi við ástæður bæjarstjórnar fyrir 2. gr. Þar segir svo: „Sá hluti fasteignagjaldsins, sem kemur niður á húseignunum, er áætlaður 160 þús. kr., en jafnframt fellur burtu sótaragjald og hreinsunargjald, sem árið 1922 er áætlað 119 þús. kr.“ Er svo sagt, að mismunurinn á þessum tölum samsvari þeim útgjöldum bæjarsjóðs, sem stafi beinlínis af húsunum, þ. e. útgjöld við salerna- og sorphreinsun, við rottueitrun og ráðstafanir við tryggingar gegn eldsvoða. Þá kemur það heim, að áætlun skattsins stendst á við áætlun þessa kostnaðar, og er því rjett og sjálfsagt að telja þessi verk upp í lögunum sjálfum. Að nokkur maður muni skilja þetta svo, að bæjarsjóður eigi að greiða iðgjöld fyrir brunatryggingar, er ekki sennilegt. En ef það kynni að koma fyrir, skal jeg lýsa yfir því, að það kemur ekki til nokkurra mála, og geta lögskýrendur þá síðar vitnað í þessi orð mín fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar. En ef mönnum sýnist svo, mætti laga þessa upptalningu við 3. umr.

Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að í 2. brtt. meiri hl. er prentvilla; þar stendur „3 mánuðir“, en á að vera „3 mánuði“. Í handritinu stóð upphaflega

eins og á þingskjalinu, en var leiðrjett, og hefir ekki verið tekið eftir þeirri leiðrjettingu við prentunina. Þetta má því leiðrjetta í uppprentun.

Jeg gleymdi áðan að geta um brtt. undir 2,b. Þegar heimilað er að ganga að útgerðarmönnum um útsvar skipverja þeirra, sem eiga heimili utanbæjar, er ekki nema rjett að skylda niðurjöfnunarnefnd til að tilkynna húsbændunum, hve mikil gjöld þeir eigi að ábyrgjast, svo að þeir geti haldið eftir af kaupi þeirra, sem þeir eiga þannig að bera ábyrgð á gjöldum fyrir. Jeg skil ekki, að þetta muni valda ágreiningi, enda er fyrirhöfn lítil.

Hv. frsm. minni hl. áleit, að málskot um útsvarskærur ætti aðeins að ná til utanbæjarmanna. Jeg tók það fram, að þetta væri aðallega gert vegna þeirra. Það er óviðunandi fyrir utanbæjarmenn, að lagt skuli vera á þá í öðru bæjarfjelagi og úrskurðað um kærur þeirra af bæjarstjórn, sem þeir eiga engan kost á að hlutast til um, hvernig skipuð er. Það hefir jafnvel komið til orða að hafa einn yfirdómstól yfir alt landið, til þess að setja niður misklíðir, sem kynnu að rísa af þessum ástæðum milli sveitarfjelaga og utansveitarmanna. En þar sem hjer er farið fram á að koma þessu á í Reykjavík, verður ekki sjeð, að neitt geti verið því til fyrirstöðu að heimila bæjarbúum sama rjett. Þetta viðurkendi hv. frsm. minni hl. einnig, en taldi, að þessu mundi aðallega verða beitt við hærri útsvörin, og mundu þá þeir hinir lægri gjaldendur verða fyrir misrjetti. En ef þeir, sem gjalda lágt útsvar, telja það ekki ómaksins vert að áfrýja úrskurði bæjarstjórnar, eru þeir engu bættari, þó að enginn annar megi skjóta máli sínu til æðra úrskurðarvalds. Þeir missa ekkert við það og er ekki gert rangt til. Það er altaf talið, að meira sje vert um, að stórar upphæðir sjeu lagðar rjettlátlega á, og ef litið er á, hverjum málum er oftast skotið til æðri dómstóla, þá eru það stórmálin, sem frekar eru reynd til þrautar, þau málin, sem meira veltur á. Hjer er því fullkomið samræmi við það, sem er á öðrum sviðum viðskiftalífsins.

Það má einnig segja, að minni trygging sje fyrir óhlutdrægum úrskurði í bæjarfjelagi, þar sem bæjarstjórn hefir æðsta úrskurðarvald, heldur en í sveitum, þar sem úrskurðarvaldið er hjá sýslunefndum. Þar jafnar hreppsnefnd niður, en svo má skjóta gerðum hennar til sýslunefndar, en hún er í raun og veru minni aðili í málinu heldur en bæjarstjórn í bæjum. Þar eiga sæti menn úr mörgum hreppum, og sá hreppur, sem er aðili málsins, á þar aðeins einn fulltrúa. Því er dómur sýslunefndar fremur viðunandi en bæjarstjórnar. Þetta segi jeg að bæjarstjórnunum ólöstuðum, og má alls ekki skilja það svo, sem jeg sje að bera þeim á brýn, að þær hafi beitt menn ranglæti.

Þá er í brtt. sleginn tvöfaldur varnagli við því, að menn misnoti þessa heimild til áfrýjunar. Í fyrsta lagi verður útsvarið að muna 10% frá því, sem dæmist rjett að vera, til þess að menn fái nokkra leiðrjettingu, og í öðru lagi verður áfrýjandi að greiða málskostnað, allan, ef hann tapar málinu, en hálfan, ef hann vinnur það. Get jeg ekki sjeð, að bæjarmönnum sje gert of hátt undir höfði, þó að þeir megi áfrýja úrskurði bæjarstjórnar með þessum skilmálum.

Hvort gjalddagi eigi að vera einn eða tveir, skal jeg ekki leggja neitt ofurkapp á. En mjer hefir fundist tekjuskattur og útsvar koma ónotalega við mig og aðra, vegna þess hve stór upphæð er krafin þar í einu lagi. Þar sem hv. frsm. minni

hl. sagði, að bærinn mundi þá þurfa að taka lán í bili, til þess að fleyta sjer áfram, getur það ekki átt við, ef alt kæmi inn á gjalddaga, því að útgjöldin koma ekki öll yfir í einu; þau koma smátt og smátt. En ógæfan er, að útsvörin heimtast ekki öll á gjalddaga. Og er þá þess að vænta, að betur gangi að innheimta helmingi meiri fjárhæð á gjalddaga heldur en hingað til? Hjer er og ekki farið fram á að dreifa greiðslunni, því að nú eru gjalddagar tveir á útsvörum. Aftur eru nú lögð há viðurlög, sje gjaldið ekki greitt á rjettum tíma. Hingað til hefir greiðslan verið dregin von úr viti, og hefir bærinn því orðið að taka lán til þess að greiða aðkallandi gjöld. En nú eru þau viðurlög, að gjaldandi verður að greiða bænum vexti, og ætti það að stuðla mikið til þess, að menn greiði á rjettum tíma. En geri þeir það ekki, þá fær bærinn uppborinn kostnað sinn við lántökuna og ríflega það, frá óskilamönnunum sjálfum. Og ef þetta yrði til þess, að útsvörin yrðu að mestu leyti greidd á gjalddaga, þyrfti ekki að koma til þess, að bærinn yrði neyddur til að taka lán, af því að gjalddagar væru tveir. Auðvitað kostar það nokkuð meira að krefja tvisvar inn útsvarið, en þar sem útsvörin eru há, mundi það reynast mjög óvinsælt, ef alt væri krafið í einu. Og reynslan yrði sú, að menn mundu vilja borga eitthvað af, til þess að kaupa á sig frið, og mundi það verða samþykt af bæjarins hálfu. Meiri hlutinn telur því heppilegra, að gjalddagar sjeu tveir, án þess að hann leggi þó sjerstakt kapp á það.

Klemens Jónsson: Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er ekki nýr gestur. Það lá fyrir þinginu í fyrra og var þá ekki útrætt. Var það komið fram að tilhlutun bæjarstjórnar, eins og lög gera ráð fyrir, og samþykti hún það með 12:1 atkvæði, eftir því sem hermir í greinargerð frv. Nú er það komið á ný frá bæjarstjórn, og eftir því, sem upplýst er í nál. háttv. minni hl., hefir bæjarstjórn enn samþykt það nærfelt í einu hljóði.

Eftir þeirri skoðun, sem jeg hefi á stjórn bæjarmála hjer á landi, að kaupstaðirnir hafi og eigi að hafa að lögum fullan sjálfsákvörðunarrjett í öllum innri málefnum sínum, þykir mjer fullkomlega eðlilegt og jafnvel sjálfsagt, að Alþingi samþykki frv. þetta, sem komið er fram eftir nærfelt einróma ósk bæjarstjórnar. Jeg gæti því vel fallist á að samþykkja frv. óbreytt. Hinsvegar hefir Alþingi formlegan rjett til að gera breytingar á frv., og er því næsta eðlilegt frá sjónarmiði þeirra, sem eru ekki ánægðir með frv., að þeir flytji brtt. við það. Nú liggja ekki fyrir margar brtt., nema um gjaldhæðina, en það er líka aðalatriðið. Svo virðist sem háttvirtri allshn. hafi þótt lóðagjaldið of hátt. Jeg verð að játa það, að öllu athuguðu, að það er áætlað í hæsta lagi af bæjarstjórninni — 2%. — Minni hl. vill lækka það niður í 1%, en meiri hl. í 0,8%, eða hafa það jafnhátt húsaskattinum. Það getur verið álitamál, hvort er nær sanni, en jeg tel rjettara að vera nær tillögum bæjarstjórnar, og mun jeg því hallast að till. minni hl. í þessu efni.

Að öðru leyti get jeg frekar fallist á tillögur meiri hlutans og tel þær að ýmsu leyti til mikilla bóta frá frv. bæjarstjórnar. Á jeg þar einkum við hina nýju grein um málskot til yfirskattanefndar. Jeg gat um það við 1. umr., að óheppilegt væri að hafa ekki æðra úrskurðarvald, sem gjaldendur gætu skotið úrskurði bæjarstjórnar til, ef þeir eru óánægðir með

útsvar sitt. Jeg gat þessa af því, að mjer er kunnugt um, að margir bæjarbúar eru oft mjög óánægðir með úrskurð bæjarstjórnar og telja sig ekki hafa fengið rjettingu mála sinna. Það er því heppilegt að hafa æðra vald, sem menn geti áfrýjað til, ef þeir þykjast rangindum beittir. Það er rjett, sem hv. frsm. meiri hl. tók fram, að bæjarstjórn er að ýmsu leyti aðili þessa máls, ekki einungis gagnvart utanbæjarmönnum, heldur og fullkomlega gagnvart innanbæjarmönnum. Þótti mjer því vænt um, að hv. meiri hl. hefir tekið þetta til greina og kemur með sjerstaka grein um það. Jeg hafði þó hugsað mjer þessu komið dálítið öðruvísi fyrir, að áfrýjunarrjetturinn væri bundinn við ákveðna upphæð. Þó að maður, sem greiðir nokkur hundruð krónur í útsvar, hafi ekki alveg hárrjett gjald í samanburði við aðra, þá verður það ekki talin ósanngirni, þó að hann greiði nokkrum krónum hærra en rjett væri, án þess að hann hefði tækifæri til áfrýjunar. En þegar útsvarið skiftir þúsundum eða jafnvel tugum þúsunda, þá gegnir nokkuð öðru máli. Jeg hafði því hugsað mjer rjettinn til áfrýjunar bundinn við einhverja upphæð, og hana ekki alllitla, t. d. 1000 kr. Það er auðvitað álitamál, hvar takmörkin ætti að setja, og mætti vel hugsa sjer þau hærri.

Jeg hafði einnig hugsað mjer, að hæstarjetti væri falið að skera úr þessu. Hann hefir ekki svo mikið að starfa, að honum ynnist ekki tími til að anna þessu, og jeg veit, að allir munu ásáttir um það, að þar megi búast við rjettlátum úrskurði. Meiri hl. hefir farið aðra leið, að fela yfirskattanefnd úrskurðarvaldið, og get jeg vel fallist á það eftir atvikum.

Sumir menn halda því fram, og það hefir komið fram hjá hv. frsm. minni hl. (JBald), að þetta sje óþarft, nema ef til vill gagnvart utanbæjarmönnum, en því verð jeg að vera ósamþykkur. Fyrirkomulag það, sem nú er á niðurjöfnuninni, er ekki nærri því eins örugt og áður. Þá voru 15 menn í niðurjöfnunarnefnd, og voru þeir fram á síðustu og verstu ár ekki kosnir eftir pólitískum flokkum, heldur sjeð um, að teknir væru menn úr öllum stjettum, sem væru kunnugir hver í sinni stjett. Þá voru valdir sjómenn, iðnaðarmenn, kaupmenn, embættismenn o. s. frv. Nú er horfið frá þessu, og er skipuð 5 manna fastanefnd, og hefir hún fullkomið vald til að leggja á öll útsvör. Að mínu viti kemur það ekki til mála, að 5 menn, hversu kunnugir sem þeir kunna að vera, hafi þá þekkingu á högum manna, að þeir geti lagt útsvör á alla bæjarbúa, án þess að stórar misfellur verði. Gamla fyrirkomulagið var miklu tryggara að þessu leyti, að því ógleymdu, að vilji menn beita rangindum, þá er altaf auðveldara fyrir 5 menn að taka sig saman um það heldur en 15. Jeg segi þetta ekki vegna þess, að jeg vilji væna þá, sem nú eiga sæti í nefndinni, um slíkt, en þetta er þó hugsanamöguleiki. Jeg verð því að mæla með þessari brtt. Jeg skil ekki í því, að háttv. frsm. minni hl. skuli dirfast að fara fram á, að hún verði tekin aftur til 3. umr.; hefði hv. meiri hl. fallist á það, mundi jeg óðar hafa tekið brtt. upp.

Þá vil jeg í sambandi við þessa grein beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. meiri hl., hvort það sje ekki um prentvillu að ræða, þar sem stendur: „Fái áfrýjandi lækkun á útsvari sínu“ o. s. frv. *(MJ:* Jú, „ekki“ á undan lækkun hefir fallið niður, og verður það leiðrjett). Jeg gerði ráð fyrir, að svo væri.

Þá er hjer enn brtt. frá hv. meiri hl. allshn., sem jeg fellst á, að sje til bóta,

Hún er um það, að útsvar skuli gjalda á tveimur gjalddögum. Jeg er viss um, að það hefir komið á gjaldendur þessa bæjar, þegar þeir fengu fyrir fáum dögum síðan seðlana frá brunabótaskrifstofunni, þar sem á stóð, að þeir ættu að borga það í einu lagi, sem þeir höfðu áður borgað í tvennu. Það fór að minsta kosti svo um mig, að mjer fanst þetta allhörð krafa. Geri jeg ráð fyrir, að eins færi um útsvörin. Nú hefir borgarstjóri farið fram á það, að útsvörin verði greidd í einu lagi, og telur hann það heppilegra fyrir bæinn og vænlegra til innheimtu. En það hjálpar ekki að líta eingöngu á málið frá bæjarins hálfu; það verður einnig að líta á það frá hálfu bæjarbúa, frá gjaldendanna hálfu. Sje erfitt fyrir allan þorra manna að greiða tvisvar, þá mun það þó enn verra einu sinni, og býst jeg við, að innheimtan muni ganga ver með því móti. Jeg veit heldur ekki til, að þetta tíðkist annarsstaðar. Í Kaupmannahöfn hefir þetta verið svo, og er víst enn, að þessi gjöld eru ekki greidd einasta tvisvar, heldur fjórum sinnum. Er það talið, að þetta sje bæði ljettir fyrir bæjarbúa og að greiðslan gangi auk þess betur fyrir sig. Það væri því hjer um beina afturför að ræða og óleik, bæði fyrir bæjarfjelagið og bæjarbúa.

Jeg hefi svo ekki meira að segja að sinni, en mun greiða málinu atkvæði með þeim breytingum, sem hv. meiri hl. nefndarinnar hefir borið fram við það. Hvað lóðargjaldið snertir, mun jeg þó hallast að till. hv. minni hl.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer þykir rjett að gera hv. þdm. grein fyrir, hverra hagsmuna ríkissjóðsins hjer sje að gæta í þessu máli. Allshn. hefir útvegað sjer upplýsingar í því skyni að sjá, hve miklu þetta munaði ríkissjóðinn, og komist að þeirri niðurstöðu, að með þessum breytingum myndu bæjargjöldin af húsum ríkissjóðs hækka úr 12700 kr. upp í 14900 kr., og getur það ekki kallast mikið. Nú á það sama við um ríkissjóðinn og einstaka menn, sem hús eiga hjer í bænum, að hann hefir sinna hagsmuna að gæta að því er snertir það, að slökkvilið bæjarins og slökkvitækin sjeu í lagi, og með því að bærinn hefir nú nýlega kostað talsverðu til að bæta þetta, þá er það rjett, að ríkissjóður sem húseigandi taki að sínum hlut á sig þá hækkun gjaldanna, sem af þessu leiðir. Frá sjónarmiði ríkissjóðsins sje jeg því ekkert til fyrirstöðu að samþykkja þessa till. um 0,8% gjald af húseignum. Um lóðargjöldin er það aftur á móti að segja, að þar er um mikla hækkun að ræða frá því, sem nú er, bæði fyrir ríkissjóðinn og aðra lóðaeigendur. Lóðir ríkissjóðs eru virtar á um 1½ miljón króna. Þótt nú, samkvæmt ágiskun borgarstjóra, ⅓ hluti fjelli undir lægri taxtann, þá mundi samt frv. hafa í för með sjer, að ríkissjóður eftir því greiddi í lóðargjald 22—23 þús. kr. á ári. Jeg veit að vísu ekki nákvæmlega, hve hátt lóðargjaldið er nú, en hygg þó, að það fari vart fram úr 1000 kr. Það er ekki svo að skilja, að þetta gjald komi neitt öðruvísi niður á ríkissjóðnum en öðrum lóðaeigendum. Það er ljóst, að þetta er mjög mikil gjaldaaukning fyrir alla, sem þar eiga hlut að máli. Eftir till. meiri hl. nefndarinnar reiknast mjer, að þessi lóðargjöld nemi um 9000 kr., með 0,8% í hærri flokknum og 0,2% í þeim lægri. Eftir brtt. minni hl. nefndarinnar verður það nokkuð hærra, um 11000 kr. — Jeg vildi láta þetta koma fram, svo að háttv. þdm. vissu, um hvað þeir væru að greiða atkvæði. En jeg lít svo á, að ríkis-

sjóðnum sje ekkert vandara um hjer en öðrum húseigendum bæjarins. Hinsvegar lít jeg svo á, að of langt sje farið í að leggja á svo mikil lóðargjöld, sem ákveðið er í frv. og nál. hv. minni hl. nefndarinnar. Í nál. hv. meiri hl. nefndarinnar er aftur á móti hóflegar farið í sakirnar, og mun jeg vel geta aðhyllst till. hans.

Þá vil jeg svara nokkrum orðum ummælum háttv. 2. þm. Rang. (KlJ). Hann sagði, að samkvæmt landslögum ættu bæjarstjórnir kaupstaða að hafa sem mest frjálsræði og ákvörðunarrjett í málum kaupstaðanna. Hann kannaðist að vísu við það, að stjórnin hefði úrskurðarvald um ýms mál kaupstaðanna, en taldi það vera að mestu formsatriði og stjórnin ætti ekki heldur að nota það vald. Þetta álit ljet hv. þm. í ljós í upphafi ræðu sinnar, en öll ræða hans ósannaði svo þessi orð hans, þar sem hann kvaðst hvorki í einu nje öðru geta felt sig við gerðir bæjarstjórnarinnar í þessu máli. Er jeg samdóma honum í því, en hina skoðun hans get jeg aftur á móti ekki felt mig við. Jeg álít, að þar sje um að ræða mjög hættulega stefnu, sem þegar hafi verið fylgt of langt. Þegar svo mikill mannfjöldi er samankominn í kaupstaðina og eftir að þeir eru búnir að fá svo mikla þýðingu fyrir landið, þá kemur það ekki til nokkurra mála, að ríkisvaldið megi láta afskiftalaust, hverju fram vindur um málefni þeirra. Ef andvaraleysi væri viðhaft, þá gæti svo farið, að þessi stærstu sveitarfjelög ríkisins lentu í slíkri óreiðu með innri málefni sín, að þau yrðu að síðustu að vera upp á ríkissjóðinn komin. Því um hvern annan væri að ræða en ríkissjóðinn til að taka við, ef fjármálum kaupstaðanna yrði siglt í strand? Við höfum nú þegar eitt greinilegt dæmi þessu til sönnunar, þar sem ríkissjóðurinn hefir nú nýlega orðið að greiða um 25 þúsund danskar krónur fyrir hönd Vestmannaeyjakaupstaðar. Af þessu sjest, að full þörf er á því að hafa alla aðgæslu í þessum efnum og meiri en höfð hefir verið til þessa. Það má vissulega fara of langt í því að veita kaupstöðum landsins sjálfsákvörðunarrjett.

Þetta er nú sú hlið málsins, sem veit að ríkissjóðnum. En eftir minni hyggju er það líka rangt að framfylgja þessu svo ríkt, ef litið er á málið frá sjónarmiði borgaranna. Get jeg þar að mestu látið mjer nægja að vísa til ræðu háttv. 2. þm. Rang., því við erum fyllilega sammála í því tilliti. Það er sjálfsagt, að kaupstaðaborgarar eiga að hafa sama aðgang að löggjafarvaldinu sem aðrir borgarar landsins.

Um önnur efni frv. skal jeg ekki orðlengja neitt. Jeg vil þó aðeins taka undir eitt, sem hv. 2. þm. Rang. sagði um það, að breyta þyrfti skipun niðurjöfnunarnefndarinnar. Sú skipun, sem nú er og samþykt yrði áfram með frv., er með öllu óviðunandi. Hefir reynslan sýnt, þennan stutta tíma, sem sú skipun er búin að standa, að sú tilhögun er miklu lakari en hin, sem áður var. Held jeg, að ekki verði hjá því komist að gera breytingu á þessu; jeg ætlaði að gera það áður í nál. allshn., en úr því varð ekki vegna stjórnarskiftanna, og hefi jeg í hyggju að bera fram við 3. umr. hóflega brtt. í því skyni að bæta úr þessu. Það er víst, að nefndin er bæði of fáliðuð, og svo er með öllu óverjandi, að hún skuli kosin af bæjarstjórninni. Hún á auðvitað að vera kosin af borgurunum, eins og áður var. Gæti það orðið að mestu kostn-

aðarlaust, með því að láta þær kosningar verða samferða einhverjum öðrum kosningum í bæjarins þarfir.

Jakob Möller: Jeg skal ekki bæta miklu við þær málalengingar, sem orðnar eru í þessu máli. Jeg get þó ekki varist að láta í ljós furðu mína yfir því, hve háttv. frsm. meiri hl. (MJ) bakaði sjer mikla fyrirhöfn, til þess að sannfæra hv. deildarmenn um, að lóðargjöldin, sem hann vill þó leggja á, sjeu ósanngjörn, því það skein í gegnum alla ræðu hans, að öll lóðagjöld væru óhæfa, en ágreiningurinn í þessu máli er þó ekki um annað en það, hvort lóðargjaldið skuli vera 0,8% eða 1%. — Hv. frsm. talaði eins og hjer væri um eitthvað alveg nýtt að ræða, eins og þessi braut, sem hjer væri verið að leggja inn á, væri alveg ókönnuð. En löggjöfin hefir þegar viðurkent, að byggingarlóðir sjeu hæfar til að bera gjald til ríkissjóðs. Í lögunum um fasteignaskatt er lóðargjaldið sett hærra en húsaskatturinn. Það er að vísu talsvert lægra en hjer er gert ráð fyrir, ekki nema 0,3%, en vitanlega með það fyrir augum, að bæjar- og sveitarfjelög noti einnig þennan skattstofn. Það hefir líka umyrðalaust verið heimilað öðrum bæjar- og sveitarfjelögum að leggja á lóðargjald upp í 2%. Í heimild þeirri stendur meira að segja, að það skuli *ekki vera lægra* en 1%, og má af því sjá, að þá þótti ástæða til að ákveða lágmark. Það er því undarlegt, að gjald þetta skuli þykja svo háskalegt, þegar um Reykjavík er að ræða. Auðvitað eru lóðirnar hjer dýrari, eignirnar eru meiri, en principið breytist ekki fyrir það. Það er og víst, að lóðirnar í öllum kauptúnum landsins eiga fyrir sjer að hækka. Það hefir verið sagt, að lóðargjöldin hjer sjeu beint eignarnám. Það er undarlegt, að menn skuli ekki geta skilið það, að ef 1% lóðargjald er eignarnám hjer, þá muni 2% gjald annarsstaðar vera það líka, þótt um minni eignir sje að ræða. Það yrði þá bara meira í heild, sem tekið yrði hjer, en það eitt gerði þetta ekki rangt, ef ekki væri rangt að leggja slíkt og jafnvel hærra hundraðsgjald á annarsstaðar. — Nei, menn voru á rjettri leið áður, en eru nú að hverfa inn á ranga braut. Og orsökin mun vera sú, að nú er meiri hagsmuna að gæta; það standa sterkari hagsmunir að baki andstöðunnar nú en áður og sterkari „agitationir". Verða nú hv. þm. að gera upp við sig, hvort rjett sje að láta slíkt ráða úrslitum málsins, — hvort þeir af þessum sökum eigi að láta undan síga. Því verður ekki á móti mælt, að lóðargjöld sjeu rjettmæt. Lóðir fá aukið verðmæti fyrir fólksstrauminn til bæjanna, og eigendur þeirra græða þannig fyrirhafnarlaust. En um leið og lóðirnar sprengjast upp, er öðrum borgurum gert erfiðara fyrir og gjaldþol þeirra minkað. Hvað getur þá verið á móti því að leggja gjald á það, sem veldur þessu? Ef hjer væri um eignarnám að ræða, þá væri nokkur ástæða til að vera hikandi. En það er síður en svo sje. Það hefir verið borið fram sem mótbára, að lóðargjöldin komi ósanngjarnt niður á þeim mönnum, sem keypt hafa lóðir hæstu verði. Það er svo um alla hluti, sem lagt er á, og auk þess er ekki útlit fyrir annað en að lóðirnar haldi áfram að hækka. En það varðar bæjarfjelagið í heild sinni miklu, að lóðir hætti að hækka í verði, því hátt verð á lóðum er ekki til góðs heildinni,

heldur þvert á móti. Það eykur dýrtíð fyrir öllum almenningi, þeim einum til góðs, sem lóðirnar eiga.

Nú er hugsanlegt, að því verði haldið fram, að ef gjaldið sje sett 1%, þá muni lóðir lækka í verði. En sje það sett 0,8%, þá muni það standa í stað, og gæti þetta þá rjettlætt það, að lægri skatturinn yrði samþyktur. En þessu hefir ekki verið haldið fram. Og það væri líka alveg út í loftið gert; og tilgangurinn með því að setja lóðaskattinn 0,8% er aðeins sá, að slengja honum saman við húsaskattinn; en löggjafarvaldið hefir viðurkent, að hjer sje um ólíka skattstofna að ræða. Jeg hlýt því í þessu atriði að hallast að minni hl. nefndarinnar.

Í þessu sambandi vil jeg minnast á ummæli hæstv. fjrh. (JÞ) viðvíkjandi hag ríkissjóðs með tilliti til þessara laga. Hann sagði, að hjer kæmi nýr skattur á ríkissjóð, 11 þús. kr. eftir till. minni hl., og 9 þús. kr. eftir till. meiri hl. nefndarinnar. Við skulum nú segja, að hjer komi nýtt 11 þús. kr. gjald til bæjarsjóðs, sem ríkið greiðir. Það er rjett að benda á það, en í því sambandi vil jeg benda á plagg, sem einmitt lá fyrir sömu nefnd og þetta frv., sem upplýsti um það, hvaða gjaldstofnum ríkið hefði svift bæjarsjóð. Jeg hefi sjeð þá greinargerð, sem borgarstjóri hefir samið, og af henni sjest, að ríkið hefir svift bæinn 210 þús. kr. skatti á ári. Jeg veit, að hv. þdm. er í fersku minni ýmislegt, sem gert hefir verið til þess að rýra skattstofna bæjarins. Samvinnulögin, frv. um útsvarsskyldu verslunarfyrirtækja ríkissjóðs o. fl. Í greinargerð þessari er líka minst á skemtanaskattinn, sem er 30—40 þús. kr. á ári. En þess má geta, að sá skattur var aldrei ætlaður til almennra bæjarþarfa. Sem sagt, þá munar hjer um 2 þús. á skatti ríkisins, hvor till. nefndarinnar, meiri eða minni hluta, verður samþykt. Með öðrum orðum: á lóð, sem metin er á 1 miljón kr., er munurinn 2 þús. kr.

Viðvíkjandi smávægilegum breytingum á frv., sem hjer hefir verið minst á, skal jeg aðeins víkja að fám. Fyrir almenning skiftir það í raun og veru ekki miklu, hvort gjalddagar útsvara eru tveir eða ekki nema einn. Eins og nú eru gjalddagarnir tveir, og þó vitanlega fleiri. Hjer eru fastir innheimtumenn, sem taka á móti greiðslum eftir því, sem gjaldendum hentar, og mundi svo verða áfram, þó einn gjalddagi sje ákveðinn. Eina breytingin, sem af því leiddi, er sú, að gjaldendur, sem vitanlegt er um, að geta borgað í einu, væru látnir gera það, í stað þess að græða vexti á kostnað bæjarins með því að draga greiðsluna. Að hafa tvo gjalddaga þýðir það, að slíkir menn borga ½ ári seinna helming útsvarsins, og græða þannig hálfs árs vexti. Þetta hefir því nokkra þýðingu viðvíkjandi þessum gjaldendum, en annars varðar hún litlu.

Hvað snertir skipun niðurjöfnunarnefndar, þá geri jeg ekki mikið úr því, hvort nefndarmenn eru 5 eða 15. Í eins stórum bæ og Reykjavík er nú orðin, þar sem búa um 20 þús. manna, eru engin líkindi til þess, að nokkrir 15 menn hafi fullkomna þekkingu á ástæðum allra. Og síst yrði tryggingin fyrir því meiri, þó að þessir menn væru kosnir af almenningi. Jeg held það sje þó betur tryggt, ef þeir eru kosnir af bæjarstjórn. Hún mun taka meira tillit til þess sjerstaka verks, sem vinna á, heldur en ef aðeins er hugsað um fylgi við pólitískar kosningar. Fyrirkomulaginu við niðurjöfnun er líka breytt, með því að tilgangurinn er sá, að meir og meir sje horfið að beinum tekju-

skatti. Formaður nefndarinnar er líka skattstjóri Reykjavíkur, og hefir nefndin aðgang að öllum plöggum skattstofunnar. Og þær upplýsingar, sem nefndin fær þannig, munu vega fullkomlega á móti því, að nefndarmönnum er fækkað. Jeg er þessu að vísu ekki kunnugur, en mjer þykir ekki ósennilegt, að 5 menn standi hjer betur að vígi en 15 menn áður, sem ekki höfðu við annað að styðjast en persónulegan kunnugleika.

Jeg gleymdi að taka það fram viðvíkjandi lóðargjaldinu, sem ekki er þýðingarlítið, að þar sem það er miðað við fasteignamat, sem er allmiklu lægra en kaup- og söluverð, þá er það í rauninni lægra en það sýnist. Það má segja, að söluverð lóða muni eiga fyrir sjer að lækka, eins og annað verðlag, en ekkert hefir bólað á því enn. Og ef svo fer, sem menn vona, að úr rætist með afkomu útgerðarinnar, og þar með bæjarins í heild, þá er ekki ástæða til að óttast það, að lóðaverðið lækki.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg hefi ekki allmiklu hjer við að bæta, þar sem hv. samþm. minn, 3. þm. Reykv. (JakM), hefir skýrt málið svo vel. Vil jeg þakka honum og hv. 2. þm. Rang. (KlJ), sem voru mjer að mestu sammála. Þó var ýmislegt raunar í ræðu hv. 2. þm. Rang., sem jeg get ekki felt mig við. Jeg er á því, eins og hv. 4. þm. Reykv. (MJ) sagði, að það má lengi karpa um þetta mál, og jeg býst við því, að skoðanir manna breytist þó lítið við það. Sá hv. þm. (MJ) talaði um það, að hann gæti verið með því að leggja skatt á lóðir í bæjum meðan þær væru í lágu verði. En þetta er nú altaf álitamál. Og hvenær hefði hann þá viljað fá lóðargjald hjer í Reykjavík? Það er engu hægt að spá um framtíðina, hvort verð á lóðum hækki eða lækki, en við vonum allir, að þær muni fremur hækka, og fyrir því eru langsamlega meiri líkur. Það er undantekning, að menn hafi keypt dýrar lóðir nú. En hitt er alkunnugt, að mjög margir eiga lóðir frá fornu fari, sem hafa mjög hækkað í verði hjer í bænum fyrir aðgerðir bæjarfjelagsins. Þannig er t. d. um lóðir hjer við höfnina. Þær hafa hækkað geypilega í verði við það, að bærinn hefir lagt á 4. miljón króna í hafnarvirki, og þeir menn, sem þessar lóðir hafa átt meðan þær voru að hækka í verði af þessum ástæðum, og eiga þær enn í dag, hafa grætt mjög mikið á þennan hátt, og er því fullkomlega sanngjarnt, að þeir greiði skattinn. Og á svipaðan hátt hafa allar aðrar lóðir hækkað í verði fyrir aðgerðir bæjarins, til hagnaðar fyrir einstaka menn, sem hafa átt lóðirnar gegnum allar verðbreytingar.

Þá vildi jeg geta þess, út af því, sem talað hefir verið um lóðargjaldið, að svo var til ætlast, þegar bæjarstjórn samþykti þetta frv., að lóðargjaldið gengi til þess að lækka aukaútsvörin, og þá auðvitað til þess að lækka útsvör lóðaeigenda líka. — Það er alls ekki þýðingarlaust, eins og háttv. 4. þm. Reykv. vildi láta í veðri vaka, hvort húsa- og lóðargjaldið er ákveðið í einu eða tvennu lagi. Þvert á móti hefir það mikla þýðingu. Ef þessi gjöld verða krafin sem sameiginlegt gjald af eigendum fasteigna, er miklu frekar við því að búast, að þau verði látin koma niður á leigjendum heldur en ef það er vitanlegt, að lóðargjaldið er sjerstakt gjald af sjerstakri eign.

Háttv. 2. þm. Rang. talaði um skipun niðurjöfnunarnefndar og taldi, eins og

hæstv. fjrh. (JÞ), að fyrirkomulagið væri verra nú en áður hefði verið. En reynsla þeirra, sem þessu eru kunnugastir, gengur í þveröfuga átt. Jeg er ekki að lasta það, þótt almenningur fái að kjósa þessa menn, en jeg hugsa, að bæjarstjórn muni velja fult svo vel, og jeg held, að það geri litla breytingu, hvort mennirnir eru valdir af bæjarstjórn eða með almennri kosningu, því flokkarnir í bæjarstjórn munu í flestum tilfellum hafa í kjöri alveg sömu mennina og annars mundi gert verða.

Þá er tala manna í niðurjöfnunarnefnd. Jeg held, að það sje ekki til annars en tafar að hafa þá mjög marga. Og hvað snertir kunnugleik á efnum og ástæðum bæjarmanna, þá vegur það miklu meira að geta haft hliðsjón af framtalsplöggum til tekju- og eignarskatts í ríkissjóð. Að vísu þekkist það, að lagt er útsvar á mann til bæjarsjóðs, sem ekki greiðir skatt til ríkisins, en þá er lagt á ástæður hans.

Þá mintist hv. 2. þm. Rang. á gjalddaga og taldi heppilegra, að þeir sjeu tveir. Jeg verð að telja víst, að þó svo yrði ákveðið með lögum, að gjalddaginn sje einn, þá verði fylgt þeirri reglu, er venja hefir verið, að bæjargjaldkeraskrifstofan sendir út sína innheimtumenn, og margir gjaldendur munu geta samið við þá um að borga útsvarið í mörgu lagi. Og útsvarið verður þá áreiðanlega ekki tekið lögtaki meðan þeir samningar eru haldnir og ekki bregður út af. Sami háttv. þm. sagði, að í Kaupmannahöfn væru fleiri gjalddagar en hjer. En þar hygg jeg, að innheimtumenn hafi meira vald en hjer. Jeg ætla, að þeir geti tekið gjöldin þegar lögtaki, ef ekki er greitt á gjalddaga, en hjer verður að fara þá flóknu leið að senda útsvarslistann til bæjarfógeta, en hann hefir svo ekki fólk til að framkvæma innheimtuna, svo alt dregst fram á vetur, en þá eiga menn einmitt erfiðast með að greiða öll gjöld. Og á þessu verður ekki breyting, nema gjalddagi sje ákveðinn svo tímanlega, að hægt sje að innheimta útsvörin öll á haustin, þegar búast má við, að flestir hafi peninga. Jeg vil því, að haldið verði því fyrirkomulagi, sem greinir í frv. um gjalddagann. Það mun reynast heppilegast.

Hæstv. fjrh. var að lýsa því, hver skattur væri með þessu frv. lagður á ríkissjóð. Jeg vil nú bæta ögn við þær upplýsingar, sem háttv. 3. þingmaður Reykv. gaf um þetta atriði í ræðu sinni. Bæjarsjóður greiðir af holtunum og mýrunum hjerna í kringum bæinn um 6 þús. kr. í ríkissjóð, og auk þess auðvitað af öðrum lóðum sínum og löndum, svo allir geta sjeð, að hjer munar ekki miklu á því, sem ríkinu er ætlað að greiða í bæjarsjóð. Annars fanst mjer hæstv. fjrh. vera á þeirri skoðun, að fulllangt sje gengið með till. minni hl. hjer. En það ber nú raunar ekki mikið á milli till. minni og meiri hlutans. Minni hl. vill hafa lóðarskattinn sjerstakan og að hann sje 1%, en meiri hl. húsa- og lóðarskattinn sameiginlegan 1,6%. Það þarf ekki að vera að mæla á móti 2% lóðargjaldinu, sem í frv. stendur, þar sem litlar líkur eru til, því miður, að það verði samþykt. Annars hefir hæstv. fjrh., þegar hann var í bæjarstjórn Reykjavíkur, lagt til, að skatturinn yrði 1% af lóðum, og sje jeg ekki mikinn mun á ástandinu þá og nú.

Í tilefni af orðum hv. 2. þm. Rang. og andmælum hæstv. fjrh. vil jeg taka það fram, að mjer finst hv. 2. þm. Rang. hafa rjett að mæla í því, að bæjarfjelögin eigi að hafa sem mest sjálfræði um

sín málefni. Og jeg vil eindregið mótmæla því, sem mjer virtist mega skilja af orðum hæstv. fjrh., að ríkisvaldið fái í nokkrum verulegum atriðum að blanda sjer í sjálfstjórn bæjarfjelaganna. Bæjarfjelögin sjá best, hvað þeim hentar, og þótt þau kunni að komast í fjárhagslegt öngþveiti, þá þarf það alls ekki að stafa af neinni óstjórn. Ríkissjóður er nú í kröggum sjálfur, og hefir enginn lýst því svartar en hæstv. fjrh., svo það er ekkert undarlegt, þótt fjárhagsörðugleikar geri vart við sig hjá bæjarfjelögum og sveitarfjelögum.

Hæstv. fjrh. talaði einnig um skipun niðurjöfnunarnefndar. Því hefi jeg áður svarað. Þar vil jeg ekki breyta til. Það fyrirkomulag, sem nú er, hefir staðið um tveggja ára skeið, og reynslan hefir orðið sú, að dómi þeirra, sem best þekkja, að það sje mun betra en hið gamla fyrirkomulag. Verkið vinst betur og samræmi næst meira í álagningu. Jeg tek undir það með hv. 3. þm. Reykv., að það næst engu meiri kunnugleiki á efnum fjöldans og ástæðum, þó mönnum sje fjölgað í nefndinni.

Jeg vil loks vænta þess, að hinu háa Alþingi megi auðnast að afgreiða þetta frv. á viðunandi hátt. En hitt teldi jeg mjög misráðið, ef gengið yrði í bága við þann grundvöll, sem bæjarstjórnin hefir lagt í þessu frv. En það tel jeg að sje gert, ef slengt er saman húsa- og lóðarskatti. Þess hefir áður verið getið, að deilt hafi verið um ýms mál hjer í bænum og í bæjarstjórn. En um lóðargjaldið hefir verið fult samkomulag, og það hafa farið fram kosningar meðan þetta lóðargjaldamál var á döfinni, og alls ekki bólað á neinum óvilja bæjarbúa um þá stefnu bæjarstjórnar. Það er ekki rjett að segja, að nokkur veruleg mótspyrna gegn þessu máli hafi látið á sjer bæra hjer í bænum, þó að fáeinir menn hafi verið því mótfallnir, því bæjarstjórn og allur þorri kjósenda telja þessa stefnu rjetta, og hið háa Alþingi má ekki draga það að veita bæjarstjórninni lagaheimild til þess að geta aflað þeirra tekna í bæjarsjóð, sem hún þarf og hinir breyttu tímar heimta.

Þá vil jeg ennfremur benda á ákvæði 7. gr. frv., sem líklega er sjerstakt fyrir Reykjavíkurbæ, um álögur á utanbæjarmenn. Þetta ákvæði er mjög mikilsvert, því eins og kunnugt er, þá er nú að rísa upp á bæjartakmörkunum stórt þorp, og er þaðan aðeins 5 mínútna gangur niður í miðbæinn. Nýlega hafa þarna verið auglýstar ca. 80 lóðir til sölu, og þeir menn, sem þarna búa, geta stundað atvinnu inni í bænum eins og þeir væru þar búsettir. Þannig hafa efnamenn sjeð ástæðu til að flytja út fyrir bæjartakmörkin, til þess að losa sig við álögur. Eins og nú er, getur bæjarsjóður ekkert gjald á þessa menn lagt.

Jeg vænti þess, að málinu verði hraðað og frv. samþykt á þeim grundvelli, sem bæjarstjórn og bæjarbúar greinilega hafa óskað og engin veruleg rök mæla á móti.

Klemens Jónsson: Jeg skal nú ekki vera langorður í þetta sinn. Hæstv. fjármálaráðherra (JÞ) gat ekki fallist á það, að bæjarstjórnin hefði fult sjálfsforræði um meðferð mála bæjarins, heldur bæri nauðsyn til að hafa strangt eftirlit með stjórn kaupstaðanna, þar sem það hefði komið fyrir, að ríkið hefði orðið að greiða allháar upphæðir fyrir kaupstaði. Vildi hann því, að ríkisstjórnin hefði hönd í bagga með um meðferð fjármála bæjanna og liti eftir því, að ekki væri farið um of óvarlega í sakirnar. En jeg vil taka

það fram, að sú greiðsla, sem ríkissjóður þarf nú að taka á sig fyrir Vestmannaeyjar, þarf ekki að stafa af neinni vanrækslu eða af því, að bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum vilji skjóta bænum undan að borga. En ef ástæður kaupstaðarins eru svo, að hann getur ekki staðið í skilum, verður ríkið, sem ábyrgst hefir, auðvitað að taka á sig greiðslurnar. Slíkum greiðslum, samkvæmt lagaheimild, verður ekki komist hjá, og landið má altaf búast við því, hve strangt eftirlit sem það hefir, að sá, er ábyrgst hefir verið fyrir, geti ekki staðið fyllilega í skilum, þegar misjafnlega árar og misjafnlega hepnast þau fyrirtæki, sem ráðist er í.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði um áfrýjun útsvaranna, þá verð jeg að segja það, að betur sjá augu en auga, 15 menn betur en 5. Viðvíkjandi kosningu niðurjöfnunarnefndar taldi hann betra, að hún væri kosin af bæjarstjórn en af almenningi, því flokkarnir í bæjarstjórn mundu kjósa sömu mennina oftast. Jeg hafði ekki beinlínis á móti því, heldur hinu, að þeir væru of fáir. Jeg fell ekki frá því, að fyrra fyrirkomulagið sje tryggilegra. Reynslan hefir enn ekki sýnt a. m. k., að nýja fyrirkomulagið sje betra en hitt. Það hafa ýmsar raddir komið fram um það, að breytingin hafi ekki orðið til batnaðar. Hvort kærur hafa aukist síðan, veit jeg ekki, en auðvitað er það, að altaf verða einhverjir óánægðir, hverjir sem jafna niður og hvernig sem þeir gera það.

Háttv. þm. sagði, að gjaldendur gætu fullvel samið um það við borgarstjóra, að fá að greiða útsvar sitt í tveim eða jafnvel í fleiri greiðslum. Það gleður mig að heyra þetta, því að jeg efast ekki um, að mörgum muni koma það vel og margir muni nota sjer það. En verði ekki ákveðinn nema einn gjalddagi, vil jeg benda á það, að óheppilegt er að ákveða hann að vorinu, því að þá eru ástæður manna venjulega heldur erfiðar. Að haustinu er alt öðru máli að gegna, og teldi jeg rjettara að setja hann 1. september eða 1. október en 1. maí.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, vil jeg gera grein fyrir því, hvers vegna mjer finst varhugavert að leggja lóðargjald, sem nemi 2% af fasteignamatsverði, á lóðir hjer í bænum, þó að það hafi verið leyft annarsstaðar. Fasteignamatsverð lóða hjer er svo geysihátt, að það verður ekki borið saman við samskonar mat nokkursstaðar annarsstaðar á landinu. Sjest það best á því að bera saman matsverð lóða og húsa í bænum. Verð lóðanna samkv. fasteignamatsverði er 14,4 miljónir, en húsa 26,8 miljónir kr. Það, að matsverð lóðanna er svo hátt, kemur af því, að matsnefnd fylgir alveg sjerstökum reglum. Þori jeg að fullyrða, að matsverðið er í mörgum tilfellum hærra en söluverð. Er jeg sannfærður um, að alls ekki fengist fasteignamatsverð fyrir margar lóðir, ef útboð færi fram á svæðunum, sem hið háa matsverð tekur til. Auðvitað fengjust ef til vill eins háar upphæðir fyrir sumar lóðir ríkisins og hafnarsjóðs. En þær eru heldur ekki falar. Væru þær falar og útboð færi fram á þeim, mundu þær aftur á móti ekki verða seldar eins hátt og þær eru metnar. En hið háa mat lóða við höfnina gerir þeim mönnum, sem þar eiga lóðir og hafa ekki verslunarrekstur, óbærilegt að halda eign sinni, ef þetta 2% lóðargjald kæmist á, því að mat á þeirra lóðum er sama og á lóðum hinna, sem

reka verslun. Svona hátt lóðargjald yrði einskonar refsiskattur á húseigendur.

Eitt ákvæði er í frv. sjálfu, sem sýnir það, hve langt þykir gengið, en það er ákvæðið um, að lóðir hafnarsjóðs skuli undanþegnar þessum skatti. Virðist svo, sem óbærilegt þyki fyrir hann að greiða þetta gjald. En nú er einmitt alls engin þörf á þessari undanþágu, því að hafnarsjóður er eign bæjarins, þó að fjárreiður hans sjeu sjerstakar. Annars er ekkert farið út í það, hve hátt gjald þetta í raun og veru er. Segjum nú, að hæfilegir ársvextir af matsverði lóðanna sjeu 5%. Sje miðað við þetta, er gjald það, sem frv. fer fram á, 40% af árstekjum húseigenda, en sje miðað við till. minni hl., nemur gjaldið 20%. Að þessu athuguðu virðist það ekki fjarri sanni að fara ekki hærra en í 16% af ársarði, eins og sú tillaga, sem minstar gerir kröfurnar, fer fram á, því að einhver takmörk hljóta þó að vera fyrir því, hvað svifta megi menn miklu af tekjum þeim, er eignir þeirra gefa af sjer.

Jakob Möller: Jeg vil geta þess, út af ummælum hæstv. fjármálaráðherra, að mín eigin lóð er þannig metin, að fasteignamatsverðið á fermeter mun vera lægra en söluverðið á feralin. Og jeg geri ráð fyrir því, að fasteignamatsnefnd hafi metið þá lóð eftir sömu ákveðnu reglunum og aðrar lóðir í bænum. Hið háa heildarverð lóða, samanborið við verð húsa í bænum, kemur auðvitað af því, að lóðir bæjarins og ríkisins eru reiknaðar með. Það, sem hæstv. fjrh. sagði um, að ekki væri ákveðinn lóðaskattur af lóðum hafnarsjóðs, og þær ályktanir, sem hann dró af því, sje jeg ekki, að hafi minstu áhrif á málið. Hver heilvita maður hlýtur að sjá það, að skattlagning á þeim lóðum væri ekki annað en flónska, þar sem hafnarsjóður er eign bæjarins. Væri það ekki annað en taka fje upp úr vasa sínum og stinga því í hann aftur. Það, að lóðir eru dýrari hjer en annarsstaðar, skiftir ekki máli í þessu sambandi. Það er eðlilegt, að lóðir sjeu dýrari þar, sem meira er hægt að hafa upp úr þeim. Skýrsla um hlutföll milli húsaverðs og lóða í öðrum kaupstöðum liggur hjer engin fyrir, og verður því ekkert um það sagt, hvernig samanburður við aðra kaupstaði yrði. Hitt vita allir, að aðrir kaupstaðir eru síst þjettbygðari en Reykjavík. — Samanburður hæstv. fjrh. á lóða- og húsaverði í bænum er algerlega villandi. Af minni eign er lóðarverðið rúmlega 10%, og geng jeg út frá því, að það sje nokkurnveginn sambærilegt við það, sem er algengast; og mín lóð er nokkurnveginn hæfileg undir eitt hús. Hæstv. fjrh. mintist á sölu á lóðum ríkisins og hafnarsjóðs. Það er svo sem auðvitað, að ekki fengist fyrir þær fasteignamatsverð, ef þær yrðu seldar allar í einu. Þá fengist fyrir þær sáralítið verð. En væru þær seldar smátt og smátt, þá er jeg ekki í neinum minsta vafa um það, að fyrir þær fengist miklu hærra verð en fasteignamatsverðið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg mótmæli því alveg, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði um það, að í verði lóða hjer í bænum sjeu meðtaldar hinar óbygðu lendur bæjarins umhverfis kaupstaðinn. Þetta gæti hann sjeð, ef hann vildi athuga það, og ef hann gefur gætur að því, hve hátt er áætlaður skattur af lóðum, samanborið við skatt af húsum, gæti hann fljótlega komist að raun um, að það er rjett, sem jeg segi, að lóðirnar sjeu tiltölulega miklu hærra metnar.

Jakob Möller: En hæstv. fjármálaráðherra ætti að gæta þess, þegar hann fullyrðir sem mest, að þessi samanburður á skattinum er ekki full sönnun fyrir hans máli, því að lóðarskattur er ráðgerður 2%, en húsaskattur 0,8%.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Hv. samþingismaður minn, 3. þm. Reykv. (JakM), sagði, að jeg hefði reynt að færa rök að því, að skatturinn væri órjettlátur að öllu leyti og rangt að leggja hann á. Þetta er alls ekki rjett hjá háttv. þm. En jeg tel rangt að hafa gjaldið eins hátt og farið er fram á í frv. bæjarstjórnar. Samanburður við aðra bæi eða sveitir finst mjer ekki geta átt sjer stað, þar sem lóðir og hús hjer í bænum eru í miklu meira verði en annarsstaðar á landinu. En hitt er alveg rjett, að full ástæða er til, að eigendur lóða og húsa borgi eitthvað, þar sem bærinn hefir lagt fram mikið fje og aukið verðgildi fasteigna að miklum mun. Gæti líka farið svo, að ef góðir tímar gengju yfir bæinn, hækkuðu fasteignir enn í verði. En mjer finst þá rjettara að færa sig smátt og smátt upp á skaftið, en ekki setja skattinn svona hátt alt í einu. Og fyrir það verður ekki tekið, að þetta er einskonar eignarnám. Af slíkri „dauðri eign", sem óbygðar lóðir eru, er ekki hægt að áætla nema 5% vexti handa eigandanum. Með 2% skatti eru því ⅖ eignarinnar teknir lögnámi. Eignin hlýtur að lækka í verði sem því svarar.

Hv. frsm. minni hl. (JBald) sagði, að lóðargjaldið gæti ekki komið niður á leigjendur, eða kæmi það að minsta kosti síður en húsaskattur. En þetta er alveg rangt, því að auðvitað verður húseigandi að vinna upp eitthvað af þessum skatti með því að hækka leiguna. Jeg veit, að hver einasti húseigandi gerir það að meira eða minna leyti, því að leigan hlýtur að miðast við verð eignarinnar, og þá ekki síður lóðarinnar en hússins. Vænti jeg þess, að hv. deild samþykki breytingar meiri hlutans og afgreiði frv. fljótlega.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Út af því, sem hv. frsm. meiri hl. (MJ) sagði um, að lóðarskatturinn væri eignarnám, vil jeg taka það fram, að hann er það þá engu síður eftir hans eigin tillögum. Og ef þessi skattur er eignarnám, þá eru allir eignarskattar eignarnám. Annars erú rökin, sem hv. frsm. meiri hl. bar fram, eingöngu miðuð við 2% lóðarskattinn í frv. bæjarstjórnarinnar, og öll andmæli hans miðuð við það. En jeg vil minna hv. frsm. (MJ) og aðra hv. þm. á það, að þó þessi upphæð á skattinum standi þannig í frv., hafa báðir nefndarhlutar orðið ásáttir um að lækka skattinn niður í 0,8% og 1%, svo sem bæði nál. bera með sjer, og er því óþarft að tala lengur um eignarnám á lóðum að ⅖ hlutum, og algerður óþarfi að nota það sem röksemdir gegn samþykt till. minni hlutans, því að gjaldhæðinni til er sáralítill munur á meiri- og minnihlutatillögunum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 295,1 a samþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, BSv.

nei: MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ.

Fjórir þm. (ÁJ, ÁÁ, BSt, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 295,1 b samþ. með 14:2 atkv.
— 288,1 a—b sjálffallnar.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14:2 atkv.
3.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 295,2 a samþ. með 18 shlj. atkv.
— 295,2 b samþ. með 17:1 atkv.
— 288,2 þar með fallin.
7. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 295,3 a samþ. með 17:1 atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 295,3 b (ný gr., verður 10. gr.) samþ. með 17:1 atkv.
— 295,4 (ný 10. gr., verður 11. gr.) samþ. með 16:2 atkv.
11.—12. gr. (verða 12.—13. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 351, 359, 364, 366).

Afbrigði um brtt. 359, 364 og 366, sem of seint var útbýtt, og um skriflega brtt. frá fjrh. (JÞ) (verður þskj. 373), leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Jakob Möller: Jeg vildi víkja nokkuð að þeim brtt., er fram hafa komið, og sný mjer þá fyrst að þeirri brtt. minni, er stíluð er gegn því, að slengt sje saman tveim alveg óskildum gjöldum, húsa- og lóðarskatti. Skatt af húsum ber að skoða sem endurgjald fyrir það, er bærinn vinnur fyrir húseigendur, en lóðarskatt hinsvegar sem beinan skatt.

Það hefir verið hneykslast á orðalagi frv. um tryggingar gegn eldsvoða, og má vera, að betra væri að orða það öðruvísi, en þó hygg jeg, að það geti varla valdið misskilningi. Ef til vill væri þó rjettast að fella þetta burt, eins og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) leggur til. — Jeg vildi undirstrika það, á hverju mín till. byggist. Samkvæmt a-lið 2. gr. er að ræða um endurgjald til bæjarfjelagsins, en samkvæmt b-lið um beint skattgjald í samræmi við það, er samþykt hefir verið fyrir önnur sveitarfjelög. Vitanlega skiftir þetta engu máli efnislega, því að skatturinn verður hinn sami eftir sem áður. Tillaga mín er sprottin af „principiellum" ástæðum og veldur væntanlega ekki ágreiningi. Lóðargjald er ekki lagt á til að fá kostnað endurgreiddan, eins og húsagjaldið.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg rjeðist ekki í að koma fram með brtt. við 2. gr. frv. um lóðar- og húsaskatt. En hinsvegar flyt jeg brtt. á þskj. 366, um að ákvæði frv. um ráðstafanir til útrýmingar á rottum og tryggingar gegn eldsvoða falli burt. Þessi till. er, eins og aðrar till. á sama þskj., flutt í samráði við borgarstjóra Reykjavíkurbæjar, sem telur þessar breytingar nauðsynlegar. Hjer hafa nýlega verið sett sjerstök lög um brunatryggingar, sem ákveða, að bæjarsjóður annist slökkvilið og slökkvitæki, og því ætti ekki að vera að ræða um neinar nýjar kvaðir í þessu frv. út af því, þar sem búið er að lögfesta þetta fyrir fáum dögum. Hitt atriðið, um ráðstafanir til útrýmingar rottum, er þannig vaxið, að það gæti orðið bænum ærið útdráttarsamt, ef bærinn á að gera alt í þessu efni, en húseigendur ekki neitt. En hitt get jeg viðurkent, að rjett sje að bærinn hafi forgöngu í þessu efni, þar sem töluverðs skipulags

þarf með, ef vel á að fara. En það hefir bærinn, þótt engin lagaákvæði sjeu um það sett.

Þá hefi jeg flutt brtt. við 10. gr. í samræmi við ummæli mín við 2. umr. um það, að málskot til yfirskattanefndar nái aðeins til utansveitarmanna. Jeg fæ ekki betur sjeð en að það ákvæði sje hættulaust, þótt innanbæjarmenn geti ekki skotið útsvarskærum lengra en til bæjarstjórnar. Það er ástæðulaus ótti að ímynda sjer, að þeir yrðu beittir ósanngirni. Frekar er hitt, eins og jeg hefi margtekið fram, að bæjarstjórnin hefir þótt fara helst til langt í niðurfærslu útsvara.

Í þriðju brtt. minni felst, að síðari gjalddaginn, sem verið hefir 1. okt., verði hjer eftir 1. sept. Þessi till. er líka flutt eftir tilmælum borgarstjóra, og tilgangur hennar er sá, að bærinn fái fyr lögtaksrjett á gjöldum sínum en verið hefir. Undanfarið hefir ekki verið hægt að framkvæma þessi lögtök fyr en um jól, en sá tími er mjög óhentugur. Menn eru þá oft og tíðum í mikilli fjárþröng, og auk þess er óviðkunnanlegt að gera mönnum slíkar heimsóknir um jólin.

Þá er ein brtt. enn, sem flutt er í samráði við borgarstjóra. Hún er sú, að útsvör utanbæjarmanna, þegar búið er að leggja þau á og útsvarsskrá er komin fram, þá skuli þau þegar falla í gjalddaga. Það er alveg ófært að hafa tvo gjalddaga fyrir þessi útsvör. Þessir menn geta farið út í veður og vind hvenær sem er, og þá er ekki neitt af þeim að hafa. Þetta er og í samræmi við það, sem annarsstaðar gildir hjer á landi í þessu efni, og er til þess sett, að utanbæjarmenn komist ekki hjá að greiða útsvarið; þeir eiga heldur ekki að geta komist hjá greiðslu, þótt þeir hafi skotið kæru yfir útsvari sínu til yfirskattanefndar. Jeg tel alveg sjálfsagt, að Reykjavík hafi sama rjett og önnur sveitarfjelög í þessu efni.

Það segir sig sjálft, að jeg er samþykkur brtt. háttv. samþingismanns míns (JakM) um, að rjett sje að aðgreina húsa- og lóðargjald, enda þótt það skifti ekki miklu, þar sem lóðarskatturinn er ákveðinn svo miklu lægri en bæjarstjórn fór fram á, og jafnvel lægri en minni hl. allshn. lagði til.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en vona, að deildin fallist á þær röksemdir, er jeg hefi fært fyrir brtt. mínum, og samþykki þær.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg á hjer litla brtt. við niðurlag a-liðs 3. gr., um að orðið „tryggingar“ falli burt, til þess að skilningur allshn. komi ljósara fram. Ef mín brtt. nær fram að ganga, verður orðalagið þannig, að bærinn annist útrýming á rottum og ráðstafanir gegn eldsvoða. Jeg vonast til, að hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) taki till. sína á þskj. 364 aftur. Af því að háttv. frsm. meiri hl. allshn. (MJ) er veikur í dag og því ekki viðstaddur, vildi jeg taka þær brtt., er fram hafa komið, til athugunar, án þess þó, að jeg hafi nokkurt umboð til þess.

Jeg skal þá fyrst minnast á brtt. á þskj. 359, frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Hún fer ekki fram á neina efnisbreytingu, þar sem gjaldið af húsum og lóðum er hið sama eftir henni sem frv. Þessi brtt. mun ekki hafa aðrar afleiðingar en þær, að semja verður 2 skrár, skrá yfir skatt af húsum og skrá um skatt af lóðum, sem húsin eru bygð á, og þeim, sem óbygðar eru, í stað þess, að eftir frv. mætti komast af með eina skrá. Fer tillagan því beinlínis fram á að auka skriffinskuna. Vitanlega er skatturinn af húsum og lóðum samanlagður miklu hærri en kostn-

aðurinn við þær skyldukvaðir, sem lagðar eru á bæjarsjóð eftir 2. gr., og er því alveg þýðingarlaust, hvort þessi verk eru talin unnin sem endurgjald fyrir húsaskattinn einan eða fyrir nokkurn hluta af báðum sköttunum samanlögðum.

Þá eru brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) á þskj. 366. Jeg sje enga þörf á að fella það í burt, sem 1. tillagan fer fram á, en hinsvegar mundi það tæplega koma að sök, og virðist tillagan því ástæðulaus. Um 2. brtt. er það að segja, að það er ekki ástæðulaust, að bæjarbúar fái einhvern óvilhallari aðilja til að fella lokaúrskurð um útsvarskærur heldur en bæjarstjórnina. Ef jeg vildi, gæti jeg nefnt ýms dæmi um innanbæjarmenn og fyrirtæki, sem gera það bert, að þörf er á óviðriðnari aðilja en bæjarstjórninni til þess að skera úr þessum málum. Þetta er mjer kunnugt af starfsemi minni í bæjarstjórninni. Það er því skoðun mín, að hv. deild ætti ekki að aðhyllast þessa brtt.

Hinsvegar mætti halda því fram, að það væri ef til vill ekki næg trygging fyrir utanbæjarmenn, að þeir eigi málskot til yfirskattanefndar bæjarins, sem hefir litlar ástæður til þess að vera kunnug högum þeirra heima fyrir. En þó er það betra heldur en það, sem nú er. Í sambandi við þetta verð jeg að segja það, að ákvæði 7. gr. um útsvarsskyldu utanbæjarmanna ganga lengra en góðu hófi gegnir. Þar er heimilað að leggja útsvar á menn úr öðrum hjeruðum, ef þeir stunda hjer atvinnu lengur en 3 mánuði. Það er ekkert á móti því, að þessir menn greiði hjer eitthvert gjald, en jeg vil leyfa mjer að benda á, að ekki má gera ráð fyrir neinum verulegum kunnugleika hjá niðurjöfnunarnefnd á högum þeirra heima fyrir. Hún mun að jafnaði ekki hafa vitneskju um annað en kaup þeirra hjer í bænum, en hagur þeirra getur verið mjög misjafn og ástæður til þess að greiða opinber gjöld af því kaupi. Það má vera rjett, að bæjarfjelagið leggi eitthvað á þessa menn, og fer jeg því ekki fram á neina breytingu á þessu ákvæði, en þá þyrfti næsta þing að setja lög, er kveða á um skiftingu útsvars milli atvinnusveitar og þeirrar sveitar, sem þeir menn eru búsettir í, sem verða útsvarsskyldir á 2 stöðum. Það er gert í öðrum löndum og verður óhjákvæmilegt hjer, þegar þetta fer að verða svo alment, að menn greiði útsvar á 2 stöðum, sem nú mun koma í ljós, þegar Reykjavíkurbær hefir rjett til að leggja á alla þá menn, sem stunda hjeðan atvinnu á skipum, þótt ekki sje nema eina vertíð. En ákvæði þessa frv. mun ekki vera því til fyrirstöðu, að rjettlát skipun verði gerð á þessu í sjerstökum lögum.

Eftir atvikum get jeg verið meðmæltur 3. brtt. Jeg hygg, að hún feli í sjer gagnlegar breytingar á 11. gr., eins og hún er nú.

Jakob Möller: Það var hæstv. fjrh. von og vísa að bera kvíðboga fyrir of mikilli skriffinsku, og get jeg því verið honum þakklátur fyrir athugasemd hans um brtt. mína. En þó hygg jeg, að hún geri enga breytingu í þessu efni, því að vegna b-liðsins í 2. gr. frv., eins og það er nú, er jafnmikil nauðsyn á sjerstakri skrá. Þar eru nefndar sjerstakar lóðir með sjerstöku gjaldi. Annars hygg jeg, að engin nauðsyn sje á 2 eða 3 skrám, heldur mætti hafa dálkinum fleira á skránni, og verður þá tæplega sagt, að skriffinska aukist að mun við það. Jeg skal geta þess, að jeg hefi átt tal við borgarstjóra

um þessa breytingu, og er hann samþykkur henni og óskar, að hún verði samþykt. Jeg geri ráð fyrir, að hann hafi eins mikinn skilning og aðrir á þeirri skriffinsku, sem af þessu mundi leiða, og er hann á sama máli sem jeg, að vel megi komast af með eina skrá, þó að a-lið 2. gr. verði skift í tvent. Auðvitað má segja, að lítil ástæða sje til að breyta þessu, en jeg gerði þó grein fyrir því áðan, hvers vegna brtt. er fram komin. Það eru aðrar ástæður, sem liggja til húsaskattsins heldur en lóðarskattsins, og ef seinna kæmi til orða að hækka gjaldið, tel jeg, að það ætti alls ekki að ná til gjaldsins af húsum. Komi það í ljós, að þetta gjald hafi þau áhrif, að lóðir lækki í verði, mun tæplega til þess koma, að lóðargjaldið verði hækkað, enda lítil tekjuvon af því þá; en sjái menn ástæðu til að hækka það, mun það verða gert alt að einu, þó að bæði gjöldin sjeu hjer ákveðin í einum og sama staflið.

Jeg skal geta þess, að gjöld þessi eru ekki eins há og þau virðast á pappírnum. Við nánari athugun hefi jeg komist að þeirri niðurstöðu, að fasteignamatið er mun lægra en sannvirði eignanna, að minsta kosti þriðjungi lægra. Er þetta gjald því í raun og veru ekki nema um ½% af verði eignanna.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Það er sannarlega ekki ástæðulaust að fella niður þau orð, sem talin eru í 1. brtt. minni. Ef þau standa í lögunum, er það alveg víst, að þau munu leiða af sjer mikið umstang, þar sem þau taka til svo margra, og munu margir telja sjer þar veitt rjettindi, sem enginn fótur er fyrir, og er ekki rjett að gefa mönnum tækifæri til að vekja deilur um það að ástæðulausu. Menn vita, hvílík smámunasemi kemur fram oft og tíðum, sem eykur mjög á skriffinskuna, er hæstv. fjrh. (J-Þ) er svo ant um að forðast.

Jeg get ekki sjeð, að rangt sje, að bæjarstjórn hafi æðsta úrskurðarvald um útsvör bæjarbúa. Hún er sett til þess að gæta hagsmuna þeirra, er kosin af þeim, og mundi það því ekki verða þolað, ef hún gengi of langt í úrskurðum sínum. En auðvitað eru útsvör altaf álitamál og rísa jafnan deilur um þau. Hinu get jeg verið samþykkur, að utanbæjarmenn eigi kost á öðru úrskurðarvaldi.

Hæstv. fjrh. taldi fulllangt gengið í álagningu á utanbæjarmenn, en það er ekki lengra en farið hefir verið hingað til í öðrum hjeruðum um álögur á utansveitarmenn, samkvæmt sveitarstjórnarlögunum, því að eftir þeim má leggja á alla þá, sem hafa fast aðsetur í sveitinni lengur en 3 mánuði. Sjómenn þeir, sem hjeðan stunda atvinnu um vertíðina, hygg jeg að muni sleppa flestir; þeir eru ekki 3 mánuði að jafnaði. Það er óvenjulegt, að vertíð byrji jafnsnemma sem í vetur; hún nær oftast frá miðjum marsmánuði til loka, en það eru ekki nema 2 mánuðir. En aftur álít jeg, að strax beri að setja skorður við því, að menn, sem stunda alla atvinnu sína hjer í bænum og hafa stórfje að launum, geti algerlega skotið sjer undan útsvari með því að flytja rjett út fyrir bæjartakmörkin. Það er auðvitað, að útsvarsálagning á þá menn verður í samræmi við útsvör innanbæjarmanna, og ef til vill að einhverju tekið tillit til þess útsvars, sem þeir greiða annarsstaðar, og þar sem þeim er nú gefinn kostur á málskoti til yfirskattanefndar, tel jeg það alveg vorkunnarlaust að leggja þá undir útsvarsskyldu hjer. Mjer er

kunnugt um, að önnur sveitarfjelög neyta ákvæða sveitarstjórnarlaganna og leggja á þá menn, sem hafa rekið þar atvinnu 3 mánuði eða lengur, og kemur það alloft fyrir, að bæjarstjórnin verður að draga frá útsvari manna vegna þess, að þeir hafa greitt annarsstaðar til sveitar

Jeg er þakklátur hæstv. fjrh. fyrir meðmæli hans með 3. brtt. minni, og er því öruggari um það, að hún muni verða samþykt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það kann að vera rjett hjá hv. 3 .þm. Reykv. (JakM), að komast megi af með eina skrá eftir sem áður, þó að brtt. hans verði samþykt, en við það er það að athuga, að þá verða dálkarnir að vera 5, í stað 2, og má gjarnan telja þá upp. Eins og 2. gr. er orðuð nú, verður dálkur fyrir virðingarverð eignanna, en annar fyrir gjaldið. Eftir brtt. verður að hafa dálk fyrir virðingarverð húsanna, annan fyrir gjaldið af þeim, þriðja fyrir lóðaverðið, fjórða fyrir gjald af lóðunum, og loks er hinn fimti dálkurinn fyrir bæði gjöldin samanlögð. Jeg sje enga ástæðu til að gera þetta flóknara en nauðsynlegt er.

Það skaust upp úr hv. þm., að önnur ástæða væri til þessarar breytingar, sem sje sú, að komið gæti til mála að hækka lóðargjaldið, en ekki húsagjaldið. Það getur verið þægilegra að koma á breytingu síðar, ef það er undirbúið nú þegar, en jeg sje ekki, að nein nauðsyn sje á því að byrja strax á breytingunni. Lóðirnar, sem nefndar eru í staflið b., geta vel verið á sömu skránni, þó að gjaldið af þeim sje reiknað með öðru hundraðsgjaldi af virðingarverðinu.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vil jeg svara því, að lítið verður eftir af öllum þessum ákvæðum í 7. gr. um útsvarsskyldu utanbæjarmanna, ef þau næðu aðallega til 1 eða 2 manna, sem eru búsettir hjer í nágrenninu, en stunda atvinnu í bænum. En þó að svo væri, að ekki væru nema 2 menn, sem væru þannig algerlega útsvarsskyldir í 2 sveitarfjelögum, ber að gæta rjettar þeirra, svo að útsvör þeirra í báðum stöðunum samanlögð verði ekki óhæfilega há af þeirri ástæðu einni, að þeir eru útsvarsskyldir á 2 stöðum. Jeg hygg nú, að þessi ákvæði sjeu það víðtæk, að allur þorri utanbæjarmanna á togurum komist undir þau. Togaravertíðin nær fram yfir lok, eins og kunnugt er, og þegar byrjað er í miðjum febrúar, nær hún yfir 3 mánuði. (*JBald*: Byrjar í miðjum marsmánuði). Sem betur fer byrjar hún sjaldan svo seint.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Það væri ekki ástæðulaust að setja ákvæði um utansveitarmenn, sem hafa atvinnu í bænum, þótt ekki sjeu nema 1 eða 2 nú. Það er að rísa upp þorp rjett við bæjarmörkin, og hafa 80 hússtæði verið auglýst til sölu þar. Er því full ástæða til að leggja á þá menn, sem ætla á þennan hátt að skjóta sjer undan útsvarsgreiðslu í Reykjavík, en njóta allra hlunninda bæjarins.

Jakob Möller: Það er misskilningur hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að skiffinska þurfi nokkuð að aukast, þó að liðnum verði skift í tvent. Þar sem hundraðsgjaldið af húsum og lóðum er hið sama, má tilgreina virðingarverð í einu lagi á skránni og reikna gjaldið í einu lagi. Þarf því ekki aukna skriffinsku, þó að brtt. mín verði samþykt, ekki einn pennadrátt,

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil aðeins benda á, að hafi brtt. ekki einu sinni þessar afleiðingar, að dálkarnir verði fleiri, þá hefir hún alls engar afleiðingar, og er því algerlega óþörf.

ATKVGR.

Brtt. 359 samþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSt, H-Stef, IngB, JakM, JBald, JörB, Kl-J, MT.

nei: SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, BSv.

Fjórir þm. (ÞorlJ, BJ, BL, MJ) fjarstaddir.

Brtt. 364 tekin aftur.

— 366,1 feld með 16:4 atkv.

— 373 samþ. án atkvgr.

— 366,2 feld með 14:2 atkv.

— 366,3 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 14. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 374).

Á 49. fundi í Ed., þriðjudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., föstudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 374, n. 415).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Þetta frv. kom til Ed. þegar tveir mánuðir voru liðnir af þinginu og var þá vísað til allsherjarnefndar. Nefndinni var ljóst, að hjer var um stórmál að ræða, og einnig það, að hefði hún átt að rannsaka og yfirvega það þannig, að hún gæti borið ábyrgð á því, myndi það taka allan tíma hennar og koma svo seint frá henni, að það gæti ekki náð fram að ganga á þessu þingi. Eins og kunnugt er, berst hingað fjöldi mála úr hv. Nd., og mörg af þeim lenda í allshn.; svo hún hefði ekki getað afgreitt nema fá mál með því að verja tíma til að athuga þetta frv. svo sem þurfti. Þetta stórmál hefir verið lengi í döfinni; fyrst borið fram 1917. Frv., sem hjer liggur fyrir, felur í sjer margar rjettarbætur fyrir bæjarfjelagið og er undirbúið af bæjarstjórninni. Maður verður að líta svo á, að venjan sje sú, að bæjarstjórnir eigi að hafa sem mest að segja um þau mál, sem bæina varða eingöngu. Verð jeg að halda því fram, að það er bæjarstjórn Reykjavíkur, sem ber í raun og veru alla ábyrgð á þessu frv. Það hefir tekið breytingum í hv. Nd., aðskilinn fasteignaskatturinn, skift í húsaskatt og lóðarskatt, svo hækka má eða lækka annanhvorn án þess að áhrif hafi á hinn, og er það til bóta. Hv. Nd. hefir lækkað lóðarskattinn frá 20‰ niður í 8‰. Jeg gæti verið með því að færa hann nokkuð niður enn, en engin brtt. hefir komið fram um það. Nú er lóðarskattur lagður á eftir flatarmáli, en eftir frv. skal hann lagður á samkv. virðingarverði lóðanna. Jeg sje ekki í frv. neitt nýtt princip að því er snertir lóðarskattinn. Hann hefir hvílt á lóðum síðan 1870; munurinn sá, að nú verður hann verðskattur, áður var hann „areal"-skattur. En hann

hækkar auðvitað mikið. Mjer finst rjettlátt að miða skattinn við virðingarverð lóða, en ekki stærð, því að lóðir í miðbænum eru miklu verðmeiri en utan til í bænum; er ósanngjarnt að hafa sama skatt á þeim.

Jeg er ráðinn í að greiða atkv. með frv., en vil taka það fram, að frv. hefir ekki sætt svo rækilegri meðferð í allshn., að hv. deild geti reitt sig á, að því sje í engu ábótavant. En verði frv. breytt hjer, er auðsætt, að það nær ekki fram að ganga á þessu þingi. Ýms ákvæði eru í frv., sem bæjarfjelaginu er nauðsynlegt, að verði að lögum sem allra fyrst, sjerstaklega ákvæðið um að leggja gjöld á menn, sem hafa hjer atvinnu, þótt þeir sjeu ekki búsettir í bænum.

Það er einnig nauðsynlegt að setja lög um, hvernig skifta eigi gjaldþoli á milli, þar sem menn eru gjaldskyldir á fleiri stöðum. Mjer þykir leitt, að hæstv stjórn er ekki hjer við, því jeg vildi beina áskorun til hennar um að taka það mál til yfirvegunar og koma fram með frv. um það á sínum tíma.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv.; jeg mun greiða því atkv. eins og það liggur fyrir, þó með þeim fyrirvara, að jeg vil ekki bera ábyrgð á, að ekkert sje athugavert í því, en sú ábyrgð held jeg hljóti að lenda á bæjarstjórn Reykjavíkur.

Guðmundur Ólafsson: Jeg hjelt ekki, að jeg þyrfti að taka til máls við þessa umr. En mjer líst illa á það, að þingið varpi af sjer ábyrgð á lögum, jafnvel á svo virðulegan aðilja sem bæjarstjórn Reykjavíkur. Þetta álít jeg hála braut. (*SE*: Það er ekki meira en að sýslurnar ráði sinni löggjöf). Gera þær það? Altaf heyrir maður eitthvað nýtt. Jeg þekki hvergi til, að þær geri það. Hæstv. fyrv. forsætisráðherra er þá ekki betur að sjer í lögum en þetta.

Eitt af þeim málum, sem voru til meðferðar í dag, gæti bent okkur á að vera ekki fljótfærir með að semja lög. Það er engan veginn skemtilegt fyrir þingið að þurfa að gera stórfeldar breytingar á lagasmíðum sínum á næsta ári, eða nema lög frá síðasta þingi úr gildi nú, eins og farið er að tíðkast. Jeg vil ekki fá ábyrgð bæjarstjórnar fyrir mínu atkv. En mjer finst ekki mega minna vera en nefndin láti í ljós ákveðið álit um frv.

Eggert Pálsson: Jeg hefi skrifað undir þetta nál. með fyrirvara. Jeg álít málið stórmál og fylstu rannsóknar vert. Þess vegna skrifaði jeg ekki undir fyrirvaralaust. Mjer dylst ekki, að hjer verður stigið þýðingarmikið spor, þar sem á að leggja skatt á hús og lóðir í bænum og það gjald á að hafa forgangsrjett fyrir öllu. Mjer skilst, að í sumum tilfellum geti þetta orðið óþægilegt fyrir lánsstofnanir. Það er ekki ósennilegt, að þær hafi lánað of mikið út á sumar húseignir, þegar þessi skattur bætist á þær. Sama er að segja um lóðir. Skattálaga þessi gæti leitt til þess, að lóðir seldust ekki fyrir það, sem lánið gilti. Yfir höfuð að tala er hjer verið að stíga út á nýja braut, a. m. k. að því er snertir Reykjavík. Þó að þetta skattafyrirkomulag kunni að vera notað í öðrum kaupstöðum landsins, þá ber þess að gæta, að þar eru hús og lóðir virtar miklu lægra en í höfuðstaðnum. Þess vegna er ekki hægt að fara beint eftir því, sem á sjer stað annarsstaðar í kaupstöðum landsins.

Jeg álít rjettast að fara varlega á stað inn á þessa braut og hafa skattinn sem allra lægstan að menn sjá sjer fært. Ef

þessi breyting gefst vel, þá er altaf innan handar að auka skattinn. En að fara geyst af stað getur haft mikið tjón í för með sjer, með því að mjög erfitt er að snúa við aftur. Jeg vildi því með fyrirvaranum tryggja mjer rjett til að geta greitt atkvæði með brtt., ef þær kæmu fram. Jeg viðurkenni, að ákvæðið um það, að menn, sem hafa atvinnu í bænum, en búsetja sje fyrir utan hann, skuli samt sem áður greiða gjald til bæjarþarfa, er mjög nauðsynlegt. Hinsvegar er það varhugavert að leggja útsvar á menn, sem koma hingað til að leita sjer atvinnu. Jeg veit um blá fátæka menn eða syni fátækra foreldra, sem verið hafa hjer nokkra mánuði til þess að leita sjer atvinnu, þá hefir verið á þá skelt 60—70 kr. útsvari, enda þótt þeir teldust ekki heima fyrir færir um neitt útsvar. Slíkir menn eru oft hin eina stoð fátækra foreldra, og tel jeg það ekki rjettláta meðferð að íþyngja þeim með svona gjöldum, þó þeir skreppi hingað sjer eða þeim til bjargar um fáeinar vikur.

Jeg býst ekki við að koma sjálfur með brtt. við frv., en ef einhverjum sýndist rjett að lækka gjöldin frá því, sem nú er í frv., þá mun jeg greiða þeirri brtt. atkv. Með fyrirvara mínum vildi jeg vera við því búinn.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Það er út af ummælum hv. þm. A.-Húnv. (G-Ó). Jeg tók það fram, að nefndin leggur til, að frv. nái að ganga fram. Alt um það ber nefndin ekki sjerstaka ábyrgð á því og auðvitað verður hv. þm. að greiða eins og aðrir um það atkvæði á sína eigin ábyrgð, en það er ekkert nýtt í þessu máli. Jeg benti á, að allshn. þessarar hv. deildar hefði ekki haft tíma til að rannsaka málið eins og hún hefði viljað. Aftur á móti er það rækilega undirbúið af hv. Nd. og hefir tekið þar miklum bótum að mínu áliti. En við getum ekki losað hv. þm. við að greiða atkv. upp á eigin ábyrgð.

Jónas Jónsson: Af því jeg er einn af þremur í allshn., vildi jeg gera grein fyrir mínu atkvæði eins og fjelagar mínir. Jeg held ekki, að hv. deild þurfi að verða hissa, þó þetta frv. sje komið fram. Málið er búið að veltast í bæjarstjórn í 6—7 ár, og það hefir svo mikið fylgi bak við sig, að aðeins einn eða tveir bæjarfulltrúar greiddu atkvæði á móti því við síðustu umr. þar. Í bæjarstjórn eru þrír flokkar, en voru þó samhuga um þetta mál. Vitanlega er einn flokkur til í bænum, sem er frv. mótfallinn, og þarf engan að undra. Það eru mennirnir, sem eiga dýrar lóðir, en borga lítið af. Ríkur maður mótmælir eignaskatti, og sá, sem hefir tekjur, vill ógjarnan láta hækka tekjuskattinn.

Borgarstjóri kom á nefndarfund í allshn. Mun hann vera forustumaður Íhaldsflokksins í bæjarstjórn. Lagði hann mikla áherslu á, að frv. næði fram að ganga vegna þess, að fjárhagur bæjarins væri í voða, ef hann fengi ekki þessar tekjur. Það er t. d. mjög óviðkunnanlegt — jeg veit, að menn utan af landi skilja það —, að menn flytji sig út á Seltjarnarnes eða inn að Skerjafirði í þeim tilgangi að komast undan útsvari í Reykjavík, en reki síðan atvinnu hjer eftir sem áður.

Jeg get vel trúað því, að maður, sem borgar 10 kr. útsvar í Rangárvallasýslu, en kemur hingað á togara, þurfi að borga hjer 60—70 kr. Honum er ekkert rangt gert með því, borið saman við það, að

hann ætti heimili hjer. Reykjavík er nú orðin dýr bær í rekstri, og verður því að leggja á alla, sem búa hjer, þung gjöld. Þykist jeg vita, að hv. þm. hafi lesið brjefið frá borgarstjóra, þar sem hann skýrir frá, að ýmsir tekjustofnar bæjarins hafi horfið á síðustu árum. Og nú liggur fyrir að ljetta skatti af Eimskipafjelaginu, til að gera því hægra fyrir að standast samkepni við útlend fjelög.

Að ljetta verður af Eimskipafjelaginu nær öllum opinberum gjöldum, af því að það þolir ekki samkepnina við hin erlendu fjelög, er hjer sigla, og þá sjerstaklega Bergenska fjelagið, er gott dæmi upp á dýrtíðina hjer í Reykjavík. Aðalástæðan, sem liggur til grundvallar fyrir því, er sú, að alt kaupgjald hjer er hærra en í Noregi. Eimskipafjelagið verður að greiða fólki sínu, bæði því, er vinnur í skrifstofum og skipum, hærra kaup en norska fjelagið. Þessa geldur svo bærinn aftur. Hann verður líka að borga starfsfólki sínu hærra kaup, það kaup, sem er í hlutfalli við dýrtíðina. Það liggur því í hlutarins eðli, að bærinn verður einnig að fá tekjuauka í hlutfalli við dýrtíðina. Þessi lóðarskattur, 80 au. af hverjum 100 kr., getur alls ekki talist voðalegur, þegar þess er ennfremur gætt, að sumir aðrir kaupstaðir landsins hafa þegar fengið leyfi til að leggja skatt þennan á; þannig fjekk Seyðisfjörður í fyrra leyfi til að taka 2% af verði lóðanna, og Akureyri og Húsavík hafði fengið slíkt leyfi áður, og það til að taka hærri skatt.

Þegar nú litið er á það, að nær því öll bæjarstjórnin hefir óskað að fá skatt þennan, að undanteknum sárlitlum minni hluta, sem hagsmuna sinna vegna hefir ekki getað fylgst með meiri hlutanum, og annarsvegar á þörf bæjarins fyrir skattinn, getur tæplega verið álitamál að veita bæjarstjórninni leyfi til þess að leggja skattinn á. Að hefta framgang hans er því ekkert annað en sjúkt móthald gegn bæjarfjelaginu.

Guðmundur Ólafsson: Mjer fanst hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) taka óstint upp fyrir mjer það, sem jeg sagði. En hv. þm. verður að virða mjer til vorkunnar, þó að jeg sje ekki ánægður með nefndarálit, sem er aðeins ½ lína, þegar því jafnframt er lýst yfir af frsm. nefndarinnar, að málið sje stórmál og að ýmsu leyti athugavert, sem þingið ber vitanlega ábyrgð á, hvernig það afgreiðir; því að þó háttv. nefnd vilji skella ábyrgðinni á bæjarstjórnina, getur það ekki komið til mála.

Jeg býst nú við, að síðari ræða hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) og sömuleiðis ræða hv. 5. landsk. þm. (JJ) hafi verið mjer að kenna. Háttv. 5. landsk. sagði, að þetta væri aðeins sjúkt móthald, en því fer fjarri, því að jeg var ekki að mótmæla frv. sjálfu, heldur því, hve illa það væri athugað og skýrt hjer í þessari hv. deild, því að jeg get ekki látið mjer nægja fyrir mig, þó að málið hafi fengið góðan undirbúning í Nd. Það, sem jeg því heimta, er að fá skýrt frá allshn. þessarar deildar, að hún hafi athugað málið vel, og álit hennar á því.

Hvað snertir það, að þingmenn greiði atkvæði á eigin ábyrgð, er það aldrei nema satt. Og jeg þykist altaf hafa gert það og hefi ekki orðið í meiri vanda staddur með það en sumir aðrir háttv. þingmenn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, IP, JóhJóh, JJ, SE, SJ, EP, EÁ, HSteins.
nei: GÓ, JJós, JM, BK.
Einn þm. (HSn) fjarstaddur.
3.—13. gr. samþ. með 9:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 374).

Björn Kristjánsson: Eins og háttv. þdm. mun eflaust kunnugt, er jeg ekki ánægður með frv. það, er hjer liggur fyrir. Ætlaði jeg að koma með brtt. við það, en entist ekki tími til þess, af því að jeg ætlaði að bera þær undir allshn. Er það því ósk mín til hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá nú, svo jeg fái tíma til að bera till. undir hv. allshn.

Jónas Jónsson: Jeg vil einungis leyfa mjer að óska þess, að mál þetta komi á dagskrá aftur á morgun, þó að það verði tekið af dagskrá nú.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi leyfa mjer að taka það fram, að það er sama og fella málið, ef gerðar eru nú við það brtt., þar sem svo er áliðið þingtímann.

Jónas Jónsson: Jeg skoða það einungis sem kurteisi, að bera brtt. undir nefndina, og vil því, að það sje leyft.

Forseti (HSteins): Samkvæmt ósk hv. 2. þm. G.-K. (BK) tek jeg málið hjer með af dagskrá.

Á 57. fundi í Ed., þriðjudaginn 29. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 374, 469).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 469. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Björn Kristjánsson: Eins og jeg gerði ráð fyrir á síðasta fundi þessar hv. deildar, þegar jeg óskaði, að mál þetta yrði tekið af dagskrá, þá hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. við frv. eins og það nú er, og eru þær að finna á þskj. 469. Þá gerði jeg ennfremur ráð fyrir því að bera þessar brtt. mínar undir hv. allshn., og það hefi jeg líka gert, og veit jeg ekki betur en að hv. nefnd hafi óbundin atkv. um þær.

En áður en jeg tala um þessar brtt. mínar sjerstaklega, langar mig til að segja fáein almenn orð um málið í heild, með því að það hefir ekki verið gert áður í þessari hv. deild.

Eins og kunnugt er, hefir Reykjavíkurkaupstaður bygst á þann hátt, að hver einstaklingur, sem nokkur ráð hefir haft, hefir bygt skýli yfir höfuð sjer. Þá hefir bærinn og bygst eftir lögbundnum reglum eða byggingarsamþyktum, sem gilt hafa á hverjum tíma, og hefir bæjarstjórnin getað hagað byggingarfyrirkomulaginu eftir því, sem henni hefir þóknast á hverjum tíma, og þarf því engum þvingunarmeðulum, svo sem óeðlilegum skattaálögum, að beita í þessu efni, því að með byggingarsamþykt bæjarins er ráðið allri tilhögun bygginga í bænum.

Einstaklingarnir, sem hús eiga í bænum, eru því eins og nokkurskonar sjálfseignarbændur í sveit, hver í sínu húsi, og hingað til hefir það verið skoðað sem gæfa bæjarfjelagsins, að sem flestir einstaklingar þess ættu skýli yfir höfuð sjer út af fyrir sig. Að undanförnu hefir hinn fátæki húseigandi í bænum og fengið dálítinn blett til ræktunar, sjer til stuðnings, og goldið bænum hæfilegt og ákveð-

ið gjald fyrir. Fram á stríðsárin höfðu margir fátækir borgarar bæjarins allmikla stoð af lóðum þessum, einkum ef þeir gátu unnið sjálfir að ræktun þeirra. En síðan dýrtíðin óx svo mjög, gjaldmiðillinn fjell í verði og verkalaun öll margfölduðust, hefir þessi ræktun ekki borgað sig, nema hjá þeim, sem sjálfir hafa getað unnið að henni í hjáverkum sínum og notað liðljett heimafólk sjer til aðstoðar. Þetta geta allmargir enn gert og framfleyta sjer og sínum, jafnvel alt til helmings, með þessari ræktun, þegar aðra vinnu er ekki að fá. En þessari stoð eru hinir fátæku hús- og lóðareigendur sviftir, ef frv. þetta nær fram að ganga, einkum ef gjaldstigi þess er svo hár sem ákveðið er í frv. Þess vegna hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. um að lækka hann, þó að jeg hinsvegar sjái, að grundvöllurinn undir frv. er jafnskakkur fyrir því, þó að þær verði samþyktar.

Hjer blasir við eigna- og atvinnutjón fyrir hina fátæku húseigendur bæjarins, og þeir eru margir — líklega alt að því helmingur bæjarbúa — ef skattur þessi kemst á, og það því fremur, sem hann er hærri. Og eyðilegging hinna fátæku steðjar að þeim frá tveim hliðum. Fyrst á að leggja á þá margfalt það útsvar, sem niðurjöfnunarnefnd bæjarins hefir talið þá geta *mest* borið, og þar á ofan á að rýra eignir þeirra svo í verði, að þær geti ekki lengur staðið sem trygt veð fyrir skuldum þeim, sem á þeim hvíla. Og vitanlega kemur gjaldið harðast niður á fátækustu húseigendunum, því að þeir verða að taka hæstu og dýrustu lánin út á eignir sínar.

Nú er fjöldi hinna fátækari húseigenda hjer í bænum, eftir því sem mjer er kunnugt, í kaupfjelagi því, sem hjer starfar, og þar af leiðandi í hinni svonefndu allsherjarsamábyrgð, sem nær til allra kaupfjelaga á landinu, sem eru í Sambandinu. Þar með er upphafinn rjettur þeirra eða möguleiki til þess að taka lán í bönkum eða sparisjóðum, nema því aðeins, að þeir fái tryggingar utanfjelagsmanna. Því með samábyrgðinni er settur slagbrandur fyrir það, að einstakur maður, hversu vel efnum búinn sem hann er, geti notað sitt eigið persónulega lánstraust gagnvart lánsstofnunum. Hann verður því að hafa fasteignaveð, ef hann á að geta fengið lán. En með frv. þessu eru fasteignirnar stórfeldar í verði, svo að eigendur þeirra geta ekki heldur notað þær sem tryggingu fyrir láni eins vel og áður. Þessi atriði vil jeg benda á, bæði almennt og sjerstaklega í sambandi við þetta mál.

Þannig er verið að klípa utan af hinu fjárhagslega sjálfstæði einstaklingsins á öllum sviðum. Og lánsstofnanirnar hafa mist grundvöllinn undan viðskiftum sínum: hinar verðmætu persónulegu tryggingar, sem mikill meiri hluti viðskifta þeirra hefir bygst á, því að vitanlega hafa bankarnir veitt minstan hlutann af lánum gegn fasteignatryggingum, sem þeir hafa veitt, en nú á að kippa verðmæti þeirra í burtu líka.

Það er ef til vill allra alvarlegasta hliðin á þessu máli, *sú sem að veðhöfunum snýr*. Eignirnar verða með frv. þessu svo stórum feldar í verði frá því, sem var þegar lán út á þær voru veitt. Þar er aðalhættan, sem það hefir í för með sjer að ganga þessa braut, nema þá smátt og smátt, eins og jeg hefi áður getið um opinberlega. Og svo þegar eignirnar komast undir hamarinn, sem hætt er við að verði nokkuð oft, þá er ekki líklegt, að margir vilji kaupa, þegar beinu gjöldin,

sem hvíla á þeim, eru orðin svo há, en arðurinn af þeim aftur á móti óviss; og því síður vilja menn kaupa þessar fasteignir, þegar hætt er við því, að þegar þingið hefir einu sinni gengið inn á þessa braut, þá sje alveg eins líklegt, að það haldi áfram á henni og afráði að hækka gjald þetta, jafnvel á næsta þingi eða næstu þingum. En óttinn við þetta hefir aftur í för með sjer, að lánsstofnanirnar hætta alveg að þora að lána út á fasteignir, nema þá hverfandi lítið.

Mál þetta er hið mesta vandamál og er óhugsandi, að nokkur þingnefnd geti fundið botn í því eða lagað það sem skyldi. Það er líka alt of mörgum málum dembt á allshn. þingsins, sem ómögulegt er fyrir þær að komast yfir, svo að vel fari á, en aðrar nefndin hafa aftur á móti mjög lítið að gera. Þyrfti að laga þetta fyrirkomulag, og þetta frv. hefði t. d. þurft að ganga til nefndar, sem hefði haft betri tíma til að rannsaka það.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir áður miðað hin föstu gjöld af húseignum í bænum við brunabótavirðingu húsanna, eða m. ö. o. við húsverðið sjálft, og þá óbeinlínis við húsaleiguna. Svo var t. d. um sótaragjald, hreinsunargjald o. s. frv. Þessari reglu hefði hún átt að fylgja við samningu þessa frv., enda er henni fylgt víða erlendis, t. d. á Skotlandi, þar sem gjöldin eru miðuð við húsaleiguna, eða *arðinn* af eigninni, sem er rjettlátast.

Hjer er ekki verið að tryggja bænum nýjar tekjur, heldur er verið að breyta gjaldafyrirkomulaginu. Og niðurstaðan hefir orðið sú, að flytja gjöldin af þeim efnuðu yfir á hina fátækari íbúa bæjarins. Vitaskuld hefir þetta orðið óvart, en það er nú svo samt. Þess vegna væri eina rjetta leiðin að vísa málinu nú til stjórnarinnar, svo að lögun fáist á þetta atriði, því að jeg er ekki í nokkrum vafa um það, þó að frv. þetta verði nú að lögum, þá líður ekki á löngu áður en þarf að breyta þeim aftur.

Þá kem jeg að brtt. minum á þskj. 469, og vil jeg gera nokkra grein fyrir þeim og sýna fram á, á hverju þær eru bygðar. Jeg hefi reiknað út 10 dæmi til þess að sýna, hver útkoman verður, ef fasteignagjaldið er ákveðið 0,6%. Það verður yfirleitt sama niðurstaðan, að því leyti, að gjaldið kemur órjettlátt niður, hvort sem það er hátt eða lágt, en skekkjan verður vitanlega ótilfinnanlegri eftir því, sem gjaldið er lægra, og það er meiningin með þessum brtt., að draga nokkuð úr því órjettlæti, sem slíkt frv. sem þetta hlýtur að hafa í för með sjer fyrir gjaldendur Reykjavíkur, ef það verður að lögum.

Dæmi þau, sem jeg hefi reiknað út, eru þessi:

	Virðing kr.	Skattur 0,6% kr. aur.
1. Hús við Bakkastíg	27905	167,40
Þar frá lóðargjald, sótaragjald og hreinsunargjald		33,11
Útsvar 10 kr.	Hækkun kr.	134,29
2. Vesturgata 9	27000	162,00
Þar frá dragast sömu gjöld		62,54
Útsvar 700 kr.	Hækkun kr	99,46
3. Vesturgata 50 B.	9800	58,80
Þar frá dragast sömu gjöld		27,59
Útsvar 10 kr.	Hækkun kr.	31,21
4. Bakkastígur 4	9299	55,80
Þar frá dragast sömu gjöld		21,15
Útsvar 10 kr.	Hækkun kr.	34,65
5. Framnesvegur 9	14700	88,20
Þar frá dragast sömu gjöld		33,89
Útsvar 40 kr.	Hækkun kr.	44,31
6. Holtsgata 9	21500	129,00
Þar frá sömu gjöld		26,71
Útsvar 20 kr.	Hækkun kr.	102,29
7. Hafnarstræti 8	76780	460,80
Þar frá sömu gjöld		288,99
Útsvar 700 kr.	Hækkun kr.	171,81
8. Austurstræti 19	66729	400,20
Þar frá sömu gjöld		421,10
Útsvar 3500 kr.	Lækkun kr.	20,90
9. Austurstræti (Nýja Bíó)	147875	887,40
Þar frá sömu gjöld		857,13
Útsvar 600 kr.	Hækkun kr.	30,27
10. Aðalstræti 8	101176	607,20
Þar frá sömu gjöld		353,22
Margir leigjendur með há útsvör.	Hækkun kr.	253,98

Í fyrsta dæminu er hækkunin 134,29 kr. frá því, sem áður var. Útsvar mannsins, sem það hús á, er 10 kr. Gjald hans til bæjarsjóðs verður því 13½ sinnum hærra en áður, og allir sjá, hverjar afleiðingar slíkt hlýtur að hafa fyrir hann. Niðurjöfnunarnefndin hefir ekki treyst þessum manni til að borga hærra útsvar en 10 kr., og hann er víst líka alls ekki fær um að greiða meira. Afleiðingin af þessum auknu gjöldum virðist því hljóta að verða sú, að hann missi húsið.

Í öðru dæminu, um húsið við Vesturgötu 9, er hækkunin 99,46 kr. Sá mað-

ur, sem þar er um að ræða, hefir 700 kr. útsvar. Ef hans gjald ætti að hækka tiltölulega jafnmikið og í fyrsta dæminu, þá ætti hann að greiða rúmar 9000 kr. Allir geta því sjeð, að með þessu hverfur sá grundvöllur, að menn borgi *eftir efnum og ástæðum,* og sá grundvöllur hverfur því meir, sem gjaldið er hærra, en meining bæjarstjórnar virðist vera að koma öllum gjöldunum yfir á húseigendur, án tillits til þess, hvort þeir eiga í raun og veru nokkuð til.

Í þriðja dæminu hækka gjöldin á húsinu um 31,21 kr. Útsvar eigandans er 10 kr., og hækka gjöld hans til bæjarsjóðs því um þrefalt. Annars skal jeg ekki eyða frekar orðum um það.

Í fjórða dæminu er hækkunin 34,65 kr. Útsvar mannsins er 10 kr., og gjöld hans hækka því 3½ sinnum.

Í fimta dæminu er hækkunin 44,31 kr., og samsvarar því hjerumbil útsvari mannsins, sem er 40 kr. Þar verður því lítil sem engin skekkja, og er það sökum þess, að þar á hlut að máli maður, sem kemst sæmilega af, og hefir því altaf greitt bænum nokkuð hátt útsvar.

Í sjötta dæminu er hækkunin 102,29 kr., en útsvar mannsins er 20 kr., og gjöldin fimmfaldast því, og er það illa farið, því þar á hlut að máli bláfátækur maður, sem á lítils úrkosti.

Í sjöunda dæminu, sem er um húsið í Hafnarstræti 8, er hækkunin 171,81 kr. En eigandi þess ber 700 kr. útsvar, og það staðfestir það, sem jeg hefi haldið fram, að þetta lækkar gjöldin á efnuðu mönnunum í miðbænum, en hækkar þau á fátæklingunum, sem búa í úthverfum bæjarins.

Áttunda dæmið sýnir, að þetta frv. *lækkar* gjöldin á húsinu í Austurstræti 19 um 20,90 kr. Eigandi hússins ber 3500 kr. útsvar, en ef hann borgaði hlutfallslega eins mikið eins og eigandi hússins, sem nefnt er í fyrsta dæminu, þá ætti hann að borga 47250 kr.

Níunda dæmið sýnir, að gjöldin á Nýja Bíó, sem er virt á 147875 kr., hækka aðeins um 30,27 kr., og sýnir þetta best, hvílíkt afskaplegt órjettlæti þetta hefir í för með sjer, sem sje að koma gjöldunum af þeim efnaðri yfir á þá fátækustu.

Í tíunda dæminu er hækkunin 253,98 kr., en þar eru margir leigjendur með há útsvör, þar á meðal Gamla Bíó. Jeg skal geta þess, að á þeirri eign hefði gjaldið í raun og veru átt að vera miklu hærra.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessi dæmi. Jeg hefi viljað sýna þinginu fram á þetta, því mjer finst það hafa gott af að sjá, að hverju stefnir, svo það gangi síður lengra á þessari braut framvegis, en það tel jeg að megi alls ekki gera.

Mjer hefði fundist eðlilegast, að þessu máli væri vísað til stjórnarinnar, því mjer finst það þurfa vandlegrar athugunar. Það, sem stefnt er að með þessu, er að mynda hjer sem mest af öreigalýð — búa til öreiga og viljalausa hópsál, sem einstakir menn geti sveiflað í kringum sig að vild sinni til hvers sem vera skal, en slíkt getur ekki haft góðar afleiðingar. Jeg vona því, að þeir, sem ekki unna slíkri stefnu, greiði brtt. mínum atkvæði.

Sigurður Eggerz: Jeg tók það fram við 2. umr. þessa máls, að það mætti ekki samþykkja brtt. við þetta frv., því það gæti orðið því til falls, þar sem svo mjög er liðið á þingtímann. Bæjarstjórnin þarf nýja tekjuauka; það er ein af aðalástæðunum fyrir, að þetta frumvarp er komið fram. Það er í fullu samræmi við það, sem vjer höfum gert hjer á þinginu. Vjer

höfum lagt þunga skatta á landslýðinn, og jeg hygg, að bæjarsjóður Reykjavíkur hafi engu minni þörf fyrir tekjuauka heldur en ríkissjóður.

Jeg skal taka það fram, að fyrir þá, sem ekki hafa sett sig mikið inn í þetta mál, er ekki gott að átta sig á útreikningum hv. 2. þm. G.-K. Það má vel vera, ef tekin eru nokkur hús á víð og dreif um bæinn, að sýna megi fram á, að þetta komi hart niður á einhverjum efnalitlum mönnum, en það er svo með hvaða skattalöggjöf, sem er. Það er ómögulegt að komast hjá því, að hún komi hart niður á einhverjum. Annars hjelt jeg, að þetta kæmi langharðast niður á efnamönnunum; að minsta kosti snertir það ekki þá, sem eru svo fátækir, að þeir geta ekki átt neitt hús.

Jeg hefi ekki getað gert þá útreikninga, sem nauðsynlegir eru til þess að geta talað með fullri vissu um það, hvernig skatturinn kemur niður. Jeg verð hinsvegar að treysta því, að bæjarstjórnin hafi athugað þessa hlið málsins. Undarlega víkur því og við, að jafnaðarmennirnir, sem sjerstaklega ættu að hafa hag hinna fátækari fyrir augum, eru með frv., en hinsvegar er Byggingarfjelagið andstætt því.

Jeg minnist þess í þessu sambandi, að árið 1917, þegar frv. um tekjuskatt var borið fram, þá var mikil andstaða gegn því í þinginu, að árið 1917 yrði skattlagt, og var sjerstaklega því þá borið við, að þetta mætti ekki vegna hinna fátæku.

Jeg vildi einnig minna á það, að ef þetta frv. verður samþykt, þá verður minni upphæð, sem þarf að jafna niður á bæjarbúa, og væri þá rjett að taka tillit til þeirra fátæku, sem hart hefðu orðið úti vegna skattsins, í útsvarsniðurjöfnuninni.

Jeg vil biðja hv. 2. þm. G.-K. að athuga, hvort hann hafi ekki gleymt þeim allra fátækustu, þegar hann var að íhuga, hversu hart þetta gjald kæmi niður á fátæklingunum. Því eins og jeg tók fram áðan, þá kemur þessi skattur alls ekki á þá.

Jeg vil einnig benda hv. þm. á, að brtt. hans lækka aðeins skattinn, en skatturinn kemur niður eftir sama hlutfalli og áður eftir brtt. hans, eða jafnranglátlega og áður eftir hans skoðun. Mjer skilst, að hv. þm. ætti samkv. forsendum sínum að greiða atkvæði gegn frv.

Jónas Jónsson: Mjer finst það mjög óheppilegt, að háttv. 2. þm. G.-K. skyldi koma fram með brtt. við 3. umr. þessa frv., og gera það svo seint, að forseti varð að taka málið af dagskrá vegna þeirra, því eins og kunnugt er, er svo áliðið þingtímans, og það þarf því að flýta þessu máli svo sem unt er, ef það á að ná fram að ganga á þessu þingi. Og þegar þess er gætt, að þessi hv. þm. er mjög vel kunnugur hjer í bæ og hefir skrifað um þetta mál í eitt af dagblöðum bæjarins, og hlýtur því að hafa sett sig mjög vel inn í það — þá virðist það mjög einkennilegt, að hann skuli þurfa að taka sjerstakan frest til þess að koma með brtt. En það tefur fyrir málinu um einn dag, og það gæti vel orðið til þess, að málið dagaði uppi á þinginu, og þá yrði bæjarsjóður af þeim tekjuauka, sem þetta á að veita honum.

Jeg vil taka það fram, eins og hv. 1. landsk. þm., að það var ósamræmi í forsendum og niðurstöðu hv. 2. þm. G.-K. og mjer finst alt benda til þess, að hann komi fram með brtt. aðeins til þess að tefja fyrir málinu, svo það nái ekki fram að ganga á þessu þingi. Mjer finst

það alveg óhugsandi, að maður, sem hefir jafngóða aðstöðu til þess að setja sig inn í þetta mál og hv. 2. þm. G.-K., þurfi að fá sólarhrings frest til þess að gera lítilfjörlegar brtt. við frumvarpið, og mjer finst hann gera alt of lítið úr hæfileikum sínum með því, enda þótt tekið sje tillit til þess álits, sem aðrir hafa alment á hæfileikum hans. Jeg skal taka það fram, að þegar mentmn. hafði frv. um ljósmæðraskóla til meðferðar, þá benti hæstv. forseti okkur nefndarmönnunum á það, að við mættum helst ekki gera lítilfjörlegar breytingar á því, sökum þess að þá væri hætt við, að það dagaði uppi í hv. Nd. Það var þó aðeins smámál, en þetta er þýðingarmikið mál, og því hættulegra að tefja fyrir því.

Jeg vil benda á það, að þetta mál er mjög vel undirbúið. Það munu vera um 10 ár síðan 2 merkir borgarar þessa bæjar, þeir Halldór sálugi Jónsson banka gjaldkeri og Sighvatur Bjarnason bankastjóri, lögðu til, að afgjaldinu af lóðum og húsum væri breytt í fastan skatt. Síðar var málið tekið upp af þeim Sveini Björnssyni, núverandi sendiherra, og Jóni Þorlákssyni, núverandi fjrh., sem er aðalmaðurinn í flokki hv. 2. þm. G.-K., og síðan hefir því verið haldið fram af góðum samherja hv. 2. þm. G.-K., Sigurði Jónssyni barnaskólastjóra, og bæjarstjórnin hefir öll verið að reyna að koma þessu á síðustu 10 árin. Hún hefir hvað eftir annað samþykt frv. þetta, og það í ennþá harðari mynd en það er nú. Það hefir jafnvel verið gert ráð fyrir því, að lóðargjaldið mætti verða alt að því 2%. Og nú hefir bæjarstjórnin öll samþykt þetta frv. Þar hafa allir flokkar verið sammála um að koma því fram. Íhaldsmennirnir í bæjarstjórninni hafa allir samþykt það, að undanteknum einum, og miðflokksmennirnir 2 voru báðir með því, og sömuleiðis allir jafnaðarmennirnir. Það er því auðsætt, að málið er vel undirbúið, og af því hve allir flokkar í bæjarstjórn hafa verið sammála um það, bæði fyrr og síðar, virðist mega draga þá ályktun, að hjer sje um sjálfsagt rjettlætismál að ræða.

Mjer finst því, að það væri gerræði af þinginu að neita bæjarstjórninni um að samþykkja þetta mál, sem hún er svo einhuga um að fá framgengt. Og hvaða líkur eru til þess, að þingmenn, sem eru fremur ókunnugir málavöxtum, muni breyta frv. til batnaðar? Til þess að undirstrika enn betur, að hjer er ekki um neina samábyrgðarpólitík að ræða, vil jeg benda á það, að borgarstjóri er ekki flæktur í neinni samábyrgð og stendur mikið nær hv. 2. þm. G.-K. en mjer í slíkum málum. Jeg skal geta þess, að borgarstjóri kom á fund með allshn. og mælti mjög eindregið með frv. þessu. Og mjer finst það undarlegt, ef hv. 2. þm. G.-K. þarf að hafa vit fyrir mönnum eins og Halldóri Jónssyni, Sighvati Bjarnasyni, Sveini Björnssyni og Jóni Þorlákssyni í málum eins og þessum. Það væri líka undarlegt, ef þessi hv. deild teldi sjer fært að eyðileggja mál, sem bæjarstjórnin hefir þrábeðið um og sem raunar allir hafa beðið um, nema fjelag húseigenda. Það fjelag skrifaði þinginu brjef og mótmælti þessu, en þau brjef liggja nú öll í pappírskörfunum undir borðum þingmanna, enda eiga þau ekki annarsstaðar heima, því röksemdir þeirra voru ekki svo veigamiklar.

Ef þingið eyðilegði þetta mál, þá væri það hart fyrir það sama þing að horfa á, að sumir efnuðustu menn bæjarins geti flúið út fyrir bæinn og bygt sjer þar „villur“ til þess að komast undan rjett-

mætum gjöldum til bæjarins. Eða máske er það til þess, að bærinn tapi 6000 kr. útsvari, sökum þess að maður, sem hefir 40 þús. kr. árslaun, flytur út úr bænum, að það á að tefja fyrir málinu. Eða er það vegna ríku togaraskipstjóranna, sem hafa flutt sig fram á Nes, að hjer er verið að tala máli þeirra fátæku?

Menn tala um að hækka skatta, en það er hlægilegt vegna þess, að nú er mikið af þessum sköttum lagt á húseignir eftir verði, sem er miklu hærra, brunabótaverði. Húseign, sem er að brunabótamati 47 þús. kr., er eftir fasteignamati 30 þús. Húsaskatturinn myndi mestallur renna til þarfa húseigenda, eða vegna þeirra, til hreinsunargjalds, sótaragjalds o. s. frv. Er nokkurt vit í því, að þingið hindri bæjarstjórnina í að leggja skatta á húseignir svo að nægi fyrir þessum útgjöldum? Það hljóta menn þó að telja ekki ónauðsynlegt að hreinsa skorsteina og verja húsin fyrir bruna. Húseigendum er það aðeins til ógagns, að till. bæjarstjórnar verði feldar. Ef nokkrum yrði það til hagsmuna, væru það helst þeir ríku menn, sem flýja spöl út úr bænum, t. d. suður að Skerjafirði, til þess að komast hjá að borga af hálaunum sínum til bæjarins. Hvers vegna eru lóðirnar í Reykjavík 10 milj. kr. virði? Af því að bærinn er búinn að verja hundruðum þúsunda, og jafnvel miljónum, í strætagerð. Þess vegna eru húsin dýr og lóðirnar svo dýrmætar. Jeg býst við, að hv. 2. þm. G.-K. sje svo kunnugur í bænum, að hann viti, hvað feikimiklu fje var varið til að steinleggja Hverfisgötuna. (*BK:* Þetta kemur ekkert málinu við). Það kemur því við að því leyti, að einhversstaðar hefir orðið að taka þetta fje, en göturnar eru gerðar vegna húseignanna. 60 faðmar af Hverfisgötu kostuðu 60 þús. kr. Þó bærinn verji 100 þús. kr. á ári til götulagninga, myndi það þó taka heilan mannsaldur að gera þær sem í borgum erlendis. Vegna peningaleysis er þetta ekki framkvæmt. Og þegar á að meina bænum rjettmætar tekjur, er ómögulegt að ætlast til stórra framkvæmda. Ef einhver hagnaður yrði af lóðargjöldunum, veitti ekki af því til götuaðgerða.

Jeg vil nefna nokkur dæmi, til þess að sýna, hvað lítið er hæft í því, að fasteignamatið sje óábyggilegur skattstofn. Húseign Blöndahls kaupmanns hjer í bæ er metin til brunabóta á 67 þús. kr., en til fasteignamats á 30 þús. Húseign N. N. er metin til brunabóta 84 þús., en fasteignamatið er 45 þús. Hús eins af helstu mönnum í Fasteignafjelaginu er metið til brunabóta 48 þús., til fasteignamats 40 þús. Kvennaskólinn í Reykjavík var metinn tugum þúsunda hærra til brunabóta en fasteignamats. Þá er ljóst, að með því að færa gjöldin frá hærra mati yfir á það lægra er í raun og veru verið að hjálpa húseigendum. Það er hlægileg fjarstæða, að fasteignamatið sje ógætilegt, þegar það er alt að helmingi lægra en brunabótamatið, sem gjöld til bæjarins eru nú miðuð við.

Hv. flm. brtt. talaði um óeðlilega háa skatta. Húsaskatturinn er nákvæmlega það, sem þarf til að halda húsunum við; lóðarskatturinn hverfur eins og dropi í botnlausa hít vegna götulagninga og viðgerða á þeim.

Hv. 2. þm. G.-K. sagði, að þessir skattar kæmu harðast niður á fátæklingunum. En athugum, hvernig þeir skattar eru, sem hv. 2. þm. G.-K. vill leggja á þjóðina. Hvað skyldi matvöru- og fatatollarnir koma hart niður á miljónera, sem

hefði t. d. þrjá menn í heimili? Þetta er eins og fylliraftur færi að prjedika bindindi, þegar stórauðugir menn, eins og þessi hv. þm., sem hafa lægstu skattabyrðarnar að bera, vilja ljetta á sjer undir því yfirskyni að bjarga fátæklingum. Og þetta er sami maðurinn, sem hefir komið neysluskattinum á þjóðina, á hin mörgu bök fátæklinganna. — Nýlega hefir hæstv. atvrh. skýrt frá í ræðu, að árleg gjöld á hvern mann í landinu — barnið í vöggu og gamalmennið í kör — sje um 100 kr. En lóðarskattur á heilu húsi má ekki hækka um 100 kr., — húsi, sem fjöldi fólks býr í. Þessi sami hv. þm. er fyrir fáum dögum búinn að leggja blessun sína yfir 20% verðtoll vegna ríkissjóðsins. Hefðum við verið nú undir stjórn Dana og þeir bannað þennan toll, myndi okkur hafa þótt súrt í broti. En slíku valdi vilja sumir beita við Reykjavík, — banna henni nauðsynlega tekjuauka, sem hún vill leggja á sjálfa sig.

Þá var dálítill útúrdúr hjá hv. þm. um kaupfjelag Reykjavíkur. Kom ekki skýrt í ljós hjá hv. þm., hvernig samábyrgðin gæti hækkað húsaskattinn og lóðarskattinn. Þarf jeg ekki miklu að svara, af því að við háttv. þm. erum svo sammála um samábyrgðina, og hann hefir lagt blessun sína yfir hana hjer í hv. deild, þegar samvinnulögin voru samþykt hjer. Annars finst mjer framkoma hv. þm. í þessu máli sýna það, að hann er að komast í barndóm aftur. Hv. þm. álítur ófært, að málið gangi stórtafalaust gegnum þingið, og treystir ekki hv. deild til að bera ábyrgð á frv. Ef tafið verður fyrir frv. svo dögum skiftir, getur það ekki orðið að lögum á þessu þingi. Annars er þetta mál svo þrautundirbúið af bæjarstjórn Reykjavíkur, að þingið þarf þar engu við að bæta.

Þessi dæmi háttv. þm., sem áttu að vera rothögg á frv., voru svo lítilfjörleg, að þó þau væru rjett, mundu þau vega nauðalítið, þegar tillit er tekið til þess, að gjöld að jafnaði á hvern sem er — hvert barn í vöggu — er 100 kr. Hverju skiftir það þá, þótt gjöld af stóreignum hækki um 100 kr.? Háttv. þm. má ekki halda, að í hv. Ed. sjeu tóm börn og hann geti spilað refinn fyrirhafnarlaust. Hverjir skyldu borga 20% tollinn á nauðsynjum? Eru fátækar fjölskyldur hjer í Reykjavík þar undanþegnar?

Jeg hygg, að þær athugasemdir, sem hv. 1. landsk. (SE) og jeg höfum gert um málið, sanni, að þeir, sem greiða atkvæði með brtt., sjeu aðeins með því að gera tilraun til að svifta bæinn tekjustofni, sem gæti rjett við fjárhaginn.

Frv. gengur í þá átt að hlífa þeim, sem hafa dýrari lóðirnar, en íþyngja hinum. Þess ber að gæta, að Nýja Bíó, sem hv. þm. mintist á, stendur á baklóð, sem ekki er verðmæt, en það fyrirtæki borgar gífurlega hátt útsvar. Ætti nú að fara að leggja lóðarskatt á slík fyrirtæki eftir gróða, yrði úr því tóm vitleysa.

Svo að jeg nefni öreigana, — sem hv. þm. taldi sig til áður hjer á þingi, — vil jeg mótmæla, að þetta frv. komi hart við þá. En verði frumvarpið felt, leiðir það til þess, að ekki verður hægt að leggja í kostnað til viðhalds mannvirkjum í bænum. Það er ekki hægt að pína óendanlega þau gjöld út úr fátæklingunum eins og hingað til.

Jeg hefi sýnt fram á, að þessi brtt. er óforsvaranleg. Mótstaða gegn frv. er komin fram undir því yfirskyni að verja fátæklingana fyrir órjetti, en það er sannanlegt, að hún er beint runnin frá húsabröskurunum. Þeir eru svo áhrifalausir hjer í bæ, að þeir hafa engum manni kom-

ið að í bæjarstjórn. En svo reyna þeir að dansa með hálfa efri deild eða meira, og ef til vill tekst þeim það í dag. En þá er sæmdin ósmá fyrir þá, sem svo eru leiddir.

Björn Kristjánsson: Þessi ræða gefur mjer tilefni til að segja fáein orð. Hv. 1. landsk. þm. (SE) byrjaði með því að benda á, að bæjarsjóður þyrfti tekjur. Jeg hefi ekki sjeð, að með þessu frv. væri verið að skapa bænum nýjar tekjur, nema að því leyti að ná í fáeina menn utanbæjar. En frv. stefnir aðeins að því að breyta tekju*fyrirkomulaginu*. Hjer er ekki um neinar nýjar tekjur að ræða móts við t. d. 20% tollinn fyrir ríkissjóð. Hann gat þess ennfremur, að skattarnir legðust ójafnt á. Ef grundvöllurinn er rjettur, þarf það alls ekki að vera. Aftur á móti eru það tollarnir, sem eru lagðir á mjög af handahófi, og koma því misjafnt niður. Hv. þm. sagði, að bæjarstjórnin hefði haft þetta mál lengi á prjónum, og er það rjett. En hún hefir ekki grafið djúpt í því eða rannsakað það til nokkurrar hlítar. Það var sagt, að sósíalistar hefðu athugað málið. Jeg veit ekki til, að sósíalistar hafi neinum fjármálamanni á að skipa hjer; þeir forðast þá mest af öllum, sem einhverja þekkingu hafa á fjármálum. Þeir hafa sína ákveðnu pólitík, og hún er sú, að gera þessa sjálfseignamenn, húseigendurna, að öreigum. (*JJ:* Hafa þeir þá tælt borgarstjórann!?).

Hv. 1. landsk. (SE) gat þess, að skatturinn kæmi ekki niður á alla, og er það alveg rjett. Hann á að koma niður á húseigendur í þessu tilfelli. Þess hærri sem skatturinn er, því misjafnara kemur hann niður eða ranglátari verður hann. Grundvöllurinn verður þá ekki sá, að greiða útsvörin eftir efnum og ástæðum, heldur lagt þyngst á þá — eins og jeg sannaði með dæmunum — sem minst eiga. Þetta, sem jeg hefi vikið að, var aðalkjarninn í ræðu hv. 1. landsk. Verð jeg að segja, að af öllum ræðum, sem jeg hefi heyrt til hv. 1. landsk., hefir hann farið þetta gætilegast í sakirnar; enda hefði hann fyrst þurft að rífa niður rök mín, en það treystist hv. þm. auðvitað ekki til að gera.

Þá sný jeg mjer að hv. 5. landsk. (JJ). Jeg bjóst við, að hann myndi bera fyrir sig rök í þetta sinn, í stað stóryrða, en venjulega verða stóru orðin hans nokkuð innantóm. Fyrst fann háttv. þm. það mjer til saka, að jeg hefði komið of seint með brtt. Það er rjett hjá hv. þm., að jeg er gamall og farinn að kröftum, og þess vegna ekki eins liðugur í snúningunum eins og þeir yngri. Brtt. kom svo seint af því, að jeg hafði ekki tíma nje kringumstæður til þess fyr að koma með hana og að rökstyðja hana. En nú er hún komin og tveir háttv. andmælendur hafa ekki getað hrakið hana. Þá sagði hv. þm., að verið væri að svifta bæinn tekjum. Jeg segi nei. Aðeins er verið að breyta skattafyrirkomulagi. Röksemdir hv. þm. voru m. a. þessi fáu dæmi um það, að ekki næðist í menn, sem flyttu út á Seltjarnarnes. Þessi skoðun, að flytja útsvörin yfir á fasteignirnar, kom fram fyrir nokkrum árum, en jeg veit ekki betur en að hún sje horfin nú úr hugum flestra hugsandi manna. En sósíalistar hafa tekið upp þessa stefnu. Furðar mig ekkert, þótt hv. 5. landsk. sje henni fylgjandi, þar sem vitanlegt er, að hann fyllir þeirra flokk og þeirra stefnu í öllum málum.

Jeg er alls ekki að lá hv. þm., þó að hann sje sósíalisti, eða jafnvel kommúnisti, einungis að hann vilji kannast við það.

Jeg get alveg virt skoðanir kommúnista, ef þeir hafa hreinskilni og þor til að kannast við, hvert þeir stefna. En hv. 5. landsk. kannast aldrei beinlínis við það en hefir hinsvegar heldur ekki neitað því, að hann fylgdi stefnu kommúnista. Og verkin sýna merkin.

Þá sagði hv. þm., að allir vitrir menn fylgdu þessari skattastefnu, en meðan þau 10 dæmi, sem jeg nefndi, eru ekki vefengd, þýðir ekkert að vitna til þessara stórmenna, sem háttv. þm. er altaf að tönglast á. Og svo lengi sem dæmi þessi verða ekki hrakin, get jeg vel fallist á það, sem háttv. þm. sagði, að jeg hefði vit fyrir öllum þeim, sem þeirri stefnu fylgja.

Þá margtók háttv. þm. það fram, að það væri sama og fella málið að samþykkja brtt. mínar, en þetta er ekki rjett; því er í engan voða stefnt með því, þótt það væri vitanlega hið eina rjetta, og bærinn tapaði engu í við það, nema ef telja skyldi um eins árs skeið nokkrum þús. kr. frá þessum skipstjórum, sem fluttir eru fram á Nes, og bankastjórum, sem fluttir eru suður undir Skerjafjörð og hv. þm. er altaf að tala um. En jeg held nú, að bærinn hvorki stæði nje fjelli með því.

Jeg sagði, að hið eina rjetta væri að leggja þessi gjöld á eftir brunabótavirðingu eignanna, en ekki eftir fasteignamati, og eftir þeirri leigu, sem af þeim fæst. Þetta taldi háttv. 5. landsk. vera hina mestu fjarstæðu. En hann gætir ekki að því, að sótaragjald og hreinsunargjald er einmitt lagt á brunabótavirðinguna eins og hún var fyrir 1917, en síðan er dregið frá brunabótavirðingunni 30% af húsum, sem síðar voru bygð, svo að ekki er lagt á nema 70% af brunabótavirðingunni á þeim húsum. Þá sagði þessi sami háttv. þm., að nauðsyn bæri til að leggja gjaldið á í þessu formi vegna götulagninga. En þetta er ekki rjett, því að göturnar hafa verið lagðar hingað til, þó að gjald þetta hafi ekki verið komið á, og munu verða lagðar jafnt hjer eftir, þó að það komist ekki á. Þá sagði hann ennfremur, að rjett væri að sameina gjöld þau, er um ræðir í frv. Þetta er aldrei nema satt, ef það er gert á rjettum grundvelli, og er jeg á sömu skoðun og hann um það, að það yrði kostnaðarminna, ef fleiri gjöldum yrði slengt saman í eitt.

Þá taldi hann, að fasteignamatið væri rjett. En það fer nú eftir því, hvernig á það er litið. Jeg sagði, að jeg teldi það mat eitt rjett, sem bygt væri á þeim *arði*, sem eignin gæfi, og á því mati eiga skattarnir að byggjast, en ekki á skuldum gjaldendanna.

Þá fór hann að blanda inn í þetta vörutollinum og sagði, að þar hefði jeg ekki hugsað um, þótt gjöldin kæmu ekki sem rjettlátast niður. Þessu er því til að svara, að fyrst og fremst geta tollar aldrei komið eins jafnt niður og skattar á fasteign, ef rjettilega eru á lagðir, og í öðru lagi kemur það þessu máli ekkert við. Annars mun jeg áreiðanlega vera kominn undir græna torfu, þegar þessi vörutollslög ganga úr gildi; svo lífseig munu þau verða.

Þá talaði hann einnig um, að það væri ósamræmi hjá mjer, að jeg greiddi atkvæði með verðtollinum. Þetta er rjett. En háttv. þm. gætir þess ekki, að þetta er aðeins bráðabirgðatollur, sem gilda á til ársloka 1925 og samþyktur var einungis fyrir hina knýjandi þörf, sem ríkissjóður hefir á því að fá tekjuauka. Jeg játa því, að hann sje að mörgu leyti ranglátur, en hjer má segja, að nauðsyn brjóti lög, og fyrir hina miklu tekjuþörf ríkis-

sjóðs fylgdi jeg honum, þar sem ekki var þá í annað hús að venda. En annars er hann ekkert sambærilegur við það mál, sem hjer er um að ræða, því það er beinlínis *fyrirkomulagsatriði*, sem um er að ræða í bæjargjaldafrumvarpinu, eins og margtekið er fram.

Þá kom háttv. þm. með það, sem hann hefir svo oft komið með áður í Tímanum, án efa 10—20 sinnum; en það var, að jeg hefði samþykt samvinnulögin. Þó nú svo hefði verið, að jeg hefði samþykt þau, sem ekki var, því að jeg greiddi ekki atkvæði við 3. umr., þá getur verið fyllilega rjettmætt að vera á móti þeim nú, eftir að komið er í ljós, hversu rjettindi þau, sem lög þessi veittu, hafa verið vanbrúkuð Þau lög ættu því nú að vera afnumin. Annars var það svo við 2. umr. málsins hjer í deildinni, að jeg sá, að allir fylgdu því. Gat jeg því ekki einn skorist úr leik eða farið að gera ágreiningsatkvæði. Vildi sem sagt gefa deildinni tækifæri til þess að átta sig á málinu betur til 3. umr.

Þá sagði háttv. þm., að jeg hefði verið að áfellast nefndina. Þetta er ekki satt; jeg var beinlínis að afsaka hana, fyrir því að hún gat ekki grafið sig inn í málið sem þurfti, og því ekki skilið það sem skyldi. En vitanlega skilur hv. 5. landsk. það aldrei, fremur en annað, þó að hann hefði fleiri ár til þess að grafa sig inn í það.

Þá talaði hann um, að þessi gjöld væru misjöfn; Nýja Bíó borgaði t. d. hátt útsvar. En þetta er ekki rjett, það borgar ekki nema 680 kr., eða minna en jeg. (*JJ:* Það er þá bara meiri öreigi!). Að jeg hafi sagt, að fasteignamatið væri falsað, er ekki rjett, því að jeg hefi aldrei haldið því fram, heldur, að það væri bygt á skökkum grundvelli; þeim grundvelli, sem ekki væri rjett að leggja skatta á eftir.

Annars finst mjer þær ástæður, sem komið hafa fram gegn brtt. mínum, svo veigalitlar og ljettvægar, að jafnrjett, ef ekki rjettara, sje að samþykkja þær eftir en áður. Vænti jeg því, að hv. deildarmenn greiði þeim atkvæði sín.

Jónas Jónsson: Það var ekki alveg rjett, sem hv. 2. þm. G.-K. (BK) sagði. (*BK:* O, — það er aldrei neitt rjett, sem jeg segi). Það er alveg satt; þar skildi þingmaðurinn fyrst sjálfan sig rjettilega. Það var ekki rjett hjá honum, er hann sagði, að þessi breyting yrði ekki til þess að hækka gjöldin á húsunum yfirleitt. En jeg lít svo á, að það verði hverfandi lítið, sem hækkunin nemur fyrir hvert heimili, samanborið við þær skattabyrðar, sem á þeim hvíla. Þá gleymdi hv. þm. stórum lið, sem lagður hefir verið á eftir brunavirðingu húsanna, en á nú hjer eftir, samkvæmt frv. þessu, að leggjast á eftir fasteignamatsvirðingu húsanna. Það, sem jeg á hjer við, er vatnsskatturinn. Er þetta svo mikið á munununum, að það mun fyllilega vega upp þann mun, sem áður var mjög lítils virði.

Þá sagði hv. þm., að síðan 1917 hefði verið dregið 30% af brunabótavirðingunni við skattaálagninguna. En þetta er tómur misskilningur, eins og alt annað hjá honum. Það, sem hann mun vera að rugla um þarna, er það, að af þeim húsum, sem metin voru fyrir 1917, hefir verið borgað 3‰, en af þeim húsum, sem metin hafa verið síðan, 2‰. Þetta rugl um 30% frádrátt er ekkert nema staðleysa. Þetta var hjerumbil öll uppistaðan í ræðu hans. Annars komst hann jafnilla frá öllu. Þá vildi hann halda því fram, að engir nafnkendir menn stæðu bak við frv. þetta. Þrátt fyrir það, þó margsannað sje, að margir af þektustu mönnum

bæjarins hafa staðið að því bæði fyr og síðar. Og hverjir báru það fram nú? Jón Ólafsson framkvæmdarstjóri og núverandi borgarstjóri, hvortveggja þaulreyndir íhaldsmenn. Hvað skyldi maður halda, þegar menn eins og Jón Ólafsson, einn af mestu auðmönnum þessa bæjar, bera fram slíkt frumvarp, og það ennþá harðara en það, sem liggur fyrir hjer? Er hægt að draga þá ályktun, að það sjeu aðeins bolsevikkar, sem aðhyllast þessa skoðun? Jeg held ekki. En eftir þessu eiga þá jafnaðarmenn að vera svo harðsnúnir, að þeir hafa ekki aðeins snúið bæjarstjórninni, heldur og einnig allshn. Nd., neðri deild mestallri og síðast allshn. þessarar deildar, og þar á meðal hv. þm. Seyðf. (JóhJóh). Ef nú jafnaðarmenn hafa svona mikið vald hjer, að þeir geta tekið kapítalistana, snúið þeim á sína skoðun og yfir höfuð látið þá gera alt eftir sínum geðþótta, þá eiga þeir sannarlega rjett á, að farið sje eftir tillögum þeirra. Og jeg fyrir mitt leyti tel mjer meiri heiður í því að vera talinn með svona duglegum mönnum heldur en þó jeg fengi kross hjá háttv. 2. þm. G.-K., sem er í krossanefndinni og mjög natinn við þá virðulegu útdeilingu, enda hjegóminn þar hæfilegur veitandanum.

Þá játaði hv. þm., að ekki væri skaði skeður, þó að frv. næði ekki fram að ganga að þessu sinni, og þó að þeir efnuðu menn, sem flýja út úr bænum, af því að þeim þykja gjöldin of há, kæmust þá eitt árið enn undan að greiða skatt þennan. Það lítur því út fyrir, að hann hugsi alveg eins mikið um hagsmuni bæjarins eins og hag „öreiganna" á Vesturgötu.

Annars byrjaði háttv. þm. ræðu sína með mjög hreinskilnislegri játningu, þar sem hann játaði, að hann væri orðinn mjög ellilamaður og að honum hefði ekki unnist tími til að koma með þessar einföldu brtt. sínar fyr en í gærkvöldi, þrátt fyrir það, þó að hann hafi haft ærið langan tíma til undirbúnings. Jeg vil nú beina því til háttv. þm., hvort ekki sje athugavert fyrir hann, sem sökum elli sinnar og þar af leiðandi andlegrar og líkamlegrar hrörnunar þarf svona langan tíma til að koma með jafnlítilfjörlegar brtt. og þessar eru, að vera að tefja fyrir stórmáli, sem vel er undirbúið af honum yngri og færari mönnum. Og jafnframt vil jeg vekja athygli hans á því, hvort þessi hrörnun hans muni ekki vera þess eðlis, að viðurhlutamikið sje fyrir hann að vera að skifta sjer af stórmálum og sitja á þingi.

Út af því, sem hann var að tala um samábyrgðina, vil jeg taka það fram, að hann var með að lögfesta hana, og ber því til eilífðar sögulega, lagalega og siðferðilega ábyrgð á henni. Samábyrgðin, sem áður var komin undir vilja fjelagsmanna, er nú gerð að föstu skilyrði í samvinnufjelögum með atfylgi hv. 2. þm. G.-K. Er nú ekki ástæða til að halda, að hv. þm. hafi skilið þessi mál betur 1921 en nú, þegar hann svo bersýnilega er farinn að ganga í barndómi, og jafnvel játar það sjálfur? En hafi ekki svo verið, þá getur hann gefið sjálfum sjer utan undir í hegningarskyni það sem eftir er æfinnar. Hafi hann nú á rjettu að standa, hefir hann 1921 skemmilega svikið sinn málstað, er hann rjetti upp „putann" hjer í þessari hv. deild og lögfesti samábyrgðina.

Sigurður Eggerz: Það gladdi mig, er háttv. 2. þm. G.-K. (BK) sagði, að jeg hefði talað stillilega um þetta mál, því að fyrir mjer er það ekkert hitamál. Það er

ekki rjett hjá hv. þm., að hjer sje ekki um neitt tekjuaukafrv. að ræða. Því að hjer er einmitt um tekjuauka að ræða þar sem 2. liður frv. mun gefa um 60—70 þús. kr. tekjur. Og ástæðan fyrir því, að það er fram komið, er alveg hin sama, sem liggur til grundvallar fyrir tekjuaukafrv. ríkissjóðs, sem sje tekjuþörf bæjarsjóðs. Mjer hefir verið skýrt frá, að því er snertir a-lið í brtt. hv. þm., um að í stað 0,8% komi 0,6%, að yrði hún samþykt, þá myndi skatturinn ekki nægja fyrir sorphreinsun, salernahreinsun, sóthreinsun og útrýmingu rottna.

Að jeg benti á, að jafnaðarmennirnir í bæjarstjórninni voru með frv. þessu, var af því, að jeg taldi það undarlegt, að sá flokkur væri með því, ef það væri til að auka sjerstaklega skatta á þeim fátæku. Og ennfremur væri það undarlegt, ef hinir efnuðu húseigendur berðust af krafti fyrir því, ekki sín vegna, heldur vegna annara gjaldenda.

Mjer finst ótvírætt, að þetta frv. miði að því að íþyngja hinum efnuðu með skatti, og það er auðvitað, að til þeirra verður altaf að fara, þegar útvega þarf háa skatta.

Jeg vil leyfa mjer að benda hv. þm. (BK) á það, að sje frv. eins og það liggur fyrir í eðli sínu ranglátt og gjöldin komi rangt niður, þá breyta breytingartillögur hans því ekki. Hví hefir hv. þm. ekki með brtt. sínum reynt að bæta úr ranglæti frv., heldur aðeins gert tilraun til þess að drepa það? Hv. þm. má ekki furða sig á því, þó að jeg hafi ekki haft tíma til þess að rannsaka þau dæmi, sem hann hefir komið með, því að slíkt grípur svo víða inn og útheimtir mikinn tíma, en þar sem bæjarstjórnin hefir haft þetta mál svo oft til meðferðar, þá er varla trúlegt, að hún hafi hrapað að því eða haldi því til streitu, ef grundvöllur þess væri ranglátur. Annars hefir verið bent á það, að frv. var fyrst borið fram af borgarstjóra, Jóni Ólafssyni og Þorvarði Þorvarðssyni, og hafði þannig stuðning allra flokka bæjarstjórnarinnar. Frv. var ekki borið fram af kommúnistum eða jafnaðarmönnum, heldur af öllum flokkum. Treysti jeg mjer ekki til að vera á móti þessum tekjuauka fyrir bæinn, þar sem þessi breyting hefir svo eindregið fylgi sjálfrar bæjarstjórnarinnar. Og þó að einhverjir gallar kunni að vera á frv., þá má geta þess, að útsvarsfyrirkomulagið, eins og það hefir verið hingað til, hefir ekki verið nein fyrirmynd að rjettlæti. Til þess að hægt sje að jafna rjettlátlega niður, þurfa menn að vera gagnkunnugir högum manna, en á það mun oft bresta, enda mjög örðugt að koma því við. Benda útsvarskærurnar, sem eru ótal margar árlega, til þess, að menn sjeu ekki allskostar ánægðir með rjettlæti niðurjöfnunarinnar. Jeg get því ekki verið á móti frv. fyr en jeg hefi heyrt meiri rök gegn því. Jeg álít, að það skifti svo miklu máli fyrir bæinn að fá þennan tekjuauka, að ekki sje forsvaranlegt fyrir menn að leggjast á móti frv. Jeg vænti því, að hv. flm. taki brtt. sínar aftur, þar sem hætt er við því, að þær verði frv. að falli, ef þær verða samþyktar.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg held, að ekki sje ástæða til, og jafnvel varhugavert, að lækka húsaskattinn frá því, sem hann er nú settur í frv., 8‰ af fasteignamati, vegna þess, að húseigendur eiga jafnframt að losna við ýms gjöld, sem nú hvíla á húseignunum, er munu nema fast að því eins miklu og húsaskatturinn.

Nokkru öðru máli er að gegna með lóð-

arskattinn; hann er enn í frv. miklum mun hærri en núverandi lóðargjald og lagður á eftir alt öðrum mælikvarða en nú er gert. Það getur því verið mikið álitamál, hve hár hann á að vera, og auðvitað varlegast að hækka hann sem minst meðan ekki er sjeð, hvernig hann kemur niður.

Jeg treysti mjer því ekki til að greiða atkvæði með 1. lið brtt. hv. 2. þm. G.-K. á þskj. 469, en mun greiða atkvæði með 2. og 3. lið.

Það er auðvitað ekki annað en fyrirsláttur eða grýla að halda því fram, að það sje sama og að fella frv. að samþykkja þannig lagaðar breytingar á því. Tíminn er nógur til þess, að það geti gengið fram, jafnvel þótt sá ágreiningur yrði á milli deildanna, að það þyrfti að fara í sameinað þing, og hv. þm. Reykv. munu sjá um, að það nái fram að ganga í hv. Nd. og dagi þar ekki uppi.

Jeg leyfi mjer að vænta, að hæstv. forseti beri upp liði till. á þskj. 469 hvern fyrir sig.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi aðeins skjóta því til hæstv. stjórnar, hvort hún geti sagt nokkuð um það, hvenær þingi muni lokið. Ef það á ekki eftir að standa nema viku ennþá, þá sjá allir menn, að tími verður ekki nægur til að afgreiða frv., ef það á eftir að fara til hv. Nd. og svo í sameinað þing.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get ekkert um það sagt, hvenær þingi slítur. Það hefir ekkert verið um það ákveðið enn og fer það eftir atvikum. Annars geri jeg ráð fyrir, að hæstv. forseti Sþ. (JóhJóh) viti, hvernig störfum þingsins er komið, og hann hefir sagt, að tíminn verði nægur til þess að afgreiða þetta mál, þó að það fari í Nd. og sameinað þing.

Björn Kristjánsson: Hv. 1. landsk. (SE) hjelt því fram, að hjer væri ekki um tekjuhækkun að ræða, þar sem þau gjöld falli í burtu, er borgast eiga með 0,6%.

Jeg hefi sýnt fram á það með dæmum mínum, að hækkunin kemur fram alstaðar nema í einu tilfelli, og getur því ekki komið til mála, að ekki sje um hækkun að ræða, þó að till. sje samþykt. Hv. þm. hjelt því fram, að málið væri vel rannsakað, en jeg hefi sýnt fram á það, að svo er ekki. Hvað það snertir, að öll bæjarstjórnin hafi samþykt frv., þá skal jeg taka það fram, að jeg átti tal við Jón Ólafsson bæjarfulltrúa eftir að grein mín um málið kom í Morgunblaðinu, og kvaðst hann hafa verið á móti frv. af sömu ástæðu og jeg, en að hann hafi verið borinn ofurliði í málinu af sósíalistum. Ennfremur hefir Pjetur Halldórsson, sem er einn af mætustu mönnum í bæjarstjórninni, skrifað á móti málinu, og er því ekki rjett að segja, að öll bæjarstjórnin hafi verið með frv. Aðrir hv. þm. hafa minst á það, að framgangi málsins sje ekki hætta búin, þó brtt. mínar sjeu samþyktar, og vænti jeg því, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja þær.

Jónas Jónsson: Jeg vildi aðeins leyfa mjer að leiðrjetta villu, sem slæddist inn í athugasemd háttv. 2. þm. G.-K. Hann hjelt því fram, að Jón Ólafsson bæjarfulltrúi væri ekki með þessu frv. Það er að vissu leyti rjett, en þó með dálítið einkennilegu móti. Jóni fanst sem sje frv. ekki ganga nógu langt. Í stað þess að bæjarstjórn gerir ráð fyrir 80 aurum af hverjum 100 kr. í lóðargjaldi, þá gerði hann ráð fyrir 2 krónum. Að því er snertir Pjetur Halldórsson, þá tók jeg það fram í fyrri ræðu minni, að 1 af bæjar-

fulltrúunum væri frv. andvígur. Ef lagt er svo mikið upp úr einum manni, þá virðist mjer, að leggja verði nokkuð mikið upp úr hinum 15, sem lagt hafa til hvað eftir annað, að slíkt fyrirkomulag kæmist á, og meðal þeirra manna var faðir þess eina fulltrúa, sem nú hefir lagst á móti málinu, og var hann síst ómerkari maður en niðji hans.

Eggert Pálsson: Mál þetta snertir eingöngu Reykvíkinga og ekki aðra. Er augsýnilegt, að það er töluvert hitamál hjer innanbæjar.

Hv. 2. þm. G.-K. (BK) hjelt því fram í ræðu sinni, að breytingin á þessu gjaldi mundi koma mest niður á fátæklingum bæjarins. Benti hann, því til sönnunar, meðal annars á eitt dæmi, sem sje, að á manni, sem hefði 10 kr. útsvar, hækkaði gjaldið um 134 kr. Maður þessi virðist óneitanlega, eftir útsvarinu að dæma, vera í flokki fátæklinga bæjarins, þótt hann kunni eigi að vera í flokki þeirra allra fátækustu.

Hv. 1. landsk. þm. (SE) hjelt því hinsvegar fram, að með því að breyta gjaldinu þannig,þá yrðu þeir allra fátækustu betur úti en ella. Þetta getur ekki verið rjett. Þeir allra fátækustu bera vitanlega ekkert útsvar, og geta þar af leiðandi ekki grætt við breytinguna. Hinsvegar ber þess að gæta, að við þetta aukna húsa- og lóðargjald hlýtur húsaleigan að hækka, og það kemur niður á þeim fátækustu, sem verða að leigja sjer húsnæði.

Það er í raun og veru ekki okkar utanbæjarmanna að kveða upp dóm um það, hvor málstaðurinn er rjettari eða hagkvæmari. En hinsvegar, úr því að við erum til þess kallaðir að leggja dóm á málið, þá finst mjer skynsamlegra fyrir okkur að fara varlega í sakirnar. Jeg gat þess við 2. umr. málsins, að jeg hefði skrifað undir nál. með þeim fyrirvara, að ef till. kæmi fram um að lækka gjaldið, þá myndi jeg greiða henni atkvæði. Jeg lít sem sje þannig á, að ef reynslan sýnir Reykvíkingum, að þeir hafi hitt á heppilega leið með þessu gjaldi, þá megi altaf hækka það, en ef hún aftur á móti leiðir hið gagnstæða í ljós, þá er hægra að bæta úr vandanum og sleppa gjaldinu aftur, því lægra sem það hefir verið sett í byrjuninni. Held jeg því, að best sje að greiða brtt. atkvæði. Hvort það verður málinu að fótakefli, að þær verða samþyktar, fer eftir því, hvernig hv. Nd. tekur í málið. Ef hún vill, að málið nái fram að ganga þrátt fyrir brtt., þá er henni það innan handar að koma því í gegn; en vilji hún láta breytingarnar á frv. verða því að falli, þá er það hennar sök.

Sigurður Jónsson: Hv. 1. þm. Rang. (EP) tók það fram, að best væri að fara varlega í máli þessu. En ágreiningurinn er þá um það, hvað sje að fara varlega í þessu efni. Finst mjer, að hv. 1. þm. Rang. hafa haft málið svo lengi til athugunar, að hann ætti að vera einráðinn í því, ásamt okkur hinum utan af landi, að fara ekki beint á móti vilja bæjarstjórnarinnar um málið. Tel jeg, að það sje að fara varlegast að samþykkja frv. eins og hv. Nd. hefir þó breytt því frá því, sem það kom frá bæjarstjórninni. Jeg er því á móti brtt., þar sem engar líkur eru til, að frv. gangi í gegnum þingið að þessu sinni, ef þær verða samþyktar.

ATKVGR.

Brtt. 469,1 feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, JM, BK, EP, HSteins.
nei: GÓ, HSn, IP, JJós, JóhJóh, JJ, SE, SJ, EÁ.
Brtt. 469,2 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, BK, EP, HSteins.
nei: IP, JJ, SE, SJ, EÁ, GÓ.
Brtt. 469,3 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JóhJóh, JM, BK, EP, HSn, IHB, JJós, HSteins.
nei: JJ, SE, SJ, EÁ, GÓ, IP.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 59. fundi í Nd., miðvikudaginn 30 apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 484).

Á sama fundi var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Frv. þetta er endursent frá hv. Ed. Hefir hún gert á því tvær smávægilegar breytingar í þá átt að færa lóðargjaldið niður af bygðum lóðum í 0,6% og af óbygðum lóðum tilsvarandi. Eins og hv. þm. muna, þá var hv. deild ekki á eitt sátt um það, hversu hátt þetta gjald skyldi vera, hvort það t. d. skyldi vera af bygðum lóðum 1% eða 0,8% og tilsvarandi af óbygðum lóðum. Þó var meiri hl. þeim megin, sem gjaldið var lægra, og munu þeir hinir sömu hv. þm. síst amast við því, þó þetta gjald verði enn fært niður. Menn verða hvort sem er að gæta þess, að með því er alls ekki verið að minka tekjur bæjarins, heldur er spurningin aðeins sú, hve mikið bæjarsjóður skuli taka inn á þennan hátt og hvað mikið með aukaútsvari. Jeg veit líka, að þeir, sem kynnu að hafa viljað miða við hærri tölurnar, láta þessa lækkun ekki aftra sjer frá því að lofa frv. að ganga fram, þar sem í sjálfu sjer er um mjög smávægilegt atriði og smáar upphæðir að ræða.

Vil jeg svo að lokum óska þess fyrir hönd nefndarinnar, að hv. deild samþykki frv. óbreytt eins og það kom frá hv. Ed.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Það mun vera rjett hjá hv. samþm. mínum (MJ), að engin brtt. um lóðargjaldið hefir komið fram, en jeg get þó ekki stilt mig um að láta í ljós, að jeg er alls ekki ánægður með málið eins og það er nú. Það lítur annars út fyrir, að Reykjavík eigi ekki upp á pallborðið hjá þinginu, að minsta kosti ekki hjá hv. Ed., og þá ekki heldur bæjarstjórn Reykjavíkur, því hún hefir jafnan verið sammála um b[illegible] og má því ætla, að hún hafi bæjarbúa að baki sjer. Hafa, eins og hv. þm. er kunnugt, farið fram kosningar til bæjarstjórnar meðan málið var á döfinni, en það hefir í engu breytt afstöðu hennar til þess.

Mál þetta kom til allshn. í hv. Ed. og lagði nefndin til, að frv. yrði samþykt óbreytt. Einn af hv. nefndarmönnum skrifaði raunar undir með fyrirvara, en kom annars ekki með neinar brtt. Þannig fór málið til 3. umr. Leit svo út, að frv. ætlaði að ganga í gegn breytingarlaust. Raunar var það á allra vitorði, að ekki allfáum útsendurum lóðaeigenda hjer í bæ var tíðförult til þm. úr hv. Ed. til að reyna að hafa áhrif á málið. Enda fór svo, að á síðustu stundu reis einn þm. upp til að fá málinu frestað, svo hægt væri að sinna kröfum þeim, sem Íhald-

inu höfðu borist frá bröskurum þessa bæjar. Síðan var frv. breytt eftir þeirra óskum og kröfum, og þá auðvitað til hins verra. Er það því ranglátara, sem Alþingi hefir áður veitt kaupstöðum og kauptúnum heimild til að leggja jafnhátt lóðargjald á eins og það, sem ákveðið var í upphaflega frv. frá bæjarstjórn Reykjavíkur. En þeim fáu stóreignamönnum, sem þetta gat skift máli, hefir samt tekist að vera svo áhrifaríkir í þinginu, að sá hluti Íhaldsflokksins, sem sæti á í hv. Ed., gerði málið að flokksmáli. Jeg heyri, að hv. Íhaldsmenn hjer í deildinni mótmæla, að málið hafi verið gert að flokksmáli hjá þeim, en það hefi jeg ekki sagt, heldur hitt, sem kunnugt er hjer í þinginu, að Íhaldsliðið í Ed. skaut á fundi til að gera það að flokksmáli að lækka lóðargjaldið í frv. Og voru þó sumir Íhaldsmenn, eins og form. allshn. Ed. (JóhJóh), sem er mestur virðingamaður Íhaldsins á Alþingi, búinn áður að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt. En flokkurinn í Ed. neyddi hann til að hverfa frá því. Svo var kappið mikið. Skylt er að geta þess, að ýmsir hinir frjálslyndari Ed.-þm. stóðu fast með málinu. En einna merkilegastar voru þó ástæður þær, sem fram voru fluttar fyrir lækkun eignagjaldsins. Lækkunin á lóðargjaldinu var gerð fyrir fátæklingana í Reykjavík! Fátæklinga, sem eiga stórar lóðir og lönd í bænum!! Var það vel samboðið þeim þm., sem bar þetta fram, þar sem hann er löngu orðinn þingviðurkendur öreigi. Svona voru nú ástæðurnar, og getur hver tekið þær gildar, sem vill. En jeg hefi viljað segja frá gangi þessa máls til að sýna, hver áhrif stóreignamennirnir hafa á Íhaldið. Þau hafa í þessu tilfelli verið svo augljós og áberandi, að ekki verður um vilst.

Jakob Möller: Í raun og veru er ágreiningurinn minni en gera mætti ráð fyrir, að hann væri, eftir umræðum um málið að dæma, og er rangt að gera það að því deilumáli, sem reynt hefir verið, einkum utan þings. Það er rjett, sem hv. samþm. minn (JBald) segir, að málið hefir verið lengi á döfinni og ekki vakið neinar deilur, svo teljandi sje, fyrri en nú síðustu dagana, sem málið hefir verið fyrir þinginu. En það mun síðar koma í ljós, hversu afarástæðulausar þær deilur eru. Málið er í sjálfu sjer smámál og þetta lóðargjald nemur svo litlu, að engan mann munar um þá upphæð. Jeg skal taka til dæmis, að jeg er í dýru húsi, en samkv. þessu greiði jeg í lóðargjald aðeins 24 kr. Má víst flesta húseigendur gilda einu, hvorumegin hryggjar slíkt gjald liggur. Helst ætti þetta þá að koma niður á mönnum, sem liggja með mikið af óbygðum lóðum í því skyni að braska með þær. Mál þetta hefir heldur aldrei orðið „principielt“ að deilumáli hjer í þinginu, og ekki heldur í bæjarstjórninni. Frv. hefir verið tvisvar sinnum samþykt þar með öllum atkvæðum gegn einu, og kosningar til bæjarstjórnar hafa farið svo fram, að ekki hefir verið á það minst. Spurningin er um það, hvernig löggjafinn skuli standa gagnvart bæjarstjórninni. Fyrir aðra bæi er lóðargjaldið ákveðið ekki minna en 1% og ekki meira en 2%. Í frv. bæjarstjórnar var það upphaflega sett 2% af byggingarlóðum, en við flm. frv. breyttum því svo, að það skyldi vera ákveðið alt að 2%. Bæjarstjórn mætti þá ákveða það nánara. Væri þá hægt að fara varlega af stað í fyrstu og lækka það aftur, ef skatturinn þætti of þungbær.

En hvaða ástæða er fyrir því að binda hendur bæjarstjórnar Reykjavíkur í þessu

efni fremur en bæjarstjórnir annara kaupstaða? Ef lóðamatið er rjett alstaðar — og út frá því verður að ganga — þá á lóðargjaldið að vera eins í þeim öllum. Eins og frv. hefir verið breytt, tekur þingið í sínar hendur, hvað gjaldið skuli vera á hverjum tíma. En það er ekki rjett. Bæjarstjórnin á að hafa þar sitt svigrúm, og er þá sama sem að bæjarbúar sjálfir ákveði gjaldið, því þeir hafa áhrif á bæjarstjórnina gegnum kosningarnar.

Til þess að vekja andúð gegn þessu gjaldi hafa einkum verið notaðir kálgarðar og stakkstæði og því um líkt, sem er allmikið að ummáli. En einmitt vegna þessara lóða er lægra gjaldið sett. Undir það falla þær lóðir, sem samið er um, að ekki skuli vera byggingarlóðir. Annars vil jeg ekki verða til þess að stofna til deilu um þetta mál; hefi jeg stuðlað að því, að ekki yrði komið fram með neinar brtt., og vil því mælast til, að það fái góðan byr í hv. deild.

Frsm meiri hl. (Magnús Jónsson): Jeg hefi fáu að svara. Það má vel vera, að það sje satt, að nokkur hiti hafi orðið í hv. Ed. við síðustu umræðu þessa máls þar. En í þessari háttv. deild hefir það vakið lítinn óróa. Það væri þá helst, að það hafi kveikt lítilsháttar í hv. samþm. mínum (JBald), og hefir honum sjálfsagt komið það vel að fá tækifæri til að hella úr reiðiskálum sínum yfir Íhaldsflokkinn. Er gott til þess að vita, ef það fróar honum í bili. — Annars er mál þetta frá mínu sjónarmiði harla smávægilegt. Það hefir ekki verið barist svo mjög gegn þessu lóðargjaldi yfirleitt, heldur hefir ágreiningurinn snúist um hundraðsgjaldið, hve hátt það skyldi vera. Jeg get ekki sjeð neitt undarlegt við það, þótt Alþingi ákveði upphæð gjaldsins eftir því, sem það álítur rjettast. Það stafar eingöngu af því, að ýmsir hv. þingmenn telja 2% gjald of hátt, og búast við því, ef það er langt á vald bæjarstjórnar að ákveða það „alt að 2%", þá sje það í raun og veru sama og að það sje fastsett 2%. Og jeg sje ekkert á móti því, að Alþingi setji gjaldinu það mark, sem það telur hæfilegt.

Annars þýðir ekki að ræða um frv. nú, þar sem engar brtt. hafa verið gerðar við það, og liggur því ekki annað fyrir en að samþykkja það eða fella eins og það er. Jeg tel litlu varða fyrir bæjarsjóðinn, hvort lóðargjaldið er sett 0,8% eða 0,6%. Hann hefir jafnar tekjur eftir sem áður, aðeins af öðrum liðum. En í frv. eru önnur ákvæði, sem eru mikilsverð fyrir bæinn. Og jeg vona því, að þó einstöku hv. þdm. sjeu ekki hæstánægðir með lóðargjaldsupphæðina, þá lofi þeir því þó fram að ganga, vegna annara ákvæða þess, og láti ekki brtt. hv. Ed. verða því að fótakefli.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 491).

---

40 Hæstirjettur.

Á 4. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. febr. var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett (þmfrv., A. 29).

Á 6. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Magnússon): Jeg minnist þess frá eldri tímum, þegar þrengt hefir að um fjárhag, hvort heldur hefir verið ríkissjóðs eða einstakra manna, að þá hefir jafnan verið kvartað um laun embættismanna, hve þau væru há, o. s. frv. Og fyrir nokkrum árum hljómaði það um landið, að embættismennirnir væru hálaunaðir landsómagar. Þessar raddir gátu verið skiljanlegar á einu tímabili, nefnilega fyrst eftir að landið fjekk fjárforræði, því að þá voru laun sumra embættismanna nokkuð há, samanborið við það, sem nú er, að minsta kosti. En eftir 1889 voru laun þeirra lækkuð svo mjög, að síðan hafa íslenskir embættismenn verið verst launaðir allra embættismanna, sem jeg þekki til. En nú er svo komið, að kjör þeirra eru jafnvel ennþá verri en þau voru fyrir stríð; þannig eru nú hæstu laun, sem telja má um 8000 krónur, lægri að verðgildi en lág meðallaun fyrir stríð. Svo mjög hefir verðgildi peninganna fallið. T. d. er krónan móti dollar ekki nema um 40 aura virði. En þó er hið raunverulega notagildi hennar enn minna, og hefir verið reiknað út, að það væri ekki nema 36 aurar. Með öðrum orðum, hæstu laun nú jafngilda ekki nema um 3000 krónum fyrir stríð.

Jeg býst því við, að um það verði ekki deilt, að eigi að draga úr embættismannakostnaðinum, þá sje ekki leiðin að lækka launin, heldur sje frekar reynandi að fækka embættismönnunum, og er jeg fyrir mitt leyti á þeirri skoðun. Þó má enginn skilja það svo, að jeg telji það eitt nóg til þess að rjetta við fjárhaginn. Nei, til þess þarf miklu, miklu meira.

Það mun láta nærri að áætla, að þau embættislaun, er ríkissjóður greiðir nú, sjeu um 2 milj. króna. Ef það er borið saman við laun embættismanna áður, þá er það ekki full ein miljón, reiknað til rjetts verðs. Það má vel búast við, að sumir vilji bæta við þessa upphæð ýmsum öðrum kostnaði, eins og t. d. kostnaði við skrifstofuhald embættismanna, sem þó er tæplega rjett. En þó að bætt sje nú við öllum mögulegum kostnaði, sem tök eru á að telja megi til embættisrekstrar, verður upphæðin þó ekki meiri en um 2½ milj. króna. Og er þar með talin upphæð sú, sem gengur til starfsmanna Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelagsins. Upphæð þessi hefir hækkað á síðari árum, aðallega að því er snertir presta og læknastjettina. Hitt hefir nokkurnveginn haldið jafnvægi.

Af því að jeg lít svo á, að spara þurfi á öllum sviðum, hefi jeg komið fram með þetta frv. Þessu lík frv. komu fram á þingunum 1921 og 1922, en í þeim var farið fram á að gera lögfræðisprófessorana við háskólann að hæstarjettardómurum. En þessa leið álít jeg, að ekki megi fara, heldur sje hitt rjettara, eins og hv. 5. landsk. þm. (JJ) fór fram á í fyrra, að fækka dómendunum. Jeg var þá á móti því fyrir þá sök, að jeg taldi óviðeigandi að gera það eitt til sparnaðar á þinginu að klípa af hæstarjetti. Var málinu því vísað þá til stjórnarinnar. Jeg hefði að vísu talið rjettara, að þetta frv. hefði komið frá stjórninni. En hæstv. forsrh. (SE) gaf engan ádrátt um það í fyrra að leggja frv. þessu líkt fyrir þingið. Verður hann því ekkert sakaður um það.

Eins og jeg hefi tekið fram í greinargerðinni, tel jeg hægt að fækka dómendum í hæstarjetti. En jeg veit vel, að rjetturinn er því ekki samþykkur, og margir eru þeir, sem vilja koma á fót *miðdómstóli,* ef hæstarjettardómendum er fækkað; en það tel jeg ekki gerlegt að svo stöddu,

af því að þá yrði enginn sparnaður við fækkun dómaranna. Gæti það komið til greina síðar, ef fært þætti allra hluta vegna.

Í frv. hv. 5. landsk. þm. (JJ) í fyrra var stungið upp á því að breyta málaflutningnum við hæstarjett þannig, að hann yrði skriflegur í stað munnlegs málaflutnings, sem nú er. Þetta atriði gæti komið til athugunar í nefnd. En rjett teldi jeg samt að spyrja hæstarjett sjálfan um þetta, því að það hefi jeg fyrir satt, að dómendurnir og málafærslumennirnir óska ekki eftir neinni verulegri breytingu í þá átt.

Þá er eitt atriði enn í frv. þessu, sem gengur í sparnaðaráttina. Það að fella niður hæstarjettarritaraembættið, en í stað þess að fela rjettinum sjálfum að ráða sjer ritara, sem ekki sje því fastur embættismaður, en hafi að þóknun 2—3 þús. krónur. Jeg hefi talið rjett, að dómurinn væri sem sjálfstæðastur, og kysi sjer því forseta sjálfur.

Þá er dálítið nýmæli í 5. gr. frv. þessa, að birt sje ágreiningsatkvæði, ef dómari óskar.

Legg jeg svo til, að máli þessu verði að umræðunni lokinni vísað til allsherjarnefndar.

Jónas Jónsson: Jeg skal strax lýsa því yfir, að mjer er það mikil ánægja, að frv. þetta er fram komið, og er það af skiljanlegum ástæðum, því að í fyrra eyddi jeg miklum tíma og mikilli vinnu til þess að reyna að sannfæra hv. þingdeild um nauðsyn flestra þeirra breytinga, er frv. þetta fer fram á. Mun jeg því styðja það nú, þó að það komi annarsstaðar frá. Jeg skal aðeins taka það fram, af því að sagt var í fyrra, að jeg væri með margar varhugaverðar nýungar, þá sje jeg nú, eins og jeg vissi fyrir, að hvert slíkt átak flýtir fyrir endanlegum framgangi málanna. Væntanlega verður þetta frv. nú samþykt, og má þá þakka það hreyfingu þeirri, sem á málið kom í fyrra. Jeg gleðst sömuleiðis yfir líkunum fyrir bættum skilningi deildarinnar á þessu máli, og væri vel farið, ef svo væri um fleiri.

Jeg get ekki látið vera að minnast á nokkrar breytingar á hæstarjettarlögunum, sem jeg tel, að gætu verið betri en frv. þetta fer fram á. Er þá fyrst, að mjer finst það skaða frv., að ekki er gert ráð fyrir, að breytingarnar að því er snertir fækkun dómaranna eigi sjer strax stað, því að jeg tel enga ástæðu til annars. Því að ef menn eru sannfærðir um, að eitthvert starf sje með öllu óþarft, á vitanlega að leggja það niður strax. Í sambandi við þetta er ekki úr vegi að minnast á tvær skoðanir, sem alment ríkja um þetta. Önnur er sú, að ef þjóðfjelagið hefir einu sinni ráðið til sín mann í þjónustu sína, þá sje því skylt að hafa hann altaf, jafnvel þótt hann standi illa í stöðu sinni og starf hans verði með öllu óþarft. Þetta er alveg gagnstætt þeirri venju, sem tíðkast hjá öðrum atvinnurekendum, hvort heldur þeir eru einstaklingar eða fjelög, því að þeir fækka mönnum jafnóðum og þeirra er ekki þörf lengur. Eru þannig dæmi til þess, að sumir atvinnurekendur hafa fækkað starfsmönnum sínum um meira en helming síðan kreppan kom. Hin stefnan, einmitt sú, sem jeg hallast að, er, að eins og það er regla einstaklingsins að láta hvern þann starfsmann fara, sem ekkert er með að gera, eins eigi það líka að vera regla þjóðfjelagsins að láta hvern starfsmann fara, þegar ekki er þörf fyrir hann lengur. En landið hefir ekki gert þetta, og nægir þar að minna á viðtökur þær, er tillögur fjárveitinga-

nefndar fengu í fyrra, er hún lagði til, að lækkuð væru laun læknis eins á Vesturlandi, sem landið hafði ekkert með að gera. Nei, þingið hefir ekki kjark ennþá til að losa sig við þá starfsmenn sína, þó það hafi ekkert með þá að gera.

Jeg vil nú halda, að einmitt þessi kjarkleysisskoðun gægist fram í frv. á þskj. 29, og jeg leyfi mjer að mótmæla því, að aðrar reglur gildi fyrir starfsmenn þjóðfjelagsins en starfsmenn annara atvinnurekenda yfirleitt, auk þess, sem landið ætti að hafa óbundnari hendur við starfsmenn sína en aðrir atvinnurekendur, þegar litið er á það, hvernig starfsmenn þessir hafa fengið sjermentun sína, fyrst með ókeypis kenslu í hinum almenna mentaskóla í 6 ár, og síðan með ýmsum styrkjum af hálfu hins opinbera. Menn þessir standa því í þakklætisskuld við ríkið. Ætti landið því að standa vel að vígi gagnvart starfsmönnum sínum, þó aldrei nema það þurfi að kasta þeim á klakann, sem kallað er, því þeir hafa þó altaf þessa dýrmætu gjöf, sem þeir hafa aflað sjer á kostnað þjóðfjelagsins. Þetta, sem jeg hefi nú sagt, er að mestu almenns efnis, og fyrir því hefi jeg talað um það við þessa umr.

Þá vil jeg minnast á það atriði frv., að hafa ritara áfram við hæstarjett. Jeg er vitanlega samþykkur háttv. flm. (JM) um það, að það ætti ekki að þurfa að kosta mjög mikið. En merkur lögfræðingur, sem nákunnugur er hæstarjetti, hefir sagt mjer, að vel mætti komast af án ritara, ef málafærslan væri skrifleg. Eins og hv. flm. tók fram, að þingið, en ekki dómurinn, ætti að ráða því, hvort dómendurnir væru 3 eða 5, eins á það vitanlega að ráða því, hvort málaflutningurinn er munnlegur eða skriflegur. Um hinn munnlega málaflutning er það að segja, að hann er mjög dýr; já, svo dýr, að almennar kvartanir hafa heyrst um það. Og jeg veit t. d. um ekki allfáa menn, sem beinlínis hafa ekki getað skotið málum sínum til hæstarjettar, einungis fyrir þá sök, hve dýr málaflutningurinn er. En slíkt fyrirkomulag á dómstóli verður að teljast óhafandi, því að það er alveg eins skylda vor að líta á hag borgaranna eins og þjóðfjelagsins.

Jeg mun nú, þrátt fyrir það, þó frv. þetta sje ekki alveg eins og jeg hefði kosið, greiða atkvæði með því.

Forsætisráðherra (SE): Jeg er sammála báðum þeim hv. þm. (JM og JJ), sem nú hafa talað, um, að æskilegt væri, að dregið verði úr embættafjölda landsins. Til sannindamerkis um, að mjer sje hjer full alvara, skal jeg vísa til sparnaðarfrv. þeirra á þessu sviði, sem stjórnin lagði fyrir þingið í fyrra. Þar komu fram hinar alvarlegustu sparnaðartilraunir, sem enn hafa gerðar verið. En, því miður, þingið daufheyrðist við þeim frv.

Þó að sjálfsögðu sje rjett að draga úr óþarfa embættishaldi, þá er auðsætt, eins og hv. 4. landsk. (JM) reyndar tók fram, að enda þótt lögð verði niður nokkur embætti, þá verður ekki með því greitt úr fjárhag landsins í augnablikinu. Jeg tek þetta fram vegna þess, að það er eins og sumir haldi, að ef þeir riti nafn sitt undir frv. um að leggja niður eitt eða tvö embætti, þá hafi þeir með því borgið fjárhag þjóðarinnar og geti snúið heim með góða samvisku.

Þegar litið er á miljónahalla undanfarinna ára, þá er það auðsætt, að niðurlagning fárra embætta ræður enga bót á augnablikserfiðleikunum, en hinsvegar er þó vegna framtíðarinnar sjálfsagt að

draga úr embættakostnaðinum, þar sem því verður við komið.

Annars skal jeg geta þess, að þegar talað er um að fækka dómurum í hæstarjetti, þá er álit margra merkra lögfræðinga, að slíkt sje vart gerlegt, nema því aðeins, að dómstigin verði jafnframt gerð þrjú. En ef bæta á við miðdómstigi, verður kostnaður við það mun meiri en nú.

Það er rjett, að jeg hefi ekki sjeð mjer fært að leggja til, að dómurum í hæstarjetti verði fækkað, enda þótt af því hlytist sparnaður nokkur. Jeg álít sem sje, að það skifti afarmiklu máli fyrir þjóðfjelag vort, að sem mest trygging sje fyrir því, að æðsti dómstóll landsins geti gefið sem ábyggilegastar úrlausnir mála þeirra, sem fyrir hann eru lögð. Vegna þess, að jeg vil ógjarnan veikja þá tryggingu, get jeg ekki greitt frv. þessu atkv., enda þótt ætla megi, að til lítils sje að greiða því mótatkvæði, þar sem þeir hv. 4. landsk. og háttv. 5. landsk. hafa fallist í faðma í máli þessu og ætla sýnilega að fá frv. samþykt.

Á síðasta þingi var því skotið til stjórnarinnar, hvort hún vildi ekki bíða með að skipa í dómarasæti við hæstarjett fram að þessu þingi, ef sæti losnaði þar milli þinga. Jeg lofaði þessu þá, og samkv. því loforði gegnir nú einn lagaprófessora háskólans jafnframt dómstörfum í hæstarjetti, síðan sæti losnaði þar.

Það mátti jafnvel skilja á hv. 5. landsk., að hann áliti, að hægt væri að setja dómara í hæstarjetti frá án eftirlauna. Má hjer benda honum á stjórnarskrárákvæði, sem segir, að dómarar fullra 65 ára, sem láta af embætti, haldi fullum launum.

Flm. (Jón Magnússon): Jeg þykist hafa tekið það fram, að enda þótt spara megi talsvert með því að leggja niður eða sameina embætti, þá er langt frá því, að jeg telji það einhlítt. En þrátt fyrir það er rjett að reyna að spara hvar sem er. Ef litið er til annara þjóða, þá láta þær sig skifta minna en 10 þús. kr. t. d. Jafnvel 500—1000 kr. útgjöld þykja í stærri löndunum skifta máli.

Að jeg hefi borið fram frv. þetta um að fækka dómurum í hæstarjetti, stafar af þeirri sannfæringu minni, að alstaðar þurfi að spara — og svo tel jeg ekki óviðunandi, að dómarar í rjettinum sjeu aðeins þrír, enda þótt jeg viðurkenni, að betra væri að hafa ráð á því að hafa þá fimm áfram. Ef fækka á embættum, þá vil jeg byrja ofan frá. Jeg vil t. d. hafa aðeins einn ráðherra, og til munu embætti, sem 2 menn sitja í, en þar sem einn mundi nægja. Jeg tók það fram í fyrra, að þegar jeg sæi, að mönnum væri fullkomin alvara að fækka embættum að mun, þá gæti jeg sætt mig við, að fækkað væri dómurum í hæstarjetti; en hitt þótti mjer efasamt, að rjett væri, að sú em bættafækkun yrði ein gerð.

Eins og hv. 5. landsk. (JJ) tók fram, er ekki ólíklegt, að ekki líði mörg ár, þangað til er skilyrði verða fyrir því, að frv. þetta komi til framkvæmda, ef það verður að lögum.

Þá var það allathugavert, sem sami hv. þm. sagði um undirbúning embættismanna landsins.

Það er að vísu rjett, að af þeim flestum eru heimtuð ýms sjerstök skilyrði, sem þeir verða að afla sjer með löngu námi. Og enda þótt þeir fái til þess óbeinan og jafnvel beinan styrk úr ríkissjóði, þá ber hins að gæta, að það er ekki svo lítið, sem embættismannaefnin sjálf leggja í sölurnar fyrir nám sitt, og oft án nokk-

urrar verulegrar uppskeru. Menn eyða bestu árum sínum, frá fermingaraldri og kannske alt að þrítugu, til þess að búa sig undir embætti, sem þeir fá svo máske ekki fyr en þá löngu síðar.

Nei, því verður ekki neitað, að það er harðræði að kasta t. d. 20—30 ára gömlum embættismanni, sem alla tíð hefir unnið fyrir litlu kaupi, út á klakann. Annars er óþarfi að ræða þessa hlið málsins nú. Menn munu alment sammála um, að best væri, að allir hefðu tryggingu fyrir því, að þeir fengju einhvern styrk á elliárum sínum.

Björn Kristjánsson: Jeg get ekki að því gert, að mjer er það dálítil ráðgáta, hvernig á því stendur, að komið hafa fram frv. til breytinga á stjórnarskránni, — og svo að þetta frv. er nú fram komið.

Jeg sætti mig svo vel við þá niðurstöðu, sem mál þetta fjekk á síðasta þingi, og jeg feldi mig mjög vel við nál., sem þá kom fram á þskj. 344; en það skýrir frá áliti hæstarjettardómaranna, sem allir voru á móti breytingunni. Og nefndin mælir heldur ekki með henni þá — síður en svo. Hún leggur til, að málinu sje vísað til stjórnarinnar, sem heldur ekki vill sinna því.

Hið eina, sem nefndin segir frá eigin brjósti, er, að ekki sje vert að hrapa að breytingum, og er jeg því mjög samþykkur.

Jeg hefi altaf verið á þeirri skoðun, að ekki beri að breyta lögum þessum, og síst hrapa að því, og engar nýjar upplýsingar, sem hrekja þessa skoðun, hafa komið fram svo jeg viti til.

Dómstóllinn hefir nú náð trausti þjóðarinnar, og því trausti má engan veginn glata. Og rjett er það, sem dómararnir í hæstarjetti segja, að „betur sjái augu en auga", enda töldu 4 þeirra það „allsendis óráðlegt" að fækka dómurum rjettarins, en hinn fimti telur það því aðeins gerlegt, að dómstigin yrðu höfð þrjú, sem ekki myndi verða til sparnaðar, heldur þvert á móti.

Það er því ekki furða, þótt nefndin og fleiri vildu ekki hrapa að því að veikja hæstarjett. Og dómararnir hafa eflaust líka haft það á bak við eyrað, að val dómara í hæstarjetti er sjaldnast alveg ósnortið af hinum pólitísku flokkum í landinu, og því skaðlegri geta þau áhrif verið, er dómaraskifti verða, sem dómararnir eru færri. Það verða altaf flokkspólitískir ráðherrar, er „innstilla" hæstarjettardómara, eins og aðra embættismenn, er konungur skipar.

Jeg hefi orðið þess var, að sumir álíta, að dómurinn þurfi ekki að vera svona margmennur, af því að þjóðin sje svo smá. En jeg sje ekki betur en að þó að þjóðin sje fámenn, þá eigi hún engu að síður rjett á því, eins og stærri þjóðir, að tryggja sjer rjettdæmi — og til þess má síst spara.

Að vísu er fjárhagurinn þröngur, og það hefir hann oft verið, en aldrei, fyr en síðustu árin, hefir verið ymprað á því að veikja dómstólana í landinu í sparnaðarskyni. Það er nýi tíminn, hinn hlífðarlausi nýi öfgatími, sem gengur þá braut.

Jeg er sparnaðarmaður og hefi altaf verið, en jeg vil þó ekki fara út í neinar öfgar, og jeg veit, að sparsemin getur leitt mann það langt, að maður sje að spara skildinginn, en fleygja dalnum. En í þessu tilfelli myndi svo fara. Að sjálfsögðu vil jeg þó lofa nefnd enn á ný að íhuga mál þetta, en býst þó ekki við, að

jeg fái þær upplýsingar nýjar, sem geri mjer fært að greiða frv. atkv. mitt.

Jónas Jónsson: Út af þeim ummælum háttv. 4. landsk. (JM), að ekki væri einhlítt að spara einungis á einstökum liðum, eins og t. d. til hæstarjettar, vil jeg benda honum á fjárlagafrumvarpið fyrir 1925, sem lagt hefir verið fyrir þingið. Ætti honum að vera það kunnugt, eins og öllum háttv. þingdeildarmönnum, að á næsta ári er ekki gert ráð fyrir, að nokkur brú verði bygð, enginn vegarspotti lagður og, í einu orði sagt, ekkert lagt til verklegra framkvæmda. Lengra verður því tæplega komist með sparnaðinn á þeim sviðum. Skil jeg ekki annað en háttv. þm. sjái, að gerð er tilraun til að spara meira en á einum lið. Útreikningur háttv. 4. landsk. um eyðslu til embættismannastjettarinnar var alt of lágur. Sá kostnaður er auðfundinn með því að draga frá gjaldahlið fjárlaganna vexti og afborganir af lánum, eldsneyti til vita og annara bygginga. Verða þá eftir um 6 milj., sem að mestu ganga til starfsmannahalds á ýmsu sviði.

Annars hefði jeg talið best, ef hægt hefði verið að sameina lagadeild háskólans og hæstarjett að nokkru leyti, sem jeg hygg, að vel mætti, því jeg veit t. d. um einn mann í rjettinum, sem með mjög góðu móti gæti og vildi einnig gegna kenslu við háskólann. Sömuleiðis er líka einn af háskólakennurunum, sem nú gegnir dómarastörfum við rjettinn.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 4. landsk. sagði, að það væri mikil eyðsla fyrir embættismenn að eyða árunum, sem gengju til námsins, þó aldrei nema þjóðfjelagið gæfi kensluna, er því að svara, að það er einmitt sú eyðsla, sem flestir láta af hendi með gleði. Því að kröfur tímans um aukna mentun eru nú orðnar svo háværar, að ekki allfáir eyða bæði tíma og fje, ekki svo litlu oft á tíðum, sjer til mentunarauka, án þess þeir hafi nokkra ágóðavon af því, aðra en að auka þekkingu sína og hinn andlega sjóndeildarhring. Legg jeg því ekki mikið upp úr þessari miklu fórnfýsi, sem háttv. þm. var að tala um í þessu sambandi.

Jeg er alveg sammála háttv. þm. um það, að stefna samtíðarinnar sje sú, að kasta mönnum ekki á klakann, sem kallað er. En við erum nú ekki komnir svo langt ennþá, að við getum fylgt þeirri stefnu. Við höfum t. d. ekki komið á enn hjá okkur almennum slysa- eða ellitryggingum. Það er t. d. sagt, að sjómennirnir á togurunum endist ekki nema 10 ár við slíka vinnu. Hvað er svo gert við þá þar á eftir? Ekkert annað en þeim er kastað á klakann.

Jeg er ekki að halda því fram, að þetta sje eftirsóknarvert; síður en svo. En úr því tímarnir eru nú einu sinni svona, virðist ekki nema rjettlætiskrafa, að líkt gangi yfir allar stjettir manna í þessu efni.

Jeg sje ekki ástæðu til að vera að blanda mjer inn í deilur fjölskyldunnar, að því er snertir ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (BK). Hún var, sem vænta mátti af honum, öll ein vanhugsun. Beindi hann ásökunum sínum helst gegn háttv. 4. landsk. Læt jeg þá því tvo um það, enda hygg jeg flm. (JM) fullfæran að bera af sjer spjótalög þessa samherja hans.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil aðeins skjóta því fram, að yfir æðsta dómstól annara þjóða hvílir nokkurskonar helgi. Og vegna hennar mun lítið gert að því að hringla með slíkan dómstól, en umhleypingarandi þingsins blæs stormi um

okkar unga dómstól. Hið sama má og segja um stjórnarskrána, að það er síst til þess að auka helgi hennar, að vera að hafa hana sem nokkurskonar kosningaþeytispjald.

Flm. (Jón Magnússon): Það gerist ekki þörf langrar ræðu til andsvara háttv. 5. landsk. þm. (JJ), því að alt, sem hann sagði, kom hvergi nærri frumvarpinu. Biðlaun þau, er hann var að tala um, þekki jeg ekki, því að þau munu í flestum tilfellum ekki vera til. Er því þeirra vegna hægt að kasta flestum starfsmönnum ríkisins fyrirvaralaust út á klakann.

Annars situr ekki á hv. 5. landsk. að vera að beina slíku til mín.

Jeg held, að hæstv. forsrh. (SE) og háttv. 2. þm. G.-K. (BK) ættu miklu frekar en hitt að vera mjer þakklátir fyrir, að jeg skyldi koma fram með frv. þetta. Því að annars má vel vera, að farið hefði verið út í það að sameina lagadeildina og hæstarjett, en móti þeirri sameiningu vil jeg sporna af öllum kröftum, þó aldrei nema til sjeu menn í háskólanum, sem geti dæmt, og í hæstarjetti menn, sem geti kent. Það er alveg rjett hjá háttv. 2. þm. G.-K., að það hefir ekki verið rannsakað til hlítar, hvort ekki væri heppilegt að setja *miðdómstig*, ef dómendum í hæstarjetti væri fækkað. En þá yrði, eins og jeg hefi margtekið fram, enginn sparnaður af fækkun dómendanna, en það er einmitt hans vegna, sem jeg hefi borið frumvarpið fram, því að sparnaðarins þurfum við með á öllum sviðum.

Um helgi hæstarjettar er það að segja, að jeg get ekki sjeð, að það skerði helgi hans, þó að dómendunum væri fækkað. Hið sama er að segja um helgi stjórnarskrárinnar, þó að henni væri breytt. Enda hefi jeg aldrei heyrt, að nokkur stjórnarskrá væri svo helg, að ekki mætti breyta henni eftir kröfum tímanna. Jeg er því sannfærður um, að helgi hæstarjettar eða stjórnarskrárinnar minkaði ekkert, þó að á hvorutveggja væri gerðar skynsamlegar breytingar til sparnaðar, því að við verðum að spara alstaðar, sem hægt er með góðu móti.

Háttv. 5. landsk. sagði, að það hefði ekki verið rjett hjá mjer, sem jeg sagði um laun embættismanna. Út af þeim ummælum háttv. þm. vil jeg benda honum á að leita sjer upplýsinga um þetta á betri stöðum en hann virðist hafa gert hingað til, eftir þekkingu hans að dæma. Því að alt, sem hann sagði um þetta, var hin mesta fjarstæða. Eins og t. d. að það nái nokkurri átt, að öll útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins sje ekkert nema laun embættismanna, þegar aðeins er búið að draga frá henni afborganir og vexti af lánum og eldsneyti til vita. Er það þá t. d. alt embættismannalaun, sem gengur til barnafræðslu, unglingafræðslu, heilsuhæla og ýmislegs sjúkrakostnaðar, vega, síma o. s. frv.? Nei, hjer er ekki sagður nema lítill hluti sannleikans, eins og vant er hjá þessum háttv. þm. Embættakostnaðurinn er í hæsta lagi 2½ milj. kr., eins og jeg hefi margtekið fram, og er þá alt tínt til.

Þó ekki sje gert ráð fyrir nú, að á næstu árum verði bygðar brýr eða lagðir vegir, er þó allmikið fje, sem gengur til viðhalds þessum mannvirkjum. Og jeg er ekki ennþá viss um, að brýn nauðsyn krefji að skera niður allar fjárveitingar til verklegra framkvæmda. En þetta er svo fjarri þessu frv., sem hjer liggur fyrir, að jeg fer ekki út í það frekar

nú, til þess að eyða ekki meira tíma þingsins og fje landsins en þegar er búið. En hv. 5. landsk. hefir hjer sem fyr tekið gönuhlaup út fyrir efnið og stofnað til þessara óþörfu umræðna, þar sem við erum báðir sammála í aðalatriðunum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 137).

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg skal þegar taka það fram, að hæstv. forseti hefir bent mjer á það, að breyta þarf 38. gr. hæstarjettarlaganna frá 1919, ef 1. gr. frv. þess, sem hjer liggur fyrir, verður samþykt; vænti jeg því þess, að hæstv. forseti bæti 38. gr. inn í upptalninguna fyrst í frv., ef svo færi, að 1. gr. frv. yrði samþykt. Jeg álít óþarfa fyrir mig að tala langt mál um frv., því eins og sjest af nál., þá hefir nefndin orðið sammála um breytingarnar að öðru leyti en því, að hv. 5. landsk. taldi rjettara, að málaflutningur væri skriflegur, eins og hann hjelt fram við 1. umr. málsins. Nefndin vildi ekki ganga svo langt, og varð það að samkomulagi að koma fram með ákvæði, er gerði mönnum hægra fyrir en áður að fá leyfi til skriflegs málaflutnings. Er eftir því ekkert því til fyrirstöðu, ef annarhvor málsaðilja eða umboðsmanna þeirra óska þess. Skal jeg svo ekki fjölyrða um málið, en læt mjer nægja að vísa til nál. að öðru leyti.

Forsætisráðherra (SE): Jeg sje, að hv. nefnd, sem og rjett var, hefir lagt þetta mál undir dóm hæstarjettar sjálfs, og er hann, eins og sjest í nál., mótfallinn breytingu á tölu dómaranna. Vil jeg leyfa mjer í þessu sambandi að minna hv. deildarmenn á það, hvernig ástatt var hjer í þessu efni, er æðsti dómstóll landsins var í Danmörku. Þá var hjer, eins og mönnum er kunnugt, æðsti dómur innanlands yfirdómurinn, er 3 dómendur sátu. Kostnaður við það, að hæstirjettur fluttist inn í landið, varð því ekki mikill, þar sem aðeins bættust við 2 dómendur og svo ritarinn. Og hvað launahækkun þessara dómara snertir, þá mun hún ekki meiri en hún hefði orðið, ef yfirdómurinn hefði haldið áfram. Það er því ómögulegt að segja, að það hafi orðið þjóðinni mikill kostnaðarauki, að hæstirjettur fluttist inn í landið. Það hafði um langt skeið verið ósk þjóðarinnar að fá þennan æðsta dómstól inn í landið, og um leið mun sú ósk hafa verið ríkjandi með öllum góðum og gætnum mönnum, að sem best yrði og traustast um þessa stofnun búið, bæði að mannvali og fyrirkomulagi, sjerstaklega þar eð miðstigið var lagt niður. Finst mjer því kenna nokkurrar fljótfærni í því að koma fram með frv. sem þetta, er gengur í þá átt að fækka tölu dómenda þessa dómstóls og gera þar með tilraun til þess að veikja traust þjóðarinnar á honum. Skal jeg leyfa mjer, með samþykki hæstv. forseta, að lesa upp álit dómstólsins sjálfs um þetta atriði. Hann segir: — „Út á við mundi þessi fækkun dómendanna hafa þau áhrif að rýra álit rjettarins og veikja traust almennings á honum. Mundu þá þau verðmæti tapast, er vissulega vega meira en upp á móti krónusparnaði þeim, er á að vinnast með frumvarpinu. —“

Geri jeg ráð fyrir, að hv. deild og Alþingi láti ekki jafnsterk orð hæsta-

rjettar sjálfs sem vind um eyrun þjóta, en taki tillit til þess, sem dómendurnir sjálfir segja um þetta atriði. Hv. Alþingi hefir tekið mörg ummæli til greina, sem minni þungi hefir hvílt á. Ennfremur er ekki úr vegi að benda á þá veiklun á málstaðnum, sem kemur fram í því, að hv. nefnd viðurkennir það, að æskilegra hefði verið að þurfa ekki að fækka dómendum í rjettinum. Og ennfremur segir meiri hl. nefndarinnar, að æskilegt væri, að til væri miðstigsdómur fyrir mál, er áfrýjað er frá hjeraðsdómi, sjerstaklega utan Reykjavíkur. En jeg vildi aðeins leyfa mjer að benda hv. deild á það, að ef meiningin er sú, að stofna eigi miðstig þá og þegar, þá er sparnaðurinn við frv. orðinn æðilítill. Hv. nefnd gerir ráð fyrir því, að lög þessi komi til framkvæmda er sæti fasts dómara losnar næst í hæstarjetti. En hvernig fer þá með það bráðabirgðaástand, sem nú ríkir í rjettinum? Eins og menn vita, er nú einn maður settur til þess að gegna þar dómarastörfum í bili. En ef fleiri ár líða án þess að sæti losni, — á þá að hafa allan þann tíma settan mann í dómarasætinu? Er jeg hissa á því, að þetta skuli koma frá hv. 4. landsk., sem er nákunnugur þessu máli og er auk þess gamall og góður dómari. Nú skulu menn hugsa sjer þann möguleika, að núverandi justitiarius, vegna frv., óskaði að draga sig í hlje. Hann getur það hvenær sem hann vill og á samkvæmt stjórnarskránni rjett til 10 þús. króna árlegra eftirlauna — sem sje fullra launa. Hvað er þá orðið um allan sparnaðinn af frv.? Með öðrum orðum, breyting þessi er sem sparnaðarráðstöfun í mesta máta vafasöm. Ef miðstigsdómur verður stofnaður, þá verður kostnaðurinn meiri en nú, og ef justitiarius fer frá, þá á hann rjett til fullra launa. Og við þetta bætist sá möguleiki, að hafa þurfi settan mann í einu dómarasætinu þangað til einhver dómendanna dregur sig í hlje. Þá kem jeg að því atriði, að nú má ekki lengur eftir frv. halda áfram með að skipa dómstjóra, eins og hingað til hefir tíðkast. Nú á rjetturinn að kjósa hann. Mjer verður á að spyrja: Er þetta nokkurskonar forboði um víðtækari kosningarrjett á þessu sviði? Kemur næst að því, að sýslumenn verði kosnir, og þá að sýslumenn kjósi hæstarjett? Mjer virðist þetta benda á, að nýir straumar sjeu að gera vart við sig hvað kosningarrjett snertir. Af hverju eigi að halda honum fyrir utan þetta mál. Jeg veit ekki betur en að samvinnan í rjettinum sje góð eins og skipulagið er nú. Jeg hefi ekki rannsakað erlenda löggjöf í þessu efni, en ekki lætur háttv. nefnd þess getið, að neitt slíkt kosningaskipulag eigi sjer stað í öðrum löndum. Jeg get mikið fremur ímyndað mjer, að slíkar kosningar yrðu til þess að skapa óróa í rjettinum, kosningaundirróður og annað, sem slíkt hefir oftast í för með sjer. Jeg hefi ekki vitað til þess hingað til, að neinn ófriður hafi verið í rjettinum, og því álít jeg mjög vítavert að vera að leiða hann inn með þessu frv. Jeg hefi altaf verið með því að veita kjósendum víðtækan kosningarrjett, en jeg er ákveðinn á móti því að innleiða það „princip" á svið dómstólanna.

Ennfremur slær frv. engu föstu um kjörtímabil dómstjórans. Hv. nefnd segir, að það geti verið álitamál, hve langt það eigi að vera. Máske verður það 1. árið eitt ár og verður svo lengt seinna. Yfirleitt get jeg ekki látið hjá líða að endurtaka það, sem jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, að mjer finst vanta hjer á þingi þetta góða, gamla íhald. Því verð-

ur ekki neitað, að það eru altaf einhverjar góðar hliðar á öllum flokkum, og eins er það með íhaldið, — það er gott, þegar það heldur í það, sem er undirstöðusteinar þjóðfjelagsins, og það er æðsti dómstóll landsins. Í öðrum löndum er ekki verið að gera miklar breytingar á slíkum stofnunum. Þar haldast víða ýmsir gamlir siðir, sem mörgum munu jafnvel finnast broslegir. En hjer er annað uppi á teningnum. Hjer er umhleypingasemin svo mikil, að menn eru altaf að breyta kjarnaatriðum þjóðfjelagsins. Hæstirjettur, háskólinn, sendiherrann, — þessum stofnunum er þinginu hugleiknast að breyta. Umhleypingasemin og afturhaldið tvímenna á báðum stóru flokkunum í þinginu, íhaldinu og framsókninni, og berja fótastokkinn fast. Jeg vænti þess fastlega, að hv. deild fallist á það, að óráð sje að leiða það í lög, að dómendur hæstarjettar kjósi dómstjórann.

Frsm. (Jón Magnússon): Það er ekki nema eðlilegt, að menn sjeu á mismunandi skoðun um slík mál sem þetta. En mjer skilst, að menn sjeu sammála um það, að nauðsyn beri til að spara sem allra mest, og á þeirri skoðun hefir einnig hæstv. stjórn verið. Er jeg fyrir mitt leyti ekki hræddur við að ráðast sumpart á elstu og sumpart á æðstu stofnanir landsins í því skyni. — Það, sem menn aðallega greinir á um, er, hvað gera eigi til þess að spara, og í því efni er jeg og hæstv. forsrh. (SE) á gagnstæðri skoðun. Jeg er á móti því að afnema biskupsembættið og hæstv. forsrh. getur ekki sætt sig við að fækka dómendum í hæstarjetti. Jeg skal ekki deila um það. Menn eru sammála um það, að spara þurfi, af því að þeir treysta því ekki, að hægt sje að auka tekjur landsins að nokkrum mun. Nefndin álítur, að hægt sje að fækka dómendum hæstarjettar, og því hefir hún lagt til, að svo verði gert.

Jeg get ekki verið samþykkur hæstv. forsrh. um, að sparnaðar gæti ekki nokkuð fljótt. Gætir hans þegar nokkuð, og er nú einn dómarinn aðeins settur í þetta embætti. *(Forsrh. SE:* Þetta er aðeins bráðabirgðaráðstöfun). Já, þetta er ágætt. *(Forsrh. SE:* Má þetta vera svo máske í 4—5 ár?). Mjer fyndist ekkert óttalegt, þótt svo væri. Vjer verðum í þessu sem öðru að sníða oss stakk eftir vexti, og álít jeg þessa fækkun dómaranna vel forsvaranlega hjá ekki fjölmennari þjóð heldur en vjer erum. Finst mjer líka athugunarvert, hvort ekki mætti færa ýmsar stofnanir, sem komið hefir verið á stofn á síðustu árum, í svipað horf og var áður. Jeg álít ekki, að álit dómsins þurfi að rýrna neitt, þótt dómurum yrði fækkað úr 5 í 3. Menn spáðu líka illu, þegar flytja átti hæstarjett hingað frá Danmörku. En eftir að æðsta dómsvaldið var flutt inn í landið, hefi jeg ekki heyrt neinar raddir, sem þætti það lakara. Mjer finst það ekki veikja ástæður nefndarinnar, þótt sagt sje, að í raun og veru hefði hún ekki komið með þessar brtt., ef ekki hefði þurft að spara. Menn hafa álitið það æskilegt að fá miðstigsdóm, jafnvel þótt dómarar í hæstarjetti hjeldu áfram að vera fimm. Er það ekki síður heppilegt, er dómurum hefir verið fækkað í hæstarjetti. Og hafa menn hugsað sjer, að hægt myndi vera að stofna miðstigsdóminn ríkissjóði að kostnaðarlitlu, með því að fá háskólakennarana til þess að sitja í honum. En þetta er framtíðarspursmál og munu líða mörg ár þangað til mönnum þyki fært að leggja í nokkurn kostnað við það.

Það er að vísu ekkert sparnaðaratriði,

hvort forseti dómsins skuli kosinn eða ekki. En jeg sje ekki, að þetta þyrfti frekar að vekja ágreining heldur en til dæmis kosning háskólarektors. Það hefir verið talað um, að þetta væri forboði þess, að nú eigi að fara að kjósa embættismenn landsins. Vil jeg þó benda á, að þetta er kosning milli áður skipaðra embættismanna. En þessi forboði, sem um er rætt, er þegar kominn með lögunum um að kjósa skuli biskup. *(Forsrh. SE:* Þetta er þá víst morgunroðinn). Jeg álít mjög skynsamlegt að taka upp kosningu biskups, og liggja fyrir því skýrar ástæður. En vitanlega þykir hverjum sinn fugl fagur, og verð jeg að segja, að mjer finst þessi till. mín vera ógnarlega skynsamleg og langt frá því að skaða dóminn. Og það er óþarfi að óttast, að þetta þurfi að vekja nokkra úlfúð út á við.

Jeg held einnig, að enginn geti með neinum rjetti borið öðrum breytingagirni á brýn, því að líkt mun vera á komið með okkur öllum. Hæstv. forsrh. var einnig að tala um gamla, góða siði, og er það rjett, að þeir eru fáir hjá oss fastir frá gömlum tíma. Vjer höfum a. m. k. um margar aldir verið demókratar. En Englendingar hafa haft ýmsar gamlar venjur og siði, svo sem hárkolluna og ullarpokann; en vjer verðum sjálfsagt að gera oss það að góðu að vera án þess alls.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg get verið háttv. flm. frv. samdóma um það, að það sje gerlegt, úr því að hag þjóðarinnar er nú svo komið, að spara verður alt það, er spara má, án þess þó að í hættu sje stofnað menningu hennar og sjálfstæði, að fækka dómendum í hæstarjetti úr 5 niður í 3. Jeg er honum einnig samdóma um, að fækkunin sje miklu tiltækilegri en hitt, að hlaða á dómarana öðrum störfum, sem ekkert eiga skylt við dómarastarfið, eins og t. a. m. kenslu við háskólann. Jeg er og í vafa um það, að þjóðin hafi ráð á því að 5 af hennar allra færustu mönnum, eins og hæstarjettardómararnir eru, hafi ekki annan starfa opinberan á hendi en þann, að kveða upp döma í 40—60 málum á ári. Jeg er á því, að þessi fækkun dómenda í hæstarjettinum sje tiltækileg nú, einkum af þeirri ástæðu, að jeg fæ ekki sjeð, að komist verði hjá því í náinni framtíð að breyta dómaskipun landsins, að minsta kosti að því er Reykjavík snertir, og hygg þá, að við þá breytingu muni verða sett á stofn millistig milli hjeraðsdómara utan Reykjavíkur og hæstarjettar, en að í málum hjer í Reykjavík, að minsta kosti allflestum, dæmi fleiri en einn dómari. Ástæðan til þess, að jeg hygg, að ekki verði komist hjá því að breyta dómaskipun landsins í náinni framtíð, að minsta kosti að því er Reykjavík snertir, er sú, að málafjöldinn hjer í Reykjavík hefir vaxið svo afskaplega síðan 1920, að ef vöxturinn heldur áfram, verður það einum manni ofvaxið að hafa á hendi dómarastörf í þessum bæ, auk hinna annara mörgu og þýðingarmiklu starfa, sem á bæjarfógetanum hvíla sem skiftaráðanda, fógeta, uppboðshaldara, yfirfjárráðanda, svo að jeg nefni aðeins hið helsta.

Fram til 1920 var tala þeirra dóma, sem kveðnir voru upp af bæjarfógetanum í Reykjavík, kringum 200 á ári, og það ár 186. Árið 1921 varð dómafjöldinn 393, eða helmingi hærri en árið áður. Árið 1922 voru kveðnir upp 505 dómar; árið 1923 komst dómafjöldinn upp í 777. Með öðrum orðum: meira en 2½ dómur á dag, ef virkir dagar eru taldir 300 í árinu. Jeg vona nú, að allir sanngjarnir menn, sem skyn bera á slíka hluti, verði

að viðurkenna, að hjer hvílir mikið og vandasamt starf á einum manni, sem auk þess hefir öðrum störfum að gegna, einkum þegar þess er gætt, að með dómum eru ekki taldir úrskurðir, sem eru þó allmargir á ári, einkum í fógetarjetti, t. a. m. um skyldu manna og stofnana til að greiða útsvör, skatta eða önnur opinber gjöld, og eru þeir oft engu vandaminni eða síður tímafrekir en dómar í eiginlegum dómsmálum.

Ef dómafjöldinn í Reykjavík fer vaxandi úr því, sem var árið 1923, og á því eru allar horfur, því að mál, sem tekin hafa verið fyrir á þessu ári, eru fleiri en um sama leyti í fyrra, þá hygg jeg, að óumflýjanlegt verði að gera aðra skipun á bæjarfógetaembættinu en nú er, og tel hana muni leiða til stofnunar miðstigs milli hjeraðsdómara utan Reykjavíkur og hæstarjettar, líkt og „Landsover-, samt Hof- og Stadsretten" var áður í Danmörku. En jeg skal ekki nú í þessu máli fara að gera nánari grein fyrir því, hvernig jeg hugsa mjer fyrirkomulagið

Því miður eru engar skýrslur komnar frá hagstofunni um málafjölda í landinu síðustu árin, svo að ekki verður vitað með vissu, hvort málafjöldinn hefir vaxið eins úti um land og í Reykjavík, en jeg hygg, að svo muni ekki vera, og jeg veit, að mjer er óhætt að fullyrða, að hjer eru kveðnir upp helmingi fleiri dómar á ári en á öllu landinu utan Reykjavíkur til samans. Auðvitað stendur málafjöldinn í nánu sambandi við dýrtíðina, og því von um, að hann minki aftur, er henni ljettir af. En hvenær verður það?

En mjer þykir leitt, að háttv. flm. hefir blandað inn í sparnaðarmál þetta vali forseta hæstarjettarins. Jeg er í því efni sammála hæstv. forsrh. (SE), að það mundi geta rýrt álit rjettarins, ef forseti er kosinn, en ekki skipaður fastur embættismaður. Dómstjórastaðan er ábyrgðarmikil og vandasöm, og verður dómstjóri að koma fram fyrir hönd rjettarins og dómarastjettar landsins um leið, bæði utan lands og innan. Jeg vil ekki taka þann vanda af stjórninni, sem er því samfara að skipa mann í þessa stöðu.

Við 3. gr. frv. hefi jeg ekkert að athuga, og felli mig einnig við 4. gr. Álít jeg ritarastarfann ekki svo mikið starf, að til þess þurfi óskifta starfskrafta manns. Verður þó vitanlega ætíð að gegna því starfi góður lögfræðingur. Og vænti jeg þess, að yrði ritaraembættið lagt niður, sem jeg tel vel fært, þá verði gert vel við þann mann, sem nú gegnir því, en honum ekki kastað út á klakann. Er hann alls góðs maklegur fyrir langa og góða starfsemi í þágu hins opinbera. — Jeg er einnig samþykkur ákvæðum 5. greinar. Hefi jeg því ekkert verulegt út á frv. að setja, nema ákvæðið um val dómstjóra, og vil skora á allshn. að fella niður það ákvæði úr frv.

Jónas Jónsson: Jeg vil aðeins taka fram örfá atriði. Nefndin er í sjálfu sjer sammála um alt, sem fram kemur í frv. En jeg hefi þó þá sjerstöðu, að jeg álít skipun æðstu dómstóla vorra geta orðið enn kostnaðarminni áður en langt um líður, og mundi því styðja það, að gengið væri enn lengra í sparnaðaráttina. Jeg tek þetta fram, enda þótt þessi breyting liggi ekki fyrir nú, og ætla jeg ekki að leiða það inn í umr. að öðru leyti, en get þessa aðeins til skýringar á afstöðu minni til málsins. Jeg get ekki sjeð, að háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh) hugsi nógu skarplega, þar sem hann heldur því fram, að þær miklu annir, sem dómarinn í Reykjavík nú hafi, þurfi að leiða til þess,

að skipaður verði miðdómur. Eiginlega liggur beint við að auka einungis starfskraftana hjá bæjarfógetanum. Jeg vil í sambandi við hækkun málafjöldans hjer í bænum benda á, að ekki virðist manni þetta starf vera bæjarfógetanum um megn, þar sem hann hefir, ofan á öll önnur störf sín, bætt á sig því ómaki að sitja á þingi, sem þó er ekki embættisskylda hans. Í öðru lagi býst jeg við því, að ef kostnaður hefir vaxið við embættið með vaxandi málafjölda, þá hafi bæjarfógetinn fengið sjer aðstoðarmenn með leyfi stjórnarinnar, þannig, að aukið annríki leiði ekki af sjer neinar kröfur um allsherjarbreytingar á þessari dómaskipun. Aftur á móti finst mjer það ekki heppilegt, að dómarinn í Reykjavík eigi að dæma árlega í 600 málum, en að 5 dómarar hæstarjettar dæmi á sama tíma í 50—60 málum.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg gleymdi að geta þess, að eins og nál. ber með sjer, hefir einn nefndarmanna talið æskilegt, að málsókn við hæstarjett færi fram skriflega. Jeg er sömu skoðunar og teldi það mikinn sparnað, ekki einungis hinu opinbera, heldur og landsmönnum yfirleitt. Áhugi manna fyrir munnlegum málsóknum í rjettinum hjer er mjög lítill, og tel jeg ekki líklegt, að það mundi breytast verulega á næstunni. En jeg býst við því, að væri málsókn höfð skrifleg, hefði maður meiri tryggingu fyrir því, að forsendur dómsins væru betri en nú. Dómurinn mundi semja forsendur að nýju, í stað þess að þær forsendur, sem nú eru prentaðar, eru forsendurnar fyrir undirrjettardómunum því nær eingöngu. Auk þess yrði þetta stórmikill sparnaður fyrir hið opinbera og einstaka menn. Samkvæmt taxta málaflutningsmanna er lægsta gjald fyrir málflutning við hæstarjett 300 kr., en ekki nema 40 kr. við undirrjett.

Þrátt fyrir dómafjölgun í Reykjavík á síðustu árum, hefir málum í hæstarjetti ekki fjölgað að ráði. Álít jeg það koma af því, að málsóknin er þar of dýr. Menn áfrýja ekki málum nema mikið sje í húfi og þeir þykist vissir um að vinna þau. Jeg álít, að þessi breyting hefði átt að verða samferða hinni, því að báðar hafa mikinn sparnað í för með sjer.

Forsætisráðherra (SE): Jeg þykist hafa sýnt það í verkinu, að jeg hefi viljað skera niður ónauðsynleg embætti og jafnframt, að jeg hefi viljað láta embættismenn þjóðarinnar hafa nóg að gera, og nægir þar að benda á frv. það, er jeg bar fram í fyrra um fækkun sýslumanna.

Um biskupsembættið vil jeg taka það fram, að þó jeg vildi láta leggja það niður, þá átti biskupinn eftir sem áður að vera til sem andlegur forustumaður kirkjunnar, því að vígslubiskupinn í Skálholtsbiskupsdæmi átti að hafa þann starfa með höndum. Hinsvegar lagði jeg áherslu á, að þar sem veraldlegt vald biskupsins væri aðeins sem skuggi, þá mætti það hverfa með öllu. Jeg rjeðist því ekki á hið gamla og góða með tillögum mínum, því að hinn andlegi kjarni biskupsvaldsins átti að vera hinn sami og áður var. Jeg vil ekki hrófla við undirstöðuatriðum þjóðfjelagsbyggingarinnar. Meðal þeirra tel jeg hæstarjett. Borgararnir þurfa að hafa sem besta tryggingu fyrir því, að rjettlátur úrskurður falli um mál þeirra.

Jeg nefndi gömlu siðina á Englandi, hárkolluna o. fl., sem dæmi upp á það, hvað Englendingar væru fastheldnir í venjum sínum, bæði að því er hæstarjett

og parlamentið snertir, en ekki af því, að jeg ætlaðist til, að farið yrði að taka þá upp hjer.

Jeg sje nú ekki annað en í nál. sje fyrirboði þess, að miðdómstig verði sett á stofn mjög bráðlega. Enda bjóst háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh) við, að svo myndi verða. Það er því spá mín, að verði hæstarjetti breytt nú, þá muni slíkt dómstig koma á næsta ári. Þetta er vitanlega spádómur, en jeg býst fastlega við, að hann rætist. Sjá þá allir sparnaðinn, sem af þessari breytingu leiðir, því að slíkt dómstig myndi kosta miklu meira en það, sem sparast við þessa breytingu á hæstarjetti.

Það má ekki villa neinum sýn, þó að dómarar í hæstarjetti sjeu fáir. Hitt er aðalatriðið, að þessir dómar hafa róttæka þýðingu fyrir borgarana. Og aðeins það, að eiga traustið og virðinguna fyrir hæstarjetti, það skiftir afarmiklu máli fyrir þjóðina.

Jeg er þakklátur hv. þm. Seyðf. fyrir það, að hann tók í sama strenginn og jeg, að ekki væri rjett að losa dómsmálaráðherrann við þá ábyrgð, sem á honum hvílir með að skipa dómstjóra, því að kosning dómstjóra myndi ekki vekja virðing fyrir rjettinum.

Jeg trúi því ekki, að hv. 4. landsk. þm. (JM) vilji láta kjósa undirdómara, og láta þá aftur kjósa hæstarjett.

Jeg tek ennþá fram, að jeg tel mjög óviðurkvæmilegt að draga æðsta dómstól landsins inn í stöðugar þingdeilur og hafa stjórnarskrána að stöðugum leiksoppi.

Með öðrum orðum, jeg vil láta sníða embættisstakk þjóðarinnar eftir getu hennar, án þess þó að veikja þá hyrningarsteina, sem þjóðskipulagið hvílir á.

Frsm. (Jón Magnússon): Ræða hæstv. forsrh. (SE) hefir í raun og veru ekki gefið mjer tilefni til andsvara. En því vil jeg svara bæði honum og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), að jeg get ekki skilið, að það á nokkurn hátt geti rýrt álit hæstarjettar, þó að dómendur kjósi sjer sjálfir dómsforseta. En telji hv. þm. Seyðf. þetta mjög óheppilegt ákvæði, getur hann komið með brtt. til 3. umr., því að jeg þori ekki fyrir nefndarinnar hönd að lofa því, að þetta atriði verði fært í það horf, er hann óskar. En hvernig fer um þetta, tel jeg ekkert aðalatriði.

Þá get jeg heldur ekki fyrir nefndarinnar hönd sagt, hvað gera eigi við ritara hæstarjettar, ef embættið verður lagt niður. En jeg þykist vita, að nefndin telji núverandi hæstarjettarritara eiga alt gott skilið. En þar sem hann er maður á besta aldri og mjög vel starfhæfur, er þess að vænta, að hann þurfi ekki að bíða lengi þar til hann gæti fengið embætti aftur.

Það var mikið talað um það í launanefndinni, hvernig ætti að fara með menn, er svona stæði á um. Og kom öllum saman um, að ekki væri hægt að setja þá á biðlaun, þegar eftirlaunin væru afnumin, því að það væru greinar af sama stofni. En nefndinni kom aftur saman um, að væri embætti lagt niður, þá kæmi það til kasta þingsins, og því yrði að treysta, að það gerði vel við manninn, ef embætti hans væri lagt niður. En allshn. hefir ekki tekið afstöðu til þessa.

Hvað snertir hinn skriflega málaflutning, sem hv. þm. Seyðf. var að tala um og taldi mjög æskilegan, get jeg vísað til nefndarálitsins, því að þar sjest, að nefndin er ekki fjarri þeirri breytingu og hyggur, að það, sem hún leggur til, megi mikið bæta úr þeirri misfellu og sje stórt spor í áttina að hafa skriflegan málaflutning við hæstarjett. Því að jeg býst við,

að rjetturinn muni verða fús að breyta til og taka upp hinn skriflega málaflutning, ef þess væri óskað.

Forsætisráðherra (SE): Út af ákvæði 1. gr. frv., um að dómararnir kjósi sjer sjálfir forseta, vil jeg skjóta þeirri fyrirspurn til háttv. frsm. (JM), hvort þar sje ætlast til, að einn sje forseti þetta árið og annar hitt. *(JM:* Já). Úr því svo er, má telja víst, að þar verði eilífur eldur, eilífur flokkadráttur árs árlega.

Ennfremur vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm., hvort hann ætlist til, að hafður sje settur maður í dómaraembættinu jafnvel 4—5 ár. Því það er altaf talið mjög vont að þurfa að hafa setta menn í dómarastöðum eins og þessum, því með því veikist aðstaða dómsvaldsins gegn umboðsvaldinu.

Frsm. (Jón Magnússon): Út af síðustu fyrirspurn hæstv. forsrh. (SE) vil jeg benda honum á, að það er beinlínis lögskipað, hverjir taki sæti í hæstarjetti, ef dómararnir falla frá, og eins og hann mun vita, eru það lögfræðiskennarar háskólans. Verður því að teljast nokkurnveginn trygt, að þau sæti verði altaf nokkurnveginn vel skipuð, þó að sett sje í þau.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EP, EÁ, GÓ, IHB, IP, JM, JJ, SJ, HSteins.

nei: BK, HSn, JJós, JóhJóh, SE.

2.—4. gr. samþ. með 11:1 atkv.

Brtt. 137,1 (ný 5. gr.) samþ. með 11. shlj. atkv.

5.—8. gr. (verða 6.—9. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 137,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, (verður 10. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

10. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Málsgr. á undan 1. gr., með áorðnum breytingum samkv. atkvgr., samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:2 atkv.

Á 23. fundi í Ed., miðvikudaginn 19. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 157, 160, 168).

Jóhannes Jóhannesson: Jeg hefi ásamt fjórum öðrum hv. deildarmönnum leyft mjer að koma fram með brtt. við frv. það, er hjer liggur fyrir, á þskj. 160, er fara í þá átt, að hæstirjettur fái að halda dómstjóra sínum.

Jeg mintist á þetta atriði við 2. umr. þessa máls, og get því verið stuttorður nú.

Frv. það, er hjer liggur fyrir, er borið fram af hv. flm. þess í sparnaðarskyni og til þess að koma í veg fyrir það, að farið verði að sameina hæstarjettardómaraembætti við kenslu í lögum við háskólann. Tilgangur þess næst að því er bæði þessi atriði snertir, þó breyting sú nái fram að ganga á frv. eins og það liggur nú fyrir, sem við förum fram á.

Jeg þykist þess nefnilega fullviss, að sanngjarnt og rjett myndi þykja, að væntanlegur forseti í hæstarjetti fengi einhver laun eða þóknun fyrir þau sjerstöku störf, er á honum hvíla umfram hina hæstarjettardómarana, eins og líka hæstirjettur gengur út frá í álitsskjali sínu, og sú þóknun þarf ekki að vera mikil til

þess, að sparnaðurinn við niðurlagningu dómstjórastöðunnar verði hverfandi.

Það getur því ekki verið neitt kappsmál fyrir hv. flm. eða hv. allshn. að halda fast við þessa breytingu, enda lýsti hv. flm. og frsm. nefndarinnar því yfir við síðustu umræðu, að svo væri ekki, þótt ekki vildi hann lofa, að nefndin kæmi fram með brtt. í þessa átt.

Okkur flm. brtt. á þskj. 160 þykir gengið nógu nærri hæstarjetti með breytingum þeim, sem frv. gerir á honum — og sumum alt of langt — þótt hann fái að halda dómstjóra sínum sem sjerstökum embættismanni.

Oss flm. þykir það mundu rýra hæstarjett jafnvel ennþá meira en dómendafækkunin og niðurlagning hæstarjettarritaraembættisins, ef dómstjórinn yrði aftekinn og skiftandi forsetar kæmu í stað hans. Dómstjóri hæstarjettar er höfuð dómarastjettar þessa lands, alveg á sama hátt eins og biskupinn er höfuð kennimannalýðsins, landlæknir höfuð læknanna og forsætisráðherra höfuð framkvæmdarvaldsins, og jeg fyrir mitt leyti álít stöðu hans eins virðulega og þýðingarmikla og stöður hinna. Hver einasti upplýstur maður í landinu veit nú, hver er dómstjóri hæstarjettar, og svo á það að vera, en hver af ykkur, hv. deildarmenn, veit t. a. m. nú, hver er háskólarektor í ár? Jeg veit það að minsta kosti ekki. — Að muna ekki með vissu, hver væri dómstjóri í þeim rjetti, sem landsmenn eiga eiginlega alt sitt undir, þætti mjer næsta óviðurkvæmilegt.

Jeg veit ekki, hvaðan hv. flm. hefir komið hugmyndin um að leggja þetta embætti niður. Þjóðin hefir ekki heimtað það. Jeg hefi að minsta kosti ekki orðið þess var, að þess hafi verið krafist á nokkrum þingmálafundi eða að nokkurt blað hafi minst á, að það væri tiltækilegt, hvað þá heldur nauðsynlegt.

Fyrirkomulag það, sem koma á í staðinn, forsetakosning, get jeg ekki sjeð, að hafi neitt til síns ágætis fram yfir hitt. Jeg fyrir mitt leyti er hræddur um, að dómstjórastörfin yrðu ver rækt, ef sami maður ætti ekki að hafa þau nema eitt eða tvö ár í einu á hendi, og ábyrgðartilfinningin fyrir því, að alt fari vel úr hendi að því er rjettinn snertir, ef hún á aðallega að hvíla á 3 mönnum, í stað eins.

Forsetaval gæti og leitt út í ógöngur og til þess, að rjetturinn yrði höfuðlaus og enginn forseti kosinn.

Hvernig færi t. a. m., ef dómararnir þrír kysu hver annan til forseta, eða segjum, að hver þeirra kysi sjálfan sig. Hver þeirra fengi þá eitt atkvæði og enginn yrði kosinn, ef stífni kæmist í málið, og rjetturinn þá höfuðlaus og óstarffær. Til þessa ætti ekki að stofna að nauðsynjalausu.

Jeg vona því, að háttvirt deild, eða meiri hluti hennar, verði okkur flm. brtt. á þskj. 160 samdóma um það, að enginn nauður reki til að fara að gera *þessa* breytingu á hæstarjetti, og samþykki brtt. okkar.

4. brtt. gengur í þá átt, að 11. gr. frv. falli alveg niður. Við nánari athugun sjest, að ef fella á frv. þetta inn í lögin frá 1919, þarf að gera fleiri breytingar á þeim, og hæstarjettarlögin eru ekki svo mikið notuð af almenningi, að nauðsyn sje á, að þau sjeu í einu lagi.

Þá hefir hv. frsm. allshn. tjáð mjer, að nefndin mundi bera fram frv. um breytingu á launalögunum, til þess að samræma þau þessu frv., ef það verður að lögum.

enda er það nauðsynlegt, að minsta kosti að því er hæstarjettarritarann snertir.

Jónas Jónsson: Þegar hv. allshn. ræddi þessi atriði, hafði jeg ekki hugsað mikið um breytingarnar, en eftir því, sem meira hefir verið um það atriði talað, því sannfærðari hefi jeg orðið um það, að breytingarnar eru rjettmætar. Furðar mig, hversu mikið kapp menn leggja á það, að breytingarnar verði feldar. Mjer virðist meiri trygging fyrir því, að bestu mennirnir verði dómstjórar, ef þeir eru kosnir innan rjettarins, heldur en ef þeir eru skipaðir af hinu pólitíska valdi. Vona jeg því, að breytingarnar nái fram að ganga, því að þær fara greinilega í rjetta átt.

Forsætisráðherra (SE): Jeg er þakklátur hv. þm. Seyðf. og öðrum hv. flm. brtt. Hv. þm. rökstuddi till. vel og ítarlega, og hefi jeg ekki ástæðu til að bæta þar miklu við. Þó vildi jeg leyfa mjer einu sinni ennþá að benda á það, að með þessari breytingu getur hæglega skapast meiri og minni hluti í rjettinum, þannig að tveir menn hjeldu þar saman til þess að ráða rjettinum, og gæti slíkt mjög haft áhrif á niðurstöðu málanna. Svo mikið sem jeg er á móti því að fækka dómendum, þá er jeg ennþá meir á móti því, að þessi breyting nái fram að ganga. Jeg er sannfærður um, að hún yrði ekki til þess að auka virðingu rjettarins. Enda sje jeg ekki ástæðu til þeirrar breytingar, því jeg hefi aldrei heyrt, að nein umkvörtun hafi komið yfir því, að justitiarius sje skipaður en ekki kosinn. Hvað það snertir, sem hv. 5. landsk. sagði, að lögfræðingum bæjarins litist vel á breytinguna, þá skal jeg geta þess, að fyrst og fremst er hæstirjettur sjálfur andvígur breytingunni og ennþá hefi jeg ekki hitt lögfræðing í bænum, sem ekki er óánægður með breytinguna og leiður yfir því, að háttv. 4. landsk. skyldi verða til þess að koma fram með hana.

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg þarf ekki að tala langt mál að þessu sinni. Get látið mjer nægja að vísa til þess, sem hv. 5. landsk. hefir sagt, og til greinargerðar nál. Jeg viðurkendi það við 2. umr., að þó að breyting þessi væri ekki sprottin af sparnaðarástæðum, þá áliti jeg, að dómstjórinn ætti ekki að hafa aukaþóknun fyrir starf sitt. Þegar dómendum rjettarins er fækkað, þá er það nauðsynlegt, að allir dómendurnir taki sem jafnastan þátt í dómsstörfunum. Það er vitanlegt, að þegar sami maður er dómstjóri um lengri tíma, þá hefir hann ekki jafnmikla æfingu í dómarastörfunum sem hinir dómendurnir, þar sem hann hefir ekki annað að gera en að velja á milli dómsatkvæða hinna, ef þá greinir á, nema í þeim örfáu tilfellum, að hann vildi gera ágreiningsatkvæði. Þegar dómendur eru 5, er öðru máli að gegna í þessu efni heldur en ef þeir eru aðeins 3. Rjetturinn hefir í fyrra tilfellinu betur ráð á að missa þannig einn mann frá dómsstörfunum sjálfum. Menn hafa talað um það í þessu sambandi, að það sje til þess að viðhalda virðuleik rjettarins, að halda beri þeirri venju að skipa dómstjórann. En mjer finst ekki svo, og mjer er heldur ekki kunnugt um það, að nein metorðaskrá sje til hjer. Held jeg, að það muni á engan hátt rýra álit rjettarins, þó að breyting sú, sem um er að ræða, nái fram að ganga, og jeg býst satt að segja við, að það verði hollast að skoða öll embættin jafnvirðuleg. Það er nú einu sinni svo, að Íslendingar eru svo demókratiskt hugs-

andi, að þeim mun áreiðanlega þykja hæstirjettur jafnvirðulegur, enda þótt dómstjórinn sje kosinn af dómendunum, en ekki skipaður af landsstjórninni. Eða finst mönnum biskupsembættið óvirðulegt fyrir það, að biskupinn er kosinn af prestum landsins? Eða forsetar Alþingis, eða rektor háskólans o. s. frv.? Þess eru mörg dæmi með öðrum þjóðum, að kosið sje til slíkra mjög virðulegra embætta. T. d. má geta þess, að í Englandi er kosið til jafnvirðulegs embættis sem Lord mayors-embættisins í hvaða borg þess lands sem er. Fyr á tímum var það konunglegt embætti, en nú er því breytt. Mun svo vera um mörg fleiri virðuleg embætti, án þess að slík breyting hafi haft nokkur rýrandi áhrif út á við. Þeir, sem vilja vita, hver sje dómstjóri hvert ár, geta sjeð það í auglýsingu, sem birt verður í hvert skifti eftir kosninguna. Sú fullyrðing hv. andstæðinga breytingarinnar, að störf dómstjórans verði ekki rækt eins vel, ef breyting fær fram að ganga, held jeg að ekki sje sögð í þeim tilgangi, að hún sje tekin alvarlega.

Hæstv. forsrh. sagði, að fyrir gæti komið, að enginn yrði löglega kosinn dómstjóri. Ef það kæmi fyrir, þá held jeg að ekki væri annað að gera en að höfða sakamál á hendur öllum dómendunum fyrir alveg einstök embættisafglöp. Annars skal jeg ekki fjölyrða um þetta. Atkvæðin verða að skera úr málinu. Jeg þykist hafa fært nægileg rök fyrir mínum málstað. Hvort þetta fyrirkomulag á sjer stað við svipaðar stofnanir annarsstaðar, veit jeg ekki og hefi ekki rannsakað það sjerstaklega.

Forsætisráðherra (SE): Jeg verð að spyrja hv. 4. landsk. þm., hvort hann viti til þess, að þetta fyrirkomulag eigi sjer annarsstaðar stað. Ef svo er ekki, hvers vegna eigum vjer þá að taka fyrstir upp þessa nýung? Hvað snertir það atriði, að allir dómendur eigi rjett til sömu launa, þá skal jeg geta þess, að frá mínu sjónarmiði er ekkert því til fyrirstöðu, að dómstjóri hafi sömu laun og hinir dómendurnir, þó að hann sje skipaður, en ekki kosinn. Jeg legg enga áherslu á það, og fyrir mjer er það heldur ekki neitt metorðaspursmál, en jeg tel, að það verði meiri festa í rjettinum við það fyrirkomulag, sem nú er um þetta atriði, og því hefir ekki verið mótmælt. Jeg tel það mjög varhugavert að fara inn á þá braut, sem hjer er verið að gera, sem sje að skapa í hæstarjetti meiri og minni hluta, og finst mjer ekki sitja á Alþingi að stofna til slíks. Hv. 4. landsk. þm. mintist á forseta Alþingis og háskólarektor í þessu sambandi, en slíkt er alls ekki sambærilegt við breytingu þá, sem hjer ræðir um. Annars skildi jeg ekki, hvernig hv. 4. landsk. þm. ætlaði að fara að því að höfða sakamál á hendur hæstarjettardómendum fyrir það, að enginn þeirra yrði löglega kosinn dómstjóri. Afleiðingin af slíkri ólöglegri kosningu yrði engin önnur en sú, að setja þyrfti ítarlegar reglur um kosninguna, hvort hún ætti að vera leynileg, hvernig fara ætti um kosningaúrslit í vissum tilfellum o. s. frv. Jeg get ekki neitað því, að mjer fyndist kominn broslegur blær á hæstarjett, ef breyting þessi verður samþykt. Jeg vil því skora á hv. 4. landsk. þm., að hann falli frá till. Hinsvegar ætti að geta orðið samkomulag um það að launa alla dómendur jafnt.

Frsm. (Jón Magnússon): Það var talað um það við 2. umr. þessa máls, að með frv. væri verið að stofna til ófriðar innan hæstarjettar. Jeg taldi slíkt óhugsandi þá,

og jeg geri svo enn. Jeg skal taka það fram einu sinni ennþá, að nefndin telur tiltækilegt og rjett að fækka dómendum rjettarins niður í 3. Jeg skal bæta því við, að ef 1. gr. frv. verður ekki samþykt, þá kemur til brtt. nefndarinnar. Það er rjett, sem hv. þm. Seyðf. tók fram, að ákvæði hæstarjettarlaganna frá 1919 eru ekki numin úr gildi, og mundi það því koma undarlega fyrir við uppprentunina.

Forsætisráðherra (SE): Meðan meðferðagirndin er jafnsterkur þáttur í sálarlífi manna og hún er nú, þá er hætt við, að hún komi fram, ef kjósa ætti dómstjóra, eins og farið er fram á með breytingu þeirri, sem um er að ræða. Er með því sundrung leidd inn í hæstarjett, og því leyfi jeg mjer að mótmæla. Vona jeg, að hið háa Alþingi taki þau mótmæli mín til greina.

ATKVGR.

Brtt. 160,1 feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, HSn, IP, JJós, JóhJóh, SE.

nei: EP, EÁ, GÓ, IHB, JM, JJ, SJ, HSteins.

Brtt. 160,2—4 teknar aftur.

— 168 samþ. með 8:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, IP, JJós, JóhJóh, JM, JJ, SJ, EP, EÁ, GÓ, HSteins.

nei: SE, BK, HSn.

Frv. afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 20. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 176).

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 27. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. verði vísað til allshn., þegar þessari umr. er lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 176, n. 387, 398).

Frsm. (Jón Kjartansson): Eins og hv. deild sjer á nál. á þskj. 337, hefir allshn. mælt með þessu frv. með vissum skilyrðum. Tveir af nefndarmönnunum hafa þó skrifað undir það með fyrirvara, en jeg hygg þó, að hv. 4. þm. Reykv. (MJ) hafi sinn fyrirvara þar, sem brtt. hans er. Jeg skal þegar taka það fram um mig sjálfan, að jeg er fyllilega sammála hv. 4. þm. Reykv. um efni brtt. hans, og hefði í rauninni getað skrifað undir nál. með sama fyrirvara og hann gerði. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir sjerstöðu um mörg atriði.

Skal jeg nú víkja að málinu sjálfu. Hæstirjettur er ekki gamall. Hann er stofnaður með lögum nr. 22, 6. okt. 1919, en tók til starfa 1. janúar 1920, og er því á fjórða ári. Með stofnun hæstarjettar er gerð gagngerð breyting á dómaskipuninni í landinu. Áður voru dómstigin, sem kunnugt er, 3 hjer á landi — undirrjettur og yfirrjettur, sem báðir voru í landinu, og svo hæstirjettur Dana, sem var æðsti dómstóll landsins.

Þegar hæstirjettur var stofnaður, var um leið afnuminn yfirrjetturinn og jafnframt hæstirjettur Dana sem æðsti dómstóll í íslenskum málum. Dómstigin urðu þannig tvö, í stað þriggja áður. Málaflutningur í yfirrjetti hafði verið skriflegur, en í hæstarjetti var tekinn upp munnlegur málaflutningur, sem hjer var alveg óþektur og hafði því engin skilyrði til að bera. Þrátt fyrir allar þessar breytingar, var lægsta dómstigið látið haldast óbreytt, ekkert bætt upp á það, enda þótt ófullkomið væri. Langalvarlegasta breytingin á dómaskipuninni með stofnun hæstarjettar var sú, að fækka dómstigum. Einkum var þetta alvarlegt atriði, þar sem yfirrjetturinn var lagður niður, eftir að hafa áunnið sjer traust og virðingu utanlands og innan og notið mikils trausts hjá hæstarjetti Dana, sem mun vera einhver hinn besti rjettur á Norðurlöndum. Það var því alvarlegur hnekkir fyrir dómaskipun landsins að missa þetta miðdómstig, án þess að bæta frumdómstigið nokkuð. Það er eðlilegt, að frumdómstigið sje ófullkomið, eins og það líka er. Menn verða þar að hafa dómstörfin í hjáverkum og eru ofhlaðnir öðrum óskildum störfum. Líka verður að líta á það, að þar er ekki fyrir hendi sú aðstaða, sem æskileg er og nauðsynleg, sem sje, að lögfræðingar flytji málin. Það sjest best, hve ófullkomið frumdómstigið er, þegar það er athugað, að af 39 dómum, er hæstirjettur hefir dæmt tvö síðustu árin, hafa 19 verið gerðir ógildir eða snúið algerlega við, 10 verið breytt að meira eða minna leyti, og einir 10 staðfestir. Þetta frumdómstig á þó vitanlega að vera grundvöllurinn undir rjettarfari landsins, og í framkvæmdinni reynist það svo, að langflestir verða að láta sjer dóma þess lynda, þar sem kostnaður við málskot til hæstarjettar er mörgum ókleifur. Þannig munu málaflutningsmenn þar taka lægst 300 kr. fyrir flutning máls, auk ýmislegs annars kostnaðar. Það liggur því í augum uppi, að hinn dýri málaflutningur fyrir hæstarjetti gerir mörgum ómögulegt að sækja rjett sinn þangað. Þar sem ríkið leggur fje til dómsmála, hlýtur tilætlunin að vera sú, að allir nái rjetti sínum, jafnt fátækir sem ríkir. Nefndin hefir því lagt aðaláherslu á að tryggja þetta. Hún lítur ekki eingöngu á þetta mál sem sparnaðarmál fyrir ríkissjóð, heldur fyrir einstaklingana, jafnframt því, að dómsöryggið sje trygt. Því er gert ráð fyrir í nál., að ekki sje dómendum í hæstarjetti fækkað fyr en miðdómstig er komið á aftur. Þetta miðdómstig ætti að vera svo ódýrt, að allir gætu átt aðgang að því. Skriflegur málaflutningur, sem altaf er ódýrari, yrði notaður þar. Í hæstarjetti, sem hefir munnlegan málflutning, er nú gerður skriflegur útdráttur úr málsskjölum, en sá útdráttur er mjög dýr.

Jeg fyrir mitt leyti álít, að dómaskipun landsins sje ekki borgið fyr en þetta fyrirkomulag kemst á, og fyr álít jeg, að ekki komi til mála að fækka dómendum í hæstarjetti. (*HK:* Og þó leggur nefndin það til). Hún leggur einmitt áherslu á, að þetta hvorttveggja verði samtímis: Fækkun dómenda í hæstarjetti og miðdómstig sett á stofn.

Það þarf engum blöðum um það að fletta, að dómsniðurstaðan verður tryggari, ef dómstigin eru fleiri, og því tryggari, sem fleiri dómendur sitja í hverjum dómi.

Mjer heyrist á hv. þm., að þeir sjeu hálfönugir yfir því, að nefndin skuli leggja aðaláherslu á þetta, en jeg get fullvissað þá um, að það er alveg óþarfi.

Jeg hefi tekið það fram, að nefndin lítur ekki eingöngu á sparnað ríkissjóðs í þessu efni, heldur einnig á sparnað einstaklingsins, og framar öllu á dómsöryggið í landinu.

Auk þess hefi jeg minst á, að kostnaður við miðdómstigið þyrfti ekki að vera mikill. Jeg get í því efni bent á leið, sem próf. Lárus H. Bjarnason hefir bent á áður, sem er í því fólgin, að hafa miðdómstigið í sambandi við bæjarfógetaembættið í Reykjavík. Þetta er leið, sem er vel fær, og ódýr um leið, og á þennan hátt álít jeg dómaskipun landsins vel borgið.

Það kann nú að vera, að ekki sje rjett af meiri hl. allshn. að mæla með frv. nú, þar sem hann leggur áherslu á þetta, að miðdómstigi verði komið á samfara fækkun dómenda í hæstarjetti. En nefndin telur víst, að þessu verði vel tekið bæði af hæstv. stjórn og hv. deild. Og eins og jeg hefi sýnt fram á, mundi lítinn kostnað af þeirri breytingu leiða, og sje jeg því ekki neitt til fyrirstöðu, að miðdómstigi verði komið á þegar á næsta ári. En ef hæstv. stjórn sjer sjer ekki fært að koma upp miðdómstigi á næsta ári, eða koma fram með frv. um það, mun jeg greiða brtt. hv. 4. þm. Reykv. (MJ) atkv. En jeg vona, að stjórnin sjái sjer þetta fært, að samfara fækkun dómenda í hæstarjetti verði komið á miðdómstigi. Hæstirjettur á að vera þrautalending, en ekki næsta trappa upp af hjeraðsdómunum. Jeg vona því, að deildin fallist á þær röksemdir, er jeg hefi fært fyrir þessu máli. Jeg álít, að ekki megi líta á þetta sem sparnaðarmál eingöngu. Rjettindi og eignir manna og jafnvel líf er í veði, ef dómsvaldið er ekki í góðu lagi. Og því er alls ekki sæmilegt að rýra það án þess að nokkuð komi í staðinn, hvorki gagnvart sjálfum oss nje öðrum þjóðum. Jeg vona því, að málið gangi fram eins og allshn. leggur til og að hæstv. stjórn sjái sjer fært að vinna að framkvæmd þess í samræmi við álit nefndarinnar.

Jörundur Brynjólfsson: Það kann nú að þykja undarlegt, að menn úr allshn. skuli standa upp til að andmæla frsm. nefndarinnar. En jeg hygg þó, að menn furði sig ekki á því, er þeir hafa heyrt alla málavexti. Eins og nál. ber með sjer, leggur nefndin óklofin til, að frv. verði samþykt óbreytt. Nú hefir háttv. frsm. (JK) látið í ljós, að hann sje samþykkur brtt. hv. 4. þm. Reykv. (MJ), og hann á sæti í allsherjarnefnd. Ef sú sætt, sem gerð var í nefndinni, hefði staðið, hefði jeg ekki þurft að kveðja mjer hljóðs nú, enda þótt jeg sje allvíða ósamþykkur nál. Jeg skrifaði undir það af tilhliðrunarsemi og vildi ekki gera ýms ummæli þar að ósamkomulagi, þótt jeg feldi mig ekki við þau. Nú hafa þeir hv. frsm. og hv. 4. þm. Reykv. klofið nefndina. Vjer hinir nefndarmenn erum því lausir allra mála um það, er í nál. stendur og er andstætt okkar skoðun. Jeg er ekki að lasta, að þessi skoðun komi fram, en það hefði verið viðkunnanlegra, að hún hefði komið fram í nefndinni sjálfri heldur en gefa út sameiginlegt nál. fyrst. Það var bæði þinglegra og sýndi, að menn skiftust eftir skoðunum, en um þessa framkomu er alt öðru máli að gegna. — Það atriði í nál., sem jeg vildi ekki taka afstöðu til, var miðdómstigið. Jeg ljet í ljós þegar í nefndinni, að jeg vildi ekki ákveða mig um það, en að jeg vildi þó helst ekki fara þá leið, ef annað væri hægt. Mjer fanst, að eðlilegast væri að samþykkja frv.

óbreytt og bíða til næsta þings og vita, hversu það gæfist, en þrátt fyrir þetta skrifaði jeg undir nál. til samkomulags, eins og jeg hefi tekið fram. Jeg varð þess var, að sumir af nefndarmönnum, eins og reyndar má sjá nú, lögðu ekki áherslu á, að málið yrði afgreitt á þessu þingi. Þeir tveir menn, er nú hafa klofið nefndina, hafa því leyst oss úr þeim vanda, er orðalag nál. hefði getað síðarmeir álitist, að maður væri bundinn við, því að vjer teljum oss alls ekki lengur bundna við nál.

Um málið sjálft er það að segja, að það er þrautrætt hjer á undanfarandi þingum. Það hefir ætíð verið borið fram í sparnaðarskyni. Og það hefir jafnan verið álitið, að rjettaröryggið yrði ekki skert fyrir þessa fækkun dómaranna, svo að nein áhrif hefði. Og þetta eru auðvitað höfuðatriðin.

Fyrri ástæðan víkur að landinu sjálfu. Það er ekki óveruleg upphæð, sem spara má ríkissjóðnum með þessu móti, að leggja niður 2 dómaraembætti og embætti hæstarjettarritara að nokkru leyti. Það verður vafalaust nær 30 þús. kr. en 20 þús., sem sparast árlega. Þetta hefir verið og er enn aðalástæðan fyrir þessu máli. Og þar sem nú er ennþá meiri ástæða en áður til að gæta hins mesta sparnaðar, eða menn hafa að minsta kosti miklu gleggri skilning á því nú, ætti þetta að vera miklu þyngra á metunum en áður.

Hin ástæðan snertir einstaklinga þjóðarinnar. Með þessum breytingum er mönnum gert auðveldara og ódýrara að leita rjettar síns en áður. Eftir þeim er opnuð leið til þess að hafa skriflega málfærslu, og verður það miklu ódýrara í framkvæmdinni heldur en það fyrirkomulag, sem nú er.

Af þessum 2 ástæðum ættu menn að geta fallist á frv. óbreytt, þar sem það er skoðun þeirra manna, sem kunnugir eru þessum málum, að öryggi rjettarfarsins yrði ekki skert í neinum verulegum atriðum. Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að hæstirjettur hefir dæmt 10 mál frá áramótum, og er jeg alveg viss um, að þó að hann væri ekki skipaður nema 3 mönnum, þá myndi honum hafa fullkomlega unnist tími til að íhuga ekki fleiri mál svo gaumgæfilega, að dómarnir gætu verið rjettir. Jeg efast um, að 5 menn komist altaf að rjettari niðurstöðu en 3, þó að mjer komi ekki til hugar að staðhæfa það.

Þess ber og að gæta, að hjá oss er ekki svo fjölbreytt atvinnulíf, að kunnugum mönnum með mikla lífsreynslu eigi ekki að veitast auðvelt að kynna sjer nógu vel málin, er koma til hæstarjettar, til þess að geta kveðið upp rjetta dóma. Ef vjer berum oss í þessu efni saman við aðrar þjóðir, þá er æðsti dómstóll vor ekki ver skipaður með 3 mönnum en t. d. Bandaríkjanna með 9 dómurum, sem á að leggja lokaúrskurð á mál 120 miljóna manna. Auðvitað hefir fólksfjöldinn ekki eingöngu áhrif á málefni þau, sem koma fyrir dómstólana, heldur miklu fremur hinir margvíslegu starfshættir þjóðanna og atvinnulíf, og þá mun það ljóst, að í Bandaríkjunum muni 9 menn hafa fult eins miklu að sinna og erfiðari aðstöðu að komast að rjettri niðurstöðu en 3 dómendur hjá oss.

Jeg hygg, að jeg hafi með þessum atriðum, sem jeg vjek nú að, bent nokkuð í þá átt, að fyrir þessar sakir sje óhætt að láta frv. ganga fram óbreytt. En ef svo virtist síðar, að rjettarfarið væri ekki nægilega örugt, mætti tala um það þá og gera þær ráðstafanir, sem henta þætti.

Verði brtt. hv. 4. þm. Reykv. (MJ)

samþykt, sje jeg ekki, að nokkuð sje í raun og veru eftir af frv. Ef fækkun dómara í hæstarjetti á ekki að komast á fyr en miðdómstig er sett, þá er algerlega óvíst, að menn geti orðið sammála um að samþykkja þetta dómstig. Þá fellur fækkunin niður af sjálfu sjer og frv. er orðið að engu, og væri þá betur, að menn hefðu sparað sjer fyrirhöfn og kostnað af þessu máli hjer í þinginu. Það kann að vera um þá, er vilja ekki láta málið ganga fram á öðrum grundvelli en þeim, að miðdómstig verði sett, að þeir telji fækkun dómenda óheppilega frá fleiri sjónarmiðum. T. d. munu þeir, er þykjast geta gert sjer vonir um dómarasæti í hæstarjetti, ekki telja það heppilegt, að embættunum verði fækkað. Og málaflutningsmenn munu varla óska skriflegrar málfærslu, því að það mundi varla auka tekjur þeirra. En hv. deild getur ekki lagt mikið upp úr slíkum ástæðum.

Það má minna á í þessu sambandi, að nú stendur alveg sjerstaklega vel á í hæstarjetti til þess að koma breytingunum í framkvæmd. Eitt sæti í rjettinum er laust, og má búast við því áður en líður á löngu, að annað sæti losni líka. Tel jeg því einmitt nú vel til fallið að gera þessar breytingar.

Niðurlagsorðum hv. frsm. (JK), um nauðsynina á því, að rjettarfarið sje örugt, er jeg alveg samdóma, en jeg geri ekki eins mikið úr því og hann, að það sje miklum mun öruggara með 5 en 3 dómurum.

Jeg þarf svo ekki að fjölyrða frekar um þetta. En það vil jeg þó segja að lokum, að mjer þykir miður, þegar nefnd hefir unnið að einhverju máli og tekið ákvörðun um það í sátt og samkomulagi að gera engan ágreining, að einstakir nefndarmenn skuli gera slíkan klofning, þegar inn í deildina kemur, eins og nú hefir komið í ljós.

Ágúst Flygenring: Þetta frv. er komið fram af sparnaðarástæðum. Það hefir verið tekið fram af þeim 2 hv. þm., sem talað hafa, að það sje eingöngu komið fram til sparnaðar, og ennfremur er það sagt berum orðum í nál. En þar er einnig tekið fram, að þetta sje síst til frambúðar, og er það undirstrikað.

Nú eru 5 dómendur í hæstarjetti. En ef vjer tökum tvo þeirra og setjum í sjerstakan yfirrjett, geta þá þessar 2 stofnanir orðið ódýrari en hæstirjettur er nú? Hinsvegar eru skoðanir manna mjög skiftar um það, hvort öryggi manna aukist nokkuð, þó að dóminum verði skift þannig, og hygg jeg, að það muni síst verða. Þegar ágreiningur verður í hæstarjetti um eitthvert mál, fer atkvæðagreiðsla fram eins og væri í tveim rjettum. En þá er ekki meiri trygging í því, að 2 menn greiði atkvæði í einum rjetti og 3 menn í æðri dómi heldur en 5 menn greiði atkvæði á þennan hátt í sama dóminum, heldur er tryggingin óneitanlega minni.

Sparnaður yrði enginn að þessu fyrir ríkissjóð, ef dómendum væri fækkað í hæstarjetti, en miðdómstig tekið upp, en máske nokkur fyrir suma þá, sem eiga í málaferlum. En þá er spurning, hve margir muni sætta sig við úrskurð miðdómsins, og fyrir þá, er vilja fá hæstarjettardóm á málum sínum, yrði þetta fyrirkomulag miklu dýrara. Það virðist því ekki vera sparnaður að því á neinn hátt að breyta hæstarjetti og stofna þriðja dómstigið. Nú virðist meiri hluta hv. allshn. ófært að ganga að frv. skil-

yrðislaust, þar sem öryggi vantar til móts við það, að dómurinn er skertur að 2 mönnum, og telur hann sennilega dóminn þá vera skertan að ⅖ í öllum efnum. Þessir ⅖ verða þá að koma fram einhversstaðar annarsstaðar, og af því leiðir sú uppástunga þeirra um miðdómstig, sem maður gæti kallað yfirrjett.

Það hefir verið sagt, að tegundir mála sjeu ekki jafnmargar meðal vor sem hjá öðrum þjóðum, en jeg hygg, að málin sjeu alt að því jafnmargvísleg og það fari altaf vaxandi fjöldi þeirra tegunda. Það má ekki taka nágrannalöndin til samanburðar í þessu efni og dómarafjölda þeirra, sem eiga á hverjum fingri sjerfræðinga í ýmsum greinum lögfræðinnar. Svo er ekki hjer á landi; vjer höfum menn með almennri þekkingu í lögfræði, en enga sjerfræðinga. Það virðist því óvarlegt að veikja þann dómstólinn, sem hefir æðsta úrskurðarvaldið, og ef sparnaður er enginn að því, þegar málið er krufið til mergjar, sje jeg enga ástæðu til, að það nái að ganga fram. Eins og nú stendur á hjer á landi, er nauðalítil vernd á lögreglusvæðinu. Og ef nú á að gera að engu, eða að minsta kosti veikja mjög, verndina á dómstólasvæðinu, hygg jeg, að muni fara um marga. Dómstólar vorir munu hafa getið sjer gott álit, og ætti því ekki að gera neinar breytingar á þeim, nema trygt sje jafnmikið öryggi sem verið hefir. Það tjáir ekki að hafa sparnaðinn einn fyrir augum, því að það gæti verið feikilegur ósparnaður að því að veikja dómstólana um of, eins og hv. frsm. tók fram. Skil jeg ekki, að menn skuli vera að gera sjer leik að því að breyta í þá átt, enda mun jeg greiða atkvæði á móti þessu frumvarpi.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hefi ekki heyrt neitt nýtt koma fram við þessar umræður, og hefi jeg því ekki annað að segja um þetta mál en það, sem jeg sagði í fyrra og nú á þessu þingi í hv. Ed.

Jeg hefi talið það forsvaranlegt að hafa aðeins 3 dómendur í hæstarjetti. Í greinargerð þessa frv. hefi jeg tekið fram, að frv. sje eingöngu borið fram í sparnaðarskyni. Jeg viðurkendi, að það væri í sjálfu sjer æskilegra að hafa 5 dómendur en 3, og því væri betra að þurfa ekki að spara í þessu efni. Og því er ekki að neita, að í raun og veru er meira öryggi í 5 manna dómstól en þriggja. En vjer verðum í svo mörgum efnum að gera oss ánægða með dálítið minna en stærri þjóðir þykjast þurfa. Tala dómendanna getur altaf verið álitamál. Það má segja, að 5 nægi ekki, heldur þurfi dómendurnir að vera 7, og verður því ekki neitað, að það væri betra. Öryggið fer þó ekki að öllu leyti eftir dómendafjöldanum, þó að það sje öllu meiri trygging í fleiri mönnum heldur en færri.

Jeg tel eftir högum vorum viðunanlegt að hafa 3 dómendur í hæstarjetti. Þarf jeg ekki að fara fleiri orðum um það, þar sem hv. allshn. hefir komist að sömu niðurstöðu. Jeg býst og ekki við því, að neinn muni hafa á móti því, að komist verði af án hæstarjettarritaraembættisins. Hvort sem dómendum verður fækkað eða ekki, má vel komast af með minna en óskift starf eins manns.

Jeg hefi sagt frá upphafi, að heppilegra væri að hafa miðdómstig, hvort sem fækkað verður í hæstarjetti eða ekki. En það er framtíðarmál. Verði það stofnað nú, er sparnaður enginn að þessari breytingu. Því get jeg engu lofað um það, að nú-

verandi stjórn leggi fyrir næsta þing frv. um slíkan miðdóm. Jeg tel það æskilegt, meðal annars af þeim ástæðum, sem hv. frsm. (JK) tók fram, að stofnaður sje miðdómur, en þó því aðeins, að hann geti orðið oss ódýr. Hefir verið bent á leið til þess, að kostnaður við hann verði ekki mjög mikill, sem sje að láta bæjarfógetann í Reykjavík og kennarana við lagadeild háskólans eiga sæti í honum. En því yrði ekki komið við fyr en þetta væri gert að skilyrði við veitingu þessara embætta. Það væri því miklu hreinna að segja, að menn vilji enga fækkun í hæstarjetti heldur en að setja það skilyrði, að miðdómstigi sje þegar komið á, því að þá er enginn sparnaður.

Um það hefir verið rætt, að spara kostnaðinn við hæstarjett á þann hátt, að dómararnir væru kennarar við lagadeild háskólans. Þetta fyrirkomulag tel jeg ófært í hæstarjetti, en í miðdómi gæti það vel átt sjer stað.

Hjer eru því ekki nema tveir kostir fyrir hendi. Annar sá, að fækka nú þegar dómendum í hæstarjetti, án þess að setja á stofn miðdómstig. Hinn er að fella frv. Það er enginn sparnaður, ef frv. þetta væri samþykt og um leið stofnaður nýr miðdómur. Það væri því, að mínu áliti, sama sem að vísa málinu á bug, ef tillaga hv. 4. þm. Reykv. (MJ) yrði samþykt, að þessi fækkun komi ekki til framkvæmda fyr en víst sje um það, að miðdómstig verði stofnað.

Þetta er einfalt mál, sparnaðarmál og ekkert annað. Það er sparnaður, sem jeg tel verjandi, og verður hver og einn hv. þm. að meta, hvernig hann lítur á þetta mál. Alt annað, sem um málið hefir verið rætt, eru aukaatriði. Það var borið undir hv. Ed., hvort hún teldi þessa fækkun verjandi eða ekki. Deildin svaraði því játandi. Nú verður þessi hv. deild að segja, hvernig hún lítur á þetta mál.

Að lokum vil jeg endurtaka, að það er framtíðarmál að setja á stofn miðdómstig. Það er heppilegra að því leyti, að málin verða betur undirbúin og málsóknin venjulega ódýrari fyrir almenning, þó að það sje reyndar stundum kostnaðarsamara að hafa 3 dómstig en tvö.

Magnús Jónsson: Það hefir nú þegar verið talað þó nokkuð með og móti brtt. minni, og skal jeg því ekki eyða miklum tíma í að tala um hana, enda er þetta svo mikið lögfræðingamál, að erfitt er fyrir leikmenn í jurisprudentíu að tala um það.

Jeg skal taka það fram, að jeg er mótfallinn öllum tilraunum um að spara verulega á hæstarjetti, hvort sem er með því að fækka dómendum, eins og hjer er farið fram á, eða með því að láta dómendur jafnframt hafa á hendi lagakenslu í háskólanum, svo sem áður hefir verið reynt. Þegar frv. var til umræðu í allshn., hjelt jeg þessu einlægt fram, og vildi jeg í raun og veru alls ekki afgreiða málið frá nefndinni. Það þarf því ekki að koma hv. 2. þm. Árn. (JörB) á óvart, hafi hann haft eyrun hjá sjer í nefndinni, þó að jeg gerði ágreining, enda skrifaði jeg undir nál. með fyrirvara. Annað er það, að jeg ber svo mikla virðingu fyrir sjerþekkingu, að þegar þetta mál er flutt af manni, sem hefir verið talinn ágætur lögfræðingur, og lögfræðingurinn í nefndinni táldi þetta fært, þá gat jeg illa staðið mig við að gera ágreining. En jeg tók það skýrt fram í nefndinni, að fyrirvari minn væri bundinn við það atriði, sem jeg hefi flutt brtt. um. Hafði jeg nokkra ástæðu til að halda, að stjórnin mundi gefa glögga yfirlýsingu um, að hún mundi

ekki fækka í hæstarjetti nema sett væri um leið á stofn miðdómstig, og hefði þá getað sætt mig við það.

En eftir að jeg komst að því, að erfitt var að fá slíka yfirlýsingu, og eftir að hæstv. forsrh. (JM) hefir meira að segja gefið yfirlýsingu í gagnstæða átt, þá þótti mjer vænt um, að jeg slepti ekki að koma fram með þessa brtt. Hún er í fullu samræmi við það, sem jeg hefi ávalt haldið fram í þessu máli, og í fullu samræmi við starfsemi mína í nefndinni. Jeg skal ekki fara neitt inn á það nú, hvort heppilegt muni vera að fækka hæstarjettardómurunum um tvo menn, en stofna aftur miðdómstól í staðinn; jeg er og tæplega nógu kunnugur dómstólastarfseminni til þess að vera fær um það. En um hitt blandast mjer ekki hugur, að sparnaðurinn, sem til er stofnað með frv., þarf ekki að vera að engu gerður, þótt miðdómstigið sje upp tekið. Ef t. d. bæjarfógetinn í Reykjavík ætti sæti í honum ásamt einum manni öðrum, þá myndu laun þess manns þó aldrei fara fram úr launum eins hæstarjettardómara. Við þetta myndu því sparast 10—20 þús. krónur, og er það engin smáupphæð, þegar tekið er tillit til þess, að hjer er um ekki stærri eða dýrari stofnun að ræða. Það er og mögulegt, að enn meira mætti spara með því, að einhver lögfræðisprófessoranna ætti sæti í miðdómnum ásamt bæjarfógetanum. Það getur verið mjög gerlegt, þótt hitt kunni að vera frágangssök, að slíkur maður ætti sæti í æðsta dómstól landsins.

Jeg á bágt með að sjá, að það yrði nokkuð til að tefja málið, þótt brtt. mín yrði samþykt, því samkvæmt 10. gr. frv. koma lögin hvort sem er ekki fyrst um sinn til framkvæmda. Hitt getur aftur komið fyrir, að kröfur komi fram um að stofna þennan miðdómstól, þótt ekki hafi neitt verið fækkað í hæstarjetti áður. Gæti það þá vel orðið til fyrirstöðu, að slík breyting næði fram að ganga, að menn þyrðu ekki að treysta tómu loforði um það, að dómurum hæstarjettar yrði síðar fækkað. Það myndi þá verða greiðari leið að fækka nú þegar í hæstarjetti með þessum skilyrðum. — Það er raunar ekki svo að skilja, að jeg leggi neina sjerstaka áherslu á, að þessi brtt. mín verði samþykt, en verði hún ekki samþykt, þá greiði jeg bara atkvæði gegn frv. — Jeg er sem sje alls ekki viss um, að það sje nokkuð betra fyrirkomulag, að hafa tvo dómstóla og færri í hæstarjetti, heldur en eins og nú er. En hitt er mjer ljóst, að það væri til stórspillis að fækka hæstarjettardómurunum úr 5 niður í 3 án þess að nokkuð kæmi í móti. Það eru oft mikilsvarðandi dómar, sem velta aðeins á álitamáli, og er þá tryggingin fyrir rjettum dómi stórkostlega minkuð, ef dómendum er fækkað niður í 3. Það yrði þá aðeins einn á móti einum og svo skæri þriðji maðurinn úr, og er fjarri því, að þar með sje fengin sú trygging fyrir rjettum dómi, sem heimta verður af æðsta dómstóli landsins.

Það má vera, að þessi brtt. komi í bága við 2. gr. hæstarjettarlaganna, og yrði þá að breyta henni til 3. umr.

Jeg hefi skrifað hjer upp nokkrar athugasemdir við það, sem fram hefir komið við þessa umr., en get vel slept að fara út í þær. Jeg skal þó aðeins taka það fram að því er snertir Bandaríkin, sem einn hv. þm. vitnaði í, að þar stendur alt öðruvísi á en hjer hjá okkur. Þau eru sett saman af mörgum sjálfstæðum ríkjum, þar sem gert er út um flest mál með hæstarjettinum heima fyrir; svo það eru aðeins sárfá mál, sem koma fyrir hinn sameiginlega hæstarjett allra ríkjanna. —

Skal jeg svo ekki orðlengja þetta meira að sinni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þótt þetta mál snerti mig ekki beint, þá vildi jeg þó gera litla aths. við það. Jeg vil þá fyrst vekja athygli hv. deildarmanna á því, að það vantar alveg skýringuna á því, hvernig þessu miðstigi eigi að vera varið. Meðan svo er á jeg að minsta kosti ekki hægt með að taka ákveðna afstöðu til þess. Það hefir verið sagt, að bæjarfógetinn í Reykjavík eigi að eiga þar sæti. En jeg veit ekki betur en að hann hafi ærinn starfa á sinni könnu fyrir. Hann verður að kveða upp 600—700 dóma á ári, og er það geysimikið starf. Að minsta kosti er það víst, að hann gæti ekki átt sæti í þessum miðdómstóli, nema bætt væri við hann starfskröftum í staðinn. Annars er ekki gott að komast að neinni fastri niðurstöðu í þessu meðan þetta svífur þannig alt í lausu lofti. Furða jeg mig á því, að hv. frsm. (JK) skuli halda, að hægt sje að láta þetta frv. ganga í gildi áður en miðdómstigið er á komið. Því í 10. gr. stendur, að lögin skuli koma til framkvæmda strax og dómarasæti losni, en þá gæti vel svo farið, að setja yrði upp miðdómstólinn með bráðabirgðalögum, eða þá að skjóta framkvæmd laganna á frest um óákveðinn tíma. Jeg vil þá heldur, að frv. sje felt en slíkt komi til. — Að því er snertir kostnaðinn við málaflutninginn, þá lít jeg svo á, að þessi miðdómstóll verði ekki til að draga úr honum, því það hefir jafnan reynst svo, að þegar um kappsmál er að ræða, þá una menn ekki öðru en að æðsti dómstóllinn skeri úr. Þýðir ekkert þó málaflutningsmennirnir dragi úr því og sýni mönnum fram á, að það sje þýðingarlaust; menn vilja samt sem áður ekki gefast upp fyr en í fulla hnefa.

Að því er snertir það, að málaflutningurinn verði skriflegur, þá mun það sáralítið draga úr kostnaðinum. Málaflutningsmönnum mun sjálfsagt verða borgað það sama og áður fyrir því. Auk þess eru það sjerstakar ástæður, sem valda því, að þessi málaflutningur er svo dýr nú, en þær ástæður munu innan skamms hverfa úr sögunni.

Jeg sje, að hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) á hjer brtt. Jeg hefi að vísu ekkert sjerlegt að athuga við hana, en vil þó skjóta því til hans, hvort hann geri samþykt hennar að svo miklu kappsmáli, að hann fallist ekki á frv., þótt hún nái ekki fram að ganga. Jeg spyr um þetta af því, að tíminn er nú orðinn svo naumur, að frv. myndi tæplega ganga í gegn, ef breytingar yrðu á því gerðar.

Mjer skildist á hv. þm. V.-Sk. (JK), að hann væri á móti munnlegri málafærslu við hæstarjett. Jeg tel hana aftur á móti sjálfsagða við alla æðri dómstóla. Yfirleitt verður málafærslan ljósari með því móti.

Að því er snertir tölu dómaranna í hæstarjetti, þá skal jeg taka það fram, að jeg hefði helst viljað haga þessu á nokkuð annan hátt en hjer er um að ræða, en annars get jeg vel felt mig við, að dómararnir sjeu ekki nema 3. Held jeg, að sú tala sje alls ekki ósennileg, borin saman við málafjöldann. Að vísu er það svo, að augu sjá betur en auga. En þess ber að gæta í samanburðinum við erlenda dómstóla, að þótt dómarar sjeu þar miklu fleiri, þá koma þeir ekki nærri allir til greina í hverju máli. Þar sem málafjöldinn er svo mikill, hafa þeir ekki tíma til að ganga allir í gegnum öll málin,

og skifta þeim því á milli sín. Hjer er þetta á hinn veginn. Jeg hefi heyrt hæstarjettardómara erlendis segja, að hann hafi ekki vitað neitt í sumum málum er hann kom í rjettinn. Dómur hans varð því einungis að byggjast á því, sem hann heyrði af vörum málaflutningsmannanna. Eins og menn vita, er þessu alt öðruvísi varið hjer.

Að lokum skal jeg taka það fram, að jeg tel það illa farið, ef tekið verður að grauta í málinu hjer, eftir að það hefir nú verið samþykt í hv. Ed. Það yrði væntanlega til að hefta för þess gegnum þingið, og væri því æskilegt, að það yrði samþykt eins og það liggur fyrir.

Árni Jónsson: Þetta frv. er eitt af þeim mörgu, sem flutt eru í sparnaðarskyni. Tilgangur þess er að því leyti mjög lofsverður og viðurkenningarverður. Jeg hefi fylgt flestum slíkum frv., sem hjer hafa komið fram, en jeg skal játa það strax, að jeg á mjög bágt með að sætta mig við þetta frv., sem hjer liggur fyrir. Við verðum að gæta þess, að hjer á í hlut æðsti dómstóll okkar, en æðsti dómstóll hverrar þjóðar er hennar helgasta stofnun, sem ekki á að hrófla neitt við, nema mjög mikið sje í húfi. Hver borgari í siðuðu þjóðfjelagi verður að hafa tryggingu fyrir því, að hann verði aldrei órjetti beittur fyrir æðsta dómstóli þjóðarinnar. Hann þarf að hafa tryggingu fyrir því, að rjettur hans sje þar aldrei fyrir borð borinn. Og sú trygging verður aldrei metin til fjár. Ef því þessi sparnaður, sem hjer er farið fram á, gæti á nokkurn hátt orðið til þess að veikja traust rjettarins, og þar með rjettaröryggið í landinu, þá er hann mjög varhugaverður. Því það er með sparnaðinn eins og annað, að of mikið að öllu má gera.

Jeg verð að álíta, eftir því sem fram hefir komið, að þessi breyting verði til þess að veikja traust rjettarins. Málaflutningsmannafjelagið hefir haft þetta mál til umræðu, og var þar kosin þriggja manna nefnd til þess að athuga það. Var Jón Ásbjörnsson málsvari þessarar nefndar og gerði mjög ítarlega grein fyrir áliti hennar nú nýlega í Morgunblaðinu. Býst jeg við, að hv. deildarmenn hafi flestir lesið þá grein. Einnig má á það benda, að dómararnir sjálfir eru á móti þessari breytingu.

Álit dómsins út á við myndi einnig bíða mikinn hnekki við þessa breytingu. Nágrannaþjóðirnar hafa í sínum hæstarjetti: Norðmenn 17 og Danir 13 dómara. Hjer er ekki til neins að vitna í það, að þetta sjeu svo svo miklu fólksfleiri þjóðir heldur en við, enda hefðu Danir þá átt að hafa fleiri dómara, í hlutfalli við Norðmenn. Löggjöf okkar mun vera álíka flókin og umfangsmikil og löggjöf þessara þjóða, en á það verður að líta, þegar ákveða á fjölda dómaranna. Þegar löggjöfin er orðin jafnmargbrotin og nú, er það ekki á færi eins eða tveggja manna að dæma svo, að fullörugt þyki.

Það hefir einnig verið á það bent, að samkvæmt hlutarins eðli verði altaf nokkrir aldraðir menn í þessum rjetti, og það er hætt við, að oft geti farið svo, að að minsta kosti einn dómarinn sje orðinn lítt fær um að annast hin erfiðu og ábyrgðarmiklu störf sín fyrir aldurs sakir.

Hjer á árunum, fyrir 30—40 árum síðan — það var á þingunum 1885—91 — barðist Benedikt heitinn Sveinsson fyrir flutningi hæstarjettar inn í landið. Í frv. hans 1891 er svo ákveðið, að dómararnir skuli vera 5; átti að bæta tveim dómurum við landsyfirrjettinn. Þannig leit þessi

maður á málið fyrir mannsaldri síðan. Hann taldi ekki öryggið fullt, ef dómendurnir væru færri. Þá var hagur landsins mjög erfiður, þótt hann ef til vill væri ekki út af eins erfiður og nú, og þá voru heldur ekki komnar allar hinar stórkostlegu byltingar í atvinnuvegum vorum og löggjöf, sem nú er. Það er því auðsjeð, að hafi þá verið þörf á 5 dómurum í rjettinum, þá er hún miklu brýnni nú.

Hv. allshn. hefir verið þetta ljóst, að rjettaröryggið bíður hnekki við það, ef þessi breyting nær fram að ganga. Og hún leggur áherslu á, að þetta fyrirkomulag megi ekki vera til frambúðar. Hún segir berum orðum, að hún líti svo á, að dómsvaldið sje ekki nægilega örugt, ef dómendum í hæstarjetti verði fækkað fyr en stofnað er miðdómstigið, er verði áfrýjunarrjettur frá undirrjetti til hæstarjettar. En samt sem áður mælir nefndin með því, að frv. nái fram að ganga óbreytt. Þetta er í mínum augum mjög einkennilegt, því þótt nefndin geri ráð fyrir, að stjórnin undirbúi þetta miðdómstig fyrir næsta þing, þá er það engin trygging. Vel getur svo farið, að dómarar í hæstarjetti deyi fyrir þann tíma, og þá verða ekki skipaðir menn í þeirra stað samkvæmt frv. Það getur því farið svo, að rjettaröryggið, sem nefndin leggur svo mikla áherslu á, biði hnekki á þessum tíma. En það má það ekki. Þjóðin má ekki missa traustið á þessum dómstóli sínum eitt augnablik.

Þá er annað að athuga við stofnun þessa miðdómstóls og kostnaðarhliðina. Látum svo vera, að ríkissjóður verði ekki fyrir miklum auknum útgjöldum við stofnun þessa miðdómstigs. En það er almenningur, sem verður að borga. Sje gert ráð fyrir, að hvert mál kosti 500 kr. og 50 mál komi fyrir rjettinn á ári, þá eru það 25 þús. kr., sem fara úr vasa almennings á ári fram yfir það, sem nú er. Mjer finst hv. nefnd því hopa hjer frá sparnaðartilganginum, því sparnaður fyrir ríkissjóðinn, sem lenti á herðum borgaranna, er í rauninni falskur sparnaður. Ríkissjóðurinn á jafnan að vera spegilmynd af efnahag borgaranna. Blásnauðir borgarar og troðfullur ríkissjóður er hrein fjarstæða.

Þó ljett sje af ríkissjóði útgjöldum, þá er slíkur sparnaður í raun og veru enginn sparnaður, ef almenningur verður ekkert betur úti. Líka vil jeg benda á það, að eftir því sem dómstigum fjölgar, tefst lengur að fá fullnaðarúrskurð um málin. Það er óhætt að segja, að úrskurður fáist einu ári seinna, ef bætt er við nýju dómstigi. Jeg veit hreint ekki, hvort það er heppilegt að fara þá leið. Jeg hneigist helst að því, að halda beri því fyrirkomulagi, sem nú er.

Loks vil jeg fara nokkrum orðum um brtt., sem jeg hefi borið fram við 6. gr., þar sem talað er um ágreiningsatkvæði í dómnum, að í stað þess, að þar er ákveðið, að dómarar eigi heimting á, að atkvæðin sjeu birt, komi: *skuli* verða birt. Þetta er gert til þess, að dómararnir leggi sig fram eins og unt er, því með þessu móti er girt fyrir það, að einn dómari geti varpað ábyrgðinni af sjer yfir á rjettinn. Þetta fyrirkomulag hefir verið reynt í Noregi og gefist þar vel, og vona jeg því, að till. þessi fái góðan framgang.

Frsm. (Jón Kjartansson): Mjer þykir leiðinlegt, að umræðurnar hafa mestar snúist að því að misskilja mig og hv. allsherjarnefnd í þessu máli, og á hv. 2. þm.

Árn. (JörB) mesta sök á þessu. Hann ber okkur hv. 4. þm. Reykv. (MJ) það á brýn, að við höfum snúist í þessu máli. En jeg býst við, að hver hv. þdm., sem lítur á nál., sjái á því fljótt, að við höfum ekki snúist. Ætla má, að menn, sem skrifa undir nál. með fyrirvara, sjeu á móti því, en hinir, sem skrifa undir fyrirvaralaust, sjeu því fylgjandi. Nú skrifaði hv. 2. þm. Árn. undir nál. fyrirvaralaust, en þar stendur berum orðum: „Er öll nefndin sammála um það að skora á ríkisstjórnina“ o. s. frv. En nú virðist hv. 2. þm. Árn. vera farinn að líta á málið í aðalatriðum á annan hátt en hann hefir sýnt með undirskrift sinni undir nál. Jeg skildi það svo í nefndinni, að skoðanamunur milli okkar, sem skrifuðum undir nál. fyrirvaralaust, og háttv. 4. þm. Reykv. væri í rauninni ekki annar en sá, að hv. 4. þm. Reykv. vildi, að nefndin flytti brtt. við frv. um miðdómstigið, en við hinir vildum það ekki, því við töldum víst, að þessari leið yrði svo vel tekið, bæði af hæstv. stjórn og hv. deild. Ef hæstv. stjórn vill styðja þessa leið og hv. deild tekur vel í hana, mun jeg greiða frv. atkvæði óbreyttu. Og jeg vona, að svo fari, því það verður málinu fyrir bestu.

Jeg sje annars ekki ástæðu til þess að deila við hv. 2. þm. Árn. Það hefir verið sýnt fram á, að það nær engri átt að miða tölu dómara við fólksfjölda og bera saman tölu dómenda í hæstarjetti hjá oss við tölu dómenda í hæstarjetti Bandaríkjanna eða annara miljónaþjóða. Væri sá samanburður frambærilegur, ættum við ekki að hafa nema örlítið brot úr manni í hæstarjetti vorum.

Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) taldi, að enginn sparnaður yrði fyrir ríkissjóð að þessu frv. að neinu leyti, þótt miðdómstig kæmist á, og að það mundi verða ósparnaður fyrir borgarana. Þetta byggist á misskilningi hjá hv. þm. Hann hjelt því sem sje fram, að því fleiri sem dómstigin væru, því dýrari yrði málarekstur-inn; því hann virtist ganga út frá því, að málin yrðu að ganga gegnum öll dómstigin. Hjer er jeg hv. þm. alveg ósammála. Það hefir komið í ljós við reynsluna, að því betri sem áfrýjunardómstóll er, því færri mál fara upp fyrir hann. Og það nær ekki nokkurri átt, að það auki borgurunum kostnað, að geta leitað fullkomins rjettar hjá miðdómstóli. En hitt er hart fyrir einstaklingana, að verða að leita hæstarjettar fyrir ofurlitla formskekkju á dómi, og leiðinlegt líka fyrir hæstarjett að þurfa að fást við illa undirbúin mál frá frumdómstigi, eins og áður hefir verið bent á.

Niðurstaðan af þessu yrði öll önnur, ef miðdómstig væri til. Reynsla síðustu ára sýnir, að næstum helmingur af þeim dómum, sem koma fyrir hæstarjett, er gerður ónýtur, getur ekki staðist. Af þessu er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá, að einstaklingar hafi í mörgum tilfellum orðið að sætta sig við gallaða dóma, vegna þess, hve frumdómstigið er ófullkomið, en hæstirjettur dýr. Það er ljóst, að frumdómstigið hlýtur að vera aðaldómur fjölda mála, sem sjest á því, hve fá mál koma fyrir hæstarjett.

Hæstv. forsrh. (JM) lýsti yfir því, að þetta frv. væri eingöngu fram komið sem sparnaðarfrumvarp. Þetta er rjett, og allsherjarnefnd var þetta kunnugt. En hún leit svo á, að ekki bæri að líta á það eingöngu sem sparnaðarmál. Jeg vil líka leiðrjetta það, sem fram hefir komið hjá hæstv. forsrh. og fleiri hv. þdm., sem til máls hafa tekið, að mikill sparnaður væri að þessu frv., ef það yrði samþykt eins og það liggur fyrir, en enginn, ef það

yrði látið bíða þangað til miðdómstiginu væri komið á, eða til næsta árs. Í þessu sambandi vil jeg þá benda hæstv. forsrh. og öðrum á 10. gr. frv. En þar er gert ráð fyrir því, að lögin komi ekki til framkvæmda fyr en dómarasæti fasts dómara losnar næst í hæstarjetti. En það geta orðið æðimörg ár að bíða eftir því. En vilji stjórnin undirbúa hitt, svo sem allsherjarnefnd leggur til, þá verður miklu meiri sparnaður að þessu frv., því eins og menn vita, getur stjórnin, ef henni sýnist, flutt mann úr hæstarjetti í miðdómstigið, samkvæmt 57. gr. stjórnarskrárinnar, því þá er hún að gera breyting á dómaskipun landsins. Aftur á móti, ef aðeins á að fækka dómendum í rjettinum, þá sitja þeir á fullum launum, sem úr fara. Jeg skil því ekki, hvað fyrir hæstv. stjórn og hv. þdm. vakir, þegar þeir eru að tala um sparnað í þessu sambandi, nema þeir voni, að þessir menn fari að deyja bráðlega. En þeir eru, eins og kunnugt er, góðir dómarar og bestu borgarar, og er vonandi, að þjóðin megi njóta þeirra sem lengst. Jeg held því, að það sje ekki rjett, að það sje sama og að vísa málinu á bug, ef lagt er til, að stjórnin vinni að því að koma á miðdómstigi.

Jeg hefi nú lýst minni skoðun að því er snertir stofnun miðdómstigsins, þó jeg geti að sjálfsögðu ekki orðið við tilmælum hæstv. atvrh. (MG) um að leggja fram áætlun um kostnað þann, er það mundi hafa í för með sjer. En jeg hygg þó, að það hefði ekki í för með sjer annan kostnað en þann, að einn maður nýr kæmi að bæjarfógetaembættinu hjer í Reykjavík, og skiftu þeir svo með sjer málum þeim, sem hjer koma fyrir, en þegar málum er áfrýjað, má haga því á þann hátt, sem hagkvæmast þykir, annaðhvort að hvor þeirra dæmir þau mál, er undir þann málaflokk heyra, sem hann er dómari í, eða þá að þeir dæmi málin saman. En yrði ágreiningur, mætti bæta við prófessor úr lagadeildinni. Jeg get ekki betur sjeð en þessu mætti koma fyrir á þennan einfalda hátt, þannig, að bæði yrði til sparnaðar fyrir ríkið og einstaklingana.

Hæstv. atvrh. kvaðst hafa orðið hissa, er hann sá frágang allshn. á þessu máli, og taldi illmögulegt fyrir stjórnina að verða við tilmælum hennar, nema með því að gefa út bráðabirgðalög. Jeg er hissa á þessum orðum hæstv. atvinnumálaráðherra. Hæstv. ráðherra hefir enga vissu fyrir, að sæti fasts dómara losni fyrir næsta þing, og þó svo færi, þá er ofurauðvelt að láta 2 varadómendur sitja í rjettinum þangað til Alþingi hefir gengið frá miðdómstiginu. Hjer þarf því ekki að grípa til bráðabirgðalaga. Jeg hefi lýst yfir því, að jeg sætti mig við það, ef hæstv. stjórn lofaði því að undirbúa stofnun miðdómstigs. Og jeg vona, að hæstv. forsrh. sjái þann möguleika að koma því á stofn án mikils kostnaðar. En lýsi hann yfir því, að hann sjái þetta ekki fært, þá býst jeg við því, að jeg ef til vill greiði atkv. á móti frv.

Jeg vil enn slá fastri skoðun minni um nauðsyn á miðdómstigi, eftir að hæstv. atvrh. hefir lýst yfir því, að kostnaður við mál í hæstarjetti mundi ekkert lækka, þótt frv. yrði samþykt og skriflegur málflutningur innleiddur. Aðalatriði málsins fyrir mjer er það, að jafnt ríkir og fátækir geti náð rjetti sínum. Jeg er ósammála hæstv. atvrh. um það, að málarekstur fyrir yfirrjetti þyrfti að verða eins dýr og við hæstarjett. Við yfirrjettinn gætu fleiri flutt mál en lærðir lögfræð-

ingar. En þó það yrðu aðeins lögfræðingar, sem flyttu þar mál, þá mundu ýmsir eiga aðgang að málaflutningi þar, sem ekki mega flytja mál fyrir hæstarjetti, því mikið vantar á, að allir lögfræðingar eigi aðgang að honum. Þarna mundi því fjöldi manna vinna að málafærslustörfum og kostnaðurinn verða miklu minni.

Jeg er þakklátur hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) fyrir það að líta á málið aðallega frá þeirri hlið, sem snýr að sjálfu dómsvaldinu. Það er óforsvaranlegt af Alþingi að líta ekki einnig á þá hlið. En jeg hefi altaf verið þeirrar skoðunar, að öryggi rjettarins sje ekki komið í gott horf f en dómstigin eru orðin þrjú. Jeg veit, að ýmsir dómarar í hæstarjetti eru á annari skoðun, og einnig aðrir. En jeg held þ samt fast fram, að þetta sje eina la málsins, og þá fyrst sje dómaskipun okkar orðin forsvaranleg.

Jeg vona, að umræður fari að styttast, og eins að hæstv. stjórn sjái möguleika á því að koma á stofn miðdómstigi án verulegs kostnaðar fyrir ríkið. Jeg hefi áður lýst því, hvern möguleika jeg teldi líklegastan í þessu efni. Og jeg tel, að hægt sje að koma því strax í kring.

Forsætisráðherra (JM): Jeg held, að jeg þurfi nú engu við það að bæta, sem jeg sagði áðan. Það hefir enn ekkert komið nýtt fram í málinu fyrir utan spurninguna um miðdómstigið. Það er ekki misskilningur hjá mjer, að það yrði minni sparnaður, ef það ætti að stofna miðdómstig um leið og fækkað yrði dómurum í hæstarjetti. Það kynni að verða einhver sparnaður. En jeg get ekki hugsað mjer, að í miðdómnum yrðu aðeins tveir dómarar, heldur þrír. Um hitt er jeg hv. frsm. (JK) sammála, eins og jeg hefi sagt áður, að það mætti hugsa sjer, að bæjarfógetinn í Reykjavík sæti í þeim dómi. Hann gæti þá fengið hjálp hjá meðdómendum sínum í embætti sínu, eins og komið hefir til orða í hv. Ed.

Þá er brtt. hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) um það, að ávalt skuli birta ágreiningsatkvæði í hæstarjetti. Þetta held jeg að sje óþarft, og nóg sje að ákveða um það á þann hátt, sem frv. gerir, því það, sem hv. þm. (ÁJ) var að tala um, að æskilegt væri, að við færum í þessu efni að dæmi Norðmanna, þá gildir þetta þar ekki aðeins um ágreiningsatkvæði, heldur líka forsendur, sem geta verið öðruvísi hjá einum dómara en öðrum. Jeg vil því ekki mæla með þessari brtt.

Um miðdóm hygg jeg, að það verði fyr eða síðar gert að setja hann, og það jafnvel hvort sem dómurum í hæstarjetti verður fækkað eða ekki.

Pjetur Ottesen: Það þarf ekki að leita vel eða vandlega til að sjá þörfina hjá okkur á því að spara; hún er öllum skynbærum mönnum augljós. Það er þessi þörf, sem kemur fram og liggur til grundvallar fyrir þessu frv. Og það er ekkert undarlegt, að þegar verið er að reyna að draga eitthvað úr útgjöldum ríkissjóðs, þá sje gripið niður á þeim stofnunum, sem settar voru á laggirnar á þeim tímum, sem einna lausast var haldið á fje landsins. Hjer ræðir um eina þeirra stofnana, sem komið var á fót, þegar einna gálauslegast var farið með fje ríkisins, þ. e. árið 1919. Jeg er ekki hjer með að halda því fram, að rangt hafi verið að stofna hjer hæstarjett, eða á því ári. Það er síður en svo; það var alveg í samræmi við þá atburði, sem þá höfðu nýlega gerst, og auk þess hefði þetta vel mátt

fyr hafa skeð; en jeg held því fram, að vel hefði mátt fara varlegar í útgjöldin við stofnun hæstarjettarins en þá var gert. Á þessum árum var aðeins mjög lauslega tekið tillit til kostnaðarhliðarinnar á þeim málum, sem þá voru efst á baugi. Reynslan hefir og sýnt það, að hjer er rjett á þetta litið af mjer, því hæstirjettur hefir haft mjög lítið að gera. Árið 1920 komu fyrir rjettinn 34 mál, næsta ár á eftir 26 mál, eða að meðaltali 30 mál hvort árið, en þau tvö árin, sem síðan eru liðin, hefir málunum að vísu fjölgað dálítið, og þar með hafa auðvitað störf rjettarins aukist að nokkrum mun; en þrátt fyrir það að störfin hafa aukist vegna málafjölgunar, er sú aukning enganveginn svo mikil, að ekki væri forsvaranlegt að sameina dómarastörfin í hæstarjetti við einhver önnur störf, eða þau sje ofætlun færri mönnum að leysa af hendi, ef dómendum yrði fækkað í rjettinum. Þetta varð þegar ljóst árið 1922. Það ár fluttum við 3 þm. frv. í þessari hv. deild um það að láta hæstarjettardómarana hafa á hendi lagakensluna við háskólann. Þetta álitum við þá mjög hallkvæmt og vel samrýmanlegt. Sparnaðurinn við þetta, eftir því sem þá horfði við um laun, hefði orðið um 33 þús. kr. á ári, ef frv. okkar hefði fundið náð í augum þingsins og strax komið til framkvæmda. Jeg hefði því helst viljað ráða þessu máli nú til lykta á þeim sama grundvelli og til var ætlast með frv. 1922, og teldi jeg þessu máli þannig best skipað og haganlegast fyrir komið, ef það fyrirkomulag hefði verið upp tekið. Það atriði, sem einkum og sjer í lagi var fært til foráttu sameiningu dómarastarfanna við lagakensluna, var, að öryggi dómsins væri skert með því að láta dómarana hafa önnur störf, t. d. lagakensluna, á hendi. En jeg held nú, að reynslan hafi einkum og sjer í lagi sýnt það síðan, að þetta hefir aðeins verið til sem ástæða í orði, því í framkvæmdinni hefir algerlega verið breytt gegn þessu. Eins og kunnugt er, var einn hæstarjettardómaranna settur kennari í lagadeild háskólans árið 1922, og nú er einn af kennurunum við lagadeild háskólans settur dómari í hæstarjetti, auk þess sem ýmsir aðrir lagakennarar háskólans hafa í viðlögum verið settir dómarar í hæstarjetti. Það er og kunnugt, að einn hæstarjettardómaranna hefir um langt skeið kent kristinrjett við guðfræðideild háskólans. Þetta er því látið viðgangast í framkvæmdinni samkv. ráðstöfun stjórnarinnar, og hefir það hvergi heyrst, að rjetturinn hafi við þetta tapað áliti sínu eða orðið þetta að meini á annan hátt. Þetta sýnir betur en nokkuð annað það, sem við hjeldum fram 1922, að það mætti samrýma dómarastörfin háskólakenslunni, án þess að öryggi dómanna yrði skert, og að við þetta mundi hafa náðst meiri sparnaður en við margar aðrar tillögur, sem á prjónunum hafa verið síðan, og þar á meðal má telja þetta frv., sem hjer er til umr. Nei, þetta þótti ekki fært 1922, og vegna þeirra undirtekta, sem þetta mál fjekk þá, hefir ekki þótt fært að taka þetta mál upp aftur í þeirri mynd. Nú liggur það fyrir, að fækkað verði dómendum í rjettinum um tvo og að draga úr kostnaðinum við hæstarjett að því leyti, sem unt er, t. d. með því að leggja niður að mestu leyti 3. embættið við rjettinn, þ. e. ritaraembættið. Það má og í sambandi við það, sem jeg tók fram áðan um sameining kenslunnar í lagadeild háskólans við dómarastörf í hæstarjetti, benda á það, að bæði hæstv. forsrh. (JM) og hv. 4. þm. Reykv. (MJ), sem báðir lögðust fast á móti frv. 1922, hafa nú

lagt það til, að það gæti komið til mála að láta lagakennarana vera dómara í miðdóminum. Jeg vil þó benda á það, að þó að gert sje ráð fyrir, að miðdómurinn verði ódýr dómstóll og öllum verði gert auðvelt að leita þar rjettar síns, held jeg þó, að þetta verði á annan veg í framkvæmdinni en ráð er fyrir gert nú. Þrátt fyrir það, að þessi dómstóll eigi að verða mjög ódýr, hygg jeg, að hann verði úrslitadómstigið á allmörgum málum, vegna þess að margir munu þá verða búnir að ganga svo nærri gjaldþoli sínu, að þeim verði ekki fært fjárhags síns vegna að halda málum sínum lengur til streitu og munu verða að sætta sig við úrslit málanna í miðdómnum. Sje jeg því ekki frekara öryggi í því að láta lagakennarana skipa dómarasæti í miðdóminum, því það, að vera að benda fjelausum mönnum á það, að þeir geti skotið málum sínum til hæstarjettar, er hið sama og að ráðleggja manni, sem er að deyja úr þorsta, að fá sjer vatn, sem þó er hvergi að finna.

Um þetta frv. er það að segja, að jeg mun ljá því mitt fylgi, úr því að ekki er hægt að koma fram því fyrirkomulagi, sem jeg hjelt fram 1922 og sem jeg tel allra heppilegast. Jeg greiði þessu frv. atkvæði mitt vegna þess, að jeg vil koma fram sem róttækustum sparnaði þar sem hægt er, og það því fremur, sem jeg tel öllu óhætt um það, að öryggi dómsins sje ekki þar með skert, og get jeg í því efni skírskotað til ummæla hæstv. forsrh., sem er reyndur dómari og þektur sem skarpvitur lögfræðingur. Hann telur, að öryggi dómsúrslitanna í hæstarjetti sje ekki það skert með þessu frv., að ekki megi vel við una.

Í lögunum um stofnun hæstarjettar er svo um þetta búið, að þar er gert ráð fyrir, að ekki verði aðrir menn skipaðir í dómarasæti rjettarins en þeir, sem reyndir eru að því að vera góðir embættismenn og rjettlátir og samviskusamir dómarar, og eru þær skyldur lagðar með þeim lögum stjórninni á herðar að sjá um, að þessum reglum verði framfylgt, er menn eru skipaðir í þessi embætti.

En þegar litið er á hina hlið þessa máls, hversu dýrt það er að skjóta málum til hæstarjettar, þá fæ jeg ekki sjeð, að það skifti miklu um kostnaðinn við málafærsluna þar, hversu margir dómarar sjeu í rjettinum. En það hefir verið bent á, að það mætti draga úr kostnaðinum við málfærsluna þar með því að hafa hana skriflega, en nú keyrir kostnaðurinn við málafærslu við hæstarjett svo úr hófi, að það virðist vera mjög nauðsynlegt að finna einhverja ódýrari aðferð en þá, sem nú er þar viðhöfð. Jeg trúi ekki á það, að ódýrari yrði málareksturinn hjer á landi við það, að stofnað yrði þetta miðdómstig, og ef málin verða látin ganga gegnum öll 3 dómstigin, tekur það miklu lengri tíma að ráða þeim til lykta, auk þess, sem kostnaðurinn verður auðvitað miklu meiri en áður. En út af því, sem talað hefir verið um öryggi dómsins, get jeg ekki gengið framhjá orðum hv. 2. þm. N.-M., er hann taldi þetta mundu draga úr áliti rjettarins út á við; það færi ekki eftir fólksfjölda, hversu marga dómendur þyrfti í rjettinum, heldur eftir því, hversu lögin væru flókin. Skýtur þetta nokkuð skökku við ummæli hæstv. atvrh., sem mjer skildist, að bygð væru á orðum eins af hæstarjettardómurum Dana (í hæstarjettinum í Kaupmannahöfn), að þar væri það ekki venja, að allir dómararnir rannsökuðu hvert mál til hlítar, heldur væri það falið aðeins nokkrum dómendum í rjettinum. En mjer skilst, að málafjöldinn, sem líklegt er að

komi fyrir rjettinn, hljóti að fara mjög eftir fólksfjöldanum í landinu, og eftir því ætti dómaratalan að fara allmikið eftir fólksfjöldanum og því, hversu margra mála væri von, sem rjetturinn yrði að leggja úrslitadóm á. Eftir því finst mjer að dómararnir í rjettinum ættu að vera fleiri eða færri. Og þegar borið er saman við dómafjöldann í öðrum löndum, hygg jeg, að rjettarfarinu í okkar ríki ætti að vera fullvel borgið með 3 dómurum í hæstarjetti.

Hv. frsm. allshn. (JK) undraðist mjög yfir því, að nál. hefði verið misskilið af þessari hv. deild, og eins og nál. liggur hjer fyrir á þskj. 387, er þetta máske á rökum bygt, er nál. er undirritað af öllum nefndarmönnum, en þegar tekið er tillit til orða og ummæla hv. nefndarmanna sjálfra um þetta frv., fer þetta alt að verða skiljanlegra, og með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að leyfa mjer að lesa hjer upp nokkur orð úr nál., sem allir nefndarmenn hafa skrifað undir:

„Er þess vegna öll nefndin sammála um að skora á ríkisstjórnina að athuga það og undirbúa til næsta þings, að stofnað verði miðdómstig án tilfinnanlegra útgjalda fyrir ríkissjóð; leggur nefndin áherslu á þetta.“

Jeg sje ekki annað en að í þessu felist áskorun á hæstv. stjórn um að leggja fyrir næsta þing frv. um að stofna þetta miðdómstig. Skoðanamunurinn milli hv. nefndarmanna, háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) og ýmsra annara, er aðeins sá, að hv. 4. þm. Reykv. vill lögfesta þetta nú þegar, sem hinir vilja láta fresta til næsta þings. Hann vill láta gera það í dag, sem hinir vilja fresta til morguns. En nú er það komið í ljós, að þetta er í rauninni ekki meining annara en hv. frsm. (JK) eins. Hv. 2. þm. Árn. (JörB), sem líklega má nú telja frsm. meiri hl. nefndarinnar, vill þetta alls ekki og telur hina nefndarmennina vera sjer samþykka í því að vilja samþykkja frv. óbreytt eins og það liggur hjer fyrir, og þvær hann algerlega sínar hendur af því, sem hann reyndar hefir þó sett nafn sitt undir, að hann vilji nokkuð hafa með þennan miðdómstól að gera, hvorki nú nje síðar. Undir þetta get jeg tekið með hv. 2. þm. Árn. og þeim, sem honum fylgja, og mun greiða atkvæði þessu frv. vegna þess sparnaðar, sem af því leiðir, sparnaðar, sem jeg ætlast til, að ekki verði þegar jetinn upp með stofnun nýrra embætta, sem vel má án vera. Jeg álít rjettarfarið í landinu fullkomlega örugt án þess að miðdómstigið verði stofnað. Ennfremur er útlit fyrir, að þessum sparnaði megi ná að sumu leyti strax og að sumu leyti mjög bráðlega; því nú er aðeins settur maður í einu dómaraembættinu, en ekki skipaður, og auk þess er einn dómaranna orðinn aldraður maður, og því er útlit fyrir, að hann verði þess vegna að láta mjög bráðlega af embætti. Með þessum skilningi á þessu máli greiði jeg atkvæði með frv. því, sem hjer liggur fyrir.

Forseti (BSv): Mjer hefir borist svofeld tillaga:

„Undirritaðir leggja til, að umræðum um þetta mál sje hætt, þá er þeir þm. hafa talað, sem þegar hafa kvatt sjer hljóðs.

Alþingi $^{23}/_{4}$—'24.

TrÞ, SvÓ, KlJ, PÞ, IngB, JS, BSt, HStef, ÞórJ.“

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skal ekki lengja tímann um skör fram, einkum vegna þess, að hv. þm. Borgf. (PO) hefir þegar tekið margt það fram, sem jeg vildi

sagt hafa. Það er alls ekkert nýtt hjer á Alþingi, þótt fast sje lagst á móti niðurfelling embætta, samansteypum eða öðrum embættafækkunum. Í hvert sinn, sem tillögur í þessa átt hafa komið fram á Alþingi, hafa ávalt margir orðið til þess að rísa öndverðir gegn þeim. Það hafa ekki altaf verið stórvægilegar ástæður, sem fram hafa verið færðar gegn þessum till Hinsvegar hafa víst flestir háttv. þdm. lýst því yfir, bæði heima í hjeruðum sínum og hjer í hv. deild, að þeir vildu vinna að embættafækkun og öðrum sparnaði. Gegn þessu frv. hafa heldur ekki verið færð sjerlega veigamikil rök. Hv. 4. þm. Reykv. viðurkennir og, að þeir lögfræðingar, sem hann hafi talað við um málið, hafi allir verið á einni skoðun um það, að ekki væri það óforsvaranlegt að samþykkja frv. Það mundi alls ekki skaða álit rjettarins, hvorki hjer heima nje erlendis, og ekki heldur draga úr öryggi dómanna. Jeg vona og, að allflestir muni verða með mjer á þeirri skoðun, að öryggi dómanna muni meira vera komið undir mannvalinu en mannfjöldanum í rjettinum. Jeg hygg að í flestum tilfellum muni þrír valdir og vanir dómarar kveða upp betur rökstudda dóma en fimm menn, sem miður væru starfinu vaxnir eða óvanir dómarastarfi. Það er gömul og algeng mótbára, sem altaf kemur fram, þegar um fækkun embætta er að ræða, þetta, að embættin hafi álitist nauðsynleg þegar þau voru stofnuð, og að það sje skömm fyrir þjóðina að halda þeim ekki uppi framvegis.

Það er staðreynd, sem við verðum að horfast í augu við, að við sniðum stakkinn í þessu sem öðru alt of stóran á árinu 1919. Þá var sjálfforræði fengið eftir langa baráttu, fjárhagsleg afkoma þjóðarinnar glæsileg og allir menn á landi hjer stórhuga, ekki síst hv. þm., sem þá áttu hjer sæti, að undanskildum örfáum. Þegar nú í krappan dans er komið, þá verðum við að sníða stakkinn um.

Menn tala um háskóla, hæstarjett o. fl. sem helgar stofnanir. Svo best verða þær það, sem allir óska, göfugar og gagnlegar stofnanir, að þær sjeu við hæfi. Ef sparnaðurinn á að verða heilbrigður, þá á að byrja ofan frá, en ekki að rýra undirstöðurnar, sem eru atvinnuvegirnir. En jeg vil nú vænta, að hv. Nd. geti orðið hv. Ed. samferða í því að láta eitthvað eftir sig liggja í embættafækkunaráttina á þessu þingi.

Klemens Jónsson: Jeg kvaddi mjer hljóðs svo snemma í dag, að ýmislegt af því, sem jeg hafði ritað niður hjá mjer, hefir þegar verið upplýst í þessum umr., og get jeg þess vegna verið stuttorðari en ella.

Allir þeir hv. þm., sem hafa talað í þessu máli, hafa talið það sjálfsagt og eðlilegt, að hæstirjettur var á sínum tíma stofnaður verið og að við hefðum vel getEn jeg get alls ekki tekið undir þetta. Jeg álít, að hæstirjettur hafi fullfljótt stofnaður verið og að við hefðum vel getað beðið með það um nokkra hríð, þrátt fyrir fengið fullveldi, og að það vafalaust hefði farið betur á því, að hann hefði verið settur á laggirnar með dálítið minna yfirlæti og marglæti heldur en raun varð á.

Nú eru, eins og menn vita, almennar raddir komnar fram um það, að sjálfsagt sje að fækka dómendum í hæstarjetti, og er jeg því samdóma. En mjer dylst ekki, að erfitt muni reynast að koma þeim sparnaði á á þessu þingi. Við höfum auð-

vitað flestir lofað að stuðla að slíku heima í hjeraði, en efndirnar vilja verða misjafnar hjá sumum hv. þm., þegar á þingið kemur. Og þó samþykt sje afnám einhvers embættis hjer í hv. deild, þá siglir það aftur inn við fullan byr í hv. Ed. Mun það líka sannast, að sparnaður þessa þings verður ekki eins mikill og menn hafa gert sjer vonir um. Gefst hv. þm. nú færi á að sýna sparnaðarviðleitni sína í þessu máli, því enginn getur borið brigður á það, að sparnaðurinn við það sje tvímælalaus. Hika jeg ekki við að greiða atkvæði með því óbreyttu eins og það kom frá hv. Ed.

Það, sem knúði mig til að taka til máls, var sjerstaklega það, að mjer fahst ekki koma nógu skýrt fram, hvernig fyrirhuguðu miðdómstigi skuli háttað. Af nál. er eðlilegast að skilja það svo, að bæjarfógetinn í Reykjavík skuli ekki aðeins vera dómari í sínu umdæmi, heldur jafnframt yfirdómari í öllum málum utan af landi. En þá er samband hans við bæjarfógetaembættið líka nokkuð óljóst, — og mundi það verða ódýrara? Jeg held varla. Þessi tilhögun finst mjer ekki vera ráðleg Starf bæjarfógetans hjer er þegar svo umfangsmikið og erfitt, að ekki er tiltækilegt að bæta þar ofan á, nema því aðeins að bætt verði mikið við skrifstofufje hans. Hinsvegar teldi jeg ekkert því til fyrirstöðu, að miðdómstigið yrði stofnað með einum manni, sem ekki hefði annað að gera.

Nú hefir hæstv. forsrh. upplýst það, að meiningin sje að taka kennara við lagadeildina til aðstoðar við þessi dómstörf, og yrðu þá, að því er mjer skildist, 2 menn, sem sæti ættu í þessum miðdómi. En tæplega get jeg ímyndað mjer, að þetta reynist heppileg lausn á málinu. Jeg veit ekki, hvort það hefir verið athugað, hvern kostnað þetta muni hafa í för með sjer, en jeg er með sjálfum mjer sannfærður um, að hann muni nema talsvert miklu. Einnig frá öðru sjónarmiði er þetta varhugavert. Í lögum um hæstarjett frá 1919, 5. gr., er svo ákveðið, að kennarar við lagadeild háskólans skuli í forföllum hæstarjettardómenda vera sjálfkjörnir dómarar í hæstarjetti, og samkv. því er nú einn prófessor settur þar. Þegar svo tveir af kennurunum eru teknir í miðdóminn, þá er aðeins einn eftir til að gegna starfi hæstarjettardómara. Yrði þá að leita út fyrir lagadeildina, ef svo stæði á, að fleiri þyrfti með. Sje jeg raunar ekki neitt verulegt á móti því. En það mun hafa vakað fyrir þeim, sem að hæstarjettarlögunum stóðu, að tryggja hæstarjetti góða dómendur á þennan hátt, því maður verður að gera ráð fyrir, að prófessorar við lagadeild háskólans sjeu yfirleitt góðir lagamenn. Þetta yrði því til að veikja krafta hæstarjettar, ef þar losnuðu sæti. Minnist jeg þess líka í þessu sambandi, að í hinni langvinnu baráttu fyrir því að fá lagadeild inn í landið var því oft haldið fram, að yfirdómendurnir gætu annað kenslunni. En því var aftur mjög harðlega neitað. Það er líka svo, að ekki þarf að fara saman að vera góður lagakennari og góður dómari. En eftir lögunum eru þeir þó sjerstaklega „kvalificeraðir“ til að taka við dómaraembættum í hæstarjetti.

Þegar á alt er litið, held jeg, að óhætt sje að segja, að ekki hafi verið nægilega athugað, hvernig miðstiginu skuli háttað. Og vel get jeg skilið það, þótt hæstv. landsstjórn treysti sjer ekki til að lofa neinu um undirbúning þess fyrir næsta þing.

Það er óspart hamrað á því af andstæð-

ingum þessa frv., að betur sjái augu en auga. En hvers vegna koma þeir hinir sömu ekki fram með till. um að fjölga dómendum í hæstarjetti um 2, 4 eða 6? En jeg er alveg sannfærður um það, að þrem samvöldum dómendum er eins vel treystandi að kveða upp rjetta dóma eins og fimm dómendum með máske upp og ofan dómarahæfileikum. Þeir myndu vanda dóma sína engu síður en þótt þeir væru fleiri.

Þá skal jeg fúslega viðurkenna, að jeg hefi talsverða tilhneigingu til að samþykkja brtt. frá hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), á þskj. 430. En jeg vil þó ekki stofna málinu í voða með því að fara að fylgja henni fast fram. Jeg efa heldur ekki, að hver einasti dómari, sem gefur ágreiningsatkvæði, hefir einurð til að láta innfæra það í dómarabókina. Og þeir, sem í máli eiga, hafa rjett til að sjá, hvernig atkvæði dómenda hefir fallið í máli þeirra. Jeg held því tæplega, að ástæða sje til að lögbjóða þetta.

Ekki sje jeg heldur ástæðu til að hlynna að metnaði meðal dómendanna með því að ákveða, að þeir skuli kjósa sjer dómstjóra úr sínum hópi. Jeg tel rjettast, allra hluta vegna, að dómstjórinn sje skipaður af konungi, eins og tíðkast hefir. Jeg vil þó ekki fara að tefla málinu í tvísýnu með því að gera þetta að ágreiningsatriði. Fyrir mjer skiftir það mestu máli, að frv. nái fram að ganga; það er áreiðanlega vel þess vert, að það komist í gegn, og verður það þá máske einasta sparnaðarfrv., sem nær að verða að lögum á þessu þingi.

Jón Baldvinsson: Jeg vil taka undir það með hv. 2. þm. Rang., að hæstirjettur hafi fullsnemma verið fluttur inn í landið. Jeg tel engan vafa á því, að sjálfstæði landsins hefði eins vel verið borgið, þótt fyrst um sinn hefði verið látið standa eins og áður var, og öryggið fyrir góðri úrlausn málanna engu minna.

Fyrirvari minn eða aths., sem jeg vildi leyfa mjer að gera við nál., er fyrst og fremst sú, að jeg er alls ekki viss um, að það, sem sumir telja aðalbreytinguna, að fækka dómurum í hæstarjetti niður í 3, sje vel til fundið. Og komi nú brtt. fram við frv., sem gengi út á það að hækka tölu þeirra aftur upp í 5, þá myndi jeg hiklaust greiða atkvæði með því. Jeg held það sje varla gerlegt að fækka dómurum við hæstarjett eingöngu af sparnaðarástæðum, ef við það væri hnekt örygginu og áliti hans. Og fylgi mitt við frv. er því alls ekki af sparnaðarástæðum.

Aftur á móti tel jeg sumar aðrar gr. frv. vera til bóta. Svo er t. d. um 5. og 6. gr. frv., og einnig 1. gr. að nokkru. En því er jeg algerlega ósamþykkur, að miðdómstigið, sem gert er ráð fyrir að sett verði síðar, nái aðeins til mála utan af landi, en það verður maður að álíta að sje ætlunin, þar sem það virðist bundið við bæjarfógetann í Reykjavík. Jeg get ómögulega komið auga á það, hvað við þetta vinst. Eins og áður hefir verið upplýst, má telja, að bæjarfógetinn hjer sje svo miklum störfum hlaðinn, að óhjákvæmilegt yrði að leggja fje fram til að vinna þau verk, sem hann feldi niður við þetta. Getur líka oft verið svo, að engu síður sje ástæða að skjóta málum úr þessu hjeraði undir miðdóminn, þó gera megi ráð fyrir, að bæjarfógetaembættið sje oftast skipað góðum lögfræðingi. Þetta dómstig verður því að vera fullkominn og óháður rjettur, en þó hæstv. stjórn lýsi því yfir, að hún muni ekki flytja frv. um það á næsta þingi, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að þm. sjálfir geri það, ef

Alþingi vill fallast á það. Í einu orði sagt: Jeg mun greiða frv. atkv. mitt, en teldi þó til bóta, ef tala dómaranna væri færð upp í 5. Eins hefði jeg mikla tilhneigingu til að koma með brtt. við sum önnur ákvæði hæstarjettarlaganna. Vil jeg sjerstaklega í því sambandi nefna 13. gr., sem gerir I. einkunn að skilyrði fyrir því, að menn megi flytja mál í hæstarjetti. Við höfum mörg dæmi fyrir okkur um það, að lögfræðingar með II. einkunn eru alveg eins góðir eða betri lagamenn og málaflutningsmenn en hinir, sem I. einkunn hafa hrept, og það er fylsta ranglæti í því, að gera með þessu ágæta lögfræðinga að undirtyllum hjá ljelegum lögfræðingum. Enda hefir þetta verið viðurkent með breytingu þeirri, sem í frv. felst, að hæstarjettarritari þurfi ekki að hafa I. einkunn. Tel jeg sjálfsagt, að þessu verði breytt, og má vel vera, að jeg komi með brtt. í þá átt við 3. umr. Mun jeg fyrst reyna fyrir mjer um undirtektirnar.

Jeg þykist þá ekki þurfa að gera frekari grein fyrir sjerstöðu minni í málinu. Vil jeg aðeins að lokum undirstrika það, sem jeg hefi áður látið í ljós, að jeg er því algerlega mótfallinn, að væntanlegt miðstig sje á nokkurn hátt bundið við bæjarfógetaembættið, eins og virðist vaka fyrir sumum hv. þm., því jeg álít, að málum úr þessu hjeraði þurfi oft alveg eins að skjóta til hans eins og málum úr öðrum hjeruðum landsins.

Hákon Kristófersson: Jeg vil taka undir það með hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), að það er ekki á leikmannafæri að fjalla um þessi efni. Þarf til þess þá sjerfræðisþekkingu, sem jeg viðurkenni fúslega að mig bresturr. Þó er það svo, að um sum atriði málsins getum við eins dæmt og lagt orð í belg um eins og þeir, sem sitja inni með lagaþekkinguna.

Hæstv. forsrh. hefir upplýst það, að frv. þetta sje fram komið af sparnaðarástæðum. Er vitanlega ekki nema gott eitt um slíka viðleitni að segja, þegar hún hefir í sjer fólgin þau hyggindi, sem í hag koma, en til er líka sá sparnaður, sem deila má um, hversu heppilegur sje, og svo er um þetta frv. Jeg tel ekki víturlegt að hrófla við hæstarjetti með sparnaðinn einan fyrir augum, ef ætla má, að afleiðingin verði sú, að tryggingin fyrir rjettlátum dómum minki við það. Málið hefði óneitanlega horft öðruvísi við, ef hæstv. forsrh. hefði slegið því föstu, að miðdómstigi yrði komið á. En jeg held, að þegar jafnorðvar maður og hann er lætur sjer þau orð um munn fara, að hæstv. stjórn muni ekki að svo komnu sjá sjer fært að undirbúa það mál, þá þurfi maður varla að gera sjer vonir um, að það komist til framkvæmda í náinni framtíð. Jeg held, að öryggisins vegna sje því nauðsynlegt að hafa dómendurna í hæstarjetti 5. Og þeirrar skoðunar var hæstv. núverandi forsrh. (JM) á þinginu 1919, því þá var það aðeins af sparnaðartilhneigingu, að hann lagði ekki til, að þeir yrðu fleiri. Því hann slær því þá föstu og leggur áherslu á, að æskilegt hefði verið að hafa dómarana fleiri en 5, t. d. 7. Það verður því að slá því föstu, að samkvæmt orðum hæstv. forsrh. hafi alls ekki verið fært að hafa í dómnum minna en 5 menn. Finst mjer því skjóta nokkuð skökku við, er hann vill nú fækka þeim niður í þrjá, og er mjer þetta því óskiljanlegra, sem mjer þó skilst, að hann viðurkenni ennþá, að öryggið sje meira með 5 dómurum en 3. Annað mál væri

þetta auðvitað, eins og jeg hefi þegar tekið fram, ef miðstigið væri komið á, sem jeg fyrir mitt leyti tel alveg nauðsynlegt, að verði gert. Hygg jeg, að hæstv. forsrh. sje manna kunnugast um það, að þeir menn hafa verið skipaðir sýslumenn, sem ekki lætur svo vel meðferð mála, að af því veitti, að til væri einhver ódýrari rjettur en hæstirjettur er, til að skjóta málum frá þeim undir. (*TrÞ:* Hvaða sýslumenn eru það?). Um það er jeg ekki að gefa hjer frekari upplýsingar, eða heldur hv. þm. Str. (TrÞ), að hann geti lokkað fram hjá mjer upplýsingar um það, sem honum sjálfum er eins kunnugt um og mjer?

Þá verð jeg að segja það, að nál. um frv. þetta frá hv. allshn. er eitt það loðnasta nál., sem fyrir mig hefir borið. Og erfitt verk hlýtur það að hafa verið fyrir hv. þm. V.-Sk. (JK) að hafa framsögu í málinu fyrir hönd nefndarinnar, því mjer er kunnugt um, að hann hefir verið því mótfallinn, að frv. þetta næði fram að ganga, og hefir talið fjarstæðu að samþykkja það. Hv. nefnd leggur til, að frv. þetta nái fram að ganga, en jafnframt álítur hún þó, að rjettaröryggið muni minka að miklum mun með fækkun dómendanna, og telur því nauðsynlegt, að sett verði miðdómstig á fót, til að bæta úr því. En hvað liggur þá á að samþykkja frumvarp þetta, meðan ekkert er enn gert til þess að koma þeim dómi á fót? Auk þessa fæ jeg ekki sjeð, að sparnaðurinn af þessu verði sýnilegur á næstunni. Það lætur auðvitað vel í eyrum kjósenda, að tala hátt um sparnað og hrópa þá út, sem ekki hafa sjeð sjer fært að fylgjast með í honum. En eins og jeg sagði áðan, getur sparnaðurinn oftlega orkað tvímælis, og verða menn þá að gera upp með sjálfum sjer, hvort meira virði sje, það sem vinst við hann eða tapast. Nú hefir hv. allshn. orðið sammála um það að skora á stjórnina að undirbúa undir næsta þing frv. um miðdómstigið. En svar hæstv. forsrh. gefur ekki góðar vonir um það, og ef hv. nefnd er sjálfri sjer samkvæm, þá hlýtur hún að snúast á móti frv.

Jeg vil leyfa mjer að benda á dálítið atriði í 6. gr. og um leið minnast á brtt. þá, sem fram hefir komið við þá gr. Sú brtt. er þannig, að það er beinlínis heimtað, að ágreiningsatkvæði sjeu birt í dómasafninu. Jeg viðurkenni, að sem leikmaður er jeg ekki fyllilega fær um að dæma um þetta, en mjer virðist, að slíkt muni vart styrkja það traust, sem maður verður að sjálfsögðu að bera til þessa æðsta rjettar. Og jeg gæti trúað því, að það kynni að vekja óhug úti um land, ef það frjettist, að dómararnir, þegar þeir eru ekki orðnir nema þrír, sjeu ekki á eitt sáttir, og ekki væri það ómögulegt, að frekar gætti áhrifa utan að, ef dómendurnir ættu að birta atkvæði sitt í hverju máli. Jeg held, að helgi þessa rjettar, sem fer með æðsta úrskurðarvald í málum vorum, ætti að vera svo mikil, að fullkomin leynd hvíldi yfir atkvæðum dómenda. En sem sagt, máske sprettur þessi skoðun mín af ókunnugleik.

Þá er enn eitt atriði, sem jeg vildi minnast á; það er, að dómarar í hæstarjetti skuli sjálfir kjósa forseta sinn, í stað þess, að hann er nú skipaður af konungi eða forsrh. Jeg gæti eins vel búist við, að þetta ákvæði gæti valdið óeining og sje komið inn í frv. illu heilli. Þó geri jeg hinsvegar ráð fyrir, að þessi skilningur geti líka verið sprottinn af þekkingarleysi, því hæstv. forsrh., sem borið hefir fram frv., hefir sjálfsagt

þrauthugsað þetta atriði sem önnur og talið þessa aðferð rjettari. En spá mín er sú, að þetta verði til ills í reyndinni. Enda er það fullkomlega ljóst, að enn þá hafa engin frambærileg rök komið fyrir því, að fækkun dómendanna væri ekki varhugaverð.

Dálítið einkennilegt er það, þegar maður les nál. og till. hv. nefndar um að fækka dómurum í hæstarjetti, og ber það svo saman við orð hv. frsm. (JK) um að „líf, eignir og öryggi landsmanna" sje komið undir þessum rjetti. Þetta eru alveg sönn ummæli, og því er það kynlegt, að nefndin skuli leggja til, að dómendum sje fækkað, án þess að á undan sjeu samþykt aðalöryggisákvæði hennar um miðdómstigið. Jeg get ekki samræmt þennan hugsanagang. Því þó, eins og hv. frsm. tók fram, að nefndin skori á hæstv. stjórn að vinna að því, að miðdómstigið komist á, þá hefir nú hæstv. forsrh. lýst því yfir, að hann þori ekki að lofa því, að slíkt verði gert. Jeg sje því ekki, eins og málinu er nú komið, að frv. þetta sje nokkuð frambærilegra en frv. það, sem hv. þm. Borgf. (PO) bar fram fyrir nokkru og ekki þótti tiltækilegt að samþykkja.

Hv. þm. Borgf. sagði, að ekki þyrfti að fara í neinar grafgötur til þess að finna það, að spara þyrfti, en svo skýr og glöggur maður sem hann er, benti hann þó ekki á, hve mikill sparnaður yrði, ef frv. þetta yrði samþykt. En það er þó nauðsynlegt að gera slíkt, að minsta kosti fyrir jafnókunnuga menn og mig. (*PO:* 20—30 þús. kr.). Jæja, það kann að vera, að svo sje reiknað, en þá er víst talinn með hagnaðurinn af því, að ritaraembættið falli niður. En verður það ekki meira í orði en á borði, þegar dómararnir eru aðeins orðnir þrír?

Sami hv. þm. (PO) sagði það, að hann greiddi þessu frv. atkv. sitt í því trausti, að miðdómstóll yrði ekki settur á stofn fyr eða síðar. (*TrÞ:* Fleiri!). Fleiri, segir hv. þm. Str. (TrÞ). Þó varla þeir, sem hræddir eru við útlend áhrif; þeir vilja varla draga úr því öryggi, sem landsmenn ætla, að þeir hafi í þessum rjetti.

Það hefir verið talað um brtt. þær, sem fram hafa komið, og jeg sje ekki ástæðu til að gera það frekar. En jeg vil taka það fram að endingu, að eins og málið liggur nú fyrir, sje jeg ekki, að það leiði til neins sparnaðar og býst við, að það verði heldur til ills. Og mjer finst mikil líkindi til, að útlendingar, sem mikil viðskifti eiga við okkur, fái óhug við að frjetta, að æðsti dómstóllinn sje þannig skertur, sá dómstóllinn, sem báðir verða að sækja undir í deilumálunum.

Jeg lofa því þeim hv. sparnaðarmönnum, sem standa að þessu frv., að hafa allan heiðurinn af samþykt þess, en greiði sjálfur atkvæði á móti því. Og jeg er ekki svo öfundsjúkur, að jeg öfundi þá af heiðrinum eða lofinu, sem þeir fá hjá þjóðinni fyrir þetta frv.

Forseti (BSv): Jeg óska, að hv. þdm. vilji skipa sjer í sæti, og mun jeg tafarlaust slíta fundi, ef svo verður mannfátt í deildinni, að hún sje eigi ályktunarfær.

Jakob Möller: Það er fyrst fyrirspurn til hæstv. forseta (BSv), hvort ekki muni gerlegt að fresta umr. Ein nefnd, að minsta kosti, þarf nauðsynlega að halda fund um ýms mál, og þar á meðal eitt frá hæstv. stjórn, sem ekki mun veita af að farið sje að vinna að, ef það á að komast í gegn á þessu þingi. Og jeg sje ekki ástæðu til að halda mönnum hjer

frá nauðsynlegum störfum, til þess eins að sitja undir sparnaðarræðum, eins og þær nú eiga vel við í þessu máli.

Forseti (BSv): Jeg hefi ekkert á móti því að taka málið af dagskrá, en 4 hv. þm. hafa kvatt sjer hljóðs, og jeg hafði hugsað mjer að halda fundi áfram til kl. 5, en yrði málið ekki útrætt þá, að fresta umr. til föstudags.

En þar sem óskir hafa komið fram frá ýmsum nefndum, að málinu sje frestað, þá get jeg borið það undir hv. deild, hvort hún vill nú þegar fresta umr. til föstudags.

ATKVGR.

Samþ. með 13:10 atkv. að fresta umr.

Á 55. fundi í Nd., föstudaginn 25. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., laugardaginn 26. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 176, n. 387, 398, 430).

Jakob Möller: Það er náttúrlega sæmandi að skera niður umræður um slíkt mál sem þetta, beita meirihlutavaldi til þess að hefta málfrelsi manna um það, hvort fara eigi öfuga leið með æðsta dómstól landsins! Í stað þess að efla hann, eða a. m. k. að hlúa að honum, að rýra hann, svo virðing manna fyrir honum hljóti að minka. Þó er auðsætt, að þeir, sem lögðu það til, að umr. um málið yrði slitið, hafa fundið til þess, að þessar aðfarir væru ekki allskostar sæmilegar, úr því þeir vildu þó ekki láta meina þeim orðið, sem þegar höfðu kvatt sjer hljóðs. Í þessu gægist fram hin vonda samviska, á líkan hátt og í áliti nefndarinnar, sem um málið fjallaði, sem eftir undarlegum krókaleiðum kemst að þeirri niðurstöðu, að „samkvæmt framanskrifuðu" verði hún að leggja það til, að frv. verði samþykt óbreytt. Það hefir verið minst á nál. áður, og jeg sje ekki ástæðu til þess að fara um það mörgum orðum. Það er furðumargt rjett í því, en niðurstaðan er alveg þveröfug við það, sem forsendurnar benda til. Jeg hefi að öðru leyti ekki annað um nefndarálitið að segja en að skýrari spegilmynd kúgaðrar flokkssálar get jeg ekki hugsað mjer.

Þetta frv. er borið fram af aðalforingja íhaldsflokksins, stjórnarflokksins hjer í þinginu, hæstv. forsætisráðherra, í sparnaðarskyni. En þessi forsætisráðherra er jafnframt dómsmálaráðherra. En mundi það ekki vera einsdæmi um víða veröld, að dómsmálaráðherra beri fram frv., sem rýrir æðsta dómstól landsins, og þar með rjettaröryggið í landinu? En þetta telur hæstv. forsrh. (JM); dómsmálaráðherrann, sjer ekki aðeins sæmandi, heldur blátt áfram skylt, og þó lýsir hann jafnframt yfir því, að þessi breyting, sem í frv. felst, veiki rjettaröryggið í landinu. Jeg hefi ekki heyrt nokkur dæmi þess, að nokkur ráðherra ljeti sjer sæma, hvað þá teldi sjer skylt, að bera fram frv. með slíkum forsendum.

Það hefir glatt mig undir þessum kringumstæðum að heyra þó einstöku raddir úr stjórnarflokknum andmæla þessu frv. Og raunar skín það í gegn í nál., að nefndarmenn hafa gert það nauðugir að skrifa undir það. En því merkilegra er það, ef frv. á að ganga í gegn, eins og því miður allar líkur eru til. Og hvað veldur? Jú, einhver sagði við fyrri hluta þessarar umræðu, að líklega yrði þetta eina sparnaðarmálið, sem þingið að þessu sinni bæri gæfu til að koma í gegn. Og þar sem svo er nú komið, eftir alt sparn-

aðarfleiprið, þá er mönnum öll vorkunn, þótt þeim þyki sárt að sleppa þessari síðustu von. Hjer er nú samt útbýtt öðru nál. um frv., sem fer í sparnaðaráttina, en þó undarlegt sje, þá er meiri hluti nefndarinnar mótfallinn því frv.

Mjer datt í hug, þegar frv. um hæstarjett kom fram: Er þeim þá ekkert heilagt? Er þá ekkert til, sem þeir dirfast ekki að snerta? Að minsta kosti er hæstirjettur ekki svo heilagur. Það getur verið eitthvað annað, sem kemur þá væntanlega fram síðar. En hvað ætti að vera heilagt í augum þingsins, ef ekki hæstirjettur? Rjettarfarsöryggið í landinu er hyrningarsteinn sjálfstæðisins og þjóðskipulagsins yfir höfuð. Ef traustið á æðsta dómstólnum fer forgörðum, þá er greidd gata byltingar og algerðs stjórnleysis. Ef virðing innlendra og erlendra manna fyrir rjettarfarinu í landinu hverfur, þá er ekki hægt að búast við því, að þjóðin haldi sjálfstæði sínu; því rjettarfarið hjer snertir ekki aðeins innlenda menn, heldur og allar erlendar þjóðir, sem hjer eiga viðskifti. Það er því ekki verið að spara hjer á því, sem okkur einum viðkemur, heldur ekkert síður öðrum þjóðum.

Þegar sjálfstæði vort var viðurkent, var það gert í því trausti, að þjóðin væri fær um það að halda sjálf uppi rjetti í landinu. Ef það kemur í ljós, að hana brestur þroska til þess — ef það verður bert, að hún sjer ekki, hvaða þýðingu það hefir að tryggja sem best rjettaröryggi í landinu, þá hefir hún mist sjálfstæðisrjett sinn. Að þessu er stefnt með frv., sem sjálfur dómsmálaráðherrann ber fram.

Jeg veit ekki, hvað mikið á að leggja upp úr öðru eins og þessu. Jeg hefi orðið þess var, að sumir stuðningsmenn hæstv. stjórnar fella sig illa við þetta frv. En hve illa? Þeir geta hindrað framgang þessa máls. Ábyrgðin hvílir á þeim, ef þeir gera það ekki. Á þeim hlýtur ábyrgðin að skella, sem sjá, hvert stefnir, en reyna ekki að bjarga við, ef málið nær fram að ganga.

Nú verður því ef til vill haldið fram af einhverjum öðrum en hæstv. forsrh., að rjettaröryggið sje ekki skert með fækkun dómenda í hæstarjetti. Dómurinn standi jafnrjettur eftir sem áður. En það verður að reyna að ganga svo frá þessu máli, að allir sjái, að svo er ekki. Hjer hefir heyrst, að hæstirjettur hafi ekki fleiri dóma að dæma en þrem mönnum geti vel unnist tími til að ganga frá. Það er eins og menn sjái ekkert annað í þessu efni en það, hvað dómarnir eru margir. En þetta er aukaatriði. Það er ekkert aðalatriði, hvort dómurinn er afkastamikill, hvort hann dæmir marga eða fáa dóma. Aðalatriðið er það, að hann dæmi rjett. Og þegar mönnum er fjölgað í dóminum, þá er verið að auka hann að manviti, þekkingu og dómarahæfileikum. Þegar fækkað er, eru þessir eiginleikar dómsins skertir. Því fleiri sem dómararnir eru, því meiri trygging er fyrir því, að rjetturinn sje fær um það að leggja rjettan úrskurð á hvert mál. Það er vitanlegt, að hjer var, áður en hæstirjettur var stofnaður, yfirrjettur, er skipaður var 3 mönnum. En þá var dómstig fyrir ofan hann, sem var hæstirjettur Dana. En það þótti ekki samrýmanlegt sjálfstæðinu að hafa hæstarjett í öðru landi. En er gera átti yfirrjettinn að hæstarjetti, þótti það sjálfsögð nauðsyn að bæta í hann 2 dómendum, og það var áreiðanlega það minsta, sem hægt var að komast af með.

Því er ekki að leyna, að mjög mörgum var um og ó að leggja niður æðsta dóm-

stól landsins, sem verið hafði mjög lengi. Hitt er öllum ánægjuefni, hve vel hæstirjettur okkar hefir reynst. Hann hefir og verið skipaður ágætum mönnum, og jeg hefi ekki orðið þess var, að nokkur málsúrskurður, sem hann hefir felt, hafi verið í ósamræmi við rjettarmeðvitund almennings.

En sú breyting, sem nú er farið fram á að gerð sje á rjettinum, er í raun og veru sú, að gera hann aftur að yfirrjetti; gera hann aftur að sama *dómstólnum*, sem áður var *undir*dómstóll, en kalla hann hæstarjett. Einn hv. þm. sagði við þessa umræðu, að hann væri óhræddur við að eiga sitt mál undir þremur samvöldum, góðum dómurum. Undir þetta geta víst allir skrifað. En skipi nú aðeins 3 menn dóminn, þá er vitanlega engin trygging fyrir því, að í dóminum verði altaf þrír „samvaldir og góðir dómarar", að enginn þeirra verði miður hæfur. Hver ber svo ótakmarkað traust til allra komandi stjórna, að hann þori að treysta því, að aldrei geti mistekist valið á einum og einum hæstarjettardómara? En það þarf auk heldur raunar ekki til, að valið mistakist nokkru sinni.

Fleira þarf að athuga í sambandi við þetta. Meðal annars það, að tryggingin fyrir rjettum dómum verður ávalt meiri, ef fleiri eru dómarar í rjettinum, aðeins fyrir það, að sjóndeildarhringurinn verður þá víðari; einn kann að sjá það, sem annar sjer ekki, þó að allir sjeu í rauninni jafn„góðir og samvaldir". Hjer munu oft verða skipaðir í dóminn menn, sem í rauninni eru kannske lærðir og skarpir lögfræðingar, en óvanir dómarar. Það eitt gerir nauðsynlegt, að mennirnir sjeu fleiri. Þá er eitt atriði, sem ber að athuga. Dómararnir verða oft að víkja úr rjettinum. Hefir það komið fyrir, að reglulegir dómarar hafa verið þar í minni hluta. Ef dómararnir væru aðeins þrír, gæti það átt sjer stað, að enginn þeirra ætti sæti í rjettinum, þegar dæma skyldi vandasöm og áríðandi mál. Þau mál yrðu þá ef til vill dæmd af eingöngu óvönum dómurum.

Hæstv. dómsmálaráðherra (JM) hefir sagt, að betra væri að hafa 5 dómara en 3, en það væri líka betra að hafa 7 en 5. Þótt æskilegt væri auðvitað að hafa 7, þá er hjer ekki um það að ræða. Það er enginn að fara fram á fjölgun dómendanna, og er því óþarfi fyrir hæstv. dómsmálaráðherra að vera að berjast á móti slíkri kröfu. Hjer fer enginn lengra í kröfunum en að það skipulag dómsins, sem nú er í gildi, mætti vera í friði fyrir áreitni hæstv. dómsmálaráðherra.

Jeg þykist vita, að sumir hv. þm. muni ætla að greiða þessu frv. atkvæði með það fyrir augum, að miðdómur verði settur á stofn, á næsta þingi jafnvel. En hvaða ástæðu hafa hv. þm. til að ætla, að svo verði, þegar stjórnin hefir skýrt og skorinort lýst því yfir, að hún muni alls ekki leggja neitt slíkt frv. fyrir næsta þing eða í náinni framtíð? Og hvaða tryggingu hafa hv. þm. fyrir því, að samþykt yrði slíkt frv. á næsta þingi, þó að það kæmi fram? Og hvaða trygging væri líka fyrir því, að næst-næsta þing legði þá ekki þetta nýstofnaða miðdómstig niður af sparnaðarástæðum, þó að næsta þing stofnaði það nú? Við skulum reyna að halda því, sem við höfum, en ekki vera að bollaleggja um endurbætur í þessu efni. Öllum má vera það ljóst, að slíkt er tilgangslaust, þegar annað eins frv. og þetta er borið fram af sparnaðarástæðum, og það af sjálfum dómsmála-

ráðherra landsins, sem þó játar, að það rýri rjettaröryggið með þjóðinni.

Því er borið við, að þjóðin krefjist sparnaðar. En jeg neita því, að þetta frv. sje fram borið til að spara. Það er fram borið til að *sýnast spara*. Það er enginn sparnaður að þessari dómendafækkun í hæstarjetti í samanburði við eyðsluna á öðrum sviðum. Frv. er fram borið til að geta veifað því framan í kjósendur, til þess að þeim glepjist svo sýn, að þeir sjái ekki alla ósamkvæmnina, alt hringlið og öll glappaskotin. Þjóðin heimtar engan skollaleik. Og hún krefst þess síst af öllu, að fjöregg hennar sje haft að leiksoppi í loddaraleik hv. þm.

Ef dómsmálaráðherra hefði sagt hreint og beint: Ja, jeg flyt þetta frv. af því að jeg er í standandi vandræðum. Þjóðin heimtar sparnað, en jeg sje ekki neina skynsamlega leið. — En hvað sparast? Ein 20 þúsund, 21 þúsund í hæsta lagi. Og eru þm. þau börn, að þeir telji sjer trú um það, að fyrir þá upphæð vilji þjóðin rýra rjettaröryggið í landinu? Og hverjir hafa þá, ef um slíka þjóðarkröfu er að ræða, blásið þjóðinni slíkri vitfirringu í brjóst? Hv. þm. sjálfir, og engir aðrir. Það er þá þeirra skylda að koma vitinu fyrir þjóðina aftur, ef þeim í raun og veru hefir tekist að glepja henni sýn í þessu máli. Og jeg býst við því, að enginn vilji í alvöru neita því, að nokkurnveginn standi á sama, hvort 20 þúsundum meira eða minna er eytt í hæstarjett, aðeins ef rjettaröryggginu er þá betur borgið, eins og hæstv. dómsmálaráðherra telur að væri.

Yfirrjetturinn kostaði um eitt skeið miklu meira að tiltölu en hæstirjettur nú. Um það talaði enginn; datt engum í hug að tala um það. Og óneitanlega var þó þá ríkjandi sannari og heilbrigðari sparnaðarandi en nú.

Ef það er virkilega álit þm., að nauður reki til að spara 20 þúsund krónur, þá er áreiðanlega hægt að láta þann sparnað koma niður á öðru heppilegra en hæstarjetti. Mætti t. d. sameina landsverslun og áfengisverslun, og spara með því þessa upphæð margfalda. En það má ekki nefna. Það er helgur dómur. En umfram alt að rýra hæstarjett og háskólann og gera þær stofnanir óstarfhæfar.

En hv. deildarmenn eru ekki að hugsa um að spara, heldur að sýnast, alt frá forsætisráðherra (JM) og niður að hinni lítilsigldustu sparnaðarsál deildarinnar. Það verður að segjast og verður að skiljast.

Björn Líndal: Jeg vil aðeins gera grein fyrir afstöðu minni til málsins. Jeg mun greiða atkvæði á móti frv. og óska, að það verði felt. En þar sem jeg býst samt við, að það nái fram að ganga, mun jeg, ásamt fleirum háttv. þm., koma með brtt. til 3. umr., sem miðar að því að koma í veg fyrir, að frv. skerði svo mjög rjettaröryggi í landinu, sem það óneitanlega gerir eins og það er nú úr garði gert. Mun hún ganga í þá átt, að bætt verði tveim mönnum í dóminn, þegar um er að ræða mál, sem varða líf og æru manna, og þegar föstu dómararnir 3 eru ekki sammála um dómsúrslitin.

Forseti (BSv): Það er komin fram tillaga um að slíta umræðum, þegar þeir hafi talað, sem höfðu kvatt sjer hljóðs. En nú eru tvær nýjar brtt. komnar fram, önnur á þskj. 443, hin á þskj. 456, og þarf afbrigði frá þingsköpum til þess að leyft verði að ræða þær.

Forsætisráðherra (JM): Má ekki geyma að ræða þessar brtt. til 3. umr., úr því að þá er von á fleiri brtt.?

Forseti (BSv): Ef fara skal með hraðaði að afgreiðslu mála, sem eru örlagaþrungin og afdrifamikil fyrir þjóðina, þá ræður deildin því og ber um leið ábyrgðina, sem því fylgir. Forseti hefir ekki vald til þess að neita hv. deild um úrskurðarrjett í því efni, og getur meiri hluti kúgað minni hluta með atkvæðamagni til að slíta umræðum. Ber jeg því framkomna tillögu undir atkvæði.

ATKVGR.

Felt að slíta umr. með 16:1 atkv.

Afbrigði um brtt. 443 og 456 leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg vil nú gera það mönnum til þægðar að lýsa að nokkru afstöðu nefndarinnar í þessu máli. Leit hún svo á, að fært væri að fækka dómendum, ef miðdómur yrði þá settur á stofn. Sjerstaklega er það *mín* persónulega skoðun, að án þess að miðdómur verði settur á stofn sje illfært að fækka dómendum. Tel jeg rjettaröryggginu enn betur borgið en nú, ef dómstigin yrðu þrjú, jafnvel þó að aðeins væru 3 dómarar í hæstarjetti. Var það misskilningur hjá hv. 2. þm. Rang. (KlJ), að nefndin ætlist til, að prófessorar háskólans, þ. e. lögfræðideildarinnar, skipi miðdóminn. En dómurinn gæti verið til mikilla bóta, þó að aðeins sæti í honum einn maður. Ef bornir eru saman hinir ýmsu dómar, sem koma fyrir hæstarjett, mun það koma í ljós, að dómar bæjarfógetans hjer bera langt af dómum hinna ýmsu sýslumanna utan af landi. Þó að aðeins einn slíkur maður sæti í miðdóminum, væri það því stór bót. Er það alls ekki rjett, að sparnaður verði ekki að þessari breytingu, að minsta kosti fyrir almenning. Því að þótt ekki sje hægt að banna mönnum að fara með mál sín fyrir hæstarjett, mundu þó margir láta sjer nægja miðdóminn og una úrslitum þeim, sem málin fengju þar. Nefndin vildi ekki bera fram brtt. við frv., þar sem hún taldi þá hætt við, að alt kynni að fara út um þúfur. Enda bjuggumst við fastlega við því, að málið mundi á þessum grundvelli fá góðar undirtektir.

Um innra skipulag dómsins tel jeg litlu skifta. Vil jeg aðeins geta þess, að jeg tel óheppilegt að gera að skyldu, að birt verði ágreiningsatkvæði. Mundi það aðeins verða til þess, að rjetturinn mundi verða fyrir óþörfu aðkasti almennings, sem ekki ber skyn á alla aðstöðu í vandasömum málum.

Jeg vil sjerstaklega kröftuglega mótmæla þeirri aðdróttun hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að hjer sje um nokkra flokksþvingun að ræða. Málið hefir ekki einu sinni verið rætt á flokksfundi í Íhaldsflokknum.

Annars hefi jeg ekki svo mjög að athuga við ræðu hv. þm. Þar var margt rjettilega fram tekið.

Vil jeg enn taka það fram, að þessum málum er svo best komið, að dómstigin sjeu þrjú, og að því á að stefna.

Um brtt. greiða nefndarmenn atkvæði eins og þeim þóknast, þar sem nefndin sem heild hefir ekki tekið til þeirra afstöðu, og hefir því óbundnar hendur.

Magnús Torfason: Jeg játa það fúslega, að rjettaröryggið í landinu er skert

að mun með þeim ákvæðum um fækkun dómara, sem þetta frv. fer fram á. Það, sem um er deilt, er því rjettaröryggið annarsvegar og sparnaðurinn hinsvegar. Verða því afdrif frv. undir því komin, hvort menn vilja fórna rjettarörygginu fyrir peninga. Hve mikils virði það er, verður auðvitað álitamál. Það fer eftir því, hve mönnum er ant um aurana og hve þeir leggja mikið upp úr rjettaröryggginu.

Í haust þegar kosningar fóru fram, kom fram ákveðin krafa af hálfu kjósenda um það, að sparað skyldi á alla lund. Ennfremur virtist mjer í byrjun þessa þings, að almennur áhugi væri fyrir því meðal þm., að þingið gerði tilraunir til sparnaðar þar, sem því yrði við komið. Jeg áleit þess vegna, að þetta frv. væri einn liðurinn í hinni almennu sparnaðarviðleitni þingsins. En nú hefir þetta farið svo, að næsta lítið hefir orðið úr sparnaðartilraunum þingsins. Jeg verð því að segja, að mjer finst það harla óviðkunnanlegt, ef hin eina verulega sparnaðartilraun þingsins, sem samþykt yrði, væri það, að dregið skuli úr hæstarjetti og hann rýrður til muna. Samt sem áður mundi jeg telja mjer skylt að fylgja í þessu máli yfirlýstum vilja kjósenda minna, ef um virkilegan sparnað væri að ræða. Þessar raddir um sparnað við hæstarjett ríkisins eru vitanlega komnar fram sem kröfur frá þjóðinni um sparnað á neyðartímum, og er þá vitanlegt. til þess er ætlast, að þessi sparnaður komi straks til framkvæmda. En það er nú ekki því að gegna um þetta frv.

Eins og það er lagt fram, get jeg ekki af orðalagi þess sjeð, að af því leiði nokkurn sparnað um ófyrirsjáanlegan tíma. Það eru ákvæði í þessu frv. um frestun á framkvæmd laganna, ef það verður samþykt. Kemur það skýrt fram í 10. gr. frv. Þar stendur, að lög þessi skuli ekki koma til framkvæmda fyr en „fast sæti í hæstarjetti *losnar* næst". Þetta þýðir, að þessi lög munu ekki koma til framkvæmda fyr en einhver dómaranna í hæstarjetti biður um lausn frá embætti eða deyr. Verður það ekki skilið á annan veg, enda hefir það og komið fram í ýmsum öðrum þingfrv., að það mun ætíð vera tilgangurinn að lofa mönnum að „rorra" í embætti meðan þeir sjálfir vilja, þegar svo er tekið til orða, og ákvæði 10. gr. eru nákvæmlega orðuð eins og venja er til um samskonar ákvæði í svipuðum lögum. Jeg fæ því ekki betur sjeð en stjórnin hafi hreint og beint gengist undir að leysa engan dómara úr embætti, ef þessi lög verða samþykt. Afleiðingin af þessu verður, eftir því sem jeg frekast veit, að hæstarjettardómararnir munu stritast við að sitja sem allra lengst í embættunum, í von um betri tíma. Allir vita sem sje, að þetta frv. er borið fram þvert á móti yfirlýstum vilja hæstarjettardómaranna, en þegar þessir betri tímar eru komnir og meira fje er handbært í ríkissjóðnum, mun þingið verða tilleiðanlegra til þess að nema þessi lög úr gildi, ef þau hafa hvort sem er aldrei komist til framkvæmda. Jeg er sem sje ekki í neinum vafa um það, að ef batnar í ári og alt kemst í blóma aftur, munu nýir þingherrar óðar afnema þessi lög aftur. Sparnaðurinn er því allur í orði, en enginn á borði. Þetta er aðeins gert til þess að sýnast. Þetta eru „egg til sýnis." Jeg fyrir mitt leyti vil alls ekki eiga þátt í neinu slíku. Jeg lít svo á, að ekki sje tilhlýðilegt að leika þannig með hæstarjett, sem, eins og menn vita, var notað-

ur til að „dubba“ upp á fengið sjálfstæði, með því að bæta 2 mönnum við í yfirrjettinn. Þetta vil jeg ekki láta taka aftur, nema það þá sje gert í fullri alvöru, og það verður ekki gert á annan hátt en þann, sem jeg hefi lagt til, með því að breyta 10. gr. þessa frv. Þá sjest það best, að þessi sparnaður er ekki aðeins í orði; hann er þá líka á borði.

Hin brtt. er samskonar og brtt. á þskj. 456, að það er gengið út frá því, að dómstjóri rjettarins verði ekki kosinn, heldur skipaður. Jeg hefi mikið undrast það, að annað eins og það, að láta kjósa dómstjórann, skuli hafa komið hjer fram, þar sem það er alkunna, að 4 dómarar í rjettinum hafa mælt á móti því, að þessi breyting skuli gerð. Mjer sýnist eins og hjer sje hreint og beint verið að leika sjer að því að lítilsvirða og særa hæstarjett með þessari tillögu, sem engin sparnaður felst í. Í þessu kemur fram hrein og bein lítilsvirðing á rjettinum, algerlega að raunalausu og þarflausu. Þetta vil jeg alls ekki gera, og því flyt jeg þessa brtt.

Jeg skal svo enda þetta mál mitt með því, að ef um raunverulegan sparnað væri að ræða og ef þessi brtt. mín verður samþykt, mun jeg veita þessu frv. mitt atfylgi; og jeg get gert þetta með góðri samvisku, vegna þess að útgjöldin til annara dómstóla hafa verið skert að mun í fjárlögunum, án þess að sjerstaklega hafi um það verið kvartað. Skrifstofukostnaður hjeraðsdómara hefir verið færður niður um ⅛ hluta, þrátt fyrir að dýrtíðin hefir aukist í sama hlutfalli, og er því þessi skerðing á skrifstofukostnaðinum ekki minni en ¼ hluti. Afleiðingin af þessu er vitanlega sú, að bæði jeg og aðrir hjeraðsdómarar og sýslumenn verðum að borga meira fyrir skrifstofur okkar en við fáum til þess úr ríkissjóði. Við verðum að leggja fram fje úr eigin vasa. Jeg endurtek það svo, að með pappírssparnaði, sem sennilegast er um, að komist aldrei á, vil jeg alls ekki vera og vil fyrir engan mun leggja þar nafn mitt við.

Sigurjón Jónsson: Í samráði við háttv. 1. þm. Árn. (MT) ætlum við flm. brtt. að taka hana aftur við þessa umr. og geyma hana til 3. umr., og sama mun hv. 1. þm. Árn. gera um brtt. sína á þskj. 443, og munu því þessar brtt. allar bíða til næstu umr.

Forsætisráðherra (JM): Þar sem brtt. hafa verið teknar aftur, sje jeg ekki ástæðu til að lengja fundinn með því að tala um þær. En jeg verð með fáum orðum að svara hv. 3. þm. Reykv. (JakM), og get jeg þó að mestu leyti vísað til þess, sem jeg hefi áður sagt. Hv. þm. viðhafði stór orð í ræðu sinni. Slíkt hefir heyrst hjer oft áður í öðrum sal hjer í þinginu. Hann sagði það satt, að jeg viðurkenni, að dómar eru betur tryggðir með 5 manna dómi en þriggja. Það má vel segja, að öryggi dómanna er betur tryggt með fleiri mönnum, og hefir háttv. þm. rjettilega bent á það. En það er álitamál, er hver þingmaður verður að gera upp við sjálfan sig, hvað komast megi af með í þessu atriði. Háttv. þm. talaði um það, að margar stofnanir væru svo heilagar, að jafnvel Alþingi mætti ekki hrófla við þeim, t. d. stjórnarskráin, hæstirjettur etc. Þetta eru bara orð, eintóm orð, og hafa heyrst annarsstaðar. Auðvitað hvílir ábyrgðin á þeim, sem frv. samþykkja.

Þá er jeg ekki alveg viss um, að það verði til þess að auka dómarahæfi-

leikana að hafa fleiri dómara í rjettinum. Eftir því, sem þeir eru fleiri, vinnur hver fyrir sig minna. Það er oftast nær þannig, að ekki brjóta allir dómararnir hvert mál jafnt til mergjar. Sá, sem fyrstur greiðir atkvæði, hefir venjulega mest fyrir, ef ekki er um ágreiningsatkvæði að ræða. Það er eins og hv. þm. sagði, að það getur þráfaldlega komið fyrir, að dómarar verði að víkja sæti, og það margir saman, jafnvel í 5 manna dómi, en þá eru ákvæði um það í hæstarjettarlögunum, að þá komi venjulega lagakennararnir til. Það eru venjulega allgildir lögfræðingar, þó þeir máske sjeu ekki allir þaulreyndir dómarar. En sem sagt, jeg hefi ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar að þessu sinni.

Jakob Möller: Jæja, hæstv. forsrh. (JM) vísaði til þess, sem hann hafði áður sagt, og slíkt hið sama get jeg yfirleitt gert. Hæstv. forsrh. gerði engar tilraunir til þess að hrekja þær staðhæfingar, sem jeg bar fram um þetta mál, sem sje, að með þessu frv. sje fyrst og fremst rýrt rjettaröryggið í landinu og um leið grafið undan sjálfstæðisrjetti þjóðarinnar. Mætti vel svo fara, að með þessu væri jafnvel gatan greidd fyrir stjórnleysi og byltingum í landinu, þegar virðingin fyrir rjettarfarinu og öryggi þess er eyðilagt. Jeg hefi í fyrri ræðu minni lýst því, hvernig fara mundi, ef þjóðin misti trúna á rjettarfarið í landinu, og þessu hefir hæstv. forsrh. ekki andæft með einu orði. Hann játaði jafnvel, að sjer væri fullljóst, að í þessa átt væri stefnt með frv., og hann undirstrikaði það, að hann teldi sjer þetta vel sæmandi. Jeg öfunda hann ekkert af því. Já, það er satt, það er álitamál, hvort þm. vilja kaupa þennan sparnað svo dýru verði. Jeg verð og að líta svo á, að hv. flokksmenn hæstv. forsrh. hafi nokkra afsökun, þótt þeir fylgi honum á þessari leið, sem til glötunar liggur og hann hefir vísað þeim á. Hann hefir og sagt þeim, að þeir geti gengið að þessu með sæmilega góðri samvisku, hann telji þetta „full"-forsvaranlegt sjálfur. Jeg get að vísu fallist á það með honum, að ábyrgðin hvíli á þeim, sem samþykkja þetta; en aðalábyrgðin hvílir þó á honum sjálfum og á þeim hv. þm., sem styðja hann til þess að vera stjórnarformaður, þótt þeir sjái hvert stefnt er með þessu frv., hvort sem þeir samþykkja þetta með honum eða ekki. Það eru þeir, sem sjá, að hjer er verið að halda út í ógöngur, en vilja þó styðja hann eða hvaða stjórn sem er til þess að halda áfram á þeirri leið. — Þeirra er ábyrgðin mest. Jeg segi þetta ekki vegna þess, að jeg vænti, að mjer takist að vekja efasemdir í brjósti hæstv. forsrh. eða þeirra, sem þetta vilja forsvara með honum, heldur til þess að vekja athygli þeirra þm., sem jeg tel bera ábyrgðina á þessu með honum, ef þeir styðja hann áfram til þess að vera við völd.

Það var annars svo lítilfjörlegt, sem hæstv. forsrh. hafði fram að færa sjer til varnar, að það tekur naumast að svara því. — Hann kvað fjölgun dómaranna ekki auka neitt dómarahæfileika rjettarins, en það viðurkendi hann þó í hinu orðinu, er hann gekk inn á það, að dómurinn væri betri eftir því sem fleiri væru í honum. Þetta er nú víst það, sem menn kalla að vera ekki samkvæmur sjálfum sjer. Það er nú svo, að þótt aðeins einn dómaranna undirbúi mál hvert undir dóm, þá kemur þekking hinna einnig til að hafa áhrif á úrslit allra mála. Aðalatriðið er þetta, sem hæstv. forsrh. hefir viðurkent, að það er dregið úr rjettaröryggginu, ef dómurunum er fækkað. Það

er þetta, sem hv. þm. verða að gera upp við sig, hvort þeir vilja vinna það til fyrir þessa litlu upphæð.

Ágúst Flygenring: Jeg vildi aðeins taka það fram, út af orðum háttv. 3. þm. Reykv. (JakM), að það er hreinasta hunda-„logik" að halda því fram eins og hann gerði, að fylgismenn stjórnarinnar beri ábyrgð á öllum gerðum hennar, og það einnig þeim, sem þeir greiða atkv. á móti. Það liggur í hlutarins eðli, að svo getur ekki verið, því enginn getur vitað fyrir, hvað einum ráðherra getur dottið í hug að bera fram. Myndi og enginn heilvita þm. nokkurntíma þora að taka að sjer stuðning stjórnar, ef þessu væri svo varið, sem hv. þm. (JakM) lætur í veðri vaka.

Jakob Möller: Jeg hefði gert ráð fyrir, að hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) væri kunnugt um það, hve sterk áhrif stjórnarflokksins eru jafnan á stjórnina og löggjöfina — eða geta verið að minsta kosti. Það eru þau vegna þess, að sá flokkur getur ávalt, er hann vill, sagt stjórninni að fara frá. Hver einasti flokksmaður, sem er þeirrar skoðunar, að stjórnin fari óforsvaranlega að í einhverju stórmáli, er því skyldur til að vara hana fyrst við, og dugi það ekki, þá að segja hingað og ekki lengra. Það er því í raun og veru ávalt á valdi stuðningsmanna stjórnarinnar, hver stefna er upp tekin í slíkum málum. — Það var fjarri mjer að vilja halda því fram, að stuðningsmenn stjórnar eigi að styðja hana í öllu. Og síst geri jeg þá kröfu eins og nú stendur á. En hinu held jeg fram, að ef þessi yfirlýsing sumra hv. stjórnarsinna er meira en orðin tóm, þá eiga þeir að láta það koma fram á þann hátt, sem hrífur.

Sigurjón Jónsson: Út af þeim umr., sem nú hefir verið stofnað til, þá vildi jeg aðeins spyrja hv. 3. þm. Reykv. (JakM), hvernig hann, sem góður flokksbróðir fyrverandi forsætisráðherra, hjelt uppi heiðri hæstarjettar, þegar rjetturinn í tíð þeirrar stjórnar var opinberlega svívirtur í einu málgagni hjer í Reykjavík. Jeg álít ekki rjett, að hv. 3. þm. Reykv. beri ábyrgð á vanrækslu fyrv. forsætisráðherra, flokksbróður síns, en með því væri sanngjarnara að brýna hann en að hann nú er að brýna okkur Íhaldsmenn yfirleitt með þessu máli. Hjer er alls ekki um það að ræða að svívirða að nokkru leyti rjettinn, og er því ólíku saman að jafna, en þá var líka ólíkt meiri ástæða til þess að láta til sín taka. (*JakM:* Háttv. þm. fylgist auðsjáanlega ekki sem best með því, sem á þingi gerist, er hann veit ekki, að jeg var alls ekki neinn stuðningsmaður fyrverandi stjórnar).

Árni Jónsson: Við hv. 3. þm. Reykv. (JakM) höfum til þessa mjög sjaldan fylgst að í málum, en með því að svo hefir viljað til nú, þá þykir mjer hálfundarlegt, að hann skuli fara að hnýta í okkur, sem erum honum sammála í þessu máli. Hann segir, að við eigum að láta það sjást, ef þetta sjeu ekki bara orðin tóm. — Já, við munum sjálfsagt gera það við atkvgr. Hæstv. forsrh. hefir flutt þetta fram sem sparnaðarmál, og ef hv. þm. (JakM) hefir athugað stefnuskrá flokksins, þá er sparnaðurinn þar einmitt efst á baugi. Aðgerðir hæstv. forsrh. eru því hjer fullkomlega í anda flokksins, og þótt hann vilji fara nokkru lengra í sparnaðinum á þessu sviði en sumir flokksmannanna, þá nær það auðvitað ekki nokkurri átt, að við förum að snúast á móti stjórninni fyrir það.

ATKVGR.

Brtt. 443 og 456 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 17:8 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 17:8 atkv.

Brtt. 430 feld með 16:6 atkv.

6. gr. samþ. með 16:5 atkv.

7. gr. samþ. með 16:7 atkv.

Brtt. 398 feld með 20:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, BL, HK, JakM, JK, MJ, ÁF, BSv.

nei: ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JAJ, JBald, JS, JÞ, JörB, KlJ, MG, MT, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ.

10.—11. gr. samþ. með 15:8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:7 atkv.

Á 59. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., fimtudaginn 1. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 176, 443, 456, 464).

Sigurjón Jónsson: Jeg á brtt. á þskj. 456, ásamt hv. þm. Ak. (BL). En eins og hv. þm. hafa væntanlega sjeð, þá eru þær samhljóða brtt. á þskj. 443, frá hv. 1. þm. Árn. (MT). Hefðum við dregið okkur í hlje, hefði okkur verið kunnugt um, að till. hans væri á leiðinni. Þær eru, eins og jeg hefi þegar minst á, samhljóða nema hvað snertir 3. brtt. á báðum þessum þskj., við 10. gr. laganna 1919. Er mismunurinn slíkur, að verði þessi brtt. hv. 1. þm. Árn. feld, þá getur okkar brtt. við sama lið komist að.

Jeg skal ekki ræða mikið um málið alment, enda hefir þegar verið allmikið um það fjallað hjer í hv. deild. En óhætt mun að segja það, að allir hv. þm. sjeu á sama máli um það, að forðast beri að gera nokkuð í þá átt að rýra hæstarjett, svo rjettaröryggið raskist og dómhæfið skerðist. Spurningin er þá einungis sú, hvort fækkun dómendanna geri þetta að verkum. — Vil jeg benda á það, að verði frv. að lögum, þá er nauðsynlegt, að notuð verði heimildin í 57. gr. í stjórnarskránni, til þess að veita þeim dómendum, sem orðnir eru 65 ára gamlir, lausn frá embætti. Þarf vilji þingsins í þessu efni að koma fram í umræðunum. Það er raunar svo, að slíkt skerðir að nokkru tilganginn með frv., þar sem svo er ákveðið, að dómendur þessir missi ekki neins í af launum sínum. En hitt tel jeg þó mikilsverðara, að þeir sitji ekki eldri en 65 ára í embættum sínum. Hefði jeg verið fús að miða lausnina við 60 ára aldur.

Hvað okkar brtt. viðvíkur, þá skal jeg geta þess, að þær hafa ekki neinn ósparnað í för með sjer, svo þeirra hluta vegna er sama hvort þær verða samþyktar eða frv. Er það fyrst það, að við teljum betur viðeigandi, að forstjóri dómsins sje skipaður, í stað þess að vera kosinn, eins og nú er gert ráð fyrir. Þegar dómstjórinn er kosinn árlega, þá veit almenningur aldrei, hver hann er á hverjum tíma, og miðar þetta til að minka álit rjettarins. En þetta embætti á að vera virðulegasta embætti landsins. Að fara nú að breyta til og kjósa dómsforseta í stað þess að skipa dómstjóra, virðist mjer vera af einhverjum demókratiskum ástæðum, sem eiga hjer illa heima. Jeg get fullyrt, að það eyðileggur ekki þetta frv., þótt brtt. okkar verði samþyktar.

Árni Jónsson: Jeg á brtt. á þskj. 464. Eins og hv. þm. hafa tekið eftir, þá eru

það tvö aðalatriði, sem haldið er fram í sambandi við þetta mál. Af hálfu fylgismanna þess er það sparnaðurinn, en andstæðingar frv. halda því aftur á móti fram, að fækkun dómenda hafi í för með sjer röskun á rjettarörygginu. Nú hefi jeg viljað bæta úr þessu, án þess að láta það koma niður á sparnaðartilgangi frv., og fer till. fram á það, að hæstirjettur geti kvatt í dóm með sjer 2 prófessorana við lagadeild háskólans, þegar um stór mál eða vandasöm er að ræða. Með þessu fyrirkomulagi ætti rjetturinn ekki að þurfa að missa neins í af áliti sínu. Hitt er óhjákvæmilegt, að þetta hafi nokkurn aukakostnað í för með sjer. Sje gert ráð fyrir, að þessir 2 prófessorar verði kvaddir til að dæma í tíu málum árlega og fái t. d. 100 kr. hvor þeirra fyrir hvert mál, sem jeg býst við, að myndi láta nærri, þá yrði kostnaðurinn af þessu alls 2000 kr. Ætti þá samt að nást 90% af sparnaðartilgangi frv., ef talið er, að það spari annars 20 þús. kr.

Vil jeg því vænta þess, að hv. þdm. sjái sanngirnina í þessari till. og lofi henni að ganga fram. En jeg tek það fram, að nái brtt. hv. 1. þm. Árn. (MT) eða hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) fram að ganga, þá þarf að breyta orðalagi greinarinnar svo, að í stað „forstjóri rjettarins“ komi: dómstjóri.

Þá er hjer brtt. á þskj. 501. Er það að eins orðabreyting. Svo er nefnilega ákveðið í lögunum, að synodalrjett skipi m. a. þrír hæstarjettardómendur, þeir elstu að embættisaldri. Verði nú dómendunum fækkað um tvo, þá sitja hinir, sem eftir eru, allir í synodalrjetti. Það er því einkennilegt, að mönnum skuli hafa yfirsjest þetta, og er varla vansalaust að það verði ekki leiðrjett.

Jörundur Brynjólfsson: Það hafa nokkrar brtt. komið fram við frv. þetta, og hafa þegar tveir af hv. flm. þeirra gert grein fyrir þeim. Hvað þær brtt. snertir, sem hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) og hv. þm. Ak. (BL) flytja á þskj. 456, þá eru þær að því að heita má þær sömu og komu fram í hv. Ed. Get jeg skírskotað til þess, sem jeg sagði við 2. umr. málsins, að jeg býst við, að meiri hl. nefndarinnar sje mótfallinn því að gera breytingar á frv. Það varð að samkomulagi innan nefndarinnar upphaflega að leggja til, að frv. verði samþykt óbreytt. Og þó einhverjir hv. nefndarmenn hafi máske síðan skift um skoðun í þessu efni, þá nær það ekki til mín nje sumra annara í nefndinni. Við getum ekki sjeð, að þeir gallar sjeu á frv., að rjett sje þess vegna að tefja fyrir málinu, ef það er á annað borð alvara manna, að málið gangi fram. Þær brtt., sem jeg nýlega nefndi, eru samhljóða þeim, sem gerðar voru við frv. í hv. Ed. En þar voru þær feldar með 9:5 atkv. Dylst mjer líka ekki, eftir að jeg hefi lesið umr. þær, sem orðið hafa um þetta í hv. Ed., að þessar brtt. eru sáralítils virði. Sá, sem flutti þær þar, er þó ágætur lögmaður, hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), en ástæður þær, sem hann færði fyrir þeim, voru harla smávægilegar. Og sumar breytingarnar virðast vera meira tilfinningamál en hitt, að nauðsyn krefji þeirra. Svo skilst mjer t. d. að sje um það, að skipa skuli dómstjóra í stað þess, að rjetturinn kjósi hann, svo sem nú er gert ráð fyrir. Snertir það víst ekki mikið málameðferðina eða rjettaröryggið. Enda voru brtt, eins og jeg hefi þegar drepið á, feldar, en frv. sjálft samþykt og afgreitt til þessarar hv. deildar með 12:2 atkv. Og þeir hinir sömu, sem báru fram brtt., greiddu at-

kvæði með frv., þrátt fyrir það að þær væru feldar, enda ekkert sjáanlega í þeim, sem varðað getur rjettaröryggið í landinu. Eins og margtekið hefir verið fram, þá er frv. fyrst og fremst borið fram af sparnaðarástæðum, og eru þær ástæður engu óríkari nú en þegar málið kom fyrst fram. Fór jeg allnákvæmlega út í þetta við 2. umr. og vil ekki endurtaka það hjer. En það vil jeg leggja áherslu á, að jeg tel öryggi og álit rjettarins að litlu eða engu skert, þó dómendur verði 3 í stað 5, eins og nú er, og með það fyrir augum fylgi jeg þessu máli. (*HK:* Hvers vegna þá ekki að hafa aðeins einn dómara?). Jeg get bent hv. þm. (HK) á, að mjög margir dómar eru kveðnir upp af einum manni, og kemur ekki að sök. Allur þorri almennings verður að láta sjer lynda dóma hjeraðsdómaranna. Hann hefir ekki fjárráð til annars meira. Sje um góða og samviskusama dómara að ræða, þá skiftir sjaldnast miklu máli, hvort þeir eru fleiri eða færri. En í þeim málum, sem sjerstaklega orka tvímælis, þá er það auðvitað öruggara, að fleiri en einn kveði upp dóm í þeim. Eins og hv. þm. er kunnugt, er málið flutt í hv. Ed. af einhverjum ágætasta dómara þessa lands, og er því ekki lítið á áliti hans að byggja í þeim efnum. Og styrkir það líka skoðun mína, að annar mikilsvirtur dómari hefir látið í ljós sömu skoðun sem hann. Og jeg er öldungis viss um, að verði brtt. gerðar við frv., sem verði málinu að falli, þá veldur það mörgum mönnum vonbrigða úti um land alt. Er það heldur ekki nema eðlilegt, að þar sem málið hefir verið svo vel undirbúið af þeim mönnum, sem best var treystandi til þess, þá sje lagt svo mikið upp úr skoðun þeirra á því, að málið verði afgreitt eins og þeir telja heppilegast og eins og það hefir verið afgreitt frá hv. Ed. Og grunar mig það, að ýmsum skattþegnum þessa lands muni þykja óviðeigandi, ef málið verður felt fyrir sakir tómra smámuna. Og þegar það má teljast viðurkent, að öryggi rjettarins sje ekki skert með þessari breytingu, þá er þess að vænta, að frv. verði samþykt. Við það sparast um 25 þús. kr.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) vjek að því, að óviðkunnanlegt væri, að menn vissu ekki, hvað dómstjórinn hjeti. Þetta er sama ástæðan, sem fram var færð í hv. Ed., og er aðeins tilfinningamál. Eða hvað gerir það til, þó menn viti ekki nafnið á dómstjóranum, ef menn geta treyst því, að rjetturinn sje á annað borð bær um að kveða upp góða og rjettláta dóma? Auk þessa myndi það jafnan vera auðvelt að fá sjer upplýsingar um þetta atriði.

Þá vil jeg í fám orðum víkja að brtt. frá hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) á þskj. 464. Fer hún fram á að heimila rjettinum að kveðja með sjer í dóm tvo prófessora við lagadeild háskólans, þegar vandamál ber að höndum. Jeg get verið stuttorður um þetta, því að að minni hyggju yrði öryggi rjettarins í engu eða að minsta kosti litlu betur trygt, þótt ákvæði þetta yrði að lögum.

Þetta er hægt, þegar það er víst fyrirfram, að mál það, sem fyrir liggur, orkar tvímælis, en mjer finst það ekki nema eðlilegt, að slíkt verði fyrst ljóst, þegar málið er komið í dóminn og aðiljar hafa gert grein fyrir sínu máli. Og þá er þetta ákvæði ekki til neins, því að það er orðið um seinan að kveðja menn í dóminn og undir flestum kringumstæðum hefði það ekkert að segja.

Jeg get og getið þess, að ef mönnum þætti eitthvað ábótavant í þessu efni eða

öðru, þá er hægurinn hjá að breyta því. En það er ekki nema rjett, að menn sjái fyrst, hvernig þetta gefst.

Sem sagt, mjer sýnist brtt. engan veginn þess eðlis, að nauðsyn beri til að samþykkja þær, nema fyrir þá, sem koma vilja málinu fyrir kattarnef.

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg get verið stuttorður. Jeg sje það altaf betur og betur, að allshn. hefir gengið fullangt í samkomulaginu um þetta mál.

Jeg lýsti því þegar yfir í fyrstu ræðu minni við 2. umr., að jeg skrifaði í raun-inni undir nál. með þeim sama fyrirvara og hv. 4. þm. Reykv. (MJ), að ekki mætti skerða hæstarjett fyr en miðdómstigi hefði verið komið á. Jeg hjelt líka, að það væri vilji allrar nefndarinnar, en jeg hefi þar misskilið 2 hv. nefndarmenn, sem ekki leggja aðaláhersluna á þetta atriði. Jeg skal ekkert við því segja; við höfum bara misskilið þá í nefndinni og þeir, að því er mjer virðist, misskilið nál., sem þeir skrifuðu undir fyrirvaralaust.

Það er alveg rjett hjá hv. 2. þm. Árn. (JörB), að nefndin kom sjer saman um að flytja enga brtt. við frv. En jeg bjóst þá fastlega við því, að hæstv. stjórn og hv. deild myndu taka vel í miðdómstigið. Og jeg lagði ríka áherslu á það frá upphafi, að rjettaröryggi væri betur borgið með því að hafa dómstigin þrjú, þó aðeins væri einn dómari í miðstigi, heldur en nú er með ófullkomnu frumstigi og hæstarjetti, enda þótt þar sjeu 5 dómarar. Þessari skoðun hefi jeg altaf haldið.

Jeg er samdóma hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) um það, að jeg vona, að hv. deild eða hið háa Alþingi vilji ekki á neinn hátt raska öryggi hæstarjettar, og því er rjett, að þeir hv. þm., sem sjá, hvernig málinu er komið, reyni að bæta úr því. En þær brtt., sem hann og aðrir bera fram, voru talsvert ræddar í allshn., og voru þar skiftar skoðanir um þær. Og af því að mín aðaltill. hefir verið feld við 2. umr., lýsi jeg því yfir, að jeg þykist hafa óbundið atkv. um þessar till. Hinsvegar verð jeg að segja, ef hv. þm. Ísaf. hefir meint það, að rjett væri að setja aldurstakmarkið 60 ár, þá er það ekki rjett meðan það er bundið við 65 ár í stjórnarskránni. Því þegar stjórnarskráin segir, að veita megi dómurunum lausn, er þeir sjeu orðnir 65 ára, felst vitanlega í því, að ekki má setja þá af fyr, nema fyrir sjerstakar sakir. Jeg skal svo ekki orðlengja um málið frekar, en viðvíkjandi brtt. hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), sem útbýtt var hjer í dag, þá sje jeg ekki, að nefndin sje lastverð, þótt hún hafi ekki komið með þá orðabreyting. Því það er ómögulegt að misskilja þetta í lögunum, þó að það sje ekki leiðrjett. En mjer virðist málið komið út á slæma braut, þar sem bæði háttv. deild og hæstv. stjórn álíta, að miðdómstigi verði ekki komið á að svo stöddu, jafnvel ekki með einum manni, sem þó mikið myndi bæta úr skák. Vona jeg því, að hv. þdm. reyni að bæta frv. eftir því sem kostur er, ef það á að ganga fram.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vildi aðeins rifja það upp, að við 2. umr. var gerður hjer mikill gustur bæði að mjer og öðrum, er við vildum skera umr. niður af því nógur tími væri til að ræða frv. við 3. umr. Þá var mikill gustur að okkur ger, málið sagt svo mikið, að óverjandi væri að ræða það ekki til hlítar, og ennfremur sagðar fram komnar brtt., sem nauðsyn bæri til að tala um.

En þrátt fyrir allan gustinn, varð sú niðurstaðan, að umræður urðu sáralitlar

eftir það, að till. okkar var frá vísað og — allar brtt. voru teknar aftur til 3. umræðu.

Jeg þarf ekki nú að verja okkur fyrir þeim gusti, eftir að þetta er komið fram. En sá gustur er gott dæmi þess, hve mikið hefir verið gusað um þetta mál.

Jeg ætla ekki að segja margt um brtt., en það er opinbert leyndarmál, að þær eru allar fram komnar til þess eins að koma málinu fyrir. Það er mín persónulega sannfæring, og staðfestist hún vel með seinustu brtt., og þá sjerstaklega brtt. hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) á þskj. 501, sem leita verður afbrigða um. Hv. þm. hefir fundið það út, að vegna synodalrjettarins megi ekki breyta lögunum. Jeg er nú sannfærður um, að hv. þm. (ÁJ) hefir aldrei heyrt synodalrjettinn nefndan fyr en nú. Það er ósköp eðlilegt, því þeir einir, sem lesið hafa kirkjurjett, og nokkrir duglegir lögfræðingar, kannast við hann; aðrir ekki. Hann dæmdi aðeins 1 mál öldina sem leið. Síðan eru 30—40 ár og á þeim tíma hefir þessi rjettur ekkert mál dæmt. Þetta er úrelt stofnun, sem jeg efa ekki, að hæstv. forsrh. (JM) í samráði við biskup getur sjeð um, að standi ekki þessu máli fyrir þrifum. Þessi till., eins og aðrar, eru því aðeins vottur um tilraunir manna til að koma frv. fyrir kattarnef.

Jeg vil því vara hv. þm. við því að samþykkja brtt., því það getur orðið til þess, að málið dagi uppi, þar sem ekki eru eftir nema 2—3 dagar af þingtímanum. En hægurinn er hjá að laga galla, sem á kunna að vera, á næsta þingi. Auk brtt. hefir orðið ákaflega mikill gustur út af málinu sjálfu. Það er sagt, að sjálfstæðið og rjettlætið sje í veði, ef þetta frv. nær fram að ganga, þetta frv., sem flutt er af hæstv. dómsmálaráðherra (JM) og stutt af bestu lögfræðingunum á þingi.

Þessi gustur minnir á dæmisögu Esóps um smalann, sem vanur var að hlaupa inn í þorpið og hrópa: Úlfur! Úlfur! Svo oft hrópaði hann þetta, að menn hættu að leggja trúnað á það. Þetta endurtekur sig hjer dag frá degi, viku eftir viku. Þegar komið er við embættismannakerfið, sendiherrann eða hæstarjett, þá eru altaf vissir menn, sem hrópa hástöfum, að sjálfstæðið, menningin, rjettlætið sje í veði. Jeg er hættur að sinna þeim. *(JakM:* Ekki um landsverslun). Jú, jeg álít ekki, að sjálfstæði landsins sje hætta búin, þó landsverslun sje lögð niður, en jeg tel, að landsbúum sje hagkvæmara að hafa hana.

Jeg vil seinast geta þess, að það hefir verið sagt um þá, sem frv. fylgja, að þeir sjeu að ráðast á hæstarjett og beri ekki traust til hans. Þetta er alveg gagnstætt. Hvernig er ástatt nú? Eitt sæti er autt í dóminum og elsti og reyndasti dómari landsins, sem situr nú í hæstarjetti, er kominn yfir það aldurstakmark, þegar stjórninni er heimilt að setja annan mann í hans stað. Því er um þetta að ræða: Má Alþingi, má þjóðin treysta þeim 3 yngri dómurum, sem dæma nú í hæstarjetti, til þess að dæma rjetta dóma fyrst um sinn? Því vitanlega verður aftur breytt, þegar ástandið leyfir. En nú er þröngt á öllum sviðum og alt verður að spara, sem hægt er. Og spurningunni, má treysta þessum 3 mönnum til að dæma rjett, svörum við, sem frv. fylgjum, játandi. Þeir, sem mæla á móti frv., treysta þeim ekki til þess. Og því eru það þeir, rjett skoðað, sem lýsa vantrausti sínu á hæstarjetti og vekja tortryggni á honum,

en ekki við, sem fúsir erum til að eiga æru og líf okkar og samborgaranna undir hæstarjetti eins og hann er nú.

Forsætisráðherra (JM): Jeg held, að jeg finni ekki ástæðu til að svo stöddu að ræða um annað en brtt. þær, sem komnar eru fram við þessa umr., og nokkur ummæli, sem komið hafa fram í sambandi við þær.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) talaði um, að menn vildu ekki á nokkurn hátt rýra öryggi dómsins. Menn vilja ekki minka öryggi hans á neinn hátt frekar en forsvaranlegt þykir; en því hefir aldrei verið leynt af neinum, sem borið hafa fram breytingar á hæstarjetti, heldur hafi þeir þegar tekið það fram í upphafi, að segja mætti, að öryggið væri ekki alveg það sama. Sú breyting var fyrst fram borin, að hæstarjettardómararnir skyldu kenna við háskólann, og flm. sagði í upphafi, að segja mætti, að öryggið væri rýrt, en hann væri viss um, að það yrði ekki merkjanlegt í framkvæmdinni. Jeg hefi líka viðurkent þetta, að æskilegast væri að þurfa ekki að fækka dómurunum, en jeg tel forsvaranlegt að gera það.

Hitt get jeg ekki sjeð, að það sje mikið atriði í þessu máli, hvort dómstjórinn er kosinn eða skipaður. Það er ekkert verulegt sparnaðaratriði, en jeg skal út af því, sem sagt hefir verið, leyfa mjer að vísa í nál. hv. Ed. um þetta mál. Þar er sagt, með leyfi hæstv. forseta: „Þetta ákvæði virðist samkvæmast sjálfstæði dómsvaldsins. .... Það mundi og vera fult eins gott fyrir samvinnuna í rjettinum, að sem jafnast væri á komið með öllum dómurunum um starf þeirra, laun og annað, enda er slíkt skipulag dómstóla ekkert einsdæmi. .... Hitt er álitamál, hve langt kjörtímabilið eigi að vera, eitt ár eða lengur, en vitanlega getur endurkjör átt sjer stað. Nefndinni getur ekki skilist, að forseti hafi meira starf við dóminn en hinir dómararnir.“

Jeg þarf engu við þetta að bæta, enda er það lítið atriði í sjálfu sjer.

Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) hefir flutt brtt. á þskj. 464, þannig, að rjett geti verið að bæta í dóminn, þegar sjerstaklega stendur á. Í sjálfu sjer mætti orða þetta; jeg viðurkenni það, en jeg tel þetta nokkuð óákveðið, og ef svo sýndist, að ákveða það nánar, get jeg ekki annað en mælt á móti brtt.

Hvað snertir brtt. á þskj. 501, verð jeg að segja, að það má vera, að betur hefði mátt athuga þetta atriði, en það er þannig vaxið, að fyrir framkvæmd laganna gerir það ekkert til, og því er óþarft að samþykkja brtt. af þeim ástæðum.

Jeg þakka hv. 2. þm. Árn. (JörB) góð orð um mig og aðra, sem málinu fylgja, en jeg vil ekki, að sjerstakt tillit sje tekið til lagaþekkingar í þessu máli. Þetta er atriði, sem hver maður getur gert upp með sjálfum sjer og dæmt um, en ekki neitt sjerstakt fyrir lögfræðinga. Enda væri það óheppilegt fyrir frv., ef svo væri, því jeg býst við, að ef atkv. væri leitað meðal lögfræðinga um þetta mál, yrðu fleiri á móti. En þetta atriði, hvort menn láta sjer nægja 3 eða 5 dómara, getur hver borið um.

Það hefir verið talað um, að sumir, sem eru í þeim flokki, sem jeg telst til, væru á móti þessu frv. Það er eðlilegt; það hefir ekki verið gert að flokksmáli og má ekki gera það, því ef einhver teldi öryggi rjettarins skert of mjög með þessu, mætti ekki neyða hann til að fylgja því fram. En eins og jeg hefi margsagt, tel jeg þessa rýrnun á öryggginu að mínum dómi ekki meiri en forsvaranlegt er.

Hv. frsm. (JK) mintist enn á miðdómstigið. Jeg skil það vel, því það er sannfæring margra, sem andvígir eru frv., að ef miðdómstigi væri komið á, væri forsvaranlegt að fækka í hæstarjetti.

Jakob Möller: Háttv. þm. Str. (TrÞ) ber sig upp undan gusti, sem orðið hafi út af þessu máli. Jeg hygg, að sá gustur sje mestur í hans eigin samvisku; jeg tel það ekki óeðlilegt, þótt hún sje óró, því varla er henni mikil fróun í því að geta nú borið gæfu til að vera sammála hæstv. forsrh. (JM).

Hann taldi það fyrst, að gustur hefði verið vakinn út af því, að skera átti niður umr. við 2. umr., og hefði verið lítil ástæða til þess, þar sem fátt hefði verið sagt þar á eftir. En það er aldrei sæmilegt að banna mönnum að tala um mikilsverð mál, en það er gert við alla þá, sem ekki hafa kvatt sjer hljóðs, þegar umræður eru skornar niður. Hann kvað þrjár umr. nægilegar til að það kæmi fram, sem fram þyrfti að koma. Oft hefir sýnt sig, að svo er ekki. Og jeg vil vekja athygli manna á því, að þegar skera átti umr. niður, var jeg rjett búinn að leggjast fast á móti málinu, og enginn, hvorki hv. þm. Str. nje hæstv. forsrh., hafa enn treyst sjer til að færa rök á móti mínum orðum. Hefir þeim því líklega þótt þægilegra að skera strax niður umr., svo að röksemdaþrotin kæmu ekki eins greinilega í ljós. En þó að segja mætti með rjettu, að allmikill gustur hefði verið gerður út af þessu máli, þá er þess að gæta, að málið er sannarlega þess vert að vekja gust, og jeg vildi óska, að það hefði vakið svo mikinn gust í samvisku hv. þm. Str., að honum hefði ekki tekist að svæfa hana. Hann var að tala um, að vjer vantreystum hæstarjetti. Jeg vil nú vekja athygli hans og annara fylgismanna hans í þessu máli á því, að dómararnir þar treysta sjer ekki sjálfir. Þeir hafa einróma lagt á móti þessari breytingu. Þeir vita, að þessi breyting verður til að skerða rjettaröryggið í landinu, og viðurkenna það líka, og eru menn að meiri. Það er þingið, sem hefir oftraust á hæstarjettardómurunum, er það segir þeim, að þeir sjeu færir um það, sem þeir telja sjer ofvaxið. Og hjer stoðar ekkert að vitna til lögfræðinga. Hvaða lögfræðingar ættu að hafa vit á þessu máli, ef ekki hæstarjettardómendurnir sjálfir? Hæstv. forsrh. talaði um, að það væri hál braut að vitna í lögfræðinga. Það er þá vissulega líka nokkuð hál braut að vitna í hann sjálfan. Hann var ákveðinn móti þessari breytingu 1919. Nú segir hann, að rjettaröryggið sje að vísu skert með þessu, en þó ekki meira en forsvaranlegt sje. 1919 taldi hann óforsvaranlegt að hafa dómarana færri en 5, svo sem lesið hefir verið upp úr Þingtíðindunum; nú telur hann *full*forsvaranlegt að hafa þá aðeins 3. Á hverju á nú að taka meira mark, ummælum hæstv. forsrh. 1919 eða nú? Auðvitað á ummælum hans 1919, af því að þá er varlegar farið, þó að ekki væri annað.

Einna furðulegust af því marga og misjafna, er hjer hefir verið sagt, var þó ræða háttv. 2. þm. Árn. (JörB). Hann sagði, að rjettaröryggið væri alls ekki skert, enda þótt dómendum væri fækkað niður í þrjá, og vitnaði í hæstv. forsrh. máli sínu til sönnunar, sem þó hefir sagt hið gagnstæða. Hann snýr við orðum hæstv. forsrh., og hlýtur því að snúast sjálfur á móti málinu, er hann athugar það, að flestir telja rjettaröryggið skert með þessu. Hann hefir skrifað undir nál. fyrirvaralaust, en í nál. er lögð áhersla á

það, að þriggja manna dómur sje öldungis óviðunandi, nema miðdómstig sje stofnað um leið.

Jeg veit það vel, að jeg get ekki haft nein sjerstök áhrif á þetta mál. Jeg er ekki þannig settur. En því, sem jeg hefi sagt um málið, hefi jeg beint til stuðningsmanna stjórnarinnar. Þeir bera ábyrgðina. Jeg er þar fyrir utan, og get því engin áhrif haft á málið þar. Og til andstæðinganna býst jeg við, að þýðingarlaust sje að beina þessum athugasemdum. En jeg hefi viljað, að enginn þingmaður gæti sagt, að ekki hefði verið bent á það, sem hjer er í húfi. Þetta er eitt af þeim málum, sem meiri hluti hvorki á nje þarf að ráða úrslitum á. Það er nefnilega hægt að gera mál að svo nefndum „cabinets"-málum, og það geta fleiri gert en stjórnin, jafnvel fáir þm. úr flokki stjórnarinnar. En þeirri stjórn, er fer að sem núverandi stjórn í þessu máli, er mönnum ekki heimilt að ljá fylgi sitt.

Björn Líndal: Jeg lýsti yfir því við 2. umr., að jeg væri mótfallinn frv. þessu, og endurtek það. Þrátt fyrir það, að jeg hefi komið fram með brtt. við frv., skal jeg lýsa yfir því, að jeg kýs heldur, að frv. verði felt en að brtt. mín verði samþykt. Og jeg get vel gert það hv. þm. Str. (TrÞ) til geðs, að viðurkenna þetta, enda þótt jeg viti vel, að tilgangur flestra þeirra, er hjer eiga brtt., er alls ekki sá, að spilla fyrir frv. En jeg veit, að tilgangur hv. þm. Str. er sá, að hleypa með framkomu sinni í þessu máli eldi og ófriði inn í deildina, enda er hjer ágætt tækifæri til þess.

Jeg skal fúslega játa það, að jeg er svo mikill íhaldsmaður, að jeg vil ekki nema lög úr gildi án þess að fá önnur betri í staðinn. Jeg efast um, að hv. deildarmenn geri sjer það ljóst, hvílíkur vandi er að dæma rjett. Rjettdæmi er, að mínum dómi, því erfiðara, sem þjóðfjelagið er minna. Þar, sem hver þekkir annan, hlýtur næstum hin persónulega viðkynning að hafa ósjálfráð áhrif á dómendur, og stundum geta þau áhrif verið þverófug við það, sem líklegast kann að þykja. Jeg segi þetta engum til lasts, heldur aðeins til að vekja athygli á því. (Kröfugangan fer framhjá með lúðraþyt og söng; þingmenn þyrpast út að gluggunum). Ef menn ætla sjer að hlusta á söng sósíalistanna, get jeg gjarnan gefið þeim hlje til þess. (Stutt hlje.).

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) var að gera lítið úr brtt. 464. og hygg jeg, að það hafi stafað af því, að hann hefir ekki kynt sjer málið nægilega. Í 37. gr. er ákveðið, að útdráttur úr undirrjettardómsgerðunum og eitt eintak af þeim skuli hafa legið frammi á hálfan mánuð áður en dómar fara fram, enda er óhjákvæmilegt að kynna sjer dómsgerðir undirrjettarins. Þær verða altaf aðalgrundvöllurinn undir dómunum.

Þá kem jeg að brtt. á þskj. 501, og get hvorki verið sammála hæstv. forsrh. (J-M) nje öðrum, er halda því fram, að hún sje þýðingarlaus. Þótt hún hafi litla praktiska þýðingu, og jafnvel enga, þá er hún ekki þýðingarlaus fyrir sóma þings og þjóðar. Það er algerlega ósæmilegur formgalli, að í einni grein laganna sje gert ráð fyrir fleiri en 3 dómendum, en ákveðið í annari grein, að þeir skuli aðeins vera þrír. Hv. þm. Str. sagði, að þessu mætti breyta á næsta þingi. Jeg held, að þá mætti alveg eins vel bíða með að breyta hæstarjettarlögunum til næsta þings, enda sparast ekkert við breytinguna þangað til. Hann talaði um traust og vantraust á dómurunum. Jeg fyrir mitt

leyti treysti öllum völdum heiðursmönnum til þess að vilja dæma rjett, en jeg treysti 5 völdum mönnum betur en 3 til þess að geta dæmt rjett.

Annað atriði kemur hjer og til greina, og drap hv. 3. þm. Reykv. (JakM) á það. Hann gat um, að þessi rjettarstofnun væri ekki aðeins fyrir Íslendinga, heldur og fyrir útlendinga. Jeg held, að ekki sje gerlegt að gera sjer hálfgerðan leik að því að rýra meira traust þeirra á íslensku rjettarfari, og eru dæmin deginum ljósari um það, að það má ekki minna vera en nú er.

Í hinum frægu steinolíusamningum, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) er svo hrifinn af, og sjálfsagt hv. þm. Str. líka, er svo ákveðið, að enskir dómstólar skeri úr ágreiningsatriðum milli íslenska ríkisins og þessa enska einokunarfjelags. Þetta sýnir, að annaðhvort hefir verið slælega gengið fram við samningana af hálfu okkar Íslendinga eða að traust útlendinga á íslenskum dómstólum er ekki of mikið.

Og að lokum skal jeg taka eitt fram. Mjer er ekki sama um sóma lands og þjóðar. Jeg hefi haldið því fram, að ekki hafi verið nauðsynlegt að flytja hæstarjett inn í landið þegar það var gert, en úr því, sem komið er, sje jeg ekki annað en að fækkun dómara þar sje hin mesta vanvirða fyrir land og lýð, án þess að við það sparist nokkuð, sem teljandi sje.

Árni Jónsson: Háttv. þm. Str. (TrÞ) sagðist vera sannfærður um, að jeg hefði aldrei heyrt synodalrjett nefndan fyr en í dag. Jeg skal ekkert þrátta við hann um það. Menn eru nú sannfærðir um svo margt. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) var t. d. sannfærður um, að hv. þm. Str. hefði slæma samvisku í þessu máli. Jeg vil nú ekki taka undir það, en held, að hann byggi sannfæringu sína á röngum grundvelli, og er sannfærður um það.

Annars skal jeg ekki gera brtt. á þskj. 501 að kappsmáli. En það ber vott um hroðvirkni, ef þetta er ekki lagað, sem till. fer fram á. Það verður að krefjast þess, að lögin sjeu sjálfum sjer samkvæm. Hefðu engar aðrar brtt. komið fram, hefði jeg ekki látið senda frv. til Ed. vegna minnar till. einnar. Frekar þarf jeg ekki að svara hjer, enda hafa aðrir þegar gert það í minn stað.

Tryggvi Þórhallsson: Aðeins örlítil kvittun til háttv. 3. þm. Reykv. (JakM). Hann gerði gust mikinn út af því, að umræður hefði átt að skera niður um daginn, en gat þess þó um leið, að hann hefði sjálfur talað seinast, áður en það átti að gera. Jeg sje því ekki betur en að hann hafi manna minsta ástæðu til að kvarta undan því, þótt umr. væri slitið. Málið hafði þá verið hjer á döfinni 2—3 daga, og menn vildu láta það daga þar uppi. Þessi var ástæðan og engin önnur.

Jeg vildi því næst, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr ræðu, er hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) hjelt í Ed. um þetta mál:

„Jeg get verið hv. flm. frv. samdóma um það, að það sje gerlegt, úr því að hag þjóðarinnar er nú svo komið, að spara verður alt það, er spara má, án þess þó að í hættu sje stofnað menningu hennar og sjálfstæði, að fækka dómendum í hæstarjetti úr 5 niður í 3. Jeg er honum einnig samdóma um, að fækkunin sje miklu tiltækilegri en hitt, að hlaða á dómarana öðrum störfum, sem ekkert eiga skylt við dómarastarfið, eins og t. a. m. kenslu við háskólann. Jeg er og í vafa um

það, að þjóðin hafi ráð á því, að 5 af hennar allra færustu mönnum, eins og hæstarjettardómararnir eru, hafi ekki annan starfa opinberan á hendi en þann, að kveða upp dóma í 40—60 málum á ári.“

Þetta segir nú sá maður, er manna mest fæst við dóma á landi hjer, og á eftir rekur hann, hvað hann þurfi sjálfur að dæma hjer. Jeg hlýt að telja vitnisburð hans þungan á metunum. Hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. Ak. (BL) töluðu um illar hvatir og slæman ásetning hjá mjer í þessu máli. Ef svo er, þá hefi jeg lengi gengið með þær illu hvatir. Jeg hefi í mörg ár haldið fram þeim skoðunum í blaði mínu á þessu máli, er jeg geri enn í dag. Hv. þm. Ak. tók nú eins og oftar til þess að draga allskonar óskyld mál inn í umr. til að þjóna lund sinni. Í þetta sinn fór hann að tala um steinolíusamningana. Jeg vildi gefa hv. þm. það heilræði, að láta af þessari bardagaaðferð og koma opinberlega og heiðarlega fram á hinum rjetta vettvangi málanna.

Bjarni Jónsson: Jeg býst við, að menn hafi ekki gleymt því, hvílíkt áhugamál öllum góðum Íslendingum var það lengi að ná hæstarjetti heim úr útlöndum, hinum æðsta dómstóli um líf manna og æru. Þetta gekk fram árið 1919, þó þannig, að slept var miðdómstiginu. Þó þótti þá ósæmilegt, að færri en 5 dómarar ættu sæti í hæstarjetti. Nú veit jeg það, að sá, sem þetta frv. bar fram, gerði það aðeins í sparnaðarskyni, til þess að geðjast þessum sparnaðaranda þingsins, sem þar gengur ljósum logum á þessum síðustu tímum. Hann segir það af ásettu ráði, að það sje þingið, en ekki kjósendur, sem heimti þetta nurl, sem bæði er hlægilegt í sjálfu sjer og landinu til stórrar vanvirðu, ef það verður að lögum.

Það er annars gott að fá tækifæri til að lýsa þessu þingnurli og sýna, hversu gálauslega hv. þm. fara með tíma þingsins árlega. Það er líklegast, að þeir ætli, að þingið kosti ekki peninga. Jeg ætla að koma með lauslegan reikning eða yfirlit yfir þær afturgöngur, sem þingnurlararnir hafa vakið upp á hverju þingi. Það ætla jeg, að þingið muni kosta eitthvað um 1600 kr. á dag, og að meðaltali ætla jeg hverri afturgöngu 1 eða 1½ dag af þingtímanum. Sumar taka máske eitthvað lengri tíma, en sumar eru þá skemur á ferðinni. Mun þá hver afturgangan kosta ríkissjóð um 2000 kr. (*ÁF:* Þær eru miklu dýrari). Jeg reikna lágt og veit því, að jeg þarf ekki að skammast mín neitt fyrir þann reikning minn. Það er alls ekki minni upphæð en þetta, sem draugarnir kosta, og nú skal jeg nefna þá uppvakninga, sem jeg man eftir í svipinn. Fyrstan tel jeg frægra grískudósentinn. Hann er þrefaldur. Hann hefir einu sinni verið vakinn upp í Ed., og hjer í Nd. hefir hann gengið aftur tvisvar sinnum. Hann hefir því kostað ríkissjóð 6000 kr. Þó er þetta líklega ekki gert í sparnaðarskyni, er það hefir verið látið í veðri vaka, að jeg ætti að fá að halda þessu embætti meðan jeg lifi. Það er því aðeins verið að leika sjer með tíma þingsins. Þá er próf. Guðmundur Finnbogason næstur. Draugur til höfuðs honum hefir að minsta kosti þrisvar verið vakinn upp hjer í þinginu, og reikna jeg það 6000 kr. Þá eru embættasamsteypur við söfnin og halaklipping háskólans; þetta sumt margfalt. Hæstirjettur og sendiherrann hafa kostað um 2000 kr. hvort málið fyrir sig. Alls held jeg, að jeg hafi þá talið um 22 þús. kr., sem þannig hafa farið til einskis; en þá ætla jeg alls ekki að reikna annað, sem af þessum tímaspilli hefir leitt, eða það

gagn, sem af þessum tíma og fje hefði mátt verða, ef þingið hefði í stað þessa viljað vinna eitthvað að alvarlegum og nytsömum þingstörfum. *(TrÞ:* En þm. gætir þess ekki, sem er mikið og sparast hefir landinu við það, að hv. þm. Dala. var veikur í vetur). Jú, jeg hefi heyrt það, að bæði háttv. þm. Str. (TrÞ) og ýmsir aðrir hafi leikið hjer lausum hala, broshýrir mjög og óspart látið munninn ganga, óhræddir vegna þess, að jeg var hjer ekki viðstaddur.

Margt af þeim sparnaði, sem hjer hefir verið framinn, kemur ekki til greina fyr en eftir 10—20 ár. Hverjum dettur t. d. í hug, að þessi lög, ef samþykt verða, um hæstarjett muni lifa í 5—10 ár? Fyr getur enginn sparnaður af þeim orðið. Nei, ekki einu sinni 1 eða 2 ár munu þau fá að lifa. Því það munu þegar allir sjá, að það er engu landi sæmandi að hafa slík lög sem þessi. Samkvæmt orðum hæstv. forsrh (JM) sjálfs þarf enginn þm. að greiða þessu frv. hans atkvæði. Hann er sjálfur gamall og reyndur dómari og hann hefir játað, að með þessu tefli hann öryggi dómanna og rjettarfari landsins í hættu. Hann heldur ekki þessu frv. sínu mjög fram, en hann segist telja það „forsvaranlegt" að gera þetta: Að veikja öryggi rjettarfarsins í landinu, auk þess, sem sá dómstóll, sem frv. snertir, er svívirtur. Nú vil jeg álíta, að hvað, sem hv. þm. halda um þetta mál, muni almenningur þessa lands ekki telja eftir að greiða 5 dómendum í hæstarjetti laun þeirra, ef rjettaröryggið er þá meira en áður, enda veit jeg, að allflestir munu telja langtum meira öryggi fyrir rjettum dómum og hafa meira traust á rjettinum, ef dómendur væru heldur 5 en 3. Jeg veit og, að allur almenningur er sannfærður um það, að þetta er rjett, og því mun það ekki lengi standa, að dómararnir verði aðeins 3 í æðsta dómi landsins. Við skulum snöggvast líta á þennan mikla sparnað(!) og við skulum gera ráð fyrir að fækka tveimur í rjettinum. Aldurstakmarkið mundi þá koma til greina, að minsta kosti um annan þeirra, og menn mundu verða að borga honum laun sín samt, þótt hann viki úr rjettinum, nema þá að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að hann lifði ekki of lengi úr þessu. En það, að rjettaröryggið er skert í landinu, getur gert langtum meiri skaða af sjer en nemur hálfum launum eins manns, og ef aðrar þjóðir fara að efast um öryggi rjettarfarsins í landinu, munu öll erlend viðskifti verða okkur sífærfiðari með degi hverjum, og mun það þá verða bert, að við höfum af þessu haft þúsund sinnum meiri skaða en þó að 5 mönnum væru greidd laun þeirra. Jeg tel það og vera vott um allmikla ómensku, að vera að því ár frá ári, þing eftir þing, að reyna að rýra æðsta dómstól landsins. Þetta verður líka auðsætt öllum mönnum og alstaðar mun þetta rýra eða fyrirgera með öllu allri virðingu og áliti á þeirri þjóð, sem fremur þetta fólskuverk. Þessi þjóð hefir áður verið talin meðal hinna fullmentuðustu þjóða, en þó höfum vjer lifað allmjög á hinum miklu andlegu yfirburðum forfeðra vorra, og nú sýnum vjer það ljóslega í verkinu, hversu miklir aukvisar og ættlerar vjer erum orðnir. Þetta gefur og erlendum þjóðum fulla ástæðu til að líta þannig á okkur, enda geta þær varla ályktað öðruvísi.

Það er því mikil ábyrgð, sem þeir fáu menn taka á sig, sem hjer sitja og þetta fremja. Mundi það og sýna sig, ef þetta mál væri lagt undir úrskurð þjóðarinnar,

að þeir yrðu átakanlega bornir atkvæðum. Þau atkvæði mundu teljandi, sem þeir fengju með þessu.

Hinn broshýri þm. Str. (TrÞ) telur, að ekki megi halda marga menn og dýra til þess að dæma örfáa dóma á ári. Jeg vorkenni honum að verða að taka á sig ábyrgð þeirra orða. Hafa menn nokkurn tíma fyr vitað fulltrúa þjóðarinnar meta rjettinn til peninga? Hver veit, á hverju það gæti riðið, ef feldir yrðu rangir dómar hjer í landinu? Það getur riðið á því, sem mestu varðar hverja þjóð, heiðri hennar og sjálfræði, ef farið verður að meta rjettvísina til fjár. Þarna ríður á öllu, ef ekki má greiða atkvæði um þetta frv. með það fyrir augum, sem rjettarfari landsins er best borgið með. Það, að einu smábarni verði ekki gert rangt til, er meira um vert en þó að alt landið yrði með öllu fjelaus. Nei, þetta væri ápekt og ef sálnahirðirinn færi að meta þær sálir landsins barna til fjár, sem honum hefði tekist að hóa inn í himnaríki. Þeir þm., sem mælt hafa þessu frv. bót eða ætla að samþykkja það, ættu það skilið að teljast óalandi og óferjandi og óráðandi nokkrum bjargráðum sem stjórnmálamenn. Jafnvel þó þetta frv. verði aldrei að lögum, sem til framkvæmda munu koma, verður þó ábyrgðin svo þungt farg á þeim, sem það hafa samþykt, að þeir ættu að láta sjer nægja það, sem þeir hafa áður borið, ef þeir vilja ekki algerlega sligast af þeirri byrði.

Brtt., sem bornar hafa verið fram við þetta frv., álít jeg heldur til bóta, og kýs þær því heldur en frv.; enda gera svo allir, ef um tvent ilt er að velja, að taka heldur það, sem minni óheill stafar af.

Forsætisráðherra (JM): Þegar jeg talaði hjer síðast, gleymdi jeg að minnast á brtt. 443, sem nú var rætt um. 1. brtt. þarf jeg ekki að tala neitt um, en jeg verð að vera á móti hinum brtt., sjerstaklega þó 3. brtt. Jeg furða mig annars á, að þessi brtt. skuli hafa komið fram frá þeim manni, sem vill þó líklega ekki hafa þessa fækkun, en það er svo augljóst, að eftir því, sem lengur dregst framkvæmd þessara laga, kemur fækkunin og síðar og sá sparnaður, sem hún hefir í för með sjer. Það hefir ávalt verið örðug aðstaða fyrir þá menn, sem flutt hafa till. um sparnað í þessu atriði. Þetta gerir andmælendunum ljettara fyrir, sem hafa gert sjer mikinn mat úr þessari viðurkenningu Það er sagt, að það sje vandasamara að dæma hjá fámennri þjóð. Því skal að vísu ekki neitað, að slíkt geti átt sjer stað, en vitanlega verða þó málin, sem dæma þarf, miklu færri. (*BJ:* Þetta er „psykologiskt" alveg rjett, að það er erfiðara að dæma í fámenni). Þetta er alt í sama „dúr". Það getur vel verið, að einstakir erlendir menn telji minna rjettaröryggi í hæstarjetti við þessa fækkun, en jeg hygg samt, að viðskiftum okkar stafi engin hætta af því. Og ekki held jeg, að þeir fari að hætta að skifta við oss fyrir því. (*BJ:* Hvað segja menn erlendis um land, sem aðeins hefir tveggja daga peningaforða?). Mig minnir meira að segja, að háttv. þm. Dala. (BJ) hafi ekki tekið því fjarri eitt sinn áður að fækka um 2 dómara í hæstarjetti, en þá var á ferðinni frv. um að láta hæstarjettardómarana hafa á hendi lagakensluna í háskólanum, og það taldi hv. þm. Dala. þá verra en fækkunina. Jeg var honum þar samdóma; jeg taldi það alls ekki gerlegt. En vegna þess að nú þurfum við svo mjög við aukins sparnaðar á öllum sviðum, þá tel jeg þetta líka vera gerlegt. Jeg viðurkenni að vísu, að hjer er teflt á fremsta

hlunn og að ekki má fækka mönnum í rjettinum svo, að færri verði þeir en sæti áttu áður í yfirrjettinum.

Magnús Torfason: Það er út af orðum hæstv. forsrh. (JM) um brtt. 443, sem jeg neyðist til að segja nokkur orð. Það stafar líklega af því, að hann var hjer ekki viðstaddur, er jeg mælti fyrir þessum brtt. við 2. umr., að hann álítur, að jeg sje á móti þessu máli. En það er hinn mesti misskilningur. Jeg er þvert á móti með málinu af hreinum og beinum sparnaðarástæðum, eins og hæstv. forsrh. sjálfur. En ef þessi sparnaður á fram að ganga, vil jeg, að hann komi strax nú. En í 10. gr. þessa frv. finnast þannig lögð ákvæði, að jeg sje ekki, þótt þetta frv. verði samþykt, að sá sparnaður geti komið til framkvæmda á næstu 10 árum. Það gerir einmitt 10. gr. frv. að verkum. Þessi grein varnar því hreint og beint, að stjórnin neyti þeirrar heimildar, sem felst í stjórnarskrá vorri, að víkja megi dómurum frá embættum, er þeir eru orðnir 65 ára að aldri. Með lögunum er þetta vald frá stjórninni tekið, og er jeg í engum vafa um það, að hæstarjettardómararnir muni sitja áfram í trássi við stjórnina. Það er þetta, sem jeg hefi að athuga við þetta frv. Jeg hafði hugsað mjer að koma með brtt. um að setja í lögin sjálf ákvæði um aldurstakmark fyrir setu í dómnum, til þess að auka á öryggi og bæta starfskrafta dómsins. En af því, sem upplýst er hjer af umræðunum, tel jeg þýðingarlaust að bera neitt fram, sem til bóta horfir á dómnum. Því það virðist komið á hjer í deildinni hreint og beint innflutningsbann á brtt., sem bætt gætu um frv. Lög þessi skulu ganga fram, hvernig sem frá þeim er gengið. Út af því, að minst hefir verið á hvatir manna í þessu máli, get jeg ekki stilt mig um að geta þess, að málið er þannig undir komið og flutt hjer á þingi, að jeg tel óvíst, að forbrjótar þess hafi hreinni hvatir en andstæðingar málsins.

Jakob Möller: Hv. þm. Str. (TrÞ) er mjög að reyna að lappa upp á samviskuna. Hann hefir því lagt land undir fót og farið upp í Ed. og sótt ræður þangað sjer til aflestrar og hugarhægðar. En samviska háttv. þm. Str. er þó ekki þess megnug að lesa alt, sem í ræðunum stendur. Nú skal jeg halda áfram þar, sem hv. þm. Str. gafst upp við lesturinn. Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) segir svo í þessari ræðu:

„Jeg er á því, að þessi fækkun dómenda í hæstarjettinum sje tiltækileg nú, einkum af þeirri ástæðu, að jeg fæ ekki sjeð, að komist verði hjá því í náinni framtíð að breyta dómaskipun landsins.“

Með öðrum orðum, hann sjer ekki, að hjá því verði komist að stofna hjer milliдómstig þegar á hæla þessa sparnaðarfrv. — og hvar væri þá sparnaðurinn? En nú hefir í öðru lagi því verið lýst yfir, að stjórnin ætli sjer ekki að gera neitt til þess, að komið verði á þessum miðdómi, enda útlit fyrir, að brtt. um það verði feld. Jeg get því ekki ætlað annað en að háttv. þm. Str. byggi á mjög vafasömum forsendum, og verði þessi ræða hv. þm. Seyðf. að litlu liði fyrir þm. Str. vegna þess að ræðumaður sá, sem þm. Str. vitnaði í, telur ekki gerlegt að breyta hæstarjetti nema stofnaður verði miðdómur um leið.

Hv. þm. Str. spyr mig, hví jeg hafi ekki komið fram með brtt. um 5 dómara í rjettinum. Það er nú þegar búið að

greiða atkvæði um 1. gr. frv., sem ákveður, að dómarar skuli vera 3, og efast jeg því um, að hæstv. forseti taki slíka brtt. gilda eða teldi fært að bera hana upp til atkvæða.

Hv. þm. Str. sagði, að hann væri altaf samkvæmur sjálfum sjer. Já, jeg geri ráð fyrir, að afstaða hans í þessu máli stafi einmitt af því. En það er ekki altaf svo mikils virði að vera samkvæmur sjálfum sjer. T. d. væri áreiðanlega heppilegra, ef hv. þm. (TrÞ) hefir einhverntíma stungið upp á einhverju, sem hann taldi þjóðráð, að hann drægi sig í hlje, ef hann síðar kæmist að þeirri niðurstöðu, að hjer var ekki um þjóðráð, heldur landráð að ræða. En það virðist hv. þm. eiga mjög erfitt með, af því hann vill undir öllum kringumstæðum vera samkvæmur sjálfum sjer. — En það er fjarri því, að þetta sje altaf heiðarlegt, enda sýnir samviskubit hv. þm., að hann lítur undir niðri svo á málið.

Hæstv. forsrh. (JM) kvartaði mjög undan því áðan, hve andstæðingarnir stæðu hjer vel að vígi. Já, jeg verð að taka undir með hæstv. ráðherra með það, að hans afstaða í málinu er ekki sjerlega öfundsverð. Það er vont að þurfa að lýsa því yfir, að það sje farin öfuga leiðin í frv., sem maður ber fram sjálfur. En á því furðar mig mest, að nokkur heilvita maður skuli treysta sjer til að bera slíkt frv. fram. Einkum er býsnanlegt, að það skuli vera sjálfur dómsmálaráðherrann, sem ber það fram.

Jeg get sagt með hv. þm. Dala. (BJ), að jeg mun greiða atkvæði með þeim brtt., sem fram hafa komið við frv., nema þeirri á þskj. 443, sem fer því fram, að þessi breyting á rjettinum gangi þegar í gildi. Jeg get vel skilið, eftir yfirlýsingu hv. 1. þm. Árn. (MT), hví hann ber hana fram, en hitt á jeg verra með að skilja, að hæstv. forsrh. skuli ekki geta verið með henni, því hún er sannarlega fram borin í sparnaðarskyni, og nái hún ekki fram að ganga, þá er engin trygging fyrir því, að nokkur sparnaður verði að frv. Það er nefnilega vonandi, að þessi óhæfa komi ekki til framkvæmda fyrr en þing og þjóð er búin að sjá að sjer. En afstaða hæstv. forsætisráðherra er þá sú, að hann ber frv. þetta fram *„eingöngu í sparnaðarskyni“*, en hann vill hreint ómögulega, að þessi sparnaður komist til framkvæmdar strax. Frv. er borið fram vegna *yfirstandandi* fjárhagsörðugleika, en það má ekki ganga í gildi fyr en þeir örðugleikar ef til vill eru um garð gengnir. Mjer hefir því dottið í hug, að þetta sje eins og annað aðallega gert til að sýna sparnaðarviðleitni á yfirborðinu. Og það þykir mjer kynlegt, ef hv. þm. fara nú ekki að missa trúna á sparnaðarhug hæstv. forsrh. Ætli mörgum hætti ekki við að bera þetta mál saman við stjórnarskrárfrv., sem hann flutti í hv. Ed. í byrjun þings? Það verður náttúrlega hver og einn hv. þm. að gera upp með sjer, hvað hann heldur í þessu efni, — en jeg hefi mína ákveðnu skoðun um það.

Sigurjón Jónsson: Jeg stóð upp aðeins til að bera af mjer þær getsakir, sem fólust í orðum hv. þm. Str. (TrÞ), er hann kvað allar brtt. við þetta frv. vera fram bornar í því skyni að fyrirfara málinu. Jeg er viss um, að málið gengur jafnt fram fyrir því, þótt sú brtt., sem jeg hefi komið fram með, verði samþykt, enda var hún alls ekki borin fram í því skyni að lóga málinu. Jeg vildi aðeins taka þetta

fram til að sýna, að það er ekki rjett að gera mönnum aðrar hvatir en um er að ræða.

ATKVGR.

Á fundinum kom fram skrifleg brtt. (verður þskj. 506) frá 2. þm. N.-M. (ÁJ). — Afbrigði um hana og um brtt. 501, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 501 feld með 15:13 atkv.
— 443,1 feld með 14:13 atkv.
— 443,2 og 456,1—3 þar með fallnar.
— 464 feld með 16:11 atkv.
— 506 þar með fallin.
— 443,3 feld með 15:7 atkv.
— 443,4 og 456,4 þar með fallnar.

Frv. samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KlJ, MG, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JAJ, JBald, JS, JÞ, JörB.

nei: MJ, MT, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, HK, JakM, JK, BSv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 508).

41. Búnaðarlánadeild við Landsbankann.

Á 17. fundi í Nd., föstudaginn 7. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um stofnun búnaðarlána deildar við Landsbanka Íslands (þmfrv., A. 87).

Á 19., 20. og 21. fundi í Nd., dagana 10., 11. og 12. mars, var frv. tekið til 1 umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 13. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg skal ekki þreyta háttv. deildarmenn á því að fara að endurtaka greinargerð frv. Ekki skal jeg heldur víkja að tilraunum þeim, sem áður hafa gerðar verið á fyrri þingum til þess að koma upp hagfeldri lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, þótt það sje í sjálfu sjer allfróðlegt; en sumt af því er og tekið fram í greinargerð frv. Heldur ætla jeg að víkja nokkrum orðum að ástandi því, sem hjer er og hefir ávalt verið, — að varla hefir verið fáanlegt fje hjá lánsstofnunum í landinu til neinna framkvæmda, sem lúta að landbúnaði, og allra síst hefir það verið með þolanlegum kjörum fyrir bændur, hafi þeir getað fengið fjeð. En lánskjörin þurfa að vera alveg sjerstök til þessara hluta og frábrugðin því, sem á sjer stað í öðrum atvinnurekstri. Hygg jeg því, að allir hugsandi menn verði mjer sammála um, að þetta ástand sje bæði lítt þolandi og enda stórhættulegt fyrir velgengni þjóðarinnar.

Mjer finst rjett að geta þess nú í þessu sambandi, að jeg hefi flutt hjer inn á þing 3 frumvörp til embættafækkunar, og er það gert í sparnaðarskyni, til þess að hafa bætandi áhrif á hag ríkisins. Jeg á við frv. um niðurlagningu sendiherraembættisins, sameining biskupsembættisins við háskólakennaraembætti og afnám grískudósentsembættisins. En þetta frv. mitt, sem hjer liggur fyrir, fer inn á aðra braut en jeg hefi áður haldið í hinum frv. Hjer er gert ráð fyrir fjárframlögum frá lánsstofnun ríkisins til eflingar atvinnu í landinu og til aukinnar ræktunar. En í þessu felst engin mótsögn, eins og jeg nú skal gera grein fyrir. Viðvíkjandi sparnaðarfrumvörpunum tek jeg það

fram, að jeg held fast við þá stefnu að fækka þeim embættum og stofnunum, sem hægt er að komast af án. Enda er jeg sannfærður um, að Ísland er það land í heiminum, sem einna ofhlaðnast mun ver. af embættum og opinberum stofnunum. Að vísu veit jeg, að það, sem nú hefir verið gerð tilraun til að gera, er aðeins byrjunin í þessu efni. Aðalorustan um embættafækkanirnar verður háð á næstu þingum hjer á eftir, þegar lögin um embættaskipun ríkissjóðs verða endurskoðuð. Þess vegna vil jeg nú taka það fram, að jeg mun ávalt verða fús til samvinnu um þessi mál. Þetta er önnur hlið þessa máls viðvíkjandi rjettingu á fjárhag landsins. Hin hliðin veit að atvinnuvegunum í landinu og viðreisn þeirra, til þess að sem flestar hendur geti unnið að arðberandi störfum, svo auðið verði að grynna eitthvað á þeim óbotnandi skuldum, sem landið er komið í. Þetta er sú langmerkasta hlið þessa máls. Þar sem atvinnuvegirnir eru annarsvegar, mega menn ekki halda fram sömu sparnaðarstefnunni; — þar verða menn að vera stórtækari í fjárframlögum. Það er með þetta eins og með einstaka atvinnurekendur, að í erfiðum árum verða menn að draga úr persónulegum þörfum sínum, en forðast eftir megni að draga úr atvinnurekstrinum, því það getur haft hinar alvarlegustu afleiðingar. Sama gegnir um ríkið. Það verður að efla atvinnuvegina í landinu eftir mætti, en fækka heldur þeim opinberu starfsmönnum og stofnunum, sem það getur komist af án.

Jeg álít, að landbúnaðurinn eigi rjettmætar kröfur til þessa stuðnings, sem þetta frv. fer fram á, og skal jeg nefna nokkur atriði til styrktar þessari skoðun minni. Í fyrsta lagi verður ekki um það deilt hverja þýðingu landbúnaðurinn hefir fyrir afkomu allrar þjóðarinnar; hann er einn af máttarviðunum undir hag ríkisins. Í öðru lagi verður heldur ekki um það deilt, að landbúnaðurinn hefir sjerstaka þýðingu fyrir heilbrigði og hreysti og alt líkamlegt og andlegt atgervi þjóðarinnar. Í þriðja lagi er þetta tryggasti og áhættuminsti atvinnuvegurinn í landinu. Í fjórða lagi er hann orðinn á eftir öðrum atvinnuvegum landsins í samkepninni við þá. Í fimta lagi stafar það, að hann er orðinn á eftir öðrum atvinnuvegum, af því, að hann hefir verið hafður útundan, — ekki einungis af þingi eða stjórn, heldur sjerstaklega af lánsstofnunum í landinu. Þess vegna segi jeg í sjötta lagi, að um það verði alls ekki deilt, að landbúnaðurinn þurfi alveg sjerstakan stuðning. Af þessu dreg jeg þá ályktun, að þingi og stjórn beri nú sjerstök skylda til þess að styrkja og efla þennan atvinnuveg og bæta fyrir syndir feðranna í þessu efni; ekki síst fyrir það, að af öllum framkvæmdum í landinu er landbúnaðurinn tryggastur atvinnuvegur og gefur öruggastan arð.

Í þessu sambandi finst mjer rjett að minna á, hvað aðrar þjóðir gera fyrir þennan atvinnuveg. Hvar sem til er litið, eru alstaðar til sjerstakar lánsstofnanir fyrir landbúnaðinn, sem veita bændum sjerstök lánskjör fram yfir aðra atvinnurekendur. Lánin eru ætíð veitt til langs tíma og afborganir því lágar og vextir sömuleiðis. Alstaðar þar, sem landbúnaður er stundaður, er það viðurkent bæði í orði og verki, hversu mikla þýðingu það hefir fyrir hag þjóðanna, að landbúnaðurinn standi í sem mestum blóma. Þannig er það í öllum nágrannalöndum vorum, að ef einhver vill ráðast í einhverjar landbúnaðarframkvæmdir, sem eru heilbrigð fyrirtæki frá almennu sjónarmiði, þá

á hann víst að fá fje til þess með hagfeldum kjörum. Hjer hjá okkur vantar svo mikið á, að þessu sje þannig varið. Þetta frv. stefnir að því, að menn viðurkenni nauðsyn þessa máls, ekki aðeins í orði, heldur einnig í verki, og að landbúnaðurinn fái nú þann stuðning, sem hann þarfnast.

Læt jeg svo þau ályktarorð fylgja þessu máli, að þetta sje svo mikið og brýnt nauðsynjamál, að ef þetta reynist erfitt í framkvæmdinni, verður heldur annað að víkja en þetta mál sitji á hakanum. Verði það ofan á hjá lánsstofnunum ríkisins, að þetta mál sje þeim of erfitt til framkvæmda, þá á Alþingi að leggja svo fyrir, að annað víki fyrir þessu. Þetta, sem hjer er farið fram á, er ekki annað en bráðabirgðaráðstöfun, aðeins tilraun til þess að ráða bót á núverandi ástandi. Þetta er heldur ekki það eina, sem gera skal, en meðan ekki verður bent á annað held jeg fast við, að þetta verði gert. Jeg held því fram, að þessi leið sje vel fær og að það verði ekki auðvelt að hnekkja þeim rökum, sem færð eru fyrir þessu í greinargerð frv. Ennfremur vil jeg bæta því hjer við, — og það mun sjást síðar þegar á líður þetta þing, hvort ekki er satt, sem jeg ætla — að Landsbankanum muni aukast veltufje með væntanlegri nýrri seðlaútgáfu, og þó þetta sje há upphæð, sem hjer er um að ræða, er ekki víst, að hún verði öll notuð, að minsta kosti ekki í fyrstu, meðan menn eru að venjast þessu fyrirkomulagi.

Enn er eitt atriði, sem jeg vil víkja að, það eru ákvæði 3. gr. þessa frv. um vaxtakjörin, að það eru engin nýmæli, sem hjer er farið með, að vextirnir skuli ekki vera hærri en 4%. Þetta ákvæði var á síðasta þingi sett í jarðræktarlögin, og kom mjer því ekki til hugar að fara að breyta því og gera kjörin bændum óhagstæðari. Þó mun jeg ekki halda mjög fast við þetta, en skýt því til væntanlegrar nefndar, að hún taki þetta til athugunar. En yfir höfuð verð jeg ekki mjög fús að gera stórfeldar breytingar á þessu. Þó að vaxtakjör sjeu nú orðin alstaðar erfiðari, finst mjer samt ekki full ástæða til að hverfa frá þessum ákvæðum 8. greinar, af þeim ástæðum, að breytingar þær, sem orðnar eru á vaxtakjörunum, eru sprottnar af ástæðum, sem landbúnaðinum eru alveg óviðkomandi, — þ. e. falli íslensku krónunnar. Gengisfall hennar er alls ekki bændum að kenna. Landbúnaðurinn á og ekki neinn þátt í tapi bankanna nje hinum dýru lánum, sem tekin hafa verið. Það hefir ekki farið neitt af þeim til landbúnaðarins. Í öðru lagi verður það fje, sem í þessu skyni yrði lánað, að teljast mjög tryggilegt, svo áhættan mundi verða harla lítil fyrir bankann.

Að lokum vil jeg óska þess, að málið fái, að lokinni þessari umræðu, að ganga til landbn. Jeg get raunar búist við því, að sumum hv. þm. fyndist í fljótu bragði eins rjett að láta það fara til fjhn., en jeg vil samt leggja hitt fremur til. Því í eðli sínu er mál þetta miklu meira landbúnaðarmál en bankamál. Og til hv. landbn. vil jeg snúa mjer með þá ósk, ef hún fær málið til meðferðar, að hún taki mál þetta til sem rækilegastrar yfirvegunar og að hún hverfi ekki frá þeirri leið, sem hjer er bent á, nema hún sjái fram á aðra heppilegri og betri að því takmarki, sem með frv. er ætlað að ná. Og vonandi verður þetta mál ekki dregið eins á langinn að þessu sinni eins og það hefir verið dregið um öll undanfarin ár.

Þá skal jeg að endingu sömuleiðis benda á, að komið hefir fram till., sem fer í líka átt og frv. þetta, en sem fer miklu

skemra. Eins og kunnugt er, er hjer í Reykjavík til stofnun, sem heitir Söfnunarsjóður Íslands. Hefir hann árlega veitt að láni 50—60 þús. kr. Nú hefir verið stungið upp á því, að þessi lán yrðu aðeins veitt eftirleiðis til landbúnaðar. Þetta vildi jeg biðja hv. nefnd að athuga. En þar sem hjer er um svo lítið fje að ræða, þá get jeg ekki búist við, að það eitt út af fyrir sig geti orðið nokkur lausn í málinu, ekki síst þar sem þegar mun vera búið að ráðstafa eða lofa fyrirfram því fje, sem sjóðurinn hefir til útlána næstu 2—3 árin.

Jón Baldvinsson: Það eru aðeins nokkur orð, sem jeg vildi láta fylgja frv. þessu til hv. landbn., ef hún fær málið til athugunar. — Viðvíkjandi tilgangi frv. hefi jeg ekki annað en gott eitt að segja, en á hinn bóginn er það álitamál, hvort frv. fari ekki fulllangt. Því vildi jeg leyfa mjer að skjóta því til hv. nefndar, hvort hún sjái sjer ekki fært að leggja til, að því verði breytt nokkuð frá því, sem það er nú, og þá á þann hátt, að lánin verði eingöngu veitt til að koma upp nýbýlum, og skal jeg fara nokkrum orðum frekar um það atriði.

Eins og kunnugt er, hefir fólk streymt til kaupstaðanna úr sveitunum, og þá sjerstaklega til Reykjavíkur. Af þessu hefir m. a. leitt hið megnasta atvinnuleysi, svo að hina brýnustu nauðsyn ber til þess, að eitthvað verði gert til að útvega því fólki atvinnu til frambúðar. Svo lítur líka út, sem hið háa Alþingi ætlist ekki til, að fólk þetta fái atvinnu við sjávarsíðuna, því það hefir nýlega hindrað atvinnubætur þar, sem öðlast mátti með auðveldu móti, er það feldi undanþáguna frá fiskiveiðalögunum. Þá liggur sú spurning fyrir, hvort ekki sje gerlegt að beina fólksstraumnum aftur til sveitanna og hjálpa því til að komast þar af. Jeg býst nú við, að skiftar geti orðið skoðanir manna um það, hverjar leiðir sjeu heppilegastar að fara, en mín skoðun er sú, að farsælast myndi reynast að útvega efnilegum mönnum land til að stofna nýbýli á og veita þeim hagfeld lán til að koma upp nauðsynlegum byggingum og áhöfn. Og í þessu skyni ættu bankarnir, eftir því sem fært er, að veita lán á svipaðan hátt og í frv. er farið fram á. Varla býst jeg við, að bankarnir sjái sjer fært að taka lægri vexti en sem svarar þeim, sem sparisjóðirnir gefa á hverjum tíma. Jeg hika ekki við að fullyrða, að af þessu mætti hljótast stórmikið gagn. En þar sem það fólk, sem helst myndi verða til þess að stofna nýbýli og helst þarf að hjálpa, hefir lítið fje í höndum, þá þyrftu lánin auðvitað að vera ríflег, og væri þá eðlilegt og sjálfsagt, að einhver skilyrði yrðu sett fyrir umráðarjettinum yfir nýbýlunum, svo menn freistuðust ekki til að selja þessar eignir sínar fyrir stundarhagnað. Þessu vil jeg skjóta til hv. nefndar, því mjer skilst, að í þessu efni kreppi mest að og efa ekki, að þetta geti orðið talsvert til að draga úr atvinnuleysinu, þó það verði ekki nema smátt og smátt.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil síst gera minna en háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) úr þörfinni á því, að fólkið flytjist úr kaupstöðunum og upp í sveitirnar, og því var það, að jeg tók einnig nýbýli upp í frv. En stofnun þeirra, eins og líka stofnun mjólkurbúa og ostagerða o. fl., sem talið er upp í 2. gr. frv., er í sjálfu sjer ekki í samræmi við aðaltilgang frv., því það er skiljanlegt, að lán í þeim til-

gangi eru ekki eins trygg. En jeg tók það þó með af því að jeg sá, að nauðsyn ber til þess, að meira sje gert fyrir þær framkvæmdir. En að gera þennan lið, nýbýlin, að einasta atriði frv., get jeg alls ekki fallist á. Í fyrsta lagi er það alveg ótímabært, þar sem svo stutt og lítil reynsla er enn fengin í nýbýlamálinu. Eins og kunnugt er, þá var það fyrst í fyrra, að þingið samþykti lög um nýbýli með jarðræktarlögunum, og er órannsakað ennþá, hvernig þær tilraunir, sem í því efni hafa verið gerðar, muni reynast. Því teldi jeg það mjög gáleysislega farið, ef farið væri nú strax að veita stórfje, alt að ½ milj. kr., að láni til þeirra framkvæmda. Í því efni verðum við að bíða átekta og prófa okkur áfram. Vil jeg því alvarlega vara hv. landbn. við þessu. — Hinu lofa jeg hv. 2. þm. Reykv., að jeg mun síst vera ófús til þess að styðja að því, að tilraununum með nýbýlin verði haldið áfram, og gefist þær vel, þá má hann vita, að engum skal vera ljúfara en mjer að stuðla að því, að alt verði gert, sem hægt er, til þess að gera fólki mögulegt að flytja úr Reykjavík og upp í sveitirnar, því jeg veit vel, hvaða þýðingu það hefir fyrir okkar þjóðfjelag.

Jón Baldvinsson: Misskilningur var það hjá hv. flm. (TrÞ), að jeg hefði hugsað mjer að veita til lána í þessu skyni ½ milj. kr. Jeg nefndi enga upphæð, heldur gerði jeg ráð fyrir því, að upphæðin færi eftir því, sem bankarnir teldu sjer fært að veita. Þá hygg jeg líka, að um það megi deila, hversu mikil eða lítil reynsla sje þegar fengin fyrir nýbýlunum. En kunnugt er það, að ekki sjaldan hafa menn reist nýbýli hjer á landi, tekið kot til ábúðar, sem engin bygð hefir verið á um lengri tíma, o. s. frv. Jeg hygg því, að ekki þurfi mikið lengri reynslutíma til að sýna, að það getur orðið að miklu gagni að auka nýbýlaræktina. Og jeg treysti þeim mönnum, sem með búnaðarmálin fara, vel til þess að velja gott land undir nýbýlin, og sje svo sjeð fyrir nauðsynlegum byggingum á þeim og mönnum hjálpað til að koma sjer upp bústofni, þá mun fólki takast að lifa viðunanlega af því. Jeg hygg því, að ekki þurfi að fara nú að bíða í 10—20 ár eftir því, hvernig nýbýlin á Víðinum á Mosfelli kunni að reynast. Er mjer heldur ekki kunnugt, hvort haldið hefir verið áfram með þá tilraun. Og sje gott, ræktanlegt land fyrir hendi, — og það er víst ekki svo lítið til ónotað af því ennþá hjer á landi, — og fje til að koma upp byggingum og bústofni, þá er jeg þess fullviss, að menn geta bjargast af því. Þess vegna er heldur ekkert að óttast, þótt alldjarflega verði farið af stað. Annars er líka ólíkt, eins og nú stendur, hvað samvinnufjelögum og bændum standa opnari leiðir til að fá lán í peningastofnunum vorum heldur en þeim mönnum, sem helst myndu vilja reisa nýbýli. En að það sjeu erfið lánskjör, sem þeir þurfa að sæta, get jeg auðvitað fallist á.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. flm. (TrÞ) óskaði þess, að mál þetta yrði látið ganga til landbn., með því hann taldi, að það væri meira landbúnaðarmál en bankamál. En þar sem málið er þó þannig vaxið, að það verður einnig að athugast frá sjónarmiði bankanna, og hinsvegar mörg slík mál til meðferðar í fjhn., þá vildi jeg skjóta því til hv. deildar, hvort hún teldi ekki rjettara að fá það þeirri nefnd í hendur.

Sigurjón Jónsson: Eftir því, sem jeg fæ sjeð, þá er grundvöllurinn undir frv. því, sem hjer liggur fyrir, beint fjárhagsmál, þar sem það byggist á því, að Landsbankinn leggi fram fje til útlána, alt að ½ milj. kr. fyrstu árin, til þeirra framkvæmda, sem frv. tekur yfir. Því finst mjer, að beinast liggi við, að málið verði látið ganga til fjhn. Vandkvæði munu líka reynast á frv. með tilliti til þess, hversu mikið hægt er að bjóða bankanum að lána út til sjerstakra framkvæmda og atvinnugreina. Einnig gerir frv. ráð fyrir 4% vöxtum af útlánsfjenu, en nú munu bankarnir greiða 5% af innstæðufje. Alt eru þetta atriði, sem í eðli sínu heyra undir fjhn., og því virðist rjettast að vísa málinu til hennar.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins víkja örfáum orðum að ræðu hv. 2. þm. Reykv. Hann vildi láta líta svo út, að skriður væri kominn á nýbýlamálið. En talsverður munur er á því, hvort menn setjast að þar, sem búið hefir verið áður, eða reisa nýbýli. Og það vissi jeg, að það þótti undrun sæta, er maður í Þingeyjarsýslu setti niður nýbýli þar. En helst gæti það auðvitað komið til greina á þeim stöðum, sem liggja nærri markaðinum.

Þá verð jeg að halda því fram, að þetta sje fyrst og fremst landbúnaðarmál. Og landbn. treysti jeg vel til þess að ráðgast um það við Landsbankastjórnina, hvað tiltækilegt sje fyrir bankann að leggja mikið fje fram í þessu skyni. Og fullviss er jeg um það, að þessi lán yrðu ekki svo ótrygg, að þau gætu haft hættuleg áhrif á fjárhag landsins. Auk þessa má geta þess, að fjhn. mun mjög hlaðin störfum, þar sem öll fjármál og verslunarmál eru þar til meðferðar. Jeg hygg, að til hennar og allshn. berist langsamlega mest af málum. Því myndi það einnig vinnubragðanna vegna vera heppilegast að fela mál þetta landbn. á hendur.

Sigurjón Jónsson: Jeg geri það í sjálfu sjer ekki að kappsmáli, að þetta mál fari til fjhn. En verði það látið ganga til landbn., þá vildi jeg mega skjóta því til hennar, að álitamál geti verið, ef lögfesta á fjárframlög sem þessi, hversu mikið fje megi taka frá hinum atvinnuvegunum til þessara framkvæmda. Og frá því sjónarmiði finst mjer líka, að málið sje fyrst og fremst fjárhagsmál.

Jakob Möller: Þótt háttv. þm. úr fjhn. hafi falast eftir því að fá mál þetta til meðferðar í sinni nefnd, þá verð jeg þó að álíta eins og hv. flm. (TrÞ), að því muni verða eins vel borgið í landbn., og tel jeg þá auðvitað sjálfsagt, að hún leiti álits Landsbankans um málið. Og hvað því viðvíkur, sem hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) tók fram í sinni ræðu, að álitamál gæti verið, hvað taka mætti mikið fje í þessu skyni frá hinum atvinnuvegunum, þá er það augljóst, að í því efni verður að fara eftir tillögum Landsbankans, því honum er það ljósast, hvað mikið fje hann getur ætlað til þessa og hvers viðskifti hans krefjast í því efni. Jeg skal raunar játa, að eftir venju ætti mál sem þetta að fara til fjhn., en þó er svo sjerstaklega ástatt með þetta mál, að jeg ætla það misráðið, ef það er ekki látið athugast í landbn. Aftur er ekkert því til fyrirstöðu, að ef hv. þm. þykir málið að einhverju leyti miður athugað fjárhagslega, er það kemur frá nefndinni, þá sje það fengið fjhn. í hendur til frekari athugunar um þau atriði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., föstudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., laugardaginn 5. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 87, n. 293).

Frsm. (Árni Jónsson): Landbn. hefir haft frv. þetta til meðferðar og hefir samþykt að mæla með því, að frv. næði fram að ganga.

Raunar hefir einn nefndarmanna, háttv. þm. Ak. (BL), skrifað undir nál. með fyrirvara og mun hann eflaust gera grein fyrir afstöðu sinni.

Nefndin var á einu máli um það, að það sje landbúnaðinum hin mesta nauðsyn að eiga greiðari aðgang að lánsfje til aukinnar framleiðslu, til ræktunar og húsabóta, en nú er. Sjerstaklega er henni ljóst, að hin dýru lán með skömmum afborgunarfresti geta aldrei komið landbúnaðinum að verulegum notum. Þegar um ræktunarlán er að ræða, er það vitanlegt, að fyrstu árin gefa engan arð. Fyrstu árin eru ekkert nema kostnaður. Ávextirnir koma ekki í ljós fyr en síðar meir. Það er því landbúnaðinum hin mesta nauðsyn, hvort sem hann tekur lán til ræktunar eða annars, að lánin sjeu til langs tíma.

Eitt af því fyrsta, sem nefndin gerði, var að biðja bankastjórn Landsbankans að koma á fund hennar til skrafs og ráðagerðar um frv. Því þótt gera hefði mátt ráð fyrir, að bankastjórnin væri frv. hlynt, þar sem það er yfirskoðunarmaður bankans, sem ber frv. fram, sá maður, sem fyrir utan bankastjórnina ætti að vera kunnugastur hag bankans allra manna, þá vildi nefndin þó eiga tal við bankastjórnina um frv.

En undirtektir bankastjórnarinnar urðu aðrar. Bankastjórnin lagði á móti frv. Að ósk nefndarinnar staðfesti bankastjórnin ummæli sín á fundi nefndarinnar brjeflega, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp brjef hennar; það hljóðar svo:

„Vjer höfum móttekið brjef hinnar háttvirtu landbúnaðarnefndar, dags. 14. þ. m., þar sem hún beiðist skriflegrar umsagnar bankastjórnarinnar um frumvarp á þingskjali nr. 87, um stofnun búnaðarmáladeildar við Landsbanka Íslands.

Í tilefni af því leyfum vjer oss að taka það fram, er hjer fer á eftir, að því er snertir þá hlið málsins, sem að bankanum snýr, — en sjáum ekki ástæðu til þess að fara inn á mál þetta að öðru leyti.

Oss virðist að með frumvarpi þessu sje farið inn á mjög varhugaverða braut, þar sem ætlast er til þess að Alþingi fari með lögum að ráðstafa fje bankans, og það í þó nokkuð stórum stíl og ákveða vaxtakjörin.

Bæði er það nú, að bankinn hefir ekki fje er hann geti lánað með þeim vaxtakjörum, er um ræðir í tjeðu frumvarpi, og það til langs tíma — og eins er hitt, að vjer teljum að slík úthlutun af þingsins hálfu muni hafa í för með sjer ekki aðeins að bankanum síður bætist nýtt starfsfje og lánstraust, hjer og erlendis, heldur yrði það til þess, að hann ætti á hættu að missa af fje því, er hann nú hefir. — Því fari þingið að ráðstafa fje

bankans og ákveða vexti af lánum, þá er ekki að vita hvar lendir, hve langt verði farið á þeirri braut.

Skírskotum að öðru leyti til þess sem vjer höfum munnlega tjáð nefndinni og mælumst til þess, að hún leggi til að frumvarpið verði ekki gert að lögum.“

Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta brjef bankastjórnarinnar. Hv. deildarmenn munu sjálfir bærir um að draga sínar ályktanir af því. Það er aðeins sú skoðun, sem fram kemur í brjefi hv. bankastjórnar, að Alþingi eigi ekki að hafa íhlutunarrjett um starfsemi bankans, sem jeg tel mjög hæpna. Hjer er um ríkisstofnun að ræða. Bankastjórarnir eru hjer ráðsmenn ríkisins. Þeir bera ábyrgð á sínum gerðum gagnvart eigendunum. En þó ríkið geti auðvitað ekki farið að sletta sjer fram í dagleg störf bankastjórnarinnar, geti ekki farið að setja þeim reglur um það, hvort þeir skuli lána Pjetri eða Páli 100 kr. eða 1000 kr., þá hefir ríkið samkvæmt hlutarins eðli rjett til þess að draga í stórum dráttum línurnar fyrir starfsemi bankans, og ber jafnvel skylda til þess. Nefndin gat sem sagt ekki felt sig við svör bankastjórnarinnar, heldur samþykti að mæla með frv. með nokkrum breytingum.

Þá vil jeg snúa mjer að frv. sjálfu og brtt. nefndarinnar.

Frv. fer fram á, að þessari sjerstöku deild, sem ætlast er til, að stofnuð verði, sje lagt til á næstu árum alt að 1¼ milj. kr. Í ár sje lagt fram 250 þús. kr., en næstu tvö árin 500 þús. kr. á ári. Þetta er að vísu nokkur fjárhæð, en þó ekki mikil, þegar tekið er tillit til upplýsinga þeirra, sem gefnar eru í greinargerð hv. flm. (TrÞ). Álítur nefndin þetta ekki ókleift fyrir bankann, en finst rjett að bera fram nokkrar brtt. við frv. til þess að gera það aðgengilegra fyrir bankann, án þess þó að íþyngja um of þeim, sem lánsins njóta.

Fyrsta brtt. nefndarinnar er aðeins orðabreyting; nefndinni fanst orðunum „til jarðabóta“ ofaukið, þar sem frv. t[illegg]ur sjálft skýrt fram um tilgang laganna.

Önnur brtt. nefndarinnar er sú, að nýr liður komi inn um það, að lánum úr þessari deild sje einnig varið til húsabóta. Það er svo sumstaðar hjer á landi, að ekki er annað sýnt en að jarðirnar muni leggjast í auðn vegna þess, að ekkert fje er fyrir hendi til þess að gera nauðsynlegustu umbætur á húsakynnum. Og þó að við sjeum víða á eftir í verklegum framkvæmdum, þá kveður þó hvergi rammara að því en um húsakynnin. Þar hygg jeg, að vjer stöndum öðrum þjóðum lengst að baki. Og frá heilsufræðilegu sjónarmiði er það hið mesta nauðsynjamál, að úr þessu sje bætt hið allra fyrsta. Það er engin von um, að berklaveikinni verði útrýmt meðan fjöldi landsmanna þarf að hafast við í rökum, köldum og loftillum húsakynnum.

Hjer hagar líka miklu ver til en í öðrum löndum, því að hjer er ekki hægt að fá neitt hentugt byggingarefni til varanlegra bygginga. En kostnaðarsamt er að flytja það frá öðrum löndum og erfitt að sækja það úr afskektum sveitum, þó það sje komið til landsins. Er því skiljanlegt, að menn reyni í lengstu lög að baslast við það, sem er, þótt ljelegt sje. Nefndin hefir því litið svo á, að þessi liður ætti að koma með, því að það sje eitt fyrsta skilyrðið fyrir viðreisn landbúnaðarins, að hægt sje að fá hagfeld lán til bygginga.

Þriðja brtt. nefndarinnar er í samræmi

við þessa aðra brtt. Það hefir, eins og áður hefir verið minst á hjer í þessari hv. deild, þótt bresta mikið á það, að hús þau, sem bygð hafa verið á seinni árum til sveita, væru traust og varanleg. Nefndin gerir því ráð fyrir, að leitað sje álits sjerfróðs manns á byggingum, þegar lán eru veitt í þessu skyni. Með því ætti að fást trygging fyrir, að vel og traustlega sje bygt.

Þá er fjórða brtt. nefndarinnar. Okkur fanst vaxtakjörin, sem hjer um ræðir, óþarflega lág, og bankastjórnin segist ekki geta fengið innlánsfje með þeim kjörum. Því er það skoðun okkar, að landbúnaðurinn geti staðið straum af því að borga 5% vexti í stað 4%, eins og frv. gerði ráð fyrir. En jafnframt höfum við ljett undir með honum með því að lengja lánstímann úr 20 árum upp á 25 ár og afborgunarlausu árin úr 4 upp í 5 ár. Þess verður að gæta, þótt þetta sjeu lægri lánskjör en bankarnir yfirleitt hafa, að þegar ákveða skal vexti af útlánum, verður að taka mikið tillit til þess, hve vel lánin eru trygð. Allir eru sammála um, að fasteignaveð sjeu bestu tryggingarnar, sem hægt er að fá. Þó þessir vextir sjeu því nokkuð lægri en almennir útlánsvextir bankanna, finst nefndinni ekki nema sanngjarnt, að svo sje, þar sem um tryggustu lán er að ræða, sem bankinn á völ á. Og auk þess á þessi banki ekki fyrst og fremst að vera gróðafyrirtæki. Hann á fyrst og fremst að vera lyftistöng undir atvinnuvegi landsmanna.

Jeg hefi nú stuttlega rakið efni frv. og meðferð landbn. á því, og skal jeg nú áður en jeg sest niður leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þetta mál almennt, eins og það kemur mjer fyrir sjónir, og vil jeg strax taka það fram, að það, sem jeg segi nú, stendur algerlega á mína eigin ábyrgð, en ekki nefndarinnar.

Jeg held, að það sjeu ekki skiftar skoðanir um það, að landbúnaðurinn á nú sem stendur við meiri örðugleika að stríða en nokkru sinni áður í minni þeirra manna, sem nú lifa. Það er margt, sem þessu veldur. Landbúnaðurinn er enn mikið á eftir tímanum. Hann hefir ekki enn komist upp á að hagnýta sjer vinnuafl og starfsaðferðir nútímans. Hann hefir þess vegna orðið á eftir í samkeppninni við hinn aðalatvinnuveg vorn, sjávarútveginn. Landbúnaður hjer á landi verður líklega aldrei rekinn sem stórgróðafyrirtæki, en björgulegur og lífvænlegur atvinnuvegur ætti hann að geta verið.

Nú er það svo, að sjávarútvegurinn getur verið stórgróðafyrirtæki, þegar vel gengur. Hann getur í góðum árum borgað miklu hærri vexti og greitt miklu hærra kaup heldur en landbúnaðurinn. En hann verður altaf áhættumeiri. Lánsstofnanir okkar hafa ekki, að því er mjer virðist, tekið nægilegt tillit til þessa við ráðstöfun á fje sínu. Landbúnaðurinn hefir orðið þar út undan.

Það mun láta nærri, að nú sem stendur stundi um 40% af þjóðinni landbúnað. En þegar gerður er samanburður á því, hvað mikið af veltufje bankanna gangi til hvors um sig af þessum aðalatvinnuvegum, þá sjest, að landbúnaðurinn fær ekki nándarnærri eins mikið og sjávarútvegurinn í hlutfalli við fólksfjölda. Jeg þekki þetta ekki sjálfur, en kunnugur maður hefir fullyrt við mig, að landbúnaðurinn myndi alls ekki hafa yfir 15% af öllu veltufje bankanna beggja, og eru þó talin með öll lán samvinnufjelaganna, sem, eins og menn vita, eru að töluverðu

leyti skipuð mönnum, sem ekki stunda landbúnað, og þau fjelögin eru hvað frekust um starfsfje. Það er því sennilega nokkuð innan við 15% af veltufje bankanna, sem þessir ⅖ hlutar landsmanna hafa til sinnar starfrækslu. Hin 85%, eða vel það, hafa þá þessir ⅗ hlutar, sem eftir eru. Allir sjá, að hjer er um ójafna skiftingu og hreint ranglæti að ræða. Auk þess eru lánskjör bankanna yfirleitt ekki þannig, að landbúnaðurinn eigi hægt með að standa straum af þeim. Hann þarf lengri lán og lægri vexti. En ekki nóg með það. Landbúnaðurinn á ekki einu sinni nema mjög takmarkaðan aðgang að þessum erfiðu lánum; það er mjer sjálfum kunnugt um, því að jeg hefi sjálfur leitað þessara lána fyrir bændur og ekki fengið.

En það er viðurkent, að landbúnaðurinn eigi að hafa lægri vaxtakjör heldur en sjávarútvegurinn, af því að hann sje tryggari atvinnugrein. Það er viðurkent af mönnum, sem um það eru bærir að dæma. Jeg vil leyfa mjer að vitna í yfirlýsingu um þetta, sem einn af bankastjórum Íslandsbanka gaf í ræðu, er hann hjelt á stjórnmálafundi austur í sýslum í fyrra haust. Þar var um það rætt, að Íslandsbanki hefði haft hærri útlánsvexti en Landsbankinn og mundi með því ætla að ná inn tapi sínu. Bankastjórinn svaraði því á þá leið, að það hefði komið fyrir, að bankinn hefði á nokkrum tímabilum haft hærri útlánsvexti en Landsbankinn. En vaxtamismunurinn væri þó ekki nema 40 þús. kr. á ári síðustu 3 árin, og þyrfti bankinn því 120 ár til að ná upp tapi sínu á þennan hátt. En þó svo væri, að Íslandsbanki hefði hærri útlánsvexti en Landsbankinn, þá taldi bankastjórinn ekkert óeðlilegt við það, vegna þess, að Landsbankinn hefði tiltölulega miklu meiri viðskifti við landbúnaðinn, og þau lán væru altaf áhættuminni. Jeg man ekki upp á hár, hvernig orðin fjellu, en meiningin var þessi.

Hjer er það viðurkent af þeim manninum, sem allra manna best ætti að vera bær um að dæma um slíka hluti, að landbúnaðurinn eigi að hafa lægri kjör en aðrir atvinnuvegir, af því að hann sje áhættuminni. En þrátt fyrir þessa skoðun þessa háttv. bankastjóra og margra annara mætra manna, þá hefir landbúnaðurinn *ekki* betri vaxtakjör en aðrir atvinnuvegir, og hann á samt ekki aðgang að lánsstofnunum neitt nándarnærri á móts við þá. Þetta er ekki rjettlæti.

Mjer finst jeg verða var við þá skoðun nokkuð alment, sjerstaklega hjer í Reykjavík, að landbúnaðurinn sje bara nokkurskonar ómagi á þjóðinni, nokkurskonar horgemlingur, sem öllum mætti vera sama um, þó að hrykki upp af einhvern daginn. Menn virðast hafa gleymt því, að í full þúsund ár hefir þetta verið aðalatvinnuvegur vor, alt fram á síðustu ár. Og landbúnaðurinn hefir leyst þetta hlutverk svo vel af hendi, að þrátt fyrir óáran og ánauð, eld og ís, þrátt fyrir allar þær þrekraunir sem þessi þjóð hefir orðið að ganga í gegnum á liðnum öldum, þá er þjóðin þó svo, að hún stendur ekki nágrannaþjóðunum okkar að baki, hvorki að andlegu nje líkamlegu atgervi. Jeg efast um, að öðrum atvinnugreinum hefði tekist eins vel að leysa þetta hlutverk af hendi. Þegar málið er athugað frá þessari hlið, horfir það nokkuð öðruvísi við.

Landbúnaðurinn hefir hjer eins og annarsstaðar betri skilyrði en aðrir atvinnuvegir til þess að vernda þjóðerni og tungu.

Borgarlíf og borgarfólk er líkt á flestum löndum. Það er ekki fyr en út í sveitirnar

kemur, að þjóðareinkennin skýrast til muna. Hjer hefir sveitamenningin haft meiri þýðingu en í nokkru öðru landi á síðari öldum. Hjer hefir orðið „bóndi" jafnan verið virðingarheiti, þvert á móti því, sem víða annarsstaðar hefir þekst.

Og hvað er sjálfstæðisviðurkenning vor annað en viðurkenning á því hlutverki, sem landbúnaðurinn hefir leyst af hendi?

Eða halda menn máske, að sjálfstæðisviðurkenningin hafi fengist vegna togaranna, bíóanna og bílanna?

Efling landbúnaðarins, efling sveitalífsins er efling þjóðernis vors og tungu. En þjóðernið og tungan eru hyrningarsteinar sjálfstæðis vors. Efling landbúnaðarins er því ævarandi sjálfstæðismál.

Nú er svo komið, að þessi atvinnuvegur er í stórhættu. Honum hnignar ár frá ári og flestir bændur eru að komast í fátækt. Jeg hefi heyrt menn furða sig á því, að samúð ætti sjer stað á milli bænda og verkamanna í kaupstöðum. Satt er það líka, að ekki falla hagsmunir þeirra saman. Aðrir eru atvinnuveitendur, en hinir atvinnuþiggjendur. Hjer er því ekki um hagsmunasamúð að ræða. Þetta er samúð fátæklingsins með hinum, sem líkt stendur á fyrir. Eftir því sem bændastjettinni hnignar, eftir því vex þessi samúð. Og þjóðfjelagi voru stafar ekki eins mikil hætta af nokkru eins og því, að bændur lentu í svo miklum kröggum, að þeir gleymdu sínum fornu metnaði, að í stað stjettartilfinningar hinnar öruggu bændastjettar með þeirri ríku ábyrgðartilfinningu, sem hún hefir jafnan haft, kæmi stjettartilfinning öreiganna með öllu því ábyrgðarleysi og allri þeirri úlfúð, sem henni fylgir.

Vjer megum ekki telja fje eftir þessum atvinnuvegi. Það er helg skylda vor að vernda hann eftir föngum og að gera honum a. m. k. jafnhátt undir höfði og öðrum atvinnuvegum. Vjer eigum að gera þær kröfur til landbúnaðarins, að hann viðhaldi þjóðerni voru og þjóðareinkennum og því, sem er best í fari voru, og jafnframt að gera honum kleift að fullnægja þeim kröfum, með því að veita honum fje til nauðsynlegra framkvæmda og endurbóta. Vjer *eigum* að gera þessar kröfur. En vjer megum þá heldur ekki segja: minn góði landbúnaður, við höfum ekkert handa þjer, þú getur lifað — eins og Magnús sálarháski — á munnvatni þínu og guðsblessun.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer er það mjög ljúft að þakka bæði hv. landbúnaðarnefnd og hv. frsm. (ÁJ) fyrir afskifti af þessu máli. Sjerstaklega er mjer ljúft að þakka hv. frsm. fyrir ræðu hans, vegna þess hlýleika og skilnings í garð landbúnaðarins, er þar kom fram. Það eina, sem jeg gat ekki felt mig við í ræðu hans, var það, er hann sagði um stjettartilfinningu öreiganna. En það er aukaatriði, sem hægt er að tala um seinna.

Jeg vildi fyrst víkja að einu atriði í ræðu hv. frsm., þar sem hann sagði, að 15% af veltufje bankanna væri í höndum landbúnaðarins. Jeg hygg, að þetta sje fullhátt áætlað, heldur en hitt, og veikir það auðvitað ekki þennan málstað.

Þá vil jeg víkja að brtt. nefndarinnar við frv. Jeg skal viðurkenna, að mjer finst fult samræmi í þeim. Og satt að segja var jeg að hugsa um, er jeg bar fram frv., að taka upp í það húsabætur í sveitum — varanlegar húsabætur, — eins og stendur í nál. En jeg hvarf frá því vegna þess, að mjer fanst, að með því móti væri ekki hægt að fara fram á eins lág vaxtakjör. Nefndin bætir þessu inn í og hækkar jafnframt vexti úr 4%

upp á 5%. Í þessu er fult samræmi, og sem flm. get jeg fallist á, að frv. verði samþykt eins og það kom frá nefndinni.

Þá skal jeg minnast á brjef bankastjórnarinnar. Mjer kemur ekki til hugar að áfella bankastjórnina fyrir undirtektir hennar, enda voru þær mjer kunnar áður en jeg bar frv. fram. Bankastjórnin telur sjer — eins og eðlilegt er — fyrst og fremst skylt að líta á hag bankans sjálfs á þessum tímum. Hjer er enginn skjótur ágóði á ferðum. Jeg get þess vegna viðurkent, að bankastjórnin einmitt megi líta á málið frá þessu sjónarmiði. En hins eiga þing og stjórn með að krefjast, og mega krefjast, eins og hv. frsm. sagði, að bankinn leggi eitthvað á sig til slíkra nauðsynja og hjer er um að ræða.

Jeg býst við, að hinir lágu vextir sjeu bankanum þyrnir í augum. Árið 1913 var ákveðið, að ríkissjóður legði 100000 kr. á ári inn í Landsbankann næstu 20 ár. Ætti upphæðin því á þessu ári að nema 1200000 kr. Jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þá lagagrein, er að þessu lýtur:

„Landssjóður leggur Landsbankanum til árlega næstu 20 ár 100 þúsund krónur til þess að greiða með lán Landsbankans, 2 miljónir, sem tekið var samkvæmt lánsheimild í lögum nr. 82, 22. nóvember 1907.

Landssjóður skal vera innskotseigandi (*interessent*) að þessu fje. Skal hann af því fá sömu hlutdeild, sem hann mundi fá af jafnhárri hlutafjárupphæð, af hreinum tekjuágóða bankans, í hlutfalli við annað eignarfje hans.

Í þessu efni skal skoða seðla landssjóðs sem eign bankans.

Uns lánið, sem nú er, er að fullu greitt, greiðir bankinn vöxtu af því (þeim hluta þess, sem á hverjum tíma er ógreiddur)."

Bankinn á að greiða vexti af fje þessu. En aðallega er ætlast til, að ríkissjóður fái gjald af ágóða bankans. Þetta er einmitt eftirtektarvert í þessu máli. Ef svo fer, að bankinn fær minni ársarð, borgar hann auðvitað minna af honum til ríkissjóðs. Hann fær það því aftur, sem hann hagnast minna á þessari vaxtalækkun. Ríkið er því hjer að ráðstafa sínum eigum, en ekki bankans. Aðstaða þess í þessu máli er fullkomlega rjettmæt.

Þá vík jeg að öðru atriði, er líka kemur hjer til greina. Landsbankinn á mikið fje inni í Íslandsbanka. Upphæðin er há, en vextir lágir. Væri þessu fje ekki betur varið til þess að styrkja þann atvinnuveg, sem banki landsins á að láta sjer annast um?

Jeg skal ekki orðlengja þetta frekar, en vil aðeins endurtaka þakklæti mitt til hv. frsm. (ÁJ) og landbúnaðarnefndar fyrir meðferð þessa máls, og vona, að deildin beri gæfu til að fara að till. nefndarinnar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vildi minnast á það, sem stendur í greinargerð frv. um aðdraganda þessa máls. Það er orðið allgamalt, bæði utan þings og innan. 1916 var farið að tala um búnaðarlánastofnun. Síðan var hafinn undirbúningur á þessu sviði; maður fenginn til að kynna sjer fyrirkomulag slíkra stofnana annarsstaðar og gera tillögur. Þær komu fram í þingbyrjun 1921 og leiddu til laganna um Ríkisveðbanka Íslands.

Með því var málinu stefnt inn á aðra braut en til hafði verið ætlast. Upphaflega hafði verið stefnt að lánsstofnun, er eingöngu væri fyrir landbúnaðinn; en úr varð almennur veðbanki. Hann átti að gera tvent í senn, styrkja landbúnaðinn og koma í stað veðdeildar Landsbankans.

Þetta var mikið óhappaspor í þessu máli, og kom það þegar fram á þingi 1921, og þó betur síðar. Hjer eru ekki til skilyrði fyrir stofnun þessa veðbanka og verða ekki á næstunni. Því er eðlilegt, að slíkt frv. sem þetta sje fram komið.

Mjer hefir ávalt verið stofnun slíkrar búnaðarlánadeildar mikið áhugamál. Þegar lögin um Ríkisveðbankann voru á döfinni, barðist jeg fyrir því, að stofnuð væri sjerstök deild fyrir landbúnaðinn, hvort sem bankinn í heild tæki til starfa eða ekki. Þetta náði þó ekki fram að ganga, sem kunnugt er.

Jeg þarf ekki að geta þess, að jeg lít á þessa till. með sömu velvild og áður. En þótt gert sje ráð fyrir, að þessi stofnun starfi aðeins um stundarsakir, verður að gæta þess, að ekki sje farið út á hættulega braut. Jeg verð því að mótmæla því fyrir hönd stjórnar Landsbankans, að það, sem hjer er farið fram á viðvíkjandi bankanum, komist í framkvæmd. Auðvitað er það satt, að ríkið ræður yfir bankanum. En það má ekki beita þeim völdum bankanum í óhag, og má því ekki gera ráðstafanir til að stjórna honum eftir öðrum en viðurkendum og góðum grundvallarreglum fyrir bankastarfsemi. En fram á slíkar ráðstafanir er einmitt farið í þessu frv.

Í frv. er farið fram á, að bankinn láni allmikið fje með 4% ársvöxtum. Í till. nefndarinnar er þetta hækkað í 5%. Þetta er gert einmitt á þeim tíma, þegar lægstu innlánsvextir eru 5%, þ. e. a. s. sparisjóðsvextir. Af fje á innlánsskírteinum er borgað 5½%. Þetta er brot á öllum almennum grundvallarreglum, að útlánsvextir sjeu lægri en innlánsvextir. E' slíkar ráðstafanir eru gerðar, hlýtur það að veikja traust innlendra og erlendra skiftavina á bankanum, því að þeir geta ekki vitað, hvar verður staðar numið. Það hefir verið álitið hingað til, að þetta fje yrði að fá með sölu skuldabrjefa eða vaxtabrjefa, sem eru í umferð jafnlengi og skuldin stendur. Þetta er algild regla um veðbanka. Hjer stendur eins á, og verður að gera hið sama og annarsstaðar, nema því aðeins, að fjárveitingarvaldið veiti fje úr ríkissjóði.

Jeg hefi borið þessi mótmæli fram eftir mjög eindreginni ósk stjórnar Landsbankans, enda þótt mjer hafi þótt leiðinlegt að leggjast á móti frv.

Þá hefir komið fram annað frv., frá hv. þm. V.-Sk. (JK), sem fer fram á stofnun nýrrar veðdeildar við Landsbankann. Þetta frumvarp er á rjettum grundvelli bygt, en vafasamt tel jeg, hvort tíminn er nú hentugur til að framkvæma það.

Því hefir verið haldið fram, að landbúnaðurinn færi á mis við lánsfje bankanna, og má vera að svo sje. Þó verður að gæta þess, að hann þarf miklu minna fje til rekstrar síns en sjávarútvegurinn. Því hefir líka verið haldið fram, að landbúnaðurinn ætti að njóta lægri vaxta en aðrir atvinnuvegir. Það er nú að vísu satt, að algengt er, að vextir fari eftir áhættu lánanna. En nú borgar sjávarútvegurinn alt að 9% af lánum sínum, 8% í vexti og um 1% í ýmsan tilkostnað. Jeg tel vafasamt, hvort það er samrýmanlegt, að landbúnaðurinn fái á sama tíma lán fyrir 4—5%. A. m. k. er ekki rjett að landbúnaðurinn borgi lægri vexti en sparisjóðsvexti af lánum sínum, nema, eins og jeg sagði fyr, að ríkissjóður leggi beinlínis fje fram. En einmitt vegna þess, hve sparisjóðsvextir eru nú háir, er tíminn mjög óhentugur til að stofna nýja veðdeild.

Hvað snertir ummæli háttv. þm. Str.

(TrÞ) um innskotsfje landssjóðs í Landsbankanum, þá er það að segja, að ekki má gera of miklar kröfur vegna þess fjár. Það er fyrst og fremst að athuga, að þetta er eina sjálfseignarfjeð, sem bankanum hefir verið lagt til, og þetta sjálfseignarfje, 1200000 kr., er mjög lág upphæð í hlutfalli við veltu bankans. Hún er svo lág tiltölulega við veltufje bankans, að þegar af þeirri ástæðu er ekki rjett að gera sjerstakar kröfur til bankans á þeim grundvelli. En við það bætist, að þetta eru því miður ekki einu viðskifti ríkissjóðs við bankann. Fjárkreppan veldur því, að ríkissjóður hefir gert mjög miklar fjárkröfur til bankans, og verður á það að líta, hve mikil byrði bankanum er bundin af ríkissjóði, þegar meta á, hverjar sjerstakar kröfur löggjafarvaldið getur gert til hans.

Jeg get að sjálfsögðu tekið undir með hv. frsm. (ÁJ), að ekki megi telja eftir fje til landbúnaðarins, en vilji Alþingi veita honum beinan fjárhagslegan stuðning, eins og hjer er farið fram á, verður að gera það með fjárveitingu úr ríkissjóði, en þess má ekki krefjast af Landsbankanum, að hann taki slíka byrði á herðar sjer.

Jeg vil að lokum leyfa mjer að mótmæla því, er kann að felast í orðum hv. frsm. um álit manna hjer í Reykjavík á landbúnaði. Kveðst hann hafa orðið var við, að sumir menn færu mjög niðrandi orðum um landbúnaðinn. Jeg vil ekki bera brigður á, að hv. frsm. kunni að hafa heyrt eitthvað slíkt hjá ósvinnum mönnum hjer í bæ, því að óvitrir menn eru jafnan til í þvílíkum mannfjölda, sem hjer er. En sem 1. þm. bæjarins tel jeg skyldu mína að bera sannleikanum vitni í þessu efni, að meðal alls almennings hjer í bænum má heyra fullan skilning og viðurkenningu á því, hvað landbúnaðurinn hefir verið og er ennþá fyrir þessa þjóð. Íbúar höfuðstaðarins taka fullkomlega undir óskir landbúnaðarmanna sjálfra, um að þessum atvinnuvegi megi takast að hefjast á fullkomnara stig og betur í samræmi við kröfur nútímans en verið hefir til þessa. Og heyrist einhverjar aðrar raddir hjer í bæ, eru það einungis hjáróma raddir einstakra manna, sem alstaðar geta verið til og komið fram í bág við almenningsálitið.

Magnús Jónsson: Hæstv. fjrh. hefir þrætt svo nákvæmlega það, sem jeg ætlaði að segja, og að vísu miklu betur og vandlegar en jeg hefði getað gert, að jeg hef fáu við að bæta. Jeg ætlaði að andmæla því, sem hv. frsm. sagði um álit Reykvíkinga á landbúnaðinum og þau óvirðulegu orð um hann, sem hann kvaðst heyrt hafa. Það er nú eftir því, sem gengur og gerist, að þegar vjer Reykvíkingar komum í sveit, þá heyrum vjer hitt og þetta hrjóta af vörum um Reykvíkinga og tökum það nærri oss eftir því, hve góðir menn það mæla og hvernig vjer metum álit þeirra. Slíkt skeður oft á sæ, og munu þeir menn líka vera til hjer í bæ, sem tala misjafnlega um landbúnaðinn. En hvernig ætti að mega komast hjá því í öllum þessum mannfjölda? Jeg tel, að enginn þingmaður geri landbúnaðinum gagn með því að draga þetta fram eða ala á þessum ríg. Hjer í þingsalnum heyrist sjaldan orð í þessa átt frá oss Reykvíkingum, en ekki er örgrant um, að ósjaldan hafi andað kalt til kaupstaðabúa í þingræðum. Vona jeg, að þeir leiði hjá sjer að svara í sama tón.

Jeg verð að segja, að mjer þótti miður þegar jeg sá, að hv. landbn. hafði einróma fallist á frv., þótt með nokkrum

breytingum væri. Það er enginn vafi á því, eins og háttv. frsm. tók fram, að Alþingi hefir fult vald til þess að gera hitt og þetta við bankann. Alþingi hefir mikið vald, og eru varla takmörk fyrir því í svipinn, hvað það getur gert. Það getur sett mönnum reglur um það, hvernig þeir skuli haga sjer, og ákveðið þyngstu viðurlög; það getur sóað fje ríkissjóðs og lagt óbærilegar álögur á landsmenn. Það getur einnig farið með Landsbankann eftir vild. En einmitt vegna þess, hve mikið vald er gefið þessari stofnun, verður hún að gæta þess að beita því vel. Það er ekkert athugavert, þótt einstakir þingmenn, sem hafa sjerstakan áhuga á einhverju máli, flytji tillögur, sem beita hátt í sjerstaka átt, en meira er vert um hitt, að sá hreinsunareldur, sem hvert mál þarf að fara í gegnum hjer í þinginu, nefndirnar, skúri málin, að nefndirnar íhugi þau vandlega.

Mjer þótti því miður, að hv. landbn. skyldi geta fallist á slíka íhlutun um stjórn Landsbankans. Af öllum stofnunum, sem varasamt getur verið að gera frumhlaup að, eru bankastofnanir viðkvæmastar. Það liggur í þeirra eðli; þær eru eins og nákvæm vísindaleg verkfæri, sjálfritar, er finna hverja minstu breytingu. Bankar eru viðkvæmustu mælingaverkfæri í viðskiftum í öllum heimi, og sje eitthvað ógætilega að þeim farið, getur orðið úr því ólæknandi mein. Jeg skal ekki draga stórar ályktanir, en jeg get ímyndað mjer, að það gæti haft illar afleiðingar, ef sá pati kæmi til eyrna þeirra, sem bankinn verður jafnan að eiga mikið undir, að stjórnmálaflokkar noti bankann í þágu þeirra málefna, sem þeir berjast sjerstaklega fyrir, í óhag bankanum sjálfum. Á einu þingi geta landbændur ráðið, á öðru sjávarútvegsmenn, og á því þriðja geta jafnaðarmenn verið komnir í meiri hluta, og gætu þá til skiftis notað bankann til að framkvæma áhugamál þeirra, án tillits til hagsmuna bankans sjálfs. Og hvað sem því líður, hvort þetta, sem hjer er farið fram á, er framkvæmanlegt fyrir bankann án mikils fjártjóns, er Alþingi vissulega að fara inn á þá braut gagnvart bankanum, sem það ætti ekki að gera. Það er með þessu að setja honum takmörk, sem hann má ekki fara út fyrir. Jeg mun því ekki geta fylgt frv., og ekki heldur með brtt. hv. landbn., þó að jeg viðurkenni fúslega, að æskilegt væri að bæta úr þörf landbúnaðarins á hentugum lánum.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer virðist af brjefi Landsbankastjórnarinnar, að andstaða hennar gegn málinu sje að miklu leyti sprottin af því, að hún telji bankann mundu skaðast á því að lána með þeim kjörum, sem um getur í frv., og á þar sennilega einkum við vaxtahæðina. Jeg vil því leyfa mjer að spyrja háttv. landbn., hvort hún hafi átt tal við bankastjórnina um það, hvort álit hennar yrði óbreytt, þó að vextirnir væru hækkaðir upp í 6%. Það er vel skiljanlegt, að þá er bankinn greiðir 5% í vexti af sparisjóðsfje, þyki honum ilt að fá ekki hærri vexti af fje því, sem hann lánar út, enda er það beint tjón fyrir bankann; en fengi hann 6% í vexti af vel tryggðum lánum, þá er vel gerlegt frá sjónarmiði bankans að fara svo með innstæðufje sitt, þar sem hæglega má sjá um, að lánin sjeu algerlega trygg.

Þá er á það að líta, hvort tilgangi frv. muni verða náð, ef vextirnir verða hækkaðir. Jeg vildi ekki fyrir hönd landbúnað-

arins láta málið stranda á því, hvort vextirnir væru 5 eða 6%. Þó að landbúnaðurinn gefi ekki mikinn arð, þá er guði svo fyrir þakkandi, að sumar jarðabætur gefa tiltölulega fljótt nokkuð í aðra hönd, svo sem áveitur og túnasljettur. Ef hægt væri að ná samkomulagi á þessum grundvelli, teldi jeg ekki rjett að hafna því. Jeg veit ekki, hvort það hefir verið reynt, en vildi gjarnan fá að vita það, og hafi það ekki verið gert, vildi jeg óska, að þessi leið væri reynd.

Hjer er einungis um það að ræða að heimila að ráðstafa í þessu skyni 500 þús. kr., og er það ekki mikil upphæð frá sjónarmiði bankans. Hann hefir mjög mikið sparisjóðsfje og á jafnan stórfje í Íslandsbanka, sem hann fær 3% í vexti af, og get jeg því ekki sjeð, að þetta væri bankanum til niðurdreps. Þessi lán verður að telja svo algerlega trygg, að jeg get ekki annað sjeð en að það væri fullsæmileg meðferð á sparisjóðsfje, að verja því til þessa, án þess að taka mikinn ágóða af lánunum. Og þegar bankinn á stórfje í Íslandsbanka, getur hann ekki barið því við, að hann hafi ekki fje til þessa. Jeg sje ekki, að of nærri sje gengið bankanum, þegar honum væri tryggt, að hann fengi dálítinn ágóða af lánunum, þó að minni sje en af öðrum ótryggari lánum. Jeg hef dálítið fyrir mjer í því, að bankastjórnin mundi vilja ganga að því að veita þessi lán með 6% vöxtum, þar sem jeg veit til þess, að hún hefir nýlega lofað að veita lán í þessu skyni með sömu vöxtum.

Jeg get ekki sjeð, að nýr flokkur bankavaxtabrjefa geti komið landbúnaðinum að neinu haldi, ef gert er ráð fyrir sama verði sem á 4. flokki. Þegar afföllin eru 30%, svo að greiða verður fyrsta árið 35% í vexti og afföll, þá eru veðdeildarlán svo dýr, að menn taka þau ekki nema í ýtrustu neyð. En öðru máli mundi gegna, ef ráð fyndist til þess að hækka verðið á þessum brjefum.

Jakob Möller: Jeg geri ekki ráð fyrir, að hv. frsm. (ÁJ) hafi ætlast til neins stuðnings frá oss Reykvíkingum, eftir því sem honum fórust orð í vorn garð. En jeg læt það ekki á mig fá og stend upp til þess að lýsa því, að jeg er samþykkur frv. Jeg verð að játa, að það er mikið til í því, sem hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. 4. þm. Reykv. (MJ) sögðu, að það væri varhugavert fyrir löggjafarvaldið að beita mjög eignarrjetti sínum í þá átt að ráðstafa fje bankans og taka fram fyrir hendur bankastjórnarinnar í því efni. Hinsvegar má tæplega gera ráð fyrir því, þó að nokkur pati bærist út um lönd um það, að löggjafarvaldið neytti aðstöðu sinnar til þess að tryggja það, að bankinn verði hluta af starfsfje sínu til hinna tryggustu lána, sem hugsanleg eru, að það eitt geti rýrt lánstraust bankans. Auðvitað yrði í því sambandi á það litið, með hverjum kjörum fje væri bundið í þessum lánum.

Þá er það vandasama atriði að ákveða vextina. Jeg verð að taka undir með hæstv. atvrh. (MG), að það gæti vissulega komið til greina að fara lengra en háttv. landbn. hefir gert, þegar á það er litið, að hjer er um lán að ræða, sem veitt eru með fullri fjárhæð. Þó að vextirnir væru 1% hærri en af veðdeildarlánum, sem eru 5%, munar það afarmiklu, að engin afföll þarf að greiða.

Aftur verður að líta á það, að ekki má miða of mikið við vaxtahæðina, sem nú er, þar sem gert er ráð fyrir, að hin fyrirhugaða lánadeild láni til 20—25 ára.

Nú sem stendur eru vextir mjög háir, en það getur skipast skjótlega, og er ekki óhugsandi, að útlánsvextir bankanna verði jafnvel aðrir er lánstíminn er á enda, komnir niður fyrir vextina af þessum fyrirhuguðu lánum, að minsta kosti ef þeir verða 6%. Skilst mjer, að frá því sjónarmiði megi ekki gera of mikið úr því, hve háir útlánsvextir eru nú.

Vitanlega er hagur bankans nú allörðugur, og er því varhugavert að leggja honum þær skyldur á herðar að binda með lágum vöxtum fje, sem hann hefir af skornum skamti, og minka þannig tækifæri bankans til þess að vinna upp það tjón, sem hann hefir orðið fyrir. Jeg hefði eiginlega kunnað því betur, ef frv. hefði farið í þá átt að leggja þá kvöð á Landsbankann, að hann skyldi verja árlega nokkru fje til þess að kaupa skuldabrjef Ríkisveðbanka Íslands, og væri hann þá látinn taka til starfa. Með því væri sú stofnun að nokkru leyti komin yfir byrjunarörðugleikana, þar sem hún fengi þannig stuðning frá Landsbankanum, en hinsvegar væri það þá trygt, að meira starfsfje kæmi í þessu skyni heldur en það, sem lagt yrði fram af bankanum.

Þar sem hæstv. fjrh. talaði um, að hjer væri farið inn á aðra braut en til var ætlast, þegar skorað var á stjórnina að undirbúa lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, þá er það misskilningur, enda er þetta frv. samið að talsverðu leyti eftir lögunum um Ríkisveðbankann. Hjer er í raun rjettri um sömu leið að ræða, sama niðurstaðan, sem sá maður komst að, er undirbjó málið fyrir stjórnina, og þingið 1921 fjelst á, en í stað þess að hafa sjerstakan banka, er lánveitingum á þessu skyni í ýmsum deildum bankans safnað hjer undir einn hatt, og eru ýms ákvæði frv., sem að þessu lúta, tekin beint upp úr lögunum um Ríkisveðbankann.

Hæstv. fjrh. kvað það komið í ljós, að skilyrðin fyrir stofnun Ríkisveðbankans væru ekki fyrir hendi. Mjer skilst, að hæstv. fjrh. hafi hjer talað út í bláinn, því að mjer vitanlega hefir ekkert verið gert til þess að koma bankanum á fót. Þingið 1921 gerði ráð fyrir, að rannsakað væri, hvernig best mætti haga fasteignaveðlánastofnun, en jeg veit ekki til, að síðan hafi neitt verið gert til þess að framkvæma þá rannsókn, hvernig starfrækja ætti slíka stofnun. En niðurstaða þingsins var sú, að ráðlegast mundi að koma á fót slíkri stofnun, og er ekkert komið fram, sem afsanni það álit.

Jeg minnist vel þeirrar tilraunar, sem hæstv. fjrh. gerði á þingi 1921 til þess að skilja landbúnaðarmál frá almennri starfsemi bankans. En eins og þá var rækilega sýnt fram á, var sú tilraun bygð á misskilningi, því að lög bankans gefa fullkomlega svigrúm fyrir slíka lánsstofnun.

Eins og jeg sagði áðan, hefði jeg talið rjettara, að þetta frv. hefði farið í þá átt að leggja kvöð á Landsbankann um kaup á brjefum Ríkisveðbankans, því að þá væri gert kleift að stofna þann banka og meira tækifæri til að fá fje í þessu skyni. Jeg skil það vel, að stjórn Landsbankans muni ekki ljúft að taka á sig þessa byrði, þó að hinsvegar megi um það deila, hve veigamiklar ástæður bankastjórnarinnar gegn þessu eru. Jeg skal líka játa, að ef 9. gr. frv. hefði ekki verið, þá veit jeg ekki, hvort jeg hefði greitt frv. atkv. Í þessari grein er sú öryggispípa, að það er öldungis óhætt að treysta því, að bankanum sjeu ekki gerð nein stórspjöll með þessu; því ef bankinn treystir sjer ekki til að inna af hendi

þær skyldur, sem þetta frv. leggur á hann, þá er sú leið opin fyrir hann og stjórnina, að koma strax á stofn ríkisveðbanka, og lít jeg raunar svo á, að það verði besta lausnin á málinu.

Frsm. (Árni Jónsson): Jeg hefi mjög litlu að svara að þessu sinni, því allir þeir hv. þm., sem talað hafa, hafa farið hlýjum orðum um málið, þótt hinsvegar sjeu nokkuð skiftar skoðanir meðal þeirra um það, hvort það sje framkvæmanlegt eins og sakir standa.

Jeg ætla þá fyrst að svara fyrirspurn hæstv. atvrh. (MG) um það, hvort nefndin hefði grafist fyrir það, hvort bankastjórn Landsbankans myndi sætta sig við frv., ef vextirnir væru ákveðnir 6%. Því er þar til að svara, að nefndin hefir ekki gert þetta, af þeim sökum, að henni virtist höfuðmótbára bankastjórnarinnar ekki vera vaxtaspursmálið, heldur hitt, að hjer færi þingið of langt inn á verksvið framkvæmdarstjórnar bankans. Hinsvegar skal jeg taka það fram, að nefndin mun að sjálfsögðu taka þetta atriði til athugunar.

Annað atriði er það líka, sem nefndin mun íhuga, en það er, hvort ekki muni vera rjettast að ákveða í frv., að vextirnir skuli vera vissri hundraðstölu hærri en innlánsvextir bankans á sama tíma. Það er nú vonandi, að þessi dýrtíð haldist ekki um aldur og æfi og að vextir bankanna lækki talsvert, en færi svo, þá yrðu þeir illa úti, sem samið hefðu um lán með hærri vaxtakjörum en þá væru ella tíðkuð.

Það hefir mikið verið talað um það, hve erfitt bankinn eigi með að festa fje um svo langan tíma. Það má vera, að eitthvað sje til í því, en hitt held jeg þó, að bankarnir hjer hafi undanfarið ekki fest fje sitt nægilega, því það hefir reynst svo laust, að þeir hafa jafnvel tapað því að fullu og öllu.

Háttv. þm. Reykv. hafa staðið hjer upp hver af öðrum til þess að bera hönd fyrir höfuð kjósenda sinna út af orðum mínum áðan. Jeg vil nú halda því fram, að þeir þekki þá kjósendur sína ekki út í æsar, ef þeir hafa ekki tekið eftir því hjá allmörgum þeirra, að þeir hafa landbúnaðinn ekki í neinum hávegum. En það er ekki svo að skilja, að jeg kæri mig nokkuð um tómt smjaður í garð landbúnaðarins, hvorki frá þeim eða hv. þm. þeirra; landbúnaðurinn kemst engu betur af fyrir því. Það er starfsfje, sem hann þarf frekar á að halda en falleg orð.

Hæstv. fjrh. kvað frv. stríða gegn reglum um starfsemi bankans og kvað hann vart standa sig við að lána fje út gegn svo lágum vöxtum. Bankinn hefir þó þegar gengið lengra í þessu efni, þar sem hann hefir lánað Íslandsbanka um 2½ milj. kr. gegn 3% vöxtum. Hann ætti þá ekki síður að standa sig við að lána landbúnaðinum fje gegn 5% vöxtum.

Þá talaði hæstv. fjrh. um það, að heppilegri leið væri skuldabrjef, sem gengju kaupum og sölum. En hver hefir reynslan orðið um þau skuldabrjef, sem nú eru í umferð? Þau hafa mörg selst fyrir um 70% af nafnverði og eru nú lítt seljanleg. Þótt gefin væru út slík brjef, þá yrði lítið gert með andvirði þeirra á meðan þau ekki seldust.

Það, sem þetta mál snýst aðallega um, er það, hvort þingið eigi að marka bankanum línur í þessum efnum. Og jeg vil líta svo á, að þessi mótmæli bankastjórnarinnar sjeu mótmæli gegn því, að eigendur bankans ráði honum og hvernig hann er rekinn. Það eru ráðsmenn ríkisins í bankanum, sem hreyfa hjer andmælum gegn húsbónda sínum og segja: „Ja,

hún er nú heimskuleg þessi tilhögun, sem þú vilt koma á í dag, en ennþá heimskulegri verður sú á morgun.“ Þegar svo er komið, finst mjer að ráðsmennirnir sjeu orðnir að húsbændum, en það tel jeg ekki allskostar heppilegt eða viðeigandi. Og jeg lít svo á, að það sje ekki hvað minst varhugavert að ganga inn á þann skilning bankastjórnarinnar.

Jeg verð að lokum að benda á það, að þegar tekið er tillit til ársveltu bankans, þá er það mjög lítil upphæð, sem hjer er um að ræða að verja til landbúnaðarins. Hámark upphæðarinnar er aðeins 1¼ milj. kr., og myndi oft verða talsvert minna. Þessi upphæð er aðeins 66. hluti af því fje, sem bankinn hafði í veltu árið 1922, og ætti því ekki að vaxa neinum í augum.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) sagði, að hjer væri um að ræða reglulegt frumhlaup á bankann. Jeg tel óþarft að svara því sjerstaklega, en mótmæli því með sömu rökum, sem jeg hefi nú borið hjer fram.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vildi bara taka það fram, út af framkomnum ummælum um, að komið geti til mála að gera breytingar á vaxtakjörunum, að jeg er ekki á móti því, að málið gangi til 3. umr., til þess að þetta atriði verði athugað sjerstaklega. Jeg hefi ekki átt tal við bankastjórnina um þann möguleika, og mjer skildist einmitt á henni, að það væru einkum þessi vaxtakjör, sem hún væri mótfallin. Jeg vænti þess svo, að þessi yfirlýsing mín verði til þess, að umræður verði ekki teygðar mjög úr þessu, því betra verður að ræða málið við 3. umr., að fengnum nýjum upplýsingum.

Jeg get þó ekki stilt mig um að drepa lítið eitt á eitt atriði, sem fram hefir komið í umr. Það er, að því hefir verið haldið hjer fram, að hjer sje um þau tryggustu lán að ræða, sem völ sje á. Jeg get ekki algerlega gengið inn á þetta. Hjer eru ákvæði um lán til stofnunar nýbýla, en fyrir þeim er engin reynsla, og get jeg því ekki samsint, að þar sje um þau „tryggustu lán“ að ræða. *(ÁJ:* Þar eiga ábyrgðir bæjar- og sveitarsjóða að standa að baki). Jeg geri ekki svo ýkjamikið úr þeirri ábyrgð; að minsta kosti verð jeg að halda því fram, að hagur bæjar- og sveitarsjóða sje sumstaðar svo, að ábyrgð þeirra sje naumast teljandi með „bestu tryggingum“. Skal jeg í því sambandi geta þess, að jeg var í gær að veita viðlagasjóðslán handa einum hreppnum, þótt hálfnauðugt væri, bara til að forða því, að hann gæfi sig algerlega upp. — Ekki myndi ábyrgð þess hrepps geta talist með „bestu tryggingum“.

Þá er hjer annað ákvæði um, að lán skuli veitt til varanlegra húsabóta í sveitum. Þótt mjer sje óljúft að segja það, þá verð jeg þó að líta svo á, að ekki sje hjer heldur um „bestu tryggingar“ að ræða. Hve góð tryggingin er, er alt undir því komið, hvort bóndinn reisir með byggingunum búi sínu hurðarás um öxl eða ekki. Eins og hv. þdm. vita, er það mjög takmarkað, hvað íslenskar bújarðir þola. — Jeg vil mælast til þess, að hv. nefnd taki einnig þetta atriði til athugunar til 3. umr.

Að því er snertir veðdeildarbrjefin, þá held jeg, að hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) hafi gert verð þeirra lægra en það er. Það má vera, að einhver nauðstaddur brjefeigandi hafi selt einhver brjef fyrir 70% af nafnverði. En þótt slíkt hafi komið fyrir, þá ætti ekki að halda því á lofti hjer á þessum stað, því bæði gæti það að ástæðulausu spilt fyrir sölu brjefanna, og gefur auk þess rangar hugmyndir um gengi

þeirra. Sú seinasta sala, sem mjer er kunnugt um, fyrir fám dögum síðan, var á 80% af nafnverði.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal reyna að tefja umr. ekki mikið úr þessu, enda á jeg hægra með það eftir yfirlýsingu hæstv. fjrh. (JÞ). Það er annars svo um ræðu hans, að mjer fjell dável við það, sem hann sagði fyrst, og ágætlega við það, sem hann sagði síðast, en mjer fjell ekki að sama skapi vel við það, sem hann sagði þess í milli. Þar þótti mjer hann draga fullfreklega taum bankans á kostnað landbúnaðarins. Jeg ætla samt ekki að áfellast hæstv. ráðherra neitt fyrir þetta, því samkvæmt stöðu sinni er honum skylt að líta fyrst og fremst á hag bankans. En þrátt fyrir þetta er fjarri því, að jeg geti fallist á röksemdir hans.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði fyrst og fremst, að hætta gæti stafað af því fyrir lánstraust bankans erlendis, ef sá orðrómur færi af honum, að honum væri stjórnað eftir öðrum grundvallarreglum en bönkum erlendis. Einkum kvað hann það mundu spilla, ef það færi að kvisast, að hringl væri í stjórn hans og eitt gert í ár og annað að ári. Þótt þetta frv. væri nú samþykt, þá væri samt engin ástæða til að drótta slíku að bankanum. Hann er nú 10 ára gamall aðdragandinn að þessu máli. Þetta frv. er beint framhald af því, sem fram kom á þinginu 1916. Er varla hægt að kalla það hringl, þótt nú sje ráðið til lykta máli, sem búið er að undirbúa svo langan tíma. Það er ekki heldur neitt gegn grundvallarreglum annara banka, að landbúnaðurinn fái að njóta bestu vaxtakjara. Og hvar í heiminum myndi það talið hættulegt að lána bændum með alveg sjerstökum tryggingum?

Jeg tók það fram í framsöguræðu minni, að ákvæðið um 4% vexti er tekið upp úr gildandi lögum. Í jarðræktarlögunum er þetta hvorttveggja tekið fram, að vextir skuli vera 4% og lánin til 20 ára. Þegar jeg því bar fram þetta frv., þá gat jeg auðvitað ekki verið þektur fyrir að fara hærra með vextina en þarna var gert. En hitt vil jeg taka fram, að til samkomulags mun jeg geta gengið inn á, að vextirnir verði eitthvað hærri. Er það í rauninni sanngjarnt, þegar tekið er tillit til þess, að bankavextir hafa hækkað síðan jarðræktarlögin voru samin.

Jeg vil í þessu sambandi geta þess, að mjer þótti gott að heyra, hvernig hæstv. atvrh. (MG) tók í málið. Hann hvíslaði að mjer rjett áðan, að það væri ef til vill heppilegra, að vextirnir yrðu ákveðnir þannig, að þeir væru 1 eða ½% hærri en innlánsvextir á sama tíma, sem lánið stæði. Jeg get vel gengið inn á þetta og vona, að hv. nefnd taki það til athugunar.

Annars verð jeg að halda því fram, að þegar verið er að ákveða lánskjör landbúnaðarins, þá beri ekki að miða við þá vexti, sem nú eru almennt greiddir af lánum. Þessi slæmu vaxtakjör, sem menn eiga nú við að búa, stafa að miklu leyti af skakkaföllum, sem landbúnaðurinn hefir engan þátt átt í að stofna til. Það er því engin ástæða til, að hann þurfi hjer endilega að bera „syndir annara", og lít jeg svo á, að hann eigi fulla sanngirniskröfu til þess að njóta sjerstaklega hagkvæmra vaxtakjara.

Hæstv. fjrh. sagði, að tíminn væri óheppilega valinn til þess að koma fram með þetta mál. *(Fjrh. JÞ:* Það var sagt með þá vexti fyrir augum, sem ákveðnir eru í frv.). Það er vel, að svo var. Annars get jeg vel skilið slík orð hjá yfirmanni bankans, því vel má vera, að fyrir bankann sje tíminn ekki sem best valinn. En

þetta er einmitt rjetti tíminn fyrir þá, sem hugsa um þörf landbúnaðarins. Og það er ekki eingöngu rjetti tíminn, heldur og nálega síðustu forvöð, því landbúnaðurinn er nú svo settur, að svo búið má ekki lengur standa.

Jeg verð að mótmæla sumu af því, sem hv. 4. þm. Reykv. (MJ) hjelt fram í ræðu sinni, — og það sterklega. Hann sagði, fullur af fjálgleik, að Alþingi gæti lagt á menn ærið margt: stóra tolla, þegnskylduvinnu, fangelsisvist, ef út af væri brugðið, og ýmislegt fleira af þessu tægi, og þetta bar hann saman við það, að landbúnaðinum sje gert fært að fá hagkvæm lán. Það lá að minsta kosti nærri að fá þetta út úr orðum hans. Jeg hygg, að enginn skilji þessa samlíkingu, enda á hún sjer engan stað.

Í sambandi við þau ummæli hv. 4. þm. Reykv., að þetta, sem farið er fram á í frv. því, sem hjer er um að ræða, sje beinn styrkur til landbúnaðarins, þá vil jeg leiðrjetta það sem beinan misskilning. Þetta er ekki beinn styrkur, nema hv. þm. (MJ) vilji segja, að það, að Reykjavík hefir setið að miklu leyti ein að seinni deildum veðdeildarinnar, sje beinn styrkur. En jeg vil í þessu sambandi halda því fram, að sje hjer um styrk að ræða, þá sje það ekki eingöngu styrkur fyrir landbúnaðinn, heldur einnig fyrir bankann, því að mikið öryggi er í því fólgið fyrir bankann, að sem mestur hluti af því fje, sem hann ávaxtar fyrir almenning, sje ávaxtaður í tryggum lánum.

Þá var enn atriði í ræðu hv. 4. þm. Reykv., að hjer sje á ferðinni tilraun eins þingflokks til að beita sínu pólitíska bolmagni í því skyni að nota sjer Landsbankann. Mjer mun veitast auðvelt að sýna fram á, að þetta er með öllu órjett og tilhæfulaust. Ef þessi hv. þm. hefði ekki vitað nema það, að jeg var flm. þessa frv., þá gat hann ef til vill álitið, að Framsóknarflokkurinn einn stæði á bak við það. En eftir það, að hv. frsm. (ÁJ) hefir talað svo vel fyrir málinu, og sömuleiðis hv. þm. Barð. (HK), og hæstv. atvrh. (MG) hefir einnig talað um það með miklum hlýleik, þá veit jeg, að hv. þm. (MJ) hlýtur að sjá það, að hjer er ekki um neitt pólitískt flokksmál að ræða. Hjer eru menn úr öllum flokkum, sem fylgjast að því að leiða þetta mál til farsælla lykta, með þörf landbúnaðarins eina fyrir augum.

Jeg þarf enga athugasemd að gera út af ræðu hæstv. atvrh. Mjer þótti mjög vænt um það, hvernig hann tók í málið. Og jeg vil taka undir með honum og beina því til landbúnaðarnefndar að leita enn samkomulags við Landsbankann um rentuna. En jeg vil jafnframt hvetja nefndina til þess að hraða málinu, því nú fer að líða á þingtímann, en áríðandi er, að málið nái fram að ganga. En því getur stafað hætta af því, ef það dregst lengi úr þessu.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) tók málinu einnig vel, og þótti mjer vænt um það, þar sem hann er eftirlitsmaður með bönkunum og hefir kynst þeim málum undanfarið. Jeg tel það góðan fyrirboða, er menn úr öllum flokkum taka málinu vingjarnlega. Jeg vil taka það fram, að jeg veit ekki betur en að tryggingarákvæði þessara laga sjeu algerlega í samræmi við tryggingarákvæði í ríkisveðbankalögunum, líka hvað snertir ábyrgðir sýslu- og sveitarfjelaga.

Loks vil jeg undirstrika þau orð háttv. frsm., að hjer er ekki um að ræða beina skipun til bankans um að leggja fram ½ milj. kr. á ári samkvæmt lögum þessum.

Jeg geri ráð fyrir því, að farið verði hægt af stað í fyrstu. En það er nauðsynlegt, að sem fyrst sje byrjað, til þess að reynsla fáist sem fyrst.

Jón Kjartansson: Jeg vildi leiðrjetta misskilning hjá tveimur hv. þm. í sambandi við frv. mitt um útgáfu nýs flokks bankavaxtabrjefa í veðdeild Landsbankans. Hv. frsm. landbn. (ÁJ) og hæstv. atvrh. (MG) töldu báðir, að slík lög mundu ekki ná tilgangi sínum. En jeg held, að annaðhvort sje hjer um misskilning að ræða eða þá að þeir hafa ekki lesið frv. mitt. Þar er það beint tekið fram í athugasemdunum við frv., að bankinn sje skyldur að kaupa þau veðbrjef, sem gefin verða út í þessum nýja flokki, með hæst 6—10% afföllum. Hjer má ekki blanda saman 4. flokki eða því, sem óselt er af honum, þar sem afföllin hafa verið 25—30%. Þennan misskilning vil jeg leiðrjetta, því mjer hefði alls ekki komið til hugar að flytja frv. til laga um nýjan flokk (serie) bankavaxtabrjefa með þeirri vissu, að brjefin yrðu strax í 20—30% afföllum. Jeg er ekki að setja mig á móti þessu frv.; það er síður en svo. Enda hygg jeg, að það sje nú að komast á rjettari leið. En jeg var hræddur um, að það mundi ekki ná tilgangi sínum; verða aðeins pappírslög. Og eftir síðustu orðum hv. flm. (TrÞ), er hann sagði, að hjer væri aðeins um heimild að ræða, þá óttast jeg, að svo geti farið, einkum þegar bankastjórnin er þeim mjög fráhverf, eins og komið hefir fram.

Þá var jeg hálfhissa á þeim ummælum hins háttsetta bankaeftirlitsmanns, háttv. 3. þm. Reykv. (JakM), að litlu skifti, hver vaxtakjörin væru, hvort vextir væru ákveðnir 5 eða 6 af hundraði. En það er auðvitað annað aðalatriði fyrir bankanum, að vextirnir sjeu í samræmi við eðlilega bankastarfsemi. Virðist mjer hóflegt, að þeir sjeu t. d. ½—1% fyrir ofan innlánsvexti. En þá breyting þarf að gera á 1. gr. frv., að það sje ljóst, að hjer sje um skipun, en ekki heimild eina að ræða. Annars óttast jeg, að lítil verði framkvæmd laganna.

Jón Baldvinsson: Við 1. umr. þessa frv. hjer í deildinni hreyfði jeg nokkrum athugasemdum um einstök atriði þess, sem jeg óskaði, að hv. landbn. tæki einkum til yfirvegunar. Þannig þótti mjer það ekki nægilega skýrt fram tekið í frv., að fje skyldi lánað til þess að stofna nýbýli. Að vísu var það nefnt, en ekki svo ákveðið, sem jeg taldi nauðsynlegt; og óskaði jeg eftir því, að nefndin sæi sjer fært að kveða ríkar að um þetta. Nú flytur hv. landbn. frv. fram án þess að hafa breytt því í þessu efni, nema ef væri til hins verra, með því að fella úr 1. gr. frv., svo sem hún leggur til, að gert sje. En jeg álít mest um það vert, að reynt sje að stofna nýbýli og gefa atvinnulausu fólki úr kaupstöðunum kost á því að taka land til ræktunar, til þess að það fólk bjargist betur en nú. Jeg get ekki tekið undir með þeim hv. þm., sem hafa látið það á sjer skilja, að það vantaði reynslu í þessu efni. Jeg veit ekki betur heldur en að stofnuð hafi verið nýbýli víða, bæði við sjó og til sveita, undanfarin ár og gefist sæmilega. Það kunna að vera einstöku undantekningar, en yfirleitt hefir þetta gefist forsvaranlega, og mönnum hefir tekist að bjargast af á jarðrækt og kannske lítilsháttar aukaatvinnu. Þetta er eitt hið alvarlegasta atriði. Og þegar hv. frsm. landbn. (ÁJ) var að bera saman efnahag verkamanna og bænda, og vildi telja hvoratveggja öreiga, þá held jeg nú

samt, að þó bændur eigi við þröng kjör að búa, þá sjeu þeir þó betur staddir heldur en hinir. Það er líka skiljanlegt, þegar þess er gætt, að verkamenn hafa ekki atvinnu nema mjög lítinn hluta ársins og ekkert annað til að bjargast á; en það hefir meiri hluti bænda, sem betur fer. Þetta hefir hv. landbn. ekki tekið til athugunar. Jeg held, að það sje þá rjettara að kippa burtu ákvæðinu um lán til nýbýla úr öðrum lið 3. gr. frv. Þar er um svo lítinn stuðning að ræða, að jeg held, að bankarnir fengjust frekar til þess að veita sjerstök lán í þessu augnamiði, ef ákvæði þetta væri alveg felt úr hjer. Mjer er kunnugt um það, að bankastjórar Landsbankans hafa tekið vel í það að veita lán til stofnunar nýbýla í stærri stíl hjer í námunda við Reykjavík.

Þrátt fyrir þessar athugasemdir mun jeg ekki greiða atkvæði á móti frv. nú, hvað sem jeg kann að gera við 3. umr.

Að lokum vil jeg taka það fram, að jeg tel ekki rjettmæt þau ummæli hv. frsm., er hann ljet falla um álit Reykvíkinga á landbændum. Jeg hefi ekki orðið þess var, að hjer sje um þá talað með neinni lítilsvirðingu. Þvert á móti hefir mjer fundist, að allur þorri manna hjer hafi sveitalífið í hávegum. Það gefur líka að skilja, þar sem mikill meiri hluti fólksins er kominn hingað úr sveit á síðustu árum. Það getur vitanlega verið, að heyrst hafi orð í þessa átt, en jeg fullyrði, að þau ummæli sjeu undantekningar og ekki eins niðrandi og ummæli sumra þingbænda um „fiskiverin sunnanlands", eins og komist hefir verið að orði.

Annars held jeg, að ef þetta mál er fram flutt til þess að bjarga landbúnaðinum, vegna þess að bændur sjeu svo illa staddir og þurfi lán, þá sje enn meiri þörf á því að hjálpa fólki við sjávarsíðuna. Það lifir ekki fremur á munnvatni sínu og guðsblessun en sveitafólkið. Og jeg vænti þess, úr því hv. landbn. ætlar að taka málið til yfirvegunar til 3. umr., þá ætti hún líka að athuga það, hvað hún geti gert til þess að útvega mönnum í kaupstöðunum lán til þess að stofna nýbýli, þar sem þeir gætu bjargast af. (*ÁJ:* Það er gert hjer). Það er gert hjer, segir hv. frsm. En jeg hefi bent á það, hve lítið gagn mundi að frv. verða í þessu efni, ef því verður ekki breytt.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil aðeins beina því til hv. landbn., að hún athugi til 3. umr. og spyrji stjórn Landsbankans, hvort hún telji sjer fært að kaupa veðdeildarbrjef fyrir 90%, og hvort hún vilji þá leið fremur en þessa. Þetta mál hefir margar hliðar og krefst rækilegrar íhugunar, eins og fram hefir komið.

Eins og þeir háttv. þdm. muna, sem átt hafa hjer sæti áður, hefi jeg ásamt hv. þm. Mýra. (PÞ) lagt til að stofna sjerstaka lánadeild fyrir landbúnaðinn. Jeg býst við, að geta vikið að því atriði við 3. umr., og skal því ekki tefja umr. í þetta sinn.

Jakob Möller: Jeg skil ekki, hvað hv. frsm. (ÁJ) og hv. flm. (TrÞ) eru að tala um þetta frv. sem heimildarlög. Jeg skil það sem skipun. Jeg er að vísu ekki lögfróður maður, en jeg kann þá ekki lög að lesa, ef þetta: „sjerstök lánadeild *skal* stofnuð" er ekki bein skipun. Það er að vísu heimild að því leyti, að upphæð lánsfjárins er ekki fastákveðin. En deildina skal stofna, og bankinn er skyldur að lána alt að ½ miljón, ef um er beðið. En vitanlega ákveður bankinn, hvaða tryggingu

hann tekur gilda, og getur þannig takmarkað lánin. En lögin eru bein skipun um að leggja fram fje í þessu skyni. Það er óheppilegt og má ekki standa ómótmælt í Þingtíðindunum, að þetta sje aðeins heimild, og því tóm pappírslög.

Hv. þm. V.-Sk. (JK) var að hafa það eftir mjer, að litlu skifti um vaxtakjörin, hver þau væru. Þetta er misskilningur, sem jeg vil leiðrjetta. Jeg sagði aðeins, að ekki væri síður á það að líta, hvernig lánskjörin væru að öðru leyti. Það er t. d. mjög svo einfalt reikningsdæmi um veðdeildarlán, sem tekin eru með stórum afföllum, hverju muna megi á vöxtunum til þess, að það borgi sig að taka lánið með hærri vöxtum affallalaust. Þessi munur getur hæglega verið svo mikill, að 5% lán sjeu engu betri en 6%. Veðdeildarlán þola ekki eins háa vexti og önnur lán. Hitt er ljóst, að landbúnaðurinn þarf að fá fje með sem bestum kjörum, og það er þýðingarmikið fyrir bankann, hvaða vexti hann fær af því fje, sem hann leggur fram. En jeg vil benda á, að það er hættuleg braut fyrir þá, sem vilja þessu máli vel, að ákveða vextina í hlutfalli við innlánsvextina á ýmsum tímum. Það er augljóst, að ef svo verður ákveðið, þá eru því í rauninni engin takmörk sett, hvað vextirnir megi verða háir. Það getur borgað sig fyrir bankann, ef hann vill hækka útlánsvextina, að hækka líka innlánsvextina — hann græðir á því —, en hinsvegar, með því að fastákveða þessa vexti, þá er lagður hemill á útlánsvexti bankans yfirleitt. Jeg held, að bankarnir hafi farið heldur langt í því undanfarið að hækka útlánsvexti, en þeir hafa líka hækkað innlánsvexti. Þetta hefir bygst á þeirri kenningu, að hægt væri að hafa áhrif á gengið með hærri vöxtum, þannig að gengið hækkaði. Nú held jeg að áhrifin sjeu þveröfug, svo jeg teldi ekki illa farið, þótt bankinn fengi hemil á sig í þessu efni.

Hákon Kristófersson: Hv. frsm. (ÁJ) talaði svo vel fyrir þessu máli, að jeg hef litlu við það að bæta. En þó vil jeg taka það fram viðvíkjandi orðum hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að sjálfsagt er, að nefndin leiti fyrir sjer við bankann. En án þess að vísu, að jeg hafi vissu, þá býst jeg við því, að svarið verði neitandi. Eins og nál. ber með sjer og komið hefir fram hjer við umræðuna, þá er þetta mál fram komið án meðmæla bankastjórnarinnar. En nefndin leit svo á, að málið væri svo þýðingarmikið, að rjett væri, að þingið mælti svo fyrir, ef tiltækilegt þætti, að bankinn skyldi leggja fram þennan litla hluta af því fje, sem hann ávaxtar fyrir almenning, til styrktar landbúnaðinum, gegn fullum tryggingum.

Hvað vextina snertir, þá er jeg sammála hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um það, að varhugavert sje að binda þá við innlánsvexti bankans. Jeg lít svo á, að vel mætti una við 5%. Jeg er líka sammála hv. þm. (JakM) um það, að jeg get ekki litið á þessi lög sem heimildarlög, heldur fullkomlega ákveðin lög, sem skylda beri til að framkvæma.

Hæstv. fjrh. sagði, að varhugavert væri að binda svona fje bankans til langs tíma og með lágum vöxtum. Kvað hann það mundu spilla áliti hans hjá erlendum viðskiftavinum, þar sem breytt væri út frá almennum reglum í rekstri banka. Jeg sje ekki, að í þessu felist minsta hætta, því að bankinn á auðvitað ekki að lána öðruvísi en gegn fullri tryggingu. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) leit svo á, að nýbýlin mundu vera besta tryggingin fyrir því, að fólkið flytti ekki úr sveitunum. Þetta getur vel verið, og heyrist mjer nú,

að hv. þm. (JBald) sje nú orðið ljóst, að fullmargt fólk sje komið til bæjanna, samanborið við þá atvinnu, sem þar er rekin.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg stend nú aðeins upp til þess að leiðrjetta þann ranga skilning á orðum mínum, sem kom fram í ræðu hv. þm. V.-Sk. (JK). Auðvitað á bankastjórnin sjálf að ráða því, hverjum hún lánar og hverjum ekki. Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) taldi, að rjett mundi vera að spyrja bankastjórnina, hvaða verði hún vildi kaupa veðdeildarbrjefin, hvort hún vildi gefa fyrir þau nafnverð eða ekki. En hvaða verði þau yrðu keypt, fer auðvitað eftir því, við hvaða vexti yrði miðað. Og það þarf auðvitað að athugast. En um það er ekkert sagt í frv. hv. þm. V.-Sk. Annars held jeg, að ekki þurfi að fjölyrða um þetta mikið frekar. Í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði um bæina og sveitirnar og það illa umtal um landbúnaðinn, sem tíðkaðist hjer í Reykjavík, vil jeg taka það fram, að jeg held, að síst sje þar um of að orði kveðið. Jeg hefi oft heyrt það, að hjer í bænum er talað með hreinni og beinni lítilsvirðingu um alt, sem landbúnaðinn varðar. Jeg get t. d. nefnt það, að í blöðum hefir það þótt einna mest niðrun fyrir mig, að jeg hafi alið upp kálfa. Og þá gengur lítilsvirðingin á landbúnaðinum nokkuð langt, þegar þesshættar þykja verstu og meinlegustu skammirnar, sem hægt sje fram að færa um pólitískan andstæðing.

Jakob Möller: Jeg vildi aðeins minnast á það, sem hjer hefir verið sagt í sambandi við ilt umtal Reykvíkinga um landbúnaðinn. Jeg fyrir mitt leyti verð að segja, að þetta mun vera nokkuð orðum aukið. Jeg hefi alls ekki orðið var við, að menn hjer í Reykjavík hefðu um bændur eða búnað ill orð. Auðvitað getur það verið, að ýmsir, sem ekki geta þá talist með málsmetandi mönnum, hafi af strákskap sagt þetta eða hitt. En á það vildi jeg benda, að hjer í þinginu falla ekki síður hnútur frá bændunum í garð bæjarmanna en frá bæjarmönnum í garð bænda. Sje jeg ekki annað en bændur hjer á þingi sæti svo að segja hverju tækifæri, sem gefst, til hnútukasts. Og fer það heldur vaxandi. Væri vel sæmandi, að þingmenn gættu sín gegn því, sem þeim þykir aðrir fara lengra í en góðu hófi gegnir.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg vil aðeins segja nokkur orð út af ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Jeg skal ekkert um það fullyrða, hvaða orð eru látin falla í garð landbúnaðarins meðal almennings í bæjunum. En mjer fyndist rjett að athuga það, sem hv. þm. sagði um þau orð, sem höfð væru um atvinnuvegina á þingi. Jeg hefi hjerna fyrir framan mig ræðu eins hv. fyrv. þm., þar sem hann er að tala um aðalatvinnuvegi landsins. Vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp nokkrar setningar úr þessari áður nefndu ræðu. Hann er að tala um tilgang þeirra og starfsemi. Ummælin hljóða svo:

„.... Hann er sá, að láta einn atvinnuveg landsins lifa eins og sníkjudýr á öðrum atvinnuvegum.

Vjer könnumst allir dálítið við sníkjudýr. Það er eðli þeirra og náttúra að lifa á dýrum, sem standa þeim miklu ofar í dýraríkinu. Þau hafa reyndar enga verulega hugmynd um þessi dýr, sem þau lifa á, en eðlishvatir þeirra eru svo ríkar, að þau kunna þá list að sjúga blóð þeirra og líkamssafa og nærast af þeim, verða þeim oft og tíðum að fjörlesti ....“

Jeg ætla þá ekki að fjölyrða um þetta, en mjer finst vel til fallið, að þeir, sem áminna okkur bændurna um að gæta allrar sanngirni í garð bæjarbúa, þá beri þeim eins að gæta orða sinna.

ATKVGR.

Brtt. 293,1 samþ. með 21:1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 293,2 samþ. með 21:1 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 293,3 samþ. með 22 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

6.—7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 293,4 a—c samþ. með 21 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

9.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., miðvikudaginn 16 apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 315, 396).

Afbrigði um brtt. 396, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Árni Jónsson): Þetta mál hefir nú verið svo mikið rætt, að jeg sje ekki neina ástæðu til að halda langa ræðu að þessu sinni. Jeg vil því aðeins með fáum orðum gera grein fyrir, hvað gert hefir verið í málinu síðan við 2. umr. Eins og menn muna, þá kom fram við 2. umr. fyrirspurn til nefndarinnar, hvort hún hefði rannsakað málið til hlítar, og meðal annars hvort hún vissi allan vilja bankastjórnarinnar í þessu efni. Nefndin sneri sjer til stjórnar bankans, og var svar hennar á þá leið, að hún sæi ekki neina ástæðu til að koma fram með brtt. í málinu. Jeg hefi samt ásamt hv. þm. Str. (TrÞ) komið fram með brtt. á þskj. 396, og skal jeg víkja að henni síðar.

Eins og menn muna, hafði hv. landbn. breytt útlánsvöxtunum úr 4% í 5% við síðustu umr. Kom þá jafnframt fram fyrirspurn um það, hvort nefndin hefði leitað umsagnar bankastjórnarinnar um það, að þeir yrðu færðir upp í 6%. Nefndin hefir nú spurt bankastjórnina um þetta. Þá kom og fram till. um það að miða vextina við innlánsvexti á hverjum tíma og hafa þá ½ til 1% hærri. Þetta bar nefndin líka undir bankastjórnina. Í þriðja lagi kom nefndin fram með þá fyrirspurn til bankastjórnarinnar, hvort hún teldi gerlegt að kaupa veðdeildarbrjef fyrir 90% og að vextir væru þeir sömu og áður í veðdeild. Jeg skal nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp svör bankastjórnarinnar við öllum þessum fyrirspurnum. Þau hljóða svo:

„Ad. 1. og 2. Eins og vjer áður höfum munnlega og brjeflega skýrt hinni hv. landbúnaðarnefnd frá, sjer Landsbankinn sjer ekki fært, eins og sakir standa, að leggja fram fje til fyrirhugaðrar landbúnaðarlánadeildar. Umræddar breytingar á vaxtaákvæðum frumvarpsins geta því engin áhrif haft á aðstöðu bankans til að koma slíkri landbúnaðarlánadeild í framkvæmd.

Ad. 3. Bankinn mundi, eftir því sem honum væri fært á hverjum tíma kaupa slík veðdeildarbrjef með gengi, sem svaraði til að brjefin gefi af sjer alt að 1% hærri vexti, en innlánsvextir bankans nema á þeim tíma, er kaup eiga sjer stað.“

Í fjórða lagi átti jeg tal við stjórn Landsbankans og spurði hana, hvort bankinn sæi sjer fært að stofna búnaðarlánadeild, ef tíminn væri lengdur upp í 5 ár og legði bankinn til vissa upphæð á ári. En svar bankans var það sama og áður. Það var eitt skýrt nei við öllum spurningunum.

Jeg ætla þá að minnast stuttlega á brtt. okkar hv. þm. Str. um það, að bankinn fái eftirgefinn arð af innskotsfje ríkissjóðs í bankanum.

Eins og mönnum er kunnugt, þá eru til lög frá 1913 um það, að ríkissjóður leggi bankanum til 100 þús. kr. í 20 ár og fái af þessu fje arð eins og það væri hlutafje. Arður þessi hefir verið árlega síðan 1916 sem hjer segir:

1916 31 þús. kr., 1917 44 þús., 1918 99½ þús., 1919 97½ þús., 1920 79 þús., 1921 35½ þús. og 1922 28 þús. kr. Árið 1923 er arðurinn enginn, og spursmál hvort hann verður nokkur þetta ár, en vonandi er, að hann verði einhver. Og verði hann nú 10 þús. kr. árið 1925, þá sjáum við, að það er meira en 1% af því fje, sem bankinn á að leggja fram til búnaðarlánadeildarinnar, en það er áætlað 750 þús. kr.

Á þennan hátt er til þess ætlast, að bankinn fái uppbót á því, sem vextir búnaðarlánadeildarinnar væru lægri en almennir útlánsvextir. En eitt af því, sem bankastjórnin bar við, var það, að bankinn hefði svo dýrt starfsfje, að hann gæti ekki lánað það út með lágum vöxtum. En eftir till. okkar hv. þm. Str. gæti bankinn fullkomlega staðið sig við þessi lán, ef hann fengi þennan styrk. Aftur er sá styrkur ekki svo hár — ef hinu háa Alþingi er áhugamál að koma þessu fram, — að ríkissjóður geti ekki vel sjeð af þessum fáu þús. þau ár, sem búnaðarlánadeildin starfar, sem búist er við, að ekki verði nema 3—5 ár.

Fyrir utan þessa umræddu brtt. hefir ekkert nýtt komið fram í málinu síðan við 2. umr., og er því ekki ástæða til þess, að þessi umræða verði mjög löng. Menn eru búnir að gera upp við sig, hvernig þeir greiða atkvæði. En hvað sem líður brtt., þá vona jeg það, að frv. hafi fylgi nú eins og við síðustu umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta mál stendur raunar enn í sömu sporum og við 2. umr. Jeg get því að mestu leyti vísað til þess, sem jeg sagði þá viðvíkjandi því, hve varhugavert það er að leggja Landsbankanum með slíkum lögum sem þessum skyldu á herðar til framkvæmda, sem ekki eru í nokkru samræmi við venjulegar reglur um bankastarfsemi. Nú hefir stjórn bankans tekið enn af skarið og lýst yfir því, að bankinn hefði ekki fje til þess að leggja fram í þessu skyni. Það er því tilgangslítið að samþykkja frv. Eins og það er orðað getur það ekki komið að neinum notum, ef Landsbankinn treystist ekki til þess að leggja fram fjeð.

Nú hefir komið fram brtt. við frv., á þskj. 396, og útbýtt nú á þessum fundi. Jeg veit þess vegna ekki, hvort hv. þdm. hafa áttað sig á henni til fulls. Jeg sje mig þó til neyddan að fara um hana nokkrum orðum.

Það er nú svo, eins og hv. þdm. er kunnugt, að ríkissjóður er búinn að leggja eina miljón kr. sem innskotsfje í Landsbankann, og af þessu fje á ríkissjóður að fá arð í hlutfalli við annað starfsfje bankans. Upphæð þessa arðs hefir verið mismunandi ár frá ári, eins og hv. frsm. (ÁJ) gat um. En þær tölur eru samt enginn mælikvarði fyrir því,

hvað há sú upphæð kann að verða í framtíðinni. Upphæð innskotsfjárins er 100 þús. kr. á ári. Nú er hún ein miljón, og á að vaxa upp í tvær miljónir. En það gefur að skilja, að eftir því, sem eign ríkisins í bankanum vex, eftir því vex sú upphæð, sem ríkið fær árlega frá bankanum í arð, að öðru jöfnu. Og þó það beri við eitt ár, eins og t. d. 1922, að þessi upphæð verði lág, þá er það enginn mælikvarði fyrir því, hvers vænta megi síðar. Og því síður má nokkuð marka af því, þótt það komi fyrir eitt ár, að arðurinn verði enginn. Það er sjálfsagt að vænta þess, að þetta fje gefi eðlilegan arð þegar um hægist og tímarnir batna. En arðurinn af slíku innlánsfje er ekki eðlilegur fyr en hann er sem næst jafn útlánsvöxtum bankans á hverjum tíma. Arður, sem þannig getur brugðist sum ár, verður að vera hærri en innlánsvextir, til þess að eigandinn sje skaðlaus. Það má því með rjettu gera ráð fyrir 6% af þessu fje, eða 60—70 þús. kr. á ári eins og nú stendur, og innan fárra ára 100—120 þús. kr., og getur orðið hærra, ef vel gengur. Nú er farið fram á það með brtt. þessari á þskj. 396, að bankinn sje leystur undan því að greiða ríkissjóði hlutdeild af tekjuágóða bankans af innskotsfje ríkissjóðs. Slíkt framlag til bankans nær ekki nokkurri átt, samanborið við það, sem bankinn leggur á sig. Jeg skil hreint ekkert í hv. flm. (TrÞ og ÁJ) að bera fram aðra eins till. Eftir henni öðlast Landsbankinn rjett til þess, þótt hann leggi ekki fram nema 100 þús. krónur til landbúnaðarlána, að fá jafnmikla upphæð frá ríkinu, eða jafnvel hærri. Á þann hátt getur bankinn árlega fengið eins mikið fje eða meira en það, sem hann hefir standandi í þessum útlánum. Jeg geri ekki ráð fyrir því, að það hafi verið meining hv. flm. þessar brtt. á þskj. 396, að málunum yrði skipað svona. Yfir höfuð get jeg ekki sjeð, — ef á annað borð ætti að styrkja Landsbankann með framlagi úr ríkissjóði til þess að veita landbúnaðinum vægari lánskjör — neinn annan grundvöll heilbrigðari en þann, að upphæðin sje miðuð við þá fúlgu, sem bankinn á útistandandi í slíkum lánum, þannig, að vaxtamismunurinn sje bættur á hverjum tíma. Hitt nær ekki nokkurri átt, að bankinn fái frá ríkinu fúlgu, sem nemi jafnvel fullum vöxtum af þessum lánum, eða ennþá meiru. Þetta og fleira, sem fram hefir komið, sýnir, að málið er ekki svo gerhugsað af hálfu hv. flm. eða landbn., að forsvaranlegt sje, að deildin afgreiði það í því formi, sem það nú liggur fyrir. Og jeg get sagt nú eins og við 2. umr., að jeg sje mjer ekki fært að greiða atkv. með frv., þegar stjórn Landsbankans hefir lýst yfir því, að hún treystist ekki til að leggja fram það fje, sem hjer ræðir um.

Jón Kjartansson: Jeg vil beina þeirri fyrirspurn til hv. landbn., hvort það sje meining hennar að leggjast á frv. mitt um útgáfu nýs flokks bankavaxtabrjefa. Jeg óttast — því miður — að frv. það, sem hjer ræðir um, verði pappírslög og ekkert annað. Og hv. landbn. virðist álíta þetta líka, því hún er í vandræðum með málið, enda mun ekki hafa annað vakað fyrir hv. flm. (TrÞ) en að búa hjer til pappírslög. En mjer þykir það illa farið, ef landbúnaðurinn á að gjalda þess, að þetta er gert að humbugs-máli.

Hv. frsm. landbn. (ÁJ) leggur ekkert upp úr þriðja svari landsbankastjórnarinnar — af því að það er jákvætt. En öðru máli gegndi um hin — af því þau voru neikvæð! Þetta líkist því að ganga

aftan að siðunum. En það er vitanlega ekki undarlegt, ef það hefir verið ætlunin frá upphafi, að þetta væri skrípaleikur, eins og heyrst hefir, að hv. flm. hafi sagt við stjórn Landsbankans, þegar hann bar málið undir hana.

Tryggvi Þórhallsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) gat þess út af brtt. á þskj. 396, að tölur þær, sem hv. frsm. (ÁJ) las upp, væru enginn mælikvarði á það, hve hátt gjald ríkissjóður ætti að fá fyrir innskotsfje sitt frá bankanum. Þetta er rjett. En þær eru mælikvarði á það, hvað ríkissjóður hefir fengið. Þær sýna, að þetta innskotsfje er það langdýrasta lán, sem nokkur stofnun hjer á landi a. m. k. hefir fengið enn. Árið 1917 er upphæðin 500 þús. kr. og gjaldið þá 45 þús. kr., eða 9%. Árið 1918 er upphæðin 600 þús. kr., en gjaldið 99½ þús. Þetta eru afskaplegir vextir. Með öðrum orðum: þetta innskotsfje, sem landið hefir lagt í bankann — það hagræði er bankinn margbúinn að borga langt fyrir sig fram.

Við umræðurnar um þetta mál síðast var bent á það af mjer og hv. frsm. (ÁJ), að þetta, að bændur fengju ódýr lán hjá bankanum, kæmi fram í því, að hann gæti minna borgað landinu í arð af innskotsfje þess. Og nú á þessum krepputíma er sjáanlegt, að bankinn muni borga mjög lítið til ríkisins af innskotsfje sínu. En það er trygging í því fyrir bankann, að geta reiknað með því að þurfa ekkert að borga. Að bera till. fram á þennan hátt er gert til þess að sýna bankastjórninni, að þingið vilji gæta fullrar sanngirni gagnvart bankanum.

Annars er einkennilegt, hvernig hæstv. fjrh. snýr sjer í þessu máli nú, þegar athugað er viðhorf hans við fyrri umr. Þá var hann á móti málinu af því, að þá væri bankanum íþyngt um of. Nú er hann á móti því af því, að bankanum sjeu með brtt. veitt of mikil fríðindi. Jeg skil ekki samræmið í þessu. Í öðru orðinu er hann á móti bankanum, í hinu vill hann hjálpa honum. Jeg hygg, að hjer sje sem oftar, þar sem um öfgar er að ræða, að sannleikurinn sje þar mitt á milli. Í þessu máli er hæstv. fjrh. beggjamegin við sannleikann, en við, sem frv. fylgjum, næst hinu rjetta.

Þá kem jeg að hv. þm. V.-Sk. Jeg verð að láta það í ljós út af því, sem fram kom í gær, að mig furðar á því, að hann skuli einu sinni láta sjá sig hjer, hvað þá taka hjer til máls. Jeg vil spyrja hann út af því, sem nú er kunnugt orðið, hvort hann hafi borið það undir húsbændur sína, hina dönsku kaupmenn, hvað hann ætti að tala hjer í dag. Þessa húsbændur, sem nú er upplýst, að hann þjónar, að vitni þess manns, sem áður var ritstjóri Morgunblaðsins og hlotið hefir lofsamleg ummæli af sjálfum hv. þm. V.-Sk. og hans flokksmönnum, en varð að fara frá blaðinu af því, að hann vildi ekki beygja sig undir hina dönsku eigendur. Nú vita allir, að hv. þm. V.-Sk. verður að bera hvað eina, sem hann leggur til málanna, undir hina dönsku húsbændur. Þegar hann nú segir, að jeg sje að leika skrípaleik með pappírslög — er það eftir skipun frá þeim dönsku, sem hann segir það, því að vitanlega veit hann, að ekki er minsti fótur fyrir þessu! Jeg er hissa á offrekju þessa hv. þm. Það mundi ekki líðast í nokkru landi, að maður fengi að sitja í þingsæti, sem uppvís væri orðinn að því sem ritstjóri, að eiga að standa útlendum kaupmönnum reikningsskap á öllu, sem hann leggur til

opinberra mála. Slíkur maður yrði í hvaða landi sem er að leggja niður þingmensku þegar í stað. Sómi þingsins og flokksins krefst þess, að hann hreinsi sig af þessu, ef hann getur. Íslendingar hafa aldrei kunnað því vel, og síst nú, að hafa danska menn sem yfirritstjóra við blöð sín.

Hákon Kristófersson: Hv. þm. V.-Sk. (JK) beindi þeirri fyrirspurn til landbúnaðarnefndar, hvað hún hefði gert af frv. hans um stofnun nýs flokks bankavaxtabrjefa. Út af þeirri fyrirspurn og ummælum hv. þm. lýsi jeg yfir því, að nefndin hefir alls ekki lagst á þetta frv hans. En hitt er það, að nefndin vildi sjá, hversu færi um þetta frv. fyrst, áður hitt kæmi fram. En hvernig sem um það fer, þá kemur hitt frv. fram næstu daga. En ekki er fullráðið, hvaða till. nefndin gerir um það mál. Hitt get jeg þó sagt, að bankastjórnin er ekki síður mótfallin því en frv. því, sem nú er verið að ræða um, þótt á annan hátt sje.

Um brtt. þá, sem hjer er fram komin frá hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), er það að segja, að hún kemur ekki frá landbúnaðarnefnd, og jeg býst við því, að atkvæði hennar sjeu laus og óbundin. Þó er ástæða til þess að ætla, að meiri hluti nefndarinnar sje á móti till. Jeg sje enga meiningu í því að versla við Landsbankann um þetta mál, en það finst mjer að gert sje, ef á að veita honum þessa eftirgjöf. Nema hún eigi að skoðast sem styrkur til bankans fremur en styrkur til landbúnaðarins.

Jeg mun greiða frv. atkvæði eins og það liggur fyrir. Að vísu er lítils árangurs að vænta, eftir svari bankastjórnarinnar að dæma. En tímarnir kunna að batna, og þegar hagur bankans batnar, er ekki örvænt um árangurinn.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg er dálítið hræddur um afdrif þessa máls, ef ekkert er aðgert, og þykir mjer það ilt, því jeg vil gjarnan, að það nái fram að ganga. Jeg er hissa á þeim svörum landsbankastjórnarinnar, að það skifti engu máli, hvort vextir af lánum þessum sjeu ákveðnir 5% eða 6%, eða 1% yfir innlánsvexti. Mjer finst, að hjer hljóti að liggja það á bak við, að bankinn vilji ekki neitt fyrir málið gera. Í frv. stendur ekki, að bankinn skuli leggja fram 500 þús. kr. árlega, heldur alt að þeirri upphæð. Og ef það eru ekki vextirnir, sem bankinn setur fyrir sig, þá getur það ekki annað verið en það, að hann vill ekki sinna málinu. Nema hann óttist að þurfa að leggja fjeð fram alt í einu; en til þess er ekki ætlast. Jeg vil því leyfa mjer að gera þá brtt. við frv., að vextir af lánunum megi vera alt að einum af hundraði hærri en innlánsvextir á hverjum tíma. Mjer finst, að bankinn megi vel við það una, því hann þarf ekki að óttast, að að honum verði gengið um að leggja fram alla upphæðina, ef hann getur sýnt fram á það, að hann eigi erfitt með það.

Aftur finst mjer, að brtt. hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) og hv. þm. Str. (TrÞ) sje óaðgengileg fyrir ríkissjóð, og vil jeg skjóta því til hv. flm., hvort þeir vilji ekki taka þá till. aftur með því skilyrði, að þessi till. komi í staðinn. Með þessu móti held jeg, að málinu sje borgið. Það er ekki hægt að neita framgangi málsins af umhyggju fyrir bankanum, ef þessi till. verður samþykt.

Magnús Jónsson: Hæstv. atvinnumálaráðherra (MG) finst nú rutt úr vegi þeim erfiðleikum, sem á því voru, að Landsbankinn gæti uppfylt þær skyldur, sem gert er ráð fyrir að leggja honum á herð-

ar með samþykt þessa frv. Finst hæstv. atvrh. engir erfiðleikar lengur, þegar gert er ráð fyrir hærri vöxtum en 4%. En nú segir bankastjórnin einmitt í brjefi sínu til hv. landbúnaðarnefndar, að án tillits til vaxtaupphæðarinnar sjái hún sjer alls ekki fært að uppfylla þær skyldur, sem bankanum eru lagðar á herðar, ef frv. er gert að lögum. Hún gengur jafnvel svo langt, að hún segir þetta ekki fært, þó að vextirnir verði ákveðnir lægst 6%. Eða er það ekki rjett hjá mjer? (*ÁJ:* Jú, það er rjett).

Það var ekki nema eðlilegt, að vaxtaákvæðið væri þegar í fyrstu rætt mikið því að það lá alveg í augum uppi, að bankinn mundi blátt áfram tapa á að lána landbúnaðinum fje með 4% vöxtum. Þarf ekki annað en athuga, hvaða starfsfje bankinn hefir, til þess að sjá þetta. Er þá fyrst að nefna innskotsfje landssjóðs. Það er í raun inni ekki lánsfje, en þegar vel gengur bankastarfsemin, er það dýrasta starfsfje, sem bankinn hefir með höndum. Þá eru erlendu lánin, og vita allir, að þau eru alt annað en ódýr. Loks er innlent sparisjóðsfje, peningar á innlánsskírteinum o. s. frv. Af öllu þessu fje þarf bankinn að greiða hærri vexti en gert var ráð fyrir í frv. að hann fengi af lánum til landbúnaðarins.

En nú, þegar vaxtaákvæðinu hefir verið breytt, þá finst sumum hv. þm. öllu rutt úr vegi. En það vita þeir þó, að bankastjórnin treystist ekki til að lána þetta fje. Fyrir þinginu liggur nú frv., sem bankastjórnin sjálf mun hafa samið, um að breyta fyrirkomulagi bankans, gera hann að hlutabanka, og einn tilgangurinn með þeirri breytingu er sá, að opna möguleika til þess að auka starfsfjeð. Þetta eitt sýnir glögglega skoðun bankastjórnarinnar á því, hvort fært sje fyrir bankann að leggja árlega ½ miljón af starfsfje sínu í nýjan banka, á sama tíma, sem hún fer fram á aukið starfsfje til þeirra verkefna, sem hann hefir nú með höndum.

Hv. frsm. landbn. þótti það auðsjáanlega hart, að nefndin hefði altaf fengið nei á nei ofan hjá stjórn bankans. En mjer finst þetta ekkert undarlegt, þar sem þingið hygst að taka fram fyrir hendurnar á bankastjórninni um ráðstöfun á fje bankans. Þetta er mjer stærra atriði heldur en vaxtatapið, sem bankinn hefði orðið fyrir, ef frv. hefði verið samþykt óbreytt.

Það hefir verið talað um óþarfa viðkvæmni hjá mjer í þessu máli. Látum það vera, að jeg hafi sýnt í því viðkvæmni. Jeg ber engan kinnroða fyrir það, þar sem jeg álít, að hjer sje viðkvæmnin á rjettum stað. Er það ekki skylda hvers einasta þm. að gæta rjettar Landsbankans, þegar á hann er ráðist, og það meira af kappi en forsjá? Á undanförnum þingum hefir oft verið talað um það, að hjer á þinginu væri slegið múr utan um Íslandsbanka. Jeg tel, að þessi múr hafi verið sjálfsagður gegn óbilgjörnum árásum á bankann, og tel mjer til sóma, að hafa verið í þessum múr. En hversu miklu meiri er þá ekki þörfin á því, að slá nú múr um sjálfa bankastofnun ríkisins, þegar óviturlega er verið að hafa hönd á henni á þann hátt, sem verða má til tjóns.

Jeg vil minnast nokkuð á lánstraust bankans erlendis. Þegar ríkið þarf að taka lán, spyrja erlendir fjármálamenn jafnan fyrst að því, hvort tekjuhalli sje á fjárlögunum. Þegar bankinn þarf að taka lán, er spurt fyrst að því, hvort hann sje

undir afskiftum þings og stjórnar. Þetta er eðlilegt, þar sem bankinn er ríkiseign, en þá eru menn hræddir við afskifti þess opinbera. Yrði það bankanum til ómetanlegs tjóns, að geta ekki svarað þeirri spurningu hiklaust neitandi.

Erlendis er ekki mikið um ríkisbanka. Flestir bankar eru þar einkastofnanir. Er það meðfram af því, að altaf er hætt við, að ríkisbankar eigi yfir sjer vofandi afskifti þings og stjórnar. Það dugir ekki að segja, að stjórn og þing fari vel með valdið. Afskifti pólitískra flokka af peningastofnunum þykja aldrei heppileg. Þess vegna er ekki rjett, fyrir sök smámunalegra hagsmuna, að svifta bankann að nokkru sjálfsforræði sínu. Það, að bankinn láni landbúnaðinum þessa upphæð, spillir í sjálfu sjer ekkert lánstrausti hans. En við þessi afskifti þingsins er asninn leiddur inn í herbúðirnar. *(HK:* Hefir það ekki verið gert að nokkru leyti fyr en nú? — *TrÞ:* Þetta mál hefir öðruhvoru verið á döfinni nú í 10 ár). Við skulum aðeins líta á það, hvernig pólitísku flokkarnir hafa ráðstafað fjárreiðum ríkisins. Ríkissjóður er uppetinn. Lán hafa verið tekin og uppetin. Sjóðir, sem með lögum er svo ráðstafað, að þeim skuli haldið sjerstökum, en á hinn bóginn hafa ekki verið beinlínis teknir undan valdi þings og stjórnar, eru uppetnir í óleyfi. Þannig er landhelgissjóður uppetinn og kirkjujarðasjóður uppetinn. Á nú ekki að láta staðar numið? Nei, nú vill þingið seilast í þá aura, sem undan hefir verið skotið, og sem tryggja átti sem best. Nú er byrjað að ráðstafa sáttmálasjóðnum. Og nú á að fara að eyða Landsbankanum. Nei, nú ætti að slá á þessa hönd í tíma, áður en hún fer að sóa þessu síðasta athvarfi.

En jeg get vel búist við því, að gerlegt væri, að landbúnaðinum væri látinn í tje einhver fjárhæð árlega, með hagfeldum kjörum, hvernig svo sem fyrirkomulagi þeirra lána yrði hagað. En þá verður landið að gera það. Þingið verður að veita til þess af því fje, sem það ræður yfir. Ef þar er tómt, þá ætti það að verða að þarfri hugvekju um takmörkin fyrir getu landsins, en ekki til þess, að byrja nú á enn háskalegri eyðslustarfsemi en hingað til hefir verið rekin.

Annars sje jeg á brtt. hv. atvrh., að meiri alvara muni fylgja þessu máli en jeg hafði í rauninni búist við. En frv. sjálft er svo lauslega og illa samið, að furðulegt má heita, og meðal annars af því hjelt jeg í lengstu lög, að hjer væri ekki um alvörumál að ræða. T. d. ákvæðið í 10. gr. um það, að tillagið í ár skuli aðeins vera 250 þús. kr. Það kemur eins og eftirskrift á sendibrjefi. En við samning mikilsverðra frv. dugir ekki að nota neitt sendibrjefahandahóf.

Jeg mun greiða atkvæði á móti þessu frv., og jeg vona, að hv. deild geri það yfirleitt; því að sú mun verða reyndin, að hjer sje ekki viturlega ráðið ráðum ella.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg þarf ekki að vera langorður um þetta mál, en ætla aðeins að svara hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Það er alveg rjett, að bankastjórnin er á móti þessu. Og mjer finst það ekkert undarlegt, að hún vilji ráða sjálf. En þrátt fyrir það, þarf bankanum ekki að stafa nein hætta af samþykt þessa frv. Er það auðsjeð mál, að þar sem bankinn fær 1% í beinan hagnað og lánin verða tryggari en önnur lán, þá skaðast hann ekki um einn eyri af þessu, heldur þvert á móti. Það, sem hv. 4.

þm. Reykv. sagði um, að þetta væri hættulegt fyrir bankann, á því ekki við minstu rök að styðjast.

Þá talaði hv. sami þm. um það, hve bankinn hefði dýrt rekstrarfje. Um innskotsfje ríkissjóðs er það að segja, að græði bankinn, þá þarf hann auðvitað að borga talsvert mikið, en skaðist hann, þarf hann ekkert að borga, svo að það fje getur ekki staðið honum að neinu leyti í vegi í þessu máli. Annars er fje bankans að mestu leyti sparisjóðsfje, sem hann greiðir af venjulega sparisjóðsvexti.

Að bankinn treysti sjer ekki til að lána fjeð, er alls ekki frambærileg ástæða, því að ef lánin eru trygg, þá er ágóðinn líka tryggur. Og bankanum ber eins skylda til að styrkja landbúnaðinn og aðra atvinnuvegi, hvort sem þar er nefnd verslun eða sjávarútvegur. Það er því alls ekki rjett í þessu tilfelli að láta bankastjórnina ráða — og þingið hefir fult vald til þess að skifta sjer af því, hvernig fje bankans er varið. En um daglega starfsháttu hans dettur engum í hug að taka fram fyrir hendurnar á bankastjórninni.

Það er fjarri sanni, að hjer sje verið að ráðast á bankann. Hitt er ekki rjett að láta afskiftalaust, að landbúnaðurinn sje settur algerlega hjá um lánveitingar.

Hv. þm. Str. (TrÞ) mun svara fyrir sig, og get jeg látið þetta nægja.

Halldór Stefánsson: Bæði við þessa umr. og fyrri umr. hafa komið fram fyrir hönd bankans aðvaranir frá hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Hafa þeir haldið því fram, að með þessu frv. væri verið að leiða starfsemi bankans inn á braut, sem væri ósamrýmanleg við hyggilega og eðlilega bankastarfsemi. Það væri þess vegna ekki úr vegi að gera í fám orðum grein fyrir tilgangi bankans og athuga, við hvaða rök álit hæstv. fjrh. og hv. 4. þm. Reykv. hefir að styðjast.

Hinn eðlilegi tilgangur bankans er fyrst og fremst að styðja hlutfallslega jafnt að framgangi og velgengni aðalatvinnuvega landsins, landbúnaðar og sjávarútvegs. Mun og svo vera fram tekið með almennum orðum í lögum um starfsemi bankans.

En hvernig hefir svo þessara ákvæða verið gætt? Um það kom fram fyrirspurn á þinginu í fyrra, en henni mun ekki hafa verið svarað enn. Eigi að síður er það á almanna vitorði, að bankarnir hafa beitt fjármagni sínu hlutfallslega mjög misjafnt til þessara tveggja atvinnugreina. Afleiðingin hefir orðið algert misræmi í vexti atvinnuveganna, framfarir landbúnaðarins ekki haldist í hendur við framfarir sjávarútvegsins, en það er í vissum skilningi sama sem afturför á sviði landbúnaðarins; að fylgjast ekki með í framförum og samkeppni við aðrar atvinnugreinar er í þessum skilningi sama sem afturför.

Í frv. er þess vegna ekki gengið á rjett bankans, heldur aðeins krafist þess, að hann hjer eftir uppfylli betur skyldur sínar við landbúnaðinn en hingað til, því að það er ljóst, að undir því er komin alhliða framför þjóðarinnar í framtíðinni.

Að varhugaverðara sje að lána landbúnaðinum en öðrum atvinnugreinum, get jeg ekki sjeð eða viðurkent. En hitt er satt, að lán til hans verða að vera til langs tíma og geta ekki orðið eins arðvænleg og önnur lán.

Þetta mun og einmitt vera ástæðan til þess, hvernig bankinn hefir varið starfsfje sínu. Hann hefir gætt meira sinna eigin hagsmuna en hagsmuna þjóðarinnar í heild sinni. Og þar sem hann hefir þannig hag-

að starfsemi sinni sem mest í gróðaskyni, mætti ætla, að hagur hans stæði með þeim blóma, að honum ætti ekki að veitast örðugt að láta það fje í tje, sem fram á er farið í frv. En það virðist svo, sem gróðabrallsleiðin hafi ekki reynst eins heppileg og ætla hefði mátt. Er vafasamt, að hagur bankans hefði staðið ver, þó að hann hefði lagt meira af mörkum við landbúnaðinn en hann hefir gert — eða hvort hann yrði verri framvegis, þó að breytt yrði það um starfsháttu, sem gert er ráð fyrir í frv. Tel jeg það því alls ekki órjettmæta úhlutun eða á nokkurn hátt varhugavert eða að ganga á rjett bankans, þó að þess sje krafist, að hann gæti skyldu sinnar við landbúnaðinn.

Hjer hafa verið höfð stór orð um það, að verið væri að ráðast á bankann; þetta væri blátt áfram tilræði við hann. Þetta er fráleit fjarstæða og ekki svara verð. Það hefir tvent verið talið til, sem gerði bankanum erfitt fyrir með að veita þessi lán; hið fyrra er það, að vextirnir væru áætlaðir of lágir af lánunum, og hitt annað, að bankinn hefði ekki fjármagn til. Nú er komin fram tillaga frá hæstv. atvinnumálaráðherra um að sveigja til um vaxtakjörin, og verði sú tillaga samþykt, er sú ástæða ekki lengur til, enda ef litið er á starfsfje bankans, þá sjest, að hann hefir mikið starfsfje til, sem er ódýrara en þetta. Það er og vitanlegt, að alla þá seðla, sem Landsbankinn dregur úr umferð, leggur hann á lægri vöxtu en þetta í Íslandsbanka, og er engu líkara en að það sje gert til þess að komast hjá því að gera skyldu sína gagnvart landbúnaðinum.

Áður en jeg lýk máli mínu vil jeg aðeins drepa lítið eitt á orð háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) við 1. umr. þessa máls. Honum þótti í þessu frv. vera of lítið tillit tekið til stofnunar nýbýla, en það er ekki svo. Að forminu til eru lán til nýbýlastofnana talin jafnfætis öðrum búnaðarlánum, og veit jeg ekki til, að nýbýlalánin hafi meiri þýðingu eða eigi að teljast rjetthærri en aðrar tegundir lána, sem upp eru talin í frv. Nú sem stendur er landbúnaðinum mikil þörf á fje til varanlegra húsabóta, og er sú þörf svo brýn, að yfir vofir, að hús falli niður og bygð falli í auðn víða um land, ef ekki er kostur á fje til að byggja upp bæina að varanlegum húsakynnum. Ef bygð býli falla í auðn, verður landbúnaðinum meira tjón að því en sem nema mundi þeim ávinningi, er vænta mætti af nýbyggingu jafnmargra nýbýla. Fjárskorturinn er aðalorsök þess, að mörg býli hafa á undanförnum árum lagst í auðn. Það hafa að vísu til þessa mest verið heiðarbýli, sem eru svo að segja á takmörkum þess, sem talið verður ræktanlegt af landinu. Og aðalástæðan er sú, hvað bæirnir eru óvaranlegar byggingar. Þegar þar hafa búið fátækir einyrkjar — sem oftast er — sem ekki hafa getað haldið híbýlunum nægilega við, þá gátu þeir ekki haldist þar við eftir að húsin voru komin að falli eða fallin. Og engir hafa fengist til að taka þessi býli til rekstrar upp á þá kosti að byggja þau að húsum af nýju, enda hvergi að leita að fjármagni til þess. Þetta hefir — að minni meiningu — verið aðalástæðan til þess, hvað mörg býli hafa lagst í eyði hjer á landi, og án stuðnings fjármagnsins vofir sama hætta yfir mörgum býlum, sem enn eru í ábúð. Ef landbúnaðinum verður enginn kostur gerður á hæfilegum lánum til þessa, getur afleiðingin vel orðið sú, að smátt og smátt leggist ótal fleiri bæir í auðn, en fólkið verði að flytjast þaðan í kaupstaðina, og sje þegar of margt þar fyrir nú, verður

vandinn ekki minni að sjá öllum fyrir atvinnu í kaupstöðunum, ef fleira atvinnulaust fólk bætist við í þá en nú er þar. Nú hafa bankar vorir lagt fram fjármagn sitt til að byggja upp kaupstaðina svo að við má hlíta. Nú verður að krefjast þess, að þeir snúi sjer að því að byggja upp sveitirnar á sama hátt með varanlegum byggingum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal vera mjög stuttorður, enda er jeg bundinn við fjárlagaumr. í hv. Ed. Það gleður mig, að brtt. 396 hefir verið tekin aftur, og þarf jeg því ekki að fara mörgum orðum um það atriði, en jeg mun ekki svara háttv. þm. Str. (TrÞ) öðru en því, að jeg álít hvorugt vera rjett, að gengið sje of nærri bankanum eða hitt, að gefa honum gýligjafir, vera að fleygja í hann svona miklu af eignum ríkissjóðs, sem þar var um að ræða. Var þetta hvort fyrir sig næg ástæða fyrir mig til þess að vera á móti þessu frv. Annars vildi jeg segja það, út af því, sem talað hefir verið um, að það væri verið að hlutast til um störf bankans með þessu frv., að það er löggjafarvaldið en ekki bankastjórnin, sem ákveður það, hvort slík lánadeild sem þessi verður stofnuð eða ekki. Jeg get alls ekki viðurkent, að það eitt að setja lög um slíkt efni sem þetta gangi of nærri starfsfrelsi bankans eða bankastjóranna; en það verður að gæta þess, að ekki sje neitt það sett í lög, sem gengur á móti venjulegum bankareglum og skynsamlegum rekstri bankans. En það var einmitt því að gegna um vaxtaákvæðin í frv., en nú hefir þessu verið breytt og hæstv. atvrh. (MG) hefir komið því atriði í betra horf; en þá er annað eftir. Er hag bankans nú svo háttað, að fært sje að bæta á hann þessum nýju verkefnum? Liggi ekki fyrir þinginu neinar skýrslur, bygðar á sjálfstæðri rannsókn þings eða stjórnar um þetta atriði, held jeg, að það verði að taka umsagnir bankastjóranna um þetta trúanlegar. Bankastjórnin telur þetta alls ekki fært nú, og meðan annað ekki liggur hjer fyrir upplýst um þetta, er hnekki þessari umsögn bankastjórnarinnar, verður að byggja á henni. (*TrÞ:* Það má vel sjá hag bankans á reikningum hans). En þeir eru ekki komnir út fyrir árið 1923, en jeg skal hjer geta þess, að bankastjórnin hefir nýlega tjáð mjer, að sparisjóðsfje bankans hafi á árinu 1923 minkað um 2 milj. kr., og vegna þess hafi hann ekki handbært fje til útlána, sem ekki er heldur að vænta, úr því svona er ástatt. Þetta er þungamiðjan í svari bankastjórnarinnar, að hún sjer það ekki fært, að bankinn leggi fram þetta fje til þarfa landbúnaðarins. Breyting vaxtakjaranna hefir því engin áhrif í þessu efni, þegar bankastjórnin segir svona afdráttarlaust, að fje sje ekki til.

Jón Kjartansson: Jeg vona, að jeg megi þakka hv. form. landbn. (HK) fyrir það svar hans, að nefndin ætli sjer ekki að setjast á frv. mitt um bankavaxtabrjefin; það er ekki skylt þessu máli, sem hjer er nú rætt um, og getur því vel gengið fram, þótt þetta frv. um búnaðarlánadeild verði samþykt.

Þá ætla jeg ekki að svara hv. þm. Str. (TrÞ) mörgum orðum. Jeg get fullvissað hann um það, að hann fær mig aldrei til þess að gera blaðagreinar mínar eða annara að umræðuefni hjer í þingdeildinni, og allra síst þegar hann hefir saurgað þinghelgina með þessum staðlausa þvættingi sínum, sem hann er enginn maður til þess að standa við. Hinsvegar held jeg, að við ættum báðir að geta

orðið ásáttir um það: *að* leggja það undir dóm þjóðarinnar, hvern sóma þingið hefir af setu okkar hjer, og *að* leggja það undir dóm flokkanna okkar, hvors fyrir sig, hvern sóma flokkarnir hafi af því að hafa okkur meðlimi. Þá ættum við í þriðja lagi að geta orðið ásáttir um: *að* leggja blaðamensku okkar beggja undir dóm þjóðarinnar. Blaðamenska mín er að vísu stutt, en hans er orðin alllöng, og hefir ef til vill fengið sinn dóm hjá þjóðinni. En eitt viðurkenni jeg þó, að þessi hv. þm. hefir fram yfir mig og fram yfir alla aðra þm. hjer í þessari hv. deild: Hann hefir ítrekað saurgað þinghelgina. En jeg öfunda hann ekki af því, og jeg öfunda hann ekki af því að eiga að leggja það undir dóm þingbræðra sinna og dóm þjóðarinnar.

Frsm. (Árni Jónsson): Jeg ætla að byrja mál mitt með því að þakka hæstv. atvrh. (MG) góðar undirtektir við þetta mál. Mátti og búast við því úr þeirri átt, er hann er allra manna kunnugastur högum landbúnaðarins og skilur því best þarfir hans. Það var því vel vitanlegt fyrirfram, að hann mundi ekki leggjast á móti því, að bætt yrði úr órjetti þeim, er landbúnaðurinn á við að búa í fjármálunum. Hann veit það og vel, að þeir 40% af íslensku þjóðinni, sem landbúnað stunda, hafa alls engan aðgang að veltfje bankanna á móts við aðra atvinnuvegi í landinu, t. d. sjávarútveginn. Lánsfje það, sem landbúnaðurinn hefir notið, hefir varla náð því að vera 15% af veltufje bankanna; þess vegna var það mjög eðlilegt, að hæstv. atvrh. tæki vel í þetta mál. Hæstv. atvrh. hefir komið fram með brtt. við frv., um að hækka vextina, þannig, að þeir verði alt að 1% hærri en venjulegir sparisjóðsvextir. Jeg lýsi því hjer með yfir, fyrir mína hönd og háttv. þm. Str. (TrÞ), flm. frv., að við viljum til samkomulags sætta okkur við þessa brtt. hæstv. atvrh., og tökum við því aftur brtt. okkar á þskj. 396. Og það er enginn skrípaleikur, sem við leikum með þessu; við viljum gera landbúnaðinum gagn með því að koma þessu frv. í gegnum þingið, og viljum því gera okkar til, að það nái að ganga fram. En sá, sem brigslar okkur, hv. þm. Str. og mjer, um það, að við sjeum að leika hjer skrípaleik með þetta frv. okkar, er sjálfur sá, er hjer hefir fyrstur framið skrípaleiki í þinginu um þetta mál, hv. þm. V.-Sk. (JK); hann hefir leitt asnann inn í herbúðir þingsins í þeim efnum. Hann hjelt innreið sína inn í þessa hv. þingdeild keikur mjög á ösnu sinni, og skal jeg ekki öfunda hann af þeirri útreið, sem hann fær hjer. Hann er fulltrúi fyrir landbúnaðarkjördæmi og telur sig vera hlyntan landbúnaðarmálum, — en til hvers er hann að lýsa slíku yfir, er hann legst á móti jafnsjálfsögðum umbótum sem þeim, er þetta frv. felur í sjer? Hann er að fjargviðrast yfir því, að jeg leggi minst upp úr því í brjefi bankastjórnarinnar, sem jákvætt hafi verið, en jeg legg jafnmikið eða lítið upp úr öllu brjefinu jafnt. Þetta eru aðeins skrípalæti hjá hv. þm. Bankinn segir, að hann muni kaupa veðdeildarbrjef „eftir því sem hann sjái sjer fært.“ En hver myndi neyða hann til þess að kaupa þau, ef hann þættist ekki „sjá sjer það fært“? En sú leið, sem þetta frumvarp leggur til að farin verði í þessu máli, er miklu heppilegri, vegna þess að þá eru hendur bankans bundnar í þessum efnum, ef frv. verður samþykt. Bankinn verður að veita

þessi lán. Þungamiðjan í þessu öllu er að fá það lögfest, hvort löggjafarvaldið eigi að hafa íhlutunarrjett um rekstur bankans. Mundi t. d. þingið ekki hafa íhlutunarrjett um það, ef stjórn Landsbankans tæki einhverntíma alt fje bankans og legði það í Íslandsbanka? Eða ef bankastjórnin hækkaði vextina einn góðan veðurdag upp í 15% eða 20%? Þetta er þungamiðjan, mergurinn málsins. Er það tilgangur þeirra manna, sem fylgja bankanum að málum, að sá atvinnuvegurinn, sem þjóðinni hefir happadrýgstur verið og tryggastur er fyrir þá, sem hann stunda, verði útundan hjá lánsstofnunum ríkisins?

Hæstv. fjrh. (JÞ) hefi jeg litlu að svara, því þar hefir hv. þm. Str. (TrÞ) tekið af mjer ómakið. Hæstv. fjrh. kvaðst ekki leggja mikið upp úr tölum þeim, sem jeg las upp; hundraðstalan breyttist samkvæmt innskotsfje því, sem bankinn hefði frá ríkissjóði, og er það rjett. En það er þá ekki neitt á móti því, að hv. þm. fái að heyra, hvaða arð ríkissjóður hefir fengið af fje sínu síðan árið 1916. Að vísu eru þessar upphæðir ekki alveg nákvæmlega rjettar, en sem næst því þó, og hefir arðurinn verið sem hjer segir:

Árið	1916 ca.	10	%
—	1917 —	11	—
—	1918 —	20	—
—	1919 —	15	—
—	1920 —	12	—
—	1921 —	5½	—
—	1922 —	3	—

Þá hjelt hæstv. fjrh. því fram, að ef þessi brtt. okkar kæmist fram, gæti svo farið, að bankinn hefði mjög háar vaxtatekjur af þessu, jafnvel alt að 10%, — en þetta er misskilningur. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir, að bankinn leggi í búnaðarlánadeildina fyrsta árið um 250 þús. kr., en 2 næstu árin leggi hann fram 500 þús. kr. hvort árið, eða alls um 1¼ milj. kr. Annars hafa þessar umræður snúist fullmikið um þessa till., sem nú er búið að taka aftur, og því ætti atkvgr. að geta farið bráðlega fram um þetta mál.

Pjetur Ottesen: Jeg hefi ekki ætlað mjer að lengja mikið þessar umr., en vil þó taka það fram, að þar sem allir virðast hjer vera ásáttir um, að hjer sje nauðsynjamál mikið á ferðinni, þar sem rætt er um að koma upp lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, sem, eins og þegar hefir verið margtekið fram, er að heita má frásneiddur því að eiga athvarf hjá þeim lánsstofnunum, sem hjer hafa starfað til þessa, þá virðist mjer það fyrirkomulag, sem stefnt er að með þessu frv., einmitt vera spor í rjetta átt. Það, sem þetta frv. byggir aðallega á, er það, að Ríkisveðbankinn, sem stofnaður hefir verið að lögum, mun í næstu framtíð ekki komast lengra en á pappírinn, og er því lagt til að leysa úr málinu á þennan hátt, sem frv. segir fyrir um. Það er nú svo komið um þá einu lánsstofnun, sem búandmenn hafa átt aðgang að og oft hefir orðið að liði — Ræktunarsjóðinn —, að allmikið af handbæru fje hans hefir nú verið bundið í fyrirtæki, sem með miklum sannindum má segja, að sje að mörgu leyti mishepnað fyrirtæki, púfnabönunum, og er mönnum því að mestu bægt frá að leita athvarfs þar, eins og nú standa sakir, af þeim ástæðum. Þegar þetta hvorttveggja er lagt saman, að Ræktunarsjóðurinn getur nær enga úrlausn veitt, og engin von til, að ríkisveðbankalögin komi til framkvæmda á næstunni, þá sjá allir, hver nauðsyn er hjer fyrir hendi, að einhver bót sje á ráðin. Því hefir verið hald-

ið fram, að þýðingarlaust mundi að samþykkja þetta frv., þar eð það yrði aldrei nema um pappírslög að ræða, og byggist þetta á mótmælum bankastjórnarinnar gegn frv., sem færir það til, að bankinn hafi ekki handbært fje til þess að lána bændum. En jeg fæ ekki betur sjeð en það hafi þegar verið færðar gildar ástæður, rökstuddar með reikningum Landsbankans sjálfs, fyrir því, að bankanum sje þetta alls ekki um megn, og því fæ jeg ekki skilið rök þeirra manna, sem mæla gegn því, að frv. verði samþykt. Annars geri jeg mjer miklar vonir um, að frv. þetta nái fullkomlega tilgangi sínum, ef það verður samþykt, og byggi jeg það á því, að það er alkunnugt, að hæstv. atvrh. (MG) er mjög eindregið hlyntur landbúnaðinum og ber heill og hag hans fyrir brjósti, og þykist jeg því vita, að hann muni neyta aðstöðu sinnar sem atvinnumálaráðherra og beita öllum sínum áhrifum gegn Landsbankanum til þess að ákvæðum frv., ef það verður samþykt, fáist framgengt. Það er auk þess kunnugt, að hæstv. fjrh. (JÞ) hefir sterka trú á framtíð landbúnaðarins og hefir verið því hlyntur, að á stofn kæmist lánsstofnun, sem landbúnaðinum kæmi að gagni. Hitt er honum vorkunnarmál, þótt hann, er um er að ræða hagsmuni bankans, standi í ístaðinu með Landsbankanum, þar sem honum sem fjrh. ber að hafa yfirumsjón bankans og vera á verði um hann. Þegar þetta hvorttveggja er athugað, veit jeg, að takast muni fyrir atbeina stjórnarinnar að koma þessari landbúnaðardeild á stofn í Landsbankanum og tregðulausri framkvæmd þessara laga, sem óefað verður landbúnaðinum að verulegu gagni. Það má að vísu segja, að þessi upphæð sje ekki svo stór, að hún komi að miklu gagni þegar í byrjun; en það má um það segja, að mjór er mikils vísir og hálfnað er verk þá hafið er. Landbúnaðarlán eru meðal þeirra tryggustu lána, sem þessi banki getur veitt, og því er það fullvíst, að bankinn bíður ekki halla af því að veita þessi lán, en landbúnaðinn munar þetta allmiklu, þótt ekki sje um stærri upphæð að ræða þegar í byrjun. Brtt. 396 hefir verið tekin aftur, og þarf því ekki að ræða hana, en um hina skriflegu brtt. hæstv. atvrh. virðist mjer, að vaxtakjörunum sje með henni stilt mjög í hóf, og þarf þá bankinn engu að tapa við það, þegar þess er gætt, hversu tryggingarnar eru góðar og að engu fje bankans er með þessu teflt í óvissu.

Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) hefir lagst mjög á móti þessu máli, en jeg þarf ekki að svara honum mjög miklu, vegna þess, að það hafa aðrir þegar gert. Hann taldi frv. vera tilræði við bankann og sagði, að erlendir fjármálamenn væru glöggir á að sjá annmarkana á starfsháttum bankans. En jeg tel þetta enga annmarka vera, þó að bankinn leggi fje í þessi lán; jeg hygg og, að engir erlendir fjármálamenn, sem hjer þekkja nokkuð til staðhátta á annað borð, muni álíta það á nokkurn hátt ótrygt, að bankinn beini starfsfje sínu inn á þessa braut. Jeg hygg, að álit þeirra verði alveg gagnstætt því, sem háttv. 4. þm. Reykv. hjelt fram. Jeg mun því ljá þessu frv. atfylgi mitt, og jeg teldi það vera mikinn ávinning fyrir landbúnaðinn, ef þetta frv. gæti orðið afgr. sem lög frá þessu þingi.

Jakob Möller: Jer er sama sinnis nú sem áður, og tel því rjett að samþykkja þetta frv. Það er að vísu kunnugt, að Landsbankastjórnin hefir lagt á móti

þessu máli og telur það ekki vera í samræmi við almennar bankareglur. Hinsvegar er það kunnugt, að bankinn hefir veitt lán gegn mismunandi háum vöxtum, og ef nú vextirnir af þessum lánum verða ákveðnir 1% hærri en sparisjóðsvextir, álít jeg, að þeir sjeu ekki orðnir lægri en venjulegir fasteignaveðlánavextir bankans. En aðalatriðið er það, hvort þetta yrði til að spilla áliti bankans erlendis, eins og háttv. 4. þm. Reykv. hefir haldið fram; en jeg get ekki skilið, að það sje á neinum líkindum bygt.

Mjer er óskiljanlegt, hvernig það út af fyrir sig ætti að geta spilt áliti bankans út á við. Öllum lánardrotnum hans hlýtur að vera kunnugt um það, að bankinn er ríkiseign og er gefinn undir löggjafarvaldið, og það getur auðvitað farið með hann eins og því sýnist. Spurningin er þá aðeins þessi, hvort ríkisvaldið fer óforsvaranlega að ráði sínu við bankann með þessu. En frá mínu sjónarmiði getur það ekki álitist, allra síst þar sem bankanum eru opnaðar útgöngudyr með tilliti til Ríkisveðbankans, sem eiginlega er stofnaður með l. 1922. Það má ekki síður deila um það, að hverju gagni kæmi stofnun nýrrar veðdeildar og skylda bankans til að kaupa veðdeildarbrjefin; er það auðvitað eins mikið brot á almennri bankastarfsemi eins og það, sem hjer er um að ræða. Það er brot á venjulegri bankastarfsemi að binda bankann með hvað mikið af veðbrjefum hann skuli kaupa og með hvaða verði. Venjulega kaupir hann þau eftir því, sem hann sjer sjer fært í þann og þann svipinn, og ákveður afföllin þá í hlutfalli við vextina.

Þegar annars er verið að tala um það, hvað hættulegt sje fyrir þingið að fara að „disponera" yfir fje bankans, þá er ástæða til að athuga það, hvernig farið hefir verið að við bankann áður. Á sínum tíma var bankinn látinn taka 2 milj. kr. lán til rekstrarfjárauka, en ríkissjóður tókst á hendur að greiða lánið á 20 árum, gegn því að fá hlutfallslegan arð af rekstri bankans. Með þessu var bankinn látinn taka dýrara lán en þekst hefir, og þó bætist þar við, að nú verður bankinn að greiða gengismun á íslenskum og dönskum krónum, sem núna er að minsta kosti 20%. Og hvort sem um lán er að ræða eða ekki, þá er bankanum gert að skyldu að greiða ríkissjóði, ekki eins og hlutabankar gera, heldur eftir því, sem arðurinn kemur út. Í framkvæmdinni hefir það orðið svo, að Landsbankinn hefir borgað meiri vexti af innskotsfje sínu en hinn bankinn af sínu hlutafje.

Það hefir verið sagt hjer, að sjerstaklega illa muni standa á fyrir bankanum nú hvað innstæðufje snertir. Venjan er sú, að upphæð þess er nokkuð á reiki, eftir því sem efnahagur manna er í þann og þann svipinn. Og eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, mun sparisjóðsfje hafa vaxið það sem af er þessu ári um ¼ af því, sem það minkaði síðastliðið ár. Jeg hygg, að meðalársvextir, sem bankinn greiðir af starfsfje sínu, sje 6%, þegar tekið er tillit til þess, að sparisjóðsfjeð er hlutfallslega meira en það útlenda fje, sem bankinn starfar með. Jeg get þó ímyndað mjer, eins og jeg hefi áður tekið fram, að bankanum muni vera óhægt að leggja fram þetta fje fyrsta árið, og því væri ef til vill ástæða til að fresta framkvæmdum þangað til síðar. En sýnist þetta svo og sjái bankinn sjer þetta ekki fært, þá er sú leið opin að stofna Ríkisveðbankann.

Jón Auðunn Jónsson: Út af orðum hv. frsm. (ÁJ) og fleiri um það, að bankanum sje eins fært að leggja þetta fje fram til lánveitinga eins og að kaupa veðdeildarbrjef landbúnaðarlánveitinga, þá vil jeg benda á, að þetta er hinn mesti misskilningur. Það er einmitt mjög mikill munur á því, hvort hann lánar fje út eða kaupir veðdeildarbrjefin, því lánin borgast í flestum tilfellum ekki inn fyrri en áskilið er í skuldabrjefinu, þ. e. eftir 20—30 ár; en bankinn getur selt brjefin aftur, þegar honum býður svo við að horfa. En sjerstaklega á þetta við um banka, sem ætlar að taka að sjer seðlaútgáfu ríkisins. Slíkur banki á ekki og má ekki veita lán til langs tíma. En Landsbankanum er heimilt að hafa nokkuð af fje sínu í skuldabrjefum og öðrum auðseldum verðbrjefum. Því er ekki nema eðlilegt, að hann kjósi fremur að kaupa brjefin en að veita lánin. Annars er ekki gert ráð fyrir því í frv., að bankinn sje bundinn við ákveðna upphæð til þessara lánveitinga, heldur verður það undir áliti bankastjórnarinnar, hvort og hvað mikið fje hún vill festa á þennan hátt. Af þessum ástæðum yrði þessi lagasetning í sjálfu sjer ekkert annað en pappírsgagn, einkum eftir að bankastjórnin hefir tjáð sig mótfallna frumvarpinu.

Háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) talaði um innstæðufje Landsbankans í Íslandsbanka og gaf það í skyn, að Landsbankinn væri að svíkjast undan skyldu sinni við landbúnaðinn með því að leggja fje inn í hinn bankann með lágum vöxtum. Þetta eru mjög óviðeigandi ummæli. Maður verður að gæta þess, að banki með 20 milj. kr. í sparisjóðsfje verður að hafa stóran sjóð; má hann minstur vera sem nemur 7%, en helst ekki minni en 10% af innstæðufjenu. Þetta vita allir menn, sem skyn bera á bankastarfsemi, og þá er það og ljóst, að bankanum er betra að hafa fjeð á vöxtum, þó lágir sjeu, en liggja með það í kassanum. Hitt má vera, að bankinn hafi meira fje í Íslandsbanka en það, sem hjer er talið nauðsynlegt, og eiga því ummæli mín ekki við það, sem umfram kann að vera.

Hv. þm. hafa talsvert rætt um íhlutunarrjett löggjafarinnar um mál bankans. Og er það auðvitað í aðalatriðum rjett, að bankinn er undir ríkisvaldið gefinn og verður að hlíta boðum þess. En hinsvegar má búast við því, að verði gengið mjög á móti ráðum bankastjórnarinnar í mikilvægum málum, þá skoði hún það sem vantraust og fari frá bankanum, því í slíkum ábyrgðarstöðum eiga menn að hafa sannfæringu og standa við hana.

Jeg sje ekkert því til fyrirstöðu að frv. til veðdeildarlaga gangi fram. Geri jeg ráð fyrir, að bankinn, af þeim ástæðum, sem jeg tók fram áður, telji sjer frekar fært að kaupa veðdeildarbrjef en að veita lán. Að minsta kosti er það auðsætt, *ef bankinn á að verða aðalseðlabankinn*. Og mjer dylst ekki, hversu það er heppilegra fyrir bankann að styrkja landbúnaðinn á þann hátt. Fer það auðvitað eftir hag bankans í hvert skifti, hvað mikið hann getur keypt af þessum brjefum, en jeg hygg, að hann hafi altaf nokkurt fje fyrirliggjandi í því skyni. Og kunnugt er mjer, að hann hefir síðan á nýári keypt veðdeildarbrjef fyrir 300—400 þús. kr. Og sæi bankinn sjer framvegis fært að kaupa brjef veðdeildarinnar, eða þann hlutann, sem stafar af land-

búnaðarlánveitingum, svo vextir með afföllum yrðu yfir 6%, þá teldi jeg þessu máli betur borgið á þann hátt, meiri líkur fyrir, að lán yrðu veitt í þessu skyni.

Bernharð Stefánsson: Jeg ætlaði mjer ekki í fyrstu að leggja neitt til þessara mála, en nokkur orð í ræðu hæstv. fjrh. (JÞ) hafa komið mjer af stað. Hann sagði okkur, eins og raunar var áður kunnugt, að Landsbankinn bæri á móti því, að hann gæti lagt fje fram í þessu skyni, og sagði, að ef við ætluðumst samt til þess, að hann gerði það, þá yrðum við að sanna hið gagnstæða. En jeg lít svo á, að meðan Landsbankinn á inni í Íslandsbanka meira fje en það, sem hjer um ræðir, og ekki er næg sönnun færð fyrir því, að það fje þurfi þar að vera, þá eigi sönnunin fyrir þessum vanmætti bankans að koma frá honum sjálfum. Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) mintist á þetta sama og taldi bankanum nauðsynlegt að geyma þetta fje sitt þarna til tryggingar sparisjóðsinnieignum. En hvað sem um þetta kann að vera, þá liggur mjer við að efast um, að Landsbankinn hafi lagt fje sitt inn í Íslandsbanka í þessu skyni. Og undarlegt er það, að mjer er kunnugt um, að tveir merkir þm., sem voru í fyrra spurðir um ástæðuna fyrir þessari ráðstöfun bankans, gátu ekkert um það sagt. Fyndist mjer því vel við eigandi, að þetta væri rannsakað til hlítar áður en því væri slegið föstu af þingi og stjórn, að bankinn gæti ekki lánað þetta fje út. Og ekki er það nema eðlilegt, að bændum komi það kynlega fyrir sjónir, að samtímis því, að bankinn telur sig ófæran til að veita þeim eyrislán, hversu vel trygt sem það er, þá hefir hann efni á að láta fje sitt liggja í Íslandsbanka á mjög lágum vöxtum. Það er auðvitað, að bankinn verður jafnan að hafa eitthvert fje laust. En hinsvegar er ekki vitað, að þetta fje sje altaf laust. Jeg held því, að þessi viðskifti bankanna þyrftu betri skýringar við til að jeg gæti fallist á það, að fjeð væri ekki fyrir hendi.

Það er raunar ýmislegt fleira, sem jeg hefði viljað taka fram í sambandi við þetta mál, en skal þó láta staðar numið. En jeg vildi að lokum taka undir það með hv. þm. Borgf. (PO), að verði þetta frv. að lögum, þá vona jeg, að hæstv. stjórn sjái um, að þau verði ekki einskisverð pappírsákvæði, heldur látin koma til framkvæmda. Og þótt jeg sje stjórnarandstæðingur, eins og hv. þm. er kunnugt, þá er mjer samt engin launung á því, að jeg ber hið besta traust til hæstv. atvrh. (MG) hvað þetta mál snertir.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer er óblandin ánægja að vita til þess, hvað örugg og föst sóknin hefir verið í þessu máli. Er þess því að vænta, að það gangi vel fram, og get jeg tekið undir það með hv. þm. Borgf. (PO) og hv. 2. þm. Eyf. (BSt), að það er gott að mega vænta áframhaldandi stuðnings hæstv. atvrh. (MG) í máli þessu.

Þegar brtt. kom fram frá hæstv. atvrh., þá tókum við hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) fúslega aftur okkar till. Frá okkar hálfu var ætlunin aðeins sú, að stíga spor í áttina til samkomulags, til þess að síður væri hætta á, að málið strandaði. En ljúft er okkur auðvitað að fara þessa leið, því þar er skrefið stigið nær óskum háttv. deildar, og því líklegra til sigurs.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) hefir ráðist gegn frv., og hefir hæstv. atvrh. og fleiri

svarað honum að nokkru, og sömuleiðis er hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) honum andstæður í meginatriðinu, því, að þingið megi ekki hafa afskifti af bankanum. Hv. 4. þm. Reykv. hræðist það, að erlendir skuldheimtumenn bankans spyrji bankastjórnina um þessi viðskifti bankans og ríkisvaldsins. Þetta má vel eiga sjer stað. En hverju svarar bankastjórnin: Jú, bankinn lánar samkvæmt tilmælum Alþingis ca. ½ milj. kr. á ári gegn fullum tryggingum til landbúnaðarframkvæmda o. s. frv. Þetta eru þær upplýsingar, sem bankinn hlýtur að gefa, og jeg hika ekki við að fullyrða, að þær muni hækka álit bankans í augum hinna erlendu lánardrotna, því að það er viðurkent um heim allan, að landbúnaðarlán eru tryggust allra lána.

Þá á jeg aðeins eftir þetta „postscriptum," sem hv. 4. þm. Reykv. (MJ) var svo fyndinn að nefna þannig. Hann hefir sjálfsagt ætlað að hitta þarna naglann á höfuðið, en hann hefir ekki veitt því eftirtekt, að það er algengt að setja bráðabirgðaákvæði síðast í lögum. Eins stóð hjer á; ákvæðið átti ekki heima í sjálfu frv. Annars held jeg, að þó mjer hefði þarna orðið á einhver formleg skyssa, þá hefði það í sjálfu sjer verið ákaflega smávægilegt atriði.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að hv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Hann ræddi málið með stillingu og gætni. Vildi hann fara aðra leið en þá, sem hjer er farin, og láta bankann kaupa veðdeildarbrjef. En eins og hv. deild hefir heyrt, þá eru svör bankastjórnarinnar þessu viðvíkjandi mjög ófullnægjandi. Og reynslan hefir sýnt, að þetta er engin úrlausn málsins. Enda benti jeg á það áður, að brjefin í síðasta veðdeildarflokki hafa fallið stórkostlega í verði og um 1 milj. kr. er enn óseld af þeim.

Nokkrum orðum vil jeg loks enn víkja að hv. þm. V.-Sk. (JK), og verð jeg þó að játa, að jeg geri það þrátt fyrir hálfgerð mótmæli frá samviskunni, því jeg hefi aldrei vitað neinn hv. þm. bera sig jafnilla og geta eins lítið bitið frá sjer, er hann hefir orðið fyrir jafnþungum orðum og jeg lagði á hv. þm. V.-Sk.

Hv. þm. kvaðst ekki vilja draga blaðagreinar inn í þingið, og sagði mjög skjálfraddaður, að ekki vildi hann vitna í þær, — en fyrir fáum dögum síðan las hann sjálfur upp langan kafla úr tímaritsritgerð og ljet hörð ummæli fylgja. Sje jeg ekki mikinn mun á slíkum greinum. Enda veit hv. þm. það sjálfur, að þetta var algerlega haldlaus fyrirsláttur.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði saurgað þinghelgina. Það hefir þá verið helst með því, að jeg nefndi þessa dönsku kaupmenn, sem nú er sannað um, að ráða einu helsta blaði hjer í landi og eru yfirstjórnendur þess. En hvor okkar mun þá hafa saurgað þinghelgina meir — jeg, sem aðeins hefi nefnt þá, eða hv. þm. V.-Sk, sem hefir gengið undir ok þeirra?

Jeg vil líka minna hv. þm. (JK) á, að hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) talaði um, að hann (JK) hefði komið á ösnu hjer inn í deildina og fengið hæðilega útreið. Þetta voru fyllilega rjettmæt ummæli. Jeg rjeðst ekki á hv. þm. (JK) að fyrra bragði. Hann gaf tilefnið með gersamlega órökstuddum ummælum, svo jeg varð að gera það sama og Þorgeir Hávarðsson, en Þorgeir Hávarðsson henti það, að hann drap mann af því, að hann lá svo vel við höggi. Því það er víst, að enginn annar maður á landinu — að einum undanskildum — og alls enginn á þingi liggur

eins vel við höggi og hv. þm. V.-Sk. Og þó er einn munur á honum og manni þeim, sem Þorgeir drap: Hv. þm. V.-Sk. mun altaf liggja eins vel við höggi meðan hann er undir hinu danska oki. Hvenær sem einhver sjer grein í blaði hv. þm. og skrifaða af honum, verður honum á að spyrja: Hver hefir skrifað þessa grein? Hefir hún verið endurskoðuð uppi í húsi Nathan & Olsen? Er hún gerð samkvæmt stjórnarboði?

Jeg get minst á það, að í Morgunblaðinu var talað um „Íslendingabók", sem sýna ætti þm. í dag. En í gær var birt „Danskbogen", og hún skýrir frá, hverjir töglin hafa við Morgunblaðið og á hv. þm. Það eru dönsku mennirnir.

Hv. þm. eru orðnir órólegir, og ef til vill hefi jeg farið helsti langt út í þetta, en jeg hefði ekki hnept svona að hv. þm. V.-Sk., hefði hann ekki verið fyrri til að ráðast á mig. — (*Forseti* (*PO*): Jeg vil minna menn á að halda sjer við málið, sem fyrir liggur).

Jón Sigurðsson: Út af síðustu ummælunum vil jeg skjóta því til ritstjóranna, hvort þeir vilji ekki velja sjer annan stað til sinna ritstjórnardeilna. Við höfum sannarlega annað þarfara með tímann að gera en hlusta á deilur um mál, sem hvorki eru þingmál eða koma okkur við, og þar sem báðir hafa blaðakost, sýnist þeim innanhandar að snúast þar gegn hvor öðrum og þjóna þannig lund sinni.

Jeg vil svo víkja örfáum orðum að frv. því, sem hjer liggur fyrir, sjerstaklega af því, að jeg hefi ekki fyr neitt um það rætt.

Það er helst haft á móti málinu af hálfu bankanna og andstæðinga frv., að bankarnir geti ekki lagt fram neitt fje í þessu skyni. Jeg vil ekki rengja, að svo sje; brestur kunnugleik og býst jafnvel við, að svo sje. En eitt er víst, að af öllum þeim miljónum, sem Landsbankinn hefir fengið til umráða, hefir aðeins örlitlum hluta verið varið til landbúnaðarins. Og þrátt fyrir þetta snýst Landsbankastjórnin öndverð gegn þessum óverulegu kröfum okkar bændanna og segist ekki geta lagt ¼ milj. kr. á ári til annars aðalatvinnuvegarins. En hann hefir þó getað lánað einstaklingum, sem alment eru taldir eignalausir, svo tugum þúsunda króna skiftir, já, t. d. 60—70 þús. kr. til eins slíks manns síðastliðið ár til húsabygginga. Og í fyrra hafði bankinn ráð á að fara að gera tilraunir með húsabyggingar og húsabrask hjer í Reykjavík. Og nú síðast hefir hann bygt stórhýsi, sem kostar nær 1 milj. kr. og er þannig úr garði gert, að okkur, sem komum úr sveitunum, ofbýður skartið og tildrið, þegar inn í það er komið. Já, þetta hefir bankinn getað gert, en hann hefir ekki getað lánað landbúnaðinum.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mikið frekar, en jeg get búist við því, eftir undirtektum bankans, að þessi lög verði ekki annað en pappírslög; en jeg tel þó skylt að samþykkja þau. Því samþykt frv. má skoða sem skýlausa kröfu þingsins um það, að landbúnaðurinn sje ekki afskiftur eins og hingað til. Og í öðru lagi skoða jeg samþykt þessa frv. sem hreina og beina vantraustsyfirlýsing á stjórn Landsbankans undanfarin ár í þessu efni, og hana tel jeg, að hún verðskuldi. Af þessum ástæðum greiði jeg hiklaust atkv. með frv.

Magnús Jónsson: Það er nú auðsjeð, hvert straumurinn ber, og ekki til neins mun vera að andæfa. Í þetta sinn á annar aðalatvinnuvegurinn hjer flesta formæl-

endur, næst kynni það að vera hinn og svo einhver annar, og mætti þannig skifta bankanum í ótal deildir þegar frá líður.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að hann skildi ekki í því, að Landsbankinn vildi ekki leggja fje til landbúnaðarins, því að það væru tryggustu lánin. Það eru ýkjur, að hann hafi ekkert gert í því efni. En þegar verið er að tala um þetta, þá er altaf borinn saman fólksfjöldinn, sem lifir á landbúnaði og sjávarútvegi, en ekki hve mikið fjármagn liggi á hvorum um sig. Jeg býst við, að ef það væri borið saman, þá sæist, að landbúnaðurinn hefði fengið nokkurnveginn sinn hluta. Það er að heyra svo, sem Landsbankinn sje með fjandskap gegn sveitunum. Stundum hefir annað heyrst. Og geta má þess, að Landsbankinn stofnar útibú á Selfossi um leið og Íslandsbanki stofnar útibú í Vestmannaeyjum. Þetta sýnir að nokkru stefnur bankanna. Íslandsbanki hefir hallað sjer meira að sjávarútveginum, en Landsbankinn að landbúnaðinum. Hjer er heldur ekki verið að ræða um það, hvað Landsbankinn leggur til landbúnaðarins, heldur um hitt, að stofna sjerstaka deild við bankann móti vilja bankastjórnarinnar.

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að hæstv. fjrh. (JÞ) hefði verið á móti mjer í meginatriðinu. En þetta er nú misskilningur hv. þingmanns. Hæstv. fjrh. sagði, að það kæmi ekki bankanum við, þó stofnuð væri ný deild. Jeg er því sammála, en það kemur bankanum við, þegar honum er skipað að leggja nokkurn hluta af fje sínu í þessa deild. Við hæstv. fjrh. erum alveg sammála.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að frá 1885 hafi bankinn verið undir valdi þingsins. Þetta er rjett; en jeg hygg, að þetta hafi einmitt valdið bankastjórninni erfiðleikum, þegar hún var að leita láns, og að þess vegna hafi bankastjórnin einmitt farið fram á, að bankinn yrði gerður að hlutabanka. Jeg get hugsað mjer, að það eitt, að bankinn er ríkisstofnun, veki grunsemd hjá erlendum lánveitendum um, að óheppileg íhlutun ríkisvaldsins kunni að eiga sjer stað, eins og jeg gat um áður, og þeir verði því tregari til að lána fje af því þeir þora ekki að treysta því, að pólitískir flokkar kunni ekki að „disponera" yfir fje bankans. Að minsta kosti ætti þetta að sýna, hve nauðsynlegt er, að þingið fari hjer varlega. Það er rjett, að hjer er ekki verið að tala um að sletta sjer fram í dagleg störf bankastjórnarinnar. Þó ekki væri. En það er samt að „disponera" yfir fje bankans, þegar skipa á honum að leggja fram nokkuð af fje sínu í ákveðnum tilgangi, og það þrátt fyrir skýlausa yfirlýsing bankastjórnarinnar. En þetta er einmitt eitt aðalstarf hennar, að ákveða, hvernig fjenu skuli varið. Geta þá bankastjórarnir svarað því utanlands, að engin íhlutun eigi sjer stað af hálfu þingsins um bankastjórnina? Jeg hygg ekki.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) var eins og aðrir — því ræðurnar voru allar eins og ein ræða fjölrituð — að tala um það, að meira fje gengi til útvegsins en landbúnaðarins. Náttúrlega. Útvegurinn þolir oftast hærri vexti, og því kann að vera, að hann hafi sest að meiru fje en heppilegt væri. Hitt er og sagt, að bankinn geti sætt sig við lægri vexti af landbúnaðarlánum, því þau væru tryggari. Þetta er rjett — en bankastjórnin verður að haga útlánum sínum eftir venjulegum bankareglum. Ef bankinn er rekinn sem „business", verður bankastjórnin að fá að ráða því, hvaða lán hún veitir til tryggari atvinnurekstrar og hvað til hins, sem

ekki er jafntryggur, og hún verður að meta, hve miklu þetta getur numið fyrir bankann, hve mikið bankinn getur ívilnað í vöxtum í notum þess, að lánin sjeu sjerstaklega trygg. Þegar það vald er af henni tekið, er hætt að reka bankann sem „business", og það er miklu hættulegra en þótt bankinn tapi nokkrum krónum á vöxtum.

Nei! Ef hv. þm. vilja styðja landbúnaðinn, þá eiga þeir að gera það með því, sem þeir hafa ráð á, ríkissjóðnum. Ef hann er uppjetinn, verða þeir að sætta sig við það, og þeir ættu að þakka fyrir, að eitthvað er til, sem ekki er hægt að jeta upp. Jeg stend við það, sem jeg hefi sagt, — þetta er tilræði við bankann.

Hv. 1. þm. N.-M. kom síðan að því fje, sem Landsbankinn á í Íslandsbanka, og svo mintist hver á það af öðrum. Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) sagði, að þar væri einmitt fje til þessa, og hafði eitthvað eftir tveim merkum þm. um það, sem var tóm staðleysa.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) hefir nú skýrt frá þeim mun, sem það er fyrir bankann að hafa þetta fje þarna eða í lengstu lánum, sem til eru. Þarna er það í sjóði, þar sem hægt er að grípa til þess. Hv. 2. þm. Eyf. efaðist um, að það væri handbært þar. Það er bankans mál. En líkindi eru til, að Íslandsbanki þurfi ekki annað en að gefa út meiri seðla til að gjalda það. En látum bankastjórnirnar kljást um það. En það er önnur hlið á máli þessu. Bankinn þarf að hafa þetta fje í Íslandsbanka, en ekki geyma það sjálfur, vegna þess, að hann þarf að „dekka" með því það, sem hann í yfirfærslum dregur á aðra banka erlendis. Hv. þingmönnum hlýtur öllum að vera það kunnugt, að þegar banki „yfirfærir" fje, þá sendir hann ekki fjeð, heldur er það borgað inn hjer, en hann dregur aftur á erlenda banka tilsvarandi upphæð í viðskiftabanka sínum erlendis. Eigi hann nú ekki inni þar, hækkar skuld hans, og það er viðurkent, að það sje ekki heilbrigt, að bankinn dragi meira á erlenda banka en það, sem hann getur sýnt, að hann eigi inni í öðrum banka hjer. Og sjóðurinn í Íslandsbanka er einmitt miðaður við þetta, og það kemur ekki til mála að leggja hann til búnaðarlánadeildarinnar og festa hann þannig í löngum lánum. Hvar á þá að finna fjeð? Það er ekki von, að hv. þm. gangi það vel að finna það, þegar bankastjórnin finnur það ekki.

Háttv. frsm. var að tala um, að þetta frv. væri það öðruvísi en frv. hv. þm. V.-Sk. (JK), að það ljeti bankastjórninni frjálst, hvort hún keypti brjefin; í þessu frv. væri hún skylduð til að leggja fram fjeð. Jæja. Nú er það komið á daginn, að hjer er um skipun að ræða. Við 1. umr. var lögð áhersla á, að þetta væru bara heimildarlög. (*TrÞ:* Útúrsnúningur). Nei, það er ekki útúrsnúningur. Það er að vísu skylda að stofna búnaðarlánadeildina, en hitt verður eftir sem áður á valdi bankastjórnarinnar, hve mikið hún lánar í þessu skyni. Hv. meðhaldsmenn frv. leggja bara áhersluna á þessi tvö atriði eftir því, sem á þarf að halda í hvert skifti. En niðurstaðan er sú, að hv. frsm. veður reyk, ef hann heldur, að hjer sje um nokkuð meiri veruleik að ræða í frv. hv. þm. V.-Sk. Móti vilja bankastjórnarinnar er hvorttveggja pappírsgagn fyrir landbúnaðinn, en skaðlegt til afspurnar fyrir bankann.

Hv. frsm. kvað skrítið, ef þingið ætti ekki að hafa íhlutunarrjett um bankastjórnina, og taldi upp marga glæpi, sem

hún gæti annars gert. En jeg býst nú ekki við, að þingið gæti ráðið því, að hún setti ekki óhæfilega forvexti eða hve mikið fje hún legði í Íslandsbanka. Ef bankastjórnin færi að fremja einhverja óhæfu í þessum efnum, t. d. leggja alt fje sitt inn í Íslandsbanka, þá væri eina ráðið að setja bankastjórnina af.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) ætti eftir allri stefnu sinni að vera á móti þessu frv., en játar sig að vera með því, þótt hitt reyndar heyrist milli orðanna. Hann talaði um, að það væri ekki frekar að íhlutast um stjórn bankans að láta hann leggja fje í þessa deild en að honum var veitt innskotsfje, sem óheppilegt hefði að vísu verið. En til þess eru þá vítin að varast þau.

Annars býst jeg við, að hv. þm. (JakM) hafi haft aukatilgang með þessu. Það er sem sje ákveðið í 9. gr. frv., að þetta hætti þegar Ríkisveðbankinn verði stofnaður. Hann er, eins og kunnugt er, mikið með Ríkisveðbankanum og gerir nú að líkindum ráð fyrir, að þetta reynist svo óheppilegt, að það flýti fyrir stofnun hans. En mjer finst miður heppilegt að styðja þetta frv. af þeirri ástæðu.

Hv. þm. Str. (TrÞ) get jeg slept að svara. Hann sagði, að þetta, sem jeg kallaði „postscript" væri ekki annað en bráðabirgðaákvæði, og það væri algengt að setja þau í niðurlag frumvarpa. En þetta er nú óvart ekki alveg rjett. Þegar bráðabirgðaákvæði eru sett í endi frumvarpa, þá er það æfinlega tekið fram skýrum stöfum. Og svo er hjer ekki um neitt bráðabirgðaákvæði að ræða. Þá hefði alveg eins mátt setja allar greiðslurnar í bráðabirgðaákvæði. — Nei, höf. frumvarpsins hefir sjeð eftir á, að það var ekki rjett að áskilja jafnmikla greiðslu fyrir yfirstandandi ár eins og hin árin, og tekur þá þetta gamla góða ráð, að setja það, sem gleymdist, í „postscript". Það er gott og gilt í sendibrjefi. En á þann hátt má ekki semja bankafrumvörp.

Jón Kjartansson: Jeg fyrirgef háttv. frsm. landbúnaðarnefndar (ÁJ) það, þótt hann færi með rangt mál í sinni ræðu, vegna þess að hann var reiður, er hann flutti hana. Hann talaði um, að illa sæti á mjer að veitast gegn þessu frv., þar sem jeg væri þingmaður landbúnaðarhjeraðs. Jeg hefi ekki talað á móti málinu, einungis bent á gallana í frv. og óttast, að frv. mundi ekki koma að gagni, þótt yrði að lögum. Landbúnaðurinn má ekki gjalda þess, að illa sje á málum hans haldið. Jeg hefi óttast, að þetta verði pappírslög. Jeg hefi nú hvorki meira nje minna en stjórn Landsbankans fyrir mjer í því, að þetta sje skrípaleikur. Bankastjórnin hefir sagt, að hv. þm. Str. (TrÞ) hafi látið í ljós, að hann gerði sjer að vísu ekki vonir um, að málið næði fram að ganga, en þó myndi hann beita sjer fyrir því, til að sýna bændum áhuga sinn. (*TrÞ:* Fullkomin ósannindi). Jeg hefi, eins og jeg sagði, bankastjórnina fyrir mjer í þessu og hverf ekki frá því.

Bernharð Stefánsson: Jeg vil aðeins með nokkrum orðum leiðrjetta misskilning hv. 4. þm. Reykv. (MJ) á orðum mínum. Jeg sagði, að á meðan Landsbankinn ætti þetta fje inni í Íslandsbanka, sem hann á, þá væri það bankans að sanna, að hann geti ekki lagt fjeð fram, en ekki vort að sanna, að hann geti það. Því er engin ástæða til að skoða ummæli hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sem neitt goðasvar. Mjer þótti næsta einkennilegur samanburður hv. 4. þm. Reykv. á atvinnuvegunum, og hefði gaman af að

vita, við hvað hann hefði miðað. Ef hann hefir miðað við útflutning, sem jeg get best trúað, hefði hann átt að gæta að því, hve mikið landbúnaðurinn leggur af mörkum til neyslu innanlands.

Tryggvi Þórhallsson: Aðeins nokkur orð út af ummælum hv. þm. V.-Sk. (JK). Jeg lýsi því yfir, að hann fer með fullkomin ósannindi um aðdróttanir til mín í máli þessu. Það er öllum kunnugt, að bankastjórnin er málinu mótfallin. Það má vel vera, að jeg hafi sagt, að jeg byggist eins við, að frv. fjelli í þetta skifti, vegna þeirrar mótspyrnu, en jeg myndi bera það fram alt að einu, og það vil jeg standa við. Ummæli hv. þm. V.-Sk. eru því ekkert annað en tilhæfulausar rangfærslur og ósannindi.

ATKVGR.

Á fundinum kom fram skrifleg brtt. frá atvrh. (MG) (verður þskj. 401) og viðaukatill. við hana frá 1. þm. Árn. (MT) (verður þskj. 402). — Afbrigði um báðar till. leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 396 tekin aftur.

— 402 samþ. með 20:2 atkv.

— 401, svo breytt, samþ. með 23:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, MG, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, HK, IngB, JakM, JBald, JK, JS, BSv.

nei: JÞ, MJ, SigurjJ.

JAJ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 22. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 403).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þetta frv. var í Nd. flutt af háttv. þm. Str. (TrÞ). og gekk þar fram sem næst óbreytt, að öðru leyti en því, að vextir af lánum þeim, sem frv. gerir ráð fyrir, voru hækkaðir úr 4 upp í 6%. Stjórn Landsbankans hefir verið spurð um málið og hún hefir ekki getað fallist á, að frv. yrði gert að lögum. Kvað hún það óviðkunnanlegt, að þingið væri að blanda sjer í, hvernig bankinn skyldi verja sínu fje; hefir enda látið í ljós, að hún efaðist um, að bankinn gæti veitt þau lán, sem frv. ræðir um. Jeg verð að segja, að mjer þykir bankastjórnin í þessu efni óþarflega hörundsár, að telja að þingið gangi inn á sitt verksvið, þótt það setji lög um að veita ákveðin lán í ákveðnum tilgangi. Jeg sje ekki betur en að löggjafarvaldið megi ákvarða hina stóru drætti í stjórn bankans, en bankastjórnin hafi með höndum alt, sem snertir hina daglegu stjórn og afgreiðslu.

Frv. gengur ekki út á annað en að heimila að lána í ákveðnum tilgangi alt að 500 þús. kr. á ári í fáein ár. Vitaskuld er ekki þar með sagt, að bankinn sje skyldugur til að lána svo mikið. Verður það að fara eftir því, hvernig hagur bankans stendur. Geti hann fært sönnur á, að honum sje það ekki unt, er hann enganveginn skyldugur.

Verð jeg að leggja til, að frv. sje samþykt, jafnvel þó bankastjórnin hafi ekki sjeð sjer fært að mæla með því. Jeg

skoða undirtektir hennar frekar sem varkárni heldur en viljaleysi til að veita lán í þessum tilgangi. Hinsvegar þykir mjer viðurhlutamikið að leggja til, að frv. gangi nefndarlaust gegnum hv. deild, þó áliðið sje þings. En jeg vil þá skjóta því til nefndar þeirrar, sem á að afgreiða málið, að flýta afgreiðslu svo sem unt er, og helst ekki breyta neinu nema hún þykist sjá þess brýna nauðsyn, sem jeg vona, að vart muni verða.

Jeg leyfi mjer að leggja til, að málinu verði vísað til landbn.

Jónas Jónsson: Jeg vildi aðeins fyrir mitt leyti beina þeirri ósk til hv. landbn., sem væntanlega tekur þetta mál til meðferðar, að hún reyni að flýta fyrir afgreiðslu þess. Málið er eitt hið þýðingarmesta, sem fyrir þinginu liggur.

Eggert Pálsson: Jeg vil aðeins geta þess sem formaður landbn., að einn hinna þriggja nefndarmanna er veikur og óvíst, hvenær hann getur tekið þátt í nefndarstörfum. Vil jeg því gera fyrirspurn um, hvort það sje viðeigandi, að aðeins tveir nefndarmenn afgreiði málið. Jeg er ekki svo kunnugur þingsköpunum, að jeg geti sagt um, hvort það getur komið til mála.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það hefir oft komið fyrir, að menn hafa fatlast úr nefnd, en hún haldið áfram störfum. Afleiðingin er ekki önnur en sú, að þeir menn hafa óbundin atkvæði um málin síðar. Jeg vil því beiðast þess, að nefndin afgreiði málið, þótt svona standi á.

Sigurður Jónsson: Jeg legg til, að maður verði kvaddur í nefndina í skarðið. Af því hjer er að ræða um þriggja manna nefnd, álít jeg, að hún þurfi að vera fullskipuð.

Forseti (HSteins): Jeg sje enga ástæðu til að bæta manni við í nefndina nú í þinglok aðeins fyrir þetta eina mál. Enda er það ekki venja, þótt nefndarmaður verði veikur um tíma, að setja annan í hans stað.

Eggert Pálsson: Mjer finst eina úrlausnin vera að vísa málinu til 2. umr. nú þegar og setja það þá í nefnd. Vona jeg, að nefndarmaður verði þá orðinn svo friskur, að hann geti starfað með okkur.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer finst málinu vera teflt í tvísýnu með þessu. Vildi jeg heldur, að það væri látið ganga sinn gang, þótt einn nefndarmanna vanti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 403, 462, n. 470).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Eggert Pálsson): Það hefir oftast verið litið svo á, að hjer á landi væri aðeins um tvo atvinnuvegi að ræða, sjávarútveg og landbúnað. Hinsvegar mætti segja, að þriðji atvinnuvegurinn, verslunin, stæði eins og milliliður. En það liggur í hlutarins eðli, að til þess að atvinnuvegirnir geti notið sín hjer á landi, þarf það

fjármagn, sem um er að ræða, að geta runnið nokkurnveginn jafnt út til þeirra allra. Það má segja, að fjármagn þjóðfjelagsins sje eins og blóðið fyrir líkamann. Fái það ekki að ganga hindrunarlaust til allra hluta líkamans, segir það sig sjálft, að þeir hlutar hljóta að visna upp og deyja. Sama er að segja um atvinnuvegi þá, sem ekki fá að njóta eða geta ekki notið neinnar hlutdeildar í fjármagni þjóðfjelagsins.

Árið 1886 var stofnaður landsbanki hjer á landi, sökum þess að mönnum var það ljóst, að þörf væri á stofnun til þess að lyfta undir atvinnuvegi þessa lands. Í sama tilgangi var einnig Íslandsbanki stofnaður.

Því verður alls ekki neitað, að þessar tvær stofnanir hafa lyft mjög undir hvorttveggja sjávarútveginn og verslunina. Hinsvegar er ekki hægt að segja það, að þær hafi komið landbúnaðinum verulega til góða. Ekki samt svo að skilja, að þessar stofnanir hafi haft á móti því að lána til landbúnaðar sem til hvers annars með sömu kjörum. En þar sem verslunin og útvegurinn þola, að lánin sjeu stutt og vextir háir, þá þolir landbúnaðurinn aftur á móti það ekki. Hefir hann því af eðlilegum ástæðum orðið að fara varhluta af þessum hlunnindum.

Högum er svo háttað um landbúnaðinn, að framkvæmdir þar þurfa langan tíma til að bera árangur og uppgrip eru og verða þar jafnan lítil. Þess vegna þurfa lán til hans að vera hvorttveggja í senn, bæði löng og með lágum vöxtum. Aftur á móti er hagnaðurinn af landbúnaði tryggari en af bæði sjávarútvegi og verslun. Þetta nægir þó ekki, því að flestir, bæði bankar og einstaklingar, eru með því marki brendir, að þeir vilja fá sem hæsta vexti af fje sínu. Á þessum annmörkum, sem jeg hefi nefnt, hafa því lánveitingar til þessa atvinnuvegar að mestu strandað.

Þess vegna var það fyrir ekki alllöngu, að tekið var til þeirra ráða að stofna ríkisveðbanka, með það fyrir augum, að landbúnaðurinn gæti fengið þar lán til lengri tíma og með vægari vöxtum en annarsstaðar. Ekkert hefir þó enn orðið úr framkvæmdum að því er þennan banka snertir. Það hefir borið þar að sama brunni, að engir hafa viljað leggja fram peninga upp á þá vexti, sem þar er um að ræða.

Allir sjá þó, að við þetta má ekki una. Geti landbúnaðurinn ekki fengið lán við sitt hæfi, liggur það í hlutarins eðli, að hann hlýtur fyr eða síðar að veslast upp. Hann getur heldur ekki staðið algerlega í stað, því það að standa í stað er sama sem að fara aftur á bak. Alger kyrstaða þar, sem alt annað er á hreyfingu áfram, er sama og afturför. En verði landbúnaðurinn algerlega aftur úr að því er framþróun snertir, þá snertir tjónið ekki aðeins atvinnuveginn sjálfan, heldur snertir það líka tilfinnanlega þjóðina í heild sinni. Það er öllum ljóst, að það, sem er viðhaldsafl þjóðarinnar, er landbúnaðurinn. Hyrfi hann úr sögunni, getur þessi þjóð ekki haldið áfram að vera sjerstök þjóð. Allar aðstæður benda til þess, að þá myndi hjer ekki um aðra bygð að ræða en lítilfjörlegt fiskiver, sem getur ekki haft kraft í sjálfu sjer til þess að þróast. Þó að sjávarútvegurinn sje það berandi afl í þjóðfjelaginu, þá verður honum að koma nýtt blóð til þess að hann megi halda þrótti sínum, en það nýja blóð kemur vitanlega frá sveitabúskapnum. Þess vegna er bráðnauðsynlegt, að eitthvað verði gert fyrir þann atvinnuveg, svo hann fái blómgast

í framtíðinni. En til þess heyrir fyrst og fremst, að hann eigi kost á sem hagkvæmustum lánum.

Hjer eru nú að vísu talsverðir erfiðleikar á, og þeir verða ekki brotnir á bak aftur með öðru móti en að einhverjir vilji leggja fram fje, þótt með lægri vöxtum sje en hægt er að fá annarsstaðar.

Ástandið í þessu efni er orðið mikið verra nú en fyrir fáum árum. Þá áttum við þó altjend til jarðræktarsjóðinn. Og vitanlega var það landbúnaðurinn, sem gekk fyrir að fá fje úr þeim sjóði. En nú er hann uppetinn að mestu. Hann hefir sem sje gengið til þess, sem ekki er hægt að segja, að hafi orðið landbúnaðinum að nokkru gagni enn sem komið er, kaups og notkunar á hinum svo nefndu þúfnabönum. Eigi eitthvað að gera í þessu efni, verður þess vegna einhver að taka á sig það vaxtatap, sem óhjákvæmilegt er, ef landbúnaðurinn á að geta fengið þau lán, sem hann þolir og þarfnast.

Í frv. því, er hjer liggur fyrir, er lagt inn á þá leið, að snúa sjer til Landsbankans í þessu efni og láta hann taka á sig þetta tap. Er það að mörgu leyti eðlilegt, þar sem hann er nokkurskonar grein af ríkissjóði. Og ef það er ekki hann, sem leggja má þetta óhagræði á, þá veit jeg ekki, hvar það skal niður koma.

Því ber ekki að neita, að stjórn Landsbankans er á móti þessu, og er það ofureðlilegt, því að hún telur sjer skylt að hugsa frekar um hag bankans en hag lántakendanna. En jeg finn ekki ástæðu til að fara eftir þeim mótmælum, eða láta þau á nokkurn hátt hamla okkur frá að gera það, sem í okkar valdi stendur til þess að mál þetta nái fram að ganga. Það má nú að vísu, eftir öllum sólarmerkjum að dæma, gera ráð fyrir því, að ekki yrði strax farið að framkvæma þessi lög, þótt þau verði samþykt. En eigi að síður er sjálfsagt að gera skyldu sína, með því að samþykkja frv. þetta.

Þá hafa komið fram brtt., sem sýnilega eru í samræmi við skoðun bankastjórnarinnar.

Hin fyrsta er um, að þetta verði aðeins heimild fyrir bankastjórnina, og yfirleitt eru allar tillögurnar sniðnar eftir reglugerð bankans, sem ekki er nema eðlilegt frá sjónarmiði hans. En þar sem nú svo mjög er orðið áliðið tíma þingsins, og hinsvegar víst, að svona stórar breytingar, ef þær komast að, eru sama sem að fella frv., þá vildi jeg mælast til, að hv. flm. vildi taka þær aftur. Jeg skil ofurvel, hvað hv. þm. hefir gengið til með því að koma fram með tillögur þessar. Hann hefir viljað, að það sýndi sig á prenti, hvernig frv. tæki sig út í samræmi við reglugerð bankans og hvernig hann hefði hugsað sjer slíka deild.

Jeg vænti nú, að hv. þm. geri tillögur þessar ekki að kappsmáli og verði við þeim tilmælum mínum að taka þær aftur.

Björn Kristjánsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. á þskj. 462, af því að mjer líkaði ekki frumvarpið, og jafnframt af því, að jeg vildi láta það sjást, hvernig jeg teldi heppilegast, að það væri. Annars er jeg fús að verða við þeim tilmælum hv. frsm. (EP) að taka þær aftur, en vildi samt áður með nokkrum orðum skýra, hvað fyrir mjer vakti með þeim.

Jeg skal fyrst taka það fram, að jeg hefi ekki komið fram með brtt. mínar í samráði við bankastjórnina. En jeg álít, að ómögulegt sje að skipa bankastjórninni að lána svona mikið fje með ekki hærri vöxtum en gert er ráð fyrir í frv. þessu, þar sem veltufje bankans er að

mestu leyti *lánsfje*. Annars er mjer alókunnugt um hag bankans, og jeg veit ekki, hvort hann getur lánað svo mikið fje, sem hjer er gert ráð fyrir, því jeg veit, að hann hefir orðið fyrir allmiklum reikningshalla síðastliðið ár af verslunarviðskiftum við útlönd. Gæti því verið varhugavert að skylda hann til að lána slík lán.

Orsökin til 3. brtt. minnar er sú, að jeg vildi reyna að setja 4. gr. frv. í sem mest samræmi við reglugerð Landsbankans sjálfs. Því að jeg kann illa við, að þessi lög sjeu sett þvert ofan í hina vandlega hugsuðu reglugerð frá 1911. Það er og augljóst, að 1% getur ekki einu sinni nægt fyrir rekstrarkostnaði. Liggur því í hlutarins eðli, að bankinn má ekki lána lán þessi nema gegn mjög góðum tryggingum, svo ekki þurfi að gera ráð fyrir tapi á þeim. Og í sambandi við það hefi jeg komið með 4. brtt. mína, þar sem jeg meðal annars ætlast til, að hreppsfjelög sem slík, er gengið hafa í stórar sjálfskuldarábyrgðir fyrir kaupfjelagsskuldum, eins og t. d. hreppar í Dalasýslu hafa gert, skuli ekki sem slík geta talist nægileg trygging fyrir lánum þessum. Geta því menn úr slíkum hreppum ekki átt kröfu á lánum, nema gegn jarðarveði eða öðru veði jafntryggu.

Jeg er á sömu skoðun og hv. frsm., að nauðsyn beri til að koma á lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, og sakna jeg í því efni frv. um útgáfu 5. flokks bankavaxtabrjefa veðdeildar Landsbankans, því að jeg taldi það miklu heppilegra en slíka lánadeild, sem hjer er um að ræða, því að bankinn getur átt fulla von um að fá þau inn aftur miklu fljótar, eða jafnótt og brjefin dragast inn. Og svo getur hann sett þau að veði erlendis, sem ekki er hægt að nota hinar tryggingarnar til, og lánskjörin gætu orðið alteins góð, þó þessi leið væri valin. Það væri því sá heljarmunur fyrir bankann að veita slík lán, samanborið við þau, sem ætlast er til, að veitt verði samkv. frv. því, sem hjer er til umræðu. Jeg hefði því óskað, að veðdeildarfrv. hefði gengið á undan.

Sem að líkindum ræður, get jeg ekki greitt atkvæði með frv. þessu, þar sem skoðun mín, reynsla og þekking bannar mjer það, enda hygg jeg, að nógir verði til að greiða því atkvæði samt. Annars er jeg efinn í því, að slík lánadeild sem þessi geti komið að gagni, og jeg býst við, að þannig sje ástatt fyrir bankanum, að varhugavert geti verið að íþyngja honum með þessu fyrirkomulagi.

Tek jeg svo till. mínar á þskj. 462 aftur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:2 atkv.

2.—10. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., föstudaginn 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 403).

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg átti tal við stjórn Landsbankans um þetta frv., og jeg skýrði frá því við meðferð málsins í hv. Nd. og tel mjer rjett og skylt að skýra frá áliti bankastjórnarinnar hjer í þessari hv. deild, og það er á þá leið, að bankinn telur sjer ekki fært nú sem stendur að gera það, sem honum er ætlað með þessu frv. Jeg hefi að vísu ekki haft mikið tækifæri til að kynna mjer þau atriði, sem þetta álit bankastjórnarinnar er bygt á, en jeg hefi þó fulla ástæðu til

að ætla, að þetta álit bankastjórnarinnar sje rjett.

Það er til þess ætlast, að þessi lán sjeu veitt af venjulegu sparisjóðsfje bankans, og lánin eiga að vera til óvenjulega langs tíma, svo að jeg hygg, að þótt nóg fje væri til í bankanum, þá væri önnur leið heppilegri, sem sje sú leið, að fje til slíkra lána væri fengið með sölu skuldabrjefa, sem væri ætlaður jafnlangur umferðartími og lánin eiga að vera veitt til. Jeg vil geta um þetta nú, svo það komi engum á óvart, þótt þessi lög kæmu ekki til framkvæmda þegar í stað, þó þau væru samþykt nú. Svo getur vel farið, að þau komi ekki til framkvæmda fyrst um sinn. En það má þó vel vera, að ástæður geti breyst svo vegna góðs árferðis, að bankanum verði þetta fært. En mjer finst stjórn bankans verða að hafa úrslitavald um, hvort bankinn sje þess megnugur að takast þetta á hendur eða ekki, og jeg hygg, að hvaða stjórn, sem væri, teldi varhugavert að skipa bankanum að taka upp slíka starfsemi sem þessa, nema því aðeins, að hann teldi sjer það fært.

Frsm. (Eggert Pálsson): Skýrsla hæstv. fjrh. um, hvernig stjórn Landsbankans lítur á þetta mál, kemur mjer alls ekki neitt á óvart, því mjer er kunnugt um það af viðtali við bankastjórnina og brjefum hennar til landbn. hv. Nd., að hún er frv. þessu algerlega mótfallin, og hv. deild kemur þetta heldur ekki á óvart, því það er skýrt frá þessum mótmælum hennar í nefndaráliti landbn. En þó bankastjórnin sje á móti þessu, þá get jeg ekki annað en efast um, hvort þessi mótmæli bankastjórnarinnar sjeu eftir atvikum takandi til greina. Mjer finst það vera skylda okkar, sem erum kunnugir landbúnaðinum og vitum, hversu erfitt er að fá lán handa honum, að reyna að gera eitthvað honum til hjálpar. Og mjer finst, að það væri jafnvel til bóta að samþykkja þetta frv., þótt lögin kæmust ekki í framkvæmd, því jeg hygg, að samþykt slíkra laga kynni þó að verða til þess, að stjórn Landsbankans færi að reyna að finna einhverja aðra leið til bjargar landbúnaðinum. En ef frv. þetta væri felt að þessu sinni eða vísað frá, þá hygg jeg, að það yrði til þess, að ekkert yrði hugsað um þetta mál frekar og það látið eiga sig, eins og átt hefir sjer stað hingað til. Jeg vil því mælast til þess við hv. deild, að hún samþykki þetta frv., þrátt fyrir það, þótt engin fyrirheit liggi fyrir um það, að lögin komist í framkvæmd bráðlega.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hver sem verða úrslit þessa frv. hjer í hv. deild, tel jeg bera nauðsyn til þess, að málinu verði komið í viðunandi horf til framkvæmda. Og teldi jeg mjer jafnskylt, þótt frv. yrði felt, að undirbúa framkvæmd þessa máls til næsta þings.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 518).

42. Sala á Leyningi.

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 10. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Leyningi í Siglufirði (þmfrv., A. 343).

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin

leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Flm. (Einar Árnason): Frv. þetta er flutt eftir tilmælum bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar. Ástæðan til þess, að frv. kemur svo seint fram, er sú, að mjer bárust ekki tilmælin fyr en nú fyrir 3 dögum. Um frv. er það að segja, að það er partur úr frv., sem flutt var í hv. Nd. 1921. Fór Siglufjörður þess á leit þá að fá keypt Hvanneyri og Leyning. Eins og kunnugt er, þá er Siglufjörður mestmegnis bygður í landi Hvanneyrar. Var nefndin í Nd. sammála um að selja Siglufirði jarðirnar Hvanneyri og Leyning, að undantekinni eyrinni, sem bærinn stendur á. Siglufjörður vildi ekki ganga að kaupunum, þar eð hann fjekk ekki keypt eyrina líka. Bæjarstjórnin ljet því óútrætt um málið. Nú fer hún aðeins fram á það að fá keyptan Leyning, sem er sjerstök jörð skamt frá bænum. Ástæðan til þess, að bæjarbúar óska eftir að fá jörðina keypta, er sú, að það er mjög erfitt um hagagöngu í nánd við bæinn, því að jarðir þær, sem að honum liggja, eru allar í einstakra manna ábúð. Hinsvegar er jörð þessi mjög hentug, því að hagar eru þar góðir. Annars er jörðin ekki mikils virði, því að tún og engi eru þar lítil. Má vænta þess, ef Siglufjörður eignast jörðina, að hann leggi við hana góða rækt. Í landi jarðarinnar er gott mótak, og er bænum meðal annars af þeim ástæðum nauðsynlegt að eignast jörðina. Jeg skal geta þess, að öll þau stjórnarvöld, sem hlut eiga að máli, hafa samþykt söluna, og auk þess liggur fyrir umsögn hjeraðsfundarins í Eyjafjarðarprófastsdæmi, þar sem hann mælir með sölunni. Jeg hefi einnig átt tal við biskupinn um þetta, og er hann sölunni fylgjandi. Jeg tel þessa leið, sem nú er farin, aðeins formsatriði, því jeg lít svo á, að hæstv. stjórn hafi heimild frá 1921 til þess að selja jörðina. Jeg kysi, að frv. yrði hraðað sem mest og jeg vænti þess, að það sæti ekki neinum mótmælum. Því legg jeg ekki til, að það fari til nefndar, en mun þó sætta mig við það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 7 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., föstudaginn 25. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 343, n. 407).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg býst ekki við, að það þurfi langa framsögu um þetta mál, þar eð hv. flm. (EÁ) hefir skýrt tekið fram ástæðurnar til þess, að það er fram komið. Því er svo varið, að Siglufjarðarkaupstað vantar mjög land til afnota fyrir fje — beitiland — og hefir bærinn augastað á jörðinni Leyningi í því skyni. Siglufjörður hefir áður farið fram á það við þingið að fá líka keypta kirkjujörðina Hvanneyri, að undantekinni eyrinni, sem bærinn stendur á, en þar sem það fjekst ekki, þá kemur bærinn nú fram með þessa málaleitun.

Jeg skal geta þess, að þau stjórnarvöld, sem hjer eiga hlut að máli, eru þessu ekki andstæð, hvorki hlutaðeigandi prestur

nje biskupinn. Og nú hefir þinginu borist skeyti frá bæjarfógeta Siglufjarðarkaupstaðar, sem sýnir ekki aðeins, að bæjarstjórnin öll æskir eftir þessum kaupum, heldur einnig, að hlutaðeigandi prestur er sölunni meðmæltur.

Að bæjarfjelagið hefir snúið sjer til þingsins í þessu efni, kemur af því, að þar sem það sjálft er kaupandi, þá getur það ekki metið jörðina. Og hinsvegar er heldur ekki hægt að leita umsagnar sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu um söluna, þar eð jörðin er nú ekki lengur í því lögsagnarumdæmi. Þess vegna hefir orðið að fara beint til þingsins með þetta litla og einfalda mál, sem jeg vona, að fái framgang. Jeg vona, þar sem enginn hlutaðeigenda er sölunni mótfallinn, eins og þegar hefir verið sýnt fram á, að enginn hv. deildarmanna mæli í gegn þessu frv. og að því verði hraðað eftir föngum í gegnum hv. deild, svo að það komi sem fyrst til hv. Nd. og verði að lögum.

Einar Árnason: Jeg stend aðeins upp til þess að þakka hv. landbn. fljóta afgreiðslu málsins og vænti, að hv. deild greiði sem best fyrir frv.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 343).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 343).

Á 57. fundi í Nd., mánudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Pjetur Ottesen: Á þinginu 1919 fluttu þm. Eyf. hjer í hv. Nd. frv., þar sem landsstjórninni var heimilað að selja bæjarstjórn Siglufjarðar prestssetrið Hvanneyri og kirkjujörðina Leyning. En undanskilið sölunni átti íbúðarhúsið og önnur jarðarhús prestssetursins að vera og heimatúnið og haglendi fyrir skepnur prestsins.

Allsherjarnefnd, sem um málið fjallaði, lagði til að vísa málinu til stjórnarinnar, sökum ónógs undirbúnings og svo þess, að nefndin var mótfallin sölu á Siglufjarðareyri.

Till. nefndarinnar var samþykt.

Á þinginu 1921 flutti þáv. 1. þm. Eyf. (Stefán Stefánsson) frv. þetta óbreytt, og klofnaði allshn. í málinu. Meiri hl., þrír nefndarmenn, vildi samþykkja frv., en minni hl. vildi samþykkja það með þeirri breytingu, að undanskilja kaupstaðarlóðina. Flutti hann brtt. um það og var hún samþykt, og fór frv. svo breytt til hv. Ed. En hv. Ed. færði það aftur í sitt upprunalega horf, en þannig breytt var það aldrei tekið á dagskrá í Nd. og dagaði þannig uppi.

Nú hefir hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) flutt þetta mál í hv. Ed., þannig, að stjórninni sje heimilað að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Leyning. Eins og

menn munu sjá, er þetta ekki nema partur af því frv., sem áður hefir legið fyrir þinginu um þetta efni. Frv. þetta styðst við þá sameiginlegu nauðsyn kauptúna og kaupstaða að hafa grasnytjar til mjólkurframleiðslu og land til beitar, og mun engum dyljast, að heppilegra er, að kaupstaðirnir og kauptúnin eigi slík lönd sjálfir en að þeir taki þau á leigu. Með því er miklu meiri trygging fyrir því, að þessum jörðum sje sómi sýndur, og er það afarmikilsvert atriði. Þingið hefir áður gengið inn á þá braut, sem hjer er farið fram á, t. d. 1919, er heimilað var að selja Stykkishólmi kirkjujarðirnar Sellón og Ögur. Þar var hin sama þörf fyrir hendi og hjer er um að ræða fyrir Siglufjarðarkaupstað. Jörðin Leyningur hefir mikið beitiland og allgóð ræktunarskilyrði, og þótt jörðin liggi nokkuð langt frá kaupstaðnum, mun ekki vera völ á annari betri jörð. Bæði sóknarprestur, biskup og hjeraðsfundur eru samþykkir sölu jarðarinnar, og sje jeg því ekki ástæðu fyrir þingið að taka í annan streng.

Það má nú raunar segja, að það sje formsatriði eitt að bera þetta mál undir þingið, þar sem það mundi geta fallið undir gildandi lög um sölu þjóðjarða; en bæði er það, að hjer á kaupstaður í hlut, og auk þess hefir þetta mál komið fyrir þingið áður, þótt í annari mynd hafi verið, þá hefir nú þessi leið verið farin.

Í efri deild var mál þetta í landbn., og lagði hún eindregið með málinu. Jeg hefi rakið sögu þessa máls til að sýna, að það hefir verið gaumgæfilega athugað og ekki að því hrapað. Jeg vona því, að deildin láti það ganga fram nefndarlaust, því hæpið er, að það nái fram að ganga, fari það í nefnd, svo mjög sem nú er liðið á þingtímann.

Jón Baldvinsson: Jeg geri að tillögu minni, að málinu sje vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.
Till. um að vísa málinu til landbn. feld með 11:5 atkv.

Á 59. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv.

Á 61. fundi í Nd., föstudaginn 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi leyft þessu frv. að ganga hjer í gegnum tvær umr. óáreittu, án þess að gera neinar aths. við það. Stafar þetta af því, að á þessum síðustu tímum þingsins er svo mikið flaustur á öllu, að menn fá ekki tíma til þess að athuga öll málin nógu gaumgæfilega. Það eru oft milli 10—20 mál á dagskrá í senn, og öll þurfa þau fram að ganga. Þar af kemur flaustrið, sem nú er á öllu. Jeg hefi ávalt verið mótfallinn þjóðjarðasölu, hvort heldur um kirkju- eða ríkissjóðsjarðir hefir verið að ræða. Í

þessu máli horfir þetta þó að vísu dálítið öðruvísi við en venja er um slíkar sölur. Hjer er það bæjarfjelag, sem vill kaupa. Er því nokkuð öðru máli að gegna um þetta eða sölu í hendur einstakra manna. En mjer finst þó, að ríkið gæti eins vel selt Siglufjarðarbæ þessa jörð á leigu með eins góðum kjörum fyrir bæinn, að á sama mætti standa, þótt hann ætti ekki jörðina. Hinsvegar er eignin lausari fyrir, ef bærinn á hana, heldur en að hún sje áfram í eign ríkisins. Það er hættara að bæjarfjelagið geti aftur selt þessa jörð til einstakra manna, og þá liggur opin leið fyrir til þess, að braskað verði með hana. Þetta mál hefir áður verið hjer á ferðinni og var þá miklu viðtækara; átti þá að selja bænum alla Siglufjarðareyri. En það mun nú vera svo komið, að Siglufjarðareyri er nú leigð einstökum mönnum með þeim kjörum, að nærri stappar, að þessi eign sje gengin úr eigu ríkisins. Jeg skýt því nú til hæstv. stjórnar, að hún rannsaki þá leigumála, sem um þetta gilda, og hvernig þeim er varið, og gefi um það skýrslu til Alþingis, enda þótt jeg geti ekki gert ráð fyrir, að það verði fyr en á næsta þingi, sem sú skýrsla yrði lögð fram.

Hjer hefir nú legið frammi skýrsla um þjóðjarðasölu á árinu 1923, og hefi jeg yfirfarið hana lauslega. Hefi jeg komist að þeirri niðurstöðu, að ríkið hafi á því ári selt 5 eða 6 jarðir fyrir talsvert minna verð en vera ætti, auk ýmsra hlunninda og ítaka, sem seld hafa verið. Vænti jeg, að hæstv. forseti (BSv) leyfi mjer að fara þetta út fyrir efni dagskrárinnar aðeins nokkur orð ennþá. Í Skaftafellssýslu hafa verið seldar rekafjörur fyrir lítið verð, og eftir öðrum upplýsingum skýrslunnar er það hinsvegar sjeð, að margar jarðir hafa verið seldar allmikið fyrir neðan fasteignamatsverð, og ætla jeg því, að ríkissjóður hafi beðið nokkurn halla af þessum sölum.

Það er mjög leitt, að ríkissjóður skuli þannig vera látinn losa sig við eignir sínar, því það hlýtur að rýra lánstraust ríkisins bæði inn á við og út á við, en hinsvegar eru hin góðu leigukjör, sem leiguliðar landssjóðsjarða njóta, jafngóð fyrir þá og ættu þeir jarðirnar sjálfir. Þeir njóta sama arðs og hlunninda af öllum jarðabótum og öðrum umbótum á jörðunum eins og á eignarjörð þeirra væri. Það liggur við, að ætla megi, að verið sje að reyna að koma verði þessara jarðeigna ríkisins niður fyrir allar hellur, svo lágt eru þær metnar til söluverðs, jafnvel þó um allgóðar jarðeignir sje að ræða. Þannig var t. d. ein af jörðum ríkissjóðs, Arnarnes, nýlega seld fyrir 6 þús. kr. Þessi jörð liggur þó mitt á milli tveggja stærstu kaupstaða landsins, Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og er enginn efi á því, að þessi jörð verður síðar miklu meira virði, ef kaupstaðir þessir eiga fyrir sjer að vaxa hjer eftir eins og hingað til. Sama er að segja um jörð í Suður-Múlasýslu, sem var seld fyrir neðan fasteignamatsverð, og liggur þó þessi jörð nærri stóru kauptúni í þeirri sýslu. Þetta er algerlega röng stefna, og því segi jeg hið sama um þessa jörð í Siglufirði. Jeg álít, að ríkissjóður ætti fremur að eiga þessa jörð, en gæti vel leigt hana Siglufjarðarkaupstað með svo aðgengilegum kjörum, að Siglfirðingar þyrftu ekki að óska eftir eignarrjettinum á jörðinni frá ríkinu. Þeim mætti á sama standa, þó þeir ættu hana ekki, ef þeir hefðu hennar sömu not og hún væri þeirra eign. Jeg mundi hafa komið fram með frv. um að banna alla þjóð-

jarðasölu, ef jeg hefði ekki talið næsta ólíklegt, að það fengi góðar undirtektir á þessu þingi, enda hefi jeg haft margt annað fram að bera og eigi getað sint þessu. En sem sagt, jeg vil láta rannsaka leigumálann um Siglufjarðareyri ásamt ýmsum fleirum leigumálum. Jeg hefi heyrt sagt, að lóðir á Siglufjarðareyri sjeu leigðar fyrir mjög lágt afgjald til einstakra manna, svo nærri megi heita, að þeir eigi lóðirnar. Jeg álít sanngjarnara, að ríkissjóður fái hærri leigu af þessum lóðum norður þar, sem hafa hækkað gífurlega í verði á síðari árum, fremur en að sá ágóði lendi í vasa einstakra útgerðarmanna þar. Það er og augsýnilegt, að það er ekki eftir miklu að slægjast fyrir þá sjóði, sem eiga að fá andvirði þessara seldu eigna ríkisins. Það er venjulegast svo ákveðið, að $^1/_{10}$ hluti söluverðs sje greiddur um leið og salan fer fram, en jarðirnar eru oft seldar þegar í stað aftur og lenda þá oft í braskarahöndum, og getur þá vel farið svo, að ríkið tapaði öllum eftirstöðvum söluverðsins, þrátt fyrir það, þó jarðirnar sjeu margsinnis seldar aftur við miklu hærra verði. Jeg vildi því ekki láta þetta frv. ganga fram mótmælalaust, þó jeg sjái því miður ekki fram á annað en að það verði samþykt viðstöðulaust, og vegurinn þannig ruddur til þess, að þessi jörð verði síðar einstakra manna eign.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) mintist á framkvæmd þjóðjarðasölulaganna á árinu 1923, og stend jeg þar illa að vígi til svars, þar sem jeg var ekki við það mál riðinn á því ári, eins og kunnugt er, en jeg þykist þess fullviss, að á því ári hafi verið framhaldið þeirri venju um framkvæmd þjóðjarðasölulaganna, sem fyrir löngu hefir verið upp tekin. Háttv. 2. þm. Rang. (KlJ), sem stóð fyrir þessari sölu, er nú ekki viðstaddur hjer í svipinn, og því get jeg ekki upplýst þetta nánar, en jeg efast alls ekki um, að hann hefir í þessu farið nákvæmlega eftir lögunum um sölu þjóðjarða. Það getur vel verið, að háttv. 2. þm. Reykv. þyki jarðeignir og ítök ódýr víða úti um land, t. d. rekafjörur, en hann má vita, að slíkir hlutir eru miklu ódýrari úti um land en hjer í nágrenni Reykjavíkur. Jeg þekki til um þetta víðar en hjer í nágrenninu. Hv. þm. vill afnema þjóðjarðasöluna, og skal jeg ekki um það deila við hann, en hann hlýtur að vita, að það er skilyrði fyrir sölunni gegn þeim kjörum, sem hann nefndi, að ábúandi jarðarinnar kaupi jörðina sjálfur, ella fellur alt andvirðið þegar til útborgunar, ef út af því er brugðið. Það er og gömul reynsla, að bóndi, sem er orðinn eigandi að jörð sinni, gerir meira að jarðabótum en hann mundi gera, ef hann væri áfram leiguliði. Jeg viðurkenni það gjarnan, að söluskilyrðin eru kaupandanum mjög hagstæð, en frá sjónarmiði landbúnaðarins held jeg þó, að þetta hafi borgað sig vel. En þó nú háttv. þm. vilji annaðhvort breyta eða afnema þessi lög um þjóðjarðasölu, er það orðið fullseint, þar sem það er þegar búið að selja mestan hluta af þessum eignum ríkisins.

Þá drap hv. þm. eitthvað á þessar leigulóðir á Siglufirði. Hvernig sem því er varið, verður það að vera svo meðan leigusamningarnir eru ekki útrunnir; mig minnir, að þeir væru til eitthvað 40—50 ára. *(JBald:* 99 ára). Nei, það er ekki svo langur tími, en vitaskuld verður leigan að vera óbreytt meðan samningstíminn er ekki á enda.

Það er satt, að það er venja, að kaupandi greiði $^1/_{10}$ hluta andvirðis við kaupin, en það stendur ekkert í þessu frv um það, hversu mikið Siglufjörður skuli greiða, ef kaupin takast, en jeg hygg, þó að þetta atriði sje að vísu á valdi stjórnarinnar, að það verði fylgt reglum þjóðjarðasölulaganna um þetta. Annars heyrir þessi sala ekki undir atvinnumálaráðuneytið; það er kirkju- og kenslumálaráðherrann, sem þessu ræður. Jeg get yfir höfuð ekki sagt fleira um þjóðjarðasöluna á undanförnum árum en jeg hefi þegar tekið fram, en jeg leyfi mjer að ganga út frá því, að fylgt hafi verið fyrirmælum laganna í þessu efni. *(JBald:* Stjórnin getur neitað að selja). Já, það er að vísu heimild til þess, en það hefir víst sjaldnast verið gert. Stjórnin hefir einnig vald til þess að hækka verðið frá matsverði, ef hún álítur þess þörf, og þessar jarðir hafa aldrei verið seldar við lægra verði en þær hafa rentað sig fyrir.

Bernharð Stefánsson: Það er ekki sjerlega margt, sem jeg þarf að taka fram. Ræða hv. 2. þm. Reykv. var aðallega um þjóðjarðasöluna í heild, en snerti minna það frv., sem hjer liggur fyrir til umr., enda játaði þessi hv. þm., að þetta frv. væri dálítið sjerstaks eðlis, er það væri heilt bæjarfjelag, sem væri kaupandinn, en ekki einstakir menn. Þá sagði hann og, að það væri ekki svo mjög nauðsynlegt fyrir bæinn að kaupa þessa jörð; ríkið gæti leigt bænum með svo góðum kjörum, að það væri nærri sama og bærinn ætti hana. En jeg efast mjög um, að þetta væri hægt á næstunni. Jeg hygg, að stjórnin hafi ennþá ekki það vald yfir þessari eign, að hún geti leigt hana. Þetta er ekki þjóðjörð, heldur er jörðin kirkjueign, og presturinn þarna er enn á gömlu launalögunum og hefir því öll umráð yfir jörðinni. Hann hefir mælt með því, að ríkið seldi jörðina, en við getum alls ekki sagt, hvort hann vildi leigja hana, nje heldur með hvaða kjörum, ef hann ljeti hana fala til leigu.

Hv. 2. þm. Reykv. heldur því fram, að best sje, að jarðirnar sjeu áfram í eign ríkisins, en telur þó skárra, að bæjarfjelögin eignist þær en einstakir menn. En hann taldi eignina lausari fyrir, ef bærinn ætti hana fremur en kirkjan. Bæjarfjelagið mundi reynast fúsara til þess að selja jörðina, ef svo bæri undir. Þetta má að vísu segja; en þegar um er að ræða jarðeign, sem bænum er næstum lífsnauðsyn að eiga, vegna þess, að ekki er annað land handa skepnum bæjarmanna að ganga í, held jeg næstum, að það sje útilokað, að til þess geti komið, að bærinn selji aftur þessa eign. Jeg held það komi ekki til mála, vegna þess, að bærinn hefir ekki um annað beitiland að velja. Aftur ætla jeg ekki að fara neitt út í það, sem þessi hv. þm. sagði um þjóðjarðasöluna alment. Bæði hefir hæstv. atvrh. (MG) svarað því að mestu, og svo liggur það mál hjer ekki fyrir til umræðu. Hv. þm. taldi það leiðinlegt, að ríkið væri að losa sig við allar jarðeignir sínar, og get jeg vel tekið undir þetta með honum. En jeg teldi það mikið misrjetti, ef lögin um þjóðjarðasölu verða látin standa óhöggvuð og sala alment leyfð, en bæjarfjelagi Siglufjarðar yrði þó neitað um að fá þessa jörð til kaups. Hjer liggur og engin till. fyrir um að banna þjóðjarðasöluna, enda sje jeg ekki, að það skifti svo miklu, hvort þjóðarheildin öll á jarðirnar eða minni hluti af þjóðinni allri, eins og t. d. bæjarfjelög, hreppar eða hjeruð. Það, sem þm. segir um það, að jarðirnar geti verið seldar og lendi síðan í brask-

arahöndum, getur vel verið rjett í einstökum tilfellum, ef einstakir menn kaupa; en hjer hygg jeg, að í þessu tilfelli sje það algerlega útilokað. Vona jeg því, að hvernig sem menn annars líta á þjóðjarðasöluna yfirleitt, þá láti þeir ekki þetta mál gjalda þess, þótt þeir sjeu þjóðjarðasölu andvígir. Hæstv. atvrh. hefir og bent á það, að það er nú orðið fullseint að snúa við á þeirri braut, er mestur hluti jarðeigna ríkisins hefir þegar verið seldur og er því kominn úr eign þess opinbera. Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta, en vænti þess fastlega, að hv. þm. sýni þessum hluta kjördæmis míns fulla sanngirni.

Bjarni Jónsson: Hjer á Alþingi hafa oft komið fram sterkar raddir um, að hætt yrði sölu þjóðjarða. En svo hefir atvikast, að engin formleg till. hefir verið samþykt, en stjórnin hefir vitað það, að fullur helmingur þingmanna á síðustu þingum hefir verið sölunni mótfallinn. Nú hefir hæstv. atvrh. getið þess, að haldið verði áfram þjóðjarðasölu sem áður.

En það er yfirsjón af þinginu að stöðva ekki þessa sölu. „Hæg er leið til ....“ o. s. frv., og áður en menn vita vitund af, stendur ríkissjóður uppi eignalaus. Eru nú seldar gjafverði fasteignir hans, og vita þó menn, að slíkar eignir eru allra eigna tryggastar. Er það alls ekki rjett, sem hv. 2. þm. Eyf. (BSt) segir, að þar eð hjer sje um að ræða að selja bæjarfjelagi jörð, þá sje engin hætta á ferðum, og í raun og veru komi þessi sala alls ekki við stefnu manna í málinu alment. En jeg lít svo á, að hvert einstakt tilfelli sje mikilsvert. Í hvert sinn, sem stöðvuð er sala, er landinu unnið gagn — og í hvert sinn, sem sala er framkvæmd, er landinu unnið tjón. Þarf jeg ekki að orðlengja um þetta frekar, og er jeg sammála hv. 2. þm. Reykv. (J-Bald). En jeg vildi benda á annað í sambandi við þetta mál.

Það er kunnugt, að hv. Nd. hefir mjög gert sjer far um að spara fje landssjóðs, en hefir aftur á móti gengið ærið nærri landsmönnum, t. d. þar sem hún hefir svo að segja svift íslenska námsmenn við erlenda háskóla öllum styrk. En þess ber að gæta, að þeir, sem eiga þessa drengi, eru ekki síður landsmenn en Siglfirðingar. Það væri því hæfileg kóróna á verk hv. deildar að gefa nú Siglfirðingum eina af fasteignum ríkisins. Jeg er ekkert á móti fólkinu. Það er duglegt fólk og hefir aflað mikils fjár úr sjónum. En Siglfirðingar og aðrir síldveiðamenn hafa reynst landinu og búaliðum hættulegir keppinautar — og ekki munu þeir þótt hafa neinir útverðir íslenskrar menningar norður þar í síldveiðastöðvunum. Jeg ætla ekki frekar að rekast í því, en mjer finst óþarfi að gefa Siglfirðingum jarðeignir ríkisins. Jeg segi „gefa“, því að jeg veit það, að ef að vanda lætur, verður jörðin seld við gjafverði og langt fyrir neðan sannvirði. Má þó búast við því, að þessi jörð verði ríkissjóði dýrmæt eign, er stundir líða, þar sem hún liggur að bæ, er vex óðfluga. Þætti mjer ekki undarlegt, þó að fram kæmi frv. um að selja Vestmannaeyjar, sem munu vera dýrmætasti blettur á landi hjer. Er það hraparlegt glapræði að stefna svo fram í þessum málum, sem gert hefir verið. Sje jeg ekki, að Siglfirðingum sje ekki fært að leigja jörðina, semja fyrst við prest þann, sem nú ræður henni, og þá er hans missir við, mun opin leið að samningum á nýjan leik. Er það ekki nema sanngjarnt, að Siglfirðingar borgi allháa leigu, og mun það ekki verða tilfinnanlegt, þar

sem margir eru gjaldendur og ekki kemur þungt niður á hverjum einstökum. En ekki tel jeg ráðlegt að leigja jörðina lengur en til 5 eða 10 ára í senn, þar sem við því má búast, að hún hækki í verði, eftir því sem bærinn stækkar. Fyndist mjer það allkynlegt, ef þeir hinir sömu þingmenn, er viljað hafa fyrir sakir sparnaðar skerða háskóla vorn og hæstarjett og koma ruglingi á utanríkismál vor, vildu nú gefa arðberandi ríkiseignir með öllu að þarflausu.

Bernharð Stefánsson: Jeg ætla ekki að vera langorður, en þykist þó þurfa að gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. þm. Dala. (BJ). Mjer skildist, að hann setti þetta frv. í samband við styrkinn til stúdenta. En hafi þar verið sveigt að mjer, er með öllu skotið framhjá markinu, þar sem jeg og hv. þm. (BJ) vorum þar á sama máli. Miklu frekar væri ástæða til að hann nefndi háskóla eða hæstarjett. *(BJ:* Jeg beindi ekki orðum mínum sjerstaklega til hv. 2. þm. Eyf.).

Hv. þm. talaði um að gefa Siglfirðingum jörðina. En hjer er alls ekki um neitt slíkt að ræða. Fyrir jörðina á að koma fult gjald, eftir mati óvilhallra manna.

Eigi að stöðva þetta mál, þá sje jeg ekki, að hjá því verði komist að nema úr gildi lögin um sölu þjóðjarða.

Þá talaði hv. þm. um það, að bærinn gæti leigt jörðina. En eins og jeg hefi tekið fram, er það ekki á þingsins valdi að ákveða neitt um það, og við getum ekkert um það sagt. Verð jeg fastlega að vænta þess, að þetta frv. verði samþykt.

Björn Líndal: Jeg ætla að minnast á einstök atriði í ræðu hv. þm. Dala. (BJ).

Jeg vil minna á það, að upphaflega var svo ákveðið, að fje það, sem inn kæmi fyrir þjóðjarðir, skyldi leggjast í sjóð. En nú hefir þessum sjóði verið sóað, svo að „þar er hver eyrir uppetinn", þótt hann sje ennþá til að nafninu til. Er það auðvitað að kenna hóflausri eyðslu sumra háttv. þm., og hirði sá sneið, sem á. *(BJ:* Er þetta talað til mín?). Úr því hv. þm. spyr, þá svara jeg spurningu hans hreinskilnislega. Það, sem jeg sagði, er fyrst og fremst meint til hans.

Í ræðu hv. þm. kom fram sá kuldi, sem löngum hefir andað í garð síldarútvegsins. En jeg vil benda á það, sem allir sanngjarnir menn verða að játa, að einmitt síldarútvegsmenn hafa sýnt meiri dugnað og þol en flestir aðrir og aflað landinu mikils fjár. Og jeg vil ennfremur benda á það, að verðhækkun landsins kringum Siglufjörð er ekki ríkisstjórninni að þakka og ekki heldur háttv. Alþingi, heldur eingöngu dugnaði Siglfirðinga sjálfra. Engin atvinnugrein eða útvegur í landinu hefir verið lagður jafnhóflaust í einelti með skatta og tolla og síldarútvegur og síldarverslun, og hefir þessi blóðtaka auðvitað orðið Siglufirði tilfinnanlegust, þar sem hann er langstærsta síldarveiðistöðin á landi hjer. — Verðhækkunin er eingöngu að þakka dugnaði Siglfirðinga sjálfra og þeir eru verðugastir til að njóta verka sinna. Sje jeg heldur ekki, að miklu máli skifti, hvort öll þjóðin eða hluti af henni á jörðina, þegar hún aðeins er almennings eign. Í Siglufirði er tilfinnanlegur mjólkurskortur, og mætti nokkuð úr honum bæta, ef þessi jörð yrði vel ræktuð. Tel jeg það meira þjóðþrifa- og mannúðarmál að koma í veg fyrir, að fátækra manna börn deyi úr mjólkurskorti, heldur en að veita þeim mönnum laun úr ríkissjóði, sem

þykjast vera skáld, en eru það ekki, eða þykjast vera listamenn, en eru það ekki.

Bjarni Jónsson: Það virðist varla heimilt að halda hjer öðru fram en ívilnunum fyrir Siglfirðinga.

Jeg get vel skilið það, að hv. 2. þm. Eyf. (BSt) beri bæinn fyrir brjósti. Það er auðvitað af eðlilegum ástæðum.

Hann talaði um það, að hjer væri ekki um að ræða gjöf, heldur sölu eftir mati Já, jeg þekki það, hvernig slíkt mat er framkvæmt; jarðirnar altaf metnar og seldar langt undir sannvirði.

Ekki sje jeg, að nein frágangssök sje fyrir bæinn að leigja jörðina. Presturinn, sem nú ræður henni, er maður velviljað ur, og þá er hans missir við, mun bærinn hæglega komast að samningum um leigu á jörðinni, ef hann vill greiða það gjald fyrir hana, að ríkið verði skaðlaust af. Vorkenni jeg honum alls ekki, þó að hann verði að greiða háa leigu, þar sem ærið margir eiga að gjalda hana. Sje jeg því enga hættu á því, að börn Siglfirðinga þurfi að deyja úr sulti eða mjólkurleysi, enda er jeg enginn barnamorðingi, þó að hv. þm. Ak. (BL) vildi ef til vill væna mig um slíka hluti.

Sá hv. þm. (BL) hoppaði eins og hrafn á haugi margtugginna blaðabrigsla um eyðslu mína. En þeir segja jafnan mest, sem minst vita og minst skilja. En ef hv. þm. vildi athuga till. mínar um fjármál á undanförnum árum, mundi hann komast að raun um, að á annan veg væri nú farið fjárreiðum ríkisins, ef jeg hefði mátt ráða. Jeg vildi, að menn væru látnir borga fje í ríkissjóð meðan þeir áttu það, og á árunum 1914—16 kom jeg fram með till. um, að tekjurnar yrðu reiknaðar í landaurum og sömuleiðis kaup verkamanna. 1920 benti jeg á það, að rjett væri að taka lán í Ameríku, áður en út í öngþveitið var komið og áður en kunnugt var orðið um nokkra erfiðleika hjer. Hefði þá mátt koma í veg fyrir gengisfallið og þá dýrtíð og erfiðleika, sem það hefir af sjer leitt. Býst jeg við, að hv. þm. (BL) sjái, að annar mundi verið hafa hagur landssjóðs, ef hann hefði ávalt fengið tekjur sínar reiknaðar í landaurum og aldrei hefði lækkað að mun gengi íslenskrar krónu. En jeg hefi ávalt litið svo á, að hag landsins yrði ekki borgið með því að þröngva hag ungra og efnilegra námsmanna og festa þá upp í hengingaról æfilangrar fátæktar og skuldabaráttu.

Það er aftur á móti sannmæli, að jeg hefi jafnan verið þeirrar skoðunar, að ríkið verði ekki fje sínu betur á annan hátt en þann að styrkja unga menn til þess, er svo fáir fást til að vinna, því það að gefa sig við vísindum og fögrum listum hjer á landi er sama sem að ofurselja sig æfilöngu hungri. Og það skal sannast, að framtíðin telur mjer það seint til lýta, að jeg hefi metið mannslíf meira en fáar krónur.

Misskilningur er það, að skoðun mín í þessu máli sje sprottin af nokkru hatri til Siglfirðinga. Er það síður en svo. En því hjelt jeg fram, að ekki bæri fremur að gefa þeim en öðrum. Sagði jeg líka, að á Siglufirði væru margir dugandi menn búsettir, og kemur leigan eftir þessa eign ríkisins mjög ljett niður á hverjum einum, svo margir sem landsins njóta.

Umtal hv. þm. Ak. um skáld, sem ekki væru skáld, og vísindamenn, sem ekki væru vísindamenn, fæ jeg ekki sjeð, að komi málinu við. Að minsta kosti hefi jeg aldrei átt neinn þátt í, að slíkum mönn-

um væri veittur styrkur af opinberu fje. Jeg barðist einu sinni fyrir því, að Þorsteinn Erlingsson fengi lítilfjörlegan styrk úr ríkissjóði, en jeg býst ekki við, að hv. þm. (BL) vilji vefengja, að hann hafi verið þess styrks maklegur. Líka hefi jeg haldið fram lánveitingu til Stefáns frá Hvítadal, og er sama að segja um þann mann, að engum tvennum sögum fer um það, að hann sje skáld gott. Að öðru leyti hefi jeg ekki barist fyrir skáldastyrk, og á jeg ekki sök á því, þó flogið hafi inn í skjóli þessara manna aðrir óverðugir, fyrir tilstyrk þeirra manna, sem versla með það að koma sínum mönnum að. Líka sögu er að segja um vísindamennina. Hefi jeg aldrei stuðlað að því, að þeim mönnum væri veittur styrkur til vísindastarfa, sem ekki eru vísindamenn. En þetta er ekki í fyrsta sinn, sem jeg fæ að heyra, að jeg ráði einn á móti 40 þm. Er mjer það sómi og er gott að ganga með það til kosninga. Annars er sumum hv. þm. nokkuð tamt að kalla það bitlinga, ef einhverjum manni hefir verið veittur styrkur til að ná því, sem hugur hans hefir staðið til alla vegu framan úr bernsku og hann hefir lagt fje og fjör í sölurnar fyrir. En svo hefir það jafnan verið, að slíkir menn, hugsjónamennirnir, hafa verið illa þokkaðir hjá vissri tegund manna, og tjáir ekki um það að fást.

Hjer get jeg látið staðar numið. Jeg hefi viljað sýna hinu háa Alþingi fram á það ósamræmi, sem það gerir sig sekt í, ef það samþykkir frv. þetta eftir allar þær ráðstafanir, sem á undan eru gengnar. Jeg vil, að það sjáist, að einhverjum þeim, sem hjer á sæti, sje það ljóst, hvílík firn það eru.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 520).

---

43. Sjúkrasamlög.

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 10. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 81, frá 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög (þmfrv., A. 344).

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 344, n. 363).

Frsm. (Jónas Jónsson): Jeg get verið hv. deild þakklátur fyrir, hversu vel hún hefir greitt fyrir þessu frv. Jeg hefi ekki mikið um þetta mál að segja. Aðeins skal jeg geta þess, að frv. er borið fram eftir ósk Sjúkrasamlags Reykjavíkur. Ástæðan er sú, að síðan gildandi lög voru samin,

hefir hagur manna breyst, og lögin eiga því ekki við að öllu leyti. Hjer er, eins og menn sjá, ekki um efnisbreytingu að ræða, heldur formsbreytingu, sem er mjög til bóta.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 344, 386).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 386 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 423).

Á sama fundi og á 56. fundi, laugardaginn 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., fimtudaginn 1. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., laugardaginn 3. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 526).

---

44. Skattgreiðsla Eimskipafjelags Íslands.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 27. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um skattfrelsi fyrir h/f Eimskipafjelag Íslands (þmfrv., A. 230).

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 29. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 31. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Björn Líndal): Vegna þess að komið er að því að slíta fundi, ætla jeg að láta mjer nægja að þessu sinni að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Jón Baldvinsson: Jeg vildi aðeins gera þá örstuttu athugasemd, vegna þess hvern-

ig á stendur, að hjer er að mínu áliti verið að svifta bæjarsjóð Reykjavíkur miklum tekjustofni, án þess, að hann fái nokkuð í staðinn, og jeg sje því síður ástæðu til þessa, þar sem svo stórt og öflugt fjelag á í hlut sem Eimskipafjelagið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 230, n. 356 og 391).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. 391. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Allsherjarnefnd hefir klofnað í þessu máli. Minni hl., sem í eru tveir þingmenn Reykvíkinga, leggur til, að frv. sje felt. Meiri hl. er á því, að rjett sje að samþykkja frv., þó með nokkrum breytingum, sem hann leggur til að gerðar verði, svo sem sjest á þskj. 391.

Jeg hygg, að ef um nokkurt fyrirtæki hjer á landi má segja, að það sje óskabarn þjóðarinnar, þá sje það Eimskipafjelag Íslands. Hluti í fjelaginu eiga menn úti um alt land, og hafa þeir ekki lagt fje sitt fram til þess að græða á því, heldur til þess að styðja þjóðþrifafyrirtæki. Nú á þetta fjelag, sem á svona mikil ítök í hugum allra landsmanna, við mikla fjárhagsörðugleika að stríða, að sumu leyti vegna hinna erfiðu tíma, en að sumu leyti af því, að það gerir meira en keppinautar þess til þess að fullnægja þörfum landsmanna, og stendur því ver að vígi í samkepninni.

Meiri hl. lítur því þannig á, að rjettmætt sje að styðja fjelagið á þann hátt, sem farið er fram á í frv. Þetta hefir ekki mætt mótstöðu er kemur til þess að undanþiggja fjelagið skattgreiðslu til ríkissjóðs. Það er eingöngu með tilliti til þess tekjumissis, sem bæjarsjóður Reykjavíkur yrði fyrir, sem 2 hv. nefndarmenn hafa gert ágreining, að minsta kosti kom annað ekki fram í nefndinni.

Það er að vísu rjett, að verði þetta frv. samþykt óbreytt, mun bæjarsjóður Reykjavíkur missa nokkurs í, en jeg hygg Reykjavíkurbæ, eins og landið í heild sinni, hafa svo mikinn hag af því, að Eimskipafjelaginu vegni vel, að hann hefði getað sætt sig við þetta þennan tiltekna tíma. Því að hjer er ekki farið fram á skattfrelsi til handa fjelaginu í framtíðinni, heldur um ákveðið stutt árabil. Þó hefir meiri hl. eftir atvikum getað fallist á breytingar, er miða að því að draga úr því tjóni, sem bæjarsjóður Reykjavíkur biði við samþykt frv. eins og það er flutt.

Í fyrsta lagi leggur meiri hl. það til, að fjelagið verði ekki að neinu leyti undanþegið gjöldum til bæjarins þetta ár, sem nú er að líða. Um þetta atriði vil jeg taka fram, að nefndarmenn þeir, sem eiga heima í Reykjavík, kváðu búið að leggja útsvar á fjelagið fyrir þetta ár. Við hinir rengdum það auðvitað ekki, og það var með tilliti til þess, sem við fjellumst á þessa brtt., að við litum svo á, að ekki væri rjett að breyta útsvari, sem þegar hefir verið lagt á lögum samkvæmt. Þó skal jeg taka það fram, að jeg hefi nú heyrt því fleygt, að þetta sje ekki rjett; útsvarið hafi ekki verið lagt á. Jeg skal játa, að jeg hefi ekki kynt mjer þetta

svo, að jeg geti staðhæft, hvort sannara er. En sje útsvarið ekki ákveðið nú, sje jeg enga ástæðu til að halda þessari brtt. fram.

Þá er hin brtt. meiri hl., sem er í sjálfu sjer stærri, að fjelagið sje ekki með öllu undanþegið gjaldi í bæjarsjóð, heldur greiði til hans 5% af hreinum ágóða, eins og hv. deild hefir samþykt um verslunarfyrirtæki ríkisins. Jeg get búist við, að hv. flutningsmönnum hafi gramist, þegar þeir sáu þessa brtt., en ástæðan til þess, að hún er flutt af meiri hl., er sú, að þetta er ákveðið beinlínis í samráði við stjórn Eimskipafjelags Íslands. Vænti jeg þess, að hv. flm. geti sætt sig við brtt., þegar þeir vita þetta.

Ef þessi brtt. yrði samþykt, álít jeg, að Reykjavíkurbær missi tiltölulega svo lítils, að menn geti horfið frá því að leggja á móti frv. af þeim ástæðum, og hinsvegar eigum vjer, er viljum unna fjelaginu sem bests hlutar, að geta gengið að þessu, þar sem það er í samræmi við vilja fjelagsstjórnarinnar. Þetta er miðlunartillaga, sem allir ættu að geta fallist á, og væri skemtilegast, ef frv. gæti gengið friðsamlega og sem fljótast í gegnum þingið. Samkvæmt brjefi borgarstjóra til nefndarinnar hefir útsvar fjelagsins síðustu ár verið að meðaltali 8,7% af hreinum ágóða þess. Þetta er því nokkur lækkun, er gæti komið fjelaginu vel, en hinsvegar ekki svo mikil, að hallað sje stórvægilega á Reykjavíkurbæ.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vona, að hv. deild geti fallist á þessar brtt. og samþykki frv. með þeim.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Því er ekki að leyna, að með frv. á þskj. 230 er gengið inn á nokkuð nýja braut, þar sem farið er fram á að undanþiggja fjelag, sem er einstakra manna eign, útsvars- og skattskyldu. Það er dálítið hæpið að gera þetta, þó að svo standi á sem hjer, að mikill hluti landsmanna hafi lagt fje í fyrirtækið. Nefndin hefir fengið allítarlegt mótmælaskjal frá borgarstjóra, þar sem sýnt er fram á, að mjög sanngjarnlega hefir verið farið í það undanfarin ár að leggja á fjelagið. Það þarf engan að furða, þó að útsvar Eimskipafjelagsins sje nokkuð stór fjárhæð, því að þess er að gæta, að gróði þess hefir verið æðimikill, og er ekki nema eðlilegt, að það leggi fram nokkuð af honum til opinberra þarfa, eins og önnur fjelög og einstakir menn. Jeg vil taka það fram sem mína skoðun, en hefi ekki borið það undir hv. meðnefndarmann minn í minni hl., að jeg álít öðru máli skifta um stofnanir ríkisins sjálfs, og verður þetta frv. því ekki borið saman við frv. það um útsvarsskyldu ríkisstofnana, sem nýlega var afgreitt hjeðan frá hv. deild.

Það, sem hv. frsm. meiri hl. (BSt) sagði um óskabarn þjóðarinnar, getur rjett verið. Allir vilja fjelaginu vel, en velvildin kemur mest fram í því, að þeir, sem ráða mestu um flutninga til landsins og frá því, nota ekki skip þess eins vel og skyldi, og því er komið fyrir fjelaginu sem komið er.

Þó að menn úti um alt land eigi hluti í fjelaginu, þá er það ekkert einsdæmi, því að svo er um mörg fjelög önnur. Næsta skrefið verður þá, að togarafjelög, sem menn úti um land eiga hluti í, og þau eru ekki fá, verða undanþegin útsvari. Það var því eðlilegt, að í nefndinni kæmu fram mótmæli gegn því að leysa fjelagið undan skattgreiðslu til bæjarsjóðs Reykjavíkur. Þingið er sjálfrátt um það, ef það vill gefa Eimskipafjelagi Íslands upp skattinn til ríkissjóðs, því að þar er það full-

kominn aðili. En til þess að rýra tekjur Reykjavíkurbæjar á þennan hátt hefir þingið að vísu formlega heimild, en það er tæplega rjett eða sæmandi.

Ef þingið álítur þetta fjelag svo góðs maklegt, þá á það að veita því styrk af sínu fje, en ekki annara, sem engu betur eru staddir. Það hefir verið sagt, að Eimskipafjelagið skuldi mikið erlendis og eigi erfitt með þau lán. En jeg verð þá að halda því fram, að bærinn skuldi talsvert meira, og væri því ranglátt að ætla honum að hlaupa undir bagga með fjelaginu. Auk þess fær Eimskipafjelagið, eins og bent er á í brjefi borgarstjórans, talsvert af tekjum sínum í erlendri mynt, en það fær Reykjavíkurbær ekki, og tapar hann því á lággenginu, sem er aftur á móti gróði, eða að minsta kosti ekki tap, fyrir fjelagið. Það er því sýnt, að bærinn stendur talsvert ver að vígi gagnvart erlendum lánardrotnum sínum en Eimskipafjelagið, og kemur þessi röksemd — um erlendu skuldirnar — því til að verka öfugt.

Hv. meiri hl. allshn. vildi miðla málum hjer og fara milliveginn, en jeg gat ekki heldur fallist á það. Hætt er líka við, að ef inn á þessa braut yrði farið á annað borð, þá myndu fleiri koma á eftir.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að meiri hl. nefndarinnar hefði ekki viljað láta þetta ná til þessa árs, heldur þess næsta, sökum þess að búið væri að leggja á Eimskipafjelagið í ár. Það mun vera rjett hjá hv. frsm., að búið sje að leggja á fjelagið fyrir þetta ár, því jeg hefi einmitt á þessu augnabliki fengið það staðfest af manni, sem kunnugt ætti að vera um það.

Í nál. minni hl. og brjefi því, sem þar er prentað, eru teknar greinilega fram ástæðurnar gegn þessu frv. Hefir háttv. frsm. meiri hl. ekki tekist að hrekja þær eða koma fram með neitt, sem rjettlætt geti, að ríkið fari hjer að seilast inn á svið, sem það í rauninni hefir ekkert leyfi til. Ef ríkið vill hjálpa fjelaginu, þá verður það að gera það úr sjálfs sín sjóði, en ekki annara. Þetta væri líka að taka lamb fátæka mannsins til þess að sýna örlæti ríka mannsins. Jeg álít, að Eimskipafjelagið standi alls ekkert ver að vígi en Reykjavíkurbær.

Það hefir löngum verið viðkvæðið, að vel yrði að gera við þetta fjelag sökum þess, að það ætti svo mikil ítök hjá þjóðinni. Jeg verð nú að segja það frá sjálfs mín brjósti, að hvað sem ítökunum líður, þá er hitt víst, að umráð þjóðarinnar yfir þessu fjelagi eru ekki svo ýkjamikil. Öll ráðin eru í höndum aðeins sárfárra manna, og eru það fáeinir Reykvíkingar, sem mest eiga í fjelaginu. — Ítök þjóðarinnar og yfirráð eru því engin ástæða til að undanþiggja það sköttum.

Það er því eindregin till. okkar minni hl. nefndarinnar, að hv. deild felli þetta frv. Reynsla undanfarinna ára hefir sýnt, að það hefir í engu verið gengið á hlut þessa fjelags. Það hefir verið lagt mjög hæfilega á það og ekki lengra gengið í álagningunni en hjá öðrum fjelögum og einstökum mönnum. Ef tekjur fjelagsins minka svo nokkru nemur, þá verður og sjálfsagt dregið úr álagningunni.

Eins og jeg tók fram áðan, þá stendur fjelagið betur hvað snertir erlendar skuldir heldur en Reykjavík, og er frá því sjónarmiði síst ástæða til að halla á bæinn.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Það hafa ennþá engin rök komið fram, sem mæli með því, að rjett sje að svifta Reykjavík þessum tekjustofni, og þau munu varla koma fram hjer eftir.

Björn Líndal: Jeg býst ekki við, að flm. þessa frv. komi það neitt á óvart,

þótt hv. þm. Reykv. mæli á móti því. Bæði munu þeir telja það heilaga skyldu sína, og svo láta slíkar ræður alt annað en illa í eyrum þeirra manna, sem á pöllunum standa, sem flestir eru kjósendur þeirra. Mjer þykir það annars alleinkennileg skoðun, að þingið hafi ekki rjett til að undanskilja fjelagið þessum skatti. Það er mjög skamt síðan Alþingi undanskildi vissan fjelagsskap slíkum skatti, og hefir ekki verið neitt sjerlega að því fundið. Og þó margt gott megi um þann fjelagsskap segja, þá má það ekki síður um það fjelag segja, sem hjer er um að ræða. Eimskipafjelag Íslands hefir verið sannarlegt óskabarn þjóðarinnar. Það var að mestu stofnað með spariskildingum fjölda manna, fátækra og ríkra, og jafnvel barna, sem foreldrar þeirra hafa varið á þennan hátt. Þátttakan hefir verið mjög almenn, og yfirleitt mun það vera eitt hið mesta áhugamál þjóðarinnar, að fjelagið þrífist og verði langlíft í landinu. Þótt stjórn fjelagsins kunni að láta sjer nægja minna en jeg í þessu máli, þá ber þess að gæta, að hún er öll búsett hjer í Reykjavík, og hefir því jafnframt sinna eigin hagsmuna að gæta. Og mjer finst ástæða til að taka það fram í þessu sambandi, að jeg er fjarri því að vera ánægður með stjórnina á fjelaginu undanfarin ár. En það er nú komið sem komið er og lífsnauðsyn að bjarga fjelaginu úr þeim kröggum, sem það er nú í. Hvort álagningin hjer hafi verið sanngjörn, samanborið við aðra skattþegna og fjelög bæjarins, skal jeg ekki um segja, en hitt er víst, að okkur utan af landi finst það hart að þurfa að borga í útsvar hjer í Reykjavík sem svarar 4 til 5% af hlutafje okkar í fjelaginu meðan við fáum ekki eyri í vexti af hlutum okkar í fjelaginu. Það er og hægt að sýna, að þótt bærinn leggi ekkert útsvar á fjelagið, þá hefir hann samt mikinn hagnað af því. Hjer hefir verið bygt stórhýsi fyrir fjelagið, sem Reykvíkingar hafa haft mikla atvinnu við, og er óhætt að segja, að margir tugir þúsunda hafi á þann hátt runnið í vasa þeirra. Það er því síður en svo, að bærinn hafi nokkra ástæðu til að kvarta. Að því er snertir það, sem stendur í brjefi borgarstjórans, að Eimskipafjelagið verði að borga bænum þau hlunnindi, sem það hafi hjer, þá mun óhætt að fullyrða, að það geri þetta þótt útsvarið sje undanskilið. Við, sem stundum höfum neyðst til þess að fá vörur gegnum Reykjavík til annara hafna á landinu, höfum sannarlega orðið varir við, hvern skatt þessi bær leggur á okkur.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vildi ásaka þjóðina fyrir, að hún brúkaði ekki skip fjelagsins eins og skyldi. Jeg get ekki með neinu móti tekið undir slíka ásökun, því mjer finst það eðlilegt, að menn reyni að nota eins ódýran flutning fyrir vörur sínar og kostur er á. Hitt er aftur sjálfsögð skylda, að þingið hafi hönd í bagga með fjelaginu, ef því verður hætt í einn tíma eða annan. Nú stendur svo á, að það hvíla stórskuldir á fjelaginu, og samt sem áður vilja Reykvíkingar leggja á það þungan skatt. Jeg lít yfirleitt svo á, að engin hætta sje á því, að Reykjavík fari á höfuðið, þótt hún geti ekki í nokkur ár tekið útsvar af þessu fjelagi.

Að því er snertir brtt., þá tel jeg það heldur lin meðmæli, að stjórn Eimskipafjelagsins fallist á hana. Stjórnin hefir ekki stjórnað fjelaginu svo vel, að á hennar orðum sje nokkuð verulegt byggjandi, því hún virðist til þessa hafa borið hag Reykjavíkur meir fyrir brjósti en hag fjelagsins. — Jeg mun því greiða atkv. móti brtt., en með frv. óbreyttu.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Hv. þm. Ak. (BL) hefir tekið fram sumt af því, sem jeg ætlaði að segja, og get jeg því verið stuttorðari en ella.

Mjer hefði ekki komið á óvart, þótt hv. 4. þm. Reykv. (MJ) hefði haldið þá ræðu, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hjelt áðan, en mjer kom hún mjög á óvart úr þeirri átt. (*MJ:* Er hv. þm. að óska eftir því, að jeg taki einnig til máls? Sje svo, þá skal sú bón fúslega veitt). Nei, þess er víst engin þörf. Mig furðaði einkum á því, þegar hv. 2. þm. Reykv. hjelt því fram, að þingið væri hjer að seilast inn á svið, sem Reykjavíkurbæ bæri einum að ráða. Að þetta olli mjer slíkrar furðu, stafar af því, að jeg veit ekki betur en að hv. þm. hafi fyrir skömmu síðan samþykt frv. mjög svipað þessu. Það var frv. um útsvar ríkisstofnana. Hann hefir víst einnig greitt atkvæði með samvinnulögunum, þar sem einnig er ákvæði um undanþágu frá útsvarsskyldu. Hv. þm. hjelt því fram, að ef þetta yrði samþykt, þá myndu fleiri koma á eftir, t. d. togarafjelögin o. fl. Slíkt held jeg að ekki geti með nokkru móti komið til greina. Það er nefnilega mjög mikill munur á gróðafyrirtækjum einstakra manna og slíku þjóðþrifafyrirtæki sem þessu. Þótt nú sje ef til vill svo komið, að talsvert af hlutum fjelagsins sje á höndum fárra manna, þá var fjelagið upphaflega stofnað sem þjóðþrifafyrirtæki, og það hefir til þessa verið rekið sem slíkt.

Hv. þm. (JBald) sagði, að þá ætti heldur að veita fjelaginu beinan styrk úr ríkissjóði. Jeg veit nú ekki betur en að ríkið geri þetta. Verði brtt. meiri hluta nefndarinnar samþykt, þá verða þessi lög bara til þess að tryggja það, að Reykjavíkurbær geti ekki sýnt fjelaginu neitt ranglæti. Og get jeg ekki sjeð, að neitt sje hægt að hafa á móti því. Hv. þm. sagði, að þetta væri sama sem að taka lamb fátæka mannsins. Sú líking á hjer alls ekki við. Það er ómögulegt að líkja Reykjavíkurbæ við fátæka manninn, en Eimskipafjelaginu við hinn ríka. Því mun frekar vera öfugt varið.

Þá kvaðst hv. þm. efast um, að umráðin yfir fjelaginu væru hjá þjóðinni. Jeg veit nú ekki betur en að ríkisvaldið hafi mikil ráð um stjórn fjelagsins. Að vísu fer atkvæðamagn eftir fjármagni hluthafa, en ríkið hefir trygt sjer þann íhlutunarrjett, að það ætti með öllu móti að vera fullkomlega trygt.

Þá kem jeg að því, sem í rauninni er mergurinn málsins, en það er, að hv. þm. kvað ekki hafa verið gengið neitt á rjett fjelagsins í álagningunni. Það geta nú náttúrlega verið nokkuð skiftar skoðanir um það, hvað menn kalla að ganga á rjett, en eftir því, sem það er venjulegast skilið, þá held jeg, að það hafi einmitt átt sjer stað hjer. Jeg gat þess áðan, að það útsvar, sem lagt hefði verið á fjelagið, hefði, samkvæmt brjefi borgarstjóra, verið 8,7% af nettóágóða fjelagsins. Þótt jeg rengi nú ekki þessa tölu, þá er samt nokkuð mismunandi, við hvað er miðað, er talað er um nettóágóða. Jeg hefi nú fengið upplýsingar um, að ágóðinn hafi verið talinn áður en afskrifað hafi verið af verði skipanna. Eins og menn vita, nemur það 3%, sem afskrifað er, og þegar búið er að því, lítur ágóðinn nokkuð öðruvísi út. Sje litið á málið frá þessari hlið, þá verður útsvarið mjög hátt — og það er í rauninni ómögulegt að líta á málið frá annari hlið. Jeg veit að vísu ekki mikið um útsvör hjer í bænum, en jeg á bágt með að skilja, að svo mikið

sje hlutfallslega lagt á aðra gjaldendur bæjarins. Jeg hefi hjer fyrir framan mig tölur, sem sýna þetta að nokkru, en jeg sje ekki beina ástæðu til þess að lesa þær upp. Þó vildi jeg benda á þær.

Eins og jeg gat um áðan, þá þykir mjer, þegar teknar eru til greina brtt. meiri hl., sem kenni helst til mikillar eigingirni hjá hv. þm. Reykv. vegna síns kjördæmis, ef þeir geta ekki fallist á frv. með þeim breytingum. Jeg ætla því að vona, að þeir sjái sig um hönd.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Hv. þm. Ak. (BL) byrjaði ræðu sína mjög hátíðlega. En síðan fór hann að tala um, að það, sem jeg hefði sagt, mundi láta mjög vel í eyrum kjósenda minna, og ljet orð falla í þá átt, að jeg hefði verið að halda kjósendaræðu. Jeg verð nú að segja það, að þegar það fer saman að tala fyrir góðu máli og fyrir kjósendur, þá sje það vel farið. Og jeg óska, að hv. þm. Ak. megi einhverntíma sanna þetta. Annars gekk ræðu hv. þm. Ak. mest út á það að gagnrýna stjórn Eimskipafjelagsins. Það getur vel verið, að stjórn fjelagsins hafi gert skyssur. En á Reykjavík að gjalda þess? Annars eiga slíkar ávítur að koma fram á aðalfundi fjelagsins. Jeg efast um, að hann muni þar vilja standa við öll orð sín um stjórnina. Að minsta kosti hefir hann nú sýnt, að hann treýstir þeim mönnum, sem stjórn fjelagsins hafa skipað, til þess að fara með önnur ennþá stærri mál. Þannig kemur Jón Þorláksson, sem háttv. þm. Ak. ásamt sínum flokksbræðum hefir nú gert að fjármálaráðherra, í stjórn Eimskipafjelagsins árið 1917. Árið 1918 er hann enn í stjórn fjelagsins og sömuleiðis Eggert Claessen bankastjóri. Árin 1919, 1920, 1921 og 1922 eru svo þessir menn í stjórn fjelagsins. Jeg skil því ekki almennilega þessi mótmæli háttv. þm. Ak. gegn stjórn Eimskipafjelagsins, þar sem hann hefir þó sýnt, að hann ber hið fylsta traust til þessara manna. Það getur ómögulega verið alvara hans, að bærinn eigi að borga allar skyssur þessara manna. Það mætti alveg eins heimta, að bærinn borgaði allar skyssur, sem núverandi landsstjórn, eða einhverjir aðrir hjer í Reykjavík, kunna einhverntíma að gera.

Jeg skil það vel, að hv. þm. Ak. þótti lítill ágóði Eimskipafjelagsins, og finst því hart, að fjelagið skuli þurfa að greiða útsvar hjer til bæjarins. Háttv. þm. vill auðvitað fá sem hæsta vexti af hlutafje sínu. En jeg held, að hann sje svo kunnugur starfsemi bæjar- og sveitarfjelaga, að hann viti, að það er talsvert algengt, að menn borgi útsvar, þótt þeir hafi ekki miklar tekjur og niðurstaðan af atvinnurekstri þeirra sje ekki sem best; en þá er lagt á ástæður og efni. Jeg skil mætavel gremju hv. þm. (BL) yfir því, að geta ekki klipt úr sína vaxtamiða og lagt verð þeirra í bankann eða jörð sína. En það nær engri átt að leggja öll óhöpp af illri stjórn Eimskipafjelagsins á bæinn. Reykjavíkurbær hefir sýnt það, að hann vill fjelaginu vel, enda hefir hann gert því betur til en nokkrum öðrum hjer í bænum. Þannig ljet bærinn fjelaginu í tje lóð á uppfyllingunni við höfnina, á allra besta stað, þar sem engum öðrum hefir verið seld lóð. Bærinn á því enga sök á því, þótt fjelaginu hafi gengið miður vel.

En annars vil jeg taka undir það, sem hjer hefir verið drepið á, að fjelaginu er bjarnargreiði gerður með öðrum eins ummælum og fallið hafa hjer við þessa umræðu. Það er beinlínis háskalegt að vera

að tala hjer um það, hve illa fjelagið standi og hve því sje stjórnað illa. Það er alveg óvíst, að það þoli þetta illa umtal, ef það virkilega er illa statt, sem jeg vil alls ekki taka undir.

Annars gerir þetta, sem hv. þm. Ak. nú hefir sagt, það nokkuð vafasamt, hvort rjett sje að styrkja Eimskipafjelagið, ef það yrði til þess að halda uppi far- og farmgjöldum hjer við land. Það hlýtur að þurfa meira fje en þessar 20—30 þús. kr. til þess að lækka þau gjöld. Það er alls ekki víst, að fjelaginu verði það svo mikil fjeþúfa, þótt það verði undanþegið útsvari. Keppinautar þess kunna að færa sjer það í nyt, til þess að ófrægja fjelagið og vekja ótrú á því með því að segja, að verið sje að undanskilja það skatti af því það sje svo illa statt. Og takist það, að vekja slíka tortrygni, þá getur það orðið til mikils fjárhagslegs tjóns fyrir fjelagið.

Þá var hv. þm. Ak. að tala um það, að þingmenn Reykjavíkur vildu hlynna sem mest að bænum, og mintist á fiskiveiðasjóðinn í því sambandi. Í því máli á hæstv. landsstjórn þá sönnu sök, að bærinn fjekk lán af þeim sjóði. Fyrst og fremst núverandi hæstv. forsrh. (JM), sem hv. þm. (BL) styður, og sömuleiðis hæstv. atvrh. (MG). Hv. þm. Ak. ætti því að beina ásökunum sínum í þessu efni til þeirra, en ekki að þm. Reykv.

Loks taldi hv. þm. þetta svo mikið sanngirnismál. Jeg sje nú ekki sanngirnina í því að taka einn gjaldanda út úr og undanskilja hann rjettmætum skatti. Það er a. m. k. ekki sanngjarnt gagnvart bæjarfjelaginu. Það er vitanlega rangt hjá honum, að samvinnufjelögin sjeu skattfrjáls.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) sagði, að sjer hefði komið ræða mín á óvart, og hann hefði heldur kosið, að hv. 4. þm. Reykv. (MJ) hefði flutt slíka ræðu. En hafi honum komið mín ræða á óvart, þá var jeg ekki síður undrandi, er jeg heyrði ræðu sjálfs hans; einkum þó, er hann fór að tala um samvinnufjelögin. Ef hann vill nú fara að nota sömu rökin og hv. þm. Ak., þá fæ jeg ekki betur sjeð en hann slái niður öllum þeim röksemdum, sem bæði hann og aðrir hafa fram fært fyrir því, að samvinnufjelögin skuli vera undanþegin útsvörum. Fyrirkomulag þeirra er alt annað en fyrirkomulag Eimskipafjelagsins. Menn ganga í fjelag annaðhvort til þess að kaupa nauðsynjar sínar í sameiningu eða til þess að selja afurðir sínar. Og það er viðurkent um allan heim, að um slíkan fjelagsskap skuli aðrar reglur gilda hvað álögur snertir heldur en önnur fjelög. Annars sje jeg ekki, að mjer byrji að verja samvinnulöggjöfina fyrir hv. 2. þm. Eyf. Jeg ætlast til þess, að flokksbræður hans komi fyrir hann vitinu. En þó vil jeg að lokum segja það, að það kemur ekkert ósamræmi fram hjá mjer í því, þótt jeg greiddi atkvæði með samvinnulögunum, en sje nú á móti þessu frv.

Það var eiginlega ekki annað nýtt í ræðu hv. 2. þm. Eyf. Hitt var búið að margsegja áður. Hann sagði, að með þessu frv. ætti að varna því, að Reykjavíkurbær sýndi Eimskipafjelaginu ranglæti. En hann verður fyrst að sanna það, að bærinn hafi sýnt ranglæti í álögum sínum. Nú hefi jeg sannað, að bæjarstjórn hefir sýnt fjelaginu meiri lipurð og velvild en öðrum stofnunum, bæði hvað snertir að veita því sem besta aðstöðu í bænum og á annan hátt. Skattprósentan, sem fjelagið greiðir, ca. 8,7%, er síst of hátt. Jeg hefi ekki við hendina niðurjöfnunarskrá bæjarins, en jeg veit það, að sú skatt-

prósenta, sem jeg greiði til bæjar, er hærri en fjelaginu hefir verið gert að greiða, og eru mín laun þó smáræði hjá þeim tekjufjárhæðum, sem um að ræða hjá Eimskipafjelaginu. Jeg veit til þess, að lagt hefir verið 10% á marga einstaklinga, sem ekki hafa meiri tekjur en svo, að þeir komast sæmilega af. Svo ef leggja ætti á Eimskipafjelagið eftir sama skattstiga, þá ætti það raunar að greiða miklu meira. Þá er það líka vitanlega rjett að miða skattinn við þann ágóða, sem sýndur er á reikningi fjelagsins. Það kemur ekkert málinu við, hvað hluthafafundur gerir við þann ágóða. Eftir aðalfund er ágóðinn enginn; þá er búið að ráðstafa honum á ýmsa lund. Hv. þm. Ak. er þá búinn að fá sína vexti. Hitt hefir gengið til þess að mæta verðrýrnun eða verið fært yfir á næsta ár, og ekkert er þá eftir. Svo ef þannig væri farið að, fengi ríkið ekki neitt í sína skatta hjá hlutafjelögum.

Jeg hefi nú svarað, að jeg held, öllu því, sem fram hefir komið og máli skiftir. Um rekstur fjelagsins og stjórn geta hv. þm. talað á aðalfundi fjelagsins og fundið að skyssum stjórnarinnar við hana sjálfa. Reykjavíkurbær á þar enga sök.

Björn Líndal: Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) fanst það einkennilegt, að jeg skyldi nota tækifærið til þess lítillega að áminna stjórn Eimskipafjelags Íslands. Það er líklega af því, hve ógjarnt honum er sjálfum að halda sjer við efnið, að honum finst þetta óviðeigandi. En auðvitað er ástæðulaust fyrir hann að segja þetta. Að mínum dómi er hagur fjelagsins nú svona bágborinn fyrst og fremst sakir þess, að því hefir ekki verið hyggilega stjórnað. Og Reykjavík hefir sjerstaklega hagnast á einu versta glappaskotinu, sem stjórnin hefir gert. Það er húsbyggingin hjer í Reykjavík.

Hvað snertir traust á mönnum, þá ber þess að gæta, að enginn er jafnvígur til allra verka. Jeg get treyst manni fullkomlega til þess að hafa á hendi fjármálastjórn ríkisins, þótt hann sje ekki mjög vel til þess fallinn að stjórna gufuskipafjelagi. Þannig treysti jeg háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) manna best til þess að standa fyrir brauðgerð. En manna verst treysti jeg honum til þess að fara með vandamál þjóðarinnar á Alþingi. Hvað snertir vexti af hlutafje fjelagsins, þá þykir mjer sanngjarnara, að jeg fái vextina af mínum hlutum í minn vasa heldur en þeir renni til hv. 2. þm. Reykv.

Það er líka einkennileg kredda, að ekki megi tala um hag fjelagsins. Reikningar þess liggja fyrir prentaðir, og hefir aldrei verið farið í neina launkofa með þá, svo það er engin ástæða til þess að þegja um þá. En jeg skil mætavel afstöðu hv. 2. þm. Reykv. Hann mun vera riðinn við fjelagsskap, sem ógjarnan má tala margt um. *(JBald:* Hvaða fjelagsskapur er það?). Jeg get til dæmis nefnt kaupfjelög hjer í bænum.

Hvað viðvíkur sanngirninni, þá stend jeg enn við það, að fjelagið hefir ekki grætt svo mikið undanfarið, að það hafi verið sanngjarnt að leggja á það útsvar. Gróði þess hefir verið pappírsgróði. Fjárhagur þess nú sýnir best, hve mikill hann hefir verið í raun og veru. Hjer er lagður á tvöfaldur skattur. Við, sem eigum hluti í Eimskipafjelaginu, borgum af þeim eignarskatt. Og svo er lagt á þá hjer, þótt þeir sjeu raunar ekki annað en pappír, sem gefur Reykjavík einni tekjur. Annars þætti mjer gaman að

heyra, hvað háttv. 2. þm. Reykv. mundi segja, ef jeg eða aðrir kæmu með frv. um það, að leggja mætti útsvar á Eimskipafjelagið á öllum höfnum. En jeg verð að segja það, að ef gera á Eimskipafjelagið að mjólkurkú fyrir Reykjavík, þá er það full sanngirniskrafa, að mitt kjördæmi fái líka hæfilegan sopa af þeirri mjólk. Akureyri hefir ekkert síður lagt af mörkum til stofnunar Eimskipafjelagsins heldur en Reykjavík, í hlutfalli við fólksfjölda. Og þar eru líka greidd miklu lægri hafnar- og bryggjugjöld en hjer.

Annars þýðir ekki að tala frekar um þetta. Það má þrátta um það endalaust, hvort útsvar sje sanngjarnt eða ekki. En það er altaf ósanngjarnt, að mínum dómi, þegar svo illa er ástatt sem hjer. Og ekki síst þegar þess er gætt, að sú upphæð, sem Reykjavík hefir tekið af fjelaginu í aukaútsvörum, gæti jafnað, eða a. m. k. lagað, halla fjelagsins. En sú upphæð mun nú vera 340 þús. kr.

Frsm. meiri hl. (Bernharð Stefánsson): Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, að sig hefði undrað, er hann heyrði ræðu mína áðan. Hann kvaðst ekki hafa fundið betur en jeg væri með henni að slá niður röksemdum flokksbræðra minna, er þeir hefðu fært fyrir samvinnulögunum. En til þess gaf jeg honum ekki neina ástæðu, enda eru niðurstöður hans fullkomlega rangar í þessu atriði. Jeg er hjer í fylsta samræmi við minn flokk. Sjálfur hefir hann fylgt rjettu máli tvisvar hjer í þessari hv. deild. Í annað skiftið er hann fylgdi fram samvinnulögunum, og í hitt skiftið er deilt var hjer um aukaútsvör ríkisstofnana. En nú lætur hann hagsmuni kjördæmisins ráða fyrir sjer.

Ríkisverslanirnar, Eimskipafjelagið og Samband íslenskra samvinnufjelaga eiga öll eitt sameiginlegt, sem greina þau frá fyrirtækjum einstakra borgara og atvinnurekenda. Verslunarstofnanir ríkisins eru sameign allrar þjóðarinnar; Eimskipafjelagið er sameign manna úti um alt land, og það er S. Í. S. líka. Ef nú Reykjavík er látin leika lausum hala í því að leggja gjöld á þessar stofnanir, sem hún sýnist altaf fá meiri og meiri tilhneiging til að gera, þá stefnir að því, að ljett verði gjöldum af borgurunum með því að leggja óhæfilega hátt gjald á þessar stofnanir. Það er sama, hver þessara stofnana á í hlut, vegna þess að þessi gjöld koma ekki fyrst og fremst niður á bæjarbúum, heldur landinu í heild. Þess vegna er jeg hjer í fullu samræmi við sjálfan mig, er jeg gengst fyrir þessu frv. Jeg hefði greitt atkvæði með samvinnulögunum, ef jeg hefði þá setið á þingi, og jeg greiddi atkvæði með takmörkun á útsvarsskyldu ríkisstofnana. Og í þessu öllu er fylsta samræmi.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það kæmi ekki málinu hið minsta við, hvað fjelagið hefði gert við arð sinn. Jeg get ekki fallist á það, að sama sje, hvort fjelagið borgar hluthöfum arð eða afskrifar verð eigna sinna. Öðru máli gegndi, ef fjelagið afskrifaði meira en nauðsyn krefur. En þegar það er ekki nema 3%, þá er það ekki einu sinni fyrir því, sem skipin og eignirnar ganga úr sjer. Þetta er sá eiginlegi arður. Og því er útsvar Eimskipafjelagsins í hlutfalli við rjettan arð miklu meira en gefið er upp í brjefi borgarstjóra.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Það var ekki ástæðulaust, að hv. þm. Ak. (BL) baðst afsökunar á því, að hann

hefði ekki haldið sjer við efnið. En þessi hv. þm. kallar oftast fram í, þegar aðrir þm. halda ræður, og biður þá að halda sjer við efnið. En það gerir hann manna síst sjálfur.

Mjer finst það dálítið einkennilegt hjá hv. þm. að halda því fram, að það komi ekkert málinu við, þótt menn hafi reynst óhæfir í stjórn fjelaga. Þeir geti verið jafngóðir fyrir því sem ráðherrar. En jeg held, að sá maður, sem ekki getur reynst sæmilega í stjórn fjelags með öðrum mönnum, sje ekki fær til að vera ráðherra.

Um það skal jeg ekki deila við hv. þm., hvort jeg sje fær til að vera fulltrúi þjóðarinnar. En *hann* er oft búinn að biðla til kjósenda, og hefir æðioft fengið hryggbrot. (*BL:* Hvað oft?). Að minsta kosti einu sinni opinberlega og sjálfsagt oft leynilega, og það veit hann best sjálfur.

Í ræðu hv. þm. skaut því upp, hvað fyrir honum vakir fyrst og fremst í þessu máli. Hann vill að Eimskipafjelagið greiði ekki alt útsvarið hjer í Reykjavík, heldur njóti Akureyri af. Þegar fjelagið á að greiða útsvar hjer í Reykjavík, þá eru fjárhagsástæðurnar ekki sjerlega góðar, en eigi það líka að greiða útsvar á Akureyri og annarsstaðar úti um land, þar sem það hefir afgreiðslu, þá er það alt í einu orðið nógu ríkt til að bera útsvar. Þegar þetta er borið saman við fyrri ummæli, fer hugsanaferill hv. þm. að verða dálítið einkennilegur.

Hv. sami þm. las hjer upp úr reikningum fjelagsins fyrir árið 1923. Jeg veit ekki til, að þeir hafi enn þá verið prentaðir og jeg hefi ekki að þeim aðgang. En jeg hefi alla þá reikninga fjelagsins, sem komnir eru út. En jeg hefi ekki getað kynt mjer tölur reikningsins fyrir síðastliðið ár og get ekki hent það á lofti, sem hv. þm. les upp flumósa og eins og hann standi á öndinni. Hann nefndi svo og svo há skipagjöld, sem rynnu öll í bæjarsjóð hjer. Eða hvað? En ætli ríkið og aðrir bæir en Reykjavík fái ekki sinn skerf af þeim? Jeg veit það raunar, að vatnið hjer muni vera betra en annarsstaðar, — en mundi það nú samt ekki t. d. koma fyrir, að skipin tækju við og við vatn á öðrum höfnum?

Hv. 2. þm. Eyf. mun hafa hlaupið heldur ónotalega á sig, þegar hann vildi setja Eimskipafjelagið undir sama hatt og samvinnufjelögin. Kalla jeg það að slá öllum röksemdum saman. Ef Eimskipafjelagið teldist samvinnufjelag, yrðu yfirleitt öll togarafjelög og önnur hlutafjelög líka að teljast það. Er jeg viss um, að hann gerir flokk sínum ógreiða með þessu, því að hann mun innan flokksins vera einn um þá skoðun, að Eimskipafjelagið sje sama eðlis og samvinnufjelögin.

Í framkomu minni í þessu máli er engin ósamkvæmni. Jeg var með skattfrelsi samvinnufjelaganna, en jeg tel það mál alt annars eðlis en þetta. Og jeg geri glöggan mun á landsverslun, sem er ríkiseign, og Eimskipafjelaginu, sem er hlutafjelag, þótt það sje eign fjölda manna. Mun það og sannast mála, að 25 kr. hlutirnir, sem menn eiga úti á landi, ráði minstu um stjórn fjelagsins. Það munu vera 10 þúsund króna hlutirnir manna hjer í Reykjavík, sem mestu ráða við atkvæðagreiðslur á fjelagsfundum Eimskipafjelagsins.

Að hjer sje okrað á Eimskipafjelaginu lýsi jeg hrein og bein ósannindi, og getur hver athugað það, sem vill. Að á því verði okrað framvegis, er spá út í loftið, sem sprottin hlýtur að vera af miður góðum hvötum, en styðst við engar líkur.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að jeg hefði skift

um skoðun, því jeg hefði greitt atkvæði bæði með samvinnulögunum og lögunum um skattgreiðslu Landsverslunar. En það eru ósannindi hjá honum, að jeg hafi skift um skoðun í þessu máli. Og fyrst hann hefir athugað atkvæðagreiðslur mínar um samvinnulögin og sjeð, að jeg var þar, að hans áliti, rjettu megin, þá ætti hann að athuga fleiri atkvæðagreiðslur mínar, og hann mun þá komast að raun um, að jeg er altaf rjettu megin. Það er regla, sem hann ætti að gefa gaum að.

Tryggvi Þórhallsson: Það er aðeins örstutt athugasemd. Jeg ætla ekki að blása að þeim eldi, sem kviknað hefir hjer í deildinni út af þessu máli. En jeg vil aðeins minna hv. 4. þm. Reykv. (MJ) á það, sem hann sagði um annað náskylt mál í gær, sem sje útsvarsskyldu erlendra vátryggingarfjelaga. Mundi ekki vera alveg eins rjett að skattleggja Bergenska fjelagið og Sameinaða gufuskipafjelagið? Þau borga hjer ekki einn eyri í útsvar, en Eimskipafjelagið er aftur á móti útsvarsskylt í Kaupmannahöfn. Jeg veit, að hv. allshn., og þá helst háttv. 4. þm. Reykv., hefir kynt sjer, hvað eru lög í þessu efni erlendis. Væri æskilegt, að fram kæmi frv. um útsvarsskyldu nefndra fjelaga, því að jeg þykist vita, að það sje sameiginlegur vilji allra þm. að ná skatti af þeim.

Hv. frsm. minni hl. allshn. (JBald) kvað það geta orðið hættulegt lánstrausti Eimskipafjelagsins, að það væri undanþegið skatti. Þetta held jeg að sje alveg rangt, því að hvað getur sýnt meira traust á fjelaginu en að þing og stjórn sjeu samhuga um að gera það undanþegið sköttum og styðja það og styrkja á allan hátt? Það sýnir, að fjelagið er óskabarn þjóðarinnar, sem hún vill, að vegni sem best. Og í því ætti því að vera ekki lítið traust.

Björn Líndal: Það, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði í minn garð, voru mest dylgjur, sem ekki er hægt að svara og enda ekki svaraverðar.

Að öðru leyti fór hann með vísvitandi rangfærslur. Jeg hefi aldrei sagt, að jeg vildi gera Eimskipafjelagið að mjólkurkú Akureyrar, en hitt hefi jeg sagt, að *ef* á að gera það að mjólkurkú fyrir Reykjavík, þá eigi mitt kjördæmi rjettmæta kröfu til hluta af mjólkinni. — Annars nenni jeg ekki að eyða fleiri orðum við hann. En eins og það er víst, að þjóðin lifir ekki af einu saman brauði, jafnvel þótt það sje úr hans brauðgerðarhúsi, þá tel jeg hitt ekki síður víst, að þessari þjóð mundi ekki verða langra lífdaga auðið, ef hún ætti stjórnarfarslega að lifa á því pólitíska brauði, sem þessi hv. þm. hefir að bjóða.

ATKVGR.

Brtt. 391,I (ný 1. gr.) samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, MG, MJ, MT, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, BSt, JakM, JAJ, JBald, JK, JÞ.

nei: TrÞ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, HK, IngB, JS, BSv.

Tveir þm. (BJ, KlJ) fjarstaddir.

Brtt. 391,II (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 15:5 atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 391,III (ný fyrirsögn) samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:2 atkv. með fyrirsögninni:

Frv. til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 22 apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 404, 414).

Afbrigði um brtt. 414, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg hefi leyft mjer að bera hjer fram brtt., sem er í því fólgin, að reyna að fleyta Eimskipafjelaginu yfir þessi örðugleikaár með því að gefa því gjaldfrest á útsvörum þess. Jeg hefi hugsað mjer þetta á þann hátt, að fjelagið gefi út á gjalddaga skuldabrjef með 6% vöxtum, er nánar sje ákveðið um, hvenær verði leyst inn.

Til dæmis eru lagðar 5000 kr. á fjelagið þetta ár, og ef það skiftist niður á 10 ár, verður það tiltölulega mjög lítil fjárhæð, sem fjelagið þarf að greiða á hverju ári. Fjelagið fær þannig gjaldfrest þau árin, sem búist er við, að því muni verða erfiðust. Hygg jeg, að hv. þm., sem nú hafa fengið brtt. mínar, muni þegar geta áttað sig á því, að þær benda á miklu sanngjarnari leið heldur en þá, að takmarka útsvarsálagninguna eða kippa henni burt með öllu. Eimskipafjelagið fær þann frest, sem það þarf, en bæjarsjóður Reykjavíkur missir einskis í.

Í brtt. er jafnframt ákveðið, að fjelaginu sje *heimilt* að greiða útsvar sitt á þennan hátt, og er það því ekki skylt að gera það. Fjelagið gæti þá eftir vild greitt útsvarið á venjulegum gjalddaga eða neytt þessarar heimildar.

Þá er á sama þskj. varatill., sem er svipaðs eðlis. Hún er á þá leið, að á árunum 1925—1928, að þeim báðum meðtöldum, skuli Eimskipafjelaginu heimilt að greiða aukaútsvar sitt til bæjarsjóðs Reykjavíkur með hlutabrjefum fjelagsins. Ennfremur er þar ákveðið, að bæjarsjóði skuli skylt að taka við hlutabrjefunum með nafnverði.

Ef aðaltillagan verður samþykt, er fjelaginu sett í sjálfsvald, hvort það notar rjett sinn til þess að fá greiðslufrest á útsvarinu eða greiðir það í gjalddaga, en verði varatillagan samþykt, liggur það undir aðalfund fjelagsins, hvort arður er greiddur af hlutafjenu, svo að sú tillaga er öllu aðgengilegri fyrir fjelagið. Aðaltillagan tryggir bæjarsjóði hæfilegt útsvar, þó að hann fái það ekki greitt strax, heldur hafi á vöxtum um nokkur ár.

Jeg vænti þess, að hv. deild geti gengið að annarihvorri brtt.

Sigurjón Jónsson: Jeg hugði, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefði skilið við 2. umr., að lengra yrði ekki gengið til samkomulags heldur en brtt. meiri hl. allshn. fóru fram á. Níu deildarmenn fluttu frv. þetta um að undanþiggja fjelagið algerlega skatti til ríkissjóðs og sveitar. Um rjettmæti þessa var mikið rætt við 2. umr., og hugði jeg, að öllum hv. deildarmönnum hefði orðið það ljóst, að nægur styrkur var til þess hjer í hv. deild að koma frv. fram óbreyttu, þó að gengið væri að 5% skatti af ágóða fjelagsins til samkomulags. Jeg sje ekki, að þessar brtt. sjeu til annars en vekja nýtt karp um málið, og þykist jeg þess fullvís, að hv. deildarmenn muni ekki breyta stefnu sinni í því. Jeg sje ekki ástæðu til að endurtaka það, sem sagt var við 2. umr., en þá kom það fram, að engin sanngirni til þessarar háu útsvarsálagningar á fjelagið var fyrir hendi.

Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta; mjer finst þessi tillaga, sem komin er fram á síðustu stundu, án þess að hennar sje getið á dagskránni, ekki flutt til annars en að vekja nýtt karp, án þess að hv. flm. (JBald) geri sjer vonir um, að hún verði samþykt.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Það má vel vera, að nægur styrkur sje til þess að koma frv. fram. En þó að allmörgum deildarmönnum hafi verið smalað saman til þess að flytja þetta frv., hefir þó komið í ljós, að veilur hafa fundist í málinu, þar sem hv. deild hefir samþykt allvíðtækar breytingar á frv. Það er svo um sum þau mál, sem allmörgum hv. þm. hefir verið safnað saman utan um, til þess að tryggja sjer atkvæði þeirra, að því fremur er þá ástæða til að gagnrýna þau. Það er oft eins og menn finni, að málstaðurinn sje ekki sem ágætastur, og vilja því bæta það upp með því að standa því fleiri saman.

Jeg þakka það ekki svo mjög, þó að hv. deild hafi fallist á brtt. meiri hl. allshn. við 2. umr. og samþykt, að Eimskipafjelagið skyldi greiða mjög lágt útsvar af gróða sínum. Það eru samt skertir þeir tekjustofnar, sem Reykjavíkurbæ eru heimilaðir samkvæmt lögum, sem sje að leggja á menn eftir efnum og ástæðum, og fjelagið er sett öðruvísi en önnur hlutafjelög í bænum. Hjer er að ræða um óvenjulega undanþágu, og hefir ekkert komið fram, er geri það rjettmætt að veita fjelaginu þessi hlunnindi.

Jeg vil enn á ný mótmæla því, að Reykjavíkurbær hafi lagt ósanngjarnlega hátt útsvar á Eimskipafjelagið á undanförnum árum. Skýrsla borgarstjóra sýnir, að útsvar fjelagsins hefir verið mjög sanngjarnt. Það hefir haft ákaflega mikinn gróða sum árin, — og hvað á þá að leggja á, ef ekki það? Hv. deildarmönnum eru málefni sveitarfjelaga svo kunn, að þeir ættu að geta skilið, að ekki er rjett að gera stórgróða skattfrjálsan.

Þó að brtt. hafi komið á síðustu stundu, er þess að gæta, að engin dagskrá var lesin upp á síðasta fundi, þegar þetta mál var til 2. umr., svo að þá var ekki unt að vita, að 3. umr. yrði nú. Þá fóru 2 helgidagar í hönd, en síðastliðinn laugardag afhenti jeg skrifstofunni þessar brtt. Þó að þeim hafi ekki verið útbýtt fyr en nú á fundinum, hygg jeg, að þær sjeu ekki svo flóknar, að hv. deildarmenn geti ekki áttað sig á þeim og sjeð rjettmæti þeirra, ef nokkru á að breyta um útsvarsálagningu á Eimskipafjelagið. Með þeim er tilganginum náð, sem vakti fyrir flm. frv., að gera fjelaginu auðveldara að komast yfir erfiðleikana, sem búist er við, að það eigi að stríða við á árunum 1925—1928.

Sigurjón Jónsson: Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) talaði um, að sjerstök ástæða væri til að gagnrýna þau frv., sem fjölda þm. væri smalað saman utan um. Jeg veit ekki, til hverra hann talaði þetta, en hjer kemur fram sem oftar, að hv. þm. þykist einn vita og einn vera á rjettri leið. Mjer er ekki ljóst, hverjir eiga þá sneið, að þeir hafi látið ginna sig til þess að fylgja frv. í upphafi.

Jeg skal leyfa mjer að minna á, að það var ekki rjett farið með, er hv. þm. sagði við 2. umr., að útsvar fjelagsins hefði verið að meðaltali 8,7% af gróða þess. Þetta er rangt, eins og sýnt var fram á við 2. umr., því að það verður ekki talið hreinn gróði, sem er hreinn rekstrarafgangur, meðan ekki er dregið frá fyrir fyrningu skipa og annara eigna. Það verður að gera fyrst, áður en talað er um hagnað af rekstrinum, þó að ekki sje tekið tillit til vaxta af því fje, sem fjelagið hefir með höndum og starfar fyrir.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg verð enn að vísa til þess, sem jeg sagði við 2. umr. málsins, að það er

ómögulegt annað en að taka við útsvarsálagningu tillit til þess gróða, sem sýndur er á reikningum fjelagsins, hvað svo sem aðalfundur gerir við þann gróða eða hvernig sem hann ráðstafar fjenu. Frekar þarf jeg ekki að fara út í það nú, því jeg gerði það ýtarlega við 2. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vildi aðeins gefa þá upplýsingu, að það er ekki rjett, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir nú haldið fram um fyrningu skipanna. Það liggur ekki undir umráðum aðalfundar að ákveða, hvernig afskriftunum af bókuðu eignarverði skuli hagað, heldur undir stjórn fjelagsins. Þótt tekjuafgangurinn síðast væri um 200 þúsund krónur, þá fór hann samt allur í að afskrifa skipin. Þótt ekki sje dregið frá nema sem nemur 3—6% fyrir fyrningu skipanna — sem þó mun of lágt — þá verður raunin sú, að harla lítið er eftir af rekstrarafganginum.

ATKVGR.

Brtt. 414 (aðaltill.) feld með 19:2 atkv.
— 414 (varatill.) feld með 19:1 atkv.

Frv., óbreytt, samþ. með 19:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 404).

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 26. apríl, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 1. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 404, n. 487).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Eggert Pálsson): Þetta frv. er þess efnis að veita h/f Eimskipafjelagi Íslands undanþágu frá tvenskonar útgjöldum, sem sje að veita því í 5 ár undanþágu frá tekju- og eignarskatti, og undanþágu frá aukaútsvari í 4 ár. Eins og kunnugt er hefir Eimskipafjelagið lent í allmikilli fjárþröng, og það svo mikilli, að það hefir ekki getað greitt hluthöfum neinn arð af hlutafje sínu nú síðustu árin. Sú fjárþröng fjelagsins stafar af ýmsum ástæðum, en þó fyrst og fremst af því, að þegar fjelagið byrjaði starfsemi sína, varð það að fá erlent lánsfje. Lánið var tekið í Hollandi, en þar hefir gengið verið mjög hátt nú síðustu árin, og það hefir því þurft miklu meira fje í vaxtagreiðslur en við var búist þegar lánið var tekið. Útgjöld fjelagsins hafa því aukist mikið af þessum ástæðum. Fjelagið hefir líka lent í mikilli samkepni, sem hefir orðið því allerfið.

Fjelagið hefir heldur reynt að vera fyrir neðan önnur fjelög. Þetta hefir þingið sjeð og viðurkent, og hefir ætíð verið meira og minna fúst til að rjetta þessu óskabarni sínu hjálparhönd. M. a. er því í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir þinginu, ætlaður 45 þús. kr. styrkur. Þar sem nú svo er ástatt, að ríkissjóður leggur fjelaginu beinan styrk, og hinsvegar

má telja víst, að engir óski eftir að leggja á það tekjuskatt og eignarskatt, er styrkurinn úr ríkissjóði orðinn tvöfaldur, þá virðist það óviðfeldið og alls ekki rjettmætt, að bæjarfjelög eða sveitarfjelög fari að leggja á það aukaútsvör, sem myndu þá í eðli sínu vera útsvör á þennan styrk, sem ríkissjóður veitir fjelaginu. Að losa það undan allri útsvarsskyldu hefir engum komið til hugar, en menn fara fram á takmörkun, þannig, að ekki megi leggja meira á fjelagið en 5% af nettóágóða.

Frv. hefir gengið greiðlega gegnum hv. Nd., og vona jeg, að það þurfi ekki að stranda hjer í hv. deild. Vil jeg eindregið mæla með því, að frv. gangi í gegn óbreytt, eins og allshn. leggur til. Með því að svo er áliðið þingtímans, myndu breytingar á frv. að öllum líkindum hefta framgang þess á þessu þingi. Jeg veit, að allir hv. þm. bera þann huga til þessarar stofnunar, að þeir óska henni að blómgast áfram og að ekki fari fyrir þessu byrjunarfyrirtæki okkar til bættra samgangna á sjó eins og hefir farið fyrir Færeyingum, sem hafa orðið að gefast upp við sitt fjelag. Jeg veit, að menn vilja fúsir rjetta Eimskipafjelaginu hjálparhönd á þessum erfiðu árum, og þar á meðal einnig með því að samþykkja þetta frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., laugardaginn 3. maí, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls,

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 527).

---

45. Útsvar erlendra vátryggingarfjelaga.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um útsvarsálagningu erlendra vátryggingarfjelaga (þmfrv., A. 326).

Á 48. fundi í Nd., föstudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20:1 atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Magnús Jónsson): Þetta frv. er fram komið af þeirri ástæðu, að ekki hefir þótt sanngjarnt nje tilhlýðilegt, að innlend vátryggingarfjelög beri allhá útsvör til bæjarsjóðs, en erlend vátryggingarfjelög og líftryggingarstofnanir, sem hjer starfa og hafa hjer umboðsmenn, greiða ekki útsvar og reka þó mikla starfsemi hjer og hafa þar af miklar tekjur. Það er aðeins hægt að ná í umboðsmenn þessara fjelaga og leggja á tekjur þeirra og laun, en eins og nú er, er ekki hægt að ná til sjálfra fjelaganna.

Jeg held, að ekki þurfi að orðlengja um málið á þessu stigi. Hjer eru 20—30 fjelög, sem undir þessi ákvæði falla, og geta það orðið dálitlar tekjur og rjettmætar fyrir bæinn. Jeg vonast eftir því fyrir hönd allshn., sem flutt hefir málið og athugað það, að hv. deild láti það ganga til 2. umr., og svo áfram.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer virðist þetta frv. athugavert að ýmsu leyti. Í fyrsta lagi er mjer ókunnugt um það, hvaða venjum er fylgt annarsstaðar um það að leggja útsvör á tryggingarfjelög þar, sem þau aðeins hafa umboðsmenn. Og mjer þykir ekki líklegt, að okkur haldist uppi að hafa aðra reglu í þessu efni en tíðkanlegt er meðal annara þjóða. En um álögur slíkra stofnana, sem hjer ræðir um, munu gilda almenn ákvæði milli þjóða.

Í öðru lagi get jeg ekki sjeð, hvaða hlunnindi keppinautar þessara fjelaga hjer á landi mundu hafa af þessum ákvæðum. Ekki mundi útsvar Sjóvátryggingarfjelags Íslands lækka neitt við það, svo ekki bætti þetta hag þess í neinu, nema ef það yrði til þess, að iðgjöld hækkuðu; því alkunnugt er, að það er samkomulag meðal allra þessara fjelaga að taka sömu iðgjöld. En ef lögin yrðu til þess að hækka iðgjöldin, þá er hagurinn hæpinn af þeirri lagasetningunni. Enn má geta þess, að Reykjavíkurbær hefir gert samning um brunatryggingu húsa í bænum við tvö erlend brunatryggingarfjelög, og verða þau að sjálfsögðu undanþegin opinberum gjöldum, en jafnframt hefir fengist samkomulag við öll hin önnur fjelög, sem hjer annast brunatryggingar á lausafje, um að þau lækki iðgjöld sín um 10%. Veit jeg ekki, hvort frv. er samrýmanlegt þessum samningum. Held jeg, að rjett væri, að borgarstjóri og bæjarstjórn fengju að segja álit sitt um frv. áður en það kæmist lengra. Vil jeg því skjóta því að nefndinni, að hún athugi þetta áður en frv. kemur til 2. umr. og endanlegra úrslita í deildinni.

Frsm. (Magnús Jónsson): „Ekki veldur sá, er varar", má segja um hæstv. fjrh. (JÞ). En jeg get látið hann og aðra hv. þm. vita, að jeg hefi fyrir hönd nefndarinnar leitað upplýsinga um þetta mál hjá tveimur af bestu lögfræðingum þessa bæjar. Töldu þeir á þessu alls enga örðugleika. Annars hefi jeg ekkert við það að athuga, að nefndin haldi áfram að leita sjer upplýsinga til 2. umr. En eins og jeg hefi sagt, töldu þessir lögfræðingar ekkert á móti því, að þessi erlendu fjelög yrðu gerð útsvarsskyld. Má t. d. benda á það, að fjelög eins og þau, sem Trolle & Rothe eru umboðsmenn fyrir, þurfa ekkert útsvar að gjalda, en innlent fjelag, sem ekki fer með peningana út úr landinu, verður að gjalda mikið fje í bæjarsjóð. Um það, að ástæða sje til að ætla, að fjelögin hækki iðgjöld sín, sje jeg ekki, að menn þurfi að vera hræddir, þar sem útsvörin verða auðvitað lögð á með fullri sanngirni. Standi fjelag höllum fæti, verður útsvarið auðvitað minna en ef rekstur þess er í blóma. Annars hefi jeg ekkert á móti því, að borgarstjóri segi álit sitt um málið, en mjer finst þó rjett að tefja það sem allra minst að unt er. Get jeg ekki sjeð, að bæjarsjóður sje svo vel stæður, að hann hafi ástæðu til að slá hendinni á móti tekjum, sem bygðar eru á fullri sanngirni og með tilliti til venju þeirrar, sem er ríkjandi um skattstofna bæjar- og sveitarfjelaga.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta mál er ekki eins einfalt og hv. frsm. allshn. heldur. Starfsemi vátryggingarfjelaga fer fram á misjafnan hátt. Ýmist hafa þau umboðsmann, sem aðeins safnar vátryggj-

endum, en gefur engin skírteini út, eða þau þá láta umboðsmanninn gefa út skírteinin, taka við iðgjöldum og kvitta fyrir þau. Verður því ekki neitað, að síðari starfsemin er ólíkt æskilegri og heilbrigðari, en einmitt þetta frv. gæti komið því til leiðar, að starfsemin yrði sem mest bundin við útlönd og rekin á hinn fyrnefnda hátt. Hitt er og ábyggilega þörf á að athuga, hvort þetta getur ekki orðið til þess að hækka iðgjöldin. Tel jeg hætt við, að sú verði einmitt raunin, ef þetta kemur í bága við það, sem venja er um slík fjelög erlendis. En þar sem alls ekki eru til innlend vátryggingarfjelög, sem geti annað þeirri vátryggingarþörf, sem er hjer á landi, væri það mjög vafasamt, hvort rjett væri að setja lög, sem yllu hækkun iðgjalda.

Frsm. (Magnús Jónsson): Jeg hefi alls ekkert á móti því, að málið sje rannsakað og leitað sje umsagnar borgarstjóra. En eins og jeg hefi sagt, get jeg ekki komið auga á þá hættu, sem sagt er, að hjer sje um að ræða. Hingað til hafa fleiri fjelög starfað hjer á landi að vátryggingum en þörf hefir krafið, og trúi jeg því vart, að samkepni fjelaganna kæmi ekki í veg fyrir þessa hækkun, sem hæstv. fjrh. óttast svo mjög. Og hver má segja hvað sem hann vill um þetta mál, en jeg held því óhikað fram, að enginn sanngirnisvottur sje í því, að íslenskt vátryggingarfjelag þurfi að gjalda útsvar, en erlend og stórrík fjelög þurfi ekki að borga grænan eyri.

Vænti jeg annars þess, að hv. deild leyfi frv. að fara til 2. umr., og skal jeg fyrir þá umræðu hafa athugað það, sem hæstv. fjrh. þykir varhugavert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 326).

Frsm. (Magnús Jónsson): Þegar málið var til 1. umr. hjer í deildinni, var hreyft efasemdum um það, hvort rjett mundi að leggja aukaútsvar á þessi erlendu fjelög. Jeg býst við því, að það sje einróma álit allra hv. þm., að í raun og veru sje það rjett, að erlend fjelög, sem hafa hjer arð, sjeu skattskyld. Efasemdirnar eru því ekki því viðvíkjandi, hvort rjett sje að skattskylda þau, heldur um hitt, hvort það muni vera óhætt. Hafa sjerstaklega verið dregin fram tvö atriði gegn skattskyldunni.

Fyrra atriðið er það, að verði fjelögin skattskyld, muni þau reka vátryggingarstarfsemina á óheppilegri hátt en áður. Þau muni þá aðeins hafa hjer menn, er safni vátryggjendum, en fjelögin sjálf gefi út tryggingarskírteinin erlendis. Nú er svo kveðið á í lögum frá 1913 um starfsemi vátryggingarfjelaga, að skírteinin skuli gefin út á íslensku, öll nema sjóvátryggingarskírteini, sem einnig megi vera á öðru máli — og að fjelögin skuli hafa hjer umboðsmann og varnarþing. Virðist því með lögum þessum algerlega trygt, að fjelögin geti ekki fært starfsemina í hið óheppilega form, sem óttast er.

Hitt atriðið er miklum mun alvarlegra. Það er það, að ef sett sjeu hjer lög um skatt af vátryggingarfjelögum, sem ekki sjeu í samræmi við slík lög annarsstaðar í nágrannalöndunum, t. d. í Danmörku,

þá muni fjelögin taka það illa upp og hækka að mun iðgjöldin. Og í lögum um sama efni frá 1910 er vitnað til þessa og það staðfest. Það þarf því ekki að taka það sjerstaklega fram, að slík fjelög eru háð tekjuskatti eftir lögunum frá 1922. Það er og í þágu þessara fjelaga að fá að starfa hjer, og á því ríkið lögum samkvæmt að setja reglur um tekjur þessara fjelaga, til þess að tryggja það, að þau komist ekki betur af eða standi betur að vígi en innlend fjelög. Í Noregi eru lög um það, að bæjarfjelög geti skattlagt slíka starfsemi auk þess, sem ríkið tekur af þeim skatt. Jeg hefi ekki náð í heimildir um, að til sjeu lög um þetta efni í Svíþjóð, en menn, sem þar eru kunnugir, hafa fullyrt við mig, að þetta sje eins þar og í Noregi. Á Englandi er það allörðugt fyrir erlend fjelög að fá að starfa. Þess er gætt þar, að þau komist á engan hátt betur af en innlend fjelög. Jeg hefi sjeð brjef frá lögmanni einum, sem var spurður um þetta, og er þar bent á, að öll slík fjelög verði að skrásetjast í sjerstökum skrifstofum, sem eiga að gæta hagsmuna landsmanna í þessum efnum og sjá um, að slík erlend fjelög sleppi ekki við að greiða neina þá skatta, sem innlend fjelög verða að greiða, eða komist á neinn hátt of vel af þar í landi. Það er því alveg óhætt fyrir okkur að samþykkja þetta frv. þess vegna, að við göngum í engu framar öðrum þjóðum í þessu. Við erum miklu fremur langt á eftir öllum öðrum þjóðum í þessu. Það eru flestar þjóðir, sem verndа svo vel hag þegna sinna, að þær gæta þess, að erlendir menn eða fjelög geti ekki rekið atvinnu eða neina aðra starfsemi í landinu með meiri rjetti eða betri aðstöðu en innlendir menn.

Þess var óskað, að leitað yrði álits borgarstjóra Reykjavíkur um þetta mál, en það er auðvitað, að þess þarf vart að vænta, að hann viti meira en aðrir um þetta mál. Hann hefir brjeflega sent álit sitt um þetta mál og telur það æskilegt fyrir bæjarfjelagið, ef hægt væri að gera þessi fjelög útsvarsskyld. En á hinn bóginn er hann hálfhræddur um þetta sama, sem nú hefir verið á minst og sem sýnt hefir verið, að er ástæðulaust. Er það sýnilegt, að hann hefir ekki rannsakað þetta mál neitt sjerstaklega, en ræður aðeins til, að þetta verði ekki gert nema að vel athuguðu máli. Þetta, sem jeg nú hefi sagt, á jafnt við þessa hræðslu borgarstjóra og þær efasemdir ýmsra háttv. deildarmanna, sem vart varð við 1. umr. þessa máls. Það er vitanlegt, að þau erlend vátryggingarfjelög, sem hjer starfa, óska ekki eftir því að fá að borga þennan skatt. Það er eins með þau og aðra skattþegna, að þeim er ekkert um það gefið að þurfa að greiða mikla skatta. En að hinu er full ástæða til að gá vel, hvort með þessu sje hjer verið að íþyngja um of erlendum fjelögum, sem starfa hjer, svo þau hafi ástæðu til að kvarta undan því eða fái átyllu til þess að reyna að ná sjer niðri á okkur á einhvern hátt.

Í brjefi því, sem jeg áðan gat um, víkur borgarstjóri að því, að þessi erlendu fjelög hafi nýlega lækkað iðgjöldin fyrir brunatryggingar. Þessu má alls ekki rugla saman við skattfrelsi þeirra, því þetta er af alt öðrum rótum runnið. Þegar vatnsveitan komst hjer á, lækkuðu brunabótagjöldin um 20%, og var það ekki vegna minni álaga á fjelögin, heldur af því, að nú varð brunahættan miklu minni, og því minni áhættan við að taka að sjer brunatryggingar. Nú á síðari árum hefir verið gert mjög mikið hjer í bænum til þess að efla slökkviliðið og útvega því betri áhöld, og er það nú orðið svo miklu betra en áður

var, að því er ekki lengur saman jafnandi. Þá hefir og vatnsleiðslan verið aukin að helmingi nú alveg nýlega, og sem bein afleiðing af því einu áttu iðgjöldin að lækka að stórum mun, eins og þau nú hafa gert, en þó telja ýmsir, að þau hafi ekki lækkað eins mikið og rjett hefði verið. Þetta er alls ekki að skoða sem ívilnun af fjelagsins hálfu, heldur eiga iðgjöldin ávalt að lækka um leið og brunahættan minkar og tryggingarnar verða áhættuminni fyrir fjelögin. En þessu má alls ekki rugla saman við það, að fjelögin beri ekki þau sjálfsögðu gjöld til bæjar- og sveitarsjóða, þar sem þau starfa.

Jeg býst við, að allir hv. þm. sjái nú, að við göngum hjer ekki feti framar en rjett er og venja er annarsstaðar, og að hjer er alls ekki verið að íþyngja erlendum mönnum eða fjelögum frekar en innlendum. Það er aðeins verið að tryggja það, að hjerlendri starfsemi verði ekki íþyngt svo, að hún standi ver að vígi en það, sem erlent er. Það er t. d. hart, að Sjóvátryggingarfjelag Íslands starfi hjer við erfiðari kjör en erlendir keppinautar þess. Það væri og sjálfsagt sem afleiðing þess, ef ekki fæst leiðrjetting á jafnsjálfsögðu máli og þessu, að fjelagið hætti að starfa, — gæfist upp. Þessu íslenska fjelagi er vel stjórnað og hagur þess er alls ekki slæmur, og gæti því vel staðið sig við að hætta að starfa þess vegna. En ef það á aðeins að skattleggja innlenda starfsemi, er engin von til þess, að menn vilji reyna að fást við slíka starfsemi, ef erlend fjelög — keppinautarnir — eru skattfrjáls. Að öðru leyti er löggjöf okkar á eftir löggjöf annara þjóða í þessu efni. Samkvæmt norskum lögum er hægt að ná í erlend skipafjelög, sem sigla þar með ströndum fram, og skattleggja þau í þágu bæjarfjelaganna, en hjer er þetta ekki hægt. Jeg vonast því til, að þó að menn hafi óttast, að þetta mál hafi að einhverju leyti eitthvað brostið á í undirbúningnum, þá sje nú allur sá ótti í burtu, er það hefir verið sýnt, að þetta hafði ekki við rök að styðjast, og því geta nú háttv. þm. samþykt þetta frv. alveg óhræddir þess vegna.

Ágúst Flygenring: Það stendur í greinargerðinni fyrir þessu frv., og er auk þess öllum vitanlegt, að þetta frv. er borið fram samkvæmt ósk Sjóvátryggingarfjelags Íslands, sem greiðir allhátt útsvar í bæjarsjóð, en hin fjelögin, keppinautar þess, eru laus við þessa kvöð. En þó að þetta frv. verði nú samþykt, er óvíst, að það bæti í nokkru hag Sjóvátryggingarfjelags Íslands. Verstu keppinautar þess eru ensk fjelög, sem hafa samstarf mikið sín á milli um tryggingar allar á fiskiveiðaflota Breta, en hjá þessum ensku vátryggingarfjelögum er og togaraflotinn íslenski endurtrygður. Þetta eru að vísu keppinautar íslenska fjelagsins og næst alls ekki til þeirra að því er útsvarsálagningu snertir, en auk þess er íslenska fjelagið í viðskiftum við þá um endurtryggingar. Íslenska fjelagið starfar á líkum grundvelli og samvinnufjelög að því er endurtryggingar snertir, en þeir, sem endurtrygt er hjá, eru öflugar erlendar bankastofnanir. Auk þessa eru hjer mörg önnur erlend fjelög, sem starfa hjer án þess að hafa hjer umboðsmenn og taka allar endurtryggingar íslenska fjelagsins; því þó að Sjóvátryggingarfjelag Íslands sje alinnlent fjelag, getur það ekki tekið á sig sjálft nema lítinn hluta af áhættunni við vátryggingarnar, en það mun alls ekki vera hægt að ná í neitt af þessum fjelögum til að leggja á þau útsvar. Þá efast jeg og um, að hægt sje t. d. að ná í þau fjelög, 4 eða 5, sem Trolle & Rothe

eru umboðsmenn fyrir. Þau neita því, að þau hafi hjer umboðsmenn, en þau endurtryggja hjer öll, auk þess sem þau starfa og sem brunabótafjelög, sum af þeim. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir og bent á það, að ef lögð yrðu há útsvör á starfandi brunabótafjelög hjer, mundi það koma hart niður á okkur sjálfum í hækkuðum iðgjöldum. Fjelagið Danske Lloyd hefir hjer búsettan umboðsmann, og mætti því að vísu ná til þess, en öll hin fjelögin, sem jeg hefi nefnt, starfa hjer bak við tjöldin. Frv. þetta nær því alls ekki tilgangi sínum; það nær ekki til þeirra, sem helst skyldi ná í, og er því hætta á, að það yrði misrjetti úr, ef það yrði samþykt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg verð að segja það, að háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) hefir ekki getað sannfært mig um það, að þetta frv. megi ganga fram án nokkurrar undanfarinnar rannsóknar. Háttv. nefnd hefir nú leitað umsagnar borgarstjóra Reykjavíkur, sem jeg veit því manna kunnugastan, hve langt má fara í þessum efnum, vegna þess, að hann hefir í mörg ár staðið í stöðugum samningum við ýms þessara fjelaga um brunatryggingar hjer í bænum. Háttv. 4. þm. Reykv. hefði skýrt þetta mál miklu betur, ef hann hefði lesið upp alt brjef hr. Knud Zimsens, í stað þess að láta sjer nægja að vitna til einstakra atriða í því. En mjer þykir þetta brjef borgarstjórans vel þess vert, að hv. deild fái að heyra það alt, og mun jeg því lesa það upp hjer, enda er það ekki prentað mál. Jeg vil og benda hv. deild á það, að borgarstjóri Reykjavíkur á hjer hagsmuna að gæta fyrir bæjarsjóð Reykjavíkur, og geti hann fengið nýja gjaldþegna til að greiða útsvar í bæjarsjóð Reykjavíkur, er þess ekki að vænta, að hann slái hönd sinni gegn því, ef það reyndist fært að ná í þessar tekjur fyrir bæinn. En í brjefinu segir svo:

„Eftir eðli sínu virðist rjett, að öll vátryggingarfjelög, sem reka starfsemi hjer á landi, gjaldi útsvar til bæjar- eða sveitarsjóðs, en með því að svo er ástatt, að enn eru ekki til innlend fjelög, sem geta tekist á hendur allar þær margskonar vátryggingar, sem koma til greina, þykir mjer varhugavert að heimilað verði að leggja alment, ótakmarkað útsvar á erlendu fjelögin, því að þessi fjelög munu í heimkynnum sínum greiða útsvar, einnig af starfsemi sinni hjer. Skatturinn yrði tvöfaldur og mundi þá geta komið til greina, að iðgjöld hækkuðu, en fremur ber þó að keppa að hinu, að iðgjöld fyrir hverskonar vátryggingar geti lækkað.

Ef litið er á brunabótafjelög, þá vil jeg geta þess, að mjer hefir nýlega tekist með samningum við sambandsfjelag allra slíkra fjelaga, sem hjer starfa, að fá iðgjöld fyrir lausafje lækkuð um 12½% hjer í borginni, og það er ekki vonlaust, að með framhaldandi samningaumleitunum megi takast að fá frekari lækkun, ef til vill einnig fyrir önnur hjeruð landsins. Verði nú lögleidd ótakmörkuð útsvarsskylda fyrir fjelögin, má eins búast við að iðgjöld verði hækkuð aftur.

Brunabótafjelag Íslands, sem er eina innlenda brunabótafjelagið, mun ekki geta tekið að sjer allar tryggingar, enda heldur ekki fært um eitt að ráða upphæð iðgjalda, þar sem endurtryggingarfjelag eða fjelög þess ráða mestu um ákvörðun iðgjalda.

Um líftryggingarfjelög er það að segja, að ekkert innlent fjelag er til, og sennilega á það nokkuð í land, að þessi tryggging komist í innlendar hendur, en á meðan er hætt við, að erlendu fjelögin

reyndu að ná útsvarsgreiðslu sinni aftur með hækkuðum iðgjöldum. Hinsvegar er líftryggingin svo mikið þjóðhagslegt velferðarmál, að sjálfsagt virðist að vinna að því, að iðgjöld geti verið sem lægst, svo almenningi sje ekki ókleift að tryggja líf sitt.

Um slysatryggingar má segja hið sama og um líftryggingar, en um margskonar aðra tryggingarstarfsemi, svo sem bifreiðartryggingar, tryggingu gegn þjófnaði eða öðru tjóni o. s. frv., er nokkuð öðruvísi ástatt.

Þá er enn sjóvátryggingin, og stendur þar öðruvísi á, þar sem öflugt innlent fjelag er fyrir. Mjer er að vísu ekki kunnugt um, hvort Sjóvátryggingarfjelag Íslands er þess megnugt að takast á hendur allar sjóvátryggingar, en býst samt við, að ekki sje mjög hætt við, að iðgjöld hækki, þótt erlendum fjelögum væri gert að skyldu að greiða hjer útsvar, ef innlenda fjelagið hækkaði ekki sín iðgjöld. Hvort sjóvátryggingarfjelagið er fært um að ráða iðgjöldum, er komið undir því, hvernig endurtryggingu þess er varið, en um það er mjer ekki kunnugt.

Alþingi hefir nú til meðferðar frv. til laga um breytingu á ákvæðum tekjuskattslaganna um það, hvernig ákveða skuli tekjuskatt erlendra vátryggingarfjelaga til ríkissjóðs, og í fljótu bragði virðist hagkvæmt að fara eftir sömu reglum við álagningu útsvars, verði það lögleitt, og þarf að rannsaka þetta atriði.

Í stuttu máli er það skoðun mín, að enda þótt það sje mjög æskilegt, t. d. fyrir bæjarsjóð Reykjavíkur, að fá nokkra nýja útsvarsgjaldendur, þar sem eru erlend vátryggingarfjelög, þá verði að fara varlega í því að svo stöddu að íþyngja fjelögunum með ótakmörkuðu útsvari, að minsta kosti brunabóta-, líftryggingar- og slysatryggingarfjelögum."

Þetta segir þá herra borgarstjórinn, og er þetta einmitt það, sem jeg bjóst við. Jeg sje ekki annað en þetta svar hans bendi einmitt í þá átt, að málinu skuli skotið á frest til frekari og fullkominnar rannsóknar. Jeg hygg, að háttv. 4. þm. Reykv. geti ekki enn hafa rannsakað þetta mál nógu nákvæmlega, þrátt fyrir þessar upplýsingar hans úr 2 eða 3 löndum, sem hann kom með. Jeg hygg, að margt sje enn óupplýst af honum í tryggingarlöggjöf erlendra þjóða. En hvað um það, tryggingarstarfsemi er alstaðar skattskyld. En hjer er um það að ræða, hvort hægt sje að skattskylda þau fjelög, sem aðeins hafa hjer umboðsmenn, og tekur þetta til fleiri fyrirtækja en vátryggingarfjelaga. Það hefir hingað til verið litið svo á almennt, að ekki væri hægt að skattskylda til sveitarsjóða fyrirtæki fyrir það eitt, að þau hafi búsetta umboðsmenn á einhverjum stað. Það hefir til þessa ekki þótt fært að leggja útsvör á erlend skipafjelög, þótt þau hafi afgreiðslur hjer og hvar um landið og starfi hjer allmikið. Sameinaða og Bergenska gufuskipafjelögin borga hjer ekkert til opinberra þarfa, þó þau hafi hjer umboðsmenn og sigli hjer í köpp við innlent fjelag. *(MJ:* En hvernig er þessu varið með Eimskipafjelag Íslands í Kaupmannahöfn?). Eimskipafjelag Íslands starfar á alt annan veg í Kaupmannahöfn en þessi fjelög, sem jeg nefndi, starfa hjer. Eimskipafjelag Íslands hefir meira en afgreiðslu eina í Kaupmannahöfn; það hefir þar auk þess skrifstofu og starfar þar sem sjerstök deild af fjelaginu. Vitanlega verður það þess vegna að greiða bæði til bæjar- og ríkissjóðs þar, en það hefir náðst gott samkomulag um þetta við

stjórnarvöld þar í landi, og verður þetta því ekki reiknað sem þungbær kvöð á fjelaginu. Sama mundi verða að gegna hjer, ef erlent fjelag setti hjer upp skrifstofu fyrir eigin reikning; það mundi verða skattskylt bæði í bæjar- og ríkissjóð hjer. Mjer hefir sem sagt skilist það á allri framkomu hv. 4. þm. Reykv., að hann hefir ekki gert sjer nógu ljósa grein, sem ekki er heldur von til, fyrir jafnflóknu og erfiðu viðskiftamáli sem þessu. Hjer á orðtakið gamla vel við: „Ekki veldur sá, er varar", og vil jeg heldur, að Reykjavíkurbær missi af þessum útsvarstekjum en að þetta verði til þess, að öll tryggingariðgjöld hækki. Jeg vil og leyfa mjer að benda á, að þetta mál er borið fram á mjög óheppilegan og óviðfeldinn hátt, þar sem það er skjallega sannað, að frv. er fram komið og borið fram samkvæmt beiðni eins keppinauts hinna erlendu fjelaga, sem hjer starfa, og er því ekki heldur hægt að taka málið svo upp, að þessu fjelagi megi að gagni koma. Samkvæmt almennum rjettarreglum ætti beiðnin um þetta að hafa komið frá öðrumhvorum þeirra aðilja, sem hjer hafa hagsmuna að gæta í því efni, að skattskylda þessi fjelli ekki niður, ef tiltækilegt þætti að ná þessum greiðslum að lögum, þ. e. annaðhvort frá bæjarstjórn Reykjavíkur eða ríkisstjórninni. Þó frv. þetta yrði að lögum, mundi það ekki hafa nein bætandi áhrif á hag eða afstöðu Sjóvátryggingarfjelags Íslands, nema ef þessi útsvarsálagning yrði til þess, að iðgjöld hinna erlendu fjelaga hækkuðu og yrði til þess, að tekjur Sjóvátryggingarfjelags Íslands ykjust af þeim ástæðum. (*MJ:* Þetta er heldur ekki gert fyrir Sjóvátryggingarfjelag Íslands, heldur fyrir Reykjavíkurbæ). Jeg var í nefndinni þegar henni var sent þetta frv., og var þá ekkert dult farið með það, hvaðan það væri komið. Jeg læt svo þetta mál útrætt af minni hálfu og hefi nú sett fram þær ástæður og aðvaranir, sem jeg áleit nauðsynlegt, að hjer kæmu fram, og getur háttv. þd. svo tekið þær ákvarðanir í þessu máli, sem henni þykja rjettastar vera, óátalið af mjer.

Tryggvi Þórhallsson: Þó að hæstv. fjrh. (JÞ) sje nú sestur í helgan stein í þessu máli, verð jeg að ónáða hann, vegna þess að jeg varð of seinn til þess við 1. umr. þessa máls; en mjer kemur það afarkynlega fyrir sjónir, hvernig hæstv. fjrh. hefir snúist við þessu máli. Þegar hjer var fyrir þremur árum síðan rætt um skattfrelsi samvinnufjelaganna, sem þó eru ólík þessum fjelögum, hafði þessi sami hv. þm. á móti því, og var þó sýnt, að þau gyldu með því móti tvöfaldan skatt. En nú þegar beiðni er fram komin frá innlendu fjelagi um að rjetta hlut þess gegn erlendum keppinautum, rís hæstv. fjrh. öndverður upp móti þessu frv. og vill á engan hátt líða það, að stuggað verði nokkuð við þessum erlendu fjelögum, sem reka svo arðsama atvinnu hjer á landi. Jeg hefi lagst á móti því, að Reykjavíkurbær næði sjer í útsvarstekjur af Landsversluninni og öðrum slíkum þjóðþrifafyrirtækjum, en þegar erlend gróðafyrirtæki eiga í hlut, vil jeg sannarlega hjálpa til, að náð verði í skottið á þeim, þar sem hver eyrir af gróða þeirra færi ella út úr landinu. Tel jeg það vera beina skyldu Alþingis að hjálpa Reykjavíkurbæ til að ná útsvörum af þessum og öðrum því líkum fjelögum.

Það er meira að segja svo, að hjer eru margar erlendar verslanir í bænum, en eigendur þeirra sitja í Kaupmannahöfn

og þangað fer ágóðinn af versluninni. Jeg gæti fyrir mitt leyti gefið Reykjavík undir fótinn með það, að stuðla að því, að sjerstakur skattur yrði lagður á slíkar verslanir og styðja með því hina innlendu verslunarrekendur og þá kaupmenn, sem hjer eiga heima, því þeir nota það fje, sem verslunin gefur þeim í aðra hönd, til þess að veita fólki hjer atvinnu, þó ekki sje nema við það að gefa hjer út blöð, sem hvort sem er hafa ekki meiri áhrif en svo, að þau geta talist saklaus. Og loks vil jeg geta þess, út af því, sem hæstv. fjrh. sagði, að þessi útsvarsálagning gæti orðið til þess, að öll iðgjöld hækkuðu, að jeg álít svo mikla nauðsyn á því, að vátryggingarstarfsemin verði sem fyrst innlend, að það sje ekki nema gott, ef þessi skattur gæti flýtt fyrir því.

Frsm. (Magnús Jónsson): Jeg tók í fyrri ræðu minni fram flest af því, sem þörf var á, og greiddi úr ýmsum atriðum, sem vafi hafði helst leikið á um. En út af þeim umræðum, sem síðan hafa orðið, finn jeg ástæðu til að gera nokkrar athugasemdir.

Það mun rjett, sem háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF) sagði, að með þessu frv. yrði varla náð til allra, sem þörf væri á, en svo er jafnan með löggjöf sem þessa, að hún verður tæpast gerð svo úr garði, að einhverjir geti ekki smogið úr greipum hennar, og má vel vera, að með leppmensku og öðrum slíkum brögðum geti einhverjir komið sjer undan að greiða það, sem þeim ber að gjalda. Sýnir það, að löggjöfin er ekki nógu sterk. En þó sú yrði raunin á, þá er þó enginn vafi á því, að mikill fengur yrði að þessari löggjöf. Nú er það svo, að vátryggingarstarfsemin er stórt og mikið kerfi. Sjóvátryggingarfjelag Íslands verður t. d. að endurtryggja hjá erlendum fjelögum, svo nokkur hluti iðgjaldanna rennur út úr landinu, en nokkuð jafnar það sig upp með iðgjöldum erlendra fjelaga, sem endurtryggja hjá því, En þessi endurtryggingarstarfsemi er alstaðar skattfrjáls. Á hinn bóginn er enginn efi á því, að það var mjög þarft að stofna Sjóvátryggingarfjelag Íslands, eins og það var t. d. að sínu leyti þarft að stofna Eimskipafjelag Íslands. Og öll slík viðleitni, sem miðar að því að ná sem mestu af slíkri starfsemi úr höndum útlendinga á innlendar hendur, er fyllilega þess verð, að að henni sje hlynt.

Hv. sami þm. gat þess líka, að t. d. Trolle & Rothe myndu neita því, að þeir hefðu umboðsmenn hjer. En hjer er ekki um nema tvent að velja, að fjelagið sje innlent, og er þá ekkert hægra en að ná til þess, eða það hafi löggilta umboðsmenn, sem þá er skilyrði fyrir, að það megi starfa hjer, samkv. lögum 1913. Þetta haggar því ekki neitt, sem frv. flytur, að leggja skatt á aðalumboð þeirra.

Þá hefir hæstv. fjrh. ekki ennþá getað sannfærst, þrátt fyrir ítarlegar rannsóknir viturra manna og fróðra á þessu sviði. Og þó jeg sjálfur hafi kannske ekki mikið vit á þessum málum, eins og mjer virtist hann vera að gefa í skyn, þá hefi jeg þó ráðfært mig og borið mig saman við menn, sem mikla þekkingu hafa á þessum efnum, svo jeg gat hugsað, að álit þeirra mundi nema burtu helstu efasemdirnar, sem hann gengur með. Hjelt jeg ekki, að hann færi að fjandskapast við málið, heldur hitt, að hann hugsaði sem svo, að ekki veldur sá er varar, eins og hann líka tók fram. En ummæli hans hafa einmitt gefið mjer ástæðu til að rannsaka þetta mál ítarlegar en ella, og

við það hefi jeg ennþá betur sannfærst um það, að í alla staði sje rjett til þess stofnað.

Hæstv. fjrh. las upp brjef frá borgarstjóra Reykjavíkur. Vel má vera, að það hafi verið af brögðum gert, að bera mál þetta undir hann. Eins og kunnugt er, hefir borgarstjórinn undanfarið staðið í samningum við erlend vátryggingarfjelög, en undir slíkum kringumstæðum verða menn allra hræddastir og halda gjarnan að alt, sem gert er, verði til þess að spilla fyrir samningum þeirra. Hæstv. fjrh. sagði líka, að svarið hefði orðið alveg eins og hann hefði búist við. Annars leikur mjer ekki neinn hugur á að fara frekar út í þetta brjef; þrátt fyrir skörulegan lestur hæstv. ráðherra, þá held jeg, að enginn hafi getað komið auga á neitt í því, sem afsannaði það, sem jeg hefi sagt. Hinsvegar lýsti það helst einhverjum huldum ótta, eins og þar sem t. d. er talað um „ótakmarkaða útsvarsskyldu" þessara erlendu fjelaga, sem leiði til þess, að iðgjöldin hækki. Það gæti hugsast, að ef svo færi, að fjelögunum væri sýnd stórkostleg ósanngirni, þá myndu þau kvarta. En jeg hefi alveg nýlega talað við mann, sem hefir á hendi umboð nokkurra erlendra vátryggingarfjelaga, og hann var ekki neitt hræddur við slíkar afleiðingar. Og þar sem þessi er venjan erlendis, þá verður varla sagt, að við sýnum neina sjerstaka óbilgirni, og meðan við göngum ekki lengra, þá má telja víst, að nóg fjelög sjeu til, sem myndu tilbúin til að taka upp þennan atvinnurekstur. — Sannleikurinn er sá, að við höfum í þessu efni verið alveg óþarflega eftirgefanlegir í samanburði við erlendar þjóðir. Það er meira að segja víst, að giltu hjer sömu lög um þetta eins og í Danmörku, þá hefði Sameinaða gufuskipafjelagið þurft að borga útsvar hjer og Eimskipafjelag Íslands vafalaust verið látið greiða útsvar í Kaupmannahöfn, þó það hefði ekki haft útibú þar. Og hvað brjef borgarstjórans snertir, þá er þar, eins og jeg hefi áður tekið fram, ótti, en engin gögn. Og hvað iðgjaldalækkunina fyrir Reykjavík snertir, þá orsakast hún af því einu, að brunamálum bæjarins er komið í betra horf en áður var. Vátryggingarfjelögin rannsaka með vísindalegri nákvæmni, hvað mikið gjald þau þurfa að taka, og þá er eðlilegt, að eftir því, sem öryggið vex, fari gjöldin lækkandi. Svo hefir það orðið hjer. Útsvarsskyldan er því óviðkomandi.

Hitt er auðvitað mál, að það er í þágu hinna erlendu vátryggingarfjelaga, að við níðumst sem mest á okkar eigin fjelögum. En gróðinn af þessu fyrir Sjóvátryggingarfjelag Íslands yrði sá, að það stæði jafnt að vígi hinum hvað álögur þessar snertir. Það er ekki þar fyrir, að erlendu fjelögin þyrftu að hækka iðgjöldin. Afleiðingin yrði aðeins sú, að þau græddu í sama hlutfalli og okkar innlenda fjelag. Það er játað og viðurkent, að frv. þetta er borið fram eftir ósk Sjóvátryggingarfjelags Íslands; að minsta kosti get jeg trúað, að svo sje, þótt frv. sje ekki það-an komið. En frá mínu sjónarmiði er engin goðgá í því, fremur en í því, að tekið er fyrir frv. frá Eimskipafjelagi Íslands um að leysa það undan útsvarsskyldu. Orsökin er sú, að fjelagið veit best um það sjálft, hvar skórinn kreppir.

Annars er það þýðingarlaust að vera að karpa um þetta hjer. Jeg vænti, að hv. deild sjái, að það er engin hættubraut, sem verið er hjer að leggja út á. Þess vegna hefir heldur ekki tekist að koma með neinar skynsamlegar mótbárur

gegn frv., og alt umtal um ósanngirni og ásælni gegn útlendum fjelögum í þessu máli er högg út í loftið.

Magnús Torfason: Eftir því sem mjer skilst, myndi rjetta leiðin í þessu máli vera sú, að skattskylda sum af þessum erlendu fjelögum, en önnur ekki. Hinsvegar býst jeg ekki við, að það þurfi að óttast, að níðst verði um of á þessum fjelögum. Aðalaðsetur flestra þessara fjelaga er í Reykjavík, og á þá Reykjavík mest á hættu um að hækkuð yrðu iðgjöldin, ef farið væri að sýna þeim ósanngirni. Og þar sem flestir íslenskir botnvörpuskipaeigendur munu tryggja skip sín hjá erlendum fjelögum, þá hygg jeg, að þeir menn með öllu sínu fylgiliði sjeu svo ríkir og áhrifamiklir, að bæjarstjórn og niðurjöfnunarnefnd myndu taka tillit til þeirra í sínum tillögum, ef sú yrði raunin á, að þrengt væri kosti þeirra með of háum skatti á fjelögunum, sem þeir tryggja skip sín hjá. En þyki þetta ekki næg trygging gegn yfirgangi bæjarstjórnar, mætti koma að brtt. við frv. þetta við 3. umr., þess efnis, að samþykki atvinnumálaráðuneytisins þurfi til þess, að skatt megi leggja á þessi fjelög. Annars er jeg í öllu meðmæltur stefnu frv., þeirri, að styðja innlend fyrirtæki, og tel hverja slíka viðleitni góðra gjalda verða.

Loks er eitt atriði, sem jeg vildi minnast á áður en jeg lýk máli mínu. Hjer hefir mikil áhersla verið lögð á það, hverjir væru erlendir siðir í þessum efnum, og má vel vera, að það sje mjög gott til leiðbeiningar. En hvers vegna var ekki á þetta minst í öðru máli, sem hjer hefir nýlega verið til umræðu og snerti mjög mikið hag ríkissjóðs? Jeg veit nefnilega ekki til, að nokkursstaðar hafi verið sá háttur upp tekinn að skattleggja ríkisstofnanir, og átt hefi jeg tal um það við kunnuga menn, og vita þeir heldur ekki til, að slíkt viðgangist nokkursstaðar. En þegar það mál var hjer á döfinni, þá var ekki verið að spyrja um, hvort það væri útlendur siður eða ekki.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 326).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 326).

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 26. apríl, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., föstudaginn 2. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 326, n. 499 og 502).

Of skamt var liðið frá útbýtingu beggja nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. meiri hl. (Eggert Pálsson): Allsherjarnefnd hefir athugað þetta litla frv. og meiri hl. hennar leit líkt á það og borgarstjóri virðist hafa litið á það. Meiri hl. ljet prenta brtt. við þetta frv., en hefir nú fallið frá þeim. Eins og þá stóðu sakir hafði nefndin ekkert á að byggja nema eitt brjef, brjefið frá borgarstjóra. Nefndin hefði viljað eiga tal við formann Sjóvátryggingarfjelags Íslands um þetta mál, en það var ekki hægt, sökum þess að hann var ekki í bænum. Nefndin hafði því lítið af góðum heimildum um málið, en meiri hl. hugði, eins og borgarstjóri tekur fram í brjefi sínu, að ef lagt væri útsvar á líftryggingarfjelög, þá mundi það verða til þess að iðgjöld hækkuðu, og það kæmi því aðeins niður á viðskiftamönnum þeirra. En nú hefir nefndin fengið nýjar upplýsingar, sem sýna, að það er engin hætta á slíku, því slík fjelög greiða alla venjulega skatta og álögur í öðrum löndum, og geri því ráð fyrir að gera það eins hjer sem annarsstaðar. Það er því komin hjer ný ástæða fram, sem sýnir, að það er sjálfsagt fyrir okkur meiri hl. að taka brtt. okkar aftur. Og þegar svo er ástatt, sje jeg ekki, að við brjótum nokkuð odd af oflæti okkar með því. Jeg sje aðeins eftir pappírnum, eins og maðurinn sagði, pappírnum, sem hefir farið í þetta allítarlega nefndarálit. Nefndin mælir því með því, að frv. þetta sje samþykt óbreytt.

ATKVGR.

Brtt. 499 teknar aftur.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., mánudaginn 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 326).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 536).

---

46. Aukaútsvör ríkisstofnana.

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 14. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um aukaútsvör ríkisstofnana (þmfrv., A. 120).

Á 26. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Það var viðurkent til skamms tíma, að ríkið ætti ekki að greiða aukaútsvar af stofnunum sínum. En eftir það, að Landsverslun var sett á stofn, tók niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur að leggja á hana aukaútsvar, og svo var gert víðar um land. Reis mál út af þessu og lauk því svo, að ríkið ætti ekki að greiða aukaútsvar af verslun, sem væri stofnuð og rekin sem bjargráðastofnun.

Nú eftir að ríkið hafði tekið í sínar hendur einkasölu á tóbaki og áfengi, tók niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur aftur að leggja aukaútsvar á verslun ríkisins. Mun það hafa numið á síðasta ári eitthvað 90

þús. kr. Og standa nú yfir mál um það, hvort þessi verslun sje útsvarsskyld eða ekki. Úrskurður hefir fallið í málinu fyrir fógetarjetti á þá leið, að þessar verslunarstofnanir ríkisins væru ekki útsvarsskyldar. Jeg ætla nú ekki að leiða neinar getur að því, hvort það mál muni vinnast eða ekki. En mjer þótti þó rjett að bera þetta frv. fram, til þess að firra ríkissjóð útgjöldum, ef svo skyldi fara, að málið tapaðist. Hinsvegar get jeg ekki annað en viðurkent það, að það sje sanngjarnt, að þessar stofnanir borgi eitthvert gjald í bæjarsjóð, vegna þeirra hlunninda, sem þær njóta af hálfu bæjarfjelagsins, og eins vegna þess tekjumissis, sem bæjarsjóður hefir orðið fyrir við það, að þessar stofnanir voru settar á laggirnar, en smærri verslanir, sem bærinn hafði tekjur af, lögðust niður. Hjer er þetta gjald sett 5% af nettóágóða. Mjer er ekki kappsmál, að þessi upphæð sje ákveðin fremur en einhver önnur. En það er aðalatriði, að upphæðin sje ákveðin. Það er ógerningur fyrir ríkissjóð að verða að greiða það, sem niðurjöfnunarnefnd eða bæjarstjórn þóknast að ákveða. — Sem sagt þótti mjer þetta sanngjarnt, og jeg vona, að því verði tekið vel. Eins og jeg sagði áðan, stend jeg ekki svo fast á því, að gjaldið sje ákveðið 5%. Það atriði má athuga í nefnd.

Jeg lít á þetta frv. sem tekjuaukafrumvarp, þó í smáum stíl sje, eða ráðstöfun til þess að firra ríkissjóð gjöldum. Jeg álít, að það sje ekki hægt fyrir ríkissjóð að leggja sig undir útsvarskvaðir niðurjöfnunarnefnda eða hreppsnefnda um alt land.

Annars mun jeg ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, meðan ekki koma mótmæli gegn því.

Sveinn Ólafsson: Jeg er mjög þakklátur hv. flm. frv. (MG) fyrir það, að hafa komið fram með þessa öryggisráðstöfun; hún hefði reyndar þurft að koma fram miklu fyr, enda hefði svo farið, ef nokkurn hefði dreymt um það, að sjálfur ríkissjóðurinn yrði skattlagður af Reykjavíkurbæ og gerður að mjólkurkú bæjarins. En betra er seint en aldrei að sjá við þessu. Það má ekki koma fyrir, að þetta frv. strandi, því að þá tryggingu má ekki vanta, sem í því felst. Jeg mundi reyndar vera ánægðari með frv. þetta, ef úr því væri feld 2. gr., um 5% gjald ríkisverslana í bæjarsjóð. Jeg álít, að 1. grein sje einhlít og 2. gr. megi falla niður að skaðlausu. Jeg álít, að þessi 5%, sem flm. leggur til, að greidd sjeu af ríkisverslununum í bæjarsjóð, sje aðeins tilraun til málamiðlunar, til þess að málið gangi hljóðlegar fram. En það er mín skoðun, að þetta gjald í bæjarsjóð Reykjavíkur sje alveg ófyrirsynju. Það er að vísu svo, að þessi ríkisverslun tekur að nokkru leyti gjaldstofna frá bænum, sem lagt mundi hafa verið á, svo sem tóbaksverslanir einstakra manna. En þess ber að gæta, að sala þeirra vörutegunda, sem Landsverslun hefir með höndum, mundi ekki aðeins vera í höndum bæjarmanna, ef Landsverslun vantaði, heldur í höndum manna úti um alt land, og er álögurjetturinn því ekki nema að litlu leyti tekinn frá bæjarsjóðnum.

Til samkomulags við flutningsmann og til málamiðlunar, ef málinu væri þá betur borgið, gæti jeg gengið inn á það, að örlítið gjald væri látið renna í bæjarsjóð, svo sem 1—2% af nettótekjum ársgróðans. En annars get jeg alls ekki felt mig við það, að ríkissjóður sje skattskyldaður hjer í Reykjavík eða í öðrum

sveitar- og bæjarfjelögum. Mjer finst þá mega eins fara fram á það, að sjálf ríkisfjehirslan væri skattskylduð til bæjarins, fyrst hún er hjer í bænum, og sjá allir, hve fráleitt slíkt væri.

Jeg þykist hafa litið svo til, að nokkrir þm. í þessari hv. deild líti líkt á þetta mál og jeg og vilji styðja að því, að 2. gr. frv. falli burtu. En telji háttv. flm. það ósigurvænlegra, þá er rjett að leita hófanna um niðurfærslu hundraðsgjaldsins.

Hákon Kristófersson: Jeg býst við, að þessu máli verði vísað til nefndar, og vildi jeg beina til hennar örfáum orðum. Jeg er háttv. flm. (MG) þakklátur fyrir að hafa flutt þetta frv., og honum sammála um stefnu þess. En jeg vildi skjóta því fram, hvort hlunnindaákvæði þau, sem í frumvarpinu felast fyrir verslunarstofnanir ríkissjóðs, mundu ekki mega ná til Eimskipafjelags Íslands, a. m. k. þau ár, sem það greiddi ekki arð af hlutafje sínu. Eimskipafjelagið er, eins og öllum er kunnugt, sameign landsmanna og ríkissjóðs, að því leyti að ríkissjóður á mikla hluti í fjelaginu. Mjer virðist því rjettmætt, að það fjelag yrði þeirra hlunninda aðnjótandi, sem gert er ráð fyrir í frv.

Þessu vildi jeg beina til væntanlegrar nefndar, henni til athugunar.

Fjármálaráðherra (KlJ): Jeg vil þakka háttv. flm. fyrir að hafa flutt þetta frv. Jeg tek undir það með honum, að mjer þykir illa við eiga, að ríkissjóður eigi undir högg að sækja við niðurjöfnunarnefndir og sveitarstjórnir. Þetta gamla ákvæði, sem heimilar að leggja aukaútsvör á eftir efnum og ástæðum, er svo rúmgott og teygjanlegt á alla vegu, að menn hafa það alment á tilfinningunni, og það ekki síst í þessum bæ, að það þyrfti sem fyrst að hverfa frá þessari reglu og finna annan betri grundvöll.

Síðastliðið ár hafa komið kærur frá ýmsum stærstu atvinnurekendum hjer undan útsvarsálögunum. Hafa þeir borið sig upp við stjórnina út af þessu, og hafa sumir ekki verið mildir í máli gagnvart þessu fyrirkomulagi. En stjórnin hefir ekkert vald til að breyta neinu til um útsvör manna, hvað ranglát sem þau kunna auðsýnilega að vera. Álagningarnar á ríkisstofnanir ná ekki neinni átt í samanburði við tekjurnar, stundum 25% af arðinum, og er því þetta frv. næsta þarflegt.

Þó get jeg ekki verið sammála hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um það, að fella beri niður 2. gr. frv. Þvert á móti virðist mjer það ósanngjarnt gagnvart bænum, ef hann hefir engar tekjur af þessari starfsemi, sem er rekin hjer. Það er alkunnugt, að áður en tóbaksverslunin var gerð að ríkiseinkasölu, þá voru hjer margir menn, sem höfðu góða atvinnu af því að versla með tóbak, og auðvitað hafði bærinn tekjur af atvinnurekstri þessara manna. Um leið og þessi atvinna er tekin af þessum mönnum með einkasölunni, þá er bærinn sviftur þeim tekjum. Jeg álít því, að það komi ekki til nokkurra mála, að bærinn fái ekki eitthvað í sinn sjóð frá þessum stofnunum ríkisins. Hvað mikið, — hvort það eigi að vera 5%, — það segi jeg ekkert um. Það mun nefndin athuga.

Jeg mun greiða frv. atkvæði til nefndar og áfram, og vona, að nefndin taki því vel.

Jón Baldvinsson: Mjer skildist af ræðu hæstv. fjármálaráðherra (KlJ) viðvíkjandi aukaútsvörum hjer í Reykjavík, að hann hallaðist að því, að niðurjöfnunar-

nefnd hafi gengið æðilangt í álögum sínum, og menn hafi komið með kærur til stjórnarinnar út af því. Mjer er nú ekki kunnugt um nema einn. Annars hafa afskifti hæstv. stjórnar af þessu máli ekki verið allskostar heppileg. Og það er afskiftum ríkisstjórnarinnar að kenna, að bæjarsjóður hefir ekki náð útsvari, sem hann átti að vera búinn að fá. Ríkisstjórn á ekki að lögum að hafa nein afskifti af útsvarsmálum, og alls ekki viðeigandi, ef hún stuðlaði að því, að þeir menn slyppu við útsvar, sem á allan hátt reyna að skjóta eignum sínum undan gjöldum, þó þeir vitanlega hafi rakað saman fje í bæjarfjelaginu og láti ekkert á bresta til þess að lifa sem þægilegustu lífi. Mjer virðist það sanngjarnt, að bærinn fái hátt útsvar hjá þeim mönnum, sem virðast vaða í peningunum.

Annars skal jeg segja það viðvíkjandi þessu frv., að mjer virðist rjett að ákveða með lögum, hvert útsvar ríkissjóður eigi að greiða af fyrirtækjum sínum í bæjarsjóð. Og jeg get í því einu verið sammála hæstv. fjrh. (KlJ), að það hafi verið óheppilegt, hve hátt útsvar hefir verið lagt á stofnanir ríkisins hjer í Reykjavík, því að það eru miklar líkur til, að þessi útsvör muni ekki fást í bæjarsjóð, og þá tapar bæjarsjóður þessum fjárhæðum, sem annars mundu hafa verið lagðar á aðra gjaldendur.

Fjármálaráðherra (KlJ): Mig furðar á því, sem háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) segir, að það hafi ekki komið nema ein kæra út af útsvörum hjer í bænum. Það komu þó 2 samtímis til bæjarstjórnar, og mjer er kunnugt um a. m. k. 3 aðrar, sem fóru í svipaða átt.

En þar sem þessi háttv. þm. beindi því að mjer, að það hefði verið mjer að kenna, að bæjarsjóður fjekk ekki þær tekjur, sem hann átti að fá, þá er þetta rangt. Það var einmitt mjer að þakka og öðrum manni hjer í bænum, að annar helmingur þessa afarháa og, að því er mjer virðist, ósanngjarna álags fjekst þegar. Um það, hvort niðurjöfnunarnefnd hafi gengið of langt, skal jeg ekki dæma. Mjer persónulega finst hún hafa gengið nokkuð langt. En það, sem jeg vildi hjer sjerstaklega ávíta, er það fyrirkomulag, að geta ekki fengið rjetting sinna mála í þessu efni annarsstaðar en hjá bæjarstjórn. Slíkum málum ætti að mega skjóta til stjórnarráðs eða dómstólanna.

Jakob Möller: Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði í ræðu sinni, að það væri ófyrirsynju að leggja nokkurt útsvar á ríkisstofnanir til bæjarfjelaga, þar sem þær eru reknar. Jeg veit ekki, hvernig þetta er hugsað. Ef maður hugsar sjer nú þjóðnýtingu yfirleitt á öllum höfuðatvinnugreinum, svo sem útgerð, fiskiveiðum og verslun, þá má óhætt gera ráð fyrir, að bær eins og Reykjavík, með 20 þúsund íbúa, hefði heldur litlar tekjur, því allar stórtekjur einstaklinganna væru þá horfnar. Hvernig á þá bærinn að fá þau gjöld, sem nauðsynleg eru til starfrækslu bæjarins? Af rekstri þjóðfjelagsins hjer. — Nú þegar hefir verið þjóðnýtt verslun með tóbak, vín og steinolíu. Og það liggur í hlutarins eðli, að töluverð gjöld hafa gengið til bæjarins af þessum atvinnurekstri áður en hann var tekinn til þjóðnýtingar. Og svo verður enn að vera. Annars mætti tína á þennan hátt tekjustofnana af bænum þangað til hann hefði ekkert eftir til sinna þarfa. Þar að auki eru þessar stofnanir reknar í ágóðaskyni, og því tvímælalaust útsvarsskyldar samkvæmt lögum. Hjer kemur

ekki til greina samanburður við ríkissjóð, því hann getur alls ekki orðið gjaldskyldur bæjarsjóði á þennan hátt. — Jeg hefi vitanlega átt von á því, að frv. eins og þetta mundi koma fram. Jeg hefi búist við því, að einhverjar hömlur yrðu settar fyrir því, hve mikið mætti skattskylda þessar stofnanir til bæjarfjelaganna. En jeg sje enga ástæðu til þess að gera upp á milli ríkisstofnana og einstaklinga, svo sem sumir vilja gera.

Hæstv. fjrh. (KlJ) þótti óviðurkvæmilegt fyrir ríkissjóð að leggja sig undir útsvarsskylduákvæðin, en það sama gildir um einstaklinga. Það væri því rjett að athuga, hvort ekki mætti finna tryggilegra fyrirkomulag í þessu efni, og ætti nefndin að athuga það. Og ef tillögur koma, sem ráða bót á þessu, þá sje jeg enga ástæðu til þess að gera undanteknингu fyrir þessar stofnanir ríkisins.

Þá virðist mjer gjaldið of lágt ákveðið í frv. Alment þegar útsvör eru lögð á eftir tekjum, þá er tekið af stærri gjaldendum a. m. k. 10%, og jeg sje ekki ástæðu til að hafa það lægra fyrir þennan gjaldanda. Jeg fyrir mitt leyti get ekki gert upp á milli ríkisverslunar og einstaklinga, þegar hvorartveggja eru reknar í gróðaskyni.

Það var alveg rjett hjá hv. 1. þm. S.-M., að þessar verslanir eru stærri af því að hjer er komin á eina hönd heildverslun fyrir alt landið. En hjer gildir það sama fyrir þennan atvinnurekstur og annan, að því stærri sem hann er, því meiri skyldur hefir hann til þess að taka þátt í gjöldum bæjarins. Það er því ástæðulaust að lækka gjaldið af þessari ástæðu.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vildi segja nokkur orð, einkum vegna andmæla hv. 3. þm. Reykv. (JakM) gegn orðum hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Mjer þykir vænt um, að þetta frv. er komið fram, eins og þeim hv. þm. (SvÓ), og stend næst honum í málinu. Hv. 1. þm. Skagf. (MG) vill með sínu frv. takmarka skattskyldu þessara stofnana ríkisins, sem hjer ræðir um, til bæjarsjóðs. En hinsvegar telur hann, og eins hv. 3. þm. Reykv., að teknar hafi verið tekjur af bæjarsjóði með tóbakseinkasölunni, og því rjett, að bærinn fái nokkurn skatt frá þessari stofnun í staðinn. Þetta finst mjer alveg rangt. Það mætti þá alveg eins hugsa sjer, að póstmálin og síminn væru fengin til rekstrar einstökum mönnum, og þá ætti bæjarsjóður vitanlega að fá skatt af þessum rekstri. Mjer sýnist því, að næsta sporið verði það, að leggja útsvar á þessa starfrækslu ríkisins, eftir þessum röksemdum að dæma.

Þá vil jeg, að gjaldið, sem frv. tiltekur, verði lækkað, eins og hv. 1. þm. S.-M. talaði um, ef 2. gr. frv. er ekki feld niður, sem væri rjettast.

Magnús Torfason: Mjer finst á umræðum um þetta mál, að það vera litið nokkuð einhliða á það, þannig, að það virðist vera gengið út frá því, að Reykjavíkurbær hafi engan hag af þessum stofnunum ríkisins og verslunarrekstri. En það er vitanlegt, að Reykjavík hefir afskaplegan hagnað af þessum stofnunum.

Við vitum, að hjerumbil allar stofnanir landsins eru saman komnar hjer í Reykjavík. Og það eru ekki hvað síst þessar stofnanir, sem hafa eflt uppgang bæjarins. Þær hafa fjölgað fólki, sem hefir góða atvinnu og eykur verslun í bænum. Og af þessu hefir bærinn stórtekjur.

Alstaðar úti um land er það hið mesta

keppikefli að fá til sín í sína sveit slíkar opinberar stofnanir, þó engum detti í hug að leggja eyri á þær. Ef alþýðuskóli er stofnaður, þá hlaupa sveitirnar upp til handa og fóta og bjóða jarðir og önnur fríðindi, bara til þess að geta fengið til sín slíka stofnun og notið þeirrar menningar, sem hún veitir, og til þess að geta lagt á starfsmenn hennar.

Jeg verð að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að Reykjavík lifi mikið til á landssjóði. Og við skulum sjá til, hvernig færi, ef allar stofnanir ríkisins væru fluttar hjeðan. Það hefir verið kvartað yfir því, að höfuðstaður okkar væri tiltölulega alt of stór, saman borið við sveitir landsins. Enda slíkt áreiðanlega óheppilegt.

Jeg verð þess vegna að líta svo á, að það sje í raun og veru alveg nóg, að Reykjavík getur skattlagt starfsmenn þessara stofnana, þó að stofnanirnar sjálfar verði ekki skattlagðar. Svo ber einnig að gá að því, að Reykjavík situr fyrir bestu kjörum að því er snertir verslunarstofnanir, og eykur það gjaldþol íbúanna ekki svo lítið. Jeg skal aðeins nefna eitt dæmi: Nú sem stendur er t. d. steinolía seld austur á Eyrarbakka 8 kr. hærra hver tunna en í Reykjavík. Það er vitanlegt, að Reykjavíkurbær greiðir talsvert til ríkissjóðs; þar af leiðir, að útsvar, sem lagt verður á ríkissjóðsstofnanir, kemur og nokkuð niður á Reykjavík sjálfri, svo framarlega, sem ekki er ætlast til að lifa altaf á því að auka skuldirnar. Þess vegna verð jeg að líta svo á, eins og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir þegar tekið fram, að það sje algerlega nóg að leggja í mesta lagi 1% á þessar stofnanir, en jeg get þó verið með því, til þess að öryggi fáist gegn því að ríkissjóði verði íþyngt með álögum.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Jeg gleymdi því áðan að koma fram með till. um að vísa þessu frv. til nefndar, og vil því nú gera það að till. minni, að því verði vísað til allshn.; en út af þeim umr., sem hjer hafa orðið, verð jeg að segja um leið örfá orð.

Það er að vísu rjett, að bæjarfjelagið hefir nokkurn skaða af þessu í framkvæmdinni, en þó ekki eins mikinn og sýnist í fljótu bragði, vegna þess að allhá útsvör eru oftast lögð á starfsmenn þessara stofnana, og fæst þar nokkur uppbót á þessu. Annars var það ekki ætlun mín að ræða um útsvörin í Reykjavíkurbæ, en jeg get tekið undir það með hæstv. atvrh. (KlJ), að það er mjög tilfinnanlegt, að oss vantar óhlutdrægt úrskurðarvald í þessum málum, hvort heldur það væri hjá dómstólunum eða í stjórnarráðinu. Kom þetta greinilega fram hjer í þinginu í fyrra; var þá meðal annars skorað á stjórnina að undirbúa frv. til laga um þetta og leggja fyrir þingið, svo endir yrði bundinn á þetta. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) taldi þessar stofnanir tvímælalaust útsvarsskyldar, en jeg álít, að um það megi ávalt deila, sjerstaklega þar sem fæstar þessara stofnana eru reknar í gróðaskyni. Svo er því varið að minsta kosti með vínverslunina og steinolíuverslunina, að þær eru hvorug reknar eingöngu í gróðaskyni. Annars vil jeg benda á, að hjer var eitt sinn fjelag, sem hjet Talsímafjelag Reykjavíkur, og varð það að greiða útsvar meðan það starfaði sem sjerstakt fjelag, en eftir að landssíminn keypti bæjarsíma Reykjavíkur hefir ekki verið lagt útsvar á hann; bendir þetta til þess, að menn hafa litið öðrum augum á rekstur ríkisstofnana. Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ekki mætti gera upp á

milli ríkisstofnana og stofnana, sem reknar væru af einstökum mönnum, eða einstaklinga yfir höfuð. Jeg bar fram þetta frv. vegna þess, að jeg veit, að það verður gert upp á milli þess opinbera og einstakra manna, ef engar öryggisráðstafanir eru gerðar í lögunum gegn því. Meðan sú regla gildir, að lagt sje á eftir efnum og ástæðum, verður ekki annað sagt en að gjaldþol ríkissjóðs sje meira en einstakra manna. Hann sagði og, að venjan væri að miða útsvörin við 10% af tekjum manna eða stofnana. En jeg veit, að hjer hafa menn orðið að gjalda miklu meira. Þetta sjest ljóslega, ef athugað er útsvar það, sem Landsverslununinni var gert að greiða síðastliðið ár. Þar er miðað við hærri hundraðstölu af tekjum. Þess vegna held jeg, að það sje ekki ráðlegt að leggja ríkissjóð undir geðþóttaákvæði niðurjöfnunarnefnda og bæjarstjórna, meðan enginn óhlutdrægur dómstóll er til í þessum málum. Jeg tók það fram, að það mætti auðvitað ávalt deila um upphæð þessa hundraðsgjalds, sem ríkisstofnununum yrði gert að greiða, en jeg tiltók aðeins þá upphæð, sem jeg áleit, að minstri mótstöðu mundi mæta að fá samþykta, vegna þess að mjer er það mest áhugamál, að fá komið í veg fyrir óhæfilega háar álagningar á stofnanir ríkisins. Þó að eitthvað kunni um þetta að verða deilt, bæði af þeim, sem álíta þetta of lítið, og þeim, sem vilja ákveða hundraðsgjaldið lægra, hygg jeg, að þessi upphæð hundraðsgjaldsins, sem jeg hefi bent á, sje ekki mjög fjarri sanni. En eins og jeg tók fram áður, bind jeg mig ekki svo við þessa upphæð, að jeg sje ófáanlegur til samkomulags um þetta atriði, enda þótt jeg álíti, að hundraðsgjaldið eigi ekki að færast langt frá því, sem ákveðið er í frumvarpinu.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi ekki miklu við að bæta þessar umræður, þar eð hv. 1. þm. Árn. (MT) hefir þegar tekið flest það fram, sem jeg vildi sagt hafa. Jeg skal aðeins geta þess í viðbót, að eftir því, sem jeg hefi komist næst, voru útsvör þessara stofnana, áfengisverslunarinnar og landsverslunarinnar, um 14—15% af ágóða þeirra á síðastliðnu ári, og er því hjer að ræða um gífurleg útgjöld úr ríkissjóði. Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) benti á það, að ef svo færi, að ríkið tæki að sjer margvíslegan atvinnurekstur, eða máske allar hinar stærri greinar atvinnuveganna, mundi svo fara, að ríkissjóður yrði að taka að sjer greiðslur allra þeirra gjalda, sem bæjar- og sveitarfjelög ella ættu að inna af hendi, og væri gjaldið til bæjarsjóðs eðlilegt. Í raun og veru má segja, eins og nú er ástatt, að ágóðinn af ríkisverslununum sje greiðslur í almennings þarfir, jafnt til þarfa allra stjetta. Svo á það líka að vera, en hitt ekki, að eitt sveitarfjelag eða bæjar taki ágóðann. Ef til þess kæmi, að ríkið tæki að sjer fleiri tegundir atvinnurekstrar, mundu kvíarnar verða færðar út að sama skapi og ríkið taka að sjer fleiri byrðar þegnanna. Reyndar skiftir engu máli, hvort tekjur ríkissjóðs eru skattar, tollar eða ágóði af verslun hans. Slíkur verslunarrekstur er í þarfir heildarinnar og á alls ekki að vera tekjulind einstakra bæja. *(JakM:* Máske hv. 1. þm. S.-M. ætli að koma með frv. í þá átt?). Jú, jeg veit ekki, hvað síðar kann að geta orðið um þetta mál. En eins og hv. 1. þm. Árn. hefir tekið fram, nýtur Reykjavíkurbær mikilla hlunninda af

þessum stofnunum, bæði í aukinni atvinnu bæjarbúa og svo af því, að starfsmenn þessara stofnana eru skattskyldir til bæjarþarfa. Jeg vil því halda fast við það, sem jeg hefi áður sagt í þessu efni, að mjer væri geðfeldast, að 2. gr. frv. væri feld burtu; en til samkomulags og til þess að greiða götu þessa frv., vegna þess öryggis, sem það að öðru leyti hefir í sjer falið, get jeg gengið inn á einhverja lítilfjörlega greiðslu frá þessum stofnunum. Jafnvel mundi lítið hundraðsgjald muna bæinn miklu, því að eins og nú er ástatt, verður að gera ráð fyrir, að þessar stofnanir hlaupi undir baggann á næstu árum og leggi drjúgan skerf tekna í ríkissjóð, og það mun meiri en áður, enda byggist fjárhagsleg afkoma hans ekki minst á því, að svo verði. Mundi jeg þá ekki sjá eftir sem svarar 1% til bæjarþarfa af tekjum þeirra.

Halldór Stefánsson: Jeg ætla mjer ekki að lengja mikið þessar umræður; en jeg vil geta þess, að mjer virðist, ef Reykjavíkurbær fær leyfi til þess að skattleggja þessar stofnanir ríkissjóðs, sem ríkið alt nýtur ágóðans af, þá sje það hið sama og ef Reykjavíkurbæ væri leyft að skattleggja alla landsmenn. Að þetta er rjett, sjest best á því, ef menn hugsa sjer, að allar ríkisstofnanirnar yrðu fluttar á einhvern afskektan stað, t. d. upp í sveit. Færu menn að skattleggja þær þar, liggur í augum uppi, hversu fráleitt það er, að þær sjeu skattskyldar á nokkrum stað. Þær ríkisstofnanir, sem hjer munu aðallega hafðar í huga, eru að þessu leyti alveg sambærilegar við póst- og símastarfrækslu ríkisins. Þá hefir því verið haldið fram, að þess vegna væri nokkur ástæða til að ætla þessum stofnunum þó ekki væri nema takmarkað lágt útsvar, að með stofnun þeirra hefðu borgarar Reykjavíkurbæjar verið sviftir atvinnu. Þetta hygg jeg vera á mjög litlum rökum bygt, því jeg veit ekki betur en að menn reki eftir sem áður verslun með þessar vörur, og auk þess veita þessar stofnanir borgurum bæjarins mikla atvinnu og bærinn leggur útsvör á alla starfsmenn þeirra og fær það, sem honum ber, á þann hátt. Þá hefir verið talað um það, að þá fyrst sæist það best, hversu eðlilegt það væri, að ríkisstofnanirnar væru skattskyldar, ef allar atvinnugreinar væru þjóðnýttar; en þetta er ekki rjett athugað. Ef svo færi, stæði Reykjavík auðvitað jafnfætis öðrum að leggja útsvör á sína eigin borgara. Auk þess mætti láta ríkisstofnanirnar sjálfar greiða fje í hinn sameiginlega sjóð landsmanna, svo mikið og á þann hátt, sem mönnum kæmi saman um. Af þessu, sem jeg hefi tekið fram, álít jeg, að ríkisstofnanir ættu ekki að vera skattskyldar, og kysi jeg helst, eins og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að 2. gr. frv. yrði feld, en verði þess ekki kostur, þá verð jeg með því, að hámarksálagning verði ákveðin sem allra lægst.

Sigurjón Jónsson: Það er aðeins lítil athugasemd, sem jeg ætla að víkja að þeirri nefnd, sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar. Í 2. gr. frv. er svo kveðið á, að stofnanir þessar skuli aðeins skattskyldar þar, sem er aðalaðsetur þeirra. Ef þetta verður að lögum og ákveðið verður, hve mikið þessar stofnanir skuli greiða í skatt, sem jeg er samþykkur, álít jeg sjálfsagt, að skatturinn skiftist hlutfallslega milli þeirra bæjar- og sveitarfjelaga, þar sem verslunin fer fram, í hlutfalli við verslunarmagnið á

hverjum stað. Jeg álít enga sanngirni í því, að ágóðahluti af t. d. steinolíu, sem seld er á Akureyri eða Ísafirði, sje greiddur til Reykjavíkur, ef þessari vöru hefir alls ekki verið skipað þar á land og því ekki verið seld þaðan. Álít jeg því, að breyta þurfi 2. gr. frv. þannig, að tekið sje fram, að gjaldið greiðist þar, sem aðalaðsetur og stórir útsölustaðir eru frá stofnununum, og að gjaldið skiftist hlutfallslega eftir gróðanum á hverjum stað. Geri jeg ráð fyrir, að hv. þingdeildarmenn sjái, að þetta er sanngirniskrafa, sem jeg hjer ber fram, og vænti því, að hv. nefnd taki þetta til athugunar. Þá vil jeg taka það fram, að jeg er algerlega sammála háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) um, að þessar stofnanir eru flestar gróðafyrirtæki að einhverju leyti, og getur því ekki hjá því farið, að þær sjeu skattskyldar til þeirra bæjarfjelaga, sem þær starfa í. Mjer finst það sanngjarnt, þar sem um gróðafyrirtæki ríkisins er að ræða, að þau greiði eitthvað af ágóða sínum á hverjum stað, þar sem hann er tilkominn; en jeg er sammála hv. flm. um að ákveða hámark gjaldsins, eins og jeg er á sömu skoðun og háttv. 3. þm. Reykv. um, að meira sje þó með þessu hugsað um hag ríkissjóðs en hag einstaklingsins, meðan engar skorður eru reistar við því, hve mikið megi leggja á einstaka menn. Ætti þetta að verða til þess að ýta undir, að einhver takmörk yrðu sett fyrir álagningu útsvara á einstaka menn og tryggja það, að gjaldþoli þeirra verði ekki misboðið, eins og því miður nú á sjer stað á einstöku stöðum. Vona jeg því, að háttv. nefnd taki þetta til athugunar og láti þetta gjald ekki alt renna til Reykjavíkurbæjar, en skifti því heldur niður í hlutfalli við gróða verslananna á hverjum stað.

Jón Þorláksson: Jeg sje ekki ástæðu til að lengja mjög umræðurnar í þetta sinn, en vil aðeins taka þetta fram: Það hefir komið fram sú kenning hjer í þessum umr. að því er snertir atvinnurekstur ríkisins, að ekki sje rjett að láta þessar stofnanir vera útsvarsskyldar, þar sem nægilegt sje að skattskylda starfsmenn þeirra á þeim stöðum, sem þær eru starfræktar eða þeir eiga heimili. Þetta er kenning, sem má færa ýms rök fyrir, en jeg vil aðeins leiða athygli að því, að ef það á að fara að halda þessari kenningu fram, getur hún náð til fleiri fyrirtækja en þeirra, sem rekin eru af ríkinu, ef ekki á að brjóta í bág við rjetta hugsun. Eftir þessari reglu ættu sveitarfjelögin yfir höfuð eingöngu að leggja útsvör á búsetta menn í hverju sveitarfjelagi, en stærri fyrirtæki, svo sem hlutafjelög, samvinnufjelög o. fl., væru laus við útsvörin. Þetta má rökstyðja með því, að fyrirtækin eiga ekki börn, og þurfa hvorki fátækraframfærslu nje barnafræðslu, þau slíta ekki vegunum, heldur fólkið, sem að þeim starfar, o. s. frv. En okkar sveitarstjórnarlöggjöf er ekki bygð á þessum grundvelli, heldur á hinu, að stærri fyrirtækin bera sinn hlut fyrir sveitarfjelögin fyrst, og hann ekki minstan. Það getur því engin rjett hugsun verið, sem gerir upp á milli fyrirtækjanna eftir eigendunum, — að sum beri engar eða mjög litlar skattabyrðar, af því að menn líti vel til eigenda þeirra, en önnur fá að kenna á því gagnstæða. Þetta er mjög óviðeigandi, að láta sjer detta annað eins í hug. En viðvíkjandi skoðun hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), ef mönnum finst óeðli-

legt að skattskylda þessi gróðafyrirtæki ríkisins þar, sem þau starfa, stafar það frá því, að menn eru hjer komnir inn á ranga braut, — að láta ríkið keppa við borgarana í atvinnurekstri. Menn eru ekki búnir að venja sig við þá hugsun, eða afleiðingar hennar, að þegar ríkið tekur að sjer störf borgaranna, verður það að taka að sjer greiðsluskyldur þeirra líka. Það, að Reykjavíkurbær missi einskis í við þetta, er því aðeins rjett, að um leið og ríkið tekur fyrirtækin í sínar hendur, verði starfsmannahaldið aukið svo mjög, að það geti komið fram í auknum útsvörum starfsmanna til bæjarsjóðs. Þetta er sjálfsagt rjett að nokkru leyti; við þá sundurskifting verslunarinnar, sem ríkisreksturinn hefir í för með sjer, hlýtur að aukast starfsmannahald; enda mun það vera skoðun þeirra, sem álíta, að Reykjavíkurbær fái í útsvörum starfsfólksins uppbættan hallann, sem leiðir af því a missa af þessum stofnunum sem skattstofni. Hitt vil jeg taka undir, að ótækt sje að láta bæjarstjórn Reykjavíkur hafa æðsta úrskurðarvald í þessum efnum. Gefur það mjer tilefni til þess að taka það enn fram, að það var mjög óheppilegt, að hæstv. stjórn skyldi ekki sjá sjer fært að undirbúa milli þinga skaplega löggjöf um þetta efni. Jeg skal og jafnframt geta þess, að allshn. mun, ef þessu máli verður vísað til hennar, gera sitt til þess að koma einhverju lagi á þessi mál. En það er auðvitað mjög erfitt fyrir tímabundna þingnefnd að inna það verk vel af hendi á svo skömmum tíma, sem hæstv. stjórn hefir ekki treyst sjer til að koma í framkvæmd alla þá mánuði, sem eru milli þinga.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla aðeins að vekja athygli nefndarinnar á einu atriði, sem kom fram í ræðu hv. þm. Ísaf. (SigurjJ). Þetta atriði er krafa hans um það, að ef þetta útsvar verði lagt á ríkisrekstur hjer í Reykjavík, þá verði eins farið að úti um land. Þetta er alveg hugsanarjett hjá hv. þm., en hann gengur bara út frá öðrum forsendum en jeg að því er snertir málið í heild sinni. Jeg vil nú skjóta því til nefndarinnar, að hún athugi það, hvort ekki muni heppilegast, að staðar sje numið á öðrumhvorum staðnum — að gera ríkisreksturinn algerlega skattfrjálsan eða þá að leggja skatt á hann hvar sem er á landinu.

Viðvíkjandi því, sem hjer hefir verið haldið fram, að engar skorður hafi enn verið reistar gegn því, hve hátt útsvar niðurjöfnunarnefndin leggi á borgarana og rekstur þeirra, þá vil jeg benda á það, að þar sem bæjarstjórnin er æðsta úrskurðarvald í þeim efnum, en hún er aftur kosin af borgurunum, þá eru það í raun og veru þeir, sem hafa þetta alt í hendi sjer.

Að lokum skal jeg svara nokkrum orðum hv. 1. þm. Reykv. (JÞ). Hann hjelt því fram, að þegar ríkið tæki á sínar herðar samskonar rekstur og þann, er borgararnir hafa með höndum, þá yrði það sömu skyldum háð sem þeir. En á þessu tvennu er sá stóri munur, að þær tekjur, sem ríkið fær á þennan hátt, ganga til þess að standa straum af þörfum þjóðfjelagsins, t. d. til þess að gjalda embættismönnunum hjer laun sín. En svo er ekki um það fje, sem einstaklingum græðist.

Viðvíkjandi þeirri staðhæfingu hv. þm. (JÞ), að þessi rekstur ríkisins hefði aukið starfsmannahald í för með sjer, þá verð jeg að halda fram því gagnstæða. Jeg held, að þetta hafi í för með sjer sparnað á mönnum, það er að segja, fyr-

ir landið í heild sinni. Skal jeg til dæmis taka, að áður voru á milli 30—40 heildsalar, sem versluðu með tóbak, en nú bara þessi eini. Liggur í augum uppi, hve margir menn sparast við það.

Jakob Möller: Það eru aðeins örfáar athugasemdir.

Háttv. þm. Str. (TrÞ) fór að tala um póst- og símamál. Það er auðvitað sjálfsagt, ef þau yrðu fengin einstökum mönnum í hendur, sem rækju þau í gróðaskyni, að þeir menn yrðu að borga skatta og gjöld af þeim rekstri. En þar með er ekki sagt, að ef þessi mál eru rekin af ríkinu, að það eigi að greiða þau gjöld, því ríkið rekur þetta ekki í gróðaskyni. Það er ekki ætlunin, að ríkissjóður hafi neinar tekjur af þessum rekstri fram yfir það, sem fer til viðhalds og eflingar rekstrarins.

Hv. sami þm. (TrÞ) lagði áherslu á það, að bærinn hefði slíkan hag af því, að þessi rekstur færi hjer fram, að hann væri vel haldinn, þótt hann yrði að láta sjer nægja að leggja aðeins útsvar á þá, sem starfa við reksturinn, en sleppa sjálfum rekstrinum. En yrði farið út á þá braut, þá yrði það býsna margt fleira, sem kæmi þar til greina. Er t. d. hægt að neita því, að bærinn hafi feiknahag af togararekstrinum hjer að því er atvinnuna snertir? En hvað ætli það yrðu því margir meðmæltir, að slept yrði að leggja útsvar á þann rekstur? Jeg er að minsta kosti hræddur um það, að slík till. fengi aldrei mikinn byr hjer í bænum, eða jafnvel hjer í hv. deild. Háttv. þm. gæti auðvitað svalað nýungagirni sinni á því að bera fram frv. þess efnis, og sjá svo, hvernig því myndi reiða af.

Þá tók hv. 1. þm. Árn. (MT) til samanburðar alþýðuskóla í sveit. Að því er það dæmi hans snertir, þá held jeg því fram, að þeir ættu ekki að vera útsvarsskyldir, ef þeir væru ekki reknir í gróðaskyni, þótt það væri af einstökum mönnum. En væru þeir aftur á móti reknir í gróðaskyni, þá ættu þeir að sjálfsögðu að vera útsvarsskyldir.

Hv. 1. þm. Skagf. (MG) sagði, að það væri því aðeins rjett að leggja á þessar ríkisstofnanir, að þær væru reknar í gróðaskyni. Það er að sjálfsögðu rjett. En á því er heldur enginn vafi, að þær eru reknar í gróðaskyni, og því útsvarsskyldar. Hvort það hafi verið lagt of mikið á þær, get jeg ekki, sökum ókunnugleika, dæmt um. En jeg býst þó við því, að þessar stofnanir hafi ekki frekar ástæðu til að kvarta undan niðurjöfnunarnefndinni heldur en aðrar verslanir hjer í bænum. Hefir oft og einatt verið lagt útsvar, og það allhátt, á fyrirtæki hjer í bænum, þótt tap hafi verið á rekstrinum. En því mun þó ekki að heilsa hjer.

Jeg sagði áðan, að venjan hefði verið sú, að leggja 10% á tekjurnar, en oft og einatt á það sjer stað, að fult eins mikið er lagt á *ástæðurnar* — það er, að framtíðarmöguleikarnir eru skattlagðir líka. Verð jeg yfirleitt að líta svo á, að ef löggjafarvaldið getur verið þekt fyrir það að láta útsvarsálagningarlögin gilda fyrir einstaklinginn, þá geti það varla staðið sig við að undanskilja ríkisstofnanir. Einhver spurði um það, hvernig Reykjavíkurbær mundi fara að, ef þessi verslunarrekstur ríkisins yrði fluttur upp í sveit! Ekkert útsvar mundi þá verða lagt á hann hjer. En til þess kemur ekki, af því að það er ekki hægt að reka hann annarsstaðar en einmitt hjer. Þess vegna er hann líka rekinn hjer. Og þess vegna á hann einmitt að vera útsvarsskyldur hjer, að hann nýtur hjer þeirra sjerstöku

hlunninda, sem bærinn hefir að bjóða og hann getur ekki án verið.

Það er auðvitað rjett, að þessar tekjur renna í sameiginlegan sjóð landsmanna, sem til þess sje ætlaður að bera sameiginleg gjöld, meðal annars allan embættakostnað í Reykjavík. En það er misskilningur, að alt embættishald hjer í bænum sje bara fyrir Reykjavík. Eins og menn ættu að vita, þá er það að mestu fyrir alt landið. Svo það er engin ástæða til að krefjast þess, að Reykjavík verði hjer fyrir nokkrum sjerstökum halla af þeim sökum. — Og jeg ætla að bæta því við, að ef þannig yrði farið með Reykjavík, að sá atvinnurekstur, sem gefur bænum tekjur, verður smátt og smátt undanþeginn gjöldum til bæjarins, þá gæti svo farið, að Reykjavíkurbær yrði um síðir að leita á náðir ríkissjóðsins. Þeir menn, sem eftir yrðu, kynnu þá alveg að gefast upp með það að halda uppi starfrækslu bæjarins, og þá myndi ríkissjóður áreiðanlega vita af því, hvað hann fengi á bakið. Mjer finst yfirleitt, að mörgum hv. þm. hætti um of við því að skoða Reykjavík eins og einhvern óviðkomandi hlut landinu, og jafnvel hálffjandsamlegan hinum hlutum landsins. En þess ber vel að gæta, að hún er bara einn hluti úr heildinni, og ef svo færi, að hún gæti ekki komist af upp á eigin spýtur, þá yrðu hinir hlutar landsins að hlaupa undir bagga.

Magnús Torfason: Það hefir komið fram í ræðum sumra háttv. þm., að þeir hafa misskilið mig áðan. Þungamiðjan í minni skoðun er þessi, að bærinn hafi svo mikinn og margskonar hagnað af landsstofnunum þeim, sem hjer eru reknar, að ekki væri neitt ósanngjarnt, þótt hann misti þarna lítinn spón úr askinum sínum. Og þetta er þeim mun síður ósanngjarnt, þar sem hjer er um engan einkarjett að ræða fyrir Reykjavík til þess að hafa ríkisstofnanir. Það má annars ekki bera það saman, að leggja skatt á einstaka menn og slík almannafyrirtæki sem þessi. Er og vitanlegt, að það hefir ekki verið gert, og skal jeg þar t. d. taka, að úsvarsfrjálsar eru hjer stofnanir svo sem Landsbankinn, Íslandsbanki og Stóra norræna, af því að þetta eru alt landsþrifastofnanir. Og að því er þá röksemd snertir, að þá megi ekki heldur leggja sjerstakan skatt á einstök fyrirtæki, sem rekin eru af borgurunum, vegna þess, að þar sje líka lagt á þá menn, sem starfi við þau, þá er það ekki heldur sambærilegt. Um leið og Reykjavíkurbær leggur útsvar á togarana, þá leggur hann þar á sína eigin menn. En með því að leggja á ríkisfyrirtæki, þá leggur hann skatt á alla landsmenn. Nú er það lögfest stefna, að leggja á menn þar, sem þeir eiga lögheimili. En þessar stofnanir eiga í raun rjettri lögheimili um land alt, og virðist þá ósanngjarnt að leggja á þær aðeins í einum kaupstað landsins. Auk þess hefir bærinn engar byrðar af þessum stofnunum ríkisins, en það hefir hann af togurunum, því þeim fylgir, eins og menn vita, stór ómegð.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að þm. yrðu að skoða Reykjavík sem hluta af landinu. Það er alveg rjett á litið hjá hv. þm., en af því leiðir það, að hún verður að sætta sig við að sæta sömu kjörum og aðrir hlutar landsins, og má því ekki búast við að hljóta nein einkarjettindi í þessum sökum.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Það eru aðeins fáein orð út af því, sem hv. þm. Ísaf.

(SigurjJ) sagði. Jeg játa, að aths. hans er á góðum rökum bygð og hefi ekkert á móti því, að tekið verði tillit til hennar og það ákveðið, að viss partur af nettóágóða umræddra ríkisstofnana falli til þeirra staða, þar sem útibú eru rekin, hvort sem það er á Ísafirði eða annarsstaðar á landinu. Mjer datt einmitt í hug fyrst að haga þessu svo, en fjell svo frá því.

Mjer finst annars, að niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, sem hefir lagt svo hátt útsvar á verslanir ríkissjóðs, hafi ekki verið sjálfri sjer samkvæm, er hún hefir ekki lagt neitt útsvar á skip ríkissjóðsins. Þótt tap hafi orðið á þeim rekstri, þá hefðu þau samt, eftir reglum nefndarinnar, átt að greiða útsvar. Og jeg er viss um það, að ef Villemoes hefði verið einstaks manns eign, þá hefði hann ekki sloppið við útsvar. Þetta sýnir, að munur hefir verið gerður á eignum ríkis og einstaklinga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, 177, n. 283 og 296).

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg þarf ekki að tala langt mál f. h. meiri hlutans. Flm. þessa máls, hæstv. atvrh. (MG), hefir áður gert glögga grein fyrir ástæðunum til þess, að hann bar fram þetta frv., og hefir meiri hl. nefndarinnar algerlega fallist á skoðanir hans. Við í meiri hl. höfum og gert ítarlega grein fyrir skoðunum okkar í nál., og sje jeg enga ástæðu til að fjölyrða um þær frekar. En viðvíkjandi brtt. þeirri, sem fram er komin, get jeg lýst því yfir, að meiri hl. sjer sjer ekki fært að fallast á hana, heldur leggur hann áherslu á það, að hv. deild samþykki frv. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Þótt nefndin hafi klofnað um mál þetta, er sá klofningur þó ekki svo stór, sem við hefði mátt búast. Hjer er í rauninni um grundvallarspursmál, „princip"-atriði, að ræða, og hefði mátt ætla, að nefndin hefði klofnað um það. Svo er þó eiginlega ekki. Frv. er sem sje bygt á því, að verslunarfyrirtæki ríkisins sjeu alls ekki skattskyld til sveitar- og bæjarsjóða, og það af þeirri ástæðu, að þau sjeu annars eðlis en verslunarfyrirtæki einstaklinganna. Að þau fyrirtæki, sem ríkið rekur, sjeu eign almennings, og því ekki sæmilegt að skattskylda þau eins og önnur atvinnufyrirtæki. Um þetta má karpa eins lengi og menn vilja. Því að með eins miklum rökum má segja, að þegar ríkissjóður tekur þá stefnu að reka fyrirtæki, sem einstaklingarnir hafa áður rekið, og rekur þau síðan í sama tilgangi og þeir, þ. e. til þess eins að afla sjer tekna, að þá eigi hann að standa algerlega í sporum einstaklinganna og bera þeirra byrðar. Að þær tekjur geti hann einar talið rjettmætar, sem hann hefir af fyrirtækinu eftir að hann hefir greitt skatta og skyldur eins og einstaklingarnir. Og að það sje ósæmilegt, að ríkissjóður taki beint gjaldstofna bæjarfjelagsins og stingi öllum tekjunum í sinn vasa. En svo framarlega sem ríkið geldur útsvar, þá má segja, að um status quo sje að ræða; þá fær ríkið sitt, bæjarfjelagið sitt.

Við í minni hl. erum á raun rjettri þessarar skoðunar, en höfum þó beygt út af strangasta rekstri þess málstaðar, sumpart af því, að við eins og aðrir verðum nú að hlúa að ríkissjóðnum, sumpart af hinu, að þegar ríkið rekur atvinnufyrirtæki, þá er það svo mikilsmegandi, að ekki er þægilegt að leggja útsvar á það eftir sama mælikvarða sem einstaklinga. Ennfremur er það, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefir tekið svo lipurlega í þetta mál, og þar sem hún er sá aðilinn, sem ber skarðastan hlut frá borði, ef þetta frv. verður samþykt, þá virðist síður ástæða til þess að fara lengra en hún leggur til.

Bæjarstjórn Reykjavíkur virðist vægileg í till. sínum; hún leggur til, að gjaldið verði 10%, eða lækkað um ⅓, miðað við útsvar síðasta árs. Verður þá skatturinn af vín- og tóbakseinkasölunni, lauslega álitið, 60 þús. kr., í stað 90 þús. kr.

Því verður varla neitað, að þetta sje sanngjarnt, því að ef til væru hjer verslunarfyrirtæki, sem einstaklingar ættu og gæfu af sjer sannanlega 200 þús. kr. og 400 þús. kr. í hreinan ágóða, þá yrði lagt geysimikið á þau, sennilega miklu meira en lagt var á tóbaks- og vínseinkasöluna. Bærinn verður nú einu sinni að afla sjer tekna með þeim hætti, sem Alþingi hefir skamtað honum tekjustofnana, og oft verður hann að leggja fremur á veltuna en gróðann. Og óhætt er að segja, að engin fyrirtæki hjer í bæ gefa neitt í þá átt eins mikið af sjer og þessi, enda er það eðlilegt, þar sem um einkasölu er að ræða, sem vitanlega veitir þeim stuðning fram yfir öll önnur fyrirtæki.

Hv. Alþingi verður og að líta á það, að þótt stundum sje svo um Reykjavík talað, að litlu skifti, hvort hún stendur eða fellur, þá má það ekki gera einstaklingum eða stórum landshlutum beinan óleik. En ekki er hægt að neita því, að nú í seinni tíð hefir hv. Alþingi verið að reita smátt og smátt ýmsa stærstu gjaldendurna frá Reykjavík. Með samvinnulöggjöfinni misti Reykjavík allverulega gjaldaupphæð, eða 1920 48 þús. kr. og 1921 38 þús. kr. Nú á að taka Eimskipafjelagið undan skattskyldu, og svo þessi fyrirtæki, sem hafa sópað í burtu hóp af verslunarfyrirtækjum, sem gáfu fje í bæjarsjóð. Við vitum, hvað bærinn hefir tapað við það, að steinolíuverslunin varð skattfrjáls. 1920 voru það 40 þús. kr., 1921 60 þús. kr., 1922 50 þús. kr.

Hvað tóbakseinkasöluna snertir, er ekki gott að nefna upphæðina, sem bærinn misti, því að margir versluðu með þær vörur ásamt fleiru, og því ekki hægt að segja, hve mikill hluti af útsvari þeirra lenti á tóbaksvörunum. Eimskipafjelagið hefir greitt 85 þús. kr., 50 þús. kr., 45 þús. kr. o. s. frv. í útsvar, svo að ef litið er á þetta, sjest, að Alþingi hefir smátt og smátt ekki rakað litlu fje frá bæjarsjóði.

Hvað áfengisverslunina snertir, þá hefir bæjarsjóður einskis mist þar í, af þeirri einföldu ástæðu, að sú verslun hefir verið einokuð frá upphafi og er svo ný, að reynsla er enn ekki komin á útsvarsskyldu hennar. En ekki þarf að efast um, að vínverslun í höndum einstaklinga mundi verða einhver hæsti gjaldandinn.

Eins og nál. sýna, hefir nefndin ekki klofnað um neitt stefnuatriði. Minni hl. hefir þar fetað í fótspor bæjarstjórnar Reykjavíkur og brotið odd af oflæti sínu, svo að það, sem á milli ber, er það, hve skatturinn skuli vera hár. Þá vildi og minni hl. gera mun á þeirri ríkisverslun, sem eingöngu er rekin í gróðaskyni, eins og verslun með vín og tóbak, og á verslun, sem rekin er til hagsmuna fyrir al-

menning, eins og t. d. steinolíuverslunin. Af henni hefir minni hl. nefndarinnar viljað leggja til, að skatturinn væri mjög lágur.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en vona, að deildin sjái, að till. minni hl. sjeu svo sanngjarnar, að hún fallist á þær. Jeg þarf ekki að geta þess, að brtt. sú, er kom fram við 1. umr. og ekki vildi hafa gjaldið hærra en 2%, stendur enn fjær oss minnihlutamönnum heldur en sjálft frv. óbreytt.

Sveinn Ólafsson: Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að jeg teldi ekki viðurkvæmilegt að skattskylda ríkisstofnanir, hverju nafni sem nefnast; einnig tók jeg það fram, að mjer virtist gerlegt til samkomulags að ganga nokkuð áleiðis móti þeim, er lögbinda vildu lágt hundraðsgjald í sveitarsjóð eða bæjarsjóð af slíkum stofnunum, eins og ráðgert er í frv. á þskj. 120. Jeg bar því fram brtt. ásamt hv. þm. Str. (TrÞ), á þskj. 176, þar sem við förum fram á að lækka gjaldið úr 5% niður í 2%. Nefndin hefir lagt á móti þessu, en minni hl. nefndarinnar vill þó miða bæjargjald af steinolíuversluninni við þessa hundraðstölu, 2%. Það kom fram hjá hv. frsm. minni hl. (MJ), að nefndin hefir ekki klofnað um stefnuatriði, heldur um hæð hundraðstölunnar. Þegar þess er gætt, hvernig nefndin klofnar, virðist auðsætt, að hjer sje um mjög einhliða hagsmunastefnu að ræða af hálfu Reykjavíkur eða fulltrúa bæjarins. Báðir þm. í minni hlutanum eru búsettir í Reykjavík og fulltrúar bæjarins, enda er auðsætt, að þeir hafa fyrst og fremst hugsað um hagsmuni bæjarfjelags síns. *(MJ:* Er ekki einmitt einn af þingmönnum Reykjavíkur í meiri hlutanum?). Því er haldið fram, að kostnað leiði af stofnunum þessum fyrir bæinn. Skattstofnar hafi tapast bænum, þar sem tóbakið og steinolían er. En ef því er svo varið um Reykjavík, má segja hið sama um alla aðra kaupstaði. Því álít jeg rjett, eins og hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) drap á við 1. umr., að skattskylda útibú ríkisstofnana úti um land, ef þessi skattur kemst á hjer í Reykjavík. Jeg get ekki betur sjeð en að taumur Reykjavíkur sje um of dreginn í þessu máli, ef aðrir kaupstaðir njóta ekki jafnrjettis. Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) telur sanngjarnlegt að hafa gjaldið 10%, eða að færa það niður um ⅔ frá álagningu þeirri, sem Landsverslun og víneinkasala fengu í haust, færa það úr 90 þús. kr. niður í 30 þús. Jeg hugði reyndar, að enginn mundi dirfast að fara fram á slíkt gjald í bæjarsjóð, úr því að farið var að tala um hundraðsgjald á annað borð. Jeg held því fast fram, að 2% sje nægilegt, og megi ekki hærra fara. Eftir þeim tekjum, er hafa verið af þessum stofnunum undanfarið, mundi bæjargjaldið nema 12 þús. kr., ef farið væri eftir þessari hundraðstölu. Jeg get ekki sjeð annað en að það sje fullsæmileg upphæð fyrir slit á vegum bæjarins og annað þesshátar, ekki síst, er þar kemur einnig á móti útsvarsálagning á tekjur þeirra starfsmanna, er við þessar stofnanir vinna, og sú atvinna, er stofnanirnar veita bæjarbúum.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg skal ekki vera langorður, enda gaf ræða hv. frsm. minni hl. (MJ) ekki tilefni til þess, því að sú skoðun hans, að ríkisstofnanir beri að skattleggja sem einkafyrirtæki, nær vitanlega engri átt. Hann sagði, að hjer væri ekki um stefnu-

atriði að ræða, og svipað kom fram hjá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Þetta er ekki rjett athugað. Við segjum í nál., að þessa greiðslu beri að skoða sem borgun fyrir not þau, er þessar stofnanir hafa af tækjum bæjarins, en alls ekki sem aukaútsvar, t. d. eins og af einkafyrirtækjum. En hinsvegar sjáum við ekki ástæðu til að gera upp á milli steinolíuverslunarinnar og hinna fyrirtækjanna, þótt nokkur munur sje þar. Steinolíuverslunin er ekki gróðafyrirtæki, þótt einhver gróði kunni að vera af henni, sem þá er lagður í varasjóð, en nefndin hefir samt ekki sjeð ástæðu til að gera þar upp á milli.

Jeg get ekki fallist á það, sem hv. 4. þm. Reykv. hjelt fram, að þingið hefði undanfarið rýrt gjaldþol Reykjavíkur. Jeg get ekki skilið, hvernig t. d. tóbakseinkasalan hefir rýrt gjaldþolið. A. m. k. hefir það þá komið niður á öðrum kaupstöðum líka.

Meiri hl. nefndarinnar er andvígur því, að aðrir bæir skattskyldi þessar stofnanir. Að vísu má til sanns vegar færast, að það sje rjettlátt í sjálfu sjer, en í öðrum bæjum en Reykjavík mundi mjög lítið muna um skatt þennan. Á það verður og að líta, að þessi fyrirtæki eru rekin til almenningsgagns, sem á að koma fram í lækkuðum sköttum yfirleitt, svo að þar fá bæjarfjelögin uppbót þá, er þau telja sig eiga kröfu til.

Hv. sami þm. (MJ) talaði um, að nú ætti að fara að undanþiggja Eimskipafjelagið frá skatti. Mjer og fleirum er fullkomlega kunnugt, hvaða ástæða er til þess. Fjelagið er illa statt, og háttv. Alþingi hefir samþykt fjárframlög til þess. Því er eðlilegt, að Alþingi reyni að hindra, að þessi fjárstyrkur gangi aftur til Reykjavíkur. Síðastliðið ár var lagt á fjelagið 45 þús. kr. útsvar, enda þótt gróði þess það ár væri ekki nema um 88 þús. kr. Mjer finst því fullkomin ástæða til að gæta þess, að bæjarfjelagið misbjóði ekki þessu fjelagi.

Jeg hefi nú svarað þeim athugasemdum, er fram hafa komið frá hv. 4. þm. Reykv., og að nokkru leyti frá hv. 1. þm. S.-M. Vona jeg, að deildin fallist á álit meiri hluta nefndarinnar í þessu máli.

Sigurjón Jónsson: Jeg ætla að boða það, að jeg hefi hugsað mjer að koma fram með brtt. við 3. umr. við frv. þetta. Jeg ætla að sjá í þetta sinn, hvernig atkvæði falla. Mun jeg þar leggja til, að ríkissjóður greiði útsvör á þeim stöðum, sem hann hefir rekstur á, hlutfallslega við þann hagnað, sem reksturinn gefur á hverjum stað. Gefst þá tækifæri til þess að sjá, hvort meira má sín hjá hv. þm. sanngirni eða hagsmunir Reykjavíkur.

Jeg vildi aðeins minnast á þá till. minni hl., að hafa gjaldið af gróða steinolíuverslunarinnar aðeins 2%. Það hefir verið sagt, að hún væri ekki gróðafyrirtæki. Ef enginn ágóði er af henni, stendur á sama, hver rentufóturinn er. Ef hinsvegar er um gróða að ræða, er miklu meiri ástæða til að skattleggja hana heldur en þau fyrirtæki, sem ríkissjóður rekur í beinu gróðaskyni. Jeg get nefnt sem dæmi, að steinolíuverslunin á Ísafirði græði 20—30 þús. kr. Er þá í fyrsta lagi rjett að hafa lægri skatt af þessum gróða en öðrum, og í öðru lagi, að skatturinn renni allur til Reykjavíkur? Jeg vona, að hv. deild sjái, hversu fráleitt þetta er.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) talaði um, að minni hl. nefndarinnar ræki í þessu máli

hagsmunaerindi Reykjavíkur, en þegar það kemur upp úr dúrnum, að einn af þm. Reykjavíkur er í meiri hl., en aftur er helmingur minni hl. þm. sveitakjördæmis, fer sú röksemd heldur að blikna. Annars er það hvorki synd nje einsdæmi að draga taum einstakra kjördæma, og ef taumur Reykjavíkur er dreginn hjer um of, er hv. þingmönnum treystandi til að toga á móti. Hv. sami þm. (SvÓ) sagðist ekki geta trúað, að neinn nefndi svo hátt hundraðsgjald, að færi upp úr 10%, og að það hundraðsgjald hafi því verið nefnt sem það hæsta, sem hugsanlegt var. Einhverntíma hafa menn þó haft þann kjark hjer á Alþingi, því að tekjuskattslögin ákveða 20%, eða helmingi hærra gjald, af slíkum tekjum, sem hjer er um að ræða. Hjer hefir nú einmitt komið fram till. um að samræma sem mest aukaútsvör og tekjuskatt. Svo að nærri mundi þá liggja að nefna hærri upphæð, ef ekki væri um annað hugsað en rýja sem vandlegast. Hjer togast ríkissjóður og bæjarsjóður á, og virðist því ekki fjarri lagi að skifta til helminga á milli þeirra.

Hv. frsm. meiri hl. (JörB) sagði, að hjer væri um stefnumál að ræða. Svo er alls ekki. Við tökum líka fram í 1. gr., að ríkisstofnanir skulu *ekki* vera skattskyldar eftir efnum og ástæðum. Hv. sami þm. sagði, að hann liti öðrum augum á þetta en við. Það er nú einmitt það, að sínum augum lítur hver á silfrið, og þetta augnaráð hv. þingmanna er ekki vant að breytast við neinar umræður. Því er haldið fram, að bærinn græði á starfsmönnunum við þessar ríkisstofnanir, og þó er sagt í annari andránni, að þær spari mannahald, og ætti þá bærinn einmitt að tapa á ríkisstofnununum, einnig í þessu atriði. Auðvitað er sannleikurinn sá, að blessunarlega margir starfa við þessar stofnanir, en rökleiðslan er jafnbágborin fyrir það.

Þá talaði hv. frsm. meiri hl. um, að gróði þessara stofnana rynni í ríkissjóð, og kæmi þar fram á þann hátt, að önnur gjöld til ríkissjóðs lækkuðu á Reykvíkingum eins og öðrum. Það, sem þannig væri af Reykjavík tekið, skilaði sjer því til bæjarmanna aftur. Þetta er eins rjett og ef hv. þm. hefði 100 kr. í vasanum og þeim væri skift milli allra þingmanna og hann fengi sinn hlut. Jeg efast um, að hann mundi verða ánægður með það. Hann fengi að vísu 2—3 kr. upp í það, sem af honum væri tekið, en það mundi hann varla telja mikla rjettarbót. Reykjavíkurbær nýtur auðvitað að sínum hluta tekjuauka ríkissjóðs, en það vantaði heldur ekki annað en að bærinn misti þarna algerlega stórfje og fengi ekki einu sinni sinn hluta af þessum tekjum ríkissjóðs aftur.

Hv. frsm. meiri hl. var einmitt að sanna mál mitt, þegar hann mintist á Eimskipafjelag Íslands. Kvað hann óhæfilegt hafa verið að leggja 45 þús. kr. á fjelagið, þegar það stæði svo höllum fæti og gæfi svo lítinn arð. Þetta er sönnun á mínum málstað og sýnir, hve afarilla bærinn má við því að missa stóra gjaldendur. Fjárhagur bæjarins er svo þröngur, að leggja verður þungar álögur á fjelög, sem mjög berjast í bökkum, og ekki á Eimskipafjelagið eitt, því að benda má á útsvör togarafjelaganna, sem mörg standa mjög höllum fæti. Því fer fjarri, að bæjarstjórn eða niðurjöfnunarnefnd vilji fjandskapast við Eimskipafjelagið, en ástandið í bænum er nú svona. Og hvað mundi þá eiga að jafnri tiltölu að leggja á stofnun, sem hefir árlega í hrein-

an ágóða 200—400 þús. kr., þegar Eimskipafjelaginu er gert að greiða svo háa upphæð, jafnbágborinn sem hagur þess er.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) drap á það, sem hann mintist einnig á við 1. umr., að rjett væri, að þessar stofnanir greiddu útsvar þar, sem þær störfuðu, og víðar en aðalsetur þeirra væri. Þetta er að vísu rjett, en um það mundi hvergi muna neinu verulegu, en aftur er um stærri upphæðir að ræða hjer í bæ. Aftur skildi jeg það ekki vel, sem hv. þm. sagði um steinolíuverslunina, sem ekki er rekin í ágóðaskyni; virtist mjer hann vilja halda því fram, að sjerstök ástæða væri til að leggja á þá verslun, ef hún græddi, því að með því að græða væri hún að vinna á móti tilgangi sínum. Þó að verslunin sje ekki rekin í ágóðaskyni, tel jeg rjett, að hún reyni að græða dálítið. Henni mun ekki af veita að safna til vondu áranna, sem altaf geta komið yfir slíka verslun. Þó að verslunin græði 60—100 þús. kr., álít jeg, að ekki beri að skattleggja það eins hátt og jafnmikinn ágóða af tóbaks- eða víneinkasölunni, því að sú upphæð getur verið fljót að fara, og er rjett að safna í varasjóð til þess að geta tekið við skellum, sem ávalt geta komið fyrir slíka verslun. Um þessar greinir ríkisrekstrar er því ólíku saman að jafna.

Jakob Möller: Jeg stend upp vegna þeirra orða, að minni hl. allshn. væri sjerstaklega að flytja mál Reykjavíkurbæjar. Jeg get ekki fallist á, að þetta sje rjett, enda fylgir hv. 2. þm. Reykv. (J-Bald) meiri hlutanum, og ef þingmenn Reykvíkinga eru tvískiftir í máli þessu, þá eru þeir einnig þrískiftir, því að jeg er mótfallinn frv. breyttu eða óbreyttu. Það er að mínu viti bygt á röngum skilningi á lögum og aðstöðu þessara fyrirtækja gagnvart sveitarfjelögunum. Virðist mjer þessi stefna geta orðið mjög hættuleg framvegis, og það á fleiri vegu en einn.

Það er ekkert vafamál, enda er frv. þetta tvímælalaus játning á því, að öll þau fyrirtæki, sem rekin eru í gróðaskyni, eru að lögum útsvarsskyld til sveitarsjóðs, án tillits til þess, hver er eigandi þeirra. Með þessu frv. er nú verið að koma gróðafyrirtækjum ríkissjóðs undan því að greiða lögmælt gjöld til sveitarsjóðs eftir sömu reglum sem önnur fyrirtæki. Jeg benti á það við 1. umr., að stofnun þeirra fyrirtækja ríkissjóðs, sem hjer um ræðir, væri byrjun á þjóðnýtingu, og hvað af því gæti leitt, ef þeirri stefnu væri haldið áfram. Þá hlyti að koma að því, fyr eða síðar, að bæjar- og sveitarfjelög gætu ekki risið undir útgjaldabyrði sinni, ef þeim væri ekki sjeð fyrir tekjum af þessum fyrirtækjum til þess að greiða útgjöld sín. Ef sósíalisminn verður framkvæmdur, verður hið opinbera, ríkissjóðurinn sjálfur, að taka á sig rekstur bæjar- og sveitarfjelaga, alveg eins og rekstur ríkisins, og greiða kostnaðinn af ágóðanum af atvinnufyrirtækjum sínum.

Með þessu er yfirleitt verið að rýra skattstofna bæjar- og sveitarfjelaga. Ekki einungis Reykjavíkurkaupstaðar eins, og er jeg því samdóma hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), að önnur sveitarfjelög, sem þessi atvinnufyrirtæki eru rekin í, eigi alveg sama rjett sem Reykjavík til gjalds í sjóði sína. Löggjafarvaldið skipar bæjar- og sveitarfjelögum gjaldstofna, sem viðlit er, að geti nægt þeim, og það verður að taka fult tillit til þessa í skattalöggjöf sinni. Enda hefir löggjafarvaldið viðurkent þetta berlega, þar sem það leyfir í tekjuskattslögunum að draga útsvar til

sveitarsjóðs frá skattskyldum tekjum, eins og rjettmætt er. Með því hefir það rýrt fyrir sjer þann tekjustofn, sem er skattskylda einstaklinganna. Hvað er þá á móti því, að það rýri einnig þennan tekjustofn sinn, ágóðann af verslunarrekstri, til hlunninda fyrir sveitar- eða bæjarsjóð? Með þessu ákvæði tekjuskattslaganna er fengin viðurkenning löggjafarvaldsins á þörf bæjar- og sveitarfjelaga á því að halda tekjustofnum sínum óskertum af ágangi ríkissjóðs. En þegar ríkissjóður tekur einhverja atvinnugrein til rekstrar í ágóðaskyni, er það ágangur á bæjar- eða sveitarsjóð, ef sá atvinnurekstur á að vera skattfrjáls.

Það er og mjög stórvægilegt atriði í þessu máli, að þetta skattfrelsi þjóðnýttra fyrirtækja ríkisins er beinlínis notað sem blekking, til þess að þvæla mönnum lengra inn á þjóðnýtingarbrautina með því að sýna falskan ágóða af fyrirtækjunum. Það er bent á hinn feikilega ágóða af fyrirtækjunum, en hvergi minst á, að þau eru algerlega skattfrjáls. Það mundi verða ekki alllítið skarð fyrir skildi, ef frá ágóðanum væri dreginn tekjuskattur og sveitarútsvar að rjettri tiltölu, og er ekki víst, að eins margir yrðu þá ginkeyptir fyrir þessum ríkisrekstri. Eins og nú stendur, eru skýrslur verslunarinnar að þessu leyti falskar, þar sem hvergi eru dregin frá þau gjöld, er samskonar rekstur einstakra manna verður að bera. Þetta er svo notað til þess að teyma asnann á eyrunum lengra inn á þessa braut, bent á hve tekjurnar eru miklar, en ekki um það getið, að jafnmiklar tekjur gætu komið á annan hátt með skynsamlegum rekstri.

Af þessum tveim ástæðum, sem jeg hefi greint, er jeg andvígur frv. í hvaða mynd sem er. Jeg vil, að þessi fyrirtæki sjeu gjaldskyld til bæjar- og sveitarfjelaga á sama hátt sem einstaklingar. Það eru þau vafalaust eftir gildandi lögum, og sje jeg enga ástæðu til að breyta því. En finnist löggjafarvaldinu einhver stórhætta að því að eiga undir bæjar- og sveitarfjelögum, hvernig þau nota aðstöðu sína gagnvart atvinnufyrirtækjum ríkissjóðs til þess að leggja á þau, þá er hægurinn hjá að setja ákvæði, er tryggi ríkissjóð gegn óhæfilegum álögum.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg sje ekki, að það sje til mikils gagns að karpa um þetta mál. Það má lengi deila um svona atriði, þegar sitt sýnist hverjum. Býst jeg við, að þótt menn leiði rök á báða bóga, þá sje það engu nær, því að hver verður jafnsannfærður um sinn málstað eftir sem áður. Jeg skal aðeins taka það fram, út af dæmi hv. frsm. minni hl. (MJ), hvernig jeg mundi líta á, ef 100 kr. væru teknar af mjer og skift jafnt á milli margra manna, og jeg fengi minn hlut, að þetta er engin röksemd. Ef fjeð væri tekið af mjer, þá væri ráðist á eign mína, en það, sem hv. frsm. tók til samanburðar, var óinnunnið fje. En það skal jeg játa, að ef jeg hefði setið einn að einhverri krás, og fleiri kæmu svo og vildu njóta hennar með mjer, þá kynni mjer að vísu að þykja rjettur minn skertur, en alt annað er það þó heldur en taka eign manns.

Hv. frsm. minni hl. (MJ) gerði fullmikið úr tekjumissi Reykjavíkurbæjar. Jeg vil ekki mótmæla því að öllu leyti, en aðeins benda á, að önnur stærri kauptún verða fyrir því hinu sama. En jeg ætla, að jeg hafi tekið það fullljóst fram áðan, að þar sem jeg vilji ekki heimila öðrum sveitarfjelögum tekjur af þessum fyrirtækjum ríkissjóðs, þá sje það af því,

að jeg vil ekki koma á slíkum eltingaleik, og hinsvegar vegna þess, að þessi starfsemi sje ekki meiri en svo í öðrum kauptúnum, að hún sje þolandi án þess að þau hafi tekjur af. En í Reykjavík er þessi starfsemi ríkisins stórfeldari og gefur ríkissjóði meiri arð, og er því ekki nema sanngjarnt, að Reykjavík fái á einhvern hátt bættan þann tekjumissi sinn, sem hún kann að hafa orðið fyrir. Á því einu byggist það, að jeg get fallist á, að ríkisverslanirnar greiði eitthvað í bæjarsjóð Reykjavíkur, en hefði svipað staðið á í Reykjavík sem í öðrum hjeruðum, hefði jeg verið því algerlega mótfallinn.

Þá mintist hv. frsm. minni hl. á Eimskipafjelag Íslands, og taldi það sönnun þess, hve langt þyrfti að fara í skattaálögum hjer í bæ, að fjelagið hafi orðið að greiða 45 þús. kr. í útsvar síðastliðið ár. Þetta dæmi sannar lítið. Hvaða tekjur hyggur hv. þm., að Reykjavík muni fá af fjelaginu, ef ríkissjóður hlypi ekki undir bagga með því og það yrði að hætta vegna fjárskorts? Ef fjelagið legðist niður, gæti bærinn ekki tekið af því útsvar. Að Reykjavík geti skattskyldað þessa stofnun, þó að hún beri sig ekki og ríkissjóður verði að leggja stórfje til þess að halda henni uppi, nær engri átt, og veit jeg, að jafnglöggur og sanngjarn maður sem hv. frsm. minni hl. (MJ) muni sjá það. Það má telja þessa stofnun alþjóðareign, og þó að hún hafi aðsetur hjer, er ekki sanngjarnt, að Reykjavík sje heimilt að gera henni svo þungar álögur, að hún geti ekki risið undir.

Jeg hygg annars, að hv. frsm. minni hl. tali ekki fyrir hönd bæjarbúa í þessu máli. Tel jeg rjettmætt, að bærinn fái einhver gjöld af þessum stofnunum, en að upphæð þeirra sje komin undir geðþótta þeirra manna, er ráða í það og það skifti, tel jeg óheppilegt, og er fylsta ástæða til þess, að Alþingi geri ráðstafanir til að koma í veg fyrir það.

Jeg þarf ekki að svara hv. 3. þm. Reykv. (JakM) miklu. Hann gerði að umtalsefni sömu atriðin sem hv. frsm. minni hl., nema hvað hann lagði ríkari áherslu á, að með þessum fyrirtækjum væru skertir hagsmunir bæjar- og sveitarfjelaga. Jeg hygg það orðum aukið, að nokkuð aukaútsvar hafi verið lagt á Steinolíufjelagið í öðrum kauptúnum landsins, en þori þó ekki að staðhæfa um það. Olíuverslunin er samkvæmt frv. og tillögum meiri hl. ekki undanskilin skattgreiðslu til Reykjavíkur, en þar sem sáralítið eða ekkert hefir áður verið goldið af henni annarsstaðar, þá er engin breyting frá því sem var, þó að skattskyldan nái til Reykjavíkurbæjar eins.

Hv. 3. þm. Reykv. komst nokkuð freklega að orði, þegar hann var að tala um falskan ágóða og falskar skýrslur um stofnanir ríkisins. Hygg jeg, að hv. þm. hafi þar tekið sjer meira í munn en hann getur staðið við, og færst meira í fang en hann er maður til. Því að þótt hann haldi fram, að rjett sje að draga frá ágóðanum fyrir hæfilegum skatti, þá er það ekkert fals, þó að svo sje ekki gert, meðan enginn skattur er goldinn. Það væri varlegar komist að orði, að verslunin sýndi meiri ágóða en rjett væri, ef skattar væru dregnir frá.

Hv. þm. kvaðst andvígur frv., og er það skiljanlegt frá sjónarmiði hans, þar sem hann leggur svo ríka áherslu á að koma þessum stofnunum fyrir kattarnef, að hann sjái ekki ástæðu til að breyta þeirri heimild, sem bærinn hefir til þess að leggja aukaútsvar á þær. En þó að

svo kunni að vera, hygg jeg, að miklum meiri hluta þingmanna muni þykja ástæða til að breyta þeirri skipan. Og þær aðgerðir bæjarins gagnvart Eimskipafjelagi Íslands, sem getið hefir verið um, ættu að færa heim sanninn um, að ástæða er til að setja skorður við því, að útsvar ríkisstofnananna sje ekki ákveðið óhæfilega hátt. Þetta er ekki tekið af Reykjavík einni, heldur af öllu landinu, en það virðist skoðun hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að Reykjavík eigi að sitja ein að þessu og hafa af tekjur eftir eigin geðþótta.

Jakob Möller: Alt umtal háttv. frsm. meiri hl. (JörB) um eigin geðþótta er út í hött; það er hans eiginn geðþótti að byggja á vitlausum forsendum.

Það er löggjafarvaldið, sem ákveður, á hvern hátt bæjar- og sveitarfjelög fá tekjur sínar og leggja þær á gjaldendurna. Í næsta máli á dagskrá er háttv. allshn. einmitt að stuðla til þess, að girt verði fyrir alt gerræði í þeim efnum. Er ofurauðvelt að setja ákvæði um, að hvorki Reykjavíkurbær nje aðrir fari eftir geðþótta sínum í útsvarsálagningu. Er því engin ástæða til að undanskilja þessar stofnanir almennri löggjöf um skattskyldu.

Jeg stend við það, að reikningar tóbaks- og vínverslunar sýni falskan ágóða, meðan ekki er tekið tillit til opinberra gjalda. Sama verslunarmagn einstaklinga mundi gefa ríkinu og bæjarsjóði miklar tekjur, sem kæmu fram á annan hátt. Því held jeg fast við það, að þegar þetta er ekki dregið frá, komi fram falskur ágóði. Þetta ber ekki að skilja svo, sem jeg sje að bendla forstjórn Landsverslunar við að hafa gefið falska reikninga. Það er misskilningur á orðum mínum, sem að sjálfsögðu eru takmörkuð af þeim rökum, sem fylgdu þeim.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Það er ekki rjett, að deila megi um, hvað sannlegt sje í máli þessu, því að það hefir verið sýnt svo ljóst og greinilega. En það er eins og hv. frsm. meiri hl. (JörB) tók fram, að vjer viljum ekki koma því á, að ríkisfyrirtæki greiði til sveitarsjóða, og þingsins er valdið að ákveða það. Það er eins og að berja í borðið. Það eru líka rök, ef unt er að gera mótstöðumanninn deigari með því. En annars skal jeg ekki karpa lengur um þetta.

Jeg hafði satt að segja búist við meiri andmælum frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM) gegn niðurstöðu minni hl., að hann skyldi víkja frá því, að þessar stofnanir væru útsvarsskyldar eftir almennum reglum. Orð hans um það voru laukrjett, og er jeg honum alveg samdóma í því efni. En annað mál er það, að til þess að reyna að leiða mál til farsælla úrslita, ganga menn oft inn á þá braut, sem næst er sannfæringu þeirra og sigurvænlegri þykir. Það, sem kom mjer til að fylgja frv. með breytingum, var það, hvernig bæjarstjórn Reykjavíkur tók í málið, þegar hún samþykti að láta sjer lynda ákveðið hundraðsgjald. Bæjarstjórn tapar að vísu einhverju fje við það, en er þá aftur laus við eilífar ákúrur fyrir að vilja fjefletta þessar stofnanir.

Jeg vil annars mótmæla því harðlega, að það komi til nokkurra mála, að niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hafi níðst á Eimskipafjelagi Íslands. Jeg vil ennfremur halda því fram, að það sje hreinasta hjegilja í þessu sambandi, að fara nokkuð eftir því, hvort margir eða fáir eiga hlut í þessu fjelagi. Hjer er um venju-

legt hlutafjelag að ræða, og annað er auðvitað ekki hægt að taka til greina. Verður því að sjálfsögðu að fara með það eftir þeim almennu reglum, sem gilda um hlutafjelög. — Annars tel jeg óþarft að blanda Eimskipafjelagi Íslands svo mjög inn í þetta mál, því hjer er ekki neitt sjerstaklega um það að ræða.

Mun jeg svo ekki segja öllu meira við þessa umræðu, en láta skeika að sköpuðu um málið.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg stend upp til þess að mótmæla harðlega andanum í ræðu hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Jeg hefi ekki talað fyr nú í þessu máli, og jeg ætlaði mjer að sitja hjá, en get ekki lengur orða bundist. Mjer þykir skörin heldur vera að færast upp í bekkinn, er hv. þm. heldur því fram, að Reykjavík sje orðin nokkurskonar píslarvottur landsins, og segir svo jafnframt, að þetta sje svo augljóst, að um það verði ekki deilt. Jeg vil fullyrða, að þetta sje þvert á móti. Reykvíkingar njóta margfalt meiri hlunninda að ýmsu leyti heldur en allir aðrir landsmenn. Þýðir ekki neitt að mótmæla þessu, því að straumurinn hingað er besta sönnunin. En úr því að svo er, þá er líka sjálfsagt, að þeir borgi eitthvað fyrir þau hlunnindi, — eða vill hv. 4. þm. Reykv. ef til vill halda því fram, að einhverjum öðrum beri fremur að gera það? Alls getur verið von eftir slíkar fullyrðingar, sem hv. þm. bar fram áðan.

Það var ekki annað, sem jeg ætlaði að segja. Jeg gat bara ekki setið hjá, eftir að farið var að láta líta svo út, sem Reykvíkingar væru píslarvottar landsins.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Það hefði verið býsna óþægilegt að fá slíka hvolfu yfir sig svona óvörum og að sjer látnum, ef einhver rakaslitur hefðu fylgt með, en eigi sakar, úr því að svo var ekki. Jeg ætla því ekki að svara hv. þm. Str. (TrÞ) að öðru en því, að benda honum á, að það mun fjarri því, að Reykjavík græði á þeim fólksstraum, sem nú er til bæjarins, og þarf ekki annað til þess að sýna þetta en benda á, að með öllum fólksfjöldanum og með öllum hlunnindunum, sem sí og æ er öfundast yfir, er Reykjavík eitt þyngsta sveitarfjelag á landinu. Og þetta er almenn regla um bæi hjer og annarsstaðar, að þeir verða því þyngri í gjöldum og dýrari, sem þeir stækka. Er svo nóg um það sagt. Hitt mun fremur vera, að framfærsla bæjarins þyngist eftir því, sem fólkið flytur til hans.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:3 atkv.

Brtt. 296 feld með 18:4 atkv.

— 177 feld með 15:7 atkv.

2. gr., óbreytt, samþ. með 19:3 atkv.

3. gr. samþ. með 19:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:3 atkv.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 120, 321).

Sigurjón Jónsson: Jeg á hjer eina brtt. á þskj. 321, sem jeg hefi áður gert grein fyrir og þarf því ekki að segja margt um nú. Hún fer fram á það, að verslunarstofnanir ríkissjóðs beri gjöld sín og greiði á þeim stað, þar sem þær eru reknar, en að Reykjavík njóti hinsvegar ekki verslunarhagnaðar þessara fyrirtækja á öðrum stöðum. Ef verslunarstofnanir ríkisins

hafa útibú einhversstaðar, t. d. á Ísafirði, og hagnað þar af rekstrinum, þá eiga þær að greiða útsvör sín þar, en ekki í Reykjavík. Þar sem jeg hefi rætt um þetta áður, skal jeg ekki fara fleiri orðum um það nú, en vona, að hv. deild sjái, hve brtt. mín er fullkomlega sanngjörn.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get lýst yfir því, eins og við 2. umr., að meiri hluti nefndarinnar getur ekki fallist á að skattleggja útibú ríkisstofnananna. Sú greiðsla, er við fjellumst á, átti samkvæmt okkar skoðun að vera uppbót fyrir slit á tækjum, fyrir notkun á þeim, en ekki sem aukaútsvar. Þótt jeg sje ekki að hafa á móti því, að þetta kunni að vera rjett í sjálfu sjer, að útibúin greiði eitthvað, þá álít jeg ekki rjett að fara í þennan eltingaleik við verslunarstofnanir ríkissjóðs, sjerstaklega þar sem bæjarfjelögin utan Reykjavíkur hlýtur að muna ákaflega lítið um þetta.

Sigurjón Jónsson: Jeg vil benda háttv. 2. þm. Árn. (JörB) á, að það getur ekki náð neinni átt, að Reykjavíkurbær taki gjöld af þeirri steinolíu, sem seld er á Ísafirði. Þar er meira notað af steinolíu en víðast annarsstaðar, og þó enn meira lagt þar upp en notað er þar, t. d. olía til Húnaflóa. Jeg get ekki skilið, hvaða rjett Reykjavík hefir til afnotagjalds fyrir þá steinolíu, sem auðvitað kemur þangað aldrei. Það þýðir ekkert að mæla á móti því, að rjett er, að útibú gjaldi skatt þar, sem þau eru rekin.

Björn Líndal: Jeg vil taka undir brtt. hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) og finst hún svo sanngjörn, að hv. deild geti ekki verið þekt fyrir annað en að samþykkja hana. Með því að draga meira og meira af verslun landsins undir ríkissjóð, eru bæjarfjelögin auðvitað meira og meira svift skattstofnum sínum; smærri bæjarfjelögin engu síður en Reykjavík. Mjer er vel kunnugt, hve Akureyri t. d. hefir mist mikils fyrir þessa sök, þar sem eru tekjur af tóbaks- og steinolíuverslun. Þar sem einkaverslun ríkissjóðs hefir útibú, sem græða mikið fje, virðist einsætt, að skattar af verslunarhagnaði þeirra renni til þess bæjar, sem þau eru rekin í, en ekki til Reykjavíkur.

ATKVGR.

Brtt. 321 samþ. með 14:7 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 10. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 337).

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 337, n. 438).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg þykist ekki þurfa að gera mikla grein fyrir stoð-

um þeim, sem standa undir frv. þessu, því að jeg býst við, að allir hv. deildarmenn hafi lesið það og greinargerð þá, er fylgdi því inn í þingið.

Ástæðan er sú, að Reykjavíkurbær þykir hafa gengið nokkuð hart að þeim ríkisstofnunum, sem hjer eru. Að vísu má nú telja, að það sje að nokkru leyti vorkunnarmál, því að honum mun finnast, að frá sjer hafi verið tekið fje á þennan hátt. En það liggur nú í hlutarins eðli, að ekki getur náð nokkurri átt að láta niðurjöfnunarnefnd bæjarins einráða um, hvaða útsvar hún leggur á þessar stofnanir, þar sem ekki er hægt að skjóta þeim málum hjer annað en til bæjarstjórnar. Er það alt öðru máli að gegna en um önnur sveitarfjelög, sem geta skotið þeim málum sínum til sýslunefnda. Mál þetta hefir gengið mjög greiðlega gegnum hv. Nd., og jeg vænti, að það fái einnig að ganga greiðlega hjer í gegnum hv. deild. Nefndinni hefir þó fundist, sem töluverður galli væri á 2. gr. frv., eins og það kom frá hv. Nd. Hún telur ekki fyllilega ljóst það ákvæði greinarinnar, að taka megi 5% af nettóágóða þar, sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru. Virðist eftir orðanna hljóðan, að þar, sem aðeins eru útibú, megi einnig taka 5% af nettóágóða aðalaðsetursins. En þetta er vitaskuld ekki meiningin. Fyrir því hefir nefndin komið fram með brtt. til þess að leiðrjetta þetta orðalag, þar sem tekið er fram, að gjaldið megi aðeins taka af nettóágóða aðalaðsetursins eða útibúsins. Hinsvegar hefir meiri hluti nefndarinnar, að minsta kosti, leyft sjer að leggja til, að gjaldið yrði hækkað upp í 8%, því að það liggur í augum uppi, að bærinn hefir tapað allmörgum gjaldendum við það, að ríkið fór að versla með þessar vörutegundir, að minsta kosti að því er snertir tóbaksverslunina, því að áður höfðu allmargir borgarar bæjarins þá verslun með höndum og hafa án efa greitt meira til bæjarsjóðs allir saman en tekjurnar verða, þó að gjaldið verði hækkað upp í 8%. Öðru máli er að gegna um steinolíuverslunina, því að á henni mun gróði ríkisins vera lítill, þar sem tilgangurinn með henni er ekki sá, að ríkið græði fje, heldur á hún að vera til hagsbóta fyrir almenning.

Jeg vil nú fyrir nefndarinnar hönd leggja til, að frv. nái fram að ganga og brtt. verði samþykt.

Jónas Jónsson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara. Þó að jeg ynni það til samkomulags að ganga inn á skattinn, þá álít jeg hann of háan. Álít jeg, að rjettara væri í þessu efni að halda sjer við það, sem viðurkent er í öðrum löndum, sem sje það, að ríkið eigi að vera laust við slíka skatta. En af því að sú skoðun á fáa stuðningsmenn hjer á þingi, þá hefi jeg tekið þann kostinn að fylgjast með nefndinni um málið, þó að mjer hinsvegar finnist Reykjavík sjerstaklega ágeng í þessu efni. Sjerstaklega þegar þess er gætt, að þeir borgarar landsins, sem mest gjaldþol hafa, gera alt, sem þeir geta, til þess að skjóta eignum sínum undan opinberum sköttum. Væri rjettara að sjá svo um, að menn þessir kæmust ekki undan að greiða slíka skatta, í stað þess, eins og hjer er verið að gera, að reita landssjóð tekjum hans.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 438 samþ. með 6:5 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 458).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:1 atkv. og endursent Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 458).

Á 59. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 458, 479).

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Háttv. Ed. hefir breytt frv. í það horf, að skattgjald ríkisstofnana er sett 3% hærra heldur en það var, er það var afgreitt hjeðan við 3. umr., eða hækkað það úr 5% í 8% af nettóágóðanum. Þá hefir hv. Ed. einnig gert smábreytingu við 2. gr. frv., sem er orðalagsbreyting, sem ekki skiftir miklu máli, en gerir orðalagið heldur skýrara. Brtt., sem samþykt var hjer við 3. umr., gerði það að verkum, að greinin var ekki sem best orðuð.

Nú höfum við hv. 2. þm. Eyf. (BSt) leyft okkur að koma með brtt. við 2. gr. frv., í þá átt að færa gjaldið niður í 5%, eins og það var ákveðið hjer við 3. umr. Jeg get ekki sjeð neina ástæðu til þess, að bærinn fái að íþyngja þessum stofnunum með hærra gjaldi en ákveðið var í þessari hv. deild, þegar málið var hjer fyrst til meðferðar. Að rjettu lagi ættu þessar stofnanir að vera skattfrjálsar. Og það, sem gerði það, að við höfum gengið inn á, að þetta gjald sje greitt, er, að það má skoðast sem uppbót fyrir þau not, sem stofnanirnar hafa af bæjunum. Og mjer virðist, að gjaldið hafi verið áður ákveðið hæfilega af þessari hv. deild. Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að þegar reiknaður er út nettóarður stofnananna hjer í Reykjavík, þá ber að sjálfsögðu ekki að telja með arð þann, sem orðið hefir af útibúum þeirra, því að þau eru skattlögð hvert á sínum stað, eftir þeim arði, sem á þeim hefir orðið. Mjer þykir rjett að taka þetta fram, til þess að koma í veg fyrir misskilning síðar.

Hinn liður brtt. okkar hv. 2. þm. Eyf. er orðabreyting við 2. gr. frv., þannig, að í stað „aðalaðsetursins" komi: aðalbúsins. Raunar skilst vel, hvort heldur sem látið er standa. En jeg kann betur við þetta orðalag.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Allshn. hefir athugað þær breytingar, sem hv. Ed. hefir gert á frv., og vill meiri hl. nefndarinnar leggja það til, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það kemur nú frá hv. Ed. Það má náttúrlega reyna að gera brtt., og það er eðlilegt, að þeir, sem vilja hafa skattgjaldið lægra, vilji breyta. En á hinn bóginn er málinu í heild sinni stofnað í allmikla hættu, ef nú á að senda það aftur til Ed. Og jeg hygg, að það hafi verið afgreitt þaðan með svo miklum atkvæðamun, að ekki sje sennilegt, að deildin vilji fallast á þær breytingar, sem gerðar kynnu að verða nú. En nú eru sennilega ekki eftir nema örfáir dagar af þingtímanum, og því hæpið um framgang mála, sem þurfa hjer eftir að koma í sameinað þing. Mjer er eftir minni afstöðu til málsins ekkert sárt um það. En þeir, sem gera vilja

breytingar á frv., eins og nú er komið þingtímanum, eiga það á hættu, að það dagi uppi.

Um orðalagsbreytinguna, sem engum ágreiningi getur valdið, hefi jeg það að segja, að mjer virðist hún mega vera, ef breyta á frv. á annað borð. En hinsvegar sje jeg enga sjerstaka þörf á henni. Aðalaðsetur í frv. þýðir vitanlega aðalverslunina, en ekki bæinn, þar sem hún er rekin. Jeg hygg, að málvenja styðji þetta. Menn segja ekki, að aðalaðsetur einhvers sje þessi og þessi bær, heldur: í þessum og þessum bæ. Það, sem hv. 2. þm. Árn. (JörB) sagði um útreikning nettóágóðans, liggur í sjálfu frv. Það þarf engrar lögskýringar við, að sá staður, þar sem aðalverslunin er rekin, getur ekki lagt á útibúin líka.

Jeg held, að þeir hv. þdm., sem áhuga hafa á framgangi þessa máls, ættu að greiða atkvæði með því óbreyttu eins og það kom frá hv. Ed.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Mjer kemur enganveginn á óvart, þó að hv. 4. þm. Reykv. (MJ) vilji nota kringumstæðurnar til þess að styðja að því, að frv. verði samþykt óbreytt. En það er lítil átylla, þó ekki sje langt eftir þingtímans, að rjettlæta með því samþykt frv. eins og það liggur hjer fyrir. Tíminn er vissulega nægur, ef menn vilja, að málið gangi fram, þótt því sje breytt nú. Og nái það ekki að ganga fram nú, þá er það fullkomlega á ábyrgð þeirra, sem á móti því standa. Þessi ástæða hv. 4. þm. Reykv. er því ekki mikilsverð. Hann gat þess líka, að frv. hefði verið afgreitt með miklum atkvæðamun frá hv. Ed. En jeg get þá frætt hann á því, að frv. var afgreitt hjeðan til hv. Ed. með um 20 atkvæðum, eða nær helmingi alls þingsins, og jeg veit það með vissu, að meiri hluti þingsins fylgir því þannig, þó að jeg kunni ekki að segja með fullri vissu um atkvæðin í hv. Ed. Ef mönnum sýnist óheppilegt að afgreiða frv. í þessu formi óbreytt, þá er sjálfsagt að breyta því. Ábyrgðin hvílir á þeim, sem á móti málinu standa, ef frv. gengur ekki fram.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hafði búist við því, að hæstv. atvrh. (MG), sem á að vera forsvarsmaður þeirra stofnana, sem hjer eiga hlut að máli, mundi taka hjer til máls. Ekki síst þar sem hann er flm. frv. og gekst einnig fyrir því, að gjaldið var ákveðið 5%, sem leggja mætti á hreinan ágóða þessara stofnana. Annars þarf enginn að vera í vafa um það, hvernig jeg lít á þetta mál, því að jeg flutti brtt. við frv. ásamt hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), um það, að stofnanir ríkisins skyldu vera undanþegnar útsvari; en þegar það fjekk ekki fylgi, þá að gjaldið yrði 2%. Jeg vildi því gjarnan fylgja brtt. hv. 2. þm. Árn. (JörB). En er hjer þá nokkur, sem geti með vissu sagt, að frv. sje ekki þar með dauðadæmt? Hv. 2. þm. Árn. sagðist vona, að svo yrði ekki. En jeg vil fá vissu. Aðalatriðið í þessu máli er það, að Landsverslunin sje ekki óhæfilega skattlögð. En þó frv. verði samþykt óbreytt nú, þá má breyta því á næsta þingi, heldur en eiga á hættu nú að það strandi. Loks vil jeg beina til hæstv. atvrh. (MG) fyrirspurn um það, hvað hann álítur um þetta. Eins og jeg hefi bent á, snertir þetta mál hann og hans verkahring sem ráðherra hvað mest.

Magnús Torfason: Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að aðalatriði málsins væri, að frv. kæmist í gegnum þingið. Jeg lít aftur á móti svo á, að það sje alls ekki

aðalatriði. Aðalatriði þessa máls er það, hvort rjett sje, að ríkisstofnanir greiði útsvör til sveita og bæja eða ekki. Jeg veit ekki til þess, að það tíðkist í öðrum löndum, að ríkið borgi neitt útsvar til sveitar- eða bæjarsjóða. Ríkið aflar sjer tekna með ýmsu móti, og græði það á verslunarrekstri, þá fá bæjarfjelögin sinn hluta af þeim gróða. Græði t. d. ríkissjóður á þennan hátt eina miljón kr., fær Reykjavík af þeim gróða 400 þús. kr. í lækkun á sköttum, ef það er rjett, að hún greiði 40% af tekjum ríkissjóðs. Nú er fyrir hæstarjetti mál út af þessari skattskyldu ríkisverslananna, og sje jeg ekki, að það hafi neina verulega þýðingu að setja lög um þetta atriði nú á þessu ári, því að þótt hæstirjettur staðfesti dóm undirrjettar um það, að ríkisstofnanirnar sjeu að lögum skyldar að greiða útsvar, þá er ekki nema um eitt ár að ræða, sem slíkt þarf að þolast, því að Alþingi getur hvenær sem það vill sett lög um það, að ríkisstofnanirnar skuli ekki greiða útsvar. Mætti þá til næsta þings leita upplýsinga um slíka venju í útlöndum. Jeg verð því að endurtaka það, sem jeg sagði í upphafi, að jeg vil helst, að ekkert útsvar sje borgað. En jeg get þó, til þess að ekki þurfi að verða meira þref um málið, gengið inn á 5%, en alls ekki hærra gjald. Og verði frv. ekki breytt frá því, sem það kom frá hv. Ed., þá hlýt jeg að greiða atkvæði á móti því.

Tryggvi Þórhallsson: Hv. 1. þm. Árn. (MT) þurfti ekki að beina aðfinslum til mín, því að jeg hjelt fram sömu skoðun og hann við fyrri umr. málsins, sem sje þeirri, að ríkisstofnanirnar ættu að rjettu lagi alls ekki að greiða neitt útsvar til sveitar- eða bæjarsjóða. En þegar jeg var atkvæðum borinn um þetta, þá færði jeg mig stig af stigi, frá 2% í 5%. Og nú kýs jeg heldur, að gjaldið sje ákveðið 8%, ef um það er að velja, hvort frv. gangi þannig fram eða alls ekki. Hv. 1. þm. Árn. sagði, að ekki þýddi að setja lög um þetta. En jeg vil benda honum á það, að sá maður, hæstv. atvrh. (MG), sem borið hefir þetta frv. fram, er forsvarsmaður Landsverslunar og var málafærslumaður hennar fyrir hæstarjetti. Jeg bíð nú eftir því að heyra, hvað hann segir um málið. En álíti hann framgang málsins ekki fullkomlega tryggan, ef nú er farið að breyta hundraðsgjaldinu, þá sje jeg mig neyddan til þess að sætta mig við þessi 8% hv. Ed.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer skilst, að hv. þm. Str. (TrÞ) búist við því, að jeg geti leyst úr því, hvort óhætt muni að samþykkja brtt. þá, sem hjer liggur fyrir, eða ekki. Um þetta get jeg ekki sagt neitt ákveðið. Jeg hefi fyrir löngu látið það í ljós, að jeg teldi sanngjarnt að gjalda 5% af nettóágóða ríkisstofnananna. En jeg tek undir með háttv. þm. Str. um það, að ef um það tvent er að velja, að frv. dagi uppi eða gjaldið sje sett 8%, þá tek jeg síðari kostinn. Það er ekki siður minn að ganga milli manna og spyrja þá um það, hvernig þeir muni greiða atkvæði. Jeg spurði einn mann úr nefndinni í hv. Ed., hvernig þessari breytingu mundi verða tekið þar, og sagðist hann ekki vita það. Það verður hver og einn að ráða því, hvernig hann greiðir atkvæði. En jeg býst ekki við því, að jeg þori að greiða atkvæði móti frv. eins og hv. Ed. hefir nú gengið frá því.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að það væri hugsunarvilla í því, að ríkissjóður greiddi útsvar til sveitarsjóða. Það get jeg ekki fundið. En hitt er það, að jeg

álít, að í raun og veru sje ríkissjóður ekki skyldur að greiða slíkt útsvar. En nú er annar dómari, eins fær lögfræðingur (bæjarfógetinn í Reykjavík) eins og við hv. 1. þm. Árn. (MT), sem hefir aðra skoðun á þessu máli. Og jeg er ekki sá sjálfbyrgingur, að jeg taki ekki neitt tillit til skoðana slíks manns. En hvað útlönd snertir, þá er ekki víst, að sömu lög gildi þar og hjer, en vitanlega verðum við að fara eftir okkar lögum. Tilgangur þessa frv., eins og jeg tók fram í upphafi, er ekki sá, að slá því föstu, hvort rjett sje, að ríkissjóður greiði útsvar eða ekki, heldur að fara sanngjarnan meðalveg milli hagsmuna ríkisins og bæjanna. Því verður ekki neitað, að þegar ríkið tekur í sínar hendur atvinnurekstur eins og tóbakssölu, þá rýrna tekjur bæjanna, og frá því sjónarmiði er það eðlilegt, að þeim sje bætt það með einhverju gjaldi. — Hitt nær vitanlega engri átt, að hægt sje að leggja á þessar stofnanir ríkisins eftir efnum og ástæðum. Það væri í raun og veru sama og að leggja á ríkissjóðinn í heild sinni.

Sveinn Ólafsson: Mjer þykir rjett að gera grein fyrir atkvæði mínu nú þegar, og einmitt á þann veg, að jeg greiði atkvæði með brtt. 479, og auk heldur þótt það leiddi til þess, að frv. dagaði uppi. Falli till., þá mun jeg hinsvegar greiða atkvæði móti frv. Jeg tel það engan skaða, þó að málið dagaði uppi að þessu sinni, ef ekki næst nauðsynleg breyting á frv. Og jeg held, að ef málið er dregið til næsta þings, þá muni verða litið á það annan veg en nú er gert.

Jeg verð að segja það, að jeg er sammála hv. 1. þm. Árn. (MT) um það, að ekki fari vel á því að gera stofnanir ríkisins skattskyldar einstökum sveitarfjelögum. Jeg legg ekki svo mikla áherslu á framgang þessa máls nú, áður en dómur fellur um útsvarsskylduna eftir eldri lögum, að jeg vilji samþykkja hið hækkaða gjald til þess eins að varna hækkun afgjalds. Það skiftir ekki svo miklu máli um eins árs útsvar.

Hæstv. atvrh. (MG) benti á það, sem áður hefir verið talað um hjer, að verslanir ríkisins, svo sem tóbakssalan, svifti bæjarsjóð rjettmætum tekjum. Það er vitanlegt, að verslunarrekstur ríkisins dregur úr verslun einstakra manna. En þessi einkasala tekur og miklar tekjur af öðrum sveitarfjelögum, því að verslunin var áður í höndum fjölda verslana úti um alt land, þótt nú sje hún komin á eina hönd sem ríkiseinkasala. Það er því ekki rjett að meta svo, sem það sje Reykjavík ein, sem mist hafi hjer tekjulind, og eigi því að hafa einkaleyfi til þess að skattleggja þessi fyrirtæki.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg get verið þakklátur hæstv. atvrh. (MG) fyrir það, að hann hefir nú látið til sín heyra um þetta mál, þótt ekki væri raunar fullnægjandi. Hann kvaðst ekki vera vanur að ganga á milli manna og spyrja þá eftir afstöðu þeirra til málanna. En mjer finst samt, úr því hann er flm. þessa frv., og úr því þessi stofnun, sem á að verja með frv., er undir hann gefin fyrst og fremst, þá megi búast við því, að hann fylgist fremur öðrum með því, hvernig blæs fyrir frv. Og þar sem hann er líka einn æðsti maður stærsta þingflokksins og ráðherra hans, þá skil jeg ekki annað en að honum og hans flokki sje innan handar að koma málinu fram, og það þótt gjaldinu verði nú breytt í 5% eins og

hann lagði sjálfur til upphaflega. Allur Framsóknarflokkurinn er því fylgjandi, og ef hæstv. atvrh. treystist ekki til þess að fá frv. breytt í það horf, sem hann sjálfur lagði til upphaflega, þá er það af því, að hann vantreystir sínum eigin flokksmönnum.

Jeg þykist geta fullyrt það, að Framsóknarflokkurinn standi saman um málið. En hæstv. atvrh. (MG) virðist ekki treysta sínum flokki til að fylgja því. Og jeg get alls ekki láð honum það, eftir alla þá mæðu, sem hæstv. forsrh. (JM) hefir átt við að búa út af frv. sínum, svo að jeg nefni nú ekki hæstv. fjármálaráðherra, sem hefir verið við 3. og 4. mann um flest sín áhugamál hjer í deildinni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að ekkert gerði til, þótt þessu máli yrði frestað til næsta þings. En hefir hv. þm. nokkra sönnun fyrir því, að næsta þing verði skipað eins og þetta? (*SvÓ:* Jeg vil, að fáist reynsla). Sú reynsla verður dýr. Hún kostar um 100 þús. kr., eftir þeim útsvörum að dæma, sem nýlega hafa verið lögð á verslanir ríkissjóðs. Það er því hið mesta óvit að fresta málinu. Um útsvarsskyldu kirkju og skóla skal jeg ekki deila við hv. þm. (SvÓ).

Hv. þm. Str. (TrÞ) virtist hissa á því, að jeg skyldi ekki vera nákunnugur afstöðu manna til málsins í Ed. En mjer finst til of mikils ætlast, að ætlast til þess, að jeg spyrji þar hvern einasta þm. um afstöðu hans. Má vel vera, að hv. þm. Str. kynni við þesshættar göngu fyrir hvers manns dyr, en jeg læt slíkt vera. Þá var háttv. sami þm. að tala um það, að jeg treysti ekki Íhaldsflokknum til að fylgja frv., enda hefði hann ekki verið sammála í ýmsum málum. En til þess, að krafist verði, að flokkurinn fylgist að, verða málin að vera flokksmál eða stefnumál. En það eru alls ekki öll mál. Hv. þm. Str. fylgir mjer t. d. nú að málum, og erum við þó ekki flokksbræður. Jeg hefi líka hjálpað honum til að koma fram málum, sem honum hafa verið áhugamál. (*TrÞ:* Það er þá kaups kaups). Já, það er kaups kaups, og við ættum því ekki að vera neitt að metast um það, hvernig við greiðum atkvæði, heldur reyna að sjá svo um, að við greiðum atkvæði með rjettu máli. Það á að vera hverjum þm. metnaðarsök.

Jakob Möller: Jeg get dáðst að þeirri lotningu, sem hv. þm. bera fyrir þessum ríkisstofnunum, þar sem þeim finnast þær varla sambærilegar við kirkjuna fyrir tignar sakir. Þessum hv. þm. finst, að ekki geti frekar komið til mála, að þessar stofnanir greiði útsvar en kirkjurnar. Auðvitað geta þessir hv. þm. ekki orðið með því, að stofnanirnar greiði útsvar, ekki einu sinni sem nemi 5% af arði. Jeg gleðst þess vegna af því, að þeir ætla að hjálpa mjer til að koma frv. fyrir kattarnef, þó að þeir greiði auðvitað atkvæði á móti því af öðrum ástæðum en jeg.

Það er á allra vitorði, að ríkið verður að greiða í bæjarsjóð ýms gjöld. Nýlega hefir t. d. verið samþykt hjer í deildinni frv., sem eykur gjöld þau, sem ríkið þarf að greiða í bæjarsjóð — en það er bæjargjaldafrv. Menn vita það, að ríkið verður að gjalda skatt af lóðum undir opinberum byggingum hjer í bænum. Jafnvel kirkjulóðin mun ekki vera undan því þegin. En ekki er von, að þm. vilji, að landsverslun sje lögð niður, þar sem þeir meta hana jafna kirkjunni. Þeim gengur auð-

vitað guðsótti til, blessuðum mönnunum. Mjer fyndist nú rjettast að flytja hana í kirkjugarðinn, því að hann einn mun undanþeginn lóðargjaldinu.

En jeg vona nú samt, að ýmsir hv. þm. sjái, að eigi ríkið að gjalda í bæjarsjóð af fasteignum sínum, þá sje ekki óeðlilegt, að verslunarstofnanir þess sjeu útsvarsskyldar. Jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að þær eigi alveg jafnt að borga útsvör og skatta og gróðafyrirtæki einstakra manna. Jeg greiði því atkvæði á móti þessu frv.

Magnús Torfason: Jeg verð að skýra dálítið betur, hvað fyrir mjer vakir. Menn telja rjett að leggja á gróðafyrirtæki ríkissjóðs. En jeg vil sýna fram á, að þetta er hugsunarvilla. Ríkissjóður er ekki gróðafyrirtæki, og hjer stendur eins á og með bú Vífilsstaðahælisins.

Hreppurinn lagði útsvar á búið og út af því varð mál. Undirrjettur dæmdi búið útsvarsskylt, en hæstirjettur ekki, þar sem búið yrði að skoðast framfærsla stofnunar, sem auðvitað væri ekki útsvarsskyld. (*Atvrh. MG:* Það er ekki víst, að dómur hæstarjettar sje rjettari en undirdómurinn). Hæstv. atvinnumálaráðherra segir, að það sje ekki víst, að hæstarjettardómurinn sje rjettur, en jeg vil benda honum á það, að öll sveitarstjórnarlöggjöfin miðar að því að leggja á einkastofnanir, en ekki almenn fyrirtæki. Það eru og óskráð lög, að ekki sje hægt að leggja á almennar stofnanir, hvorki ríkis nje aðrar.

Aðalafstaða mín í þessu máli er sú, að bíða eftir dómi hæstarjettar og síðan koma með úrslitaákvæði um þetta efni.

Fasteignaskattur og sveitarútsvar er alls ekki sambærilegt, því að útsvarið rennur til bæjar- og sveitarfjelaga, en fasteignaskatturinn til ríkissjóðs sjálfs.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það skilur okkur hv. 1. þm. Árn. (MT), að hann vill bíða dómsins, en jeg ekki. Jeg sje enga ástæðu til að bíða dóms hæstarjettar, því að þó að hann verði ekki samkvæmur því, sem í þessu frv. er ákveðið, þá er hægt um hönd að koma á fullu samræmi eftir á.

Hv. þm. (MT) tók til dæmis dóminn um bú Vífilsstaðahælisins. En sá dómur er alls ekki afgerandi í þessu máli. Raunar er jeg sammála hv. þm. um það, að ríkisstofnanir sjeu ekki útsvarsskyldar. En jeg er ekki viss um, að við höfum rjett fyrir okkur. Einhver besti dómari landsins er á öðru máli en við.

Þegar hv. þm. segir, að það sje hugsunarvilla, að ríkisstofnanirnar sjeu útsvarsskyldar, þá er þar nokkuð þungum steini kastað á dóm einhvers besta dómara landsins. (*MT:* Á lögin, á lögin, segi jeg). Á lögin, — en hv. þm. verður að gæta þess, að hæstirjettur dæmir einmitt eftir sömu lögunum.

Það gleður mig, að hv. þm. er mjer sammála. En þó að hann sje mikill lögfræðingur og góður dómari, sem jeg efast alls ekki um að hann sje, er jeg þó ekki viss í minni sök, þar sem einhver ágætasti dómari landsins hefir litið öðruvísi á málið.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Ræður hv. þm. hafa alls ekki skorið úr um það, hvort brtt. muni verða frv. að fótakefli, ekki einusinni ræður hæstv. atvinnumálaráðherra. Enda er þess ekki að vænta, því að hjer er enginn maður, sem vald hefir til að rannsaka hjörtu og nýru hv. Ed.

Hv. 2. þm. Árn. sagði, að við bærum ábyrgð á því, hvort þetta frv. dagaði uppi eða ekki. Fer þá skörin að færast upp í bekkinn, ef þeir, sem nú vilja þegar ráða málinu til lykta, eiga að bera ábyrgð á þeim töfum, sem hv. 2. þm. Árn. og hans fylgismenn orsaka. Nei, beri þeir sjálfir fjanda sinn. Annars er jeg ekkert spentur fyrir þessu frv., þó að jeg hafi gengið inn á hundraðsgjald. Má það fyrir mjer sofna og rísa aldrei upp.

Jeg er sammála hæstv. atvinnumálaráðherra um það, að rjett sje að þræða sanngjarnan milliveg í málinu. En hvort er sá vegur 5 eða 10%? Jeg lít svo á, að 10% sje sanngjarnt.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að í bæjarsjóð greiði Landsverslun tekjuskatt í stað útsvars. Ef reiknað er samkvæmt lögunum um tekjuskatt til ríkissjóðs, yrði hann 26% af svona tekjum, og það er augljóst, að almenn útsvör verða að vera að minsta kosti eins há, ef eftir sömu reglum væru reiknuð. Millivegurinn er þá nær 10%, sem er alt að því helmingurinn. 5% eru aftur á móti ekki einu sinni ¼. Jeg greiði þess vegna atkvæði með því, að skatturinn verði 10% — eða þá með þeirri till., sem næst fer því.

ATKVGR.

Brtt. 479,a samþ. með 15:11 atkv.

— 479,b samþ. með 15:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:6 atkv. og endursent Ed.

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 1. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 492).

Á 61. fundi í Ed., laugardaginn 3. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., þriðjudaginn 6. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Frsm. (Eggert Pálsson): Eins og háttv. þdm. muna, var þessu frv. breytt nokkuð hjer í deildinni síðast er það var hjer á ferðinni. Ein af breytingunum var hækkun hundraðstölunnar. Hv. Nd. hefir ekki getað fallist á þessa hækkun, en hefir aftur á móti sætt sig við breytingar á máli og orðfæri, þar sem augljóst var, að betur mátti fara.

En þrátt fyrir það, þótt vilji Ed. hafi ekki allur náð hjer fram að ganga, leggur meiri hl. allshn. til, að frv. verði samþykt hjer eins og það nú liggur fyrir.

Jónas Jónsson: Jeg tek það fram fyrir hönd minni hlutans, að hann er samþykkur meiri hlutanum — um þetta!

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 540).

---

47. Gengisskráning og gjaldeyrisverslun.

Á 61. fundi í Nd., föstudaginn 2. maí, var útbýtt:

Frv. til laga um gengisskráning og gjaldeyrisverslun (þmfrv., A. 516).

Á 62. fundi í Nd., laugardaginn 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin

leyfði með 19 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Ágúst Flygenring): Til. fjhn. hefir verið vísað 2 frv., öðru á þskj 280, um *gjaldeyrisnefnd,* en hinu á þskj. 225, um *gengisskráningu.*

Vegna upplýsinga, sem nefndin vildi leita sjer um þessi málefni hjá þeim, er þau snerta mest, svo sem verslunarráðinu, samvinnufjelögunum, fjelagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda og bönkunum, hefir þetta mál tafist lengur en æskilegt var. En á þessari töf á nefndin annars enga sök; svör sumra þessara stofnana bárust henni svo seint í hendur, en nefndin sá sjer ekki fært að gera endanlega ályktun um málið, fyrri en hún hefði fengið þau.

Eftir að nefndin hafði rætt þessi frv. nokkuð, komst hún brátt að þeirri niðurstöðu, að einfaldast væri að semja upp úr þeim eitt frv., með því að tilgangur þeirra beggja er sá, að tryggja fjárhag landsins og viðskifti út á við og gera tilraun til að festa og hækka, ef kostur er á, gengi íslenskra peninga.

Gjaldeyrisnefndarfrv. mælir svo fyrir, að nefnd, sem sett er yfir allan gjaldeyri landsins, sem kemur fyrir seldar vörur, skuli hafa óskoraðan ráðstöfunarrjett yfir öllu andvirði seldra afurða úr landinu. Gengisskráningarfrumvarpið gerir ráð fyrir þriggja manna nefnd, er skal meta gjaldeyrinn einu sinni á viku. Skal hún því aðeins meta hann, að hún sjái sjer fært að ákveða verðgildi íslenskrar krónu að minsta kosti 50% af gullverði á hverjum tíma, sem skráning fer fram, en fari verðgildið niður fyrir það, virðist skráningin eiga að hætta.

Ennfremur barst nefndinni frv. frá Landsbankanum um verslun með erlendan gjaldeyri og gengisskráningu. Er það frv. svipað þessu, sem nefndin flytur. Það, sem aðallega skilur frv. nefndarinnar frá frv. Landsbankans, eru ákvæði þau í hinu síðarnefnda, sem gera ráð fyrir, að allur erlendur gjaldeyrir gangi í gegnum skráningarnefndina, að hún taki við honum og skifti honum aftur milli bankanna í hlutfalli við lausar skuldir þeirra við erlenda banka, sem til hefir verið stofnað vegna gjaldeyrissölu.

Íslandsbanki hefir ekki gert aðrar tillögur um málið en þær, að hann telur bæði frv., sem áður voru komin fram, allsendis óþörf og óaðgengileg. Nefndin hefir átt tal við bankastjóra Íslandsbanka um þetta, og telja þeir enga hættu á því nú fyrst um sinn, að vandræði verði með að yfirfæra peninga eftir þörfum. Þeir staðhæfa, að erlendur gjaldeyrir fari ekki framhjá bönkunum og að Íslandsbanki sje reiðubúinn til að rjetta Landsbankanum hjálparhönd, hvenær sem er og eftir því sem efni og ástæður leyfa, með yfirfærslu og að öðru leyti. Enda játa þeir, að þetta sje sjálfsögð skylda þeirra, er Landsbankinn hafi oft gert þeim svipaðan greiða, en leggja jafnframt áherslu á það, að þessi liðveisla, er þeir veiti hvor öðrum, sje frjáls, en ekki bundin neinum þvingunarráðstöfunum, sem gætu valdið því, að gott samkomulag milli bankanna færi út um þúfur.

Hinar stofnanirnar, sem nefndin hefir leitað hjá umsagnar um málið, telja hin framkomnu þingmannafrv. alveg óaðgengileg. Telja þær, að þau gangi alt of nærri frjálsri verslun og fari óþarflega langt í því að skerða persónulegan eignarrjett. Samband íslenskra samvinnufjelaga er þó ekki á þessari skoðun.

Jeg hefi þá skýrt frá því í aðalat-

riðum, hvern dóm helstu hlutaðeigendur aðrir, sem málefni þessi snerta, leggja á þau. Skal jeg bæta því við, að mitt álit á hinum áminstu frv. er nokkuð svipað, og jeg hygg einnig meiri hluta nefndarinnar,

Nefndinni varð það ljóst, þegar í eindaga var komið með þessi mál, að annaðhvort yrðu þau að falla niður eða að finna yrði sameiginlega leið, þá leið, sem vjer allir teldum færa og aðgengilega. Og hún liggur þá fyrir í frv. því, er nefndin ber hjer fram á þskj. 516.

Í þessu frv. eru tekin upp aðalatriðin úr báðum frv., sem fyr er á minst, og þó með nokkrum breytingum. En einnig er bætt við nokkrum nýjum ákvæðum, sem eru ekki í hinum frv. Skal jeg nú minnast nokkuð á einstök ákvæði frv.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að skráning á genginu fari fram, og skal skipa þriggja manna nefnd til að annast hana. Á nefndin auk þess, eftir því sem ástæður eru til, að vera stjórninni til aðstoðar í gengismálinu um alt það, er miðar að því að festa eða hækka gengið. Nefndin stendur beint undir fjármálaráðherra. Hún er þannig skipuð, að fjrh. nefnir einn mann í nefndina, og er hann formaður; hinir tveir eru nefndir hvor af sínum bankanum, enda tæplega öðrum til að dreifa að skipa þá. Nefndin er auðvitað bundin þagnarskyldu. Skýrslur þær, sem nefndinni er nauðsynlegt að fá til þess að komast eftir, hvað fæst fyrir seldar afurðir, fær hún jafnóðum frá löggreglustjórum, enda eiga þeir samkvæmt gildandi lögum að safna skýrslum um útfluttar vörur og innheimta af þeim stimpilgjald, sem miðað er við verðmæti þeirra eða söluverð. Þótti óþarfi að heimta aðrar skýrslur en þær, sem nú eru gefnar lögreglustjórum. Auk þess er gert ráð fyrir, að nefndin geti krafist að fá skýrslu um erlendan gjaldeyri, sem menn kunna að eiga, þegar lög þessi öðlast gildi, eða eignast kunna síðar, þar með talin verðbrjef. Er það nauðsynlegt, ef beita þarf ákvæðum 4. gr., um að nefndin geti ráðstafað gjaldeyri til umráða handa ríkissjóði eða bönkunum. Er gert ráð fyrir, að nefndin hafi vald á öllum gjaldeyri og geti tekið hann til að veita ríkissjóði eða bönkunum lið, ef með þarf, en þó því aðeins, að leyfi fjármálaráðherra komi til.

Ákvæðin í 5. gr. eru til þess sett að gera það örugt, að gjaldeyrisviðskiftin fari ekki framhjá þeim stofnunum, sem eðlilegast er að hafi þau á hendi, nefnilega bönkunum. Nú sem stendur fullyrða bankarnir, að þessi viðskifti fari alls ekki framhjá þeim. Hver maður, sem flytur vörur út, selur bönkunum gjaldeyri þann. sem hann fær fyrir þær, enda er það ekki á margra færi nú að „spekúlera" með erlendan gjaldeyri, eins óvissar og óútreiknanlegar og sveiflur hans eru. Í sjálfu sjer er það enginn, sem með nokkrum líkum getur reiknað út, hvert gengið muni verða á hverjum tíma. — Þeir, sem svo aftur á móti þurfa á erlendum gjaldeyri að halda, fá hann auðvitað aftur viðlíka mikinn eins og þeir hafa selt til bankans, ef það telst nauðsynlegt til að halda uppi atvinnurekstri þeirra. Til þess því að koma á móti þeim, sem halda, að þetta takmarki um of persónulegt viðskiftafrelsi, þá höfum við gengið inn á þá ágætu leið, sem sjá má af brtt. okkar.

Við ætlumst til, að fjármálaráðuneytið semji reglugerð um starf nefndarinnar og um það, hvernig lögin skuli framkvæmd í einstökum atriðum. Höfum við þá með því náð öllu, sem sanngjarnt er að heimta

hvað skipun þessa málefnis snertir, því jeg býst ekki við, að neinn hv. þm. vilji gera sjer leik að því að setja ákvæði, sem á engan veg geta talist nauðsynleg, einhver einstrengingsleg ákvæði, sem allsendis er ónauðsynlegt að beita. Býst jeg ekki við, að til þess þurfi að koma að hefta með þessu frjálsa verslun. En reynist svo, að þess sje þörf, þá er hjer með veitt heimild til þess. Við höfum viljað beygja okkur til samkomulags í þessum málum, og farið í því efni eins langt og við höfum talið okkur fært. En eigi frv. að ná fram að ganga, þá verður nefndin og hv. deild að vera samhent í því að spilla ekki tímanum með einskisverðum deilum. En láti þingið ekkert frá sjer fara í þess átt, þá býst jeg við, að það verði illa sjeð, því að eins og við vitum, þá hefir jafnan verið hrópað fyrst og fremst um það, að eitthvað þurfi að gera til að reisa skorður við því, að gengið fari lækkandi. Býst jeg við, að nefnd þessi geti orðið til varnaðar á örðugum tímum, og eins er ekki ólíklegt, að þetta fyrirkomulag á gengisskráningunni geti stuðlað að því að festa gengi krónunnar og hækka það. Er þá vonandi, að það geti orðið smátt og smátt, því allar snöggar sveiflur valda óeðlilegri truflun.

Get jeg þar með látið staðar numið.

Halldór Stefánsson: Þótt jeg beri þetta frv. fram með öðrum hv. fjárhagsnefndarmönnum, þá er það engan veginn svo að skilja, að jeg sje ánægður með frv. eins og það er.

Frv. er borið fram í staðinn fyrir frumvörpin um gengisskráningu og gjaldeyrisnefnd, sem komið hafa fyrir þingið og var vísað til nefndarinnar, og eru sameinuð í þessu frv. flest ákvæði þeirra, en þó nokkuð breytt að formi og efni.

Allmikill skoðanamunur er á milli nefndarmanna um gagnsemi og nauðsyn slíkra ráðstafana, og um einstök efnisatriði, eins og frá er skýrt í nál.; en frv. ber að skoða sem ávöxt af því, hvar skoðanir nefndarmanna gátu mæst til samkomulags, og þó með það fyrir augum jafnframt, hverju líklegt væri að hægt væri að koma fram.

Jeg skal nú fyrst gera stutta grein fyrir því, að hverju þetta frv. er frábrugðið upphaflegu frumvörpunum.

Fyrst er það, að ákvæðin um íhlutunarrjett um meðferð erlends gjaldeyris og um íhlutunarrjett um yfirfærslur eru í þessu frv. heimildir, en skýlausar skipanir í upphaflegu frv.

Annar munur er það, hvernig nefndin er samsett, einkum gagnvart gengisskráningunni. Bönkunum er ætlaður meiri hluti í nefndinni, og þeir þannig einráðir um gengisskráninguna. Þar sem þeir eiga seðlana, þ. e. þann innlenda gjaldmiðil, sem metinn og skráður er, þá eru þeir áfram dómarar í sjálfs sín sök, eins og verið hefir.

Þriðja er það, að engar takmarkanir eru settar um yfirfærslur í frv., þótt gengið haldi áfram að falla, aldrei hugsað að segja við bankana: hingað og ekki lengra í því að fella í gildi ykkar eigin seðla.

Jeg skal nú þessu næst fara nokkrum orðum almennt um þau atriði, sem viðkoma efni þessara frumvarpa, í þeim tilgangi að skýra það, hvers vegna og að hverju leyti jeg álít ófullnægjandi skipað til með þessu frv. í einstökum atriðum, og til þess að benda á það jafnframt, að það veltur á miklu um árangur frv., ef samþykt verður, hvernig og að hve miklu leyti heimildir frv. verða notaðar og hvernig tekst með skipun nefndarinnar. —

Það mun hvergi í löndum nema hjer á landi vera talið eðlilegt eða rjett, að gengisskráning sje í höndum þeirra, sem með verðmiðilsverslunina fara og gjaldmiðilinn eiga, án allrar íhlutunar og eftirlits.

Gengisskráning án eftirlits og í höndum þeirra einna, sem með gjaldmiðilsverslunina fara, er fallin til að vekja efa og vantraust, eða a. m. k. óvissu, um það, hvort verðgildi gjaldmiðilsins er rjett skráð.

Þess vegna virðist nauðsynlegt og öllum fyrir bestu, að sett sjeu lög og reglur um gengisskráninguna, og þannig lagaðar, að þær sjeu fallnar til að eyða og útiloka allan efa og grun.

Jeg skal nú drepa á nokkur atriði og ástæður, sem benda til þess, að rjett sje og sjálfsagt að skipa fyrir með lögum um þau atriði, sem snerta gengisskráninguna og gjaldeyrismeðferðina.

Seðlarnir, þ. e. a. s. sá verðmiðill, sem hjer ræðir um, eru handhafaávísanir, sem bankarnir gefa út á sjálfa sig og skuldbinda sig til að greiða handhafa með fullu verði. Það eru ávísanir, sem gefnar eru út með gullsgildi.

Þegar það er liðið eða leyft, að banki leysi seðla sína inn, eða kaupi þá með afföllum (gengismun), þá er það í raun og veru ekkert annað en eftirgjöf á skuldbindingum þess banka, sem hefir gefið seðlana út, eftirgjöf á jafnmiklum hluta frumverðsins eins og gengismuninum nemur, en jafnmikið tap þjóðarinnar, sem seðlana hefir með höndum. Það er nokkurskonar fátækrastyrkur til bankans

Lækkandi gengi verður þá sama sem aukið tap handhafa og aukinn styrkur til bankans.

Nú þegar Íslandsbanki er að leysa inn til fulls hluta af seðlum sínum, þá er það beinn styrkur til hans, að fá að leysa inn þessar eigin ávísanir sínar á hálfvirði, eins og nú er, og því meiri styrkur, sem honum er liðið eða leyft að leysa þá inn með lægra gildi.

Það er þess vegna beinn hagur Íslandsbanka, og beinn aukinn styrkur frá þjóðinni, að seðlar hans falli sem mest, og í mesta máta óviðkunnanlegt og óviðurkvæmilegt að selja honum sjálfdæmi um mat seðla sinna. Þeir, sem það heimta, virðast bera meir fyrir brjósti hag bankans en hag þjóðarinnar.

Banka, sem ekki leysir inn sínar eigin ávísanir (seðla) á fullu verði, má líkja við þurfamann, sem lifir — eins og kunnugt er — á annara framfæri. Báðir lifa á því, sem aðrir leggja fram, en hvorugur græðir þó eða safnar fje, nema þeir skjóti undan. Báðir gleypa feitu kýrnar, en eru þó jafnmagrir eftir. Íslandsbanki er þurfalingur íslensku þjóðarinnar í þessari merkingu, þjóðin er látin hlífa fje hans til þess að hann geti haft 8 bankastjóra á ríflegum launum, og til þess, að hann geti gefið hluthöfum sínum sem mestan ársarð, og til þess, að hann hafi sem mestu fje að skifta á milli eigenda sinna að leyfistímanum loknum. Til þessara hluta hefir hann hlaðið í kringum sig þann varnarmúr, sem aldrei hefir brugðist honum.

Viðskifti landa á milli greiðast og jafnast með vörum.

Að því leyti, sem vörur hrökkva ekki til, eða á þeim tíma, sem vörur eru ekki til, jafnast viðskiftin með lánstrausti.

Lánstraustið er veitt í gegnum bankana.

Á meðan bankarnir hafa fult, ólamað traust, þá gengur alt vel. En ef bankarnir tapa trausti og áliti, þá er voðinn vís.

Þegar banki t. d. hættir að kaupa sínar eigin ávísanir — seðlana — fullu verði,

þá auglýsir hann sjálfur með því vanmátt sinn.

Rekstur slíkra banka ætti að stöðva þegar í stað, því að eftir það verður öll starfsemi þeirra — þar með taldar yfirfærslur — tvísýnn hagnaður, eða minna en það. Það hefnir sín grimmilega að láta þá halda áfram eftir það; það hefir öll reynsla sýnt. Eftir það eru þeir komnir á þjóðarframfæri, því líkt, sem jeg hefi áður lýst.

Svona er því varið með íslensku bankana (það tekur þó að mestu leyti eingöngu til Íslandsbanka við það, að hann á mestan hluta seðlanna). Þeir flæmast undan skyldum sínum og skuldbindingum. Yfirfærslurnar annast þeir með því að taka lán erlendis og lán á lán ofan, til þess að geta keypt þeim mun meira af sínum eigin ávísunum hjer heima með afslætti, og lánað þá svo út aftur með fullu nafnverði og okurvöxtum. — Þannig hafa þeir, að eigin sögn, tekið 18 milj. kr. lán erlendis síðustu 3 árin.

Fyrst bankarnir geta ekki uppfylt skyldur sínar um innlausn seðla sinna á fullu verði, þá er spursmál, hvort ekki er af tvennu illu betra, að þeir hætti að yfirfæra, eða þá a. m. k. yfirfæri sem minst — ekki nema það, sem brýn þörf er á — heldur en þeir reki þessi viðskifti áfram.

Þegar svona er ástatt, þá er bæði óhyggilegt og hættulegt að láta þá reka yfirfærslur og gengisskráningu eftirlitslaust og hindrunarlaust.

Því er alment haldið fram, að framboð og eftirspurn skapi sanngjarnt og eðlilegt verð, svo um seðlagildi sem annað.

Þetta getur talist rjett, ef miðað er við algerlega eðlilegar og óþvingaðar ástæður.

En sjeu ástæður að einhverju leyti óeðlilegar eða þvingaðar (vöruskortur, sjerrjettindi, samtök, kaupgræðgi (Panik), fölsk kaupgeta o. fl.), þá bilar eða brestur þessi jafnvægiskenning.

Af fyrsögðu er það augljóst, að bankarnir hafa hagnað eða styrk af verðfalli seðla sinna.

Þó að bankarnir sjeu ekkert sjerstaklega grunaðir um að styðja eða stuðla að falli seðla sinna vísvitandi eða af ásettu ráði, þá er samt þess að gæta, að ýmsir fleiri en þeir hafa umráð yfir eða fá umráð yfir erlendum gjaldeyri, og hugsast getur, og má enda telja líklegt, að þeir geri sjer gengisfallið að fjeþúfu.

Og þá er hugsanlegt, að bankarnir geti leiðst og hafi leiðst til að fylgja þeim gengisbröskurum, og um það eru þeir að vísu grunaðir.

Þess vegna er tryggast og öllum best — bönkunum líka —, að gjaldmiðilsskráningin sje ekki eftirlitslaus.

Óstöðugt gengi er engu betra, eða kannske öllu verra en lággengið sjálft. Orð leikur á, að bankarnir — og aðrir, sem hafa umráð yfir erlendum gjaldmiðli, — noti sjer það til eigin hagsmuna. Tilfærð skulu tvö dæmi um þann orðróm:

1. Íslensk króna hefir jafnan fallið á hverju ári rjett eftir að búið hefir verið að selja megnið af íslenskum framleiðsluvörum yfirstandandi árs, og rjett áður en þurft hefir að fara að kaupa vörur til næsta árs. Við þessar ástæður tapa framleiðendur. Auðvitað er það óvíst og óljóst, hvort það eru bankarnir, sem hafa hagnaðinn, eða hvort sá hagnaður er meira beinn eða óbeinn, en gott væri fyrir þá að geta verið lausir við allan grun um það.

2. Nú er fiskur keyptur — að því er þykir — á háu verði og mjög eftirsóttur,

ekki einungis sá fiskur, sem veiddur er, heldur og sá, sem enn er óveiddur og leikur lausum sporði í sjónum. Sennilega lána bankarnir heldur meira en minna fje til kaupanna. Það sýnist geta verið ótrygt, að kaupendur sleppi skaðlausir, þar sem svo langt líður þangað til fiskurinn kemur á markað og bæði verð og gengi getur breyst til þess tíma í óhagstæða átt fyrir kaupendur. Nú leikur á sá orðrómur, að bankarnir hafi lofað fiskkaupendum að láta íslenska krónu falla gagnvart enskri mynt þegar sala fer fram, ef þörf gerist, til að tryggja fiskkaupendur fyrir tjóni af kaupunum og sjálfa sig fyrir tapi á lánunum. Jeg segi þetta ekki sem mína skoðun, heldur aðeins sem þann orðróm, sem jeg hefi heyrt.

Það virðist ætti að vera gott fyrir bankana að geta verið lausir einnig við þennan grun.

Það hefir ekki altaf þótt og þykir ekki enn vera rjett eða eðlilegt hlutfall á milli íslenskrar krónu og verðmiðils annara ríkja. Sjerstaklega á þetta sjer stað um hlutfallið milli íslenskrar og danskrar krónu.

Eftir ástæðum og líkum þykir, að íslensk króna ætti ekki að vera að mun lægri gagnvart gullkrónu en dönsk króna.

Í annan stað hefir það komið fyrir, að þegar íslensk króna hefir hækkað gagnvart gullkrónu, þá hefir hún ekki altaf hækkað gagnvart danskri krónu, og það enda þótt dönsk króna hafi lækkað samtímis gagnvart gullkrónu.

Mönnum hefir verið óskiljanlegt, hvernig gæti staðið á þessu.

Nú hefir nýlega fengist skýring á þessu fyrirbrigði.

Á fundi um gengismálið fyrir mánuði síðan (3. apríl) viðurkendu tveir bankastjórar, sinn frá hvorum banka, að bankarnir þyrðu ekki að láta íslenska krónu nálgast danska krónu um of, vegna þess, að þeir danskir innieigendur, sem ættu fje í bönkunum hjer, myndu þá heimta út fje sitt örara en bankarnir væru viðbúnir að láta það af hendi.

Með þessu hafa bankarnir viðurkent, að þeir hjeldu uppi óeðlilegu verðhlutfalli á milli danskrar og íslenskrar krónu.

En nú er eins líklegt, að hugsunargangur bankanna um þetta atriði sje rangur.

Með lágu og fallandi gengi íslenskrar krónu er líklegt, að danskir innieigendur missi alt traust á viðreisn bankanna og íslensku krónunnar, og álykti því, að seðlar þeirra verði verðlausir með öllu. Þess vegna er líklegt, að þeir heimti út fje sitt til þess að bjarga því, sem hægt er.

Með hækkandi gengi íslenskrar krónu er þar á móti líklegt, að þeir fái von um, að seðlarnir nái fullu gildi, og láti því bíða að taka út, í þeirri von, að geta bjargað öllu.

Bankarnir hafa gefið það upp, að þeir hafi tapað 700000 kr. næstliðið ár á sölu erlends gjaldeyris.

Á meðan ekkert liggur fyrir um það, hvernig þetta er gert upp, þá er þetta óljóst atriði og lítið á því að byggja. Það á þó víst að sanna það, að það sje óþarft að vera að setja eftirlit með gengissölunni.

En það er þó auðsjeð, að bankarnir eru fúsari til að leggja sig fram fyrir annað frekar en landbúnaðinn, eftir því að dæma, sem fram kom við meðferð frv. um búnaðarlánadeildina.

Yfirfærslurnar munu að langmestu leyti gerðar fyrir verslunina, og þá sennilega sumpart til að kaupa miður þarfan eða

alóþarfan varning. — Þar er ekki olnbogabarnið!

En einhvern veginn ná bankarnir þessu tapi upp. Ekki er tap á heildarreikningunum, heildarrekstri þeirra. — Jú, þeir ná þessu upp með því að leggja hærri og hækkaða vexti á lán, sem ekkert eiga skylt við tapið.

Ef það er rjett, að bankarnir tapi stórfje á gengisverslun fyrir einstaka atvinnugrein, að sumu leyti óþarfa — jafnvel skaðlega — og leggi þetta tap aftur — með okurvöxtum sínum — á óskyld viðskifti, — mun þá ekki ástæða til að hafa eftirlit með gengisskráningunni?

Jeg vona nú, að hv. þm. skilji, hvers vegna og að hverju leyti jeg tel ófullnægjandi skipað til með frv. þessu, og hvers vegna jeg hefi viljað láta þetta um mælt.

Jeg hefi sagt það til að sýna fram á, hvað það er óeðlilegt, að bankarnir hafi meirihlutaráð um gengismálið.

Jeg hefi sagt það til að sýna, hver það er í raun og veru, sem hefir styrk eða stuðning af gengisfallinu, og hver tapið, — sagt það til að benda á, hvað eðlilegt og rjettmætt það væri að setja lágmark fyrir gengisfallinu, segja við bankana: Hingað og ekki lengra.

Jeg hefi sagt það til að benda á, hverjir muni hafa ávinning af gengissveiflunum og hverjir tap, og hvað það væri rjettmæt krafa til bankanna að halda uppi stöðugu gengi.

Jeg hefi sagt það til að sýna, hvað hæpið er með árangurinn af frv., en það veltur aftur á því tvennu: 1. hversu heppilega stjórnskipaði maðurinn verður valinn, og 2. hversu nefndin beitir — að hve miklu leyti og hve heppilega — íhlutunarrjetti sínum.

Jeg fylgi þó frv. og mæli með því sem spori í rjetta átt — aðeins ekki fullstignu spori.

Frá minni hendi er það að skoða sem aðeins það mesta, sem hægt er að koma fram að þessu sinni.

Reynslan sýnir, að hverju haldi frv. kemur. En það þarf ekki að skoða þá reynslu, sem fæst, sem mælikvarða fyrir því, hvert gagn gæti orðið að slíkum ráðstöfunum, ef rjett og ítarlega væri til skipað, heldur árangur af frv. eins og það er og eins og það verður notað.

Jeg býst nú engan veginn við, að menn fallist að öllu á ýmsar þær skoðanir, sem jeg held fram, nje heldur að tækifæri sje til að gera upp þann skoðunarmun, nje heldur þörf, þar sem hann snertir ekki framgang málsins. Mun jeg því lítt hirða um að taka til andsvara, þótt aðrar skoðanir eða mótmæli komi fram.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg get að mestu fallist á þetta frv., sem hv. fjhn. hefir borið fram, þótt jeg að vísu kynni að óska smávægilegra breytinga, sem fram mætti þá bera við 2. umr. Jeg tek undir það með hv. frsm. (ÁF), að æskilegast væri, að sem minst þyrfti að koma til þess, að þeim þvingunarráðstöfunum verði beitt, sem lögin heimila. Og jeg get sagt það að því er til mín kemur, að jeg mun ekki vilja beita þeim, nema jeg álíti það nauðsynlegt vegna almennings hagsmuna.

Í sjálfu sjer gæti jeg látið nægja að segja þetta við þessa umr. málsins, en hv. 1. þm. N.-M. (HStef) fór æðilangt út fyrir hið eiginlega efni frv. og gerði nokkrar almennar athugasemdir um afstöðu bankanna til lággengisins og gengisskráningarinnar, sem mjer finst, að geti ekki staðið ómótmælt.

Jeg verð að segja, að mjer fanst hv. þm. (HStef) ekki tala af nógri þekkingu um þetta mikla vandamál.

Hann sagði það fyrst, að hvergi nema hjer á landi væri gengisskráning í höndum þeirra, sem versla með gjaldmiðilinn. Þar, sem jeg þekki til, er skráningin einvörðungu í höndum þeirra, sem aðallega hafa gjaldeyrisverslunina á hendi, þ. e. í höndum bankanna, og það má sjálfsagt kallast nýmæli, sem hjer er farið fram á, að í því taki þátt maður, sem skipaður er af stjórninni, án þess að hann standi í nokkru beinu sambandi við þá, sem gjaldeyrisverslunina hafa með höndum. Ef hv. þm. veit um aðra tilhögun á þessu í öðrum löndum, væri æskilegt, að hann benti á það, — jeg þekki það ekki.

Þá kom hann að lággenginu og sá þá ekki annað en lággengi seðlanna. Sagði hann, að fall þeirra væri einskonar fátækrastyrkur til bankanna, og lýsti því með mjög átakanlegum orðum, hvernig með þessu vaxandi lággengi að Íslandsbanki væri kominn á þurfamannastyrk, sem hann notaði svo til þess að hafa 8 bankastjóra og greiða hluthöfum arð.

Jeg er hissa, að jafnskynsamur maður og jeg veit, að hv. þm. (HStef) er, skuli segja þetta.

Þegar talað er um lággengi, verður fyrst að gera sjer það ljóst, hvað lækkar, og það eru ekki aðeins bankaseðlarnir, heldur og allar skuldir og allar kröfur, sem taldar eru í krónum þess lands, sem við lággengið býr. Allar skuldir lækka í verði móts við gullgildi eða vöruverð, og kröfurnar lækka eins. Svo lækkunin kemur fram sem gjöf frá skuldheimtumönnum til skuldunauta, afsláttur til þeirra, sem skulda.

Hv. þm. talaði sjerstaklega um, hvaða hagnað bankarnir hefðu af þessu, og sá ekkert annað en að þeir fengju afslátt á seðlunum, og var helst að heyra, sem þeim væri best, að seðlarnir lækkuðu sem mest, kæmust niður í 0.

Þetta er ákaflega mikil fjarstæða. Það mætti segja, að gengislækkun seðlanna, tekin út af fyrir sig, væri hagur fyrir Íslandsbanka, ef honum væri leyft að nota gullforða sinn til að leysa inn seðla með lágu gengi, þannig, að hann gæti fengið 2 seðla fyrir ákvæðisverð eins seðils í gulli. En nú er honum bannað með lögum að nota gull til að leysa inn seðlana; hann er með lögum skyldaður til að afhenda landsstjórninni það með nafnverði.

Það verður að taka spursmálið eins og það liggur fyrir, hjá bönkunum eins og öðrum. Þá er lággengið til þess, að skuldir og kröfur lækka, og hvort bankarnir hagnast eða bíða halla við það, er undir því komið, hvort þeir skulda meira en þeir eiga til góða í íslenskum krónum.

Hvernig er því varið með bankana hjer? Um báða má víst segja það, að kröfur þeirra eru nær eingöngu í íslenskum krónum, því að þeir lána út alt veltufje sitt í ísl. krónum innanlands. Og hvað er svo aftur á móti? Sumpart hafa þeir innlent rekstrarfje, en báðir hafa þeir líka mjög stórar upphæðir af erlendu fje til rekstrar. Þannig er upphæðin, sem bankarnir eiga hjá öðrum í ísl. fje, miklu hærri en aðrir skulda þeim, svo auðsjeð er, að verðfall íslensku krónunnar er tap fyrir þá, og þeir finna líka ósköp vel, að útlendu skuldirnar verða þeim erfiðari, þegar það, sem kemur inn frá innlendum skuldunautum, lækkar í verði fyrir gengisfallið. Þetta sýnir, hvílík fjarstæða er að halda, að bankarnir græði við gengisfall-

ið. Og þetta á við báða bankana eins og nú er ástatt fyrir þeim. Þetta var höfuðvillan í því, sem hv. þm. (HStef) bygði á, að hann virtist ekki sjá aðra verðlækkun en fall seðlanna, sem í umferð eru. Og hinsvegar má benda honum á það, að bankarnir græða ekki einir á því, að seðlarnir, sem úti eru, falli í verði. Bankinn á ekki heimting á, að honum sje goldið nema með þessari ljelegu mynt, og hafi hún fallið í umferðinni, er hans tapið. Þetta atriði hefir náttúrlega mikla þýðingu, t. d. fyrir Íslandsbanka, sem hefir sett mikla seðlafúlgu með gullgildi í umferð; hann tapar á því að fá hana inn aftur fallna á verði við gengislækkun, og því er bankanum einmitt nauðsynlegt, að gengið þokist upp á við.

Jeg vil svo aðeins víkja að öðru atriði, sem hv. þm. (HStef) nefndi. Það er rjett, að komið hefir fyrir, að gengið falli þann tíma árs, þegar sölu afurðanna er að mestu lokið, en ekki er byrjað að kaupa inn nauðsynjar til næsta árs. Orsökin er sú, að annarsvegar hefir reynst svo með afkomu ársins eða greiðslujöfnuðinn út á við, að þegar lokið er sölu afurðanna, þá er greiðsluhalli á árinu eða a. m. k. enginn afgangur til að minka með erlendu skuldirnar, og hinsvegar er auðvitað jafnframt tap á atvinnurekstrinum inn á við. Bankarnir hafa því um áramótin engan gjaldeyri til að selja, heldur verða að taka lánsfje þar til næsta sala hefst, og bein afleiðing af bágri afkomu umliðins árs er sú, að þeir þora ekki að selja þennan aðfengna gjaldeyri með sama verði og áður. En vitanlega er það rjett, að verðið á gjaldeyrinum verður að komast í það horf, að framleiðendur fái svo mikið í íslenskum krónum fyrir afurðirnar, að það borgi reksturinn. En hv. þm. (HStef) sagði svo, að nú hefðu bankarnir lofað fiskkaupmönnum að fara gagnstætt að og kaupa af þeim erlendan gjaldeyri við því verði, að þeir sköðuðust ekki. Jeg get ekki skilið, hvernig hv. þm. fer að átelja hvorttveggja; annaðhvort hlýtur að vera rjett. Annars hefi jeg aldrei heyrt þessa sögu og býst ekki við, að neinn fótur sje fyrir henni.

Þá sagði hv. þm., að íslenska krónan ætti ekki að vera mun lægri en danska krónan. Því er nú svo varið um verð íslensku krónunnar, að hver maður innan lands eða utan, sem innieign á í íslenskum krónum, sem hægt er að heimta útborgaða á hvaða tíma sem er, ræður, fyrir hvað mikið verð hann selur hana. Það er ekki á valdi bankanna nje annara að ráða þessu verði, og þar með genginu, heldur geta þeir aðeins tilkynt, hvað sje hið almenna og sanngjarna verð á þessu á hverjum tíma, og það er gengisskráning. Munurinn á íslenskri og danskri krónu stafar af mörgu, en ekki síst af því, að hjer voru mörg erlend firmu, sem áttu miklar innieignir í íslenskum krónum, sem þau vildu selja og breyta í danskar krónur. Og þau gátu gert það. Mest af sölu þessara innieigna fór fram í Kaupmannahöfn, án þess að við á nokkurn hátt gætum ráðið verði þeirra. En þegar ísl. krónan nálgast þá dönsku, þá örvast tilhneiging þessara firma til þess að „fá fjeð heim", eins og þeir kalla, og salan eykst. En afkoma síðustu ára hefir ekki verið svo góð, að bankarnir hafi sjeð sjer fært að lofa sölunni að ganga ört, og hafa þess vegna reynt að halda í mismuninn á dönsku og íslensku krónunni. Enginn líti svo á, að þetta sje eina ástæða þessa mismunar, en hún er ein af þeim og hefir sína þýðing og sín áhrif. Nú er, sem betur fer, svo komið, að þessari sölu er langt komið og það er mjög lítið eftir

af þessum lausaskuldum í ísl. krónum. Og það verða gerðar tilraunir til að festa seinustu upphæðina, sem nokkru nemur. Eru þá ekki aðrir teljandi en bankarnir hjer, sem eiga ísl. krónur, sem kaupa þarf til atvinnurekstrar hjer á landi, og maður er þá laus við þessa orsök lággengisins, sem hefir orðið þess valdandi, ásamt öðru, að gengi okkar hefir ekki getað losnað við áhrif frá verðbreytingu dönsku krónunnar. Og þess vegna er heldur ekkert hætt við því, sem hv. þm. var að lýsa, að danskir innieigendur missi traust sitt á ísl. krónunni og hún falli við það niður í 0. Þrjú árin undanfarin var slæmt ástand í þessu efni, en við erum nú búnir að ríða af þann storminn, og þær innieignir flækjast ekki fyrir okkur meir.

Hv. þm. kvartaði yfir og taldi ekki rjett, að haldið væri þeirri stefnu að ákveða verð á erlendum gjaldeyri eftir framboði og eftirspurn. Í því sambandi er vert að minna á, að bankarnir taka sjer þá byrði á herðar að halda uppi hærra gengi á ísl. krónu en verða mundi eftir framboði og eftirspurn, og sú byrði hefir legið svo þungt á þeim undanfarið, að báðir hafa tapað á að halda krónunni uppi fyrri hluta ársins. Og þeir, sem óska eftir annari reglu, verða að íhuga það, að eigi að þvinga innlenda gjaldeyrinn upp, verður þá að þvinga erlenda gjaldeyrinn niður með hafta- eða þvingunarráðstöfunum. Þessi aðferð var reynd á árunum 1920—1922. Bar hún þann árangur, að innieignir erlendra kaupsýslumanna söfnuðust hjer fyrir í bönkunum, og varð það sá Þrándur í Götu, sem þegar hefir verið lýst. Ef þvingunin yrði nú aftur tekin upp, yrði afleiðingin nákvæmlega sú sama og áður. Þeir, sem ekki yfirfærðu innieignir sínar, mundu geyma þær hjer, og krefjast svo yfirfærslu á þeim þegar ef til vill verst gegndi.

Jeg veit ekki, hvaðan hv. þm. hefir það, að bankarnir hafi grætt stórfje í ár. Hygg jeg, að að minsta kosti annar bankinn muni sýna tap á heildarreikningi sínum, en alls ekki gróða. Hefði hv. þm. átt að vita þetta.

Annars skal jeg ekki fara fleiri orðum um þetta frv., en leyfa mjer að leggja til, að því sje vísað til 2. umr.

Klemens Jónsson: Jeg held, að þetta mál sje vafalaust merkasta málið, er liggur fyrir þessu þingi, og jeg hygg, að óhætt sje að fullyrða, að alþjóð vænti þess, að þingið veiti á því einhverja viðunandi úrlausn. Má það því virðast ærið undarlegt, að það skuli fyrst koma til alvarlegrar umræðu, þá er fast er komið að þinglausnum og auðsjeð er, að því verður ekki fram komið nema með afbrigðum frá þingsköpunum.

En þetta er ekki að kenna tómlæti þingmanna. Um málið komu fram tvö frv., annað, á þskj. 225, tiltölulega snemma, og hitt, á þskj. 289, fyrir 4 vikum, svo að bæði frv. hefðu mátt komast á dagskrá án afbrigða frá þingsköpum.

En ástæðan til þess, hve seint þetta mál kemur til umræðu, er sú, að fjhn., er hafði það til meðferðar, leitaði um það álits þeirra stofnana, sem ráð er gert fyrir í frv. á þskj. 289, að skipi menn í gjaldeyrisnefnd þá, er frv. ákveður, að skipa skuli. En það stóð á svari frá bönkunum; svar frá Landsbankanum er alveg nýlega komið, en frá Íslandsbanka veit jeg ekki til, að neitt svar sje komið enn, nema hvað stjórn hans kom á fund nefndarinnar eina morgunstund fyrir skemstu. Hefi jeg tekið þetta hjer fram til þess

að menn vissu, hverju það væri að kenna, að svo hefir dregist umræða um þetta áhugamál alþjóðar.

Jeg vil taka það fram, að sje nokkurt mál rætt og rannsakað frá almennu sjónarmiði, þá er það þetta mál. Var það t. d. þaulrætt á þingi 1922. Býst jeg því ekki við, að nein ný rök muni koma fram, enda hefi jeg ekki tekið eftir því við umræður nú, að nokkuð nýtt hafi komið í ljós. Jeg mun því fyrir mitt leyti sleppa öllum almennum athugasemdum um málið, en læt mjer nægja að vísa til athugasemda minna, er jeg bar fram frv. á þskj. 289. Jeg ætla aðeins að ræða um frv. það, sem hjer er til umræðu, og skýra frá, hvað í því jeg tel til bóta. Fjárhagsnefndin hefir steypt saman báðum frumvörpunum og ætlast til, að ein og hin sama nefnd hafi bæði gengisskráning og gjaldeyrisverslun. Annars er jeg alls ekki fyllilega ánægður með það, hvernig nefndin er skipuð, en vil til samkomulags ljá því liðsyrði, einkum þar sem 6 af 7 nefndarmönnum eru sammála um framgang þess. Tel jeg það vel farið, því að þá má búast við því, að málið verði afgreitt og að frv. verði samþykt. Tel jeg það til stórbóta, en þó því aðeins, að því verði vel og rækilega framfylgt. Vænti jeg þess, að hæstv. fjrh. (JÞ) noti lögin og verði ekki um of kröfuharður á nauðsynina, og vil jeg þar sjerstaklega benda á ákvæðin í 4. gr. Eru það einkum 4 atriði í þessu frv., sem jeg tel mjög mikilvæg.

Er þá *fyrst* það, að skipa *skuli* nefnd, sem hafi á hendi skráningu erlends gjaldeyris. Getur ekki hjá því farið, að þetta verði til mikils gagns, ef vel tekst. En mikið fer það þó eftir því, hve þeir, sem eiga að skipa mennina í nefndina, vanda val sitt. Treysti jeg því fyllilega, að sá maður, sem hæstv. fjármálaráðherra á að skipa, verði ekki af verri endanum, og jeg býst við því, að bankarnir mundu velja einn af bankastjórum sínum. Þetta atriði er áreiðanlega mikilsvert, ef skráningin fer samviskusamlega fram og með fullri gætni. Er auðvitað ekki til þess ætlast, að tekin verði stór stökk eða sveiflur, er hafi það í för með sjer, að sumir menn bíði við það stórtjón, en aðrir græði á því mikið fje. Við skráninguna þarf einmitt að gæta sem best hófs, en sje það gert, má vænta þess, að hún hafi mikið gott í för með sjer.

Annað atriðið er það, að nefndin hafi rjett til að krefjast þess af mönnum, sem eiga erlendan gjaldeyri, þar með talin verðbrjef, að þeir gefi henni um það upplýsingar, hvar þeir eigi hann, hvernig þeir verji honum og hvað þeir eigi stórar upphæðir. Hefir grunur legið á því, að menn hafi lagt erlendan gjaldeyri inn í banka í útlöndum, og jafnvel tekið út innieignir sínar í bönkum hjer og lagt þær inn í erlenda banka. Er nauðsynlegt að fá um þetta fulla vissu, og tel jeg ákvæðið til verulegra bóta.

Þá kem jeg að *þriðja* atriðinu, sem er það, að nefndin geti krafist þess, að þeir, sem eiga erlendan gjaldeyri, afhendi hann sjer til umráða. Er þetta í frv. bundið því skilyrði, að nauðsyn krefji. Og jeg vænti þess, að nefndinni dyljist ekki nauðsynin. Í eldra frv. var það tilætlunin, að nefndin rjeði skilyrðislaust yfir öllum erlendum gjaldeyri, og allir, sem þyrftu á yfirfærslum að halda, sæktu peninga til hennar. En jeg lít svo á, að þar sje fulllangt gengið. Ef engin brýn nauðsyn er fyrir hendi, er alls ekki ástæða til, að nefndin heimti í sínar hendur umráðin yfir erlendum gjaldeyri.

Loks er *fjórða* atriðið, sem jeg verð að telja, að sje til mjög mikils gagns.

En það er það, að fjármálaráðherra skuli heimilt að banna öllum öðrum en bönkunum að versla með erlendan gjaldeyri. Hefði þetta ákvæði átt að vera sett fyrir löngu. Raunar er það svo nú, að bankarnir segjast ráða yfir öllum erlendum gjaldeyri, en þó að jeg hyggi, að ekki sje ástæða til að vefengja það, mun þó eitthvað til af erlendum gjaldeyri, sem ekki er í höndum bankanna. Og að undanförnu hefir ekkert eftirlit verið haft með þessu. Er það á allra vitorði, að einstakir menn hafa verslað með erlendan gjaldeyri og selt hann hærra verði en bankarnir. En þetta hefir aukið dýrtíð í landinu, því að þeir kaupsýslumenn, sem keypt hafa erlendan gjaldeyri af þessum mönnum, hafa auðvitað sjeð um sinn hag og selt vörurnar þeim mun hærra verði, sem þeir hafa gefið meira fyrir gjaldeyrinn en bankarnir hafa selt hann. Og svo ramt hefir að kveðið, að sjerstök stofnun hefir verið hjer í bænum, sem verslað hefir með erlendan gjaldeyri; og þó að hún sje nú lögð niður, þá starfaði hún þó mestan hluta ársins sem leið. Þessi stofnun seldi raunar gjaldeyrinn oft og tíðum lægra verði en bankarnir, og hefi jeg það meðal annars frá einum af embættismönnum ríkisins, sem þurfti oft á yfirfærslu að halda. En hvað sem því líður, þá er það óeðlilegt, að einstakir menn og stofnanir versli með erlendan gjaldeyri á jafnvarasömum tímum og nú eru.

Þessi 4 atriði í frv. fjhn. tel jeg svo mikilsverð, að jeg hika ekki við að ráða til þess, að það verði samþykt. Auðvitað má búast við brtt., og veit jeg, að einn þm. mun koma fram með till. um víðtækar breytingar. Er auðvitað ekki ástæða fyrir nefndina til að hafa á móti brtt., ef þær eru sýnilega til bóta, en jeg leyfi mjer að efast um, að slíkar till. komi fram, þó að ef til vill sje ekki ástæða til að efast um það að fyrra bragði.

Jeg hefi átt tal um málið við einn af forstjórum Landsbankans, og ljet hann ótvírætt í ljós, að hann legði mikla áherslu á, að frv. næði fram að ganga. Vænti jeg þess, að það verði frekar til að ýta undir deildina að samþykkja frv.

Í fám orðum sagt lít jeg svo á, að þó að ekki sje nú tími til að láta reglulegar umræður fara fram um málið, þá sje það til stórra bóta, að þetta frv. nái fram að ganga. Vona jeg, að það sýni sig, að ekki sje illa ráðið, að málið verði til lykta leitt á þennan hátt.

Jeg hefi áður verið á móti því, að merkum málum væri flaustrað af undir þinglok, með afbrigðum frá þingsköpum, en jeg þykist hafa gert grein fyrir því, hvernig því er varið, að þetta frv. kemst svo seint á dagskrá. En jeg vil að lokum taka það ennþá fram, að því nær öll nefndin er samhuga um að fylgja þessu frv. fram til sigurs.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg get ekki verið sammála hv. 2. þm. Rang. (KlJ) um það, að í þessu frv. felist nokkur úrlausn á gengismálinu. Bankarnir hafa viðurkent, að þeir hafi nú yfirráð yfir öllum erlendum gjaldeyri og hafi haft það á síðasta ári. En þegar svo er komið, — hvaða ástæða er þá til að gefa stjórninni heimild til að gefa út fyrirskipanir um, að allur erlendur gjaldeyrir skuli renna til bankanna? Ástæðan fyrir þessu frv. held jeg, að sje engin önnur en sú, að milli bankanna sje ekki fullt samkomulag um skiftingu gjaldeyrisins og yfirfærslur, svo og það, að Landsbankinn er nú orðinn stórskuldugur erlendis, en fær ekki nægan gjaldeyri frá viðskiftamönnum sínum til þess að standast þær yfirfærsl-

ur, sem hann þarf að inna af hendi fyrir ríkissjóðinn, og þá ekki síst ríkisverslanirnar. Gjaldeyririnn eykst ekki við samþykt þessa frv. Jeg veit það, að finnist mönnum, að kreppa eigi frekar að sjer, þá má búast við, að þeir einmitt þá reyni að skjóta undan þeim erlendum gjaldeyri, sem þeir hefðu annars fengið bönkunum til umráða, ef um enga þvingun hefði verið að ræða.

Þar sem bankarnir nú með góðu samkomulagi hafa fengið til umráða allan erlendan gjaldeyri viðskiftamanna sinna, þá er alt á rjettri leið. Jeg vil því, alveg öfugt við hv. 2. þm. Rang., vara hæstv. stjórn við að beita þessum þvingunarákvæðum um afhendingu erl. gjaldeyris, nema brýn nauðsyn beri til, og með því skilyrði get jeg samþykt þetta meinlitla frv.

Menn hafa hjer látið ýmsar skoðanir í ljós á málinu og sumar ærið fáránlegar. Tel jeg ekki að þessu sinni ástæðu til að fara langt út í það. Hinsvegar er það víst, að gengið lagast eftir því, sem ástæður okkar batna gagnvart erl. viðskiftum, og eftir útlitinu nú er full ástæða til að vænta rjettingar síðari hluta þessa árs.

Hv. 2. þm. Rang. sagði, að það væri sjerstaklega Íslandsbanka að kenna, að málið kæmi svo seint fram frá nefndinni. En mjer sem nefndarmanni er alls ekki kunnugt um, að nokkur svör hafi komið frá bönkunum — hvorugum þeirra — fyr en nú fyrir örfáum dögum. Jeg held því, að þetta sje báðum bönkunum að kenna. Segi jeg þetta ekki til þess að afsaka Íslandsbanka, heldur af hinu, að mjer finst rjett að segja hverja sögu eins og hún gengur.

Má vel vera, að hv. þm. (KlJ) viti eitthvað í þessu máli, sem mjer eða öðrum nefndarmönnum er hulið, en sje svo ekki, sje jeg ekki að hann hafi neina ástæðu til að saka Íslandsbanka frekar hinum um dráttinn, sem orðið hefir á málinu.

Menn tala mikið um það, að gengisskráning, eins og nú er gert ráð fyrir, muni verða til mikilla bóta. Ekki get jeg sjeð það. Það mun bara þykja fara betur á því, að henni verði hagað eins og ætlast er til í frv. Það er þegar upplýst, að bankarnir hafa nú umráð yfir öllum erlendum gjaldeyri í landinu, og þeir hafa á hendi gengisskráninguna í raun og veru, þó einn stjórnskipaður maður sje með í ráðum. Það er ekki til neins að skírskota til ársins 1921. Einn bankastjóri Íslandsbanka rjeði því þá illu heilli, að bankarnir keyptu erlendan gjaldeyri á jafngildi, en seldu hann síðan hærra verði, danska krónu t. d. á kr. 1.20. Þetta gerði auðvitað ilt verra. Menn kærðu sig auðvitað ekki um að selja bönkunum erlendan gjaldeyri og þurfa síðan að kaupa hann aftur með 20 aura skatti á hverri krónu. Þeir skutu því undan öllum þeim erlendum gjaldeyri, er þeim var unt, og að þessu bjó síðan landið og býr jafnvel enn. En nefndur bankastjóri fór síðan frá bankanum, ef ekki að verðleikum, þá að minsta kosti með miklum verðlaunum.

Einasta úrlausnin á þessu gengismáli er sú, að útflutningurinn verði meiri en það, sem inn er flutt, — og svo miklu meiri, að fyllilega nemi vöxtum og afborgunum af erlendum skuldum. Sumir álíta, að heppilegast sje, að gjaldeyrisnefnd útbýti erlendum gjaldeyri. Verð jeg að segja það, að þá færu fyrst að verða alvarleg mistök í gjaldeyrisverslun-inni, því að jeg veit ekki, eftir hvaða reglum sú útbýting ætti að fara fram,

til þess að ekkert misrjetti ætti sjer stað. Hvernig ætti slík nefnd að velja úr beiðnum utan af landi, sem henni bærust í þúsundatali? Þetta myndi leiða til þess, að allur innflutningur kæmi gegnum Reykjavík, eins og á stríðsárunum. Rjetta leiðin í þessu efni er sú, að bankarnir hafi á hendi sölu gjaldeyrisins, og sú leið er einmitt farin nú og var að minsta kosti farin síðasta ár.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) kom í ræðu sinni fram með mjög gamla kenningu í þessu máli, sem sje þá, að gengisskráningin sje skráning á gildi seðlanna. Þessi kenning er nú fyrir löngu borin í gröfina af reynslunni. Menn hjeldu, að ef seðlarnir væru innleysanlegir með gulli, þá lagaðist alt af sjálfu sjer. Skal jeg nú taka dæmi:

Segjum, að Íslandsbanki innleysti nú með gulli sínar 5 miljónir seðla og leyft yrði að flytja gullið út. Mundi þetta bæta úr? Jú, það mundi bæta úr í bili, en ísl. króna mundi falla enn meira eftir örfáa mánuði, því þá yrði aftur að kaupa gull til þess að tryggja þá seðla, sem út væru gefnir í stað þeirra, sem Íslandsbanki hefði innleyst.

Aðrar þjóðir hafa margreynt, að útflutningur gulls er skottulækning; gengið hækkar í bili, en fellur þess meir síðar. Sama yrði þótt seðlarnir væru gerðir innleysanlegir með gulli, ef útflutningur á gulli væri bannaður. Það mundi ekki hækka gengi ísl. krónu, en auðga þá, sem væru nógu ófyrirleitnir í að smygla gullinu út úr landinu.

Vjer höfum sjeð þess mörg dæmi, að gengi hefir hækkað og lækkað í ýmsum löndum, án tillits til þess, hvort seðlar þeirra voru innleysanlegir með gulli eða ekki. Það hefir komið í ljós bæði á ófriðartímum og fyrir ófriðinn mikla. Þetta átti sjer stað á Spáni um alllangt skeið. Mynt Spánverja, pesetinn, á að jafngilda franka, eða 72 aurum í vorum peningum. En á árunum 1897—1914 stóð pesetinn í 55—60 aurum. Þó voru seðlarnir innleysanlegir með gulli. Það er sem sje traustið á landinu og kaupgeta þess, sem ræður genginu. Ef vjer gætum á einu ári greitt allar erlendar skuldir, svo að vjer fengjum ekki sí og æ kröfur frá erlendum þjóðum, mundi gengið lagast samstundis, þó að seðlar vorir væru ekki innleysanlegir. En þar sem vjer erum nú skuldugir, eins og Spánverjar voru á árunum 1897—1914, gæti það ekki hjálpað oss, þó að seðlar vorir yrðu gerðir innleysanlegir. Menn vissu það þá um Spánverja, að þeir gátu ekki staðið í skilum erlendis, þurftu sífelt að fá frest á greiðslum eða convertera lánunum. Þetta var meðal annars af því, að ríkisstjórnirnar höfðu ekki vilja eða getu til þess að leggja á þá skatta, sem þurfti til þess að stöðva sívaxandi tekjuhalla ríkissjóðsins.

Nú er þetta breytt orðið. Pesetinn stendur langt til í gullgengi, þrátt fyrir það, þótt ekki sje skylt að innleysa seðla með gulli.

Jeg vil í þessu sambandi minnast á eitt, sem gæti verið hættulegt, ef satt er. Hv. 1. þm. N.-M. kvað það ganga staflaust um bæinn, að bankarnir hefðu lofað einhverjum fiskkaupmönnum að lækka gengi krónunnar, þegar greiðslur á fiskinum eiga að fara fram nú seinni hluta árs. Þetta er hættulegt, *ef satt væri*. Það er svo mikil ásökun í þessum orðum, að jeg vildi óska, að hv. þm. tilgreindi sögumann sinn. Ef þessi orðrómur bærist út til annara þjóða, er jeg hræddur um, að gengið mundi lækka fljótlega. Ætli menn,

að þessi orðrómur sje sannur, á ekki að leyna honum. Það á að draga bankastjórnirnar til ábyrgðar, ef hann er sannur. En jeg trúi ekki þessari flugsögu, trúi ekki, að bankastjórnirnar ætli að tefla þannig með fjárhagslegt sjálfstæði vort. Það er skylda þeirra manna, er jafnþungar ásakanir flytja á þessum stað, að færa einhverjar sönnur á þær hjer eða annarsstaðar. Því að það ætti að vera meira mark takandi á orðum þeim, sem vjer mælum innan þessara veggja, heldur en því, sem einhver og einhver segir úti á götunni.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið. Býst jeg við, að hv. þm. vilji láta það fá fljóta afgreiðslu úr deildinni.

Halldór Stefánsson: Jeg þarf að bera af mjer sakir, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) bar á mig. Jeg talaði um orðróm, sem gengi um bæinn, og ef hv. þm. ætlar, að jeg hafi búið hann til, má hann trúa því fyrir mjer. Jeg skýrði aðeins frá þessu eins og mjer hefir borist það til eyrna, en sagði það ekki sem mitt álit. *(JAJ:* Þá á það ekki við hjer).

Hv. þm. var að mótmæla skoðun minni, svo sem jeg hefði verið að tala um frumorsakir lággengisins. Jeg meinti ekki það, sem jeg sagði um gildi seðlanna, með tilliti til orsaka lággengisins. Jeg var að tala um það, hvers tjón eða ágóði lággengi seðlanna væri. Þess vegna var það, sem hann var að ræða um frumorsakir lággengisins, óþarft í þessu sambandi. Bjóst jeg varla við því, að menn mundu fallast að öllu á þær skoðanir, sem jeg hjelt fram, enda skiftir það ekki máli með tilliti til þess, hvort frv. gengur fram eða ekki.

Þá vil jeg drepa á örfá atriði úr ræðu hæstv. fjrh. (JÞ). Hann kvað gengislækkunina ekki aðeins lækkun á verði seðlanna, heldur allra innlendra skuldakrafna. En af hverju ætli það sje, nema því, að allar innlendar kröfur eru greiddar með þessum „föllnu" seðlum. Hæstv. fjrh. vildi ekki fallast á, að gengislækkunin væri gróði bankanna í því sambandi, sem jeg talaði um. Nú skulum vjer hugsa oss, að Íslandsbanki tæki lán erlendis til þess að leysa inn þær miljón krónur í seðlum, sem eiga að fara úr umferð á ári hverju. Þessi miljón er í upphafi gefin út með fullu gullgengi. En nú þarf bankinn ekki að taka nema 500 þús. kr. lán til þess að leysa inn þessa miljón í seðlum. Er það gróði? Ekki í þeim skilningi, að bankinn eigi 500 þús. kr. eftir af þeirri miljón, sem hann dregur inn. Nei, hann hefir tapað því fje áður. Með gengislækkuninni er bankinn því að slá meir og meir undan skuldbindingum sínum, til þess að halda sjer við.

Hæstv. fjrh. áleit, að hindranir á yfirfærslum hefðu orðið til ills. Það má vera, að svo hafi verið, — en af hverju stafar það? Af því að hverjum einum var þá leyft að braska með gjaldeyri. Jeg ætlast ekki til, að neinum öðrum en bönkunum sje leyft að fara með gjaldeyrisverslunina. En meðan hún var frjáls, var von, að svo færi, sem fór.

Jeg var svo ógætinn að segja, að bankarnir hefðu ekki tapað á síðustu árum. Hafði jeg þá ekki síðasta ár í huga sjerstaklega, enda eru reikningar bankanna fyrir það ár ókomnir út. Er því ekki ástæða til að saka mig um ógætni, þó að svo kunni að hafa verið á síðasta ári, enda munu reikningsskil þess árs ekki opinberlega birt enn. En þó svo væri, að annarhvor bankinn hafi nú tapað á heildarrekstri sínum, þá er það ekki vegna þess, að þeir hafi ekki haft fullan vilja

og viðleitni á að ná því tapi aftur með hækkuðum vöxtum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer þótti hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) gera of mikið úr þessum óstaðfestu sögusögnum um loforð bankanna við fiskkaupmenn. En sagan leiðrjettir sig sjálf, ef menn athuga, hvað í henni felst. Bankarnir selja nú sterlingspund, sem þeir taka að láni, á kr. 32,50. Það er ljóst, hver hagur það væri fyrir bankana, ef þeir keyptu pundin síðari hluta þessa árs fyrir t. d. 35 kr., til þess að hjálpa fiskkaupmönnum. Það bitnaði ekki á öðrum en bönkunum sjálfum. Sagan er því svo ósennileg, að hún leiðrjettir sig sjálf, og er óþarft að eyða hátíðlegum ummælum um hana. Það er vitanlegt, að bankarnir munu í lengstu lög reyna að halda erlendum gjaldeyri í ekki hærra verði seinni hluta árs en þeir hafa selt hann fyrir á fyrra missirinu. En það hefir ekki tekist betur en svo, að síðastliðið ár töpuðu þeir, eftir skýrslu bankastjórnanna sjálfra, mörgum hundruðum þúsunda. Í raun og veru hafa bankarnir allan hag af því að halda gjaldeyrinum uppi. Það vita bankastjórnirnar vel, og hafa þær því oft tekið á sig tap á þeim tíma, til þess að forðast hið meira tapið, sem af því mundi leiða, ef gengið hjeldi stöðugt áfram að lækka.

Háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) tók sem dæmi, að ef bankinn tæki lán á útlöndum til þess að leysa inn seðla sína, mundi hann græða helminginn af þeirri upphæð. En þar skýtst honum aftur. Íslandsbanki þarf ekki að leysa inn aðra seðla en þá, sem eru í útlánum. Þá seðla hefir hann látið út á þeim tíma, sem þeir voru gullvirði. Nú fær hann þá ekki inn öðruvísi en með því, að greiddar verði skuldir, sem eru að nafnverði 1 milj. króna. Helmingur þeirrar upphæðar verður í raun og veru afsláttur til skuldunautanna, sem seðlunum skila, en hinn helmingurinn er greiddur í gullvirði. Bankinn fær því ekki þennan gróða, heldur aðrir, og verður því ekki í móti mælt.

Þegar dæma á um afstöðu bankanna til hækkunar eða lækkunar á genginu, má ekki líta á, hvaða áhrif einhver einstök verslunarráðstöfun hefir, heldur hvort verslunin í heild sinni bakar bönkunum tap eða aflar þeim gróða. Það er vafalaust, að gengislækkunin bakar bönkunum tap á erlendu rekstrarfje þeirra, auk þess sem varasjóður þeirra og önnur sjálfseign rýrnar að verðgildi. Þeir eiga svo margfalt meira fje í íslenskum krónum hjá öðrum en þeir skulda í vorri mynt, að engin stofnun bíður meiri halla af gengisfallinu en bankarnir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., mánudaginn 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 516, 524, 532).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 532. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Ef frv. þetta á að verða að lögum hjer á þessu þingi, verður að víkja allmjög frá venjulegri meðferð mála til þess að svo megi verða. Málið verður að afgreiða með afbrigðum á hálfum öðrum degi og verður að fara gegnum tvær umr. hjer og þrjár í hv. Ed. Þetta er óvenjuleg meðferð á stór-

máli. Má vera, að fjhn. hafi einhverja afsökun fyrir drætti sínum á málinu, en jeg hefi ekki getað komið auga á þá afsökun, og enga afsökun hefir nefndin nú borið fyrir sig. Málið kemur nú fram á síðustu stundu, og því lítill tími til breytinga. Jeg sá þó þegar við fyrsta yfirlestur frv., að margt var þar, sem þurfti lagfæringar við, og af því að jeg bjóst við síðasta laugardag, að málið yrði þá ef til vill tekið fyrir, samdi jeg í skyndi nokkrar brtt. til að nema burtu verstu agnúana á frv. Þessar brtt. er að finna á þskj. 524.

1. brtt. er við 2. gr. frv. Hún fer fram á, að í stað þriggja manna skipi fimm menn nefndina; ennfremur að breyta skipun nefndarinnar. Eftir frv. er málið lagt í hendur bankanna; einkum mun Íslandsbanki ráða miklu í nefndinni, því að stjórnskipaði nefndarmaðurinn mun varla standa fjarri honum. Þetta er að mínu áliti ekki heppilegt. og því hefi jeg viljað, að aðrir, sem hjer eiga hlut að máli, fengju nokkru að ráða. Í frv. er svo ákveðið, að fjrh. skipi einn nefndarmanninn. Jeg hefi viljað breyta þessu þannig, að ráðuneytið tilnefndi þennan mann, enda er það bæði eðlilegra og heppilegra. Þá vil jeg, að einn af þeim, er sæti eiga í nefndinni, sje skipaður af Alþýðusambandi Íslands, sem er samband fjelaga, sem í er meginhluti af verkalýð landsins, og virðist sjálfsagt, að hann hafi hjer hönd í bagga. Það er öllum vitanlegt, að gjaldeyrishrunið hefir fyrst og fremst komið niður á verkalýðnum, svo hann hefir hjer hagsmuna að gæta og ætti að ráða miklu um meðferð á gjaldeyri landsins, sem að langmestu leyti er fenginn fyrir vinnu hans. Þá hefi jeg lagt til, að Landsbanki Íslands skipi einn manninn. Einn manninn hefi jeg lagt til, að Samband íslenskra samvinnufjelaga skipi, enda er það sú stofnun, er bændur hafa helst sameinast í, og virðist ekki nema sjálfsagt, að einn fulltrúi þeirra eigi sæti í nefndinni. Loks hefi jeg lagt til, að einn maðurinn sje skipaður af Fjelagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda. Þetta fjelag hefir innan sinna vjebanda þá menn, er annast mest um afurðasölu landsins og hafa ef til vill mestan gjaldeyri með höndum. Vera má, að hægt væri að benda á einhverja aðra stofnun atvinnurekenda, er væri eins heppileg, en í fljótu bragði hefi jeg ekki komið auga á hana.

Þá vil jeg breyta ákvæði frv. um þagnarskyldu nefndarinnar. Jeg vil ekki, að hún sje bundin þagnarskyldu gagnvart landsstjórninni, og heldur ekki gagnvart skattanefndum landsins. Ef einhver íslenskur skattborgari ætti t. d. stórfje inni erlendis, þá ætti gjaldeyrisnefndin, ef hún vissi um það, að hafa heimild til að skýra skattanefndum frá því, ef hún yrði um það spurð.

2., 3., 4. og 5. brtt. eru allar sama eðlis að því leyti, að þær ganga í þá átt að hefta afskifti fjrh. af nefndinni. Eftir frv. að dæma, má nefndin ekki hreyfa hönd nje fót án hans leyfis, og yfirleitt ekkert gera. Þetta kemur mjög áberandi fram í frv. Mjer heyrðist það líka á hv. þm. einum, sem var á móti frv., að hann bygði helst von sína á því, að fjrh. notaði þetta vald sitt til þess að gera nefndina gagnslausa.

Jeg hefi látið 7. gr. standa óbreytta, þótt eflaust hefði verið rjett að koma þar fram með brtt. líka. Þar er svo ákveðið, að Íslandsbanki og Landsbankinn greiði kostnaðinn við nefndina að helmingi. Eftir brtt. mínum er ekki gert ráð fyrir, að Íslandsbanki eigi neinn fulltrúa í nefndinni, enda álít jeg hann ekki hafa

rjett til þess. Hann hefir ekki enn svarað brjeflega fyrirspurn fjárhagsnefndar, og mun auk þess vera á móti þessu máli. Aftur á móti væri sanngjarnt, ef bankinn ætti engan þátt í þessu, að hann bæri þá engan kostnað af því. Á það vildi jeg gjarnan fallast, og geri jeg ef til vill brtt. um það við 3. umr.

Jeg hefi þá gert grein fyrir brtt. mínum, og eins og menn sjá, þá myndi nefndin starfa miklu sjálfstæðara, ef henni væri háttað eins og þar er gert ráð fyrir. Jeg játa það, að vafningar geti átt sjer stað á því fyrir nefndina, að ná þeim yfirráðum yfir gjaldeyrinum, sem henni eru ætluð, og meginvandkvæðin á framkvæmd frumvarpsins verða auðvitað þau, að eltast við einstaka menn og láta þann gjaldeyri, sem þeir fá fyrir íslenskar afurðir, koma þjóðinni að notum. Þeir munu altaf sjá sjer leik á borði með að leggja hann inn í banka erlendis og braska með hann. Eina örugga ráðið við slíku er auðvitað það, að ríkið sjálft taki sölu afurðanna í sínar hendur. En um það tjáir víst ekki að tala nú, þar sem feld hafa verið frv. þau hjer á hinu háa Alþingi, sem farið hafa í þá átt, þó síðan hafi komið sterkar kröfur um það frá mönnum úr öllum flokkum, bæði í erindum til þingsins víðsvegar að, og svo í blaðagreinum. En út í það vil jeg ekki fara nú. Þrátt fyrir það, þótt frv. komi ekki þannig að fullu gagni, þá tel jeg samt talsverða bót að því, ef till. mínar verða samþyktar. Og jeg vænti þess þá líka, að þær fái góðan byr hjá hv. deild.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg á hjer brtt. á þskj. 532, við 6. gr. frv. Er hún raunar ekki stórvægileg, en miðar að því að gera væntanlegri nefnd auðveldara að nota sjer heimildina í 4. gr. frv., að ná yfirráðum yfir gjaldeyrinum. Eins og frv. er nú úr garði gert, þá er það ókleift, þar sem nefndin er skuldbundin um ótakmarkaðan tíma að leggja mönnum til jafnmikinn gjaldeyri eins og lagður hefir verið inn, ef þeir þurfa á honum að halda. Þessu vil jeg breyta svo, að skylda nefndarinnar til að gera þetta sje bundin við ákveðinn tíma, sem jeg legg til, að verði 6 mánuðir. Jeg legg auðvitað ekki mikið kapp á það, hvort hv. deild samþykkir þetta eða ekki, en jeg vil aðeins benda henni á, að án þessa ákvæðis, eða annars viðlíka, verður lítið úr því, að heimildin í 4. gr. frv. verði notuð.

Í sambandi við brtt. á þskj. 524, frá háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), skal jeg aðeins segja það, að mjer þykir ekki líklegt, að bankarnir geti sætt sig við þá skipun nefndarinnar, sem þar er stungið upp á, og þeir munu ekki telja sig skuldbundna til að selja gjaldeyri eftir mati slíkrar nefndar. En fari bankarnir ekki neitt eftir gengisskráningu hennar; þá fæ jeg ekki annað sjeð en hún sje harla þýðingarlítil.

Frsm. (Ágúst Flygenring): Jeg vil aðeins taka það fram, að sje frv. sjálft varhugavert, eins og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) talaði um, þá eru hans brtt. miklu varhugaverðari. Það eru nefnilega bankarnir, sem öllum framar eiga aðild þessara mála. Og tilgangurinn með frv. er auðvitað sá, að tryggja gengið og koma í veg fyrir skaðlegar sveiflur á því, og með eftirliti sínu með gjaldeyrinum ætti nefndin að geta spornað við því, að af vöntun á gjaldeyri hlytust á örðugum tímum þau vandræði, sem valdið gætu meira falli. Og kæmust bankarnir í kreppu með yfirfærslur, þá ætti hún að geta skipað svo

málum, að ekki hlytust vandræði af. Hvað þagnarskyldu nefndarinnar viðvíkur, þá getur það ekki komið til mála, að henni sje gefið leyfi til að blaðra í allar skattanefndir á landinu um fjárhag einstakra manna. Annars er mjer ekki kunnugt um, að menn hjer búsettir starfi með fje sitt erlendis. Jeg hygg, að slíkt sje heldur fágætt.

Þá vil jeg að lokum leggja áherslu á það, að til örþrifaráða sem þessara — en það kalla jeg þegar gjaldeyrir er tekinn af mönnum, — eigi ekki að grípa fyr en sjeð verður, að þess sje full þörf. Hv. 2. þm. Reykv. er auðvitað á gagnstæðri skoðun. Hann vill grípa hvert tækifæri til þess að taka fram fyrir hendurnar á mönnum og vill gera leik að því að kreppa að frjálsum atvinnurekstri. Slíkt er auðvitað hreinn sósíalismi og andstætt stefnu okkar hinna, svo lengi sem eignarrjetturinn er viðurkendur. En einstakra manna eignarrjett álítum við ekki rjett að skerða í þágu þjóðfjelagsins nema ýtrasta nauðsyn krefji.

Jón Baldvinsson: Jeg get látið háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF) vera einan um það, hvað hann telur vera sósíalisma. En benda vil jeg honum á, að hann hefir algerlega misskilið frv., ef hann heldur, að taka eigi frá mönnum gjaldeyrinn án þess að borgun komi fyrir. Auðvitað er ætlast til, að menn fái fult verð fyrir fje sitt, og er engin breyting á því gerð í mínum brtt. Þá hefir hv. þm. (ÁF) sömuleiðis algerlega misskilið brtt. mína um þagnarskyldu nefndarinnar. Mjer kom aldrei til hugar, að nefndin ætti að tilkynna „öllum skattanefndum á landinu“ um fjárhag einstakra manna. Hitt þótti mjer sanngjarnt, að nefndin væri ekki bundin í þessu efni, ef skattanefndir fyndu ástæðu til að spyrja hana. Get jeg hugsað mjer, að þeim kæmi í sumum tilfellum vel að fá vitneskju um það, hvort menn t. d. ættu stórfje erlendis eða ekki. Yfirleitt hefi jeg ekki gert neinar efnisbreytingar við frv., og hygg jeg, að öll andmæli hv. þm. gegn brtt. mínum sjeu á misskilningi bygð. Og það er alveg sami sósíalisminn, svo jeg noti orð háttv. þm. (ÁF), í frv., þótt mínar brtt. verði ekki samþyktar; þær gera það aðeins að verkum, að framkvæmdin á þessu verður eðlilegri eða mögulegri. Og fyrir mjer er auðvitað aðalatriðið það, að eitthvað, sem gagn er að, verði aðhafst í þessu efni. Það má raunar vel vera, að hv. 1. þm. G.-K. hafi flutt frv. með það fyrir augum, að ekkert yrði gert, en þá á hann heldur ekki að vera að mæla með því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 524,1 feld með 19:2 atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 524,2 feld með 21:2 atkv.

3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 524,3 feld með 20:2 atkv.

4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 524,4 feld með 19:2 atkv.

5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 532 (ný 6. gr.) samþ. með 17:3 atkv.

7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 524,5 feld með 17:4 atkv.

8.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 516, sbr. 532).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., þriðjudaginn 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 535).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 535).
Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Sigurður Eggerz: Jeg tel víst, að hæstvirt stjórn hafi þegar trygt þessu frv. fylgi þessarar hv. deildar. Þýðir því lítið að halda uppi löngum umræðum um málið.

Jeg tel nú ekki neitt athugavert við það, þótt hæstv. stjórn vilji hafa fulltrúa frá sjer, sem í samráði við bankana ákveði gengið. En hinsvegar er jeg á móti nauðungarákvæðum frumvarpsins. Jeg veit ekki betur en bankarnir fái nú svo að segja allan gjaldeyrinn í sínar hendur. Það byggist í einu orði á því, að engir gefa betur fyrir hann en bankarnir. Allir fá nú yfirfært hjá bönkunum. Þeir, sem þurfa að fá yfirfært, gefa því ekki gjaldeyrishafa fyrir utan bankana meira fyrir gjaldeyrinn en þeir þurfa að borga í bönkunum fyrir yfirfærslu, og af því kemur aftur það, að gjaldeyrishafarnir hafa engan hag af að selja öðrum fremur gjaldeyrinn en bönkunum.

Með öðrum orðum, gjaldeyririnn lendir hjá bönkunum eftir eðlilegu lögmáli viðskiftanna. — Þar sem nú svo er, þá sýnast nauðungarráðstafanir ástæðulausar. En þær eru meira en það; þær eru hættulegar, því að það er vitanlegt, að ef nefnd sú, er frv. ræðir um, tæki allan gjaldeyrinn og verðlegði hann t. d. of lágt, þá mundi gjaldeyrishafinn reyna að koma eins miklu og hann gæti af gjaldeyrinum undan. Væntanlega verður þessum ráðstöfunum ekki beitt, en það er líka einasta afsökunin. Jeg hygg, að lögmál hinnar frjálsu verslunar reynist betra í þessu máli.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer skildist það á ræðu hv. 1. landsk. (SE), að hann væri hræddur við ákvæði 4. og 5. gr. frv. En jeg hygg, að hann þurfi ekki að óttast þau ákvæði, því að jeg geri ráð fyrir því, að ekki verði til þeirra gripið, ef bankarnir báðir eru á móti því. Og sjerstaklega ætti hv. þm. (SE) að vera rólegur í þessu efni, þar sem hann er bankastjóri sjálfur, og getur því haft áhrif í þessu efni. Til þess að til ákvæðanna verði gripið, þarf ennfremur samþykki fjármálaráðherra og þess nefndarmanns, er hann skipar. Það var um tíma svo, að töluverður gjaldeyrir var utan bankanna, og það verður því aðeins ástæða til að nota ákvæði 5. gr., að slíkt komi fyrir aftur. Nú hafa bankarnir svo að segja allan gjaldeyrinn, og hafi þeir hann áfram, er ákvæðið hættulaust. Þegar þeir höfðu ekki gjaldeyrinn, þá bar nauð-

syn til að hefta verslunina með hann, svo að hægt væri að greiða erlendar skuldir. Hv. þm. (SE) gat þess, að hann hefði trú á frjálsri verslun. Við því er í sjálfu sjer ekkert að segja, en þegar alvarlegir tímar eru fyrir hendi, þá þarf oft að beita alvarlegum ráðstöfunum. Og svo er í þetta sinn. Annars virtist mjer háttv. 1. landsk. ekki hafa mikið við frv. að athuga. Frv. var samþ. með miklum atkvæðamun í hv. Nd., og jeg vænti, að það verði einnig samþykt hjer.

Jóhann Jósefsson: Hv. 1. landsk. (SE) mintist á það, að eins og nú væri ástatt, þá mundu þeir atvinnurekendur hjer á landi, sem eiga erlenda mynt, ekki sækjast eftir því að fara framhjá bönkunum með hana. Þetta mun vera rjett. En slíkt hefir þó átt sjer stað áður, að menn hafi forðast bankana um kaup og sölu erlendrar myntar. En það var bönkunum sjálfum að kenna; þeir gerðu of mikinn mismun á kaupverði og söluverði myntarinnar. Þá reyndu menn að fara nýjar leiðir í þessu efni, þannig, að minna skarð yrði höggið í eignir þeirra. Þetta hefir nú breyst þannig, að jeg hygg, að ekki sje ástæða til þess að óttast, að bankarnir fái ekki erlendan gjaldeyri þeirra atvinnurekenda, er njóta lánstrausts hjá þeim. Þó kunna þeir menn að reka atvinnu hjer á landi, sem fá rekstrarfje sitt annarsstaðar en frá bönkunum hjer, eða sem sje erlendis. Það var annars aðallega 6. gr. frv., sem jeg vildi gera að umtalsefni. Í henni er ákvæði, sem jeg tel mikilsvert. Stjórninni er þar heimilað meðal annars að heimta allan erlendan gjaldeyri þeirra, er hjer á landi búa, sjer afhentan. Eins og öllum hv. deildarmönnum er kunnugt, þá er það svo, að margar kaupmannaverslanir og kaupfjelög þessa lands hafa að meira eða minna leyti bein viðskifti við erlend verslunarhús, og þurfa því oft að inna þar ýmsar greiðslur af hendi. Þetta gera þessi verslunarfyrirtæki oft með þeim hætti, að þau senda til útlanda vörur til þess að selja þar, og er andvirðið, sem greitt er í erlendri mynt, látið ganga upp í viðskiftin. 6. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að þeir, er þurfi að nota þann erlenda gjaldeyri, er þeir eiga, til þess að greiða með nauðsynjavöru eða skuldir, er stofnaðar eru fyrir slík viðskifti, megi hafa umráð yfir gjaldeyri sínum í því skyni. Tel jeg það mjög mikilsvert, að ákvæðið fái svo að vera. En í sömu gr. frv. er ennfremur gert ráð fyrir því, að nefndin geti einnig tekið þennan gjaldeyri, ef hún um leið tryggir eiganda hans yfirfærslu á gjaldeyri í sama skyni. Jeg vildi leyfa mjer að beina þeirri spurningu til hæstv. stjórnar, hvort hún líti svo á, að sá mismunur á kaupverði og söluverði myntarinnar, sem þá kann að koma fram, er yfirfærslan á sjer stað, eigi að greiðast af eigandanum, eða hvort hann eigi að fá útgjaldalausa yfirfærslu að því er hann snertir á samsvarandi upphæð og þeirri, er af honum hefir verið tekin. Jeg lít svo á, að eftir anda nefndrar gr. frv. eigi eigandi myntarinnar að fá samsvarandi upphæð þeirri, er frá honum var tekin, yfirfærða frádráttarlaust án sjerstaks kostnaðar fyrir hann, hver sem mismunur kaup- og söluverðs kann að vera og án tillits til yfirfærslukostnaðarins. Jeg kynni því betur, að það kæmi fram í umr. um þetta mál, hvernig hæstv. stjórn lítur á þetta ákvæði gr., því væri svo, að eigandi erlends gjaldeyris, sem skyldur er samkv. lögum að láta hann af hendi, fengi yfirfærslu aðeins með því móti að

kosta hana eftir þeirri skráning, sem er á gjaldeyrinum, þegar yfirfærslan fer fram, — eins og sá maður mundi þurfa að gera, er að öðru leyti enga völ ætti á gjaldeyri erlendis, — þá er, að því er mjer sýnist, gjaldeyriseigandanum þar með órjettur ger og að óþörfu lagður á hann skattur til bankanna.

Jónas Jónsson: Jeg er ekki fyllilega ánægður með frv. eins og það liggur fyrir, enda þótt jeg búist við að greiða því atkvæði. Það kom fram í hv. Nd. ósk um það, að fleiri menn ættu sæti í nefndinni, og að verslunarstjettin hefði íhlutunarrjett, ekki einungis um peningaverslunina sjálfa, heldur og um gjaldeyrisverslun þeirra manna, er flyttu inn og út. Um þetta hefir ekki orðið samkomulag, og verður við það að sitja. Ástæðan til þess, að jeg fylgi frv., er sú, að þetta er nálega eina tilraun þingsins til þess að hafa áhrif á gengi íslensku krónunnar. Tillagan er vafasöm, en gæti þó, ef lán væri með, orðið til einhvers gagns, og það fer vitanlega eftir því, hvernig lögin verða framkvæmd. Fyrir ríkissjóð og einstaka menn er lággengi og óstöðugt gengi hið mesta böl. En ástæðuna til þess, að slíkt gengi hefir komist á, vita allir, þó að það hafi ekki verið viðurkent af kaupmannablöðunum, — sem sje það, að við höfum eytt meira en við höfum aflað. Það er alkunna, að meiri hluti þingsins hefir hallast að því að gera þróttlausar ráðstafanir til þess að hefta innflutning á óþarfavarningi, vegna þess, að ríkissjóður hafi ekki ráð á því að missa tollinn. Ef krónan fellur, þá á stjórnin sennilega að leyfa innflutning á fleiri vörutegundum, til þess að auka tolltekjurnar. Þetta er ákveðið, og því verður ekki breytt nú, — en jeg skal játa það, að þó að stjórnin reyni að fylgja fram einhverjum innflutningshöftum, þá verður það mjög erfitt, nema hún hafi einnig eftirlit með gjaldeyrinum. Annars skal jeg taka það fram, að mjer finst höfuðgalli frv. vera sá, að ekki er ákveðið í 4. og 5. gr., að nefndin skuli hafa fullan umráðarjett yfir öllu því, sem inn kemur af erlendri mynt. Getur farið svo, að ef bankastjórnirnar og landsstjórn álíta, að bankarnir fái meginhluta allrar erlendrar myntar, að þá verði ekki hugsað meira um það, og að margir menn fari utan um bankana um kaup á óþarfa vöru, sem þeir gætu ekki, ef eftirlitið væri nógu strangt. Þetta á að skýra afstöðu mína til frv. Jeg skoða það spor í rjetta átt, þó að jeg hinsvegar telji það þýðingarlítið, ef heimild stjórnarinnar verður ekki notuð. Jeg geri ráð fyrir því — og beini því til hv. 1. landsk. þm. (SE), — að hann láti ekki kenningar um frjálsa eða ófrjálsa verslun hindra sig í því að stuðla að því, að landið fái fult vald yfir öllum íslenskum gjaldeyri erlendis.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer þykir rjett að láta það koma fram í umr. um þetta mál, sem jeg sagði í hv. Nd., er málið var rætt þar, að frv. þetta var borið fram af hv. fjhn. í Nd. í samráði við mig og bankana, sjerstaklega Landsbankann, sem hafði sent nefndinni till. um frv., sem gengur lengra en þetta frv. og þó í sömu átt. Aðalákvæði frv. er í 4. gr., þess efnis, að nefndin megi, með samþykki fjármálaráðherra, krefjast þess, að sjer verði afhentur til umráða sá erlendur gjaldeyrir, sem til er í landinu. Ástæðan til þessa ákvæðis er ekki sú, að álitið sje, að nokkur gjaldeyrir hafi á undan-

förnum árum misfarist, þannig, að hann hafi ekki komið fram í greiðslujöfnuði þjóðarinnar. Hafa stjórnir beggja bankanna fullyrt það afdráttarlaust, að allur gjaldeyrir landsins hafi komið til skila, ýmist til bankanna sjálfra eða verið notaður af eigendunum til þess að borga fyrir innfluttar vörur eða til greiðslu skulda. Þegar svo er, þá er ekki ástæða til neinna þvingunarráðstafana, en það er annar möguleiki hugsanlegur, og hann er sá, að gjaldeyririnn skiftist ekki í hæfilegu hlutfalli milli bankanna, og af þröng annars bankans í því efni gæti leitt fall íslensku krónunnar. Var því þetta ákvæði sett, svo að hið opinbera gæti gert ráðstöfun til þess að afstýra slíku. Jeg mun ekki nota ákvæði 4. gr. nema almenningsþörf krefji. Hv. þm. Vestm. (JJós) bar fram fyrirspurn til stjórnarinnar viðvíkjandi 6. gr. frv., um það, við hvaða gengi ætti að miða gjaldeyrinn, er um yfirfærslu væri að ræða. Hvort miða ætti við það gengi, er var þegar gjaldeyririnn var tekinn, eða það, sem skráð er þegar yfirfærslan fer fram. Jeg geri ráð fyrir, að um það atriði mundi nást samkomulag við hlutaðeigendur í hvert skifti. En takist það ekki, þá verða eigendur að sætta sig við það gengi, sem skráð er á yfirfærslutímanum.

Sigurður Eggerz: Jeg get að mestu vísað til þess, sem jeg tók fram áðan, en út af athugasemd hæstv. atvrh. (MG) og hv. þm. Vestm. (JJós), um að gjaldeyririnn hafi stundum áður farið fram hjá bönkunum, vildi jeg taka fram, að ástæðan til þess var sú, að bankarnir yfirfærðu þá aðeins mjög takmarkað og gáfu lítið fyrir gjaldeyrinn. Þeir, sem ekki fengu þá yfirfært í bönkunum, sneru sjer beint til gjaldeyrishafans og buðu honum hærra verð fyrir gjaldeyrinn en bankarnir. Smátt og smátt fór svo mikill hluti af gjaldeyrisversluninni framhjá bönkunum, og verðið fyrir utan bankana hagaði sjer alveg eftir eftirspurninni. Það var því ekki nema eðlilegt, að þeir, sem sterlingspund áttu, leituðu þangað, sem þeir gátu fengið mest fyrir peninga sína. En nú er yfirfært fyrir alla og best að versla með gjaldeyrinn við bankana. Því er það, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) tók fram, að bankarnir fá nú allan gjaldeyrinn, og því sýnast einmitt þessar ráðstafanir ónauðsynlegar. Jeg er því hræddur um, ef til nauðungarráðstafana kemur, að þá sje líklegt, ef verðið verður ákveðið lágt á sterlingspundi, — og eigendurnir verða illa úti —, að þeir reyni til þess að draga gjaldeyrinn undan bönkunum. Það er auðvitað allhart frá sjónarmiði hins frjálsa viðskiftalífs, að þeir, sem taka eiga gjaldeyrinn með valdi, skuli einnig verðleggja hann. Af þessum ástæðum er jeg ákveðinn á móti nauðungarráðstöfunum frumvarpsins, enda greiði jeg atkvæði gegn því vegna þeirra. Jeg hefi hinsvegar ekkert við það að athuga, þó að landsstjórnin vilji fylgjast með gengisráðstöfununum, en jeg vona, að stjórnin vandi vel valið á þeim manni, sem hún á að skipa í nefndina, því að það skiftir mjög miklu máli. Jeg hefi nú gert grein fyrir afstöðu minni til frv. En hvað þá aðalástæðu snertir, sem hæstv. fjrh. gat um fyrir frv., að ske kynni, að annar bankanna yrði harðara úti um gjaldeyri en hinn, þá vona jeg, þar sem samvinna milli bankanna er mjög góð, að þeir muni hvor um sig skoða það sem skyldu sína að hjálpa hinum í þessu efni, ef hægt er. Veit jeg, að bankastjórn Íslandsbanka mundi hjálpa Landsbankanum um þann gjaldeyri, sem Íslandsbanki gæti verið án. Og jeg geri

ráð fyrir, að sama væri tilfellið með stjórn Landsbankans. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál, enda býst jeg ekki við, að það hafi mikla þýðingu.

Jóhann Jósefsson: Vegna ummæla hæstv. fjármálaráðherra um framkvæmd á 6. gr. frv., skal jeg taka það fram, að hæstv. fjrh. mun ekki hafa skilið tilgang fyrirspurnar minnar alveg rjett, sem ekki var von, þar sem hann var ekki staddur hjer inni, þegar jeg gerði hana.

Jeg var ekki að tala um gengismun, vegna þess að jeg áleit, að ekki kæmi til mála annað en að eigandi gjaldeyris slyppi við þann skaða, sem gengisbreyting kynni að geta komið af stað í því tilfelli, er hjer ræðir um, heldur um mismun á kaupverði og söluverði gjaldeyris, og svo yfirfærslukostnað. Jeg gat þess í fyrri ræðu minni, að jeg liti svo á, að ef ákvæðum 6. gr. yrði beitt þannig, að gjaldeyrir, sem hjerlendur maður kann að eiga erlendis, yrði tekinn til afnota samkv. greininni og nefndin fái honum í staðinn samskonar gjaldeyri ytra, hvort heldur strax eða síðarmeir, þá eigi viðkomandi maður ekki að bera neinn beinan kostnað við þessa ráðstöfun.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þessari bendingu hv. þm. (JJós) mun verða tekið með fullri velvild, annaðhvort þegar væntanleg reglugerð verður sett, ef ástæða þykir að hafa í henni ákvæði hjer að lútandi, en annars ef til þess kemur, að framkvæma þurfi greinina.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 9:1 atkv.
5. gr. samþ. með 10:1 atkv.
6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 535).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 546).

Önnur mál.

I. Stjórnarskifti.

Á 12. fundi í Ed., fimtudaginn 6. mars, og á 16. fundi í Nd., s. d., áður en gengið var til dagskrár, mælti

forsætisráðherra (SE): Jeg vil leyfa mjer að skýra háttv. deild frá því, að jeg hefi þriðjudaginn 4. mars símað hans hátign konunginum lausnarbeiðni mína.

Tildrög til þessarar ályktunar eru þessi: Sunnudaginn 24. febr. kom nefnd frá nýstofnuðum Íhaldsflokki þingsins til mín og skýrði mjer frá því, að í flokknum væru 20 þingmenn, og hann væri þannig stærsti flokkur þingsins, og tjáðu þeir sig reiðubúna til þess að taka við stjórninni og óskuðu, að jeg bæði um lausn. Jeg spurði þá um, hvort þeir hefðu meiri hluta þings að baki sjer, en þeir kváðu nei við því. Lýsti jeg þá yfir því, að þótt jeg væri nokkurnveginn ákveðinn með sjálfum mjer um, hvernig bæri að svara þessari málaleitun, þá mundi jeg þó, áður en jeg gæfi nokkurt svar, ráðfæra mig við samverkamann minn í stjórninni, atvinnumálaráðherra Klemens Jónsson, og þann flokk, sem jeg væri í, Sjálfstæðisflokkinn. Jeg skýrði svo samverkamanni mínum í stjórninni frá þessu sama dag. Eftir að hann hafði ráðfært sig við Framsóknarflokkinn, skýrði hann mjer frá, að hann mundi beiðast lausnar úr stjórninni og að flokkur hans óskaði ekki, eins og sakir stæðu nú, að eiga þar mann. Eftir að þessi niðurstaða var fengin, skýrði jeg þeim flokki, sem jeg er í, frá því, að jeg liti svo á, að mín afstaða í þinginu væri orðin svo veik, að ekki væri rjett, að jeg færi með stjórnina, og símaði lausnarbeiðni mína, eins og jeg gat um hjer í upphafi.

Hans hátign konungurinn hefir í gærkvöldi sent mjer eftirfarandi símskeyti, er jeg leyfi mjer hjer með að lesa upp:

„Forsætisráðherra Sigurður Eggerz, Reykjavík.

Eftir að vjer höfum móttekið skeyti yðar, dags. 4. þ. m., veitist yður hjer með sem forsætisráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra, og atvinnu- og samgöngumálaráðherra Klemens Jónssyni, er einnig veitir forstöðu fjármálaráðuneytinu, lausn í náð frá ráðherraembættunum, með eftirlaunum samkvæmt lögum vegna fyrri embætta, og óskum vjer jafnframt, að þjer og hann annist embættisverk ráðherranna eins og hingað til, þar til nýtt ráðuneyti verði skipað.

Christian R.“

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 22. mars, mælti

forsætisráðherra (JM): Jeg vil leyfa mjer að skýra háttv. deild frá því, að jeg fjekk í gær símskeyti frá hans hátign konunginum, þar sem hann biður mig að mynda ráðuneyti, og sendi jeg honum tillögur mínar sama dag. Hefi jeg fengið svo hljóðandi svarskeyti frá hans hátign:

„Föllumst á tillöguna og skipum hjer með yður forsætisráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra, hæstarjettarmálaflutningsmann alþingismann Magnús Guðmundsson atvinnu- og samgöngumálaráðherra og verkfræðing alþingismann Jón Þorláksson fjármálaráðherra.

Christian R.“

Á 30. fundi í Nd., s. d., skýrði forsrh. (JM) frá hinu sama og las upp símskeyti konungs. Ennfremur mælti

forsætisráðherra (JM): Vjer þrír, er nú höfum gengið í ráðuneytið, höfum nýlega ásamt öðrum flokksmönnum Íhaldsflokksins undirritað yfirlýsing um verkefni þess flokks. Vjer munum leggja alt kapp á að starfa að þeim verkefnum, sem þar um ræðir, og í anda þeirrar yfirlýsingar. Fyrst og fremst með því að gera alt, sem í voru valdi stendur, til þess að reisa við fjárhag ríkissjóðs, fella niður öll þau gjöld hans, sem vjer telum án mega vera. Það verður sennilega ekki hjá því komist í bili að auka að einhverju álögur á þjóðina til þess að rjetta við hag ríkissjóðs. En vjer vonum, að það takist með góðri samvinnu að þessu leyti við Alþingi að draga svo úr gjöldunum, að bráðlega megi lækka álögurnar, sjerstaklega þær, sem þyngst hvíla á atvinnuvegum landsins. Vjer munum gera alt, er vjer megnum, til þess að styðja atvinnuvegina til lands og sjávar.

Og þótt vjer búumst við, að til þess verði að taka um sinn að leggja höft nokkur á verslunarviðskifti út á við, til þess að rjetta við hag landsins í heild, þá viljum vjer gera vort til, að hagað verði svo til, að sem minstur bagi verði fyrir heilbrigða verslun, hvort er kaupmanna eða kaupfjelaga.

Vjer munum leggja alt kapp á að varðveita vináttu annara þjóða, fyrst og fremst sambandsþjóðar vorrar, Dana, og hinna annara þjóða, er við eigum viðskifti við.

Það er að vísu svo, að erfiðleikar þeir, er vjer eigum við að stríða um þessar mundir, eru með meira móti. En ekki má örvænta fyrir því. Jeg veit það, að eyjan hvíta

á sjer enn vor, ef fólkið þorir
guði' að treysta, hlekki hrista,
hlýða rjettu, góðs að bíða.

Hret hefir verið um alllanga stund, en jeg hygg aðeins vorhret. Og mjer sýnist ýms merki til þess, að það sje farið að birta í lofti. Eftir þeim skýrslum, er fyrir hendi eru, sýnist útkoman á verslunarskiftum vorum við útlönd árið sem leið tiltölulega góð, og nú er árvænlegt. Jeg vona, að þjóðin hristi af sjer þá hlekki, sem leggjast ætla á traustið og trúna á framtíð landsins, treysti guði, hlýði rjettu, og búi svo örugg góðs.

Og jeg treysti því, að hvernig sem afstaða Alþingis er og verður gagnvart oss þremur, sem ráðuneytið skipum, þá vinni allir alþingismenn af heilum hug með oss að þeim viðfangsefnum, er jeg hefi sjerstaklega nefnt, sparnaði á ríkisgjöldunum og efling atvinnuveganna. Verði það, þá mun vel fara.

II. Breytingar á nefndaskipun.

A. Aukning nefnda.

1. Fjárhagsnefnd Ed.

Á 6. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. febr., mælti form. fjhn.

Jón Magnússon: Áður en gengið er til dagskrár, vil jeg geta þess, að fjhn. lítur svo á, að hún hafi fengið leyfi til að bæta við sig tveimur mönnum til aðstoðar, sjerstaklega til að athuga ýms viðskiftamál. Ef hæstv. forseti er þessu samþykkur, vill nefndin því bæta við sig þeim hv. þm. Vestm. (JJós) og hv. 5. landsk. (JJ).

Forseti (HSteins): Samkvæmt þingsköpum hefir þingnefnd leyfi til að bæta við sig mönnum, ef þurfa þykir. Sje jeg þessu því ekkert til fyrirstöðu.

2. Fjárhagsnefnd Nd.

Á 15. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. mars, skýrði forseti frá, að fjárhagsnefnd deildarinnar hefði bætt við sig tveimur mönnum, þeim Ágúst Flygenring og Sveini Ólafssyni.

B. Mannaskifti í nefndum.

1. Fjárhags-, mentamála- og allsherjarnefndir Ed.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 24. mars, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (HSteins): Jeg skal geta þess, að við nýafstaðin stjórnarskifti hefir hæstv. forsrh. (JM) gengið úr þremur fastanefndum þessarar hv. deildar.

Nú hefir það áður verið venja hjer í þinginu, að sá flokkur, sem misti mann úr nefnd, tilnefndi annan í hans stað. Í samræmi við þessa venju hefir Íhaldsflokkurinn komið sjer saman um að tilnefna þessa hv. þingdeildarmenn í þær nefndir, sem hæstv. forsrh. (JM) gekk úr:

Í fjhn.: Sigurð Eggerz 1. landsk. þm., í allshn.: Jóh. Jóhannesson þm. Seyðf., í mentmn.: Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.

Ef þessu er ekki mótmælt, skoðast það ákveðið, og taka þá þessir menn sæti í nefndunum. (*EÁ:* Fer þetta ekki í bága við þingsköpin?). Þessari venju hefir altaf verið fylgt í hv. Nd., og enda verður ekki sjeð, að hún brjóti í bága við þingsköpin. Hjer í þessari hv. deild hefir aftur á móti stundum farið fram kosning, þegar svona hefir staðið á, og ef þess er óskað, þá er mjer ljúft að láta fara fram kosningu einnig nú.

Jónas Jónsson: Jeg held, að rjettara sje að láta kosningu fara fram, eins og gert hefir verið áður í þessari hv. deild.

Forseti (HSteins): Jeg verð við tilmælum hv. 5. landsk. og læt fara fram kosningu í nefndirnar. Til þess að háttv. deildarmenn geti komið sjer saman um, hverja þeir vilji skipa í þessar nefndir, geri jeg fundarhlje í 5 mínútur.

Að loknu 5 mínútna fundarhljei mælti

Einar Árnason: Fyrir hönd Framsóknarflokksins vil jeg skýra frá því, að hann fellst á útnefningu hv. Íhaldsflokks að því er snertir fjhn. og allshn., og mun því ekki koma fram með lista við kosningu í þær nefndir. En þar sem skýrt er tekið fram í þingsköpunum, að enginn þm. megi vera í fleirum en tveim fastanefndum, en sá hv. þm. (EP), sem tilnefndur hefir verið í mentmn., á þegar sæti í 3 nefndum, þá mun flokkurinn gera till. um kosningu í þá nefnd, og það

því fremur, sem einn flokksmaður okkar, hv. 2. landsk. þm. (SJ), á ekki sæti nema í einni nefnd. Munum við því leggja til, að hann verði kosinn í mentmn.

Var því næst gengið til kosninga, að viðhafðri listakosningu.

Við kosningu í fjárhagsnefnd kom fram 1 listi, er á stóð Sigurður Eggerz, og við kosningu til allsherjarnefndar kom sömuleiðis fram 1 listi, og stóð á honum Jóhannes Jóhannesson.

Lýsti forseti rjett kjörna
í fjhn. Sigurð Eggerz, 1. landsk. þm.,
í allshn. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.

Við kosningu í mentamálanefnd komu fram 2 listar, merktir A og B. Á A-lista var Sigurður Eggerz, en á B-lista Sigurður Jónsson.

A-listinn hlaut 7 atkv., B-listinn 5 atkv., en einn seðill var ógildur.

Lýsti forseti því
Sigurð Eggerz, 1. landsk. þm., rjett kjörinn í mentmn.

2. *Fjárhags-, fjárveitinga- og allsherjarnefndir Nd.*

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 25. mars, var tekin til meðferðar
fylling þriggja fastanefnda (fjárhags-, fjárveitinga- og allsherjarnefnda).

Forseti (BSv): Mjer hefir borist svo hljóðandi brjef frá Íhaldsflokknum:

„Íhaldsflokkurinn tilkynnir hjer með, að hann hefir ákveðið fyrir sitt leyti, að þessir menn starfi í nefndum fyrst um sinn í stað ráðherranna Magnúsar Guðmundssonar og Jóns Þorlákssonar:

Í fjárveitinganefnd í stað M. G.:
Sigurjón Jónsson, þm. Ísaf.,
í fjárhagsnefnd í stað J. Þ.:
Björn Líndal, þm. Ak.,
í allsherjarnefnd í stað J. Þ.:
Árni Jónsson, 2. þm. N.-M.

Þetta tilkynnist hjer með.

f. h. Íhaldsflokksins
Jón Þorláksson.“

Klemens Jónsson: Jeg efast um, að flokkurinn hafi nægilegt atkvæðamagn sem stendur hjer í deildinni til slíkrar ákvörðunar, og tel jeg sjálfsagt, að deildin kjósi í nefndirnar. Það stóð eins á í hv. efri deild í gær, og þar var deildin látin skera úr, og slíkt hlýtur að vera sjálfsagt hjer líka.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg veit ekki betur en að sú venja hafi jafnan ríkt hjer í neðri deild, að flokkar mættu sjálfir fylla í skörðin í nefndum eftir sína eigin menn. Hinsvegar mun kosning venjulega hafa farið fram í Ed. Jeg sje enga ástæðu til að bregða út af þessu hjer í deildinni. Annars segir brjefið ekki annað meira en að flokkurinn hafi ákveðið þetta fyrir sitt leyti.

Klemens Jónsson: Jeg tel sjálfsagt, að forseti skeri úr þessu máli eða skjóti því undir úrskurð deildarinnar. Annars býst jeg ekki við, að um langa venju sje að ræða í þessu efni, hvorki í Ed. nje Nd., því að þetta mun nálega aldrei hafa átt sjer stað.

Forseti (BSv): Jeg mun fara að dæmum hæstv. forseta Ed. og láta kosning fram fara. (*TrÞ:* Jeg óska listakosningar).

Var því næst gengið til kosninga og listakosning viðhöfð.

Við kosningu í fjárhagsnefnd komu fram tveir listar, er forseti merkti A og

B. Á A-lista var Björn Líndal, en á B-lista Klemens Jónsson.

A-listinn hlaut 13 atkv., B-listinn 13 atkv., en 1 seðill var auður.

Kosninguna varð því að endurtaka, og fór á sömu leið.

Ljet forseti þá fram fara hlutkesti milli listanna, og kom upp hlutur A-listans.

Lýsti forseti þá rjett kjörinn í fjhn.

Björn Líndal, þm. Ak.

Við kosningu í fjárveitinganefnd komu og fram tveir listar, merktir A og B. Á A-lista var Sigurjón Jónsson, en á B-lista Magnús Torfason.

A-listinn hlaut 13 atkv., B-listinn 13 atkv., en 1 seðill var auður.

Var kosningin því endurtekin, og fjellu atkvæði á sömu leið og fyr.

Var þá varpað hlutkesti, og kom upp hlutur A-listans.

Forseti lýsti rjett kjörinn í fjvn.

Sigurjón Jónsson, þm. Ísaf.

Við kosningu í allsherjarnefnd komu enn fram tveir listar, A og B. Á A-lista var Árni Jónsson, en á B-lista Bernharð Stefánsson.

A-listinn hlaut 13 atkv., en B-listinn 14 atkv.

Lýsti forseti því rjett kjörinn í allshn.

Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 31. mars, skýrði forseti frá því, að eftir samkomulagi í Framsóknarflokknum hefði Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., gengið úr fjárhagsnefnd, en í stað hans hefði tekið sæti í nefndinni Klemens Jónsson, 2. þm. Rang.

III. Minning Sigurðar Stefánssonar.

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. apríl, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (BSv): Í gærkvöldi ljest hjer í bænum sá maður, er einna lengst hafði átt sæti á Alþingi, sjera Sigurður Stefánsson í Vigur.

Hann var fæddur að Ríp í Skagafirði 1854. Stúdent varð hann 1879 og kandídat í guðfræði 1881. Sama ár vígðist hann til Ögurþinga og hefir þjónað því embætti síðan. Hann sat á 26 þingum og þótti með atkvæðamestu þingmönnum. Hann var íhaldssamur um fjármál, en stóð lengstum framarlega í baráttu þjóðarinnar gegn erlendu valdi.

Vil jeg biðja háttv. deildarmenn að heiðra minningu hans með því að standa upp.

(Allir deildarmenn stóðu upp úr sætum sínum).

IV. Kosningar.

1. Fyrri varaforseti Nd.

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 25. mars, var tekin til meðferðar

kosning fyrri varaforseta deildarinnar.

Kosningu hlaut

Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., með 13 atkv.

13 seðlar voru auðir og 1 ógildur.

2. Þingfararkaupsnefnd.

Á 4. fundi í Sþ., föstudaginn 2. maí, var tekin til meðferðar

kosning þingfararkaupsnefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og barst forseta einn listi með nöfnum 5 manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá rjett kjörna í nefndina, en þeir voru þessir:

Eggert Pálsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjörtur Snorrason,
Þorleifur Jónsson,
Þórarinn Jónsson.

3. Bankaráðsfulltrúar.

Á 6. fundi í Sþ., þriðjudaginn 6. maí, var tekin til meðferðar

kosning tveggja manna í bankaráð Íslandsbanka, annars fyrir tímabilið frá 1. júlí 1924 til 30. júní 1936, og hins fyrir tímabilið frá 1. júlí 1924 til 30. júní 1925.

Kosningu fyrir tímabilið 1924—1936 hlaut

Bjarni Jónsson alþm. með 34 atkv.

7 seðlar voru auðir.

Kosningu fyrir tímabilið 1924—1925 hlaut

Klemens Jónsson alþm. með 21 atkv.

Magnús alþm. Jónsson fjekk 20 atkv.

4. Yfirskoðunarmenn landsreikninganna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning þriggja yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1923.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta tveir listar. Á A-lista voru Magnús Jónsson, Hjörtur Snorrason og Jörundur Brynjólfsson, en á B-lista Jörundur Brynjólfsson.

Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri menn en kjósa átti, lýsti forseti yfir því, að yfirskoðunarmenn landsreikninga 1923 væru rjett kjörnir þessir:

Magnús Jónsson,
Hjörtur Snorrason,
Jörundur Brynjólfsson.

V. Starfsmenn þingsins.

Á 2. fundi í Ed., mánudaginn 18. febr., og á 2. fundi í Nd., s. d., skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn Alþingis:

Skrifstofan og prófarkalestur:

Pjetur Lárusson, Einar E. Sæmundsen, Theódóra Thoroddsen, Helgi Hjörvar (til aðstoðar).

Skjalavarsla og afgreiðsla:

Kristján Kristjánsson.

Lestrarsalsgæsla:

Ólafía Einarsdóttir, Pjetrína Jónsdóttir.

Innanþingsskrifarar:

Í efri deild: Jóhann Hjörleifsson, Tómas Jónsson, Sigurður Grímsson, Jón Hallvarðsson, Helgi Tryggvason, Lúðvík Guðmundsson.

Í neðri deild: Pjetur Sigurðsson, Magnús Björnsson, Tómas Guðmundsson, Pjetur Magnússon, Gunnar Árnason, Þorkell Jóhannesson, Guðmundur Gíslason Hagalín, Magnús Ásgeirsson.

Ræðuskriftir í sameinuðu þingi annist fyrst og fremst skrifararnir í efri deild, en jafnframt er það tekið fram, að allir skrifarar verða að hlíta ákvæðum forseta og skrifstofustjóra um skriftir annarsstaðar en í þeirri deild, sem þeir eru sjerstaklega ráðnir í. Verða t. d. neðri deildar

skrifarar að taka kafla í sameinuðu þingi, ef svo ber undir, og jafnvel í efri deild, og skrifarar í efri deild hinsvegar að fara í neðri deild, ef á því verður talin þörf.

Dyra- og pallavarsla:
Árni Bjarnason, Þorlákur Davíðsson, Páll Óskar Lárusson, Halldór Þórðarson.

Símavarsla:
Ingibjörg Jónsdóttir, Ingibjörg Pjetursdóttir.

Þingsveinar:
Bogi Magnússon, Júlíus Bernburg, Magnús Sigurðsson, Sigurgeir Sigurjónsson, Axel L. Sveins.

VI. Starfslok deilda.

A. Í efri deild.

Á 65. fundi í Ed., þriðjudaginn 6. maí, mælti

forseti (HSteins): Áður en jeg slít þessum síðasta fundi deildarinnar vil jeg þakka hv. þdm. góða samvinnu á þessu þingi, bæði innan nefnda og við mig sem forseta þessarar hv. deildar. Óska jeg utanbæjarþingmönnum góðrar ferðar og ánægjulegrar heimkomu, en öllum háttv. þdm. vil jeg óska góðra og gleðilegra komandi tíma.

Eggert Pálsson: Jeg vil leyfa mjer í nafni mínu, og jeg þykist vita í nafni allra hv. þdm., að votta hæstv. forseta hugheilar þakkir deildarinnar fyrir lipra og góða stjórn. Að því er snertir þrjá okkur þm. deildarinnar, þá höfum við ekki áður setið undir stjórn þessa forseta, en jeg veit, að við hefðum ekki kosið hann betri.

Hinir hv. þdm., sem lengur hafa notið stjórnar hans, munu ekki síður fúsir á að votta honum þakklæti sitt fyrir lipurð hans, samhliða skörungsskap í forsetasæti.

En um leið og jeg flyt honum þessar þakkir, þá vil jeg óska honum ánægjulegrar heimkomu og góðra lífdaga og vona, að við megum allir hitta hann hraustan næst þegar við komum hjer saman.

Vil jeg biðja þá hv. þdm., sem mjer eru sammála, að votta hæstv. forseta virðingu sína og þakklæti með því að standa upp.

(Allir þdm. tóku undir þessi orð með því að standa upp úr sætum sínum).

Forseti (HSteins): Jeg leyfi mjer að þakka hin hlýlegu orð, sem hv. 1. þm. Rang. (EP) hefir látið falla í minn garð, og segi svo þessum síðasta fundi deildarinnar slitið.

B. Í neðri deild.

Á 67. fundi í Nd., þriðjudaginn 6. maí, mælti

forseti (BSv): Fyrir þessum fundi liggur engin dagskrá, þar sem háttv. deild hefir nú lokið störfum sínum að þessu sinni, og er þessi fundur hennar því hinn síðasti. Vil jeg leyfa mjer að þakka hv. deildarmönnum góða samvinnu og árna þeim allrar giftu í framtíð og góðrar heimferðar utanbæjarþingmönnum. Segi jeg svo fundi slitið.

VII. Þinglausnir.

Á 7. fundi í Sþ., miðvikudaginn 7. maí, skýrði forseti frá störfum þingsins í stuttu máli á þessa leið:

A. *Þingfundir* hafa verið haldnir:
a. í neðri deild 67
b. í efri deild 65
c. í sameinuðu þingi 7

Fundir alls 139

B. *Þingmál* og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

A. Stjórnarfrumvörp
a. lögð fram í neðri deild .. 18
b. lögð fram í efri deild ... 6 — 24

B. Þingmannafrumvörp
a. borin fram í neðri deild .. 66
b. borin fram í efri deild .. 21 — 87

Frumvörp alls 111

Þar af
a. Afgreidd sem lög
stjórnarfrumvörp 16
þingmannafrumvörp ..... 31 — 47
b. Feld
stjórnarfrumvarp 1
þingmannafrumvörp ..... 15 — 16
c. Vísað frá með rökst. dagskrá
þingmannafrumv. ..... 6 — 6
d. Vísað til stjórnarinnar
þingmannafrumv. ..... 3 — 3
e. Ekki útrædd
stjórnarfrumvörp 7
þingmannafrumvörp ..... 32 — 39

Alls 111

II. Þingsályktunartillögur:
a. bornar fram í neðri deild ... 20
b. bornar fram í efri deild 13
c. bornar fram í sameinuðu þingi 3

Tillögur alls 36

Þar af
a. Þingsályktanir
1. ályktanir neðri deildar 7
2. ályktanir efri deildar 3
3. ályktanir Alþingis ..... 6 — 16
b. Ályktun um framkvæmdir innan þings 1
c. Feld 1
d. Vísað frá með rökst. dagskrá 2
e. Vísað til stjórnarinnar 7
f. Teknar aftur 2
g. Ekki útræddar .... 7 — 20

Alls 36

III. Fyrirspurnir:
a. bornar fram í neðri deild 2
b. bornar fram í efri deild 1

3

Þar af
svarað 2
ekki leyfð ..... 1 — 3

Alls til meðferðar í þinginu 150 mál.

Síðan mælti

forseti (JóhJóh): Þá er nú störfum þessa 36. löggjafarþings þjóðarinnar lokið, og mun það fá sinn dóm sem önnur þing hennar.

Mjer finst, að vjer alþingismenn ættum ekki að þurfa að kvíða svo mjög þeim dómi.

Að vísu hefir þingið ekki verið mjög afkastamikið, og er það ekki tiltökumál, þegar þess er gætt, að á því urðu stjórnarskifti, svo að fráfarandi stjórn fjekk ekki tækifæri til að fylgja fram þeim málum alt þingið, er hún hafði lagt fyrir það, og nýja stjórnin hefir að sjálfsögðu ekki haft tíma til að búa undir og bera fram nema það allra helsta af áhugamálum sínum, sem ekki þoldi bið.

Þetta þing hefir þó samþykt tvo allmikla lagabálka, er jeg tel allmiklu máli skifta, og á jeg þar við vegalögin og lögin um nauðasamninga.

Hitt tel jeg þó meira um vert, að þetta þing hefir samþykt fjárlög án tekjuhalla, sem jeg tel óhætt að reiða sig á, að muni bera sig, þannig að ekki muni verða tekjuhalli á árinu 1925, sem þau gilda fyrir, og hefir það sjeð ríkissjóði fyrir tekjuauka á yfirstandandi ári, sem nauðsynlegur var til þess, að þjóðarbúskapurinn í ár geti borið sig og tekjuhalli verði ekki á landsreikningnum fyrir árið 1924.

Þá er þess að geta, sem jeg tel mest um vert, að stjórn vorri hefir nú tekist, meðan þing stóð yfir, að koma samningunum við frændur vora Norðmenn í kjöttollsmálinu í það horf, að vjer munum geta vænst farsælla úrslita í því máli áður en langt um líður.

Mjer finst því útlitið ekki nærri eins ískyggilegt nú og í byrjun þessa þings, og ef hamingjan gefur, að tíðin fari nú að batna og að hlýna í veðrinu, finst mjer það ekki slæmt, því að í vetur hefir aflast vel og íslenskar afurðir hækkað í verði.

Jeg leyfi mjer að óska háttv. þingmönnum utan Reykjavíkur góðrar heimferðar og gleðilegrar heimkomu og oss öllum þess, að vjer megum hittast heilir og hressir á næsta þingi og að útlitið verði þá ekki eins ískyggilegt og í byrjun þessa þings.

Þá stóð upp forsrh. **Jón Magnússon** og las upp konungsumboð sjer til handa til þess að slíta Alþingi.

Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir því í nafni konungs, að þessu þrítugasta og sjötta löggjafarþingi Íslendinga væri slitið.

Stóð þá upp **Klemens Jónsson,** 2. þm. Rang., og mælti:

Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!

Tók þingheimur undir þau orð með niföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.